1. Frumvarp til fjárlaga

fyrir árið 1938.

(Lagt fyrir Alþingi 1937.)

I. KAFLI

Tekjur:

1. gr.

Árið 1938 er ætlazt til, að tekjur ríkisins verði svo sem talið er í 2.—5. gr., og að þeirra verði aflað með tekjugreinum, sem þar eru taldar.

2. gr.

Ætlað er á, að þessir skattar og tollar nemi:

	kr.	kr.
1. Fasteignaskattur	400000	
2. Tekjuskattur og eignarskattur	1550000	
3. Hátekjuskattur	200000	
4. Lestagjald af skipum	50000	
		2200000
5. Aukatekjur	590000	
6. Erfðafjárskattur	50000	
7. Vitagjald	440000	
8. Leyfisbréfagjöld	25000	
9. Stimpilgjald	525000	
10. Stimpilgjald af ávísunum og kvittunum	70000	
11. Bifreiðaskattur	370000	
12. Benzínskattur	260000	
		2330000
13. Útflutningsgjald	650000	
14. Áfengistollur (þar á meðal óáfengt öl, áfengislaus vín, ávaxtasafi og gosdrykkir)	1000000	
15. Tóbakstollur	1350000	
16. Kaffi- og sykurtollur	1100000	
17. Annað aðflutningsgjald	80000	
18. Vörutollur	1400000	
19. Verðtollur	1100000	
20. Gjald af innfluttum vörum	650000	
		7330000
Flyt	. . .	11860000

	kr.	kr.
Flutt	. . .	11860000
21. Gjald af innlendum tollvörum		450000
22. Skemmtanaskattur		120000
23. Veitingaskattur		100000
Samtals ...	. . .	12530000

3. gr.

	kr.	kr.
A.		
Tekjur af rekstri ríkisstofnana eru áætlaðar:		
1. Rekstrarhagnaður póstsjóðs	1860	
2. — landssímans	512000	
3. — áfengisverzlunar	1300000	
4. — tóbakseinkasölu	600000	
5. — ríkisútvarps	76800	
6. — ríkisprentsmiðju	55000	
7. — landssmiðju	18000	
8. — Vífilsstaðabús	5000	
9. — Kleppsbús	5000	
10. — bifreiðaeinkasölu	75000	
11. — raftækjaeinkasölu	75000	
Samtals ...	. . .	2723660
Sundurliðun.		
1. Póstsjóður.		
I. Tekjur		612000
II. Gjöld:		
1. Póststjórnarkostnaður	37000	
2. Pósthúsið í Reykjavík	200000	
3. Önnur pósthús:		
a. Póstafgreiðslur 131000		
b. Bréfhirðingar 23000		
	154000	
4. Póstflutningur	185000	
5. Önnur gjöld	30000	
6. Fyrning	4140	
		610140
Fært á 3. gr. A. I. 1	. . .	1860

		kr.	kr.
	2. Landssíminn.		
I.	Tekjur		2200000
II.	Gjöld:		
	a. Til einkasíma í sveitum	15000	
	b. Til starfrækslu landssímanna m. m.		
	1. Kostnaður af aðalskrifstofu landssímans 75000		
	2. Ritsímastöðin í Reykjavík 190000		
	3. Loftskeytastöðin í Reykjavík 37000		
	4. Stuttbylgjustöð í Reykjavík 75000		
	5. Bæjarsíminn í Reykjavík og Hafnarfirði 520000		
	6. Áhaldahúsið 20000		
	7. Ritsímastöðin á Akureyri 55000		
	8. Ritsímastöðin á Seyðisfirði 60000		
	9. Ritsímastöðin á Ísafirði 35000		
	10. Símastöðin á Borðeyri 16000		
	11. Símastöðin í Vestmannaeyjum 32000		
	12. Símastöðin á Siglufirði 30000		
	13. Til annara símastöðva og eftirlitsstöðva 130000		
		1275000	
	Uppbót á launum greiðist eftir sömu reglum og 1937, enda færist þær greiðslur á framangreinda liði viðkomandi stöðva.		
	c. Eyðublöð, prentkostnaður, ritföng m. m.	55000	
	d. Viðbót og viðhald stöðvanna	45000	
	e. Kostnaður af ferðalögum etc.	10000	
	f. Viðhald landssímanna	220000	
	g. Framhaldsgjald	23000	
	h. Til kennslu handa símamönnum	2000	
	i. Tillag til alþjóðaskrifstofunnar í Bern	3000	
	j. Ýms gjöld	10000	
	Þar af 1000 krónur til fyrrv. símaverkstjóra, eftir tillögum símamálastjóra.		
	k. Fyrning á húsum og áhöldum	30000	
			1688000
	Fært á 3. gr. A. I. 2	. . .	512000
	Eignabreytingar.		
	Út.		
I.	Afborgun af lánum L. M. Ericsson, Marconi o. fl.		210000
II.	Til viðauka símakerfa, smærri efnis- og áhaldakaupa ..		45000
III.	Til nýrra símalína		55000
	að því tilskildu, að samkomulag náist við héruð, er hlut eiga að máli.		
IV.	Til talstöðva í báta og skip		10000
	Fært á 20. gr. Út I. 2. og II. 1	. . .	320000

		kr.	kr.
3. Áfengisverzlun ríkisins.			
I. Tekjur (brúttó hagnaður)			1611000
II. Gjöld:			
Laun starfsmanna og vinnulaun		140000	
Útsvar og flutningsgjöld		95000	
Húsaleiga, ljós, hiti		7000	
Annar kostnaður		60000	
Fyrning á fasteign og áhöldum		9000	
			311000
Fært á 3. gr. A. I. 3		. . .	1300000
4. Tóbakseinkasalan.			
I. Tekjur (brúttó hagnaður)			785000
II. Gjöld:			
Rekstrarkostnaður		140000	
Útsvar, áætlað tap á skuldum o. fl.		45000	
			185000
Fært á 3. gr. A. I. 4		. . .	600000
5. Ríkisútvarpið.			
I. Tekjur:			
a. Afnotagjöld		375000	
b. Ágóði viðtækjaverzlunar		60000	
c. Aðrar tekjur		45000	
			480000
II. Gjöld:			
a. Starfræksla:			
1. Starfsmannalaun	131200		
2. Útvarpsefni	60000		
3. Skrifstofukostnaður	45000		
4. Húsaleiga, ljós, hiti	32000		
5. Útvarpsstöðin á Vatnsenda	70000		
6. Til hleðslu- og viðgerðarstöðva og til að greiða fyrir útvarpsnotum	20000		
7. Óviss útgjöld	15000		
		373200	
b. Fyrning á húsi og vélum		30000	
			403200
Fært á 3. gr. A. I. 5		. . .	76800

		kr.	kr.
6. Ríkisprentsmiðjan.			
I. Tekjur (prentvinna)			445000
II. Gjöld:			
1. a. Laun starfsmanna	31500		
b. Vinnulaun og aðkeypt vinna	241000		
		272500	
2. Efnivörur		57000	
3. Vélarekstur og viðhald		13500	
4. Vextir		7000	
5. Annar kostnaður		24500	
6. Fyrning		15500	
			390000
Fært á 3. gr. A. I. 6		. . .	55000
7. Landssmiðjan.			
I. Tekjur:			
1. Ágóði á vörum		12000	
2. — á járnsmíðadeild		73000	
3. — á trésmíðadeild		6200	
4. — á járnsteypu		4000	
			95200
II. Gjöld:			
1. Laun starfsmanna		21000	
2. Vextir		10000	
3. Afsláttur og skuldatöp		6500	
4. Annar kostnaður		25700	
5. Fyrning		14000	
			77200
Fært á 3. gr. A. I. 7		. . .	18000
B.			
Tekjur af fasteignum ríkissjóðs eru taldar:			
1. Eftirgjald eftir jarðeignir ríkissjóðs (þjóðjarðir)			20000
2. Tekjur af jarðeignum á Stokkseyri og Eyrarbakka			11000
3. Arnarhvoll:			
a. Tekjur		60000	
b. Gjöld:			
1. Vextir (6,2% af 340000)	21080		
2. Ýmiskonar rekstrarkostnaður	33600		
3. Fyrning hússins (sjá 20. gr.)	3640		
		58320	
			1680
Samtals ...		. . .	32680

4. gr.

Tekjur af bönkum og vaxtatekjur eru áætlaðar:

	kr.	kr.
1. Vextir af bankavaxtabréfum og jarðræktarbréfum		13700
2. Vextir af stofnfé Landsbankans, 6% af 3000000		180000
3. Vextir af veðd.bréfum Búnaðarbankans, 6% af 1350000		81000
4. Aðrir vextir		230000
Samtals ...	. . .	504700

5. gr.

Óvissar tekjur eru taldar 50000 kr.

II. KAFLI

Gjöld:

6. gr.

Árið 1938 eru veittar til gjalda fjárhæðir þær, sem tilgreindar eru í 7.—19. gr.

7. gr.

Vextir af lánum ríkissjóðs eru taldir:

	kr.	kr.
1. Innlend lán		180240
2. Dönsk lán		49636
3. Ensk lán		1175756
4. Vextir af lausaskuldum		120000
Samtals ...	. . .	1525632

8. gr.

	kr.	kr.
Borðfé Hans Hátignar konungsins		60000

9. gr.

Til alþingiskostnaðar og yfirskoðunar ríkisreikninga er veitt:

	kr.	kr.
1. Til alþingiskostnaðar		240000
2. Til yfirskoðunar ríkisreikninga		3750
3. Fyrning á alþingishúsi (sjá 20. gr.)		2170
Samtals ...	. . .	245920

10. gr.

Til ríkisstjórnarinnar er veitt:

			kr.	kr.
I. Stjórnarráðið, ríkisféhirðir, ríkisbókhald o. fl.				
1. Til ráðherra:				
a. Laun		30000		
b. Til risnu		6000		
			36000	
2. Til utanferða ráðherra			6000	
3. Stjórnarráðið:				
a. Laun:				
1. Atvinnumálaráðuneytið	35300			
2. Dómsmálaráðuneytið	27500			
3. Fjármálaráðuneytið	46400			
4. Aðrir starfsmenn	19765			
		128965		
b. Annar kostnaður		31035		
			160000	
4. Ríkisféhirzla og bókhald:				
a. Laun		31550		
b. Annar kostnaður		8450		
			40000	
5. Pappír, prentun og hefting ríkisreikninga			4000	
6. Til þess að gefa út stjórnartíðindi:				
a. Þóknun fyrir ritstjórn tíðindanna o. fl.		700		
b. Til pappírs og prentunar		20000		
c. Til kostnaðar af sendingu með póstum		2000		
			22700	
7. Til umbóta og viðhalds á stjórnarráðshúsinu og ráðherrabústaðnum og til hitunar og lýsingar hans			10000	
8. Fyrning á stjórnarráðshúsi og ráðherrabústað (sjá 20. gr.)			2046	
				280746
Flyt			. . .	280746

		kr.	kr.
	Flutt	. . .	280746
II.	Hagstofan:		
	1. Laun samkvæmt launalögum	11000	
	2. Önnur laun og aðstoð	30000	
	3. Pappír, prentun og hefting hagskýrslna	15000	
	4. Prentun eyðublaða	2000	
	5. Húsaleiga, hiti og ljós m. m.	6300	
	6. Annar kostnaður	1000	
			65300
III.	Utanríkismál o. fl.		
	1. Til sendiráðs í Kaupmannahöfn:		
	a. Laun sendiherra 10000		
	b. Húsaleiga 7000		
	c. Kostnaður við embættið 25000		
	d. Til skrifstofuhalds 20000		
		62000	
	2. Til meðferðar utanríkismála	17000	
	3. Ríkisráðskostnaður	4000	
	4. Kostnaður af sambandslaganefnd	3000	
	5. — vegna samninga við erlend ríki	60000	
			146000
	Samtals ...	. . .	492046

11. gr.

Til dómgæzlu, lögreglustjórnar o. fl. er veitt:

		kr.	kr.
	A.		
	Dómgæzla og lögreglustjórn.		
1.	Hæstiréttur:		
	a. Laun	26000	
	b. Annar kostnaður	17000	
			43000
2.	Laun bæjarfógeta, sýslumanna og lögreglustjóra		131000
3.	Laun hreppstjóra		22000
4.	Skrifstofukostnaður lögmannsins í Reykjavík:		
	a. Laun	35600	
	b. Húsaleiga, hiti, ljós og ræsting	5500	
	c. Ýms gjöld	6500	
			47600
5.	Skrifstofukostnaður tollstjórans í Reykjavík:		
	a. Laun og aðstoð	103960	
	b. Húsaleiga, ljós og hiti	8400	
	c. Ýms gjöld	14000	
			126360
	Flyt ...	. . .	369960

		kr.	kr.
	Flutt	. . .	369960
6.	Skrifstofukostnaður lögreglustjórans í Reykjavík:		
	a. Laun ...	35400	
	b. Ljós, hiti og ræsting	10000	
	c. Ýms gjöld	10000	
			55400
7.	Toll- og löggæzla:		
	a. Í Reykjavík:		
	1. Laun og aðstoð ... 65800		
	2. Annar kostnaður ... 50000		
		115800	
	b. Utan Reykjavíkur:		
	1. Laun ... 25200		
	2. Annar kostnaður ... 13000		
		38200	
	c. Vegaeftirlit:		
	1. Laun ... 5400		
	2. Annar kostnaður ... 10000		
		15400	
			169400
8.	Hluti ríkissjóðs af kostnaði við lögregluna í Reykjavík		50000
9.	Skrifstofukostnaður sýslumanna og bæjarfógeta		127100
	Þar af 10 þús. kr., er skiptast milli bæjarfógeta, og 5 þús. kr., er skiptast milli sýslumanna, eftir fyrirmælum dómsmálaráðherra.		
10.	Til landhelgisgæzlu ...		450000
	Þar af til landhelgissjóðs 20000 kr.		
11.	Til hegningarhússins í Reykjavík og viðhaldskostnaður fangelsa ...		15000
	(Þar af fyrning 1770 kr. sjá 20. gr.).		
12.	Til vinnuhælisins á Litla-Hrauni:		
	a. Rekstrarhalli ...	50000	
	b. Kostnaður við verklegar framkvæmdir fyrir ríkið ..	10000	
	(Þar af fyrning 5300 sjá 20. gr.).		
			60000
13.	Sakamálakostnaður og lögreglumála ...		70000
14.	Borgun til sjódómsmanna ...		2000
15.	Til setu- og varadómara ...		10000
16.	Kostnaður við löggildingu vogar- og mælitækja, samkv. lögum nr. 13 1924 ...		5500
17.	Kostnaður við barnavernd, samkv. l. nr. 43 1932		2000
18.	Laun sáttasemjara í vinnudeilum, sbr. l. nr. 55 1925		1500
	Samtals A	. . .	1387860

		kr.	kr.
	B.		
	Sameiginlegur kostnaður við embættisrekstur.		
1.	Burðareyrir og embættisskeyti:		
	a. Endurgjald handa embættismönnum fyrir burðareyri undir embættisbréf	55000	
	b. Fyrir embættisskeyti	75000	
			130000
2.	Brunaábyrgðar- og fasteignagjald nokkurra ríkisfasteigna		27000
3.	Til embættiseftirlitsferða		6000
4.	Gjöld til skattanefnda, yfirskattanefnda, skattstofu Reykjavíkur og fyrir skattvirðingar:		
	a. Skattstofan í Reykjavík 60000		
	÷ hluti bæjarsjóðs, ⅓ af 54000 kr. 18000		
		42000	
	b. Skattanefndir	38000	
	c. Fasteignamat	20000	
			100000
5.	Til ríkisskattanefndar		10000
6.	Eyðublöð, bókband, auglýsingar o. fl.		34000
	Samtals B	. . .	307000

12. gr.

Til læknisskipunar og heilbrigðismála er veitt:

			kr.	kr.
1.	Laun			216000
2.	Til skrifstofukostnaðar landlæknis, eftir reikningi			8000
3.	Styrkur til læknisvitjana handa sveitum, sem eiga sérstaklega erfiða læknissókn, eftir reikningum			10350
	Í Borgarneshéraði:			
	Kolbeinsstaðahreppur	200		
	Eyjahreppur	200		
	Í Ólafsvíkurhéraði:			
	Staðarsveit	200		
	Breiðavíkurhreppur	300		
	Neshreppur utan Ennis	300		
	Í Stykkishólmshéraði:			
	Eyrarsveit	500		
	Miklaholtshreppur	200		
	Í Dalahéraði:			
	Klofningshreppur og Fellsstrandarhreppur utan Kjarlaksstaðaár	150		
	Flyt	2050	. . .	234350

		kr.	kr.
Flutt	2050	. . .	234350
Skarðshreppur	150		
Saurbæjarhreppur	200		
Í Flateyjarhéraði:			
Múlahreppur	250		
Í Patreksfjarðarhéraði:			
Rauðasandshreppur	150		
Barðastrandarhreppur	150		
Í Flateyrarhéraði:			
Suðureyrarhreppur	300		
Í Ögurhéraði:			
Reykjarfjarðarhreppur, Nauteyrarhreppur og Snæfjallahreppur	750		
Styrkurinn skiptist milli nefndra hreppa í hlutfalli við kostnað þeirra við læknis vitjanir.			
Í Hesteyrarhéraði:			
Grunnavíkurhreppur	300		
Sléttuhreppur	300		
Í Reykjarfjarðarhéraði:			
Árneshreppur (sé héraðið læknislaust) ..	600		
Í Hólmavíkurhéraði:			
Óspakseyrarhreppur	200		
Í Miðfjarðarhéraði:			
Bæjarhreppur	300		
Í Blönduóshéraði:			
Vindhælishreppur fyrir norðan Björg	200		
Í Sauðárkrókshéraði:			
Skefilsstaðahreppur	200		
Í Hofsóshéraði:			
Haganeshreppur	150		
Holtshreppur	150		
Í Húsavíkurhéraði:			
Flateyjarhreppur	200		
Grímseyjarhreppur	400		
Í Öxarfjarðarhéraði:			
Fjallahreppur	200		
Presthólahreppur, til læknisvitjana af Austur-Sléttu	300		
Í Þistilfjarðarhéraði:			
Sauðaneshreppur, vegna læknisvitjana frá Skálum og nágrenni þeirra	200		
Skeggjastaðahreppur	200		
Í Hróarstunguhéraði:			
Borgarfjarðarhreppur	300		
Í Fljótsdalshéraði:			
Jökuld.hr. (vegna byggðar í Möðrudalsheiði)	200		
Í Seyðisfjarðarhéraði:			
Loðmundarfjarðarhreppur	150		
Flyt	8550	. . .	235350

		kr.	kr.
Flutt	8550	. . .	234350
Í Berufjarðarhéraði:			
Breiðdalshreppur	300		
Í Hornafjarðarhéraði:			
Hofshreppur	400		
Í Síðuhéraði:			
Skaftártunguhreppur	300		
Álftavershreppur	250		
Í Mýrdalshéraði:			
Austur-Eyjafjallahreppur	100		
Í Rangárhéraði:			
Vestur-Eyjafjallahreppur	100		
Í Eyrarbakkahéraði:			
Selvogshreppur	150		
Í Grímsneshéraði:			
Þingvallahreppur	200		
Samtals	10350		
4. Til læknis í Reykjavík, er skylt sé að gegna sjúkravitjunum í Kjós, Kjalarnesi, Mosfellssveit, Þingvallasveit og Reykjavíkurhéraði, utan kaupstaðarins, og fari eftir taxta héraðslækna			1200
5. Til augnlækningaferða samkv. l. nr. 12 1934			2400
6. Styrkur til tannlæknis Vilhelms Bernhöfts í Reykjavík			800
7. Styrkur til háls-, nef- og eyrnalæknis Ólafs Þorsteinssonar í Reykjavík			800
Styrkur læknanna Vilhelms Bernhöfts og Ólafs Þorsteinssonar er bundinn því skilyrði, að þeir, hvor um sig, segi stúdentum í læknadeild háskólans til í sinni sérfræði og veiti fátæku fólki ókeypis læknishjálp á tilteknum stað, ekki sjaldnar en 4 sinnum á mánuði, og gefi skýrslu um það.			
8. Til lækniskandidats, til að nema geðveikrafræði erlendis			1500
9. Landsspítalinn			141500
Rekstrarkostnaður sundurliðast þannig:			
A. Laun lækna		43000	
B. Annar kostnaður:			
1. Laun	107900		
2. Matvæli	108000		
3. Lyf og sáraumbúðir	23000		
4. Ljós og eldsneyti	28000		
5. Þvottur og hreinlætisvara	39000		
6. Viðhald húsa og fastra muna	22700		
7. — lausra muna (þar með fatnaður) ..	14000		
8. Fatnaður og vefn.vara	10000		
9. Skattar og tryggingar	5400		
Flyt	358000	43000	382550

		kr.	kr.
Flutt	358000	43000	382550
10. Sími og skrifstofa	7000		
11. Röntgenfilmur og röntgenáhöld	25000		
12. Ýms gjöld	7200		
13. Fyrning	36500		
		433700	
		476700	
Þar frá dregst:			
1. Daggjöld sjúklinga	280000		
2. Geislalækn. (tekjur af röntgendeild) .	50000		
3. Skurðstofugjald	10000		
4. Fæðingarstofugjald	4300		
5. Aukatekjur	400		
		344700	
Reksturshalli		132000	
C. Til ljósmæðra- og hjúkrunarkvennaskólans, þar í fæði ljósmæðranema		9500	
		141500	
10. Holdsveikraspítalinn			67082
Rekstrarkostnaður sundurliðast þannig:			
A. Laun yfirlæknis		3600	
B. Önnur gjöld:			
1. Laun	14000		
2. Matvæli	15000		
3. Lyf og umbúðir	1700		
4. Ljós og eldsneyti	10500		
5. Þvottur og hreinlætisvara	1200		
6. Fatnaður allur	2000		
7. Viðhald húsa og fastra muna	6500		
8. Viðhald lausra muna	2000		
9. Sími	500		
10. Skattar og tryggingar	2800		
11. Flutningskostnaður	800		
12. Ýmisleg gjöld	2000		
13. Fyrning	4482		
		63482	
		67082	
11. Geðveikrahælið á Kleppi:			
I. Gamli spítalinn:			
Rekstrarkostnaður sundurliðast þannig:			
A. Laun yfirlæknis		5000	
B. Önnur gjöld:			
1. Laun	23000		
2. Matvæli	39500		
3. Lyf og umbúðir	800		
4. Ljós og hiti	11500		
Flyt	74800	5000	449632

		kr.	kr.
Flutt	74800	5000	449632
5. Þvottur og hreinlætisvara	4500		
6. Viðhald húsa og fastra muna	9000		
7. Viðhald lausra muna	3000		
8. Sími og skrifstofa	1500		
9. Flutningskostnaður	2000		
10. Skattar og tryggingar	2000		
11. Fatnaður allur	5000		
12. Ýms gjöld	3500		
13. Fyrning	3064		
		108364	
Tekjur:		113364	
Daggjöld sjúklinga:			
26800 sjúkradagar á 5,00	134000		
Tekjuafgangur		20636	
	134000	134000	
II. Nýi spítalinn:			
Rekstrarkostnaður sundurliðast þannig:			
A. Laun yfirlæknis		5000	
B. Önnur gjöld:			
1. Laun	57000		
2. Matvæli	72000		
3. Lyf og sáraumbúðir	8000		
4. Ljós og hiti	17000		
5. Þvottur og hreinlætisvara	12500		
6. Viðhald húsa og fastra muna	5500		
7. Viðhald lausra muna	7500		
8. Sími og skrifstofa	2500		
9. Flutningskostnaður	2800		
10. Skattar og tryggingar	2200		
11. Fatnaður allur	9000		
12. Ýms gjöld	5000		
13. Fyrning	3355		
		204355	
Tekjur:		209355	
Daggjöld sjúklinga:			
43000 sjúkradagar á 5,00	215000		
Tekjuafgangur		5645	
	215000	215000	
12. Heilsuhælið á Vífilsstöðum			27050
Rekstrarkostnaður sundurliðast þannig:			
A. Laun lækna		10000	
Flyt		10000	476682

		kr.	kr.
	Flutt	10000	476682
B. Önnur gjöld:			
1. Laun	65500		
2. Matvæli	120000		
3. Lyf og hjúkrunargögn	13000		
4. Ljós og eldsneyti	30000		
5. Þvottur og hreinlætisvara	22000		
6. Viðhald húsa og fastra muna	12000		
7. Viðhald lausra muna	10000		
8. Fatnaður	5000		
9. Sími og skrifstofa	4500		
10. Flutningskostnaður	4000		
11. Tryggingar og skattar	1500		
12. Ýms gjöld	5000		
13. Fyrning	3350		
		295850	
		305850	
Þar frá dragast þessar tekjur:			
Daggjöld sjúklinga, 56700 sjúkradagar á 4,00 og 5,00		278800	
		27050	
13. Heilsuhælið á Reykjum í Ölfusi			700
Rekstrarkostnaður sundurliðast þannig:			
A. Laun læknis		4500	
B. Önnur gjöld:			
1. Laun	13500		
2. Matvæli	26500		
3. Lyf og hjúkrunargögn	2000		
4. Ljós og eldsneyti	1000		
5. Þvottur og hreinlætisvara	1500		
6. Viðhald húsa og fastra muna	3000		
7. Viðhald lausra muna	2500		
8. Fatnaður	1000		
9. Sími	600		
10. Flutningar	1500		
11. Ýms gjöld	1500		
12. Fyrning	1600		
		56200	
		60700	
Þar frá dregst:			
Daggjöld sjúklinga, 15000 sjúkradagar á 4,00		60000	
		700	
14. Heilsuhælið í Kristnesi			8730
Rekstrarkostnaður sundurliðast þannig:			
A. Laun lækna		8600	
	Flyt	8600	486112

		kr.	kr.
	Flutt	8600	486112
B. Önnur gjöld:			
1. Laun starfsmanna	31060		
2. Fæði	47500		
3. Lyf og hjúkrunargögn	5000		
4. Ljós og hiti	13000		
5. Þvottur og hreinlætisvara	4500		
6. Viðhald húsa og fastra muna	6000		
7. Viðhald lausra muna	3300		
8. Fatnaður	3000		
9. Sími og skrifstofa	1200		
10. Skattar og tryggingar	1200		
11. Flutningskostnaður	4000		
12. Ýms gjöld	1000		
13. Fyrning	8370		
		129130	
		137730	
Þar frá dregst:			
Daggjald sjúklinga, 25800 sjúkradagar á 5 kr.		129000	
		8730	
15. Önnur gjöld:			
a. Styrkur til að reisa læknisbústaði og sjúkraskýli ..		10000	
b. Styrkur til greiðslu vaxta af skuldum vegna læknisbústaða í Ögurhéraði og Grímsneshéraði, 1200 kr. til hvors, og til greiðslu vaxta og afborgana af skuld Reykhólahéraðs 1200 kr.		3600	
c. Bólusetningarkostnaður		2000	
d. Gjöld samkv. lögum nr. 66 19. júní 1933, um varnir gegn útbreiðslu næmra sjúkdóma		15000	
e. Gjöld samkv. lögum nr. 65 19. júní 1933, um varnir gegn því, að næmir sjúkdómar berist til Íslands ..		2000	
f. Gjöld samkv. lögum nr. 16 1923, um varnir gegn kynsjúkdómum		35000	
g. Kostnaður við heilbrigðiseftirlit lækna með alþýðuskólum		5000	
h. Til annara heilbrigðisráðstafana		2000	
i. Styrkur til heilsuverndarstöðva í kaupstöðum, gegn tvöföldu framlagi annarsstaðar að		15000	
Heilsuverndunarstöð, sem styrks vill verða aðnjótandi, skal reka berklavarnastarfsemi undir yfirstjórn og eftirliti berklayfirlæknis ríkisins og haga störfum sínum öllum eftir reglum, er heilbrigðisstjórnin samþykkir.			
j. Styrkur til Súgfirðinga til að hafa lærða hjúkrunarkonu		1000	
k. Til styrktar mönnum, er þurfa að fá sér gervilimi		4000	
	Flyt	94600	486112

	kr.	kr.
Flutt	94600	486112
l. Viðbótarlaun yfirsetukonu í Grímsey, gegn jafnmikilli launabót annarsstaðar að	300	
m. Til Halldórs Arnórssonar umbúðasmiðs	2000	
n. Til Páls Sigurðssonar fyrrv. héraðslæknis, biðlaun	1800	
o. Til ýmsra sjúklinga, eftir úthlutun landlæknis	5000	
Þar af til Hallgríms Sveinssonar, bónda á Hálsi í Eyrarsveit, 500 kr.		
p. Sjúkrastyrkur til séra Jakobs Ó. Lárussonar	550	
		104250
16. Hluti ríkissjóðs af launum ljósmæðra		65000
		655362
Þar frá dregst:		
11. I. Tekjuafg. gamla spítalans á Kleppi	20636	
II. Tekjuafg. nýja spítalans á Kleppi	5645	
		26281
Samtals	. . .	629081

13. gr.

Til samgöngumála er veitt:

		kr.	kr.
A.			
Vegamál.			
I. Stjórn og undirbúningur vegagerða:			
1. Laun vegamálastjóra		7000	
Þar af 1000 kr. fyrir stjórn vatnamála samkvæmt vatnalögunum.			
2. Laun aðstoðarverkfræðings		5750	
3. Ferðakostnaður þeirra og fæðispeningar, eftir reikningi		6000	
4. Til aðstoðarmanna og mælinga		28000	
5. Skrifstofukostnaður		18000	
			64750
II. Þjóðvegir.			
a. Til nýrra akvega:			
1. Kjósarvegur	5000		
2. Hafnarfjallsvegur	5000		
3. Álftaneshreppsvegur	4000		
4. Stykkishólmsvegur	5000		
5. Ólafsvíkurvegur	3000		
6. Saurbæjarvegur	3000		
7. Rauðasandsvegur	4000		
8. Patreksfjarðarvegur til Bíldudals	4000		
Flyt	33000	. . .	64750

		kr.	kr.
Flutt	33000	. . .	64750
9. Breiðdalsheiðarvegur	3000		
10. Langadalsvegur	4000		
11. Steingrímsfjarðarheiðarvegur	4000		
12. Kollafjarðarvegur	3000		
13. Bitruvegur	4000		
14. Borðeyrarvegur	3000		
15. Holtavörðuheiðarvegur	25000		
16. Húnvetningabraut	6000		
17. Blönduhlíðarvegur	4000		
18. Út-Blönduhlíðarvegur	5000		
19. Hofsósvegur	4000		
20. Fljótavegur	4000		
21. Siglufjarðarskarð	10000		
22. Öxnadalsvegur	7000		
23. Ljósavatnsskarðsvegur	5000		
24. Kinnarbraut	4000		
25. Kópaskersvegur	6000		
26. Raufarhafnarvegur	5000		
27. Brekknaheiðarvegur	5000		
28. Bakkafjarðarvegur	3000		
29. Vopnafjarðarvegur til Möðrudals	5000		
30. Jökulsárhlíðarvegur	3000		
31. Úthéraðsvegur	7000		
32. Geithellnahreppsvegur	3000		
33. Skriðdalsvegur	3000		
34. Fáskrúðsfjarðarvegur frá Reyðarfirði	10000		
35. Breiðdalsvegur	8000		
36. Berunesvegur	3000		
37. Til vega í Austur-Skaftafellssýslu ..	5000		
38. Síðuvegur	3000		
39. Mýrdalsvegur	4000		
40. Eyjafjallavegur	4000		
41. Inn-Fljótshlíðarvegur, gegn tvöföldu framlagi annarsstaðar að	2500		
42. Landvegur	4000		
43. Hrunamannahreppsvegur	8000		
		219500	
b. Viðhald og endurbætur		650000	
c. Til þjóðvega af benzínskatti:			
1. Til malbikunar á Elliðaárvegi, allt að	50000		
2. — Hafnarfjarðarvegar, allt að	50000		
3. — Suðurlandsbrautar, allt að	70000		
4. — Holtavörðuheiðarvegar, allt að	45000		
5. — Austurlandsvegar, allt að	20000		
6. — Geysisvegar, allt að	5000		
7. — vega út frá Akureyri	10000		
Flyt	250000	869500	64750

		kr,	kr.
Flutt	250000	869500	64750
8. Til Ljósavatnsskarðsvegar	5000		
9. — Vopnafjarðarvegar til Möðrudals ..	5000		
		260000	1129500
III. Til brúargerða			70000
IV. Fjallvegir			25000
V. 1. Til áhalda		25000	
2. Til bókasafns verkamanna		300	
			25300
VI. Til sýsluvega:			
1. Tillög til akfærra sýsluvega, allt að ..... gegn að minnsta kosti jafnmiklu tillagi annarsstaðar að og öðrum þeim skilyrðum, sem atvinnumálaráðherra setur.		10000	
2. Tillag til akfærra sýsluvega, af bifreiðaskatti ..		20000	
3. Til sýsluvegasjóða eftir lögum nr. 10 1923		60000	
			90000
VII. Til malbikunar á vegum í kaupstöðum og verzlunarstöðum af bifreiðaskatti			30000
VIII. Til dragferjuhalds:			
1. Á Lagarfljóti		300	
2. — Blöndu		300	
3. — Eldvatni í Meðallandi		300	
4. — Jökulsá í Fljótsdal		200	
			1100
IX. 1. Til ferju á Hrosshyl í Þjórsá		250	
2. Til ferju á Hvítá hjá Auðsholti		250	
3. Til ferju á Jökulsá eystri í Skagafirði		75	
4. Til ferju á Héraðsvötn utan Flatatungu		125	
5. Til ferju á Hornafjarðarós frá Höfn að Melatanga		3000	
			3700
X. Styrkur til þess að halda uppi vetrarflutningum:			
a. Hellisheiði		5000	
b. Holtavörðuheiði		1000	
			6000
XI. Styrkur til þess að halda uppi byggð og gistingu handa ferðamönnum			4150
Atvinnumálaráðuneytið veitir styrkinn ábúendum á afskekktum bæjum í þjóðbraut.			
XII. Til sæluhúsbyggingar á Holtavörðuheiði			3000
XIII. Til fyrrverandi vegaverkstjóra, eftir tillögum vegamálastjóra			1000
XIV. Iðgjöld til slysatryggingarinnar			10000
XV. Fyrning áhaldahússins (sjá 20. gr.).			552
Samtals A.		. . .	1464052

	kr.	kr.
B.		
Samgöngur á sjó.		
1. Til strandferða:		
a. Ríkissjóðs	330000	
(Þar af fyrning kr. 50000, sjá 20. gr.).		
b. Eimskipafélags Íslands	180000	
enda haldi félagið uppi siglingum í sama horfi og áður og með eigi minni skipastól, ef efnahagur þess leyfir.		
c. H/f Skaftfellings, allt að	22000	
d. H/f Skallagríms, fjórða greiðsla af fimm	10000	
		542000
2. Til bátaferða á flóum, fjörðum og vötnum		76000
Skipaútgerð ríkisins hefir yfirumsjón með ferðum flóabáta, sem fara eftir fastri áætlun. Skilyrði fyrir greiðslu styrksins er, að fyrir liggi efnahags- og rekstrarreikningur 1937 frá útgerð þessara báta, ef styrkupphæð til þeirra það ár hefir numið yfir 1000 kr. Ferðaáætlun 1938 og flutningagjaldskrá sé samþykkt af skipaútgerð ríkisins og reikningar ársins sendir henni, enda athugi hún, hversu rík sé þörf á ferðum hvers þess báts, er styrks nýtur úr ríkissjóði. Skip og bátar, sem njóta styrks úr ríkissjóði, eru skyld til að flytja póst endurgjaldslaust, sé þess krafizt.		
Samtals B.	. . .	618000
C.		
Vitamál og hafnargerðir.		
I. Stjórn og undirbúningur vita- og hafnarmála:		
1. Laun vitamálastjóra	7200	
Þar af 1200 kr. persónuleg launaviðbót.		
Hann sé umsjónarmaður vitamála og hafnargerða og ókeypis ráðunautur landsstjórnar, héraðsstjórna og bæja í öllu því, er varðar vitamál og hafna.		
2. Laun aðstoðarverkfræðings	5900	
3. Húsaleiga, ljós og hiti	6000	
4. Til skrifstofuhalds, eftir reikningi	12000	
5. Ferðakostnaður og fæðispeningar, eftir reikningi	3000	
6. Til aðstoðarmanna og mælinga	13000	
		47100
II. Laun vitavarða, þar af uppbót á laun vitavarðar á Gróttu 300 kr.		32000
III. Rekstrarkostnaður vitanna		150000
IV. Viðhald og endurbætur		15000
V. 1. Sjómerki, þar með talið viðhald sæluhúsa	12000	
2. Til að setja upp hljóð- og ljósdufl við Sandgerðissund, þriðja greiðsla af fjórum	5000	
		17000
Flyt	. . .	261100

	kr.	kr.
Flutt	. . .	261100
VI. Til áhaldakaupa		7000
VII. Ýmislegt		15000
VIII. Til hafnargerða:		
1. Á Akranesi	20000	
2. — Húsavík	20000	
3. — Ísafirði	20000	
4. — Skagaströnd, 3. greiðsla af 4	8000	
5. — Sauðárkróki, 4. fjárveiting af 10, þó ekki alls yfir $^2/_5$ kostnaðar	25000	
6. Vestmannaeyjahöfn, til dýpkunar og uppfyllingar við höfnina, þriðja greiðsla af fjórum	30000	
		123000
IX. Til bryggjugerða og lendingarbóta gegn $^2/_3$ annarsstaðar að:		
a. Til Hofsóss, 3. greiðsla af 5 allt að	8000	
b. Til Hólmavíkur, allt að	8000	
c. — Vopnafjarðar, allt að	5000	
		21000
Ríkissjóðstillagið er bundið því skilyrði, að framlag sé tryggt á móti, ráðherra samþykki áætlun verksins og vitamálastjóri hafi eftirlit með framkvæmd þess.		
X. Til öldubrjóts austur af Siglufjarðareyri, gegn tvöföldu tillagi frá hafnarsjóði Siglufjarðar, lokagreiðsla		50000
XI. Til aðgerða á brimbrjótnum í Bolungavík, gegn jöfnu framlagi annarsstaðar að, lokagreiðsla		10000
XII. Til sjómælinga		20000
XIII. Fyrning (sjá 20. gr.)		80000
Samtals C.	. . .	587100
D.		
Til flugmála		5000
Samtals D.	. . .	5000

14. gr.

Til kirkju- og kennslumála er veitt:

	kr.	kr.
A. Kirkjumál.		
a. Biskupsdæmið:		
1. Laun biskups	7000	
2. Skrifstofukostnaður	4500	
		11500
b. Önnur gjöld:		
1. Hluti ríkissjóðs af lífeyrisgjaldi presta samkvæmt lögum nr. 49 1907	120	
2. Viðbót við eftirlaun þau, er fátækir uppgjafaprestar og prestsekkjur njóta samkvæmt lögum	8000	
3. Framlag til prestlaunasjóðs	280000	
4. Til dómkirkjuprestsins í Reykjavík, fyrir skýrslugerðir	1000	
5. Embættiskostnaður presta	65000	
6. Til húsabóta á prestssetrum	24000	
7. Kostnaður við kirkjuráð, samkv. lögum nr. 21 1931	500	
		378620
Samtals A.	. . .	390120
B.		
I. Háskólinn:		
a. Laun	87000	
b. Til kennslu í augnlækningum (Kjartan Ólafsson)	700	
c. Til kennslu í réttarlæknisfræði	400	
d. Til kennslu í söng	800	
e. Til kennslu í bókhaldi	400	
f. Til kennslu í hagfræði	1200	
g. Til bókavörzlu	1200	
h. Námsstyrkur	15000	
i. Húsaleigustyrkur	9000	
j. Til kennsluáhalda læknadeildar	2000	
k. Til kennslu í efnafræði	1600	
l. Hiti, ljós, ræsting og vélgæzla	5000	
m. Önnur gjöld:		
1. Til ritara og dyravarðar ..... 4000 auk hlunninda, er dyravörður hefir áður notið.		
2. Ýms gjöld 10000		
	14000	
n. Ferðakostnaður vegna stúdentaskipta	750	
o. Til stúdentaráðs Háskóla Íslands, til þess að starfrækja leiðbeiningaskrifstofu	1000	
p. Til sendikennara í þýzku	1000	
Flyt	141050	

		kr.	kr.
	Flutt	141050	
q.	Til sendikennara í frakknesku	1000	
r.	Til sendikennara í ensku	1000	
s.	Fyrning á Kirkjustræti 12 (sjá 20. gr.)	188	
			143238
II.	Námsstyrkur erlendis:		
a.	Til íslenzkra stúdenta í erlendum háskólum	19200	
b.	Námsstyrkur samkvæmt ákvörðun menntamálaráðs	10000	
	Styrkinn má veita konum sem körlum til hvers þess náms, er menntamálaráðið telur nauðsyn að styrkja.		
			29200
III.	Fræðslumálastjórnin:		
1.	Laun fræðslumálastjóra	7000	
2.	Til eftirlitsferða, eftir reikningi, allt að	800	
3.	Skrifstofukostnaður, eftir reikningi	14000	
			21800
IV.	Menntaskólinn almenni:		
a.	Laun	65600	
b.	Húsaleiga rektors	3000	
c.	Önnur gjöld:		
1.	Til bókasafns skólans 800		
2.	Til eldiviðar, ljósa og ræstingar ... 9500		
3.	Til viðhalds 10000		
4.	Til stundakennslu, allt að 8000		
5.	Húsaleigustyrkur handa 15 lærisveinum, 75 kr. handa hverjum ... 1875		
6.	Námsstyrkur 2800		
7.	Til kennslutækja 1000		
8.	Ýmisleg gjöld 4500		
9.	Til verðlaunabóka 200		
10.	Vegna kostnaðar við skólastjórn ... 2000		
11.	Til bókasafnsins Íþöku 200		
12.	Fyrning (sjá 20. gr.) 3540		
		44415	
			113015
	Húsaleigustyrk og námsstyrk má aðeins veita efnilegum, reglusömum og efnalitlum nemendum. Húsaleigustyrkur sé venjulega aðeins veittur utanbæjarmönnum, og að námsstyrk gangi utanbæjarmenn fyrir innanbæjarmönnum, að öðru jöfnu.		
V.	Menntaskólinn á Akureyri:		
a.	Laun	40600	
b.	Önnur gjöld:		
1.	Til aukakennara og stundakennslu .. 23500		
2.	Vegna kostnaðar við skólastjórn 2000		
3.	Til bóka og kennsluáhalda 1200		
	Flyt 26700	40600	307253

		kr.	kr.
Flutt	26700	40600	307253
4. Til eldiviðar og ljósa	10000		
5. Námsstyrkur	1000		
Utanbæjarnemendur gangi fyrir innanbæjarmönnum, að öðru jöfnu.			
6. Til dyravörzlu	2000		
7. Til viðhalds og endurbóta	6000		
8. Til ýmislegra gjalda	6500		
9. Til verðlaunabóka	200		
10. Fyrning (sjá 20. gr.)	3160		
		55560	
			96160
VI. Kennaraskólinn:			
a. Laun		22000	
b. Önnur gjöld:			
1. Stundakennsla	8000		
2. Eldiviður og ljós	3000		
3. Bókakaup og áhöld	700		
4. Námsstyrkur	2500		
Utanbæjarnemendur gangi að styrk fyrir innanbæjarnemendum, að öðru jöfnu.			
5. Til viðhalds	1000		
6. Ýmisleg gjöld	5000		
7. Fyrning (sjá 20. gr.)	1090		
		21290	
			43290
VII. Stýrimannaskólinn:			
a. Laun		14000	
b. Húsaleiga skólastjóra		3000	
c. Önnur gjöld:			
1. Til stundakennslu	9700		
2. Til eldiviðar og ljósa	1500		
3. Til Sveinbjarnar Egilson, til fyrirlestra	300		
4. Ýmisleg gjöld	3000		
5. Til áhaldakaupa	500		
6. Fyrning (sjá 20. gr.)	700		
		15700	
			32700
VIII. Vélstjóraskólinn:			
a. Laun		13200	
b. Önnur gjöld:			
1. Til stundakennslu	10300		
2. Húsnæði skólastjóra og skrifstofa skólans	3000		
3. Ljós, hiti og ræsting	2500		
4. Ýms gjöld	1000		
Flyt	16800	13200	479403

			kr.	kr.
	Flutt ..	16800	13200	479403
5.	Til áhaldakaupa	500		
6.	Kostnaður við burtfararpróf	2200		
			19500	
IX.	Bændakennsla:			32700
1.	Til bændaskólans á Hólum			
a.	Laun	8250		
b.	Til smíða-, leikfimi- og dráttlistarkennslu	1450		
c.	Önnur gjöld:			
1.	Til verklegs náms 3500			
2.	Til kennsluáhalda 600			
3.	Til eldiviðar og ljósa ... 3500			
4.	Til viðhalds 500			
5.	Ýmisleg gjöld 3000			
		11100		
d.	Fyrning húsa (sjá 20. gr.)	1226		
			22026	
2.	Til bændaskólans á Hvanneyri:			
a.	Laun	7500		
b.	Til smíða og leikfimikennslu	1300		
c.	Önnur gjöld:			
1.	Til verklegs náms 4500			
2.	Til kennsluáhalda 500			
3.	Til eldiviðar og ljósa 5000			
4.	Til viðhalds 1000			
5.	Ýmisleg gjöld 3500			
		14500		
d.	Fyrning húsa (sjá 20. gr.)	2300		
			25600	
3.	Garðyrkjuskóli að Reykjum: Gjöld að frádregnum tekjum Reykjabúsins		1000	48626
	Styrkurinn til verklegs náms í bændaskólunum á Hólum og Hvanneyri veitist nemendum, sem stunda verknám samkvæmt samningi, eigi skemur en 8 vikur á ári, og skila skólunum dagbókum um vinnubrögðin yfir námstímann, enda sjái skólastjóri nemendum fyrir ókeypis fæði og kennslu. Nemi styrkurinn aldrei hærri upphæð á hvern nemanda en 18 kr. fyrir hverja viku námstímans. Styrkinn má aðeins greiða eftir á, samkvæmt skýrslu um námið, og sé í henni getið, hve háan vikustyrk hver nemandi skal fá.				
X.	Iðnfræðsla:			
a.	Til iðnaðarmannafélagsins í Reykjavík, til þess að reka iðnskóla í Reykjavík, undir yfirumsjón landsstjórnarinnar		6500	
	Flyt		6500	560729

		kr.	kr.
	Flutt	6500	560729
b.	Til iðnaðarmannafélagsins á Akureyri, til kvöldskólahalds	2000	
c.	Til iðnaðarmannafélags á Ísafirði, til skólahalds	1500	
d.	Til iðnaðarmannafél. á Akranesi, til skólahalds	500	
e.	Til iðnaðarmannafélagsins í Hafnarfirði, til kvöldskólahalds	1700	
f.	Til iðnaðarmannafélagsins í Vestmannaeyjum, til kvöldskólahalds	1700	
	Styrkurinn til þessara 6 skóla má þó ekki fara yfir ⅘ rekstrarkostnaðar.		
	Skólar þessir skulu senda ráðuneytinu skýrslu um starf sitt.		
g.	Til verklegs framhaldsnáms erlendis	6000	
			19900
XI.	Verzlunarskólar o. fl.:		
a.	Til kaupmannafélagsins og verzlunarmannafélagsins í Reykjavík, til að halda uppi skóla fyrir verzlunarmenn, undir umsjón landsstjórnarinnar, þó ekki yfir ¾ kostnaðar	5000	
b.	Til sambands samvinnufélaganna, til þess að halda uppi verzlunarskóla, undir yfirumsjón landsstjórnarinnar, þó ekki yfir ¾ kostnaðar	5000	
c.	Kostnaður við próf löggiltra endurskoðenda, sbr. lög nr. 9 1926	500	
			10500
XII.	Kvennaskólar:		
1.	Til kvennaskólans í Reykjavík:		
	a. Húsnæðisstyrkur 5000		
	b. Rekstrarstyrkur 18000		
	c. 40 kr. fyrir hverja námsmey, sem er allt skólaárið, allt að 4000		
	d. Námsstyrkur til sveitastúlkna 1000		
		28000	
2.	Til kvennaskólans á Blönduósi	11000	
			39000
	Skólar þessir standa undir yfirumsjón landsstjórnarinnar.		
XIII.	Almenn barnafræðsla:		
1.	Laun kennara í föstum skólum og dýrtíðaruppbót	550000	
2.	Laun farkennara og dýrtíðaruppbót	78000	
3.	Til farkennslu og eftirlits með heimafræðslu, með sömu skilyrðum sem verið hefir	7500	
4.	Styrkur til byggingar barnaskóla utan kaupstaða	30000	
5.	Til fyrrverandi barnakennara, eftir tillögum fræðslumálastjóra	2000	
6.	Ráðskonukaup við heimavistarbarnaskóla	5000	
	Flyt	672500	630129

			kr.	kr.
		Flutt	672500	630129
7.	Styrkur til tímaritsins „Menntamál“		1200	
8.	Til kennaranámskeiðs eða utanfara		2000	
				675700
XIV.	Unglinga- og alþýðuskólar:			
1.	Til alþýðuskólans á Eiðum:			
	a. Laun	9950		
	Þar af 700 kr. persónuleg launauppbót til núverandi skólastjóra.			
	b. Til hannyrða-, leikfimi- og smíðakennslu	3000		
	c. Önnur gjöld:			
	1. Til kennsluáhalda	800		
	2. Til eldiviðar og ljósa	2500		
	3. Ýmisleg gjöld	3500		
	4. Til viðhalds	2000		
	5. Til byggingar sundlaugar við skólann	12500		
		21300		
	d. Fyrning húsa (sjá 20. gr.)	800		
			35050	
2.	Til héraðsskóla samkv. l. nr. 32 1929:			
	a. Rekstrarstyrkur	100000		
	b. Stofnkostnaður	19000		
			119000	
3.	Til gagnfræðaskóla samkv. l. nr. 48 1930		50000	
4.	Til gagnfræðaskóla Reykvíkinga		2500	
5.	Til Reykjanesskóla í N.-Ísafjarðarsýslu, styrkur .		1000	
6.	Til unglingafræðslu utan kaupstaða, samkv. 20. gr. l. nr. 48 1930		15000	
	Þar af til skóla Sigurðar Greipssonar í Haukadal 1000 kr.			
7.	Til bókasafna við unglingaskóla		1600	
8.	Ritstyrkur fyrir kennslubækur handa skólum ..		1600	
9.	Til alþýðuskólans í Reykjavík		2000	
				227750
XV.	Húsmæðrafræðsla:			
1.	Til húsmæðrad. við alþýðuskóla Þingeyinga		5500	
2.	Til húsmæðrafræðslu á Hallormsstað		9500	
	Styrkir samkvæmt tölul. 1.—2. eru bundnir því skilyrði hvor um sig, að atvinnumálaráðherra samþykki reglugerðir skólanna.			
3.	Til kvenfél. Óskar í Ísafjarðarkaupstað, til húsmæðrafræðslu, gegn 1000 kr. annarsstaðar að ..		6000	
	Noti félagið ekki styrkinn, má greiða hann öðrum á Ísafirði eða í Ísafjarðarsýslu, að óbreyttum skilyrðum.			
4.	Til húsmæðrafræðslu í Vík í Mýrdal		800	
		Flyt	21800	1533579

		kr.	kr.
	Flutt	21800	1533579
5.	Til rafveitu á Hallormsstað	6500	
6.	Til Staðarfellsskóla, rekstrarstyrkur	3000	
			31300
XVI.	Til kennslu heyrnar- og málleysingja m. m.		42000
	Þar af fyrning húss kr. 550,00 (sjá 20. gr.)		
	Stjórnin annast um, að vandamenn nemendanna eða nemendurnir sjálfir greiði kostnað, ef efni þeirra leyfa, samkv. tilsk. 26. febr. 1872, 2. gr.		
XVII.	Til blindravinafélags Íslands		6500
	Þar af 3000 kr. til að annast kennslu blindra barna.		
XVIII.	Sundkennsla o. fl.:		
	1. Til sundkennslu í Reykjavík	300	
	Styrkur þessi er bundinn því skilyrði, að kennsla þessi fari fram að minnsta kosti 2 mánuði að vorinu og 1 mánuð að haustinu og að lærisveinar ríkisskólanna og skóla fyrir unglinga og fullorðna, sem styrktir eru af ríkisfé, njóti kennslunnar ókeypis.		
	2. Laun Ólafs Pálssonar og Jóns Pálssonar fyrir sundkennslu þá, sem getur í 1. lið, og til að kenna öðrum sundkennurum björgunarsund ..	3600	
	3. Til sundkennslu o. fl. annarsstaðar en í Rvík	2400	
	Styrkurinn veitist bæjarstjórnum og sýslunefndum með því skilyrði, að annarsstaðar að sé lagt til sundkennslunnar eigi minna en ríkissjóðsstyrknum nemur.		
	4. Til þess að gera nýjar, steinsteyptar sundlaugar og sundskýli, enda séu þær til afnota fyrir almenning og landsstjórnin samþykki uppdrátt og kostnaðaráætlun, helmingur kostnaðar, allt að	5000	
			11300
XIX.	Til sjóvinnunámskeiðs		2000
	Atvinnumálaráðherra ráðstafar styrknum, að fengnum tillögum Fiskifélags Íslands.		
XX.	Til Ríkarðs Jónssonar, til þess að halda uppi kennslu í teikningu og tréskurði í þjóðlegum stíl		1500
XXI.	Til Geirs Þormars tréskurðarmeistara á Akureyri, til að halda uppi kennslu á Norðurlandi í teikningu og tréskurði í þjóðlegum stíl		600
XXII.	Til Björns Jakobssonar á Laugarvatni, til íþróttakennslu og leikfimisprófs, samkv. l. nr. 24, 1932		2400
	Flyt	. . .	1631179

	kr.	kr.
Flutt	. . .	1631179
XXIII. Til íþróttasambands Íslands		5000
XXIV. Til skáksambands Íslands		1600
XXV. Til Laugarvatnsskóla, til áhaldakaupa		1000
XXVI. Til greiðslu vaxta og afborgunar af láni til stúdentagarðsins		28000
Samtals B.	. . .	1666779

15. gr.

Til vísinda, bókmennta og lista er veitt:

	kr.	kr.
1. Landsbókasafnið:		
a. Laun	20500	
b. Launabót til 2. bókavarðar	1000	
c. Til aðstoðar	4200	
d. Til þess að kaupa bækur og handrit og til bókbands	15000	
e. Til þess að semja spjaldskrá	800	
f. Til þess að semja og prenta skrá um handrit	2400	
g. Til ritaukaskrár	900	
h. Brunaábyrgðargjald fyrir safnið	360	
i. Húsaleiga	2000	
j. Ýmisleg gjöld	2300	
		49460
2. Þjóðskjalasafnið:		
a. Laun	4950	
b. Til bókbands, bóka- og handritakaupa, umbúnaðar skjala og aðstoðarmanns	5000	
c. Ýms gjöld	2000	
		11950
3. Þjóðminjasafnið og verndun fornminja:		
a. Laun þjóðminjavarðar (fornminjavarðar)	5500	
b. Til aðstoðar, eftir reikningi	2500	
c. Til þess að útvega forngripi	1200	
d. Til áhalda og aðgerða	1200	
e. Til rannsókna og ferðakostnaðar	800	
f. Til viðgerðar á Hólakirkju	1000	
Þjóðminjasafnið sé opið 6 stundir á viku, eftir nánari fyrirmælum stjórnarráðsins.		
		12200
Flyt	. . .	73610

	kr.	kr.
Flutt	. . .	73610
4. Náttúrufræðifélagið:		
a. Tillag	2000	
b. Til aðstoðarmanns	1400	
Styrkurinn veitist með því skilyrði, að safnið sé til sýnis almenningi, ekki sjaldnar en einu sinni á viku.		
		3400
5. Landsbókasafnshúsið:		
a. Til eldiviðar, ljósa og ræstingar	5500	
b. Til viðhalds og áhalda	5800	
c. Fyrning (sjá 20. gr.)	3639	
		14939
6. Til minningarbókasafns Matthíasar Jochumssonar á Akureyri, lokagreiðsla, gegn jafnmiklu framlagi frá Akureyrarbæ á sama tima		10000
7. Til kaupstaðarbókasafna, gegn eigi minna tillagi úr bæjarsjóði og sýslusjóði		1800
8. Aukastyrkur til átta bókasafna:		
a. Til amtsbókasafnsins á Akureyri, að því tilskildu, að Davíð skáld frá Fagraskógi hafi þar bókavörzlu með a. m. k. 2000 kr. launum auk verðstuðulsuppbótar	2500	
b. Til bókasafnsins á Ísafirði, að því tilskildu, að Guðmundur Gíslason Hagalín rithöfundur hafi þar bókavörzlu með a. m. k. 2000 kr. launum auk verðstuðulsuppbótar	2500	
c. Til amtsbókasafnsins á Seyðisfirði	1000	
d. Til bókasafns Hafnarfjarðar	1000	
c. Til bókasafns Neskaupstaðar	800	
f. Til iðnbókasafnsins í Reykjavík	1000	
g. Til bókasafns Siglufjarðar	1000	
h. Til bókasafns Vestmannaeyjakaupstaðar	1000	
		10800
9. Til Alþýðubókasafns Reykjavíkur		5000
10. Til lesstofu Byggingarfélags alþýðu		500
11. Til lesstofu Sjómannafélags Reykjavíkur		500
12. Til sýslubókasafna, gegn eigi minna tillagi frá sýslusj.		2500
13. Til kaupa á bókasafni Tryggva Þórhallssonar handa Reykholtsskóla. 3. greiðsla af 5		2000
14. Til hins íslenzka bókmenntafélags ..... enda haldi það áfram útgáfu hins íslenzka fornbréfasafns sem að undanförnu.		2800
15. Til Þjóðvinafélagsins		1400
16. Til Fornleifafélagsins		800
17. Til Sögufélagsins, til þess að gefa út alþingisbækur, landsyfirdóma o. fl.		2400
18. Til hins íslenzka fræðafélags, til að gefa út jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns		1000
19. Til Fornritaútgáfunnar		4000
Flyt	. . .	137449

		kr.	kr.
	Flutt ..	. . .	137449
20.	Til Björns K. Þórólfssonar, til þess að semja skrá um skjöl, er Ísland varða og geymd eru í skjalasöfnum í Kaupmannahöfn, enda fái Þjóðskjalasafnið eftirrit af skránni		1200
21.	Til leikfélags Reykjavíkur, gegn að minnsta kosti jafnmiklu framlagi úr bæjarsjóði Reykjavíkur ..... Styrkurinn er því skilyrði bundinn, að menntamálaráðið samþykki starfsskrá félagsins og að reikningar félagsins séu ávallt sendir fjárveitinganefnd Alþingis.		8000
22.	Til leikfélags Akureyrar, gegn að minnsta kosti jafnmiklu framlagi frá Akureyrarkaupstað		1000
23.	Til leikfélags Ísafjarðar, gegn að minnsta kosti jafnmiklu framlagi frá Ísafjarðarkaupstað		600
24.	Til Norræna félagsins		1500
25.	Til tónlistarskólans, gegn að minnsta kosti 2000 kr. framlagi frá bæjarsjóði Reykjavíkur		2500
26.	Til Páls Ísólfssonar, til þess að veita kirkjuorgelleikurum og barnakennurum utan Reykjavíkur og guðfræðinemum háskólans ókeypis kennslu í orgelleik, tóni, hljóðfræði og söngstjórn í kirkjum og barnaskólum ..		2000
27.	Til Sigurðar Skúlasonar, til þess að veita kennurum og kennaraefnum ókeypis kennslu í framsagnarlist		1500
28.	Til sambands íslenzkra karlakóra		4500
29.	Styrkur til skálda og listamanna, þó eigi minna en 500 kr. til hvers		5000
30.	Til Magnúsar Ásgeirssonar, til ljóðaþýðinga		2500
31.	Til Einars Ólafs Sveinssonar, til ritstarfa		1000
32.	Til Jóhannesar úr Kötlum		1000
33.	Til Guðmundar Finnbogasonar, til ritstarfa		1000
34.	Til Árna Pálssonar prófessors, til ritstarfa		1200
35.	Til Þorkels Jóhannessonar, til ritstarfa		1000
36.	Til Leifs Ásgeirssonar, til vísindastarfs		1000
37.	Til séra Jóns Thorarensens, til ritstarfa		500
38.	Til Tómasar Guðmundssonar skálds		1000
39.	Til Þorkels Þorkelssonar, til vísindastarfsemi		1000
40.	Til Helga Guðmundssonar kennara frá Austmannsdal, til þjóðsagnasöfnunar		500
41.	Til Þorsteins Bjarnasonar frá Háholti, til örnefnasöfnunar og ritstarfa		300
42.	Til Bjarna Sæmundssonar, til fiskirannsókna:		
	a. Föst laun	5000	
	b. Til ferða og annara útgjalda við rannsóknirnar ..	1000	
			6000
43.	Til Guðbrands Jónssonar, til þess að semja miðaldamenningarsögu		1500
44.	Til jöklamælinga		600
45.	Til listasafnshúss Einars Jónssonar ..... Þar af fyrning 711 kr. (sjá 20. gr.).		3711
	Flyt	. . .	189060

		kr.	kr.
	Flutt	. . .	189060
46. a.	Til Einars Jónssonar myndhöggvara ..... enda hafi hann forstöðu og umsjón listasafns síns, er sé almenningi til sýnis endurgjaldslaust 4 stundir á viku.	5000	
b.	Til sama, til aðstoðar	1000	
			6000
47.	Til Búnaðarbanka Íslands, fimmta greiðsla vaxta og afborgana af viðlagasjóðslánum málaranna Ásgríms Jónssonar og Jóns Stefánssonar, með þeim skilyrðum, er segir í 57. lið 16. gr. fjárlaga 1934		3300
48.	Kostnaður við friðun Þingvalla, sbr. lög nr. 59 1928 ..		5000
	Samtals	. . .	203360

16. gr.

Til verklegra fyrirtækja er veitt:

		kr.	kr.
1.	Til atvinnubóta í kaupstöðum og kauptúnum ..... gegn tvöföldu framlagi frá bæjar- og sveitarfélögum, enda sé ríkisstjórn heimilt að krefjast þess, að unnið sé að ⅓ við framkvæmdir fyrir ríkissjóð og þar af fyrir 100000 krónur að stofnun nýbýla. Ennfremur sé það skilyrði fyrir framlagi, að hlutaðeigandi bæjar- eða sveitarfélag verji eðlilegri fjárhæð, að dómi ríkisstjórnarinnar, til verklegra framkvæmda auk atvinnubótafjárins. Ríkisstjórninni er heimilt að verja 20 þús. krónum af þessari upphæð til atvinnubóta fyrir konur, sem hafa fyrir heimili að sjá, enda leggi bæjar- og sveitarfélög jafnmikið fram á móti.		500000
2.	Til Búnaðarfélags Íslands, enda samþykki landbúnaðarráðherra fjárhagsáætlun félagsins		180000
3.	Til nýbýla og samvinnubyggða		180000
4.	Til sandgræðslu		27000
5.	Gjöld samkvæmt jarðræktarlögunum:		
a.	Jarðabótastyrkur	620000	
b.	Til verkfærakaupasjóðs	80000	
			700000
6.	Til búfjárræktar samkv. l. nr. 32 1931		56000
7.	Tillag til búnaðarbanka Íslands:		
a.	Til byggingar- og landnámssjóðs	200000	
b.	Til sama af tekjum tóbakseinkasölu	50000	
			250000
8.	Til jarðakaupasjóðs (afgjöld þjóðjarða)		20000
9.	Tillag til kreppulánasjóðs		250000
	Flyt	. . .	2163000

	kr.	kr.
Flutt	. . .	2163000
10. Tillag til byggingarsjóða kaupstaða og kauptúna:		
a. Samkv. lögum um verkamannabústaði, nr. 71 1931	100000	
b. Af tekjum tóbakseinkasölu	30000	
		130000
11. Vegna ráðstafana um tilbúinn áburð, allt að		14000
12. Til garðyrkjufélags Íslands		400
13. Til kartöfluverðlauna		10000
14. Til fóðurtryggingarsjóða		15000
15. Til skógræktar:		
a. Laun	10300	
Þar af 600 kr. húsaleiguuppbót til Einars Sæmundsens.		
b. Til skóggræðslu	21200	
c. Til endurbóta á íbúðarhúsinu á Vöglum og viðbótar, síðari greiðsla af tveimur	2000	
d. Til skógræktarfélags Íslands	2000	
Ógreiddur kostnaður af Þingvallagirðingu greiðist úr kirkjujarðasjóði.		
e. Til skógræktarfélags Eyfirðinga	1000	
		36500
16. Tillag til mannvirkja á Flóaáveitusvæðinu, samkv. l. nr. 68 1918 og l. nr. 10 1926		4000
17. Til dýralækna:		
a. Laun handa 5 dýralæknum	19000	
b. Til Hólmgeirs Jenssonar, til dýralækninga	700	
c. Til Guðmundar Andréssonar, til að stunda dýralækningar í Skagafirði og Austur-Húnavatnssýslu, gegn jafnmiklu framlagi annarsstaðar að	700	
d. Til Halldórs Jónssonar, til að stunda dýralækningar, gegn jafnmiklu framlagi frá Svarfaðardalshreppi ..	300	
e. Til Eggerts Magnússonar, til að stunda dýralækningar við Gilsfjörð, gegn jafnmiklu framlagi annarsstaðar að	200	
f. Til Ásgeirs Guðmundssonar í Æðey, til þess að stunda dýralækningar við Ísafjarðardjúp, gegn jafnháu framlagi annarsstaðar að	400	
g. Til Braga Steingrímssonar, til að stunda dýralækningar í Reykjavík og nágrenni, eftir fyrirmælum ráðherra	1200	
h. Til Guðmundar Gíslasonar lækniskandidats, til dýralæknanáms	2000	
i. Kostnaður við rannsókn á orma- og riðuveiki í sauðfé	12000	
		36500
18. Til búreikningaskrifstofu		3000
19. Til kláðalækninga (útrýmingarböðun)		24000
20. Til atvinnudeildar við háskólann (rekstrarhalli)		40000
Flyt	. . .	2476400

	kr.	kr.
Flutt	. . .	2476400
21. Til veðurstofu Íslands:		
a. Laun forstöðumanns og fulltrúa	13900	
b. Til aðstoðar	20000	
c. Til veðurathugana utan Reykjavíkur, áhalda o. fl.	13500	
d. Til veðurskeyta o. fl.	13500	
e. Til loftskeytatækja	1000	
f. Húsaleiga, ljós, hiti og ræsting	4000	
g. Eftirlit með veðurathugunarstöðvum o. fl.	500	
		66400
22. Gjöld vegna laga nr. 83 1932, um raforkuvirki		5000
23. Gjöld vegna laga um eftirlit með verksm. og vélum ..		600
24. Til landmælinga		40000
25. Til Fiskifélagsins, enda samþykki atvinnumálaráðuneytið fjárhagsáætlun fiskiþingsins og félagið sjái um á sinn kostnað útgáfu fiskimanna-almanaks		72000
26. Kostnaður vegna laga nr. 61 1932, um lax- og silungsveiði		4000
27. Til þess að annast birtingu útvarpaðra veðurfregna í verstöðvum landsins		5000
28. Laun yfirmatsmanna o. fl.:		
a. 5 fiskiyfirmatsmanna	22600	
b. Laun 4 ullarmatsmanna	2500	
c. — 4 kjötmatsmanna	2250	
d. — lýsismatsmanns, samkv. l. nr. 42 1933	2400	
e. Ferakostnaður yfirmatsmanna	12000	
		41750
29. Til eftirlits með skipum og bátum og öryggi þeirra:		
a. Laun skipaskoðunarstjóra, enda hafi hann eftirlit með skipum ríkisins án sérstaks endurgjalds	6000	
b. Til skrifstofukostnaðar	9000	
c. Ferðakostnaður, allt að	3000	
		18000
30. Til fiskifulltrúa í Miðjarðarhafslöndunum, gegn tvöföldu fjárframlagi annarsstaðar að		10000
31. Kostnaður vegna laga um fiskimatsstjóra		12000
32. Kostnaður vegna sérstakra ráðstafana um inn- og útflutning, gegn jöfnu fjárframlagi annarsstaðar að		40000
33. Til Iðnsambands Íslands		1200
34. Til sambands íslenzkra heimilisiðnaðarfélaga		4000
35. Til Guðmundar Jónssonar frá Mosdal, til þess að halda uppi kennslu og námskeiðum í tréskurði og heimilisiðnaði		900
36. Til Halldóru Bjarnadóttur, til þess a vinna að eflingu heimilisiðnaðar		1500
37. Til Arndísar Þorsteinsdóttur garðyrkjukonu		300
38. Til Guðrúnar Finnsdóttur		300
39. Til kvenfélags Hvammshrepps í Vík í Mýrdal, til þess að halda uppi kennslu í handavinnu kvenna		500
Flyt	. . .	2799850

		kr.	kr.
	Flutt	. . .	2799850
40.	Til kvenfélagasambands Íslands		1000
41.	Til sambands norðlenzkra kvenna		400
42.	Til sambands austfirzkra kvenna		400
43.	Til sambands sunnlenzkra kvenna		400
44.	Til sambands vestfirzkra kvenna		400
45.	Til kvenfélagasambands Mýra- og Borgarfjarðarsýslu		400
46.	Til sambands breiðfirzkra kvenna		400
47.	Til sambands sunnlenzkra kvenna, styrkur til að halda uppi námskeiðum fyrir húsmæður og húsmæðraefni ..		2500
48.	Til kvenréttindafélags Íslands		400
49.	Til landssambands bænda		500
50.	Til vinnumiðlunar		15000
51.	Til mæðrastyrksnefndar		2000
52.	Til vörumerkjaskrásetjara		1600
53.	Handa ungmennafélagi Íslands, til eflingar íþróttum, skóggræðslu og bindindi ..... Félagið gefi landsstjórninni skýrslu um, hvernig fénu er varið.		4000
54.	Til ungmennafélaga, til þess að koma upp gufubaðstofum, þó ekki yfir 400 kr. í stað, allt að		1200
55.	Til bandalags skáta		400
56.	Til dýraverndunarfélags Íslands, til dýraverndunarstarfsemi		1000
57.	Til Loðdýraræktarfélags Íslands		2000
58.	Til fiskræktarfélagsins Blöndu, ⅓ rekstrarkostnaðar, allt að		500
59.	Til fiskræktarfélags Fljótsdalshéraðs, ⅓ rekstrarkostnaðar, allt að		1000
60.	Til ófriðunar sels í Ölfusá, allt að ..... gegn að minnsta kosti jafnmiklu tilagi annarsstaðar að.		1000
61.	Húsameistari ríkisins:		
	a. Laun (þar af persónuleg launaviðbót 2400)	8400	
	b. Skrifstofukostnaður 18000		
	Þar frá dregst: Tekjur af teikningum, sem húsameistari lætur gera, 25% af venjulegum taxta húsameistara 10000		
		8000	
			16400
62.	Gjöld vegna laga um skipulag bæja og sjávarþorpa, gegn jafnmiklu framlagi annarsstaðar að		5000
63.	Til skuldaskilasjóðs útvegsmanna		160000
64.	Til mjólkurbúa		77000
65.	Til greiðslu vaxta af fasteignaveðslánum bænda		80000
66.	Til iðnlánasjóðs		25000
67.	Til frystihúsa		20000
68.	Kostnaður við eftirlit með opinberum sjóðum		1200
	Flyt	. . .	3220950

		kr.	kr.
	Flutt	. . .	3220950
69.	Ferðaskrifstofa ríkisins:		
	Gjöld 50000		
	Tekjur 50000		
		. . .	
	Samtals	. . .	3220950

17. gr.

Til almennrar styrktarstarfsemi er veitt:

		kr.	kr.
1.	Styrkur til berklasjúklinga		675000
	Af þessum lið má greiða laun læknis, sem heilbrigðisstjórnin ræður til þess að hafa yfirumsjón með öllum berklavörnum á landinu.		
2.	Styrkur til sjúklinga samkv. bráðabirgðaákvæði í lögum nr. 78 frá 1936		300000
3.	Gjöld samkv. l. nr. 68 1932, um br. á fátækralögunum		250000
4.	Gjöld samkv. l. nr. 39 frá 1935 um afstöðu foreldra til óskilgetinna barna		5000
5.	Til alþýðutrygginga		545000
6.	Til styrktarsjóðs verkamanna- og sjómannafélaganna í Reykjavík		4000
5.	Til verkakvennafélagsins Framtíðin í Hafnarfirði, til að halda uppi dagheimili fyrir börn		2000
6.	Til barnavinafélagsins „Sumargjöfin“ í Reykjavík, til dagheimila		3000
7.	Til barnaverndar, eftir ákvörðun ráðherra		2000
8.	Til sjúkra- og styrktarsjóðs vitavarða		400
9.	Til slysavarna		8000
	enda sé stjórnarráðinu send skýrsla um starfsemina.		
10.	Til þess að hjálpa nauðstöddum Íslendingum erlendis		1000
11.	Til stórstúku Íslands, til bindindisstarfsemi		15000
	Þar af til bindindisfélaga í skólum landsins 2500 kr.		
12.	Til áfengismálaráðunautar		3000
13.	Til stórstúku Íslands:		
	Styrkur til húsbyggingar, fjórða greiðsla af tíu		15000
14.	Til sjúkrasjóðs Fellshrepps		300
15.	Til sjúkrasjóðs Hofshrepps		300
16.	Til sjúkrasjóðs Súgfirðinga		300
17.	Til sjúkrasjóðs verklýðsfélags Akureyrar		300
18.	Til styrktarsjóðs verklýðsfél. í Flatey á Breiðafirði ..		200
19.	Til sjúkrasjóðs kvenfélagsins á Hellusandi		300
20.	Til styrktarsjóðs verklýðsfélagsins á Patreksfirði		200
	Flyt	. . .	1830300

	kr.	kr.
Flutt	. . .	1830300
21. Til sjúkrasjóðs verkamannafélagsins á Þingeyri		300
22. Til sjúkra- og styrktarsjóðsins Líkn í Ögurhreppi		150
23. Til sjúkra- og styrktarsjóðsins Hjálp í viðlögum í Reykjarfjarðarhreppi		150
24. Til sjúkrasjóðs hjúkrunarfélags Ólafsvíkur		300
25. Til ekknasjóðs Vestmannaeyja		800
Fjárveitingarnar undir 14.—25. tölul. eru bundnar því skilyrði, að jafnmikið fé að minnsta kosti komi annarsstaðar að, og að stjórnarráðinu sé send skýrsla um starfsemina.		
26. Til gamalmennahælis á Ísafirði		1000
27. Til gamalmennahælis á Seyðisfirði		1000
Samtals	. . .	1834000

18. gr.

Til eftirlauna og styrktarfjár er veitt:

		kr.	kr.
I. Samkvæmt eftirlaunalögum:			
a. Embættismenn		68637,11	
b. Embættismannaekkjur og börn		16614,96	
c. Prestsekkjur		6918,57	
d. Lífeyrir samkvæmt lögum nr. 49 1923		2500,00	
e. — — — nr. 51 1921		5160,00	
			99830,64
II. Styrktarfé og eftirlaun, auk lögboðinna eftirlauna:			
a. Embættismenn:			
1. Björgvin Vigfússon, fyrrv. sýslumaður	1000,00		
2. Einar Þorkelsson, fyrrv. skrifstofustj. Alþingis	1000,00		
3. Guðm. Sveinbjörnsson, fyrrv. skrifst.stj.	3403,19		
4. Magnús Torfason, fyrrv. sýslumaður ..	1826,67		
5. Sigurður Magnússon læknir	600,00		
6. Sigurður Sívertsen, fyrrv. prófessor ...	3356,50		
7. Sigurður Thoroddsen, fyrrv. yfirkennari	2000,00		
8. Skúli Árnason, fyrrv. héraðslæknir	535,00		
9. Þorvaldur Pálsson læknir	300,00		
	— —	14021,36	
Flyt		14021,36	99830,64

		kr.	kr.
	Flutt	14021,36	99830,64
b.	Embættismannaekkjur og börn:		
1.	Aðalbjörg Sigurðardóttir	1200,00	
2.	Anna Gunnlaugsson	900,00	
3.	Anna Jónsson, ekkja Kl. Jónssonar ...	450,00	
4.	Anna Þorgrímsdóttir, læknisekkja 600 kr., auk 100 kr. með hverju barni hennar í ómegð	1000,00	
5.	Ásta Einarsson	600,00	
6.	Ásta Hallgrímsson	600,00	
7.	Christophine Bjarnhéðinsson	1200.00	
8.	Dómhildur Jóhannesdóttir	1200,00	
9.	Erica Gíslason	1000,00	
10.	Guðlaug Magnúsdóttir	2000.00	
11.	Harriet Jónsson	450.00	
12.	Hrefna Einarsdóttir	600.00	
13.	Ingileif Snæbjarnardóttir Aðils	400,00	
14.	Jenny Forberg	600,00	
15.	Kristbjörg Marteinsdóttir	1200,00	
16.	Kristín Vídalín Jacobson	600,00	
17.	Kristín Þórarinsdóttir læknisekkja	400,00	
18.	Magnea Ásgeirsson	200,00	
19.	Margrét Árnadóttir	450,00	
20.	Margrét Lárusdóttir læknisekkja	400,00	
21.	Margrét Þórðardóttir læknisekkja, 600 kr., auk 100 kr. með hverju barni í ómegð	1200,00	
22.	Martha Þorvaldsson læknisekkja	340,00	
23.	Oliva Guðmundsson	175,00	
24.	Ragna Gunnarsdóttir læknisekkja	600,00	
25.	Rannveig Tómasdóttir	600,00	
26.	Sigríður Blöndal	300,00	
27.	Sigríður Finnbogadóttir	800,00	
28.	Sigríður Fjeldsted	450,00	
29.	Sigríður Hjaltadóttir Jensson	400,00	
30.	Sigríður Jónsdóttir læknisekkja	400,00	
31.	Sigrún Bjarnason	600,00	
32.	Súsanna Friðriksdóttir Erlendsson	500,00	
33.	Theodóra Thoroddsen	800,00	
34.	Þrúður Ingibj. Jónsdóttir	300,00	
35.	Þuríður Kvaran	450,00	
			23365,00
c.	Uppgjafaprestar:		
1.	Árni Þórarinsson prófastur	280,00	
2.	Arnór Árnason	310,00	
3.	Bjarni Einarsson prófastur	780,00	
4.	Bjarni Þorsteinsson	295.00	
5.	Einar Pálsson	430,00	
6.	Einar Thorlacius	355,00	
7.	Gísli Einarsson	295,00	
	Flyt	2745,00	37386,36 99830,64

		kr.	kr.
Flutt	2745,00	37386,36	99830,64
8. Guttormur Vigfússon	600,00		
9. Hálfdán Guðjónsson vígslubiskup	800,00		
10. Hallgrímur Thorlacius	295,00		
11. Helgi P. Hjálmarsson	475,00		
12. Ingvar Nikulásson	385,00		
13. Jakob Lárusson	3019,40		
14. Jón Árnason	445,00		
15. Jón Finnsson	385,00		
16. Kristinn Daníelsson	520,00		
17. Magnús Bjarnason próf.	355,00		
18. Pálmi Þóroddsson	265,00		
19. Þórður Ólafsson	370,00		
20. Þorvaldur Jakobsson	1275,00		
21. Þorvarður Þervarðsson próf.	475,00		
		12409,40	
d. Prestsekkjur:			
1. Anna Stefánsdóttir	200,00		
2. Arndís Pétursdóttir	137,90		
3. Ástríður Petersen	200,00		
4. Auður Gísladóttir	300,00		
5. Bergljót Blöndal	200,00		
6. Björg Einarsdóttir frá Dvergasteini ...	200,00		
7. Björg Einarsdóttir frá Undirfelli	500,00		
8. Björg Jónsdóttir frá Vallanesi	300,00		
9. Guðbjörg Guðmundsdóttir	400,00		
10. Guðbjörg Hermannsdóttir	181,70		
11. Guðfinna Jensdóttir	300,00		
12. Guðný Þorsteinsdóttir	173,56		
13. Guðríður Helgadóttir	282,00		
14. Guðríður Ólafsdóttir	164,26		
15. Guðrún J. Jóhannesdóttir	500,00		
16. Guðrún S. Jónsdóttir	250,00		
17. Guðrún Pétursdóttir	300,00		
18. Guðrún Sigurðardóttir	181,07		
19. Guðrún M. Sveinsdóttir	300,00		
20. Guðrún Torfadóttir	300,00		
21. Helga Skúladóttir	227,06		
22. Hlíf Bogadóttir	300,00		
23. Ingibjörg Magnúsdóttir	157,90		
24. Jakobína Sigurgeirsdóttir	157,44		
25. Jóhanna Magnúsdóttir prófastsekkja ..	300,00		
26. Kirstín Pétursdóttir	300,00		
27. Kristín Jónsdóttir prófastsekkja frá Brjánslæk	300,00		
28. Líney Sigurjónsdóttir	500,00		
29. Margrét Jónasdóttir	300,00		
30. Margrét Sigurðardóttir prófastsekkja ..	500,00		
31. Sigríður Halldórsdóttir Jónsson	300,00		
Flyt	8712,89	49795,76	99830,64

		kr.	kr.
Flutt	8712,89	49795,76	99830,64
32. Sigríður Helgadóttir	300,00		
33. Sigríður Jóhannesdóttir	300,00		
34. Sigríður Jónasdóttir frá Melstað	146,71		
35. Sigríður Þórðardóttir	144,00		
36. Sigurlaug Knudsen	300,00		
37. Sigrún Kjartansdóttir	300,00		
38. Steinunn Eiríksdóttir Stephensen	200,00		
39. Steinunn Pétursdóttir	300,00		
40. Valgerður Kr. Guðmundsdóttir	135,37		
41. Vilborg Jónsdóttir	300,00		
42. Þóra Jónsdóttir	217,28		
43. Þórunn Bjarnadóttir	155,56		
		11511,81	
e. Kennarar, kennaraekkjur og börn:			
1. Aðalbjörg Steinsdóttir	500,00		
2. Anna Asmundsdóttir	300,00		
3. Ásdís Þorgrímsdóttir 300 kr., auk 100 kr. með einu barni hennar í ómegð	400,00		
4. Ásta Magnúsdóttir kennaraekkja	200,00		
5. Baldvin B. Bárðdal	300,00		
6. Catinca Sigfússon	600,00		
7. Einar Hávarðsson	150,00		
8. Elín Briem Jónsson	600,00		
9. Elísabet Jónsdóttir	300,00		
10. Guðlaug Zakaríasdóttir	360,00		
11. Guðmundur Björnsson	300,00		
12. Helga Finnsdóttir	1200,00		
13. Hólmfríður Gísladóttir kennslukona ..	500,00		
14. Ingivaldur Nikulásson kennari	300,00		
15. Jóhann P. Pétursson kennari	200,00		
16. Jón Strandfeld	150,00		
17. Jósef Björnsson fyrrv. skólastjóri	1577,14		
18. Lárus Rist kennari	600,00		
19. Ragnheiður Guðjónsdóttir	300,00		
20. Ragnheiður Torfadóttir	400,00		
21. Sigurjón Rögnvaldsson	200,00		
22. Steinunn Frímannsdóttir	450,00		
23. Viktoría Bjarnadóttir	150,00		
24. Ögmundur Sigurðsson, fyrrv. skólastjóri	3000,00		
		13037,14	
f. Póstmenn, póstar og ekkjur þeirra:			
1. Álfheiður Blöndal, ekkja Kristjáns Blöndal póstafgreiðslumanns	300,00		
2. Anína Arinbjarnardóttir	200,00		
3. Baldur Eyjólfsson póstur	300,00		
4. Björn Jónsson póstur	300,00		
5. Böðvar Jónsson póstur	400,00		
6. Edvald Eyjólfsson póstur	500,00		
Flyt	2000,00	74344,71	99830,64

		kr.	kr.
Flutt	2000,00	74344,71	99830,64
7. Elíeser Eiríksson	200,00		
8. Friðrik Jónsson póstur	450,00		
9. Guðbjörg Ólafsdóttir, ekkja G. Kristjánssonar pósts	300,00		
10. Guðjón Kjartansson póstur	250,00		
11. Guðm. Kristjánsson póstur	300,00		
12. Guðmundur Ólafsson póstur	300,00		
13. Halla Árnadóttir póstsekkja	300,00		
14. Halldór Benediktsson póstur	200,00		
15. Hedvig Blöndal, ekkja Óla Blöndals póstritara 300 kr., auk 100 kr. með hverju barni í ómegð	500,00		
16. Jóhanna Þ. Jónsdóttir póstsekkja	200,00		
17. Jóhanna Thorlacius póstmannsekkja ..	300,00		
18. Jóhannes Þórðarson	500,00		
19. Jón Jónsson póstur í Galtarholti	300,00		
20. Kjartan Þorkelsson, fyrrum póstafgrm. og matsmaður	300,00		
21. Kristján Jónsson póstur	200,00		
22. Loftur Ólafsson póstur	600,00		
23. María Jónsdóttir, ekkja Fr. Klem.	300,00		
24. Ólöf Gunnarsdóttir, ekkja Árna Sigbjörnssonar pósts	200,00		
25. Ragnheiður Bjarnadóttir, ekkja Þorleifs Jónssonar	1000,00		
26. Reynald Kristjánsson póstur	200,00		
27. Sigríður Guðmundsdóttir póstsekkja ..	300,00		
28. Stefán Stefánsson, Eskifirði	600,00		
29. Torfi Sæmundsson póstur	200,00		
30. Tryggvi Hallgrímsson póstur	200,00		
31. Vigdís Steingrímsdóttir	300,00		
32. Þóra Matthíasdóttir Skaptason	300,00		
33. Þóroddur Bjarnason póstur	600,00		
34. Þórunn Sigurðardóttir	200,00		
35. Elinborg Vigfúsdóttir, ekkja Einars Runólfssonar póstafgreiðslumanns	200,00		
		11800,00	
g. Ritliöfundar og listamenn:			
1. Ásmundur Sveinsson	3000,00		
2. Bjarni Þorsteinsson tónskáld	800,00		
3. Bríet Bjarnhéðinsdóttir	1000,00		
4. Davíð Stefánsson frá Fagraskógi	1500,00		
5. Einar Benediktsson	5000,00		
6. Einar Hjörleifsson Kvaran	5000,00		
7. Guðmundur Davíðsson, Hraunum	500,00		
8. Guðmundur Friðjónsson á Sandi	1800,00		
9. Guðmundur G. Hagalín	1500,00		
10. Guðmundur Kamban	1800,00		
Flyt	21900,00	86144,71	99830,64

		kr.	kr.
Flutt	21900,00	86144,71	99830,64
11. Halldór Kiljan Laxness	5000,00		
12. Helgi Péturss	5000,00		
13. Herdís Andrésdóttir	500,00		
14. Indriði Einarsson	5000,00		
15. Indriði Þorkelsson á Fjalli	500,00		
16. Jakob Thorarensen	1200,00		
17. Jón Stefánsson málari	3000,00		
18. Jón Þorsteinsson, Arnarvatni	500,00		
19. Kristín Sigfúsdóttir skáldkona	1000,00		
20. Kristleifur Þorsteinsson Kroppi	500,00		
21. Kristmann Guðmundsson	1800,00		
22. Magnús Stefánsson	1000,00		
23. Oddur Oddsson	500,00		
24. Ólafur Friðriksson	1800,00		
25. Sigurður Nordal	2000,00		
26. Sigurður Sigurðsson frá Arnarholti ..	1000,00		
27. Sigurjón Friðjónsson	1000,00		
28. Theodór Friðriksson	1500,00		
29. Unnur Benediktsdóttir Bjarklind	1000,00		
30. Þórarinn Jónsson tónskáld	1800,00		
31. Þorbergur Þórðarson	2500,00		
32. Þorsteinn Gíslason	2000,00		
		62000,00	
h. Ekkjur og börn skálda og listamanna:			
1. Arnbjörg Einarsdóttir	300,00		
2. Eleanor Sveinbjörnsson	1200,00		
3. Guðrún Jónsdóttir Erlingsson	300,00		
4. Guðrún Sigurðardóttir	300,00		
5. Jakobína Pétursdóttir	200,00		
6. Kristín Jakobsdóttir frá Hofi	800,00		
7. Ólína Þorsteinsdóttir	300,00		
8. Sigríður Jónsdóttir frá Hvítadal	500,00		
		3900,00	
i. Ýmsir starfsmenn og ekkjur:			
1. Ágústa Þ. Ólafsdóttir	300,00		
2. Anna Bjarnadóttir, ekkja Hj. Láruss. ..	300,00		
3. Anna Eiríksdóttir ljósmóðir	200,00		
4. Anna Sigurðardóttir, Fjöllum	300,00		
5. Anna Þorsteinsdóttir ljósm.	400,00		
6. Áslaug Bjarnadóttir ljósm.	300,00		
7. Ástríður Jónsdóttir ljósm.	200,00		
8. Arndís Sigurðardóttir	300,00		
9. Árni Guðmundsson, fv. fiskimatsm. ...	200,00		
10. Benedikt Gröndal, fv. bæjarfóg.skr. ...	800,00		
11. Björg Guðmundsdóttir	400,00		
12. Einar Markússon, fv. ríkisbókari	2000,00		
13. Friðfinnur Guðjónsson leikari	800,00		
14. Gestur Guðmundsson, fv. vitav.	400,00		
Flyt	6900,00	152044,71	99830,64

			kr.	kr.
	Flutt	6900,00	152044,71	99830,64
15.	Gróa Jónsdóttir ljósm.	200,00		
16.	Guðbjörg Þorleifsdóttir, Múlakoti	400,00		
17.	Guðjón Guðlaugsson	1200,00		
18.	Guðlaug Jónsdóttir, ekkja Jóns Stef. ..	200,00		
19.	Guðlaugur Hansson lýsismatsm.	200,00		
20.	Guðleif Erlendsdóttir, fv. hjúkrunark. ..	300,80		
21.	Guðmundur Þorfinnsson, fv. ferjum. ..	300,00		
22.	Guðríður Guðmundsdóttir ljósm.	200,00		
33.	Guðrún Cýrusdóttir ljósm.	200.00		
24.	Guðrún Egilson 2000 kr., auk 100 kr. með hverju barni hennar í ómegð	2200,00		
25.	Guðrún Einarsdóttir ljósm.	200,00		
26.	Guðrún Guðmundsdóttir ljósm.	300,00		
27.	Guðrún Jóhannesdóttir ljósm.	300,00		
28.	Guðrún Magnúsdóttir ljósm.	200,00		
29.	Guðrún J. Norðfjörð ljósm.	200,00		
30.	Halldór Brynjólfsson blindi	350,00		
31.	Halldór Þórðarson, fv. dyrav. Alþ.	300,00		
32.	Halldóra Metúsalemsdóttir ljósm.	300,00		
33.	Halldóra Pétursdóttir Briem	600,00		
34.	Halldóra Þórðardóttir	600,00		
35.	Helga Þórðardóttir ljósm.	600,00		
36.	Helgi Árnason, fv. safnhúsvörður	600,00		
37.	Henriette Kjær, fv. yfirhjúkrunarkona .	600,00		
38.	Hólmfríður Björnsd., ekkja G. Hjaltas.	300,00		
39.	Hólmfríður Friðfinnsdóttir ljósm.	200,00		
40.	Ingibjörg Jósefsdóttir ljósm.	200,00		
41.	Jensína Pálsdóttir ljósm.	200,00		
42.	Jóhannes Ragúels, Akureyri	600,00		
43.	Jóhannes Jörundsson, Hrísey	300,00		
44.	Jón Runólfsson, fv. sýsluskrifari	600,00		
45.	Jón Sigurðsson fiskimatsm.	200,00		
46.	Jónatan Jónsson, fv. vitav.	400,00		
47.	Jónína Marteinsdóttir	300,00		
48.	Jórunn Guðmundsdóttir ljósm.	300,00		
49.	Klásína Eiríksdóttir ljósm.	200,00		
50.	Kristín Guðmundsdóttir, ekkja E. Helgas.	600,00		
51.	Kristín Pálsdóttir ljósm.	300,00		
52.	Kristín Pálsdóttir vitavarðarekkja	300,00		
53.	Kristín Sigurðardóttir júbilljósm.	500,00		
54.	Kristinn Jónsson vegaverkstjóri	300,00		
55.	Kristjana Benediktsdóttir	400,00		
56.	Kristólína Kragh	300,00		
57.	Kofoed-Hansen, fv. skógræktarstjóri ..	1546,80		
58.	Lúsía Þorsteinsdóttir jubilljósm.	200,00		
59.	Margrét Grímsdóttir ljósm.	200,00		
60.	Margrét Jónsdóttir ljósm.	200,00		
61.	Margrét Jónsdóttir vitavarðarekkja ...	300,00		
	Flyt	25996,80	152044,71	99830,64

		kr.	kr.
Flutt	25996,80	152044,71	99830,64
62. Margrét Vigfúsdóttir vitavarðarekkja ..	300,00		
63. Marta Þórarinsdóttir símam.ekkja	500,00		
64. Matthildur Þorkelsdóttir júbilljósm. ..	500,00		
65. Nikólína Björnsdóttir ljósm.	300,00		
66. Ólafur Guðmundsson, fv. ferjum.	400,00		
67. Ólafur Ísleifsson, Þjórsártúni	600,00		
68. Ólína Sigurðardóttir ljósm.	200,00		
69. Páll Erlingsson sundkennari	1200,00		
70. Pálína Björnsdóttir ljósm.	200,00		
71. Petrea Jónsdóttir	300,00		
72. Ragnheiður Erlendsdóttir	300,00		
73. Sigríður Gísladóttir 300 kr., auk 100 kr. með hverju barni hennar til 16 ára ald.	1200,00		
74. Sigríður Magnúsdóttir hjúkrunarkona .	500,00		
75. Sigríður Narfadóttir ljósm.	300,00		
76. Sigríður Pálsdóttir, ekkja G. Indriðas.	400,00		
77. Sigríður Sveinsdóttir, ekkja Jakobs Björnssonar síldarmatsmanns	300,00		
78. Sigurður Pétursson, fyrrv. fangav.	1000,00		
79. Snæbjörn Kristjánsson, Hergilsey	200,00		
80. Steinunn Sigurðardóttir, ekkja M. Vigfússonar	600,00		
81. Susie Briem, ekkja Halld. Briem	800,00		
82. Tómas Gunnarsson fiskimatsm.	200,00		
83. Valgerður Steinsen fv. spítalaráðsk	500,00		
84. Vigdís Bergsteinsdóttir spítalaráðsk. ..	300,00		
85. Vigfús Sigurðsson fyrrv. vitav.	300,00		
86. Vilborg Sigurðardóttir ljósm.	200,00		
87. Þórunn Gísladóttir ljósm.	500,00		
		38096,80	
Á styrkveitingar í II. a.—i. greiðist dýrtíðaruppbót eftir sömu reglum og á laun embættismanna.			
j. Lífeyrir hjónanna á Staðarfelli		3000,00	
k. Eftirlaun Sig. Sigurðssonar búnaðarmálastjóra		4500,00	
			197641,51
III. Dýrtíðaruppbót			56184,85
Samtals		. . .	353657,00

19. gr.

Til óvissra útgjalda eru veittar 100000 kr.

III. KAFLI

Eignahreyfingar.

20. gr.

		kr.	kr.
	Inn.		
I.	Fyrningar:		
1.	Samkvæmt 3. gr. A.	102640	
2.	— 3. — B.	3640	
3.	— 9. —	2170	
4.	— 10. —	2046	
5.	— 11. —.	7070	
6.	— 12. —	60721	
7.	— 13. —	130552	
8.	— 14. —	13644	
9.	— 15. —	4350	
			326833
II.	Væntanlega útdregið af bankavaxtabréfum og veðdeildarbréfum		50000
III.	Endurgreiddar fyrirframgreiðslur		10000
IV.	Endurgreidd lán og andvirði seldra eigna		50000
	Samtals	. . .	436833
	Út.		
I.	Afborganir lána ríkissjóðs og ríkisstofnana:		
1.	Ríkissjóðslán:		
a.	Innlend lán 391150		
b.	Dönsk lán 329622		
c.	Ensk lán 476228		
		1197000	
2.	Lán ríkisstofnana:		
	Landssíminn (sjá 3. gr. A. 2.)	210000	
			1407000
II.	Til eignaaukningar ríkisstofnana:		
1.	Landssíminn (ný símakerfi o. fl.)	110000	
2.	Ríkisprentsmiðjan	15000	
3.	Landssmiðjan	18000	
			143000
III.	Til byggingar nýrra vita		65000
IV.	Til lögboðinna fyrirframgreiðslna		10000
	Samtals	. . .	1625000

21. g
I. Rekstra

		kr.	kr.
	Tekjur:		
2. gr.	Skattar og tollar		12530000
3. gr. A.	Tekjur af rekstri ríkisstofnana	2723660	
— B.	Tekjur af fasteignum ríkissjóðs	32680	
			2756340
4. gr.	Tekjur af bönkum og vaxtatekjur		504700
5. gr.	Óvissar tekjur		50000
	Samtals	. . .	15841040

II. Sjóðs

		kr.
	Inn:	
2.—5. gr.	Rekstrartekjur samkvæmt rekstraryfirliti	15841040
	Aðrar innborganir og fyrningar[1]):	
20. gr. I.	Fyrningar	326833
— II.	Væntanlega útdregið af bankavaxtabréfum	50000
— III.	Endurgreiddar fyrirframgreiðslur	10000
— IV.	Endurgreidd lán og andvirði seldra eigna	50000
	Greiðslujöfnuður	437684
	Samtals	16715557

1) Fyrningar færðar hér til jafnaðar sömu upphæð, sem talin er í rekstrarútgjöldum.

Yfirlit.
yfirlit.

			kr.	kr.
		Gjöld:		
7. gr.		Vextir		1525632
8. gr.		Borðfé konungs		60000
9. gr.		Til alþingiskostnaðar og yfirskoðunar ríkisreikninga		245920
10. gr.		Til ríkisstjórnarinnar		492046
11. gr.	A.	Til dómgæzlu og lögreglustjórnar	1387860	
—	B.	Sameiginlegur kostnaður við embættisrekstur	307000	
				1694860
12. gr.		Til læknaskipunar og heilbrigðismála		629081
13. gr.	A.	Vegamál	1464052	
—	B.	Samgöngur á sjó	618000	
—	C.	Vitamál og hafnargerðir	587100	
—	D.	Flugmál	5000	
				2674152
14. gr.	A.	Kirkjumál	390120	
—	B.	Kennslumál	1666779	
				2056899
15. gr.		Til vísinda, bókmennta og lista		203360
16. gr.		Til verklegra fyrirtækja		3220950
17. gr.		Til almennrar styrktarstarfsemi		1834000
18. gr.		Til eftirlauna og styrktarfjár		353657
19. gr.		Óviss útgjöld		100000
		Rekstrarafgangur		750483
		Samtals	. . .	15841040

yfirlit.

			kr.
		Út:	
7.—19. gr.		Rekstrarútgjöld samkvæmt rekstraryfirliti	15090557
		Aðrar útborganir:	
20. gr.	I.	Afborganir lána	1407000
—	II.	Til eignaaukningar ríkisstofnana	143000
—	III.	Til byggingar nýrra vita	65000
—	IV.	Lögboðnar fyrirframgreiðslur	10000
		Samtals	16715557

22. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt:

I. Að verja fé úr ríkissjóði til launagreiðslu tveggja dómara í hæstarétti, ef dómurum verður fjölgað á árinu 1937 samkvæmt lögum um hæstarétt, nr. 112 14. maí 1935.

II. Að greiða Ingibjörgu H. Bjarnason 2000 kr. eftirlaun, ef hún lætur af starfi á árinu.

III. Að greiða Ara Arnalds bæjarfógeta, ef hann lætur af embætti á árinu, það sem vantar á að lögmælt eftirlaun hans og lífeyrir nemi 5000 krónum árlega.

IV. Að greiða Jakobi Smára ¾ adjunktslauna fyrir skólaárið 1937—1938, ef hann lætur af embætti og fær eigi lífvænlegt starf við sitt hæfi fyrir þann tíma.

V. Að láta Blindravinafélag Íslands fá að láni allt að 10 útvarpsviðtæki til afnota fyrir blinda menn, og sé kostnaður, er af þessu leiðir, færður á fjárhagsáætlun viðtækjaverzlunar ríkisins. Ennfremur að lána allt að þremur tækjum til sjúklinga, sem liggja rúmfastir árum saman í heimahúsum.

VI. Að verja allt að 6000 kr. af tekjuafgangi landssmiðjunnar til að láta smíða þar ýmsa muni, er íslenzkir hugvitsmenn finna upp og líklegt þykir, að gagn megi verða að fyrir framleiðsluna í landinu, enda sé ríkisstofnunum og fyrirtækjum, sem njóta rekstrarstyrks af almannafé, skylt að skipta við landssmiðjuna, eftir því sem hún getur afkastað.

VII. Að gera ráðstafanir til þess að láta auka og endurbæta senditæki ríkisútvarpsins, svo að þau fullnægi þörfum landsmanna. Skulu þær endurbætur fara eftir nánari ákvörðunum stjórnarinnar, enda beri ríkisútvarpið sjálft allan kostnað af framkvæmdinni.

VIII. Að láta þeim ráðherra, sem fer með utanríkismál, sé hann ekki jafnframt forsætisráðherra, í té leigulausa íbúð, eða að öðrum kosti greiða honum úr ríkissjóði allt að 3000 kr. til húsaleigu.

IX. Að endurgreiða skemmtanaskatt af fé því, sem aflað er með samkomum og rennur til eflingar slysavörnum hér við land.

X. Að ábyrgjast fyrir Ísafjarðarkaupstað og Eyrarhrepp, gegn þeim tryggingum, er stjórnin metur gildar, allt að 100000 kr. viðbótarlán til rafvirkjunar, þó ekki yfir 85% kostnaðarverðs.

XI. Að ábyrgjast fyrir Sauðárkrókshrepp allt að 270000 kr. lán til hafnargerðar á Sauðárkróki, gegn því, að héraðsbúar útvegi óendurkræft framlag til verksins, ekki undir 100000 kr., enda fari allur kostnaður ekki fram úr 620000 kr. Lánið verði tekið innanlands.

XII. Að ábyrgjast fyrir Neskaupstað 15000 króna lán til endurbóta á síldarverksmiðju.

XIII. Að ábyrgjast fyrir Búðahrepp allt að 20000 króna lán til aukningar á rafveitu hreppsins.

XIV. Að krefjast þeirra trygginga, sem stjórnin metur gildar, fyrir hverri ábyrgð, sem hún gengur í f. h. ríkissjóðs, enda séu allar slíkar lántökur framkvæmdar af ráðuneytinu, eða Landsbanka Íslands og Útvegsbanka Íslands í samráði við ráðuneytið. Þó getur ráðuneytið falið einstökum mönnum útvegun lánanna.

XV. Að greiða á árinu 1938 dýrtíðaruppbót á laun embættismanna, eftir sömu reglum og á árinu 1937.

23. gr.

Stjórn Landsbankans veitist heimild til að greiða Steinunni Kristjánsdóttur, ekkju Alberts Þórðarsonar bankabókara, 500 kr. 1938, svo og uppbót á þá fjárhæð, eftir sömu reglu sem bankinn veitir hana á laun starfsmanna sinna, og að greiða Birni Kristjánssyni uppbót á eftirlaun hans, eftir sömu reglu.

Stjórninni er heimilt að greiða Þóru Beck, ekkju Þórólfs Becks skipstjóra, eftirlaun eftir svipuðum reglum sem Eimskipafélag Íslands greiðir ekkjum skipstjóra sinna, og sé upphæðin færð á útgerðarreikning Esju.

Stjórn Búnaðarbankans veitist heimild til þess að greiða frú Önnu Klemensdóttur, ekkju Tryggva Þórhallssonar bankastjóra, 25% af launum manns hennar sem aðalbankastjóra Búnaðarbankans, og dýrtíðaruppbót að auki.

Stjórn sama banka veitist heimild til þess að greiða frú Aðalbjörgu Albertsdóttur, ekkju Þorsteins Sigurgeirssonar bankagjaldkera, 1000 kr., og til tveggja barna hennar innan 16 ára aldurs, 300 kr. til hvors.

Stjórninni er heimilt að greiða Sigurði Hjálmarssyni stýrimanni 600 kr., og sé upphæðin færð á útgerðarreikning Esju.

24. gr.

Ef lög verða staðfest, er afgreidd hafa verið frá Alþingi 1937 og hafa í för með sér tekjur eða gjöld fyrir ríkissjóð, breytast fjárhæðirnar tekju- og gjaldamegin samkvæmt þeim lögum.

Allar þær fjárveitingar, sem eigi eru ákveðnar í lögum, öðrum en fjárlögum, tilskipunum, konungsúrskurðum eða öðrum gildandi ákvörðunum, gilda aðeins fyrir fjárhagstímabilið.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta:

TEKJUBÁLKURINN

Um 2. gr.

Skattar og tollar eru að mestu áætlaðir eins og á núgildandi fjárlögum, en þó eru gerðar nokkrar breytingar á einstökum liðum í samræmi við reynslu síðasta árs.

Gert er ráð fyrir að framlengd verði tekjuaukalöggjöf sú, sem nú gildir. Virðist ekki ástæða til að reikna með öðru en tryggja verði ríkissjóði 1938 svipaðar tekjur og á síðastliðnu ári. Verði horfið að því á Alþingi, að breyta að einhverju leyti núgildandi skatta- eða tollalögum, verður fjárlögum á sínum tíma að sjálfsögðu breytt í samræmi við það.

Um 3. gr.

Tekjur af ríkisstofnunum eru áætlaðar nær því hinar sömu og á núgildandi fjárlögum, en hinar einstöku upphæðir breytast nokkuð í samræmi við rekstursáætlanir stofnananna.

Um 4. gr.

Tekjul. 4. — aðrir vextir — sundurliðast þannig:

Búnaðarbankinn:		
6,2% af kr. 1920000.00	kr.	119040.00
Síldarverksmiðjan:		
6,2% af kr. 1265000.00	—	78430.00
Arnarhvoll:		
6,2% af kr. 340000.00	—	21080.00
Reykjavíkurbær:		
Rafveitulán 6% af kr. 25000.00	—	1500.00
Jóhannes Jósefsson:		
6% af kr. 20000.00	—	1200.00
Ýmsir skuldunautar	—	8750.00
	Kr.	230000.00

GJALDABÁLKURINN

Um 7. gr.

1.—3. Yfirlit um vexti og afborganir (sbr. 20. gr.) fastra lána 1938:

I. Innlend lán:

		Vextir	Afborganir
1.	Lán hjá Landsbankanum, til símalagninga, tekið 1916 til 25 ára	984.00	4000.00
2.	Lán hjá Landsbankanum, til símalagninga, tekið 1918 til 25 ára	1004.00	3400.00
3.	Lán hjá Sáttmálasjóði, tekið 1919 — vextir 5%; afborgunarlaust	50000.00	
4.	Skuldabréfalán, tekið 1920 til 20 ára, vextir 5½%	24750.00	150000.00
5.	Veðdeildarlán Staðarfells	240.00	322.00
6.	Lán hjá Landsbankanum, vegna Reykja í Ölfusi, lokagreiðsla	72.00	1200.00
7.	Lán hjá Landsbankanum, vegna vinnuhælisins á Litla-Hrauni, tekið 1928 til 20 ára, vextir 6½	1500.00	2500.00
8.	Lán hjá Gísla Björnssyni, tekið 1929 til 25 ára, vextir 5%	2210.00	2600.00
9.	Veðdeildarlán og skuldabréfalán, til 20 ára, vegna húsa og lóðakaupa við Lækjargötu, vextir 5%	7425.00	11350.00
10.	Lán til vega- og brúargerða, tekin 1932—35	43500.00	169000.00
11.	Lán til frystihúsa, yfirtekin samkv. lögum frá 1933	5470.00	4935.00
12.	Lán til mjólkurbúa, yfirtekin 1934—36	11630.00	13580.00
13.	Jarðakaupalán, tekin 1935 og 1936	14602.00	14460.00
14.	Lán til Skeiðaáveitunnar, yfirtekin 1936	16853.00	13803.00
	Kr.	180240.00	391150.00

II. Ensk lán:

		Vextir	Afborganir
1.	Lán hjá Helbert Wagg & Co., tekið 1921; hluti ríkissjóðs: vextir £ 9722-0-3, afb. £ 9921-2-4	215342.57	219752.75
2.	Lán hjá Hambros Bank, tekið 1930, vextir 5½%: £ 29023-10-0, afb. £ 6000-0-0	642870.53	132900.00
3.	Lán hjá Hambros Bank, tekið 1935, vextir 4%: £ 14336-0-0, afb. £ 5579-0-0	317542.40	123574.85
	Kr.	1175755.50	476227.60

III. Dönsk lán:

		Vextir	Afborganir
1.	Lán hjá Bicuben, til heilsuhælisins á Vífilsstöðum, tekið 1909, vextir 4½%	4788.00	2712.00
2.	Lán hjá dönskum bönkum, til kaupa á III. fl. bankavaxtabréfum, tekið 1909 til 30 ára, vextir 4½%	2812.50	50000.00
3.	Lán hjá Statsanstalten, til sama, tekið 1912, til 30 ára	1968.75	8333.34
4.	Lán hjá M. N. R., til símalagninga, tekið 1913 til 30 ára, vextir 4%	5903.44	23087.58
5.	Lán hjá sama, tekið 1915 til 30 ára, vextir 5%	11663.71	20489.63
6.	Lán hjá dönskum bönkum, tekið 1919 til 20 ára, vextir 5%	22500.00	225000.00
	Kr.	49636.40	329622.55

Vextir og afborganir af hluta Útvegsbankans af láni hjá Hambros Bank 1935, eru ekki taldar með í þessari skýrslu, heldur ekki vextir og afborganir af eldri lánum, sem bankarnir annast sjálfir um greiðslur á.

Um 9. gr.

1. Alþingiskostnaður er hækkaður um 20000 kr. Hefir reynslan sýnt, að ekki er hægt að komast af með lægri fjárveitingu, enda ekki á valdi stjórnarinnar að koma fram sparnaði á þessum lið.

Um 11. gr.

A. 1. b. Annar kostnaður við hæstarétt er hækkaður um kr. 5500.00. Hefir reynslan sýnt að þetta er óhjákvæmilegt, meðal annars vegna þess, að kostnaður við útgáfu dómasafnsins fer vaxandi með ári hverju.

A. 4. a. Laun starfsmanna hjá lögmanni eru hækkuð um kr. 12000.00 vegna aukningar á embættisstörfum í sambandi við lög nr. 85 frá 1936, um meðferð einkamála í héraði.

A. 8. Tekin er upp 50000 króna fjárveiting til lögreglu í Reykjavík, með því að lögreglumálum bæjarins hefir nú verið komið í það horf, sem lög nr. 92, 1933, gera að skilyrði fyrir framlagi ríkissjóðs.

A. 12. Fjárveiting til vinnuhælisins á Litla-Hrauni er hækkuð um kr. 10000.00 vegna kostnaðar við verklegar framkvæmdir hælisins. Hefir reynslan sýnt, að ekki verður hjá því komist að hælið fái greiddan aukakostnað sinn við að láta fangana vinna að opinberum framkvæmdum.

A. 13. Sakamálakostnaður er hækkaður um kr. 10000.00 samkv. reynslu undanfarinna ára.

B. 4. Liðurinn er hækkaður um kr. 23000.00, þar af er 20000 kr. áætlaður kostnaður við fasteignamat í Reykjavík, sem gert er ráð fyrir að hefjist á árinu.

Um 12. gr.

9.—14. Felldur er niður áætlaður 10% sparnaður á útgjöldum ríkisspítalanna á fjárlögum 1937, sem hefir reynzt óframkvæmanlegur.

Tekjur og gjöld eru að mestu áætluð samkv. tillögum spítalastjórnar; er þar gert ráð fyrir að reiknað verði fullt daggjald á öllum spítölunum. Er nú gert ráð fyrir 5 kr. daggjaldi á Kleppi, en áður voru þar eigi greiddar nema kr. 1.50 á dag. Hluti ríkissjóðs af þeim kostnaði er talinn til gjalda á 17. gr. 2.

Á 17. gr. 2. eru enn fremur teknar upp fjárveitingar til styrktar fávitum og mænusóttarsjúklingum, en felldar niður af 12. gr.

Um 13. gr.

A. I. 1. Laun vegamálastjóra eru hækkuð um 1000 kr., en felld niður af 16. gr. sama fjárhæð til vatnsrennslismælinga.

A. II. a. Fjárveiting til þjóðvega er lækkuð um 88000 kr.

A. II. 1. Fjárveiting til brúagerða er lækkuð um 20000 kr.

A. V. 1. Fjárveiting til áhaldakaupa er hækkuð um 10000 kr.

A. VI. Fjárveitingar til sýsluvega eru lækkaðar um 22000 kr.

A. IX. 5. Tekin er upp fjárveiting til bílferju á Hornafjarðarós, 3000 kr.

A. XII. Tekin upp fjárveiting til sæluhússbyggingar á Holtavörðuheiði 3000 kr.

C. I. 4. Fjárveiting til skrifstofuhalds er hækkuð um 1000 kr. samkv. reynslu.

C. I. 6. Fjárveiting til aðstoðarmanna er hækkuð um 5000 kr. og er gert ráð fyrir að bætt verði aðstoðarverkfræðingi við vitamálin.

C. IV. Tekin er upp fjárveiting til viðhalds og endurbóta 15000 kr. Þessi kostnaður hefir áður ýmist verið talinn á lið III. eða VII., en réttara þykir að láta hann koma fram sérstaklega.

C. VII. Liðurinn er lækkaður um 5000 kr., sbr. athugasemd við C. IV.

D. Tekin er upp fjárveiting til flugmála 5000 kr. — Verður vafalaust að endurskoða þá tillögu rækilega á Alþingi og ákveða hvort taka skuli upp fjárveitingar til flugferða.

Um 14. gr.

A. b. 5. Fjárveiting til húsabóta á prestssetrum er hækkuð um 12000 kr. vegna óhjákvæmilegra framkvæmda á árinu.

B. I. j. Fjárveiting til kennsluáhalda læknadeildar er hækkuð um 1200 kr., vegna áhaldakaupa til kennslu í líffærafræði.

B. IV. b.Húsaleiga rektors menntaskólans er hækkuð um 500 kr., til samræmis við aðra skóla.

B. IV. c. 3. Fjárveiting til viðhalds er lækkuð um 5000 kr.

B. IV. e. 4. Fjárveiting til stundakennslu er lækkuð um 5000 kr. samkv. tillögu rektors.

B. IV. c. 5. Húsaleigustyrkur nemenda er hækkaður um 750 kr., af sömu ástæðu.

B. IV. c. 8. Ýmisleg gjöld eru hækkuð um 1000 kr. vegna kostnaðar við ferðalög nemenda.

B. VI b. 1. Fjárveiting til stundakennslu við kennaraskólann er hækkuð um 1000 kr.

B. VII. c. 1. Fjárveiting til stundakennslu við stýrimannaskólann er hækkuð um 7200 kr., vegna breytinga á skólanum (farmannadeild).

B. VIII. b. 1. Fjárveiting til stundakennslu við vélstjóraskólann er hækkuð um 1000 kr.

B. IX. 1. c. 4. Tekin er upp 500 kr. fjárveiting til viðhalds skólahússins á Hólum.

B. IX. 2. c. 4. Fjárveiting til viðhalds á Hvanneyri er lækkuð um 1000 kr., eftir tillögu skólastjóra.

B. IX. 3. Tekin er upp fjárveiting til garðyrkjuskóla á Reykjum 1000 kr.

Gert er ráð fyrir að tekjuafgangur Reykjabús gangi til reksturs skólans, en að öðru leyti er óráðið um fyrirkomulag í einstökum atriðum og rekstrarkostnað.

B. XIII. 1. Laun kennara eru hækkuð um 65000 kr., eftir tillögu fræðslumálastjóra og í samræmi við reynslu undanfarinna ára og lagabreytingu síðasta Alþingis.

B. XIII. 3. Fjárveiting til farkennslu og eftirlits með heimafræðslu er hækkuð um 3500 kr. eftir tillögu fræðslumálastjóra.

B. XIII. 6. Tekin er upp fjárveiting til að greiða ráðskonukaup við heimavistarbarnaskóla 5000 kr.

B. XIV. 1. c. 4. Fjárveiting til viðhalds Eiðaskóla er hækkuð um 1000 kr. vegna málningar á skólabyggingunni.

B. XV. 6. Tekin er upp fjárveiting til Staðarfellsskólans 3000 kr.

Um 15. gr.

1. d. Fjárveiting til bókakaupa handa Landsbókasafninu er hækkuð um 2000 kr. eftir endurteknum tillögum landsbókavarðar.

27. Tekin er upp fjárveiting til Sigurðar Skúlasonar 1500 kr., til ókeypis kennslu í framsagnarlist.

Um 16. gr.

5. a. Jarðabótastyrkur er hækkaður um 35000 kr. samkv. reynslu síðasta árs (1936). — Má þó búast við að hann reynist enn hærri, þar sem 1938 verða greidd 20% yfir venjulegan styrk til þeirra, sem hafa fengið undir 1000 kr. í styrk alls.

5. b. Styrkur til verkfærakaupasjóðs er hækkaður upp í 80000 kr. samkv. ákvæðum hinna nýju jarðræktarlaga.

8. Samkv. lögum frá síðasta Alþingi eiga afgjöld þjóðjarða framvegis að renna í jarðakaupasjóð, en ekki til ræktunarsjóðs.

20. Tekinn er upp í frumvarpið áætlaður rekstrarhalli atvinnudeildar við háskólann 40000 kr. Í þessari fjárhæð er meðtalin fyrri fjárveiting til efnarannsóknar-

stofu ríkisins 17600 kr. — Að öðru leyti er ekki unnt að gera sundurliðaða áætlun um rekstur atvinnudeildarinnar.

50. Fjárveiting til vinnumiðlunar er hækkuð um 5000 kr. í samræmi við eyðslu ársins 1936.

61. Tekin er upp launaviðbót til húsameistara ríkisins, 2400 kr., sem honum hefir þegar verið veitt. Hafa laun hans ekki verið í neinu samræmi við laun annara forstöðumanna, eins og fjárveitinganefnd síðasta Alþingis benti á í bréfi til ríkisstjórnarinnar.

69. Ferðaskrifstofa ríkisins er hér tekin inn á fjárlög, en þar sem gert er ráð fyrir, að skrifstofunni verði séð fyrir sérstökum tekjustofnum þannig að rekstur hennar beri sig, eru engin útgjöld talin á þessum lið.

Um 19. gr.

2. Tekin er upp fjárveiting til sjúklinga samkv. bráðabirgðaákvæði í lögum nr. 78 frá 1936, um ríkisframfærslu sjúkra manna og örkumla, 300000 kr.

Heilbrigðismálaráðuneytið skiptir fjárhæðinni og er miðað við að geðveikrasjúklingar verði styrktir með kr. 3.50 á dag og greiði því raunverulega sama daggjald og áður, kemur þá í þeirra hlut ca. 217000 kr., og eru þá eftir til ráðstöfunar handa öðrum sjúklingum 83000 kr.

4. Tekin er upp fjárveiting vegna ákvæða í lögum nr. 39 frá 1935, um afstöðu foreldra til óskilgetinna barna 5000 kr.

5. Fjárveiting til alþýðutrygginga er lækkuð um 15000 kr. og sundurliðast þannig:

Sjúkratryggingar	kr. 340000
Atvinnuleysistryggingar	— 35000
Elli- og örorkutryggingar	— 150000
Hluti ríkissjóðs af rekstrarkostnaði	— 20000
Samtals	**kr. 545000**

Um 18. gr.

I. a.—e. Vísast til skrár um lögmælt eftirlaun, sem prentuð er hér á eftir.

Um 20. gr.

Út I. 1. Vísast til skýrslu um vexti og afborganir í athugasemd við 7. gr.

Fjárveitingar í fjárlagafrumvarpi þessu eru miðaðar við, að laun starfsmanna ríkisins og starfsmannafjöldi fari eftir því, sem greinir í skrá þeirri um starfsmenn ríkisins og laun þeirra árið 1938, sem hér fer á eftir.

Starfsmannaskrá ríkisins 1938.

3. gr. fjárlaga.

1. Pósturinn.

	Laun alls
Póstmálaskrifstofan:	
Póst- og símamálastjóri (½ laun) (1)	kr. 5800
Póstritari (1)	— 4884
Póstfulltrúar (3)	— 12634
Póstafgreiðslumenn (1)	— 3500
Póstaðstoðarmaður (1)	— 2250
Aukamaður (1)	— 4200
Pósthúsið í Reykjavík:	
Póstmeistari (1)	— 6200
Póstfulltrúar (6) (1 + mistaln.)	— 25578
Póstafgreiðslumenn (14) (1 + fæðispen. ca. kr. 800)	— 47750
Aukamenn (2½)	— 9600
Bréfberar (10)	— 36024
Bílstjórar (2)	— 8400
Húsvörður (1) (+ húsn., ljós og hiti)	— 4150
Samtals	kr. 170970

2. Landssíminn.

Aðalskrifstofan:	
Póst- og símamálastjóri (½ laun) (1)	kr. 5800
Fulltrúi (1)	— 6590
Aðalgjaldkeri, + mistaln. (1)	— 6590
Símaverkfræðingar (2), annar + 3000 kr. hjá útvarpinu	— 10455
Bókari (1)	— 6000
1. fl. skrifarar (3)	— 15780
2. fl. skrifarar (3)	— 8370
Sendisveinn (1)	— 1200
Landssímastöðin í Reykjavík og Hafnarfirði:	
Ritsímastjóri + húsnæði, ljós og hiti (1)	— 4600
Innheimtugjaldkeri, + mistaln. (1)	— 6610
1. fl. skrifarar (5)	— 21050
Varðstjórar (2)	— 9760
Símritarar (í Hafnarfirði + ljós og hiti) (7)	— 37030
Kvensímritarar (2)	— 6520
Afgreiðsluvarðstjórar (4)	— 13040
Aðstoðarmenn (5)	— 12450
Talsímakonur (23)	— 59290
Sendisveinar (8)	— 8200
Loftskeytastöðin í Reykjavík:	
Loftskeytastöðvarstjóri (1) (skrifst.stj.) + húsn., ljós og hiti	— 6525
Símritarar (4)	— 18130
Aðstoðarstúlka (1)	— 2400
Stuttbylgjustöðin:	
Stöðvarverðir (2) + húsnæði, ljós og hiti	— 9355
Talbrúarvörður (1)	— 3800
Bæjarsíminn í Reykjavík og Hafnarfirði:	
Bæjarsímastjóri (1)	— 7615
Verkstjórar (4)	— 24580
Aðstoðarverkstjóri (1)	— 5200
1. fl. símvirkjar (5)	— 24820
1. fl. línumenn (2)	— 9750

		Laun alls
2. fl. símvirkjar (3)	kr.	12660
2. fl. línumenn (1)	—	4290
3. fl. símvirkjar (8)	—	29210
3. fl. línumaður (1)	—	3790
Nemar (2)	—	4500
Snikkari (1)	—	4260
Næturvörður (1)	—	4400
Teiknarar (2)	—	7860
Gjaldkeri (1)	—	4270
1. fl. skrifarar (2)	—	7490
2. fl. skrifarar (2)	—	5810
Talsímakonur (5)	—	14240
Innheimtumenn (2)	—	4500
Áhaldahúsið:		
Efnisvörður (1)	—	5030
Aðstoðarmaður (1)	—	3600
Bifreiðarstjóri (1)	—	4200
Akureyri:		
Umdæmisstjóri + húsnæði, ljós og hiti (1)	—	5415
Varðstjórar (2)	—	9630
Talsímakonur (11)	—	27890
Næturvörður (1)	—	2400
Sendisveinar (2)	—	1440
Seyðisfjörður:		
Umdæmisstjóri, + húsnæði, ljós og hiti, + 1650 kr. frá póstsjóði (1)	—	3360
Varðstjórar (3)	—	14530
Símritarar (5)	—	18340
Kvensímritarar (2)	—	6630
Talsímakonur (4)	—	9970
Sendisveinar (2)	—	1800
Ísafjörður:		
Umdæmisstjóri, + húsnæði, ljós og hiti (1)	—	4690
Símritarar (3)	—	10870
Kvensímritari (1)	—	3255
Talsímakonur (2)	—	5610
Sendisveinar (2)	—	2160
Borðeyri:		
Umdæmisstjóri, + húsnæði, ljós og hiti (1)	—	4690
Talsímakonur (4)	—	9110
Vestmannaeyjar:		
Stöðvarstjóri, + húsnæði, ljós og hiti (1)	—	5445
Símritarar (2)	—	9050
Talsímakonur (3)	—	5780
Sendisveinar (2)	—	1680
Siglufjörður:		
Umdæmisstjóri, + húsnæði, ljós og hiti (1)	—	4690
Símritari (1)	—	3970
Kvensímritari (1)	—	2950
Talsímakonur (5)	—	12345
Sendisveinar (2)	—	1680
Samtals	kr.	661000

3. Áfengisverzlun ríkisins.

	Laun alls
Forstjóri (1)	kr. 9000
Aðalbókari (1)	— 6000
Aðstoðarbókhaldari (1)	— 4200
Fulltrúi lyfjadeildar (1)	— 5500
Gjaldkeri (1) (þar í mistalningarfé)	— 6000
Bréfritari erl. bréfa (1)	— 5500
Afgreiðslumenn (2)	— 9600
Ritari (1)	— 3000
Aðalverkstjóri í Nýborg (1)	— 6000
Aðstoðarverkstjórar (2)	— 9600
Bifreiðarstjórar (2)	— 7080
Fastir starfsmenn í Nýborg (7)	— 26480
Fastar starfsstúlkur í Nýborg (5)	— 12000
Sendisveinn (1)	— 1200
Efnafræðingur (1)	— 3600
Lausafólk (9)	— 25000
Samtals	kr. 139760

4. Tóbakseinkasala ríkisins.

Forstjóri (1)	kr. 10000
Skrifstofustjóri (1)	— 7000
Birgðavörður (1)	— 5200
Sölumaður (1)	— 5000
Bókarar (2)	— 8600
Gjaldkeri (1)	— 5000
Ritari (1)	— 4900
Afgreiðslumenn (3)	— 11700
Bifreiðarstjóri (1)	— 3600
Innheimtumenn (2)	— 5400
Skrifstofustúlkur (4)	— 10260
Samtals	kr. 76660

5. Ríkisútvarpið.

Yfirstjórn:	
Útvarpsstjóri (1)	kr. 7500
Útvarpsráð (7)	— 12000
Aðalskrifstofa:	
Skrifstofustjóri (1)	— 6600
Verkfræðingur (1)	— 3000
Ritari (1)	— 3600
Vélritari (1)	— 2400
Innheimtuskrifstofa:	
Forstöðukona (1)	— 4000
Aðstoðarstúlka (1)	— 2400
Innheimtumenn (4)	— 11400
Skrifstofa dagskrár:	
Skrifstofustjóri (1)	— 5400
Gæzlumaður plötusafns (1)	— 3600
Ráðunautur útvarpsráðs (1)	— 3000
Fréttastofan:	
Fréttastjóri innl. frétta	— 4600
Aðstoðarfréttaritari (1)	— 3000

		Laun alls
Auglýsingastjóri (1)	kr.	2400
Fréttastjóri erlendra frétta (1)	—	5000
Aðstoðarfréttaritari (1)	—	4800
Tónlistarmenn:		
Tónlistarráðunautur (1)	—	3600
Fiðluleikari og hljómsveitarstjóri (1)	—	5500
Pianóleikari (1)	—	5000
Celloleikari (1)	—	3600
Kontrabassaleikari (1)	—	3600
Útvarpssalur:		
Þulur 1. (1)	—	3900
Þulur 2. (1)	—	2100
Dyravarzla (1)	—	2100
Magnarasalur:		
Magnaraverðir (2)	—	9600
Útvarpsstöðin:		
Stöðvarstjóri, + húsnæði, ljós og hiti (1)	—	4500
Aðstoðarmaður, + húsnæði, ljós og hiti (1)	—	3000
Samtals	kr.	131200
Viðgerðarstofan:		
Forstöðumaður (1)	kr.	6600
Viðtækjaverzlunin:		
Forstjóri (1)	—	8660
Bókari og gjaldkeri (1)	—	5400
Afgreiðslumaður (1)	—	4800
Ritari (1)	—	3800
Pakkhúsmaður (1)	—	3600
Viðgerðarmenn (2)	—	8400
Samtals	kr.	34660
6. Ríkisprentsmiðjan.		
Forstjóri (1)	kr.	9000
Fulltrúi og gjaldkeri (1)	—	6000
Bókari (1)	—	4800
Afgreiðslumaður (1)	—	4500
Innheimtumaður (1)	—	2300
Skrifstofustúlka (1)	—	2400
Sendimaður (1)	—	1500
Samtals	kr.	31500
7. Landssmiðjan.		
Forstjóri (1)	kr.	8400
Aðalbókari (1)	—	6000
Bókari (1)	—	4800
Samtals	kr.	19200
8. Bifreiðaeinkasalan.		
Skrifstofumaður (1)	kr.	5400
Afgreiðslumaður (1)	—	4200
Viðgerðarmaður (1)	—	4800
Samtals	kr.	14400

9. Raftækjaeinkasalan.

	Laun alls
Forstjóri (1)	kr. 9000
Verkfræðingur (1)	— 5700
Sölumaður (1)	— 6600
Aðalbókari og gjaldkeri (1) (þar í mistalningarfé)	— 5740
Birgðabókari (1)	— 5400
Bréfritari og aðstoðarbókari (1)	— 5400
Ritarar (2)	— 7500
Skrifstofustúlka (1)	— 1800
Birgðavörður (1)	— 4500
Afgreiðslumenn (3)	— 12000
Sendisveinn og innheimtumaður (1)	— 1800
Samtals	kr. 65440

9. gr. fjárlaga.

Alþingi.

Fastir starfsmenn:

Skrifstofustjóri (1) (þar af húsal.styrkur kr. 1800)	kr. 6800
Fulltrúi (1)	— 6300
Aðstoðarmaður (1)	— 5200
Ritari utanríkismálanefndar (1)	— 2400
Húsvörður (1)	— 2740
Samtals	kr. 23440

Starfsmenn um þingtímann:

Skjalavörður (1)	dagkaup kr.	13.00
Ritari (1)	— —	9.50
Prófarkalesarar (2)	— —	9.50 og 12.00
Innanþingsskrifarar (17)	— —	9.50
Dyra- og pallaverðir (5)	— —	7.50
Símaverðir (2)	— —	5.00
Fataverðir (3)	— —	4.00
Þingsveinar (7)	— —	3.00

10. gr. fjárlaga.

I. 3. Stjórnarráðið.

Atvinnumálaráðuneytið:

Skrifstofustjóri (1), (þar af kr. 1200 fyrir vörzlu sjóða)	kr. 7200
Fulltrúar (2), 6750 og 6150	— 12900
Aðstoðarmenn (2), 5000 og 4100	— 9100
Ritarar (2)	— 6100
Samtals	kr. 35300

Dómsmálaráðuneytið:

Skrifstofustjóri (1), (þar af kr. 1200 fyrir vörzlu sjóða)	kr. 7200
Fulltrúar (2), 6500 og 5000	— 11500
Aðstoðarmenn (2), 5100 og 4200	— 9300
Ritari (1)	— 3000
Samtals	kr. 31000
-:- Innborgað frá kirkjujarðasjóði	— 3500
Samtals	kr. 27500

		Laun alls
Fjármálaráðuneytið:		
Skrifstofustjóri (1), (þar af fyrir innheimtu Landsverzl. 1200)	kr.	7200
Fulltrúar (3), 5870, 5580 og 4950	—	16400
Aðstoðarmenn (4)	—	14000
Ritari (1)	—	2000
Aðalendurskoðandi (1)	—	6800
Samtals	kr.	46400
Skrifstofa utanríkismála:		
Fulltrúi (1), (þar af kr. 2400 fyrir störf hjá forsætisráðherra)	kr.	7350
Aðstoðarmaður (1)	—	4200
Ritari (1)	—	2500
Samtals	kr.	14050
Dyravarzla:		
Dyravörður (1), (auk húsnæðis, ljóss og hita)	kr.	2715
Aðstoðardyravörður (1)	—	3000
Samtals	kr.	5715
I. 4. Ríkisféhirzla og bókhald.		
Ríkisbókari (1)	kr.	6000
Fulltrúi ríkisbókara (1)	—	5000
Ríkisféhirðir (1), (þar af mistalningarfé 2000)	—	6950
Fulltrúar (2), 5000 og 3600	—	8600
Ritarar (2), 2750 og 2250	—	5000
Samtals	kr.	31550
II. Hagstofan.		
Hagstofustjóri (1)	kr.	6000
Fulltrúi (1)	—	4950
Aðstoðarmenn (3)	—	13700
Ritarar 1. fl. (2)	—	6700
Ritarar 2. fl. (3)	—	7520
Aðstoð	—	2000
Samtals	kr.	40870
III. Utanríkismál.		
1. **Sendiráð í Khöfn:**		
Sendiherra (1)	kr.	10000
Sendisveitarritari (1)	—	3600
Fulltrúi (1)	—	6000
Ritari (1)	—	2700
Samtals	kr.	22300
2. Fulltrúi í Osló	—	5000
Samtals	kr.	27300

11. gr. fjárlaga:

A.

1. Hæstiréttur:

	Laun alls
Dómstjóri (1)	kr. 10000
Dómarar (2)	— 16000
Ritari (1)	— 5000
Samtals	kr. 31000

2. Laun bæjarfógeta, sýslumanna o. fl.

Lögmaður, lögreglustjóri og tollstjóri í Reykjavík (3)	kr. 27000
Bæjarfógetar (2)	— 11200
Bæjarfógeti (1)	— 5000
Sýslumenn og bæjarfógetar (10)	— 52000
Sýslumaður (1)	— 5000
Sýslumaður (1)	— 4950
Sýslumenn (3)	— 14238
Bæjarfógeti (1)	— 4152
Lögreglustjórar (3)	— 7500
Samtals	Kr. 131040

4. Skrifstofa lögmanns:

Fulltrúar (3)	— 15800
Gjaldkeri (1)	— 2400
Ritarar (2)	— 5400
Áætluð viðbót vegna breyt. á embættinu	— 12000
Samtals	kr. 35600

5. Skrifstofa tollstjóra:

Fulltrúi (1) og tollritarar (9)	kr. 51500
Ritarar (2)	— 6660
Innheimtumenn (7)	— 30800
Lögtaksfulltrúi (1)	— 5000
Aukaaðstoð (tímakaup kr. 1.50)	— 10000
Samtals	kr. 103960

6. Skrifstofa lögreglustjóra:

Fulltrúar (2)	kr. 12600
Gjaldkeri (1)	— 5400
Aðstoðarmenn (2)	— 8400
Ritarar (3)	— 9000
Samtals	kr. 35400

7. Starfsmenn toll- og löggæzlu:

a. **Reykjavík:**

Yfirtollvörður (1)	kr. 5400
Tollþjónar (12)	— 50400
Vöruskoðunarmenn (2)	— 8400
Aukaaðstoð (tímakaup kr. 1.60)	— 1600
Samtals	kr. 65800

b. **Utan Reykjavíkur:**		Laun alls
Tollþjónar (7)	kr.	25200
Löggæzlumaður á vegum (1)	—	5400
Bifreiðarskoðunarmenn (2)	—	10000
Samtals	kr.	40600

10. Hegningarhúsið í Reykjavík:

Fangavörður (1), (þar af húsaleigustyrkur 2400)	kr.	5400
Aðstoðarmaður (1), (auk fæðis og húsnæðis)	—	2400
Samtals	kr.	7800

11. Vinnuhælið á Litla-Hrauni:

Forstöðumaður (1), (auk húsnæðis)	kr.	5100
Verkstjóri og gæzlumaður (1) (auk fæðis)	—	3000
Matreiðslumaður (1) (auk fæðis)	—	3000
Samtals	kr.	11100

15. Löggildingarstofan:

Forstöðumaður (1)	kr.	5400
Aðstoðarmaður (1)	—	3900
Verkstæðismaður (1)	—	3600
Eftirlitsmaður (1)	—	3600
Samtals	kr.	16500

B.

4. Skattstofa Reykjavíkur:

Skattstjóri (1)	kr.	5650
Fulltrúi (1)	—	6000
Aðstoðarmenn (2½ á kr. 5000)	—	12500
Önnur starfslaun	—	20000
Samtals	kr.	44150

12. gr. fjárlaga.

1. Laun lækna:

Landlæknir (1)	kr.	6600
Héraðslæknir í Reykjavík (1)	—	5250
Héraðslæknar (4) á kr. 4950.00	—	19800
Héraðslæknar (4) á kr. 4746.00	—	37968
Héraðslæknar (11) á kr. 4600.00	—	50600
Héraðslæknar (12) á kr. 4036.67	—	48440
Héraðslæknar (6) á kr. 3921.33	—	23526
Héraðslæknar (4) á kr. 3500.00	—	14000
Héraðslæknar (1)	—	3690
Héraðslæknar (2) á kr. 3125.00	—	6250
Samtals	kr.	216124

Skrifstofa ríkisspítalanna:

Formaður stjórnarnefndar (landlæknir)	kr.	2550
Stjórnarnefndarmenn (3)	—	1500
Framkvæmdastjóri (1)	—	7000
Gjaldkeri (1)	—	5600

	Laun alls	
Ritari (1)	kr.	3600
Vélritarar (2)	—	4200
Samtals	kr.	24450

9. Landsspítalinn:

Yfirlæknar (3)	kr.	21600
Aðstoðarlæknar (3)	—	12600
Kandidatar (2)	—	3600
Aukalæknar (sérfræðingar) (2)	—	5000
Yfirhjúkrunarkona (1)	—	2400
Deildarhjúkrunarkonur (3)	—	5400
Hjúkrunarkonur (9)	—	13500
Nuddkona (1)	—	2400
Kona við rannsóknir (1)	—	2400
Kennslukona barna (1)	—	1250
Röntgenkonur (5)	—	11580
Ráðskona (1)	—	2400
Aðstoðarráðskona (1)	—	1200
Yfirljósmóðir (1)	—	2400
Aðstoðarljósmóðir (1)	—	1200
Vélamaður (1)	—	3000
Umsjónarmaður (1)	—	3600
Starfsstúlkur (22)	—	16500
Hjúkrunarnemar (24)	—	11520
Laun vegna sumarleyfa	—	7750
Laun til rannsóknarstofu háskólans	—	1200
Laun vegna vorhreingerninga	—	2500
Húsaleiga starfsmanna	—	4500
Samtals	kr.	139500

10. Holdsveikraspítalinn í Laugarnesi:

Læknir (1)	kr.	3600
Yfirhjúkrunarkona (1)	—	2400
Ráðskona (1)	—	1500
Kyndari (1)	—	2520
Starfsstúlkur (6)	—	4650
Prestslaun	—	700
Laun vegna sumarfría	—	1000
Vorhreingerningar	—	500
Samtals	kr.	16870

11. I. Kleppsspítalinn (gamli):

Yfirlæknir (1)	kr.	5000
Kandidat (1)	—	1800
Yfirhjúkrunarkona (1)	—	2400
Hjúkrunarkona (1)	—	1500
Hjúkrunarmaður (1)	—	1740
Véla- og viðgerðarmaður (1)	—	3000
Ráðskona (að hálfu) (1)	—	900
Vökukona (1)	—	960
Þvottaráðskona (1)	—	960

		Laun alls
Starfsstúlkur (7)	kr.	5250
Bílstjóri (að hálfu) (1)	—	1260
Laun vegna sumarfría	—	1940
Vorhreingerningar	—	500
Samtals	kr.	27210

11. II. Kleppsspítalinn (nýi):

Yfirlæknir (1)	kr.	5000
Kandidat (1)	—	1800
Læknanemar (2)	—	1800
Yfirhjúkrunarkona (1)	—	2400
Hjúkrunarkonur (11)	—	16650
Hjúkrunarmenn (4)	—	6960
Vökukonur (2)	—	1920
Ráðskona (að hálfu) (1)	—	900
Vélamaður (1)	—	3300
Þvottaráðskona (1)	—	1080
Saumakona (verkstýra) (1)	—	1080
Starfsstúlkur (13)	—	9750
Bílstjóri (að hálfu) (1)	—	1260
Laun vegna sumarfría	—	5200
Vorhreingerningar	—	1000
Samtals	kr.	60100

12. Vífilsstaðahælið:

Yfirlæknir (1)	kr.	5000
Aðstoðarlæknir (1)	—	5000
II. aðstoðarlæknir (1)	—	2400
Aukalæknir (1)	—	800
Yfirhjúkrunarkona (1)	—	2400
Hjúkrunarkonur (7)	—	10896
Hjúkrunarnemar (4)	—	1920
Kennari (1)	—	640
Ráðskona (1)	—	2400
Aðstoðarráðskona (1)	—	1200
Saumakonur (2)	—	1920
Starfsstúlkur (21)	—	15750
Bifreiðarstjóri (1)	—	2520
Smiður (1)	—	2400
Kyndari (1)	—	2820
Starfsmenn (3)	—	4860
Laun vegna sumarfría	—	4650
Vorhreingerningar	—	2000
Samtals	kr.	69576

13. Heilsuhælið á Kristnesi:

Yfirlæknir (1)	kr.	5000
Aðstoðarlæknir (1)	—	3600
Yfirhjúkrunarkona (1)	—	2400
Aðstoðarhjúkrunarkonur (2)	—	3120
Hjúkrunarnemar (2)	—	960

		Laun alls
Þvottaráðskona (1)	kr.	1200
Ráðskona (1)	—	1800
Aðstoðarráðskona (1)	—	840
Ráðsmaður (1)	—	4800
Bifreiðarstjóri og vélamaður (1)	—	2280
Starfsstúlkur (12)	—	9000
Vinnumaður (1)	—	1200
Laun vegna sumarfría	—	2500
Vorhreingerningar	—	1000
Samtals	kr.	39700

14. Reykjahælið í Ölfusi:

Læknir (1)	kr.	4500
Yfirhjúkrunarkona (1)	—	2400
Ráðskona (1)	—	1800
Vinnumaður (1)	—	1200
Starfsstúlkur (5)	—	3750
Prestur (1)	—	400
Laun vegna sumarfría	—	950
Samtals	kr.	15000

13. gr. fjárlaga.

A. Vegamál:

Vegamálastjóri (þar af kr. 1000 fyrir eftirl. með vatnsrennslismæl.)	kr.	7000
Skrifstofustjóri og bókari (1)	—	6750
Aðstoðarverkfræðingur (1)	—	5750
Verkfræðingar (4)	—	20000
Mælingamaður (1)	—	5000
Gjaldkeri (1)	—	3300
Ritari (1)	—	2700
Vélamaður (1)	—	4500
Samtals	kr.	55000

B. I. a. Skipaútgerð ríkisins:

Framkvæmdarstjóri (1)	kr.	9000
Skrifstofustjóri (1)	—	6500
Bókari (1)	—	5000
Gjaldkeri (1)	—	5000
Innkaupamaður (1)	—	5000
Ritari (1)	—	2100
Verkstjórar (2)	—	9300
Samtals	kr.	41900

C. I.—II. Vitamál:

Vitamálastjóri (1)	kr.	7200
Vitaverkfræðingur (1)	—	5900
Hafnaverkfræðingur (1)	—	5900
Aðstoðarverkfræðingar (3)	—	15570
Gjaldkeri og bókari (1)	—	3600
Efnisvörður (1)	—	4560
Kafari (1)	—	3825

		Laun alls
Ritari (1)	kr.	3000
Vélritari (1)	—	2100
Vitaverðir (54)	—	32000
Samtals	kr.	83655

14. gr. fjárlaga.

A.
Þjóðkirkjan:

Biskup (1)	kr.	7000
Prestar (2)	—	11900
Prestur (1)	—	5813
Prestar (3)	—	17250
Prestar (3)	—	17100
Prestur (1)	—	5500
Prestar (3)	—	15225
Prestur (1)	—	4920
Prestar (2)	—	9750
Prestur (1)	—	4750
Prestur (1)	—	4480
Prestar (17)	—	71400
Prestar (38)	—	152000
Prestar (3)	—	11850
Prestar (4)	—	15000
Prestar (3)	—	11100
Prestar (4)	—	14000
Prestar (5)	—	17250
Prestar (6)	—	19500
Prestur (1)	—	3200
Prestar (2)	—	6000
Samtals	kr.	424988

B.
I. Háskólinn.

Prófessorar (8)	kr.	48000
Prófessor (1)	—	5500
Prófessorar (3)	—	15000
Prófessorar (3)	—	14850
Aukakennarar (2), 2000 og 1600	—	3600
Ritari (1)	—	4000
Samtals	kr.	90950

II. Rannsóknarstofa Háskólans.

Forstöðumaður (1), (fyrir ranns. húsdýrasjúkd. kr. 1000)	kr.	8200
Aðstoðarlæknir (1)	—	7200
Aðstoðarstúlkur (7)	—	16800
Vikamaður (1)	—	720
Samtals	kr.	32920

III. Fræðslumálaskrifstofan.		Laun alls
Fræðslumálastjóri (1)	kr.	7000
Fulltrúi (1)	—	5400
Ritarar (2), 3600 og 2400	—	6000
Samtals	kr.	18400

IV. Menntaskólinn í Reykjavík.		
Rektor (1), (auk þess risnufé 2000, húsaleigustyrkur 3000)	kr.	5000
Yfirkennarar (4)	—	20000
Kennarar (3)	—	15000
Kennarar (2)	—	9492
Kennarar (3)	—	11763
Kennari (1), að $^2/_3$	—	2510
Dyravörður (1)	—	1875
Samtals	kr.	65640

V. Menntaskólinn á Akureyri.		
Skólameistari (1), (auk þess risnufé 2000, húsnæði, ljós og hiti)	kr.	5000
Kennarar (2)	—	10000
Kennarar (2)	—	9492
Kennari (1)	—	4382
Kennarar, settir (3)	—	11763
Samtals	kr.	40637
Aukakennarar (stundakennsla)	—	23500
Samtals	kr.	64137

VI. Kennaraskólinn.		
Skólastjóri (1), (húsnæði, ljós og hiti)	kr.	4746
Kennarar (2)	—	7842
Kennari (1)	—	4600
Aukakennari (1)	—	3500
Aukakennari að $^1/_3$	—	1255
Samtals	kr.	21943

VII. Stýrimannaskólinn.		
Skólastjóri (1), (húsaleigustyrkur 3000)	kr.	4600
Kennarar (2), 5100 og 4382	—	9482
Dyravörður að $^1/_3$	—	600
Samtals	kr.	14682

VIII. Vélstjóraskólinn.		
Skólastjóri (1), (húsaleigustyrkur 3000)	kr.	4600
Kennarar (2), 5100 og 3500	—	8600
Dyravörður að $^2/_3$	—	1200
Samtals	kr.	14400

IX. Bændakennsla.

1. Hólaskóli:		Laun alls
Skólastjóri (1), (bústjórnarlaun 2500)	kr.	2875
Kennarar (2), 3250 og 2125	—	5375
Samtals	kr.	8250

2. Hvanneyrarskóli:		
Skólastjóri (1), (bústjórnarlaun 2500)	kr.	2750
Kennarar (2), 2750 og 2000	—	4750
Samtals	kr.	7500

XIII. Barnakennarar.

Í Reykjavík (98)	kr.	171000
Í kaupstöðum utan Reykjavíkur (68)	—	132000
Fastir kennarar utan kaupstaða (136)	—	247000
Farkennarar (137)	—	78000
Samtals	kr.	628000

XIV. Eiðaskóli.

Skólastjóri (1), (húsnæði, ljós og hiti)	kr.	4200
Kennarar (2), 3250 og 2500	—	5750
Samtals	kr.	9950

XVI. Málleysingjaskólinn.

Skólastýra (1), (húsnæði, ljós og hiti)	kr.	3500
Kennslukonur (3)	—	8437
Samtals	kr.	11937

15. gr. fjárlaga.

1. Landsbókasafnið.

Landsbókavörður (1)	kr.	6000
Bókavörður (1)	—	4600
Bókavörður (1)	—	4500
Aðstoðarbókaverðir (2)	—	8800
Dyravörður við safnahúsið (1)	—	1875
Samtals	kr.	25775

2. Þjóðskjalasafnið.

Þjóðskjalavörður (1)	kr.	4950
Aðstoðarmaður (1)	—	3960
Samtals	kr.	8910

3. Þjóðmenjasafnið.

Þjóðmenjavörður (1)	kr.	5500
Samtals	kr.	5500

42. Friðun Þingvalla.

Umsjónarmaður (1), (auk ókeypis húsnæðis, ljós og hita)	kr.	4200
Samtals	kr.	4200

16. gr. fjárlaga.

2. Búnaðarfélag Íslands.		Laun alls
Stjórnarnefnd (3)	kr.	1500
Búnaðarmálastjóri (1)	—	6000
Ritstjóri búnaðarblaðs (1)	—	6500
Ráðunautar (7)	—	27350
Aðstoðarmenn (2)	—	7020
Ritarar (2)	—	8200
Ráðunautur um laxaklak	—	2700
Samtals	kr.	59270

3. Sandgræðslan.		
Sandgræðslumaður (1)	kr.	3600
Samtals	kr.	3600

15. Skógræktin.		
Skógræktarstjóri (1)	kr.	5240
Skógarverðir (2)	—	3000
Skógarvörður (1), (þar af húsaleigustyrkur 600)	- -	2100
Samtals	kr.	10340

17. Dýralæknar.		
Dýralæknar (3)	kr.	12110
Dýralæknir (1)	—	3500
Dýralæknir (1)	—	3125
Samtals	kr.	18735

20. Atvinnudeild við háskólann.		
Efnarannsóknarstofan:		
Forstöðumaður (1)	kr.	4800
Aðstoðarmaður (1)	—	5600
Samtals	kr.	10400

21. Veðurstofan.		
Forstöðumaður (1) (þar af húsaleigustyrkur 900 kr.)	kr.	6900
Fulltrúi (1) (þar af húsaleigustyrkur 900 kr.)	—	7000
Aðstoðarmenn (2)	—	9460
Loftskeytamenn (2)	—	6520
Vélritari (1)	—	1275
Aukavinna	—	2745
Samtals	kr.	33900

22. Rafmagnseftirlit.		
Forstöðumaður (1)	kr.	5830
Skoðunarmaður (1)	—	4200
Skrifstofumaður (1)	—	2760
Samtals	kr.	12790

25. Fiskifélagið.		
Forseti (1)	kr.	7200
Stjórnarnefnd (2)	—	1000

		Laun alls
Vélfræðingur (1)	kr.	6000
Fiskifræðingur (1)	—	4800
Skrifstofustjóri (1)	—	5400
Skrifstofustúlka (1)	—	2400
Erindrekar (4)	—	10000
Samtals	kr.	36800

28. Laun yfirmatsmanna.

Fiskimatsstjóri (1)	kr.	8000
Fiskimatsmaður í Reykjavík (1)	—	5000
Fiskimatsmenn (3)	—	13800
Fiskimatsmaður (1)	—	3800
Ullarmatsformaður (1)	—	1000
Ullarmatsmenn (3)	—	1500
Kjötmatsmenn (3)	—	2250
Lýsismatsmaður (1)	—	2400
Samtals	kr.	37750

29. Skipaskoðun.

Skipaskoðunarstjóri (1)	kr.	6000
Skrifstofumaður (1)	—	3000
Skipaskráningarmaður (1)	—	1800
Samtals	kr.	10800

32. Gjaldeyrisnefnd.

Formaður (1)	kr.	8400
Nefndarmenn (4)	—	16800
Skrifstofustjóri (1)	—	7600
Ritarar (8)	—	33600
Vélritarar (4)	—	7620
Samtals	kr.	74020

61. Húsameistari ríkisins.

Húsameistari (1), (þar af persónul. uppbót 2400)	kr.	8400
Fulltrúi (1)	—	5400
Aðstoðarmenn (2)	—	9000
Samtals	kr.	22800

69. Ferðaskrifstofa ríkisins.

Forstjóri (1)	kr.	8000
Landkynnir (1)	—	8000
Skrifstofustjóri og gjaldkeri (1)	—	6000
Bréfritari (1)	—	3600
Samtals	kr.	25600

17. gr. fjárlaga.

5. Tryggingarstofnun ríkisins.

Tryggingarráð (3)	kr.	5400
Forstjóri (1)	—	10000
Yfirlæknir, ½ laun	—	6000

		Laun alls
Endurskoðandi, ½ laun	kr.	2700
Deildarstjóri slysatr. (1)	—	6000
Gjaldkeri (1)	—	5000
Bókari sjúkratrygginga (1)	—	4800
Skrifstofumaður (1)	—	4200
Skrifstofustúlkur (3)	—	4500
Símastúlka (1)	—	1260
Sendisveinn (1)	—	1260
Samtals	kr.	51120

Stofnanir, sem ekki eru á fjárlögum.

Mjólkursamsalan:

Formaður (þar í ferðakostnaður og dvalarkostn. í Rvík)	kr.	3600
Nefndarmenn (6) (þóknun samkv. lögum, áætl.)	—	1000
Framkvæmdarstjóri (1)	—	12000
Bókarar (2)	—	10800
Gjaldkeri (1)	—	3300
Skrifstofustúlkur (2)	—	3900
Eftirlitsmaður (1)	—	3900
Samtals	kr.	38500

Kjötverðlagsnefnd:

Formaður (1)	kr.	4800
Nefndarmenn (4)	—	3000
Skrifstofustúlka (1)	—	2400
Samtals	kr.	10200

Fiskimálanefnd:

Formaður (1)	kr.	3600
Nefndarmenn (6)	—	14400
Skrifstofustjóri (1)	—	10800
Skrifstofumaður (1)	—	4200
Vélritunarstúlka (1)	—	2400
Sendimaður erlendis (1)	—	11700
Harðfisksráðunautur (1)	—	6600
Verkstjóri í hraðfrystistöðinni (1)	—	4800
Vélamaður (1)	—	4200
Samtals	kr.	62700

Síldarútvegsnefnd:

Formaður (1)	kr.	3500
Nefndarmenn (4)	—	10500
Skrifstofustjóri (1)	—	6000
Bókari (1)	—	3600
Starfsmenn ½ árið (3)	—	7800
Samtals	kr.	31400

			Laun alls
Síldarverksmiðjur ríkisins:			
Stjórnarnefnd (3)		kr.	13500
Framkvæmdarstjóri (1)		—	12000
a. Á Siglufirði:			
Skrifstofustjóri (1)	kr. 8000		
Verkstjóri (1)	— 6000		
Yfirvélstjóri (1)	— 6500		
Vélstjóri (1)	— 6000		
Vélstjóri (1) (húsnæði, ljós og hiti)	— 4300		
Vélsmiður (1)	— 4000		
Rafvirki (1)	— 4000		
Lýsismaður (1)	— 3600		
Skrifstofumenn (2)	— 9000		
Skrifstofustúlka (1)	— 2400		
	—	—	53200
b. Á Sólbakka:			
Verkstjóri (1) (húsnæði, ljós og hiti)	kr. 4800		
Vélstjóri (1) (húsnæði, ljós og hiti)	— 4800		
	—	—	9600
c. Á Raufarhöfn:			
Vélstjóri (1) (húsnæði, ljós og hiti)		—	3000
	Samtals	kr.	91300
Brunabótafélag Íslands:			
Forstjóri (1)		kr.	7200
Skrifstofustjóri (1)		—	6000
Gjaldkeri (1)		—	4800
Bókari (1)		—	4200
Ritari (1)		—	3300
Vélritarar (2)		—	6000
	Samtals	kr.	31500

Laun eru í starfsmannaskrá þessari talin, eins og þau eru greidd 1. jan. 1937, að viðbættum aldurshækkunum hjá þeim starfsmönnum, sem laun taka samkv. launalögum og nokkrum sambærilegum hækkunum hjá öðrum lágt launuðum starfsmönnum.

Skrá yfir lögmæt eftirlaun embættismanna, embættismannaekkna og barna 1. janúar 1937.

		kr.	kr.
	A. Skrá yfir lögmælt eftirlaun embættismanna:		
1.	Axel V. Tulinius, fv. sýslum.	1876,62	
2.	Björgvin Vigfússon, fv. sýslum.	1270,83	
3.	Bogi Brynjólfsson, fv. sýslum	1160,00	
4.	Davíð Sch. Thorsteinsson, fv. héraðsl.	1266,67	
5.	Einar Benediktsson, fv. sýslum.	641,91	
6.	Georg Georgsson, fv. héraðsl.	960,00	
7.	Guðm. Björnsson, fv. landlæknir	7000,00	
8.	Guðm. Eggerz, fv. sýslum.	1558,52	
9.	Guðm. Guðmundsson, fv. héraðsl.	1000,00	
10.	Guðm. T. Hallgrímsson, fv. héraðsl.	760,00	
11.	Guðm. Hannesson, fv. próf.	2266,67	
12.	Guðm. Sveinbjörnsson, fv. skrifstofustj.	1120,00	
13.	Halldór Steinsson, fv. héraðsl.	1000,00	
14.	Helgi Guðmundsson, fv. héraðsl.	1000,00	
15.	Jóhannes Jóhannesson, fv. bæjarfógeti	6000,00	
16.	Jón Jónsson, fv. héraðsl.	991,67	
17.	Karl Einarsson, fv. bæjarfógeti	1461,22	
18.	Magnús Guðmundsson, fv. sýslum.	1060,00	
19.	Magnús Helgason, fv. skólastj.	4200,00	
20.	Magnús Jónsson, fv. bæjarfógeti	4446,94	
21.	Magnús Torfason, fv. sýslum.	2333,33	
22.	Ólafur Thorlacius, fv. héraðsl.	860,00	
23.	Páll Einarsson, fv. hæstaréttard.	8000,00	
24.	Sigurður Briem, frv. aðalpóstmeistari	6000,00	
25.	Sigurður Magnússon, fv. héraðsl.	963,33	
26.	Sigurður P. Sívertsen, fv. próf.	1000,00	
27.	Sigurður Thoroddsen, fv. yfirkennari	1180,00	
28.	Skúli Árnason, fv. héraðsl.	800,00	
29.	Steingr. Jónsson, fv. bæjarfógeti	5599,40	
30.	Steingr. Matthíasson, fv. héraðsl.	860,00	
			68637,11
	B. Lögboðin eftirlaun embættismannaekkna:		
1.	Aðalbjörg Sigurðardóttir, ekkja Har. Nielssonar próf.	340,00	
2.	Álfheiður Helga Briem, ekkja P. Briem	625,00	
3.	Anna Daníelsson, ekkja H. Daníelssonar hæstaréttard.	859,37	
4.	Anna Gunnlaugsson, ekkja Halldórs Gunnlaugssonar héraðslæknis	150,00	
5.	Anna Jónsdóttir, ekkja Stef. Gíslasonar héraðsl.	187,50	
6.	Anna Jónsson, ekkja Kl. Jónssonar frv. ráðh.	750,00	
7.	Ásta Hallgrímsson, ekkja T. Hallgrímssonar skólak.	350,00	
8.	Carólína Jónassen, ekkja E. Th. Jónassen amtm.	750,00	
9.	Cathinka Sigfússon, ekkja Jóhs. Sigfússonar kennara	240,00	
10.	Christophine Bjarnhéðinsson, ekkja Sæm. Bjarnhéðinssonar prófessors	375,00	
11.	Finnboga Árnadóttir, ekkja Odds Jónssonar héraðsl.	187,50	
	Flyt	4814,37	68637,11

		kr.	kr.
	Flutt	4814,37	68637,11
12.	Guðrún Björnsdóttir, ekkja Þ. Pálssonar héraðsl.	187,50	
13.	Guðrún Briem, ekkja E. Briem hæstaréttard.	1100,00	
14.	Guðrún B. Gísladóttir, ekkja Jóns Sigurðssonar héraðsl.	189,37	
15.	Ingibjörg Jensdóttir, ekkja Hj. Jónssonar héraðsl.	305,00	
16.	Ingibjörg Magnúsdóttir, ekkja Júl. Halldórssonar héraðsl.	212,50	
17.	Ingibjörg Sigurðardóttir, ekkja Jóns Jónssonar héraðsl.	150,00	
18.	Ingileif S. Aðils, ekkja Jóns Aðils prófessors	340,00	
19.	Jenny Forberg, ekkja O. Forberg landssímastj.	500,00	
20.	Kristín Þórarinsdóttir, ekkja Kr. Kristjánssonar héraðsl.	237,50	
21.	Lára Malvina Scheving, ekkja G. Scheving héraðsl.	187,50	
22.	Margrét Árnadóttir, ekkja P. V. Bjarnasonar sýslum. ..	350,00	
23.	Margrét Lárusdóttir, ekkja G. Þorsteinssonar héraðsl.	150,00	
24.	Martha Þorvaldsson, ekkja Jóns Þorvaldssonar héraðsl.	450,00	
25.	Oliva M. Guðmundsson, ekkja Guðl. Guðmundssonar ..	560,83	
26.	Ragna Gunnarsdóttir, ekkja Ólafs Gunnarssonar héraðslæknis ..... kr. 150,00 Samkvæmt konungsúrskurði 3/5 1927, með hverju barni hennar til 16 ára aldurs: Gunnar, f. 6/1 1922 ..... — 100,00 Ólafur, f. 8/1 1924 ..... — 100,00	350,00	
27.	Rannveig Tómasdóttir, ekkja Magnúsar Jóhannssonar héraðsl. ..... kr. 187,50 Samkvæmt konungsúrskurði 29/8 1924, með börnum hennar til 16 ára aldurs 80 kr. árl.: Guðríður Erla, f. 3/1 1921 ..... — 80,00 Axel Valgarður, f. 20/8 1922 ..... — 80,00	347,50	
28.	Sigríður Blöndal, ekkja B. Blöndals héraðsl.	150,00	
29.	Sigríður Hjaltadóttir Jensson, ekkja J. Jenssonar yfirdómara	500,00	
30.	Sigríður Jónsdóttir, ekkja Bj. Jenssonar héraðsl.	187,50	
31.	Sigríður Pálsson, ekkja Pálma Pálssonar yfirkennara ..	450,00	
32.	Sigrún Bjarnason, ekkja Þorl. H. Bjarnason yfirkennara	400,00	
33.	Steinunn Frímannsdóttir, ekkja St. Stefánss. skólameist.	715,82	
34.	Súsanna Erlendsson, ekkja Hinriks Erlendssonar héraðsl. ..... kr. 187,50 Samkv. kgúrsk. 7/6 1931, með hverju barni hennar til 16 ára aldurs: 1. Sigríður, f. 16/6 1922 ..... — 100,00 2. Friðrik, f. 25/5 1925 ..... — 100,00 3. Bjarni, f. 9/5 1927 ..... — 100,00	487,50	
35.	Susie Briem, ekkja Halldórs Briem bókav.	300,00	
36.	Theodóra Thoroddsen, ekkja Sk. Thoroddsen sýslum.	535,17	
37.	Vigdís G. Blöndal, ekkja Jóns Blöndal héraðsl.	187,50	
38.	Þóra Gísladóttir, ekkja Sig. Pálssonar héraðsl.	212,50	
	Flyt	14558,06	68637,11

		kr.	kr.
	Flutt	14558,06	68637,11
39.	Þóra Magnússon, ekkja Jóns Magnússonar ráðh.	1200,00	
40.	Þórunn Hafstein, ekkja Marinó Hafsteins sýslum.	315,00	
41.	Þórunn Siemsen, ekkja Fr. Siemsen sýslum.	391,90	
42.	Þuríður Kvaran, ekkja Sig. H. Kvaran héraðsl.	150,00	
			16614,96
	C. Lögmælt eftirlaun prestsekkna:		
1.	Anna Kristjánsdóttir frá Þóroddsstað	100,52	
2.	Anna Stefánsdóttir frá Stað í Súgandafirði	100,00	
3.	Arndís Pétursdóttir frá Vatnsfirði	162,10	
4.	Ástríður Petersen frá Svalbarði	100,00	
5.	Bergljót Blöndal frá Hvammi í Skagafirði	100,00	
6.	Björg Einarsdóttir frá Dvergasteini	256,84	
7.	Björg Einarsdóttir frá Undirfelli	100,00	
8.	Guðbjörg Hermannsdóttir frá Þingvöllum	118,30	
9.	Guðfinna Jensdóttir frá Miklabæ	116,96	
10.	Guðný Þorsteinsdóttir frá Nesi	126,44	
11.	Guðrún Hermannsdóttir frá Breiðabólsstað	212,94	
12.	Guðrún J. Jóhannesdóttir frá Bergstöðum	107,54	
13.	Guðrún Jónsdóttir frá Kolfreyjustað	183,78	
14.	Guðrún Pétursdóttir frá Görðum	314,81	
15.	Guðrún Sigurðardóttir frá Flatey	118,93	
16.	Guðrún N. Sveinsdóttir frá Lundi	100,00	
17.	Guðrún Torfadóttir frá Hólmum	134,40	
18.	Guðríður Helgadóttir frá Kvennabrekku	168,00	
19.	Guðríður Ólafsdóttir frá Húsavík	135,74	
20.	Halldóra Vigfúsdóttir frá Breiðabólsstað	158,95	
21.	Helga Ketilsdóttir frá Grindavík	100,00	
22.	Helga Skúladóttir frá Kálfafellsstað	72,94	
23.	Helga Stephensen frá Holti	184,36	
24.	Ingibjörg Magnúsdóttir frá Laufási	142,10	
25.	Jakobína Sigurgeirsdóttir frá Borg	142,56	
26.	Jóhanna Magnúsdóttir frá Staðarhrauni	224,00	
27.	Kristín Jónsdóttir frá Brjánslæk	103,00	
28.	Líney Sigurjónsdóttir frá Görðum	314,81	
29.	Margrét Jónasdóttir frá Stað	131,36	
30.	Margrét Sigurðardóttir frá Höskuldsstöðum	131,85	
31.	Margrét Þórðardóttir frá Gaulverjabæ	139,86	
32.	Ragnheiður Magnúsdóttir frá Stað í Steingrímsfirði ..	131,36	
33.	Sigríður Halldórsdóttir, Holti, Önf.	184,36	
34.	Sigríður Helgadóttir frá Odda	215,70	
35.	Sigríður Jóhannesdóttir frá Hruna	129,42	
36.	Sigríður Jónsdóttir frá Melstað	188,06	
37.	Sigríður Metúsalemsdóttir frá Staðarbakka	131,22	
38.	Sigríður Þórðardóttir frá Stafholti	156,00	
39.	Sigurlaug Knudsen frá Breiðabólsstað	133,00	
40.	Sigrún Kjartansdóttir frá Mosfelli	147,50	
41.	Steinunn Eiríksdóttir Stephensen frá Bjarnanesi	200,22	
	Flyt	6219,97	85252,07

	kr.	kr.
Flutt	6219,97	85252,07
42. Valgerður Karólína Guðmundsdóttir frá Grenivík	164,63	
43. Vigdís Einarsdóttir frá Grunnavík	104,16	
44. Vilborg Jónsdóttir frá Prestsbakka	102,65	
45. Þóra Jónsdóttir frá Auðkúlu	82,72	
46. Þorbjörg Pálsdóttir frá Gilsbakka	100,00	
47. Þórunn Bjarnadóttir frá Vigur	144,44	
		6918,57
D. Lög nr. 49 1923:		
Einar Þorkelsson, fyrrv. skrifstofustjóri Alþingis		2500,00
E. Lög nr. 51 1921, 8. gr.:		
1. Aldný Magnúsdóttir, ekkja Árna Kristjánssonar símritara ..... kr. 220,00		
Sonur hennar Örn, f. 2/9 1925, til 16 ára .. — 100,00		
	320,00	
2. Anna Þorgrímsdóttir læknisekkja	300,00	
3. Ásta Einarsson, ekkja Magnúsar Einarssonar dýral. ..	250,00	
4. Ásta Halldórsdóttir, ekkja Óskars Jónssonar póstafgreiðslumanns ..... kr. 240,00		
Börn hennar til 16 ára aldurs:		
1. Edda, f. 3/6 1931 ..... — 100,00		
2. Eva, f. 12/9 1934 ..... — 100,00		
	440,00	
5. Björg Jónsdóttir, ekkja Sig. Þórðars. prests kr. 200,00		
Börn hennar til 16 ára aldurs:		
1. Bjarghildur Ingibjörg, f. 9/4 1926 ..... — 100,00		
2. Oddrún Valborg, f. 3/1 1928 ..... — 100,00		
	400,00	
6. Guðbjörg Árnadóttir, ekkja Jóns Karlssonar héraðsl.	350,00	
7. Harriet Jónsson, ekkja Magn. Jónssonar lagaprófessors	450,00	
8. Hedvig Blöndal, ekkja Óla P. Blöndal póstritara	350,00	
9. Hrefna Einarsdóttir læknisekkja	350,00	
10. Ingibjörg Ogmundsdóttir, ekkja Guðm. Eyjólfssonar símstjóra ..... kr. 180,00		
Sonur hennar til 16 ára aldurs:		
Ögmundur, f. 25/4 1924 ..... — 100,00		
	280,00	
11. Margrét Þórðardóttir, ekkja Guðna Hjörleifss. héraðsl.	450,00	
12. María Guðmundsdóttir, ekkja Ásgr. Péturss. fiskim.m.	240,00	
13. María Jónsdóttir, ekkja Fr. Klemenssonar póstafgrm.	240,00	
14. Marta Þórarinsdóttir, ekkja Viggós Snorrasonar símamanns ..... kr. 180,00		
Barn hennar til 16 ára aldurs:		
Helga, f. 21/7 1927 ..... — 100,00		
	280,00	
Flyt	4700,00	94670,64

		kr.	kr.
	Flutt	4700,00	94670,64
15.	Þrúður Ingibjörg Jónsdóttir, ekkja Björns Magnússonar símstjóra ..... kr. 260,00		
	Börn hennar til 16 ára aldurs:		
	1. Guðný, f. 20/7 1925 ..... — 100,00		
	2. Magnús, f. 1/11 1928 ..... — 100,00		
		460,00	
			5160,00
	Samtals	. . .	99830,64

2. Frumvarp til laga

um framlenging á gildi ýmsra lagaákvæða um tekjuöflun fyrir ríkissjóð.

(Lagt fyrir alþingi 1937.)

1. gr.

Á árinu 1938 er ríkisstjórninni heimilt að innheimta verðtoll og gjöld, sem talin eru í 2. gr. laga nr. 82 26. apríl 1935, á sama hátt og í sömu tilfellum sem í nefndri grein, og einnig að innheimta með 25% viðaukaverðtoll þann, sem um ræðir í lögum nr. 132 31. dec. 1935.

2. gr.

Skemmtanaskatt samkvæmt lögum nr. 56 31. maí 1927 skal til ársloka 1938 heimilt að innheimta með 80% álagi. Þó skulu leiksýningar, hljómleikar og söngskemmtanir innlendra manna undanþegnar álagningunni.

3. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að innheimta á árinu 1938 tekjuskatt og eignarskatt með sama álagi og eftir sama skattstiga sem árið 1936, sbr. lög nr. 82 26. apríl 1935, 1. gr., lög nr. 128 31. dec. 1935, 2. gr. 1. og 2. málsgr., og lög nr. 51 21. apríl 1936, um breyting á þeim lögum.

Ákvæði síðustu málsgreinar 2. gr. laga nr. 128 31. dec. 1935 skulu gilda til ársloka 1938.

4. gr.

Á árinu 1938 er ríkisstjórninni heimilt að innheimta gjald af innfluttum vörum, sem taldar eru í 3. gr. laga nr. 128 31. dec. 1935, á sama hátt og í sömu tilfellum sem þar segir.

5. gr.

Á árinu 1938 skal ríkisstjórninni heimilt að innheimta 8 aura innflutningsgjald af hverjum lítra af benzíni, í stað þess innflutningsgjalds, sem ákveðið er í a-lið 1. gr. laga nr. 84 6. júlí 1932. Endurgreiða skal nefnt gjald í sömu tilfellum og á sama hátt sem fyrir er mælt í 5. málsgr. 4. gr. laga nr. 128 31. dec. 1935 og reglugerð nr. 75 4. júlí 1933. Annars gilda ákvæði laga nr. 84 6. júlí 1932 um innheimtu gjalds þess, sem innheimt er samkvæmt þessari grein.

Þeim tekjuauka, sem leiðir af framangreindri hækkun innflutningsgjaldsins, skal varið til þess að greiða kostnað við lagningu akvega og malbikun þjóðvega svo sem hér segir:

I. Til malbikunar:
a. Elliðaárvegar ..... allt að 50000 kr.
b. Hafnarfjarðarvegar ..... allt að 50000 —
II. Til akvega:
a. Til Suðurlandsbrautar ..... allt að 70000 kr.
b. — Holtavörðuheiðarvegar ..... allt að 45000 — —
c. — Austurlandsvegar ..... allt að 20000 — —
d. — Geysisvegar ..... allt að 5000 — —
e. — vega út frá Akureyri ..... allt að 10000 —
f. — Vopnafjarðarvegar til Möðrudals ..... allt að 5000 —
g. — Ljósavatnsskarðsvegar ..... allt að 5000 —

Það, sem ofangreindur tekjuauki kann að fara fram úr 260000 krónum, leggist í sérstakan sjóð, er verði ráðstafað til lagningar Suðurlandsbrautar á árinu 1939.

6. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1938.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta:

Frumvarpið gerir ráð fyrir framlengingu allra þeirra lagaákvæða um tekjuöflun til ríkissjóðs, sem nú gilda til ársloka 1937, að undanskildum verðtollinum, en um framlenging hans er lagt fyrir sérstakt frumvarp. Má ríkissjóður ekki við því að missa tekjur af þessum ákvæðum, ef halda á uppi þeim framlögum til atvinnuveganna og verklegra framkvæmda, sem fjárlagafrumvarpið fyrir árið 1938 ráðgerir. Tillögurnar í frumvarpinu um skipting benzínskattsins eru í samræmi við fjárlagafrumvarpið.

3. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 50 31. maí 1927, og lögum nr. 70 28. desember 1934, um gjald af innlendum tollvörutegundum.

(Lagt fyrir alþingi 1937.)

1. gr.

Í stað ákvæðanna í 2. gr. laga nr. 50 31. maí 1927, um gjald af innlendum tollvörutegundum, og í 1. gr. laga nr. 70, 28. dec. 1934, um breyting á þeim lögum, komi svo hljóðandi ákvæði:

Fyrir tollvörutegundir, sem tilbúnar eru hér á landi, skal greiða gjald í ríkissjóð, er miða skal við aðflutningsgjaldið á hverri tollvörutegund eftir tolllögum þeim, er gilda hverju sinni, þannig:

1. Fyrir gosdrykki, $\frac{1}{3}$ aðflutningsgjalds.
2. a. Fyrir öl, nema maltöl, $\frac{1}{2}$ aðflutningsgjalds.
   b. Fyrir maltöl, $\frac{1}{6}$ aðflutningsgjalds.
3. Fyrir óáfeng vín, $\frac{1}{2}$ aðflutningsgjald.
4. Fyrir aldinsöft, límonaðisöft, litað sykurvatn með kjörnum og sams konar drykki, sem ætlaðir eru til drykkjar, $\frac{1}{3}$ aðflutningsgjalds.
5. Fyrir tóbaksvindla og tóbaksvindlinga, $\frac{1}{2}$ aðflutningsgjald.
6. Fyrir kaffibæti og kaffilíki, $\frac{1}{3}$ aðflutningsgjalds.
7. Fyrir sætindi, svo sem brjóstsykur, karamellur, lakkrís og lakkrísvörur, mótað sætt marsipan, sykraða ávexti, sætar brenndar möndlur, tyggigúmmí, átsúkkulaði, rjómasúkkulaði, mjólkursúkkulaði (nýmjólkursúkkulaði), undanrennusúkkulaði, súkkulaðihúðað munngæti (t. d. kremsúkkulaði, krókantsúkkulaði,

marsipansúkkulaði, núgatsúkkulaði og konfekt), ávaxtasúkkulaði, hnotsúkkulaði, möndlusúkkulaði, rjómasúkkulaðihúð og mjólkursúkkulaðihúð, kókosbollur, „negrakossa“ og rjómalengjur, ½ aðflutningsgjald.

8. Fyrir allar tegundir af hreinu súkkulaði, t. d. suðusúkkulaði, iðnsúkkulaði og súkkulaðihúð, aðrar en þær, sem falla undir 7. tölulið þessarar greinar, ½ aðflutningsgjald.

Verði ágreiningur um það, hvaða vörur skuli taldar og ekki taldar til framangreindra tollflokka, fellir fjármálaráðherra um það fullnaðaúrskurð.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta:

Breytingar þær, sem samkvæmt frumvarpinu er ætlazt til að gerðar verði á lögunum um gjald af innlendum tollvörutegundum, leiða af breytingum, sem ætlazt er til að gerðar verði á ákvæðum tollalaganna, samkvæmt frumvarpi, sem lagt er fyrir þingið samtímis þessu frumvarpi, og nægir að vísa til greinargerðarinnar fyrir frumvarpinu að síðast greindum lögum og ástæðunum fyrir bráðabirgðalögum, sem lögð eru fyrir sem fylgiskjal með frumvarpi þessu.

Fylgiskjal.

Bráðabirgðalög um breyting á lögum nr. 50 31. maí 1927, og lögum nr. 70 28. dec. 1934, um gjald af innlendum tollvörutegundum.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórnæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Fjármálaráðherra Vor hefir tjáð Oss, að kveða þurfi nánara á um ákvæði í lögum nr. 50 31. maí 1927, og lögum nr. 70 28. dec. 1934, um breytingar á þeim lögum, til þess að koma í veg fyrir ágreining um, hvort téð ákvæði beri framvegis að skilja á sama hátt sem hingað til hefir verið gert við framkvæmd nefndra laga. Með því að svo er ástatt, teljum Vér nauðsyn bera til þess að gefa út bráðabirgðalög um þetta efni, samkvæmt 23. gr. stjórnarskrárinnar 18. maí 1920.

Því bjóðum Vér og skipum þannig:

1. gr.

Í stað ákvæðanna í 2. gr. laga nr. 50 31. maí 1927, um gjald af innlendum tollvörutegundum, og í 1. gr. laga nr. 70 28. dec. 1934, um breyting á þeim lögum, komi svo hljóðandi ákvæði:

Fyrir tollvörutegundir, sem tilbúnar eru hér á landi, skal greiða gjald í ríkissjóð, er miða skal við aðflutningsgjaldið á hverri tollvörutegund, eftir tolllögum þeim, er gilda hverju sinni, þannig:

a. Fyrir tóbaksvindla og vindlinga, ½ aðflutningsgjald.
b. Fyrir brjóstsykur, konfekt og súkkulaði, ½ aðflutningsgjald.
c. Fyrir kaffibæti, ⅓ aðflutningsgjalds.
d. Fyrir óáfeng vín, ½ aðflutningsgjald.
e. Fyrir ávaxtasafa og ávaxtasafalíki, svo sem litað sykurvatn með kjörnum, öl, annað en maltöl, límonaði og aðra sams konar drykki, sem ætlaðir eru óblandaðir til drykkjar, svo og sódavatn, ⅓ aðflutningsgjalds.

f. Fyrir maltöl, 1/6 aðflutningsgjalds.

Verði ágreiningur um flokkun í framangreinda tollflokka, fellir fjármálaráðherra um það fullnaðarúrskurð.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört í Sorgenfríhöll, 25 september 1936.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.
(L. S.)

Eysteinn Jónsson.

4. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 41 27. júní 1921, um breyting á 1. gr. tolllaga nr. 54 11. júlí 1911.

(Lagt fyrir alþingi 1937.)

1. gr.

1. málsgr. 1. gr. laganna orðist svo:

Þegar fluttar eru til landsins eftirtaldar vörur, skal af þeim greiða aðflutningsgjald í ríkissjóð eins og hér segir:

1.	Af alls konar gosdrykkjum	kr. 0.30	af hverjum lítra
2.	Af alls konar öli	0.80	— — —
3. a.	Af hvítvíni, rauðvíni, freyðivíni og öðrum svipuðum vínum	1.00	— — —
b.	Af kínavíni, madeira, malaga, portvíni, sherry, tokajervíni, vermouth og öðrum svipuðum vintegundum	2.00	— — —
4. a.	Af vökvum, sem í er vínandi (aethylalkóhól) og aðfluttir eru til eldsneytis og iðnaðar og gerðir ódrykkjarhæfir undir umsjón yfirvalds	2.00	— — —
b.	Af ilmvötnum og hárlyfjum, sem vínandi er í	4.00	— — —
c.	Af öðrum áfengum drykkjum og vökvum en þeim, sem falla undir 3., 4. a. og b. og 5. tölulið þessarar greinar,		
	með 47% vínanda að rúmmáli eða minna	3.00	— — —
	47%—71% vínanda af rúmmáli	4.00	— — —
	71% eða meiri hundraðshluta af vínanda	5.00	— — —
5.	Af áfengum kjörnum, aldinsafa, aldinsöftum, límonaðisöftum, lituðu sykurvatni með kjörnum, óáfengum vínum og öðrum slíkum drykkjum og vökvum, sem ekki eru taldir í öðrum liðum	1.50	— — —

Undanþegin þessum tolli er berjakvoða (pulp), sem flutt er til landsins til sultugerðar.

Ef vörutegundir þær, sem taldar eru í 1.—5. tölulið hér að framan, eru innfluttar í ílátum, sem rúma minna en lítra, skal greiða sama gjald af hverjum $^3/_4$ lítra sem af lítra í stærri ílátum.

6. a.	Af óunnum tóbaksblöðum	—	4.00	—	hverju kg.
b.	Af alls konar unnu tóbaki, neftóbaki, munntóbaki og reyktóbaki	—	6.40	—	—
7. a.	Af tóbaksvindlum	kr.	16.00	af	hverju kg.
b.	Af tóbaksvindlingum	—	20.80	—	—
8. a.	Af óbrenndu kaffi alls konar	—	0.60	—	—
b.	Af brenndu kaffi alls konar	—	0.80	—	—
9.	Af kaffibæti, kaffilíki hvers konar og kaffilíkisblöndum	—	1.60	—	—
10.	Af sykri og sírópi	—	0.15	—	—
11.	Af tei	—	1.50	—	—
12. a.	Af kakaódufti og kakaómalti	—	0.50	—	—
b.	Af kakaóbaunum brenndum muldum og ómuldum	—	0.50	—	—
c.	Af kakaóbaunum óbrenndum og ómuldum	—	0.35	—	—
13.	Af alls konar sætindum, svo sem brjóstsykri, karamellum, lakkrísi og lakkrísvörum, mótuðu sætu marsipani, sykruðum ávöxtum, sætum brenndum möndlum, tyggigúmmí, átsúkkulaði, rjómasúkkulaði, mjólkursúkkulaði (nýmjólkursúkkulaði), undanrennusúkkulaði, kokosbollum, „negrakossum“ og rjómalengjum, súkkulaðihúðuðu munngæti (t. d. kremsúkkulaði, krókantsúkkulaði, marsipansúkkulaði, núgatsúkkulaði og konfekti), ávaxtasúkkulaði, hnotsúkkulaði, möndlusúkkulaði, rjómasúkkulaði og mjólkursúkkulaðihúð	—	3.00	—	—
14. a.	Af öllum tegundum af hreinu súkkulaði (t. d. suðusúkkulaði, iðnsúkkulaðihúð og súkkulaðihúð) öðrum en þeim, sem falla undir 13. tölulið	—	1.50	—	—
b.	Af kakaódeigi	—	1.00	—	—

Verði ágreiningur um það, hvaða vörur skuli taldar og ekki taldar til framangreindra tollflokka, fellir fjármálaráðherra um það fullnaðarúrskurð.

2. gr.

Til ársloka 1938 er ríkisstjórninni heimilt að innheimta með 25% viðauka aðflutningsgjald það, sem ákveðið er í 1. gr. laga þessara. Undanþegin viðaukanum er þó sykur, síróp, brennt og óbrennt kaffi, kaffibætir og öl.

3. gr.

Lög nr. 12 3. júní 1933, lög nr. 73 28. dec. 1934 og lög nr. 126 31. dec. 1935 eru úr gildi numin.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta:

Hér er safnað saman á einn stað ákvæðum þeim, sem felast í ákvæðum laga þeirra, sem um ræðir í 3. gr. þessa frumvarps og þau felld inn í texta 1. málsgr. 1. gr. laga nr. 41 27. júní 1921, um breyting á 1. gr. tollaganna frá 1911. Haganlegt er að hinir ýmsu gjaldstigar laganna séu saman safnaðir á einum stað. Annars er ákvæðum tollaflakkanna ekki breytt að öðru leyti en því, að þau eru orðuð í samræmi við úrskurði, sem felldir hafa verið, samkvæmt heimild í lögunum, um skilning á nokkrum umdeildum ákvæðum laganna, og í samræmi við skilgreiningar þær, sem um ræðir í reglugerðum, settum samkvæmt heimild í lögum nr. 24 1. febr. 1936.

en reglugerðir þessar fjalla um það, hvernig tilteknar neyzluvörur skuli gerðar, til þess að þær skorti ekki eðlilega hollustu, séu ekki skaðlegar heilbrigði manna eða falsaðar. Ekki er gert ráð fyrir öðrum breytingum á aðflutningsgjöldunum, frá því sem þau eru nú, en að til sætinda er talinn í frumvarpinu lakrís og lakkrísvörur og mótað sætt marsipan, kókosbollur, rjómalengjur og þess háttar, en þessar vörur eru hliðstæðar vörum þeim, sem taldar eru nú til sætinda í lögunum. Undir þessi lög fellur ekki lakkrísextrakt eða marsipanmassi.

5. Frumvarp til laga

um bráðabirgðabreyting nokkurra laga.

(Lagt fyrir alþingi 1937.)

1. gr.

1. Framkvæmd laga nr. 50 10. nóv. 1913, um að landssjóður leggi landsbankanum til 100 þús. kr. á ári í næstu 20 ár, er frestað til ársloka 1938.
2. Tekjur eftir lögum nr. 56 31. maí 1927, um skemmtanaskatt og þjóðleikhús, renna í ríkissjóð til ársloka 1938.
3. Tekjur eftir lögum nr. 58 8. sept. 1931, um einkasölu á tóbaki, skulu renna í ríkissjóð til ársloka 1938.
4. Framkvæmd annarar og þriðju greinar laga nr. 45 10 nóv. 1913, um bjargráðasjóð Íslands, er frestað til ársloka 1938.
5. Kennslu-eftirlit það, sem ræðir um í 6.—8. gr. laga nr. 35 19. maí 1930, fellur burt til ársloka 1938.
6. Framkvæmd c-liðar í 8. gr. laga nr. 84 6. júlí 1932, um bifreiðaskatt og fleira, er frestað til ársloka 1938.
7. Ríkisstjórninni er heimilt að fresta til ársloka 1938 framlögum samkvæmt 5. gr. laga nr. 34 19. júní 1933, um breyting á lögum nr. 84 6. júlí 1932, um bifreiðaskatt og fleira, til þeirra kaupstaða og verzlunarstaða, sem ekki leggja tilskilinn hluta á móti ríkisframlaginu og framkvæma ekki malbikun á árinu 1938.
8. Á árinu 1938 leggur ríkissjóður ekki fram til ræktunarsjóðs Íslands þann hluta útflutningsgjalds, sem ræðir um í 12. gr. laga nr. 63 28. jan. 1935.
9. Á árinu 1938 skal frestað framkvæmd laga nr. 98 19. júní 1933, um læknishéraða- og prestakallasjóði.
10. Á árinu 1938 fellur niður starf gengisnefndar og launagreiðsla til hennar, samanber lög nr. 48 4. júní 1924 og lög nr. 9 27 maí 1925.
11. Á árinu 1938 skal ekki verja hærri fjárhæð úr ríkissjóði til búfjárræktar, samanber lög nr. 32 1931, en 56000 kr. Landbúnaðarráðherra ákveður í samráði við búnaðarfélag Íslands, hvernig þessum sparnaði verði náð.
12. Á árinu 1938 má ekki verja úr ríkissjóði meira en 14000 kr. til kaupa á erlendum áburði, sbr. lög nr. 51 28. jan. 1935.
13. Á árinu 1938 leggur ríkissjóður ekki fram meira en 1000 krónur til bókasafna prestakalla, sbr. lög nr. 17 7. júlí 1931.
14. Á árinu 1938 greiðir ríkissjóður ekki hærra framlag til sýsluvegasjóða en það, sem ákveðið er til móts við 5% úr héruðum, sbr. lög nr. 102 19. júní 1933.
15. Árið 1938 skulu ekki vera launaðir prófdómendur við ríkisskólana eða skóla, er njóta ríkisstyrks, nema við embættispróf í háskólanum og burtfararpróf í menntaskólunum, kennaraskólanum, stýrimannaskólanum, vélstjóraskólanum, siglarfræðinámskeiðum og vélgæzlunámskeiðum.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1938.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta:

Með þessu frumvarpi er farið fram á, að frestað verði framkvæmd á eða breytt til bráðabirgða árið 1938 þeim lögum og einstökum lagaákvæðum, sem frestað er framkvæmd á eða breytt til bráðabirgða 1937, að undanskildu hámarki því, sem ákveðið var á framlag til verkfærakaupasjóðs árið 1937. Hefir nú verið sett hærra hámark í nýju jarðræktarlögunum.

Verður ekki annað séð en full þörf muni verða fyrir þann sparnað árið 1938, sem af frumvarpi þessu leiðir, ef að lögum verður.

6. Frumvarp til laga

um framlenging á gildi laga um verðtoll og bráðabirgðaverðtoll.

(Lagt fyrir alþingi 1937.)

1. gr.

Lög nr. 47 15. júní 1926, um verðtoll af nokkrum vörum, lög nr. 5 3 apríl 1928, um breyting á þeim lögum, með þeim breytingum, sem leiðir af lögum nr. 11 2. júní 1933, um bráðabirgðaverðtoll, og lögum nr. 132 31. des. 1935, um breyting á þeim lögum, svo og lög nr. 11 2. júní 1933 og lög nr. 132 31. des. 1935, skulu gilda til ársloka 1938.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1938.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta:

Í þessu frumvarpi er lagt til að framlengja til ársloka 1938 öll gildandi lagaákvæði um verðtoll. Verður alls ekki séð, að hjá slíkri framlengingu sé hægt að komast.

7. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 56 31. maí 1927, um skemmtanaskatt og þjóðleikhús

(Lagt fyrir alþingi 1937.)

1. gr.

Aftan við 7. gr. laga nr. 56 31. maí 1927, bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:

Það telst brot á lögum þessum, ef það er gert að skilyrði fyrir aðgöngu á skemmtun, að menn greiði félagsskírteini, félagstillög, merki eða annað þess háttar, enda greiðist þá skemmtanaskattur einnig af slíkum framlögum eða greiðslum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta:

Það hefir komið fyrir, að reynt hefir verið að komast hjá því að greiða skatt af allri þeirri fjárhæð, sem í raun og veru hefir orðið að greiða til þess að fá aðgang að skattskyldri skemmtun, sérstaklega að dansleikum, með því móti, að menn,

auk aðgöngumiðans, hafa verið látnir kaupa svoköllud félagsskirteini, merki eða því um líkt, eða greiða félagstillag.

Þótt þessi viðleitni, sem miðar að því að fara í kringum skemmtanaskattslögin, varði refsingu eftir lögunum, eins og þau nú eru, þykir þó rétt að kveða skýrt á um það í lögunum, að slík viðleitni varði við lög.

8. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 54 15. júní 1926, um vörutoll.

(Lagt fyrir alþingi 1937.)

1. gr.

4. gr. vörutollslaganna orðist svo:

Vörutollinn skal greiða gjaldheimtumanni — tollstjóranum í Reykjavík, sýslumönnum, bæjarfógetum, sérstökum lögreglustjórum í kaupstúnum — þar sem vöru, samkvæmt athugasemd á aðalfarmskrá skipsins, á að flytja úr skipinu, sem flutti vöruna hingað til lands. Vörutollinn skal ákveða eftir vegnum þunga vörunnar eða rúmmáli, ef um trjávið, tréglugga, tréhurðir og húsalista er að ræða, farmskírteini eða farmskrá. Greiða skal vörutoll af vörum, sem skráðar eru í sama farmskrárnúmeri, í einu lagi.

2. gr.

5. gr. vörutollslaganna orðist svo:

Öll þau skip, sem flytja tollskyldar vörur hingað til lands, sem á að setja á land eða umskipa í önnur skip eða farartæki á höfnum inni eða innan íslenzkrar landhelgi, skulu hafa farmskrá (manifest) yfir vörur þessar. Ónauðsynlegt er þó að settar séu á farmskrá vörur, sem ætlaðar eru skipinu sjálfu, skipverjum eða farþegum til neyzlu í því, venjulegur farangur ferðamanna og farangur skipverja, enda ber skipstjóra að sjá um, að skipverjar hafi ekki meðferðis annan farangur en þann, er þeir þurfa til eigin nota. Leyfi skipstjóri hins vegar skipverja að hafa á skipi farangur um fram það, sem hér var greint, sbr. 54. gr. sjómannalaganna, ber honum að skýra tollgæzlumanni frá því og hversu mikið það sé. Ennfremur ber skipstjóra að sjá um, að skipverjar hafi ekki meðferðis annan farangur en þann, er þeir þurfa til eigin nota. Leyfi skipstjóri hinsvegar skipverja að hafa á skipi farangur umfram það, sem hér var greint, smbr. 54. gr. sjómannalaganna, ber honum að skýra tollgæzlumanni frá því og hversu mikið það sé. Enn fremur ber skipstjóra að sjá um, að allur farþegafarangur sé skráður á þar til gerða farþegafarangursskrá, sem hann afhendir undirritaða til staðfestu, tollgæzlumanni á fyrstu höfn, sem sendir hana áfram með skipinu, ef svo hagar til um ferðir skips.

Farmskrá skal frá hverju landi vera samin í minnst 3 samritum, og auk þess samhljóða útdrættir úr farmskránni yfir vörur þær, sem eiga að fara á hverja einstaka höfn. Tvö eintök af aðalfarmskránni skal afhenda gjaldheimtumanni, þar sem skipið hafnar sig fyrst, en hann gætir þess hvort farmskrár séu samdar og útbúnar í fyrirskipuðu formi, og sendir hann síðan hagstofunni annað eintakið af aðalfarmskránni með fyrstu ferð, en hitt eintakið af aðalfarmskránni afhendir hann aftur skipstjóra, sem ber að skila því gjaldheimtumanni á síðustu höfn hér á landi, sem skipið flytur vörur til. Sá gjaldheimtumaður sendir síðan fjármálaráðuneytinu síðastgreint eintak af aðalfarmskránni. Útdrættina úr aðalfarmskránni skal afhenda gjaldheimtumanni á hverri höfn, þar sem vörur eiga að fara í land. Aðalfarmskrár og útdrættirnir skulu vélritaðir eða greinilega skrifaðir svo auðvelt sé að lesa þá. Á þeim sé greinilega tilgreint stykkjatal, merki og númer þeirra, sendandi og viðtakandi, heiti og þungi vörunnar eða ef um trjávið, tréglugga, tréhurðir og húsa-

lista er að ræða, rúmmál, svo og flutningsgjald. Vörusendingar skulu á skrám og útdráttum tilfærðar í óslitinni töluröð.

Afgreiðslumenn skipa, sem eiga að flytja tollskyldar vörur til Íslands, og skipstjórar þeirra skipa, skulu á síðasta brottfararstað skipsins frá hverju landi, þegar skipið hefir tekið allar vörur, sem þar á að taka, undirrita bæði samritin af aðalfarmskránni, sem ætluð eru fjármálaráðuneytinu og hagstofunni, svo og vottorð ritað á skrárnar um það, að skipið hafi ekki frá hinni tilteknu höfn eða landi tekið aðrar eða meiri vörur til Íslands en þær, sem á aðalfarmskránni eru tilfærðar, að undanteknum þeim, sem ætlaðar eru skipinu sjálfu, skipverjum og farþegum til neyzlu í því. Skipstjórarnir og afgreiðslumennirnir skulu undirrita farmskrársamritin og vottorðin á þau í viðurvist ræðismanns eða annars umboðsmanns ríkisins, ef nokkur er þar á staðnum, annars í viðurvist tollyfirvaldsins, og undirrita þeir einnig til staðfestu. Um gerð og útbúnað farmskráa og greindra vottorða skulu sett nánari ákvæði í reglugerð.

Það varðar skipstjóra sektum, allt að 1000 kr., ef farmskrár fylgja ekki skipi, samdar eins og mælt er fyrir eða ákveðið kann að vera í reglugerð, eða ef vanrækt er að afhenda þær gjaldheimtumanni eða umboðsmanni hans. Ef svo stendur á eða skrám er áfátt, getur gjaldheimtumaður og krafist þess, að skipstjóri eða afgreiðslumaður riti upp farmskrár og útdrætti, og ef hann telur þess þörf, látið telja vörur upp úr skipinu á kostnað skipseiganda. Annars má gjaldheimtumaður, hvenær sem honum þykir þurfa, láta telja vörur úr skipi, en ekki ber skipseigandi kostnað við það, nema skrár reynist rangar við talninguna.

3. gr.

6. gr. vörutollslaganna orðist svo:

Á fyrstu höfn, sem skip, er hefir meðferðis tollskyldar vörur, sem á að setja á land eða umskipa í önnur skip eða farartæki á höfnum inni eða innan íslenzkrar landhelgi, tekur hér á landi, skal skipstjóri jafnframt því sem hann afhendir aðalfarmskrár skipsins, undirrita vottorð á æru og samvisku undir hegningarábyrgð, sbr. 155. gr. hegningarlaganna, að skipið hafi ekki síðan það lagði úr tiltekinni erlendri höfn, tekið við vörum eða farangri úr öðrum skipum á leiðinni, og að eigi séu í skipnu aðrar eða meiri tollskyldar vörur en þær, sem tilfærðar eru á aðalfarmskránni, eða þær, sem hann þá samstundis skýrir frá, að ætlaðar séu skipinu sjálfu, skipverjum eða farþegum til neyzlu í því eða þær, sem skráðar eru á farþegafarangurskrá.

Á hverri höfn, sem skip hafnar sig hér á landi til þess að setja tollskyldar vörur á land, ber skipstjóra að afhenda gjaldheimtumanni útdrátt úr aðalfarmskránni yfir þær vörur, sem eiga að fara til þess staðar, og skriflegt vottorð um það, að til þess staðar verði ekki látnar í land aðrar eða meiri tollskyldar vörur en þær, sem á útdrættinum eru.

Eigi má byrja að afferma skip nema með leyfi gjaldheimtumanns, en slíkt leyfi má eigi veita fyrr en skipstjóri hefir afhent öll framangreind skjöl. Sé afferming byrjuð án leyfis gjaldheimtumanns varðar það skipstjóra allt að 1000 kr. sekt.

Til þess að fullvissa sig um, að vörur og annar farangur, sem er með skipi, sé öllum framvísað og rétt frá skýrt fyrir tollgæzlumanni og allt sé tilfært á skjölum, sem skip hafa meðferðis af vörum, er tollgæzlumanni heimilt að leita alls staðar í skipi og í hirzlum og farangri skipverja og farþega, svo og á skipverjum, farþegum og öðrum mönnum, er tollgæzlumanni þykir ástæða til að ætla, að leyni á sér vörum eða hlutum, til að skjóta undan tollgreiðslu, eða sem bannað er að flytja í land. Alt, sem fyrirfinnst af tollvörum og bannvörum við slíka rannsókn, ber að skoða sem ólöglega innfluttar eða tollsviknar vörur. Heimilt er og að flytja farangur ferðamanna, svo og yfirleitt allar vörur, sem fluttar eru hingað til lands, til tollrannsóknar í tollgæzlustöð eða annað geymsluhús þeirra, sem tolleftirlit annast.

Jafnframt því sem tolleftirlitsmönnum er og heimilt að stöðva skip á höfnum inni og utan hafna en innan landhelgi til tollrannsóknar, er heim og heimilt að banna skipum að leggjast að hafnarvirkjum meðan á tollrannsókn stendur, svo og að afkvía skip, sem lagst er að bryggju eða öðru hafnarvirði. Heimilt er og að setja tollvörð í hvert það skip, sem nauðsyn telst á að hafa vörð í, svo og að tolleftirlitsmenn fari með skipum hafna á milli til eftirlits, og í þeim tilfellum ber skipstjóra fyrir skipsins hönd ávallt að sjá þeim endurgjaldslaust fyrir fæði á skipinu og fari með því, eftir því sem hæfa þykir fyrir opinbera starfsmenn, sem ferðast í starfserindum. Ennfremur er og tolleftirlitsmönnum heimilt að leita að tollsviknum vörum í skipum og bátum, sem eru við fiskveiðar og í innanlandssiglingum, bifreiðum, vögnum og öðrum flutningstækjum. Heimilt er þeim og að stöðva flutningatækin meðan á tollrannsókn stendur. Nánari ákvæði um tollgæzlu skulu sett í reglugerð og má ákveða í henni, að enginn megi fara frá eða á skipsfjöl meðan á tollrannsókn stendur, nema með leyfi tollgæzlumanns, svo og að tollgæzlumanni skuli ávalt heimilt að innsigla vistargeymslur skips og aðra staði í skipi, eftir því, sem hann telur nauðsynlegt. Í reglugerðinni má ákveða sektir fyrir brot á henni.

4. gr.

7. gr. tolllaganna orðist svo:

Eigi má án samþykkis gjaldheimtumanns afhenda viðtakendum tollskyldar vörur fyrr en allir tollar eru af þeim greiddir. Brot gegn þessu fyrirmæli varðar sektum, allt að 1000 kr., á hendur skipstjóra eða afgreiðslumanni skipsins, ef hann er þar á staðnum. Auk þess ber skipstjóri eða afgreiðslumaður ábyrgð á greiðslu tollsins af hinum afhentu vörur á sama hátt og segir um viðtakanda í 10. gr. Hafi vörurnar verið afhentar viðtakanda án samþykkis gjaldheimtumanns eða áður en hann hefir fengið kvittun gjaldheimtumanns fyrir því, að gjaldið sé greitt, þá er viðtakandi skyldur til að skýra gjaldheimtumanni eða umboðsmanni hans frá þessu þegar í stað, eða í síðasta lagi innan sólarhrings frá því er hann tók við vörunum, og greiði hann þá gjaldið um leið, ef það er ekki þegar greitt. Vörutollur fellur í gjalddaga, þegar skip það, er vörurnar flytur, hefir hafnað sig þar, sem gjaldið á að greiðast. Ákveða má í reglugerð um meðferð á vörum, sem tollur er þannig fallinn á.

Verði aðflutningsgjald það, sem greiða ber samkvæmt þessum lögum, hækkað eða lækkað, fellur hækkunin eða lækkunin á allar gjaldskyldar vörur, sem koma til landsins eftir að hin nýju gjaldlög hafa öðlast gildi.

5. gr.

8. gr. vörutollslaganna orðist svo:

Gjaldheimtumaður hefir vald til, hvenær sem vera skal, að heimta af hverjum manni í umdæmi sínu, er ástæða þykir ætla, að fái gjaldskyldar vörur frá útlöndum, skriflegt vottorð, að viðlögðum drengskap, um hvort hann hefi fengið þess konar vörur, og ef svo er, þá hverjar og hve mikið af þeim og hvað þær hafi kostað.

Ef nokkur tregðast við að gefa þau vottorð, sem um ræðir í þessari grein, má þvinga hann til þess með dagsektum, allt að 60 kr. á dag, og má gjaldheimtumaður ákveða sektirnar í bréfi til viðtakanda.

6. gr.

Aftan við 12. gr. vörutollslaganna bætist:

Þó er ekki skylt að endurgreiða toll, ef lengri tími en eitt ár líður frá því, að varan hefir verið flutt hingað til lands, þar til hún hefir verið flutt úr landinu aftur.

7. gr.

14. gr. vörutollslaganna orðist svo:

Sektir samkvæmt lögum þessum renna í ríkissjóð.

8. gr.

Í stað orðanna „samkv. 6. gr." í 10. gr. vörutollslaganna komi: samkv. 7. gr.

Í stað orðanna „innheimtumaður" í 9. gr. vörutollslaganna og „lögreglustjóri" í 9., 10., 11., 12. og 15. gr. sömu laga komi: gjaldheimtumaður.

9. gr.

Auglýsa skal á skipum, sem annast vöru- og farþegaflutning milli landa og öðrum stöðum, sem þurfa þykir, útdrátt úr lögum þessum og sérstæðum ákvæðum annara tolllaga og reglugerðum, settum samkvæmt þeim.

10. gr.

Þegar lög þessi hafa fengið staðfestingu konungs, skal fella texta þeirra, laga nr. 4. 3. apríl 1928 og laga nr. 130 31. decbr. 1935, inn í texta laga nr. 54 15. júní 1926 og gefa þau út svo breytt.

11. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta:

Það hefir komið í ljós við framkvæmd tolllaganna, að sum ákvæði þeirra eru að ýmsu leyti orðin úrelt og að öðru leyti ekki vel fallin til að tryggja þá framkvæmd tolleftirlitsins, sem þeim er ætlað. Þykir því rétt að umbæta þau ákvæði, sem reynslan hefir sannað, að ábótavant er, svo að þau hindri ekki tolleftirlitið, en heimili tollgæzlunni þær framkvæmdir, sem eru nauðsynlegar til þess að gæzlan komi að fullu gagni, og geri þeim, sem annast flutninga á vörur og fólki til landsins, að skyldu að fullnægja skilyrðum um ýmis skilríki og skýrslur, er varða flutningana, sem nauðsynleg eru fyrir tollgæzluna, létta hana og tryggja, og gera tollheimtuna ábyggilegri og auðveldari.

Um einstakar greinar skal þetta tekið fram:

Um 1. gr.

Efni þessarar greinar svarar til ákvæðanna í 4. gr. gildandi vörutollslaga. Fyrst eru ákvæði um það, hvar og hverjum skuli greiða vörutoll. Hverjum skuli greiða er óbeytt frá því, sem nú er. Hvað það varðar hvar skuli greiða, er ætlast til í frumvarpinu, að vörutoll skuli greiða, þar sem vara er flutt úr skipi, hvort sem það er þar, þangað sem varan á endanlega að fara, eða þar, sem henni er umskipað í annað skip eða farartæki. Samkvæmt vörutollslögunum, eins og þau nú eru, ber ekki aðeins að greiða vörutollinn, þar sem varan er flutt úr skipinu, heldur og þar, þangað sem varan er flutt á skipi — og í framkvæmdinni einnig á bátum og bifreiðum —, sem henni er umskipað í úr skipinu, sem flutti hana hingað til lands. Þessi regla er mjög varhugaverð, enda hefir nýlega legið við borð að vörur slippu við toll vegna ákvæðisins, eins og það er nú. Verðtollinn ber, þrátt fyrir hér umrædda breyting á vörutollslögunum, hér eftir eins og hingað til, að greiða í því lögsagnarumdæmi, þar sem viðtakandi er, en gjaldheimtumaður, þar sem varan er flutt úr skipi, sendir gjaldheimtumanni, þar sem viðtakandi vöru er, tilkynningu um, að vörutollur sé greiddur, en verðtollur ógreiddur af vörunni, og ber þá þeim gjaldheimtumanni að innheimta og gera ríkissjóði skil fyrir verðtollinum af vörunni á sömu leið og varan hefði verið flutt þangað beint frá útlöndum, eins og segir í 3. gr. reglugerðarinnar um framkvæmd verðtollslaga. Um síðasta málslið 1. gr. frumvarpsins er það að segja, að ætlast er til, að vörutollsskyldar vörur verði vegnar og mældar hér, þegar því verður við komið, en ekki verði ávalt farið eftir farmskrá, eins og víðast hvar er gert.

Um 2. gr.

Ákvæði þessarar greinar, sem verða á 5. gr. vörutollslaganna, svarar að efni til til 8. gr. vörutollslaganna. Hér er safnað saman öllum þeim ákvæðum, sem um farmskrár gilda, þau gerð skýrari, fyllri og tryggari fyrir gjaldheimtuna og tolleftirlitið, enda hefi viljað koma fyrir, að farmskrá og farmskrárútdrættir hafa ekki verið eins vel gerðir og áður tíðkaðist og vantað á skrárnar fullnægjandi upplýsingar um vörur, sem með skipinu hafa verið. Þá er og ætlast til, að tekin verði upp í lögin ákvæðin í 8. gr. laganna frá 15. apríl 1854, um það, að vöruskrár eða farmskrár skuli staðfestar af ræðismönnum. Þá er gert ráð fyrir, eins og tíðkast víða erlendis, að gerð sé sérstök skrá yfir allan farþegafarangur. Slík skrá er tolleftirlitsmönnum nauðsynleg til þess að tollrannsókn í farþegaskipum geti orðið fljótunnari og öruggari. Einnig á skipstjóri að tilkynna tollgæzlumanni, hverjar vörur hann hefir leyft skipverja að hafa meðferðis umfram nauðsynlegan farangur til eigin nota.

Um 3. gr.

Fyrirmælin í 1., 2. og 3. málsgr. eru tilsvarandi 5. gr. núgildandi vörutollslaga. Breytingar þær, sem samkvæmt frumvarpinu á að gera á greindri 5. gr. vörutollslaganna, leiða af breytingum, sem ætlast er til að gerðar verði á 8. gr. gildandi vörutollslaga.

Í 4. og 5. málsgr. 3. gr. frumvarpsins eru tekin upp í vörutollslögin ákvæði um það, hvað tollgæzlumenn megi gera, þegar þeir eru að störfum sínum og eru þau flest í samræmi við það, sem tollgæzlumönnum hefir verið talið heimilt samkvæmt fyrirmælum í reglugerðinni um tollgæzlu.

Um 4. gr.

Hér er að mestu leyti tekin upp ákvæðin í 6. gr. vörutollslaganna núgildandi, að eins er ætlast til, að sektir séu hækkaðar vegna þess, hve mikilsvert það er fyrir tollheimtuna, að fylgt sé fyrirmælum greinarinnar. Auk þess er ætlast til, að skipstjóri eða afgreiðslumaður, eftir því hjá hverjum sökin er, beri ábyrgð á greiðslu tollsins af hinum afhentu vörum á sama hátt og segir um viðtakanda í 10. gr., eins og hún nú er. Í framkvæmdinni hefir verið litið svo á og því framfylgt, að auk sektanna beri umræddir menn ábyrgð á greiðslu tolls af ólöglega afhentum vörum, en til þess að aðvara um það, þykir rétt, að það sé beinlínis tekið fram.

Þriggja daga fresturinn í núgildandi 6. gr. vörutollslaganna er styttur í eins sólahrings frest. Núgildandi frestur er miðaður við eldra ástand og of langur.

Til þess að tryggja ríkissjóð, ef þörf krefur, ef gefin heimild til að setja reglugerðarákvæði um meðferð á vörum, sem tollur er fallinn á. Annars eru ákvæðin um gjalddaga tollsins óbreytt.

Í hvert skifti sem tolllög hafa hækkað eða lækkað, hafa risið upp deilur um það, hvort tollhækkunina og tolllækkunina ætti að miða við það, hvenær skipið kemur til þeirra hafnar, þar sem vara á að fara í land samkvæmt farmskrá, en þá fellur tollurinn í gjalddaga samkvæmt núgildandi lögum, eða þegar skip það, sem flytur vöruna hingað til lands, kemur í íslenzka landhelgi. Síðari reglan virðist eðlilegri, enda tryggir það, að vörur, sem eiga að flytjast með skipi til ýmsra hafna á landinu, tollist eins, en hin reglan getur leitt til þess, að á þær falli mismunandi tollar, eftir því á hvaða höfn varan á að fara.

Um 5. gr.

Greinin er samhljóða núgildandi 7. gr. vörutollslaganna, nema að því leyti, að viðtakanda er gert að skyldu að segja til um, hversu mikið hin móttekna vara kosti, svo og eru dagsektir hækkaðar úr 20 kr. í 60 kr., sem ætti að tryggja greiðari svör.

Um 6. gr.

Í núgildandi lögum er ekki tiltekið, að menn, sem vilja endursenda vörur og fá endurgreiddan toll af þeim, skuli gera það innan tiltekins tíma frá því vörurnar

komu hingað til lands. Af því leiðir að viðtakendur, sem ætla sér ekki að hirða vörurnar, láta þær liggja afskiftalausar í geymsluhúsum skipafélaganna, þar til þær verður að láta selja fyrir tolli. Af þessu stafar og skaði fyrir sendendur varanna og óþægindi fyrir tollheimtuna og afgreiðslur skipanna. Og þó nú svo að tollur sé greiddur til að losna við sölu varanna, er það engu síður tímatöf fyrir tollgæzlumenn að rannsaka og sannfæra sig um, er langt er um liðið, hvenær tollur hafi verið greiddur af umræddri vöru, en það er gjaldheimtumanni gert að skyldu að votta um er varan loks er flutt út aftur. Með viðaukatillögunni er því leitast við að ýta bæði undir viðtakendur og afgreiðslumenn að láta ekki endursending varanna dragast úr hófi, er krafan um endurgreiðslu á tolli af þeim tapast þegar ákveðinn tími er liðinn frá því að þær voru fluttar hingað til lands. Ársfrestur virðist vera nægur í öllum tilfellum.

Um 7. gr.

Það þykir sjálfsagt, að allar sektir samkvæmt lögunum renni í ríkissjóð.

9. Frumvarp til laga

um viðauka við lög nr. 121 12. desember 1935, um fiskimálanefnd, útflutning á fiski, hagnýtingu markaða o. fl.

(Lagt fyrir Alþingi 1937.)

1. gr.

Á eftir 14. gr. laganna komi ný grein svo hljóðandi:

Brot gegn lögum þessum og reglugerðum, settum samkvæmt þeim, skulu sæta meðferð almennra lögreglumála, og varða sektum, allt að 200000 krónum, nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum.

Andvirði ísfisks, sem fluttur er út umfram veitt útflutningsleyfi skal renna í Fiskimálasjóð og greiðast beint til hans af banka þeim, sem umráð hefir hér yfir andvirðinu. Getur atvinnumálaráðherra eftir ástæðum varið því, að meira eða minna leyti, til þess að bæta öðrum útflytjendum, sem sannanlega hafa orðið fyrir tapi af hinum ólöglega útflutningi, tjón það, er þeir hafa þannig orðið fyrir. Sé aðeins um smámuni að ræða, sem flutt hefir verið út umfram leyft fiskmagn og ætla má, að ekki hafi af ásettu ráði verið farið fram yfir hið leyfða, getur ráðherra heimilað, að allt andvirðið verði greitt útflytjanda.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta:

Með lögum nr. 120 12. desember 1935, um breyting á lögum nr. 76 29. desember 1934, um fiskimálanefnd, útflutning á fiski, hagnýtingu markaða o. fl. hefir, að því er virðist fyrir vangá, í meðferð Alþingis, verið felld niður 14. gr. laga nr. 76 1934, sem hafði að geyma refsiákvæði fyrir brot á fiskimálanefndarlögunum og ákvæði um meðferð mála út af slíkum brotum.

Með frumvarpi þessu er ætlast til, að ofangreint refsiákvæði og málsmeðferðarákvæði verði aftur sett inn í heildarlögin nr. 121 1935.

Það hefir komið í ljós, að nokkrir togarar hafa flutt út mun meira magn af ísfiski, en þeir hafa haft leyfi til, einkum til Þýzkalands, og hefir þetta orðið til þess að bægja öðrum skipum frá sölu í þeim mánuði, sem þau höfðu leyfi fyrir, þannig að orðið hefir að færa leyfi þeirra yfir á næsta mánuð vegna ofútflutnings annara. Er með ákvæðinu í síðari mgr. 1. gr. ætlast til að bót verði ráðin á þessu.

10. Frumvarp til laga

um að heimila í viðeigandi tilfellum aðgerðir á fólki, er koma í veg fyrir, að það auki kyn sitt.

(Lagt fyrir Alþingi 1937.)

1. gr.

Heimilar eru aðgerðir á fólki, er koma í veg fyrir, að það auki kyn sitt, ef fengið er til þess sérstakt leyfi samkvæmt ákvæðum laga þessara, enda sé um aðgerðirnar fylgt þeim reglum, sem lögin að öðru leyti setja.

Ákvæði laga þessara ná ekki til læknisaðgerða, sem viðurkenndar eru nauðsynlegar til að ráða bót á eða til að koma í veg fyrir vanheilindi þeirra, sem aðgerðirnar eru framkvæmdar á.

2. gr.

Aðgerðir, sem til greina koma samkvæmt ákvæðum laga þesara, eru þrennskonar:

1. **Afkynjanir:** Er kynkirtlar karla eða kvenna eru numdir í burtu eða þeim eytt þannig, að starfsemi þeirra ljúki að fullu.
2. **Vananir:** Ef sáðgangar karla eða eggvegir kvenna eru hlutaðir í sundur eða þeim á annan hátt lokað varanlega þannig, að slitið sé sambandi milli kynkirtlanna og hinna ytri getnaðarfæra.
3. **Fóstureyðingar** (sbr. 5. tölulið 3. gr. laga nr. 38 28. janúar 1935, um leiðbeiningar fyrir konur um varnir gegn því að verða barnshafandi og um fóstureyðingar).

3. gr.

Leyfi til aðgerða samkvæmt lögum þessum veitir landlæknir, en þó því aðeins, að meiri hluti nefndar þeirrar, er um ræðir í 5. gr., mæli með leyfisveitingunni.

Leyfi veitast samkvæmt umsóknum, sem hér greinir:

1. Frá viðkomanda sjálfum og aðeins frá honum, nema hann falli undir síðari tölulið þessarar greinar.
2. Frá foreldrum eða lögráðamanni, ef viðkomandi er undir 16 ára aldri eða hefir verið sviptur sjálfræði.
3. Frá tilsjónarmanni, skipuðum samkvæmt ákvæðum 4. greinar, ef viðkomandi er geðveikur eða fáviti og svo ástatt um hann, sem þar segir.
4. Frá lögreglustjóra, ef hann telur óeðlilegar kynhvatir viðkomanda munu geta leitt til glæpaverka, enda hafi hann fellt úrskurð um. Að því leyti sem slíkur úrskurður er ekki felldur í sambandi við sakamál, skal rannsókn sú, sem úrskurðurinn er byggður á, fara að hætti almennra lögreglumála. Úrskurði lögreglustjóra má áfrýja til æðri réttar.

Umsóknir skal rita á eyðublöð, er landlæknir gefur út og héraðslæknar láta í té. Skal hver umsókn árituð umsögn læknis, er hefir kynnt sér ástæður fyrir umsókninni og ástand viðkomanda. Ef viðkomandi lifir hjúskaparlífi, skal makinn rita umsögn sína á umsóknina, ella skal honum, ef unnt er, gefast kostur á að láta á annan hátt í ljós vilja sinn í málinu.

4. gr.

Ef borið er upp fyrir landlækni, að nauðsyn beri til aðgerðar samkvæmt lögum þessum á geðveikum manni eða fávita, sem er sjálfráða, getur landlæknir, ef honum þykir ástæða til, krafizt þess, að viðkomanda sé á varnarþingi hans af héraðsdómara skipaður tilsjónarmaður. Þann, er vera mundi náttúrlegur lögráðamaður viðkomanda, ef hann væri ósjálfráða, skal skipa tilsjónarmann hans, nema eitthvert sérstakt mæli því í gegn. Tilsjónarmaður hefir sömu afstöðu til viðkomanda, að því er snertir ákvæði þessara laga, og lögráðamaður, ef viðkomandi væri ósjálfráða.

5. gr.

Ráðherra skipar þriggja manna nefnd landlækni til ráðuneytis um framkvæmd laga þessara. Af nefndarmönnum skal einn vera læknir, helzt sérfróður um geðsjúkdóma, og annar lögfræðingur, helzt í dómarastöðu.

Um úrskurði leyfa til aðgerða samkvæmt lögum þessum skal nefndin og landlæknir fylgja eftirfarandi reglum:

1. **Afkynjun** skal því aðeins leyfa, að gild rök liggi til þess, að óeðlilegar kynhvatir viðkomanda séu líklegar til að leiða til kynferðisglæpa eða annarra hættulegra óbótaverka, enda verði ekki úr bætt á annan hátt. Leyfi til afkynjunar veitist aðeins eftir umsókn viðkomanda sjálfs eða lögreglustjóra og þó því aðeins, að dómsúrskurður sé á undan genginn.
2. **Vönun** skal því aðeins leyfa:
   a. að gild rök liggi til þess, að viðkomandi beri í sér að kynfylgju það, er mikil líkindi séu til, að komi fram á afkvæmi hans sem alvarlegur vanskapnaður, hættulegur sjúkdómur, andlegur eða líkamlegur, fávitaháttur eða hneigð til glæpa, eða að afkvæmi hans sé í tilsvarandi hættu af öðrum ástæðum, enda verði þá ekki úr bætt á annan hátt.
   b. að viðkomandi sé fáviti eða varanlega geðveikur eða haldinn öðrum alvarlegum langvarandi sjúkdómi og gild rök liggi til þess, að hann geti ekki með eigin vinnu alið önn fyrir sjálfum sér og afkvæmi sínu.
3. **Fóstureyðingar** skal því aðeins leyfa:
   a. að gild rök liggi til þess, að burður viðkomanda sé í mikilli hættu af kynfylgjum þeim, eða öðrum ástæðum, er um getur í tölulið 2. a.
   b. að viðkomandi hafi orðið þunguð við nauðgun, er hún hafi kært fyrir réttvísinni þegar í stað, enda hafi sökunautur verið fundinn sekur um brotið fyrir dómi, og er dómur undirréttar fullnægjandi í því efni.

   Ráðherra er heimilt að skýra reglur þessar nánar í sérstakri reglugerð.

6. gr.

Landlæknir ákveður í hverju einstöku tilfelli í samráði við nefnd þá, er um getur í 5. gr., í hverju aðgerðin, er hann gefur út leyfi fyrir, skuli vera fólgin, hvar hún skuli framkvæmd, og ef það getur ekki orðið á opinberu sjúkrahúsi, þá af hvaða lækni. Leyfi landlæknis skal vera rökstutt, getið tilefnis, umsækjanda og afstöðu nefndarinnar til leyfisins.

Nú synjar landlæknir leyfis, er meiri hluti nefndarinnar mælir með, og má þá umsækjandi leita úrskurðar ráðherra, er þá má fela nefndinni að gefa út leyfið.

7. gr.

Öllum öðum en læknum eru óheimilar aðgerðir samkvæmt lögum þessum, og því aðeins eru þær heimilar læknum, að fyrir liggi skriflegt leyfi samkvæmt 6. gr., enda sé ekki fyrirsjáanlegt, að heilsu viðkomanda sé búið tjón af framkvæmd aðgerðarinnar.

Ekki má framkvæma aðgerð samkvæmt lögum þessum gegn vilja viðkomanda, eða, ef hann hefir á engan hátt vit fyrir sjálfum sér vegna æsku, geðveiki eða fávitaháttar, þá ekki gegn vilja lögráðamanns hans eða tilsjónarmanns. Þó er heimil

aðgerð samkvæmt 1. tölulið 5. greinar gegn vilja viðkomanda, þegar hennar hefir verið leitað af lögreglustjóra samkvæmt dómsúrskurði (sbr. 4. tölulið 3. gr.).

Nú framkvæmir læknir aðgerð samkvæmt lögum þessum, og skal hann þá í einu og öllu haga aðgerðinni samkvæmt fyrirmælum í leyfi fyrir aðgerðinni samkvæmt 6. gr., auk þess sem hann skal í hvívetna fylgja ýtrustu kröfum læknisfræðinnar til tryggingar tilætluðum árangri af aðgerðinni, minnstri hættu viðkomanda af henni og því, að hann verði sem skjótast heill.

Um hverja aðgerð, sem læknir framkvæmir samkvæmt lögum þessum, skal hann þegar senda landlækni skýrslu, svo úr garði gerða sem landlæknir segir fyrir um.

8. gr.

Allir þeir, sem starfa á einn eða annan hátt að framkvæmd laga þessara, eru bundnir þagnarskyldu um öll persónuleg málefni, er þeir í því sambandi kunna að fá vitneskju um.

9. gr.

Brot á ákvæðum laga þessara varða sektum, 100—10000 krónum, nema þyngri refsingu varði samkvæmt öðrum lögum.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta:

Landlæknir hefir samið þetta frv. og gerir grein fyrir því í ritgerð, sem prentuð er hér á eftir sem

Fylgiskjal.

Afkynjanir og vananir

eftir *Vilm. Jónsson* landlækni.

I. INNGANGUR

Draumórar um víðtækar „kynbætur" þjóðarinnar.

Frumvarp það, er ég hefi samið um að heimila í viðeigandi tilfellum aðgerðir á fólki til að koma í veg fyrir, að það auki kyn sitt, á ekki rót sína að rekja til neinna draumóra um víðtækar „kynbætur" þjóðarinnar og sízt á grundvelli hinna óvísindalegu kenninga um mat á fólki eftir því, hver kynflokkaeinkenni það kann að bera. Er nú hátt látið um slíkt af ýmsum og eins og vita mátti allra hæst af þeim, sem á hinum óljósu hugmyndum um kyn og kyngæði og flóknu fræðum um erfðalögmál og arfgengi kunna sízt skynsamlega grein.

Gildi ólíkra hæfileika einstaklinganna.

Höfundur frumvarpsins væntir að eiga samleið með miklum meiri hluta þjóðarinnar, er hann aðhyllist hinn demókratiska hugsunarhátt, sem virðir til hins ýtrasta einstaklingana, sérkenni þeirra og persónuleik, og metur það í lengstu lög til auðlegðar og upphefðar hverju menningarþjóðfélagi, að borgararnir séu, innan heilbrigðra takmarka, sem allra breytilegastir að eðli og eiginleikum. En menning þjóðfélaganna miðast þá við það, hvernig þeim tekst að nytja hina ólíku hæfileika borgaranna, hverjum einstökum til hins mesta þroska og farsældar, jafnframt því að bræða þá saman, þjóðfélagsheildinni til sameiginlegrar hamingju og heilbrigðs viðgangs.

Kynbætur manna og kynbætur dýra.

Þessum hugsunarhætti er það fjarstætt að jafna saman kynbótum manna og kynbótum búpenings. Með slíkum kynbótum er stefnt að því, að dýrin svari vel einhverri ákveðinni kröfu, sem eigendurnir

gera til þeirra (mjólkurkýr, ullargott fé, reiðhestar o. s. frv.), en fyrir því er engin trygging, að kynbótadýrin séu í sjálfu sér fullkomnari en önnur dýr — út frá því sjónarmiði, sem dýrin sjálf myndu hafa, eða væri skylt að hafa, ef þau hefðu nokkurt sjónarmið — og eru það vafalaust ekki. Hinir hreinræktuðustu veðhlaupahestar, sem gleðja hinn brezka aðal með því að vinna veðhlaupin í Derby, eru gallagripir að öðru leyti með ýmsar erfðaveilur, sem oft verða þeim að fjörtjóni fyrir aldur fram. Gamlar og lífsleiðar jómfrúr geta haft mikið yndi af félagsskap kynhreinna Pekingshunda, að sínu leyti eins og sumum lítilsigldum karlmönnum kemur vel að hressa upp á vesöld síns innra manns með því að státa sig með hreinræktuðum og mikilúðlegum bolabítum. En hinir kynblönduðustu og mest lítilsvirtu þarfahundar eru engu að síður miklu hæfari til almenns hundalífs en þessir aristókratisku bræður þeirra. Nú á tímum, þegar svo mikið er skrafað um hið „hreina kyn", má þetta verða til nokkurrar huggunar okkur mönnunum, sem erum svo fjarri því að vera „hreinræktaðir", að heppilega hefir þótt að orði komizt, er sagt hefir verið, að frá sjónarmiði „kynhreinna" tildurhunda værum við allir undantekningarlaust ófétislegustu lubbarakkar og stubbhundar — hið göfuga norræna kyn ekki undanskilið.

Við almenna ræktun síns eigin kyns sæmir mönnunum ekki annað — nema þeir sætti sig við að verða veðhlaupahestar fyrir aðalsmenn, kelturakkar gamalla jómfrúa eða jafnvel bolahundar einhvers foringja — en að taka tillit til svo margbreytilegra eiginleika, að á engan hátt verður við hitt jafnað. Þegar menn eiga í hlut, mundi viðleitni til kynbóta í hinni alþýðlegu merkingu þess orðs reka sig á þá erfiðleika, sem naumast er hugsanlegt að yfirstíga. Erfðafræðin gæti þar litla aðstoð veitt, þó að hún, sem kunnugt er, endist að ýmsu leyti all-vel til leiðbeiningar við kynbætur nytjajurta og húsdýra, miðað við þær einföldu kröfur, sem þar um eru gerðar — að því slepptu, hverjir aðrir erfiðleikar væru á að koma við kynbótum á meðal manna á svipaðan hátt og meðal jurta og dýra, ef mennirnir eiga þá ekki að verða skepnur, en halda áfram að vera menn.

Hverskonar fólk?

Sannleikurinn um þetta mál er sá, að enginn er fær um að gera grein fyrir, hverjum eiginleikum og eðli menn ættu að vera gæddir til að vera hollastir sjálfum sér og hæfastir samfélaginu, ekki einu sinni þó að miðað væri við yfirstandandi tíma, hvað þá ef miðað væri við framtíðina, sem enginn veit um, hverjar kröfur kann að gera. Á t. d. að gera ráð fyrir þjóðfélagi, sem hefir leitt til öndvegis hugsjón friðar og jafnréttis og krefst um fram allt manna, er séu sem allra hæfastir til að lifa saman eins og bræður, er hver veiti öðrum og hjálpi líkt og hönd hendi eða fótur fæti — eða þjóðfélagi, sem dýrkar hugsjón ófriðar, ofbeldis og kúgunar og gefur hinum sterkustu einum allan rétt? En jafnvel þó að þetta væri vitað og takmarkið, sem stefna bæri að, tvímælalaust, mundi engin þekking endast til að gera það fært að ná hinu setta marki.

Mannrækt — seinunnið verk.

Hér er þó ekki verið að kasta rýrð á sjálfa hugmyndina um kynbætur og ræktun mannfólksins, sem er allrar virðingar verð, enda sprottin af góðum vilja ágætra manna, sem á því eiga enga sök, að fleiri hafa misskilið hana en skilið og að hún hefir sumsstaðar fallið í hendur ræningja. En framan í þá staðreynd verður að horfa, að hér verður lítlu um þokað nema eftir óbeinum og seinförnum leiðum, og næsta lítil von um öruggan og því síður skjótan árangur. Hér mun aðallega koma fernt til greina, sem ætla má, að miði til réttrar áttar:

Hinu bezt gerða fólki um of óljúft að eignast afkvæmi.

1. Að fá dregið úr þeirri sorglegu áhættu, að bezt gerða fólkið í öllum stéttum, dugmesta fólkið, skynsamasta fólkið, karaktérfólkið, fólkið, sem hefir mesta ábyrgðartilfinningu fyrir sér og sínum, fólkið, sem yfirleitt má gera ráð fyrir, að búi yfir heilbrigðustum og kostamestum kynföstum eiginleikum, freistist meira og meira til að takmarka við sig barneignir

kynslóð eftir kynslóð. En hér mun lítið á vinnast, nema þjóðfélögin taki þeim breytingum, að einmitt slíku fólki verði eftirsóknarvert að ala börn í heiminn í stað þess að skelfast það af fullgildum ástæðum. Og að vísu má heimurinn taka miklum stakkaskiptum til þess að slíkt megi á vinnast.

Hið miður gerða fólk hrúgar um of niður börnum.

2. Að vekja samvizku og ábyrgðartilfinningu hinna, sem ætla má, að séu yfirleitt síður æskilegir foreldrar komandi kynslóða, því til hindrunar, að þeir hrúgi hóflaust og fyrirhyggjulaust niður afkvæmum, eins og of mörgum af þeim, er sízt skyldi, hættir við að gera. Þessu líkt er að vekja athygli á, hve ósæmilegt það er að velja sér maka án allrar ábyrgðartilfinningar fyrir afkvæmi sínu. Hér mundi helzt vera árangurs að vænta af sem beztri alþýðufræðslu, sem léti sér ekki þessi mál óviðkomandi. Fróðleikur um getnaðarvarnir verður að ná til sem allra flestra og einkum þeirra, sem sízt eru móttækilegir fyrir fróðleik, ella má gera ráð fyrir, að iðkun slíkra varna hafi hinar öfugustu verkanir.

Gildi bættra lífskjara almennings.

3. Að bæta lífskjör manna almennt, og kemur þar hvorttveggja til greina: að draga úr ofnautn og ólifnaði ofnægtanna og úr skorti og óreglu örbirgðarinnar, sem hvorttveggja spillir stórlega uppeldi og þroska hinna upprennandi kynslóða á þann hátt, að mjög mikið af hinum kynbeztu erfðavísum verða fyrir þeirri kyrkingu í uppvextinum, að þeir fá aldrei borið ávexti í neinni líkingu við það, sem þeim er áskapað. Bætt lífskjör almennings, hins mikla fjölda, sem þjakaður er af örbirgð og áþján, yrði vafalaust hin fljótvirkasta ráðstöfun til að lyfta kynstofninum til meiri fullkomnunar og þroska. Er fátt betur sannað af reynslunni en einmitt þetta, og mundi jafnvel vor þjóð vera þar lifandi dæmi, svo mjög sem hún hefir, fyrir bætt lífsskilyrði, rétzt úr kútnum hina síðustu áratugi, þó að mikils sé enn vant. Að vanrækja þetta, en hrópa hátt um aðrar ráðstafanir til ræktunar mannfólkinu, er líkt og framferði ráðleysingjans, sem hrópar á það, sem hann ekki hefir, áður en hann hefir notað sér til hálfs það, sem hann hefir til þess síðan að troða það, sem hann fær, með hinu niður í skítinn. Hin misjöfnu kjör, sem mönnum eru búin, rugla mjög hugmyndir manna um, hverjir eru líklegir til að búa yfir beztum erfðakostum, og hafa gefið tilefni til margvíslegra hleypidóma um yfirburði yfirstétta og efnafólks að þessu leyti yfir hinar vinnandi og miður megandi stéttir. Allar kenningar um þetta eru mjög hæpnar og eiga sennilega allra sízt við nokkuð að styðjast hér á landi.

Sérstakar læknisaðgerðir.

4. Að koma í veg fyrir það með viðeigandi ráðstöfunum eða beinum læknisaðgerðum, að fólk auki kyn sitt, ef ætla má, að það búi yfir sérstaklega hættulegum kynfylgjum, enda séu lítil líkindi til, að það takmarki við sig barngetnað á annan hátt.

Frumvarp mitt er einkum helgað þessu síðasta atriði og þó aðeins öðrum þræði. Verður það nú skýrt nánar og efni þess fylgt grein fyrir grein.

II. EFNI FRUMVARPSINS RAKIÐ OG SKÝRT

Ákvæði frumvarpsins ná ekki til læknisaðgerða við sjúkdómum.

1. gr. Læknisaðgerðir þær, sem frumvarpið fjallar um og nánar verður getið síðar (sbr. 2. gr. frumvarpsins), eru iðulega framkvæmdar til lækningar sjúklingum við ýmsum sjúkdómum, og er ekki ætlunin að takmarka heimild til þeirra aðgerða á nokkurn hátt.

Aðgerðir til að koma í veg fyrir getnað og í hverju þær eru fólgnar.

2. gr. Gelding heitir það á íslenzku, er kynkirtlar karldýra eru numdir í burtu (castratio). Þegar jöfnum höndum er að ræða um konur og karla, er orðið ekki vel heppilegt. Hefi ég því kosið að gera nýyrði yfir og kalla aðgerðina **afkynjun** í líkingu við ensk orð: unsexing, asexualization.

Yfir hina aðgerðina, að koma í veg fyrir möguleika til getnaðar með því að hluta í sundur eða loka göngunum til kynkirtlanna (sterilisatio), er ekkert orð til í íslenzku, og mundi alþýða ekki gera mun þessara tveggja aðgerða, en kalla hvorttveggja geldingu, a. m. k. ef um karldýr væri að ræða. Ég hefi tekið mér bessaleyfi og nefnt þetta **vönun**, þó að það orð tákni raunar áður venjulega geldingu, oftast ákveðinna dýra. Því er þar með gefin aukamerking, og er ekki ótítt í íslenzku fremur en í öðrum málum, að orð hafi fleiri en eina merkingu, eða að hin fræðilega merking orðs sé nokkru hnitmiðaðri en hin alþýðlega merking. Auk þess réttlætir það bessaleyfið, að eins og aðgerðin er vægileg og lítils háttar, miðað við afkynjun, er orðið mjúkt í munni og hljómar ekki ólíkt því, að ætla mætti, að þeim, er fyrir aðgerðinni hefir orðið, sé að vísu einhvers vant á eftir, en engan veginn alls, og hittir það naglann allvel á höfuðið.

Afkynjun og verkanir hennar.

Afkynjun er mikils háttar aðgerð, sem hefir víðtæk áhrif á þann, er fyrir henni verður. Gerir hún ekki eingöngu viðkomanda óhæfan til getnaðar, heldur sviptir hann að jafnaði kynferðilegum hvötum, og þó ekki að sjálfsögðu möguleika til samfara (ekki heldur karlmenn). Auk þess hefir aðgerðin í för með sér enn víðtækari breytingar á eðli viðkomanda, einkum að því er snertir tilfinningalíf hans. Afkynjun á börnum og óþroskuðum unglingum truflar þroska þeirra, og er ekki gert ráð fyrir, að aðgerðin sé framkvæmd á þeim, enda ætti yfirleitt mjög sjaldan að vera ástæða til að grípa til þessarar aðgerðar (sbr. 5. gr. frumv.). Verður nánar vikið að þessu síðar.

Vönun og verkanir hennar.

Vönun er höfuðaðgerðin til að ná tilgangi frumvarpsins. Hún breytir í engu eðli þeirra, sem hún er gerð á, og hefir engin áhrif á kynhvatir né hæfileika til samfara. Hið eina, sem gæti átt sér stað í þessu sambandi, er það, að meðvitundin um að vera sviptur möguleika til getnaðar, gæti í einstökum tilfellum haft miður holl áhrif á veiklað sálarlíf. En það mun vera eins sjaldgæft og hitt er almennt, að vissan um að vera laus við þessa áhættu veitir andlegan styrk og rósemi þeim, sem hafa átt í sálarstríði vegna hennar.

Áhætta af sjálfum aðgerðunum og hvernig þeim er hagað.

Áhættuna af sjálfum þessum aðgerðum á líkamlega heilbrigðu fólki verður að telja litla, og þó er að því leyti allmikill mismunur karla og kvenna. Afkynjun karla (castratio) er útvortis aðgerð, framkvæmd með tveimur smáskurðum, sínum í hvorum nára, ætti að gerast á sjúkrahúsi og tekur viku til 10 daga legu. Vönun karla (vasectomia) er hin smæsta aðgerð. Smástunga sín í hvorum nára, og er hvor um sig heft saman á eftir með einni klemmu eða einu saumstagi. Má gera á lækningastofu, og er engrar legu þörf, en réttara að reyna lítið á sig næsta sólarhring. Afkynjun og vönun kvenna (ovariectomia, salpingectomia) verður að gerast með holskurði, má jafna við einfaldan botnlangaskurð um áhættu og tekur viku til 10 daga spítalalegu. Unnt er að afkynja konur bæði með Röntgengeislum og radíum, en er ekki eins örugg aðgerð og skurður. Einnig hefir eitthvað verið gert að því í Bandaríkjunum að vana konur á þann hátt að fara með rafmagnsþráð upp í gegnum móðurlegið, leiða rafmagn eftir og særa eggvegina innan í því skyni, að þeir vaxi saman og lokist á eftir. Orðalag frumvarpsins hér að lútandi bendir jafnframt til þessara hugsanlegu aðgerða.

Öryggi afkynjunar og vönunar með tilliti til getnaðar.

Fullkomin afkynjun veitir að sjálfsögðu fullkomið öryggi í þeim efnum. Aftur kemur það fyrir, að vönun, og jafnvel þó að hún hafi verið framkvæmd með skurðaðgerð, nær ekki tilgangi sínum fyrir það, að náttúran opnar á ný göngin til kynkirtlanna, og er það kunnugt bæði um karla og konur, sem undir slíka aðgerð hafa gengið, að þau hafa getið börn eftir sem áður og ef til vill aldrei greiðar. Þetta verður þó að telja til mistaka, og þarf slíkt alls ekki að koma fyrir, ef hinar öruggustu aðgerðir eru valdar og fullrar vandvirkni gætt við framkvæmd þeirra.

Ekki aftur tekið.

Fólk, sem einu sinni hefir verið gert óhæft til barngetnaðar með þessum aðgerðum, getur ekki reiknað með því, að allt megi lagfæra aftur, ef það kynni að sjá sig um hönd. Að vísu er hugsanlegt að opna aftur göngin til kynkirtlanna, og stundum tekst það með skurðaðgerð, en á það skyldi enginn treysta.

Fóstureyðing: Vísað til fóstureyðingarlaga.

Um fóstureyðingaraðgerðir vísast til fóstureyðingarlaganna og greinargerðar, sem á sínum tíma fylgdi frumvarpi til þeirra laga.

Girt fyrir misbeitingu aðgerðanna. Ástæður til varúðar. Sjálfsákvörðunarréttur manna um líf sitt og limi viðurkenndur til hins ýtrasta.

3. gr. Leitazt hefir verið við að búa sem tryggilegast um, að þessum viðkvæmu aðgerðum verði ekki misbeitt, og því fremur sem ekki er laust við, að þess hafi orðið vart, að sumar stoðir þjóðfélagsins kitli í gómana eftir að geta látið hendur standa fram úr ermum til að „hreinsa kynstofninn" á þenna hátt. Þannig birtist greinarstúfur í sjálfu Læknablaðinu fyrir nokkru (4. tbl. 1935, bls. 65), sem mér þótti bera vott um svo siðlausan hugsunarhátt í þessum efnum, að mér féllust um tíma hendur við undirbúning frumvarpsins og hugði ábyrgðarhluta að afhenda læknastéttinni málið til framkvæmda. Einhver nýtizku villimaður þýzkur hafði grafið upp geldingarfyrirmæli úr hinni fornu lögbók vorri, Grágás, svo hljóðandi: **Rétt er að gelda göngumenn, og varðar eigi við lög, þó að þeir fái örkuml af eða bana.**[1]) Á þessu var smjattað í blaðinu með svo látandi ummælum: „Gömlu mönnunum var það ljóst, hve miklu það varðar, að kynstofninn sé góður, og þeir vildu losna við landeyður. Þeir stóðu oss framar að þessu leyti. Nú eru þær í hávegum hafðar." Enginn minnsti vottur af viðbjóði á dýrslegri grimmd forfeðranna, sem auðsjáanlega átti rót sína að rekja til þess eins, að þeir vildu verja misjafnlega fengnar eignir sínar. Viðurstyggðin er hafin til skýjanna sem göfug hugsjón, og menn kunna sér ekki læti af hrifningu!

Hverjir voru svo göngumennirnir? Þeirra tíma sjúklingar, þurfamenn og atvinnuleysingjar, e. t. v. að einhverju leyti misjafnt fólk, en vafalaust á meðal þess blóminn af intelligens þjóðarinnar, listamenn að gáfum og skapferli, sem á öllum öldum eiga bágt með að tryggja afkomu sína við hversdagslegt erfiði. Sjá menn ekki framferðið fyrir sér, og hvað mun ekki hafa verið leyfilegt í viðskiptum við þetta vesalings fólk, er vopnaðir dólgar höfðu lagaheimild til að ráðast á það, taka það með valdi og limlesta það á hinn svívirðilegasta hátt. Fara má nærri um þær læknishendur, sem að hafa verið lagðar, hversu hreinlega muni hafa verið að unnið og hvernig sárin hafa hafzt við, enda þótti vissara að gera sig með lögum ábyrgðarlausan af því, þó að örkuml hlytust af eða jafnvel bani. „Þeir stóðu oss framar að þessu leyti," því að nú eru landeyðurnar „í hávegum hafðar". Er ekki bert, hverjir það eru, sem hlakkað mundi yfir að fá að gelda? Þessa herra órar auðsjáanlega ekki fyrir því, að það er mikið álitamál, hverjar eru hinar eiginlegu landeyður í þjóðfélögunum, að við lifum á byltingatímum, að það er undir hælinn lagt, hvaða „landeyður" það eru, sem á hverjum tíma hafa yfirhöndina, og ef boðað er til stríðs um geldingar, er með öllu óvíst, hver annan geldir.

En því hefir á þenna óþverra verið minnzt, að óskað er eftir að taka það skýrlega fram, fyrir hönd þess, sem samið hefir frumvarpið, svo og þeirra, sem væntanlega flytja það, að ekkert er fjær tilgangi þeirra en að það verði nokkurntíma notað til réttlætingar kúgun og ofbeldisverkum eða neinskonar þvingunarráðstöfunum við aðra en hættulegustu glæpamenn, og ætti raunar mjög sjaldan, ef þá nokkurn tíma, að þurfa að grípa til þess við þá, heldur er það þvert á móti helgað mannúð og miskunnsemi og virðingu fyrir persónulegum sjálfsákvörðunarrétti manna um líf sitt og limu. Er og

1) **Konungsbók II. bls. 203:** Rett er at gellda gongo menn, oc varðar *eigi* við lög þoat þeir fae örkumbl af eða bana. Sbr. einnig **Skálholtsbók bls. 419:** Riett er ad gellda alla gaungu menn og vardar eij við laug þo þeir fai aur kumsl af.

gert ráð fyrir því, að nægilega tryggilega sé girt fyrir hverskonar misbeitingu aðgerðanna með ákvæðum frumvarpsins (sbr. einkum 3. gr., 5. gr. og 2. málsgr. 7. greinar). Að undanteknum hættulegum glæpamönnum fyrir óeðlilegar kynhvatir, má aldrei gera þessar aðgerðir á neinum manni nauðugum, nema hann hafi „á **engan hátt** vit fyrir sjálfum sér vegna æsku, geðveiki eða fávitaháttar" og „þá ekki gegn vilja lögráðamanns hans eða tilsjónarmanns."

Hverjir leita aðgerðanna: Viðkomandi sjálfur, lögráðamaður, tilsjónarmaður, lögreglustjóri.

Höfuðreglan er, að viðkomandi æski aðgerðarinnar sjálfur af frjálsum vilja, og eftir reynslu annarsstaðar, þar sem slík lög hafa verið í gildi, er ekki ástæða til að ætla, að á því verði yfirleitt fyrirstaða, ef gildar ástæður eru fyrir hendi, en viðkomandi kominn af barnsaldri eða nokkurnveginn með réttu ráði. Fyrir ófullveðja fólki, hvort sem það er fyrir bernsku, fávitaháttar eða geðveiki, verða aðrir að ráða svo í þessum efnum sem öðrum, og stilar þá lögráðamaður eða sérstaklega skipaður tilsjónarmaður (sbr. 4. gr. frumvarpsins) umsókn um aðgerðina, þegar svo á stendur, og ber ábyrgð á, að hún fari fram. Loks getur lögreglustjóri átt frumkvæði að aðgerðinni, en aðeins þegar glæpamaður eða maður líklegur til glæpaverka vegna óeðlilegra kynhvata á í hlut. Þá er gert ráð fyrir, að læknir, sem kynnir sér ástand viðkomanda, geri grein fyrir ástandi hans og fylgi greinargerð hans umsókninni. Og loks er ætlazt til, að maki hans fái að skýra sína afstöðu.

Skipun sérstaks tilsjónarmanns.

4. gr. Maður getur verið fáviti eða geðveikur á því stigi, að hann hafi á engan hátt vit fyrir sjálfum sér og þó sjálfráða, af því að ekki hefir verið haft fyrir því að skerða lögræði hans, sem yfirleitt er ekki gert nema að því leyti sem hefta þarf umráð slíks fólks yfir fé sínu. Nú getur aðstandendum eða öðrum kunnugum þótt ástæða til, að tekið sé til athugunar, hvort ekki eigi að leita aðgerðar á þessum manni til að koma í veg fyrir, að hann auki kyn sitt, og miða ákvæði 4. greinar frumvarpsins til að gera það kleift. Með því að snúa sér til landlæknis er unnt að koma því til vegar, að hlutaðeiganda sé af héraðsdómara settur tilsjónarmaður, sem þá kemur, að því er þessar ráðstafanir snertir, í stað lögráðamanns. Að jafnaði ætti að skipa nánasta aðstandanda tilsjónarmann í þessum tilfellum, en þó geta orðið meinbugir á því, svo sem ef um fávita er að ræða, sem kominn er út af fáráðlingum og ætti þá eina að nánustu aðstandendum.

Nefnd sérfróðra manna til aðstoðar landlækni við framkvæmd laganna.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir sér- 5. gr.
fróðri þriggja manna nefnd landlækni til aðstoðar við að úrskurða um heimildir til aðgerða samkvæmt lögunum, þar af einn læknir, helzt geðsjúkdómalæknir, og annar lögfræðingur, helzt í dómarastöðu. Æskilegast er, að læknirinn í nefndinni sé sérfræðingur í geðsjúkdómum, en því er það ekki fastbundið, að gera má ráð fyrir, að fyrst um sinn verði svo lítið um sérfræðinga í þessari grein, ef til vill aðeins einn eða tveir menn, að tormerki geti verið á, að þeir taki slíkt starf að sér, t. d. fyrir það, að þeir séu ófúsir eða jafnvel ófáanlegir til þess. Líkt er um það að segja, að velja lögfræðing í dómarastöðu í nefndina, sem getur verið svipuðum vandkvæðum bundið. Ákvæðið er bending til ráðherra um að tilnefna meiri háttar lögfræðing, sem að minnsta kosti væri trúandi til að gegna dómarastöðu. Vel væri, að þriðji maðurinn í nefndinni yrði skipaður með tilliti til þess, að hann gæti orðið sem beztur fulltrúi heilbrigðs almenningsálits og hleypidómalausrar skynsemi (common sense). Að því leyti sem nefndinni kann að vera vant sérþekkingar, er henni innan handar að leita jafnan aðstoðar hinna beztu sérfræðinga, sem völ er á, einkum í geðsjúkdómafræði, sálarfræði, erfðafræði og jafnvel ættfræði.

Tilgangur laganna birtist í settum skilyrðum fyrir heimild aðgerðanna.

Í frumvarpinu eru skýrar reglur um réttmæt tilefni aðgerðanna, og er þar greinilega markaður tilgangur hinna fyrirhuguðu laga.

Afkynjun má aðeins heimila til að koma í veg fyrir kynferðisglæpi og ikveikjuæði.

Samkvæmt framansögðu er gersamlega óþarft að beita afkynjun til að koma í veg fyrir, að fólk auki kyn sitt, þar sem vönun, sem er miklu minni háttar og hættuminni aðgerð, nægir fullkomlega til þess. Því aðeins er ástæða til þessarar aðgerðar, að óskað sé eftir þeirri breytingu á hvötum og tilhneigingum viðkomanda, sem brottnám kynkirtlanna er kunnugt að því að valda. Nú eru það tveir flokkar glæpa, sem taldir eru standa í sambandi við óeðlilegar kynhvatir manna, sem aftur eiga rót sína að rekja til kynkirtlanna. Það eru kynferðislegir ofbeldisglæpir og brennu- eða íkveikjuæði, og koma þar naumast aðrir til greina en karlmenn. Aðgerðin er og því aðeins heimiluð, að um líklega hindrun slíkra glæpa geti verið að ræða. En nákvæmlega ber að athuga hvert einstakt tilfelli áður en slík aðgerð er leyfð, og alltaf skyldi á undan fara nákvæm athugun geðsjúkdómalæknis á viðkomanda, ekki síst, ef slíkur sérfræðingur á ekki sæti í nefndinni. Þar sem í frumvarpinu segir: „enda verði ekki úr bætt á annan hátt", er að sjálfsögðu átt við það, að á annan hátt verði eftir atvikum ekki ráðin bót á hinum sjúklegu tilhneigingum viðkomanda, en ekki hitt, að hindra megi með vöktun eða fangelsun hans, að hann fremji óbótaverk.

Afkynjun má aldrei beita sem refsingu.

Það, sem hér má ekki orka tvímælis, er það, að aðgerðum þessum má aldrei beita sem refsingum, heldur aðeins sem nauðsynlegum læknisaðgerðum, og að því leyti sem gert er ráð fyrir þvingunarráðstöfunum í sambandi við framkvæmd þeirra, ber að jafna því við það, sem heimilt er að gera til takmörkunar persónulegu frelsi manna samkvæmt sóttvarnarlögum, þegar um alvarlegar sóttir er að ræða, sem almenningi stendur hætta af.

Afkynjun má heimila, þó að viðkomandi hafi ekki verið dæmdur fyrir glæp.

Í lögum annara landa (Danmörk, Þýzkaland) eru þessar aðgerðir ekki heimilaðar nema viðkomandi hafi þegar gerzt sekur fyrir dómi um glæpi af því tagi, sem þeim er ætlað að hindra. Í frumvarpi mínu er gengið feti lengra, og gert ráð fyrir, að aðgerðina megi heimila, ef viðkomandi er líklegur til að vinna slík glæpaverk vegna óeðlilegra kynhvata, án tillits til þess, hvort hann er þegar dæmdur sakamaður fyrir slíkan glæp eða ekki. Bæði er það, að viðkomandi sjálfur getur verið sér meðvitandi um sjúklegar tilhneigingar sínar að þessu leyti, þó að hann hafi aldrei gerzt sekur á þann hátt, að hann hafi komizt undir mannahendur, og kann hann þá að óska aðgerðarinnar. Og í öðru lagi er engan veginn óhugsandi, að foreldrar eða nánustu vandamenn hafi orðið varir við þessi einkenni barna sinna eða venzlamanna og vilji fá ráðna bót á, áður en til stórra óhappa dregur. Þekki ég dæmi slíks. Í báðum tilfellunum virðist mannúðlegra og þjóðfélaginu gagnlegra, ef unnt væri að girða fyrir óhöppin í tíma, heldur en að bíða eftir því, að unnin verði óbótaverk. En til tryggingar gegn því, að hrasað verði að þessum aðgerðum, hefir verið sett ákvæði um það í frumvarpið, að því aðeins megi heimila þær, að viðkomandi óski aðgerðarinnar beinlínis sjálfur, ella lögreglustjóri, og þá því að eins, að dómsúrskurður hafi gengið á undan. En honum má áfrýja til æðri réttar.

Vönun má heimila vegna afkomendanna og vegna viðkomanda sjálfs.

Vönun má heimila í tvennskonar tilgangi, þ. e. 1) til að koma í veg fyrir fæðingu gallaðs afkvæmis, og 2) til að létta fávitum og sjúklingum lífsbaráttuna.

Takmarkaðs árangurs að vænta af vönunum til útrýmingar erfðagöllum, öðrum en arfgengum fávitahætti.

Heimila má vönun í því skyni að hindra fæðingu barna með alvarlega erfðagalla, þ. e. verulega vanskapnaði, hættulega andlega eða líkamlega sjúkdóma, fávitahátt eða glæpahneigð. Yfirleitt er hér þó ekki ákaflega mikils kynbætandi árangurs að vænta, er teljandi þýðingu geti haft fyrir þjóðarheildina, nema helzt að því er snertir hinn arfgenga fávitahátt, sem síðar verður sérstaklega vikið að. Ekki fyrir

það, að ekki sé kunnugt um fjölda annarra erfðagalla og arfgengra sjúkdóma, og er meðal annars alkunnugt, að flogaveiki (epilepsia), sem er alltíður sjúkdómur, svo og hinir tíðustu geðsjúkdómar eru greinilega ættgengir. En eitt er að vita þetta og annað að vita hitt, eftir hverjum reglum slíkar erfðir fara, en það er langoftast ýmist ókunnugt eða fer eftir svo flóknum leiðum, að sjaldnast eru um það þær reglur kunnar, að hafa megi af verulega hagnýt not. Flestar almennar framkvæmdir til að hefta sjúklegar erfðir yrðu því meira og minna fálm í blindni. Ég nefni til dæmis, að eitt er að vera sjálfur laus við arfgengan sjúkdóm og annað að bera ekki í kynfrumum sínum erfðavísi slíks sjúkdóms. Er alkunnugt, að sjúklingur, sem fengið hefir sjúkdóm að erfðum, þarf ekki að vera líklegri til að gróðursetja hann í afkomendum sínum en heilbrigð systkini hans eða önnur skyldmenni, enda geta slíkir sjúkdómar iðulega hlaupið yfir marga liði.

Til dæmis um, hverjum erfiðleikum aðeins þessi staðreynd getur valdið, og um það, hve seint mundi ganga að útrýma arfgengum kvillum, jafnvel þó að vönunum væri beitt í stórum stíl, er oft nefndur vanskapnaður, svo nefndur **albinismi**, sem fólginn er í því, að litarefni vantar í húð manna og hár og í sjónhimnu augans, og fylgir alvarlegur sjóngalli. Þessi kvilli er ekki tíðari en það, að hann er ekki talinn ná til $^1/_{100}$% allra manna. Það hefir verið reiknað út, að þó að unnt væri að vana, kynslóð eftir kynslóð, hvern einasta mann og konu, sem haldin væri þessum kvilla, mundi það þó taka álíka tíma og frá Krists fæðingu til vorra daga að fækka tilfellunum um helming.

Engu að síður er það þó til, að fyrirfram verður sagt með nokkurnveginn fullri vissu, í hverri hættu fólk er um að eignast erfðagölluð afkvæmi, og kemur þá til álita, að hverju einstöku tilfelli athuguðu og grannskoðuðu, hvort ástæða er til að hindra það með vönun, að það leggi í þá hættu. Gera má ráð fyrir, að oft verði hættan þó fyrst ljós eftir að slys hefir hent. Ég nefni til dæmis hjón í Reykjavík, enn á tiltölulega ungum aldri, sem bæði eru daufdumb og hafa þegar átt tvö daufdumb börn, og önnur ung hjón, sem líka hafa eignazt tvö börn, bæði nærri blind af kunnum erfðasjúkdómi. Yfirleitt eru tilfelli, sem sambærileg eru þessum, næsta fágæt, og ekki líklegt, að afskipti af þeim hafi mikla þýðingu fyrir þjóðarheildina. En þau hafa óumræðilega mikla þýðingu fyrir þá ógæfusömu einstaklinga, sem í hlut eiga, og það er ekki sízt tilgangur þessa frumvarps að verða slíku fólki að liði.

Höfuðtilgangur frumvarpsins: Vönun fávita.

Þá er komið að þungamiðju frumvarpsins og höfuðtilgangi, en það er vönun fávita í því skyni að hefta barngetnað þeirra og þá meðal annars vegna erfðahættunnar, sem kunnugt er um, að af þeim stafar.

Fleiri fávitar en alþýða kallar því nafni.

Allir kannast við fávita, og fara sögur af þeim á öllum öldum. Nægir að minna á „fíflið Ingjalds“ úr íslenzkum fornbókmenntum og umskiptinga þjóðsagnanna. En í nútímaskilningi eru miklu fleiri fávitar en þeir, sem alþýða manna fyrr og síðar hefir kallað því nafni, en það eru aðeins þeir, sem bera utan á sér glögg einkenni hins andlega vanþroska, komast aldrei í andlegum skilningi af hinum fyrsta barnsaldri, læra þannig ekki eða mjög illa að tala, þó að þeir heyri, bera ekki eða illa skyn á frumstæðustu þarfir sínar og eru alla tíð ósjálfbjarga eins og börn á fyrstu aldursárunum.

Vitpróf og andlegur þroski.

Það er ekki fyrr en vitprófin koma til skjalanna, að menn öðlast víðtækari skilning á hinum andlega þroska manna. En höfundar þeirra prófa eru þeir Frakkarnir Alfred Binet og Th. Simon, er fyrst birtu athuganir sínar 1905. Síðan hafa þessi próf verið endurbætt (H. H. Goddard í Bandaríkjunum og W. Stern í Þýzkalandi) og löguð eftir þörfum mismunandi þjóða og stétta, sem hefir mikla þýðingu, því að án þess verður samanburður erfiður og óáreiðanlegur milli hinna ýmsu þjóða og fólks, sem býr við gerólík skilyrði. Þykja nú próf þessi hvarvetna gefa hina beztu raun.

Hér verður ekki unnt að skýra próf

þessi, en aðeins skal tekið fram, að það, sem mælt er við prófin, er hið meðfædda vit.[1]) eða, að því er sumir ætla, einhver **einn** ákveðinn eðlisþáttur, er virðist liggja til grundvallar öllu viti, greind og skilningshæfileikum eða jafnvel öllu gáfnafari, svo margþætt sem það þó virðist vera. Að sjálfsögðu þroskast börn að viti eftir því sem þau eldast, og fer um andlega þroskann á sama hátt og líkamsþroskann, að hin einstöku börn þroskast mishratt og þroskanum er lokið missnemma. Ekki er talið, að fólk þroskist að viti fram yfir 16 ára aldur, og telja ýmsir raunar, að mönnum sé yfirleitt full farið fram að viti um 14 ára aldur. Um hvern einstakan er það að segja, að vitið þroskast ekki rykkjótt eins og iðulega á sér stað um líkamsvöxt, heldur með samsvarandi hraða, þannig, að þegar börn eru prófuð ár eftir ár, kemur það ekki fyrir, að þau, sem eitt árið reynast að nokkru ráði yfir meðallag, verði á öðru ári undir meðallagi eða öfugt. Vel viti borin eða gáfuð börn verða því gáfað fullorðið fólk, nema þau verði fyrir slysum eða sjúkdómum, er hafi áhrif á andlega hæfileika þeirra, og sá, sem einu sinni er treggáfaður eða fáviti, á sér enga viðreisnarvon að því leyti — hann verður alltaf treggáfaður eða fáviti. Með þessum vitprófum er kafað djúpt í eðli manna og komizt á bak við það, sem fræðsla og menntun virðist bæta við gáfurnar og skerpa skilninginn. Þar með er engan veginn gert lítið úr fræðslunni. Það hefir enn sitt fulla gildi, að sá er fífl, sem fátt er kennt, því að þó að engin fræðsla breyti eðlisgáfum manna eða meðfæddu viti, þá temur hún það við viðfangsefni hvers eins og ávaxtar þannig hið meðfædda pund til hagnýtra nota fyrir sjálfan hann og samfélagið. Og á þetta við um fræðslu fólks á öllum gáfnastigum og ekki sízt við hið treggáfaðasta. Það er aftur sagan um gildi lífskjara og umhverfis til ávöxtunar hinum meðfædda arfi.

1) Hér er ekki gerð tilraun til að greina nákvæmlega í sundur merkingar orðanna vit, gáfur, greind, gáfaður, greindur, viti borinn o. s. frv., sem í alþýðumáli grípa hvert inn í annað og merkja oftast hið sama, þó að í sumum talsháttum verði vart merkingamunar. Hér eru orðin notuð á alþýðlegan hátt og til þess ætlazt, að á sambandinu sjáist, hvað í raun og veru er átt við.

Niðurstöður vitprófa.

Upphaflega eru prófraunir þær, sem notaðar eru við vitprófin, jafnhæfðar (standardiseraðar) með því að leggja þær fyrir aragrúa barna, og eru þannig fundin meðalafköst barna innan hinna ýmsu aldursflokka. Þarf þetta að gerast að minnsta kosti fyrir hverja þjóð. Við meðalafköst, sem á þenna hátt eru fundin, er miðað þannig, að barn, sem leysir prófið af hendi eins og börn á þess aldri hafa reynzt að gera almennt, telst að vera í meðallagi gáfað, hafa meðalvit, eðlilegan andlegan þroska eða **vitaldur** jafnháan raunverulegum aldri sínum. Leysi það aftur á móti prófið ekki betur af hendi en yngri börn gera almennt, er vitaldur þess lægri eins og hann er hærri, ef það stendur sig til jafns við sér eldri börn. Gáfnastig hvers eins er táknað með hundraðstölu, svonefndum **vitkvóta** (Intelligence Quotient: I. Q.), sem finnst með því að deila vitaldrinum með hinum raunverulega aldri og margfalda útkomuna með hundrað. Barn, sem hefir meðalvit eða vitaldur jafnháan raunverulegum aldri sínum, hefir þannig vitkvótann 100. Ef 10 ára barn stendur sig ekki betur en til jafns við 5 ára börn, er vitaldur þess 5 ár og vitkvóti þess 50, og ef 10 ára barn jafnast aðeins á við 7 ára börn, er vitaldur þess 7 ár og vitkvótinn 70. Ef 8 ára barn reynist hins vegar að jafnast á við 10 eða 12 ára börn, er vitaldur þess að sama skapi hærri og vitkvótinn 125 eða 150. Þegar fullorðið fólk er prófað, er venjulega gengið út frá því, sem reynslan líka staðfestir, að vitþroskinn stöðvist við 14—16 ára aldur, og miðast þá vitkvóti þess við það, að allir séu á þeim aldri. Eins og vitkvótinn verður fundinn af vitaldrinum og hinum raunverulega aldri má finna vitaldurinn af vitkvótanum og hinum raunverulega aldri. 10 ára barn með vitkvótann 50 er þannig 5 ára að vitaldri

$$\left(\frac{x}{10} = \frac{50}{100};\ 100x = 500;\ x = 5\right)$$

og fullorðinn maður með sama vitkvóta 7—8 ára eftir því, hvort miðað er við það, að mönnum sé fullfarið fram að viti 14 eða 16 ára. Á sama hátt er vitaldur fullorðins manns með vitkvótann 70 um 10–11 ár.



NIÐURSTÖÐUR VITPRÓFA 2000 SKÓLABARNA Í U.S.A.

Þegar fjöldi manns er látinn ganga undir vitpróf, segjum t. d. 2000 skólabörn (sbr. línuritið hér fyrir ofan) kemur í ljós, að fáein skara fram úr að gáfum og liggur flest í augum uppi, er kemur til náms og skilnings. Álíka mörg eru aftur á móti svo gáfnasljó, að engin leið er að láta þau fylgjast með jafnöldrum sínum við nám, hvernig sem þolinmóðustu kennarar leggja sig í líma við þau. Þau eru andlega vanþroska, meiri eða minni fávitar. Þá er álitlegur fjöldi að vísu vel gáfaðra barna, sem þó eru engan veginn nein ljós, og líkur hópur treggáfaðra barna, heimskra barna, sem þó geta ekki talizt fávitar. En mestur fjöldinn er miðlungsbörn, efni í fólk eins og fólk gerist flest, hvorki gáfað né allheimskt og jafnfjarri því að vera fávitar og það er fjarri öllum andlegum yfirburðum. Þar sem vitkvótinn, þ. e. meðfæddar gáfur manna, breytist ekki með aldrinum, lærdómi eða menningu, mundi þetta línurit líta nokkurnveginn nákvæmlega eins út, þó að allir hefðu verið fullorðnir og á svipuðum aldri, sem prófaðir voru. Þess mismunar er þó að gæta, að á meðal skólabarna eru yfirleitt ekki hinir aumari fávitar, þeir, sem hafa vitkvóta fyrir neðan 50, sem að jafnaði eru öllum bersýnilega ekki í almenna skóla tækir.

Á 1. mynd, á sérstöku myndablaði, er fylgir þessari ritgerð, hefir verið reynt að setja mönnum ljóslega fyrir sjónir muninn á líkamlegum þroska manna og hinum andlega þroska, þar sem þrír fullvaxnir menn eru sýndir, meðalmenn að vexti, á líkum aldri, ef til vill uppaldir við sömu skilyrði og allt að því óþekkjanlegir hver frá öðrum að ytra útliti, en innri menn þeirra, þeir, er sýna hinn andlega þroska þeirra, hvers um sig, eru svo ólíkir, að aðeins einn þeirra er fullorðinn maður, en hinir tveir óþroskuð börn á mismunandi aldursstigi. Hér er þó á hvoruga hlið leitað til öfga, því að ekki er hærra farið en til manns í meðallagi gefins (vitkvóti 100) og ekki neðar en niður undir það takmark, að hið ytra útlit þarf enga tortryggni að vekja (vitkvóti 50). Hinn þriðji er þar á milli (vitkvóti 70).

En hversu gríðarlegur munurinn er á gáfnafari fullorðinna manna án tillits til aldurs, lærdóms og menningar, má verða mönnum ljóst af 2. mynd á sama blaði,

1. mynd.



A: Eðlilegur andlegur þroski (vitkvóti 100).
B: Andlegur þroski 10—11 ára barns (vitkvóti 70).
C: Andlegur þroski 7—8 ára barns (vitkvóti 50).

2. mynd.



Ef líkamsvöxtur manna fylgdi vitinu, yrði maður með vitkvóta 50 (A) 85 cm eða jafnhár 2 ára barni, maður með vitkvóta 70 (B) 119 cm eða jafnhár 8 ára barni, maður með vitkvóta 100 (C) 170 cm eða meðalmaður á vöxt, maður með vitkvóta 130 (D) 221 cm og maður með vitkvóta 170 (E) 289 cm.



A A B B

C C D D

E E F F

3.—8. mynd.

Þessar ljósmyndir eru af 12 drengjum (tvær og tvær saman af hverjum). Drengirnir eru á öllum gáfnastigum, er ná yfir hið víðasta svið, allt frá aumasta fávitahætti (vitkvóti 18) og upp í hinar mestu afburðagáfur, sem mældar hafa verið (vitkvóti 171). Það er almenn skoðun, að af útliti manna, höfuðlagi, andlitsfalli og yfirbragði, megi fara nærri um gáfnafar manna, og sennilega treystir góðfús lesari sér allvel í þeim efnum. Vill hann nú ekki gera tilraun til að raða myndunum eftir því sem honum virðast drengirnir gáfulegir og skilja þannig sauðina frá höfrunum: gáfumennina frá miðlungsmönnum og þá aftur frá heimskingjum, andlegum fáráðlingum og aumustu fávitum. En ef hann vill láta sér nægja að benda á gáfaðasta piltinn og hinn sízt gefna, er einnig því tekið með þökkum.

G G H H

I I J J

K K L L

Í Ameriku hafa þessar myndir verið lagðar fyrir sálfræðinga, leiðbeinendur ungra manna um að velja þeim störf og grúskara, er gefa sig við að lesa lyndiseinkunnir manna af svip þeirra, 274 slíka sérfræðinga samtals. Þeir reyndu að geta sér til um gáfnafar drengjanna af myndunum og röðuðu þeim samkvæmt því. En svo er þetta erfitt, að niðurstaðan varð yfirleitt ekki nær sanni — þegar undanskildir eru þrír eða fjórir aumustu fávitarnir — en þó að myndunum hefði verið stokkað eins og spilum og hending ein látin ráða röðinni. Aðeins aumustu fávita (með vitkvóta undir 50) er hægt að þekkja af útliti þeirra, en raunar síður af myndum, en þegar menn hafa þá sjálfa fyrir sér. Á töflunni aftan á þessu blaði má sjá vitkvóta allra drengjanna og meðalniðurstöðu af röðun sérfræðinganna.

Gáfnafar og ytra útlit.

Hér fyrir neðan er drengjunum A—L, sem myndir eru af á undanfarandi blaðsíðum, raðað eftir því sem vit þeirra hefir mælzt, og er vitkvótinn jafnframt greindur. Í aftasta dálki töflunnar er meðalniðurstaða 274 sérfræðinga, sem röðuðu drengjunum eftir því sem þeim virtist af myndunum, að þeir hefðu gáfur til.

Rétt röð	Drengir	Vitkvóti	Röð sérfræðinganna
1	**H**	171	3
2	**C**	140	6
3	**A**	128	8
4	**E**	119	2
5	**B**	111	5
6	**G**	99	1
7	**K**	71	4
8	**I**	63	7
9	**D**	55	9
10	**F**	36	11
11	**L**	26	10
12	**J**	18	12

H er fágætur afburðamaður að gáfum. **C** hefir ágætar gáfur og **A** góðar gáfur. **E**, **B** og **G** eru miðlungsmenn að gáfum. **K** er mjög heimskur og á takmörkum þess að vera með eðlilegan andlegan þroska. **I** og **D** eru andlegir fáráðlingar og **D** nálægt takmörkum þess að vera sýnilegur fáviti. **F**, **L** og **J** eru aumustu fávitar og er **J** einkum mjög vanþroska eða ekki þroskaðri en barn á þriðja ári, ef gert er ráð fyrir, að hann sé um 14 ára aldur.

þar sem munur á viti manna er borinn saman við líkamsvöxt og sýnt, hver stærðarhlutföll manna yrðu, ef stærðin minnkaði eða ykist hlutfallslega með vitkvótanum. Ef maður með meðalgáfur, eða vitkvóta 100, er látinn samsvara meðalmanni á vöxt (170 cm.), verður andlega vanþroska maður og þó ekki aumari en það, að ekkert slíkt þarf hann að bera utan á sér (vitkvóti 50), 85 cm. dvergur eða jafnhár tveggja ára barni. Treggáfaður maður á takmörkum þess að vera talinn með eðlilegum andlegum þroska (vitkvóti 70, sjá síðar), yrði 119 cm., eða jafnhár 8 ára barni. Maður með góðar gáfur, án þess að vera nokkurt afbragð (vitkvóti 130), yrði 221 cm. eða svipaður á hæð og risinn úr Svarfaðardal. En afburða gáfumaður, eins og þeir gerast skarpastir (vitkvóti 170), yrði 289 cm. eða um 1 metra hærri en stærstu menn, þeir, sem ekki eru taldir að hafa óeðlilegan líkamsvöxt.

Vitprófin tæplega einhlít, en það skiptir hér litlu máli.

Rétt er að taka það fram, að fundið hefir verið að þessum vitprófum, að þau nái tæplega til ýmissa sérgáfna, er þó geti haft þýðingu fyrir gildi manna fyrir sjálfa sig og samfélagið, og hafa verið tilnefndar sérgáfur til smíða og félagslegar eða siðferðilegar gáfur, enda hefir verið reynt að leita eftir slíku með sérstökum prófum. Um þetta er deilt, en með því að ekki mun vera dregið í efa, að hin almennu vitpróf séu fullnægjandi til leiðbeiningar um efni það, sem hér er tekið til meðferðar, verður sú deila látin liggja á milli hluta.

Niðurstöður vitprófa um fávitahátt.

Hvað hafa nú vitprófin leitt í ljós um fávita og fávitahátt? Fyrst og fremst það, að þeir, sem hafa vitkvóta 50 og þar fyrir neðan, þ. e. t. d. 10 ára barn með andlegan þroska 5 ára barns og fullorðinn maður með andlegan þroska 7—8 ára barns, bera að jafnaði utan á sér fávitaháttinn, svo að alþýða manna villist sjaldnar en hitt á því og kallar slíkt fólk fávita. En við nánari athugun kemur í ljós, að fólk, sem ekki hefir allt að því ¾ af meðalmanns viti eða hefir vitkvóta um 70, fullorðið fólk með andlegan þroska 10—11 ára barna og þar fyrir neðan, er svo gáfnatregt og andlega vanþroska, að ekkert má út af bera, ef það á ekki að verða sjálfu sér og öðrum til vandræða. Hér verður að taka það fram, til að koma í veg fyrir misskilning, að engin skýr takmörk eru á milli fávita í þessum skilningi og þess fólks, sem kallað er að hafa eðlilegan andlegan þroska, en af praktiskum ástæðum verður að setja mörkin einhversstaðar. Er fremur deilt um, að vitkvótinn 70 sé of lágur en of hár.

Fávitar og andlegir fáráðlingar.

Fólk á þessu andlega þroskastigi, þ. e. fólk með vitkvóta 50—70, lítur að jafnaði út eins og annað fólk, að minnsta kosti það, sem nálgast efra markið. Margt af því getur verið snoturt fólk, og er engin leið að þekkja það á útlitinu frá jafnvel hinu bezt gefna fólki. Má sjá þess glögg dæmi á mannamyndum þeim, sem gerðar eru eftir ljósmyndum og prentaðar eru á hinu sérstaka myndablaði (3.—8. mynd). Ameríkumenn nefna þetta andlega vanþroskaða fólk, sem þó ber ekki utan á sér fávitaháttinn, **morons** (eftir grísku orði, sem þýðir heimskur), og mun ekki fjarri, að það sé fólkið, sem hér á landi hefir verið kallað fáráðlingar eða andlegir fáráðlingar.[1]) Í frumvarpinu er það talið með fávitum.

Andlegir fáráðlingar og umhverfið.

Við fábreytt lífsskilyrði og einföld störf, einkum undir annarra stjórn, getur þetta andlega vanþroskaða fólk bjargað sér og gerir það oft, ef það er þá gætt rólegum skapsmunum, sem það oft er, og verður ekki fyrir miklum freistingum í neina átt. En ef erfiðleikar mæta því, ef það á að sjá ráð fyrir öðrum, ef það á að bregðast skynsamlega við því, sem er nýtt og óvænt, ef það er rifið upp úr því umhverfi, sem það er orðið vant, og sett í nýtt ólíkt umhverfi, ef það er ástríðuríkt í einhverja átt, ef það verður

1) The American Association for the Study of the Feebleminded flokkar fávita sem hér segir: Aumustu fávitar (idiots), þeir, sem hafa vitkvóta undir 25; aðrir aumir fávitar (imbeciles), þeir, sem hafa vitkvóta 25—49; andlegir fáráðlingar (morons), þeir, sem hafa vitkvóta 50—74.

fyrir freistingum, sem það hefir ekki æfingu í að standast, ef það fellur í hendur óvandaðra manna -- þá er voðinn vís.

Aðstaða andlegra fáráðlinga hér á landi fyrr á tímum.

Meðan Íslendingar voru nær undantekningarlaust bændur, sem lifðu við hin sömu fábrotnu skilyrði í strjálbýli og umbreytingarleysi öld eftir öld, hefir fólk af þessu tagi litla eftirtekt vakið. Það hefir fallið sæmilega inn í samfélagið, verið fært um að leysa af hendi hin fábreyttu störf, jafnvel allt að því eins vel og aðrir, sem betur hafa verið gefnir, og yfirleitt síður en svo orðið til vandræða. Eflaust hefir það orðið undir í lífsbaráttunni, þannig, að það hefir síður náð ábúð á jörðum, síður en aðrir og oft aldrei stofnað til hjúskapar og síður en aðrir aukið kyn sitt. Við, sem munum nokkuð aftur til hinna fábreyttu hátta foreldra okkar og þeirra foreldra, munum flestir til fleira eða færra fólks af þessu tagi, að mörgu leyti yndislegs fólks, stórra saklausra barna, jafningja annarra barna á heimilunum og kærra vina.

Breytt aðstaða andlegra fáráðlinga hér á landi vegna breyttra lífsskilyrða.

En bylting sú, sem orðið hefir á Íslandi á síðustu árum, er fjöldi fólks, og þar á meðal góður skerfur hins andlega vanþroskaða fólks, hefir yfirgefið sveitirnar og setzt að í kaupstöðum við gerólíka atvinnuhætti og lífsskilyrði, gerbreytir afstöðu þessa fólks til þjóðfélagsins og þjóðfélagsins til þess. Lífsskilyrðin í sveitunum og atvinnuhættir þar hafa raunar líka gerbreytzt á þessum sama tíma. Andlegir fáráðlingar eiga nú að keppa um hina ólíkustu atvinnu á yfirfullum atvinnumarkaði og standa illa að vígi í samkeppninni. Nú eru engar hömlur á, að þetta fólk stofni til hjúskapar og hrúgi niður börnum, sem það líka gerir flestum fremur, en er öllum síðra til að sjá fyrir stóru heimili og ala upp mörg börn. Sveitarsjóðirnir eru athvarfið, sem það skiptir við eins ábyrgðarlaust eins og börn, og hefir ekki heldur sterkari bein en börn til að þola þau erfiðu og síðspillandi viðskipti. Freistingarnar eru nú ólíkar því, sem áður var, enda fellur þetta fólk unnvörpum fyrir þeim og gerist sekt um margvíslega óknytti. Ekki stendur heldur á óhlutvendni þeirra, sem vitið hafa meira, til að afvegaleiða þessa fáráðlinga. Stúlkurnar verða unnvörpum skækjur, eiga lausaleiksbörn á fyrsta kynþroskaaldri og geta oft ekki feðrað, breiða út kynsjúkdóma og hverskonar óþverra, en piltarnir verða betlarar, vandræðamenn, drykkjuræflar og tötralýður. Allskyns sjúkdómar, og ekki sízt berklaveiki, ásækja þetta fólk öðru fólki fremur, og telja sumir, að líkamlegur vanþroski og lítið mótstöðuafl gegn sjúkdómum sé fáráðlingum meðfætt ásamt hinum andlega vanþroska, en aðrir, að hin illu kjör, er þeir hljóti að búa sér, séu þess valdandi, sem er líklegra, nema hvorttveggja sé. Fær tryggingarstarfsemin þar sinn hlut deildan, ef sveitarsjóðirnir ýta frá sér. Fræðsla þessa fólks í almennum skólum kostar óhemju fyrirhöfn og þolgæði, tefur námið stórkostlega fyrir þeim, sem betur mega, er langoftast unnin fyrir gýg og krefst raunar sérskóla sérmenntaðra kennara og ærins kostnaðar, ef verulegs árangurs á að vænta. En að ekki er allt undir gáfnafarinu komið, þó að mikið hafi að segja, sýnir það, sem ekki má gleymast í þessu sambandi, að margir eru vandræðamennirnir og oftast hinir verstu, sem nægar hafa gáfurnar, og alltaf hittast þó fáráðlingar að gáfum, sem jafnvel við ólíkleg skilyrði eru löghlýðnir, heiðarlegir, siðprúðir og tiltölulega ráðdeildarsamir borgarar, sem gera mörgum gáfumanninum skömm til. Svo miklu varðar annað innræti og skapgerð, eðlilegt jafnvægi geðsmuna og andleg heilbrigði, þó að illa nýtist eða alls ekki, ef vitið nær ekki ákveðnu lágmarki.

Andlegir fáráðlingar sæta mjög ósanngjörnum dómum.

Andlegir fáráðlingar sæta nærri undantekningarlaust ómildum og ósanngjörnum dómum fyrir það, hve allur almenningur er fjarri því að skilja eðli þeirra og afstöðu. Menn átta sig ekki á því, að þetta stóra fólk, jafnvel roskið og öldurmannlegt fólk, er engu að síður börn, oft lítil, umkomulaus og veiklynd börn, sem lifið

gerir miskunnarlausar kröfur til, eins og þau væru fullorðið fólk. Ef sýna á þessu fólki sanngirni, má ekki gleyma því, að ráðleysi þess er ráðleysi barna, óknyttir þess brek barna, og hversu siðspillt sem það er, þá er það þó ekki annað en siðspillt börn. Öldin, sem við lifum á, hrósar sér af því að vera öld barnanna, en þar er nokkurs í vant, ef þessum stóru börnum, sem aldrei verða fullorðin og eru ef til vill brjóstumkennanlegust allra barna, er með öllu gleymt og engin nærgætni sýnd.

Fjöldi fávita og andlegra fáráðlinga hér á landi og annarsstaðar.

Hvað mundi vera mikið af þessu fólki hér á landi? Það veit enginn. Tölur þær, sem fyrir eru, ná aðeins til hinna aumustu fávita, fávitanna, sem ætla má, að hafi vitkvóta undir 50, og benda þær til þess, að slíkir fávitar séu um 200 í landinu. En hvarvetna er sú tala hverfandi hluti fávitanna, ef miðað er við vitkvóta 70. Allgott samkomulag virðist vera um það í Bandaríkjunum meðal fróðra manna, þar sem þessum málum hefir verið einna mestur gaumur gefinn, að tala allra fávita og andlegra fáráðlinga sé þar um 4—5% af allri þjóðinni, en margir telja þá miklu eða jafnvel helmingi fleiri. Bretar virðast gizka á lægri tölu hjá sér eða um 1%, og er oft miðað við þá hundraðstölu þeirra fávita, sem þarfnast opinberra afskipta. Af börnum í barnaskólum eru venjulegast 2% greinlegir andlegir fáráðlingar, en aumustu fávitar sækja ekki slíka skóla. Hér á landi getur ekki heitið, að vitpróf hafi farið fram, að því undanteknu, að Ármann Halldórsson, mag. art., prófaði vandlega um 100 skólabörn á Ísafirði fyrir 2 árum. Reyndust 3 af þeim andlegir fáráðlingar, með vitkvóta neðan við 70, þ. e. 3%. Af svo lágri tölu barna verður vitanlega engin almenn ályktun dregin. Er ég í huganum lít yfir þau byggðarlög, þar sem ég er kunnugastur, koma þau mér að þessu leyti svo fyrir sjónir, að engan veginn sé vanþörf á að gefa þessum málum gætur hér á landi og það heldur fyrr en síðar. Jafnvel aðeins 1% af þjóðinni er rúmlega 1150 manns, 3% 3500 og 5% ekki mikils vant í 6000, sem væri ömurlegur hópur slíks fólks í ekki fjölmennara þjóðfélagi. En hvað svo sem raunverulegum fjölda þessa fólks kann að líða, er nokkur ástæða til að óttast um, að því fjölgi fremur en fækki, ef allt er látið afskiptalaust.

Arfgengi fávitaháttar.

Fávitaháttur og andlegur vanþroski er arfgengur eiginleiki, þó að ekki sé kunnugt um erfðahættina og vitnisburðir séu ósamhljóða um, hve mikil brögð séu að því, að slíkt erfist. Hitt er víst, að ekki er allur fávitaháttur erfðum að kenna, en getur einnig stafað af sjúkdómum eða slysum í fósturlífinu, í fæðingu eða í fyrstu bernsku. Sennilega er slíkt miklu tíðara um hina aumustu fávita en fáráðlingana, sem einnig að öðru leyti skiptir miklu meira máli um, að því er við kemur þessum erfðum. Hinir aumustu fávitar ná því sára sjaldan að eignast afkvæmi, enda telst til glæpa að eiga kynferðileg mök við þá. Er hverfandi lítil þörf á að gera sérstakar ráðstafanir til að hindra barngetnað þeirra. Öðru máli er að gegna um fáráðlingana, sem í hjúskap eru flestum barnfleiri, auk þess sem fáráðlingsstúlkur hrúga niður lausaleiksbörnum öðrum fremur. Yfirleitt bendir reynsla til, að meiri hætta stafi af fáráðlingskonum að þessu leyti en körlum. Fáráðlingskonur skortir ekki karlmenn til fylgilags, en karlmenn, sem eru andlegir fáráðlingar, og þó sjálegir séu, standa sig að jafnaði fremur illa í frjálsri samkeppni um hylli kvenna. Fróðustu menn áætla, að helmingur allra fávita og andlegra fáráðlinga, eða 50%, séu fávitar fyrir erfiðir — og telja jafnvel lágt áætlað, og það er víst, að um 50% allra fávita og andlegra fáráðlinga á fávitahælum í Bandaríkjunum eiga til andlegra fáráðlinga að telja. Sumir, og að ég hygg flestir, gera enn meira úr erfðunum og nefna 66% og enn aðrir 75%. Ef tveir andlegir fáráðlingar eiga börn saman, er talið, að yfir 90% barnanna verði einnig andlegir fáráðlingar, en ef annað foreldranna hefir eðlilegan andlegan þroska, þá um 45%. En hér mun að vísu vera átt við það, að foreldrarnir séu þá andlegir fáráðlingar fyrir erfiðir.

Bandaríkjamenn hafa gert talsvert að

því að semja ættarskrár andlega vanþroskaðs fólks. Á fávitahæli í Kaliforníu voru nokkrir fávitar af sömu ætt, og við eftirgrennslan kom í ljós, að tvenn systkini höfðu bundizt hjúskap á víxl. Voru önnur hjónin bæði andlegir fáráðlingar, en hin höfðu eðlilegan andlegan þroska. Út af fyrri hjónunum höfðu komið alls 36 börn frá 8 foreldrum, og voru 25 fávitar. Út af síðari hjónunum höfðu komið alls 39 börn frá 7 foreldrum, og af þeim aðeins eitt óvenjulega treggáfað, án þess þó að geta talizt fáviti. Alkunn er afkomendaskrá Martíns Kalilaks. Hann var tvíkvæntur, og var önnur kona hans andlegur fáráðlingur. Meðal afkomenda Kalilaks frá því hjónabandi urðu 222 fávitar frá 41 foreldri. Hin konan hafði eðlilegan andlegan þroska. Allir afkomendur Kalilaks frá því hjónabandi höfðu ekki eingöngu eðlilegan andlegan þroska, heldur var á meðal þeirra fjöldi ágætra, þjóðkunnra manna. Hvað mundu íslenzkir ættfræðingar geta lagt fram til upplýsingar þessum málum hér á landi?

Vönun andlegra fáráðlinga léttir þeim lífið, er þjóðinni til hagsbóta og dregur úr úrkynjun komandi kynslóða.

Meðal fávita og andlegra fáráðlinga á að vera höfuðvettvangur þessara laga, og er til þess ætlazt, að það verði aðallega þetta fólk, er hér hefir verið lýst, sem leiti verndar þeirra og aðstoðar, jafnframt því, sem þess er vænzt, að um leið og því er liðsinnt, verði það þjóðinni sem heild til hagsældar, og miði, svo langt sem það nær, til þess að draga úr úrkynjun komandi kynslóða.

Á hvern hátt vönun léttir andlegum fáráðlingum lífsbaráttuna.

Ekki er erfitt að leita kosta þess fyrir andlega fáráðlinga að fá sig tryggða gegn barngetnaði með hættulausum eða hættulitlum aðgerðum, sem engin áhrif hafa á eðli þeirra eða heilbrigði. Mjög margir þeirra geta, eins og sagt hefir verið, orðið sjálfbjarga menn og jafnvel góðir og nýtir borgarar, ef lífsbaráttan er við þeirra hæfi og ekki eru gerðar of miklar kröfur til þeirra. Fræðsla um takmarkanir barneigna má sín hér einskis, því að hún kemur allra sízt þessu fólki að gagni. En hin erfiðasta byrði, sem á þetta fólk er lögð, og alltaf óbærileg, er að eiga að sjá borgið stórri fjölskyldu, oftar en hitt fáráðlingsfólki eins og það er sjálft. Þeir, sem hafa séð hörmungar slíks heimilislífs og skilið, hvað liggur því til grundvallar, gleyma því aldrei. Eða sæmilega viti borinn maður eða kona (oftar maður), sem ratað hefir í þá ógæfu að bindast andlegum fáráðlingi, geta við afkvæmi, sem eru meiri eða minni fáráðlingar, og mega eiga von á fleiri slíkum! Hvers virði væri það ekki fyrir slíkan mann eða konu að fá þar reista rönd við? En það er með hjúskap þessa fólks og viðskipti þess hvers við annað eins og um viðskipti þess við þjóðfélagið, að það getur farið vel, ef ekki reynir of mikið á sambúðina. Barneignir og einkum mikil ómegð er fullkomin ofraun, sem leiðir til óhjákvæmilegrar hjúskaparóhamingju. Þar sem þjóðfélögin sjá á sómasamlegan hátt fyrir fávitum sínum og andlegum fáráðlingum -- sem á langt í land hér á landi -- eru reist sérstök hæli fyrir þá. Fjölda margir, sem lokaðir eru inni í slíkum hælum, eru á takmörkum þess að vera færir um að vinna fyrir sér eins og annað fólk, og það, sem þá vegur aðallega baggamuninn, er, að ekki þykir leggjandi í þá hættu, að þeir lifi frjálsu kynferðislífi, stofni heimili og geti börn, sem óhjákvæmilega steypir ekki eingöngu þeim sjálfum í ógæfu, heldur mörgum með þeim. Á slíkum hælum á það yfirleitt upptök sín (Kalifornía), að fólk af þessu tagi sé vanað áður en því er sleppt lausu, og þykir hafa gefið hina beztu raun. Danir hafa einnig af góðri reynslu að segja í þessum efnum. Fáráðlingar, sem annars mundu óhjákvæmilega hafa orðið sjálfum sér og öðrum til vandræða, bjarga sér nú furðanlega og sumir mjög vel. Margir stofna til hjúskapar, lifa heilbrigðu kynferðislífi, og er ánægjulegt að lesa skýrslur um, hve títt er, að vel fer á með hjónum, sem bæði eru á þessu lága andlega þroskastigi og hve vel þau geta bjargazt af, er ómegð sækir ekki á þau. Hversu miklu mannúðlegra það er að gefa þessu fólki kynferðilegt frelsi á þenna hátt en að loka það inni heilbrigt æfilangt, mega allir

nærri geta, sem sjálfir eru kynferðilega heilbrigðir.

Hvort andlegir fáráðlingar mundu leita aðgerðanna. Nauðsynlegt að leiðbeina þeim.

Mundi nú þetta andlega vanþroskaða fólk, og þá það af því, sem mestu varðar um, leita aðstoðar laganna? Eflaust yrðu vanhöld á, að það gerði það að eigin frumkvæði. En mjög margt af þessu fólki þarf svo mikillar aðstoðar að leita til annarra og þá þeirra, sem eiga hagsmuna að gæta við afkomu þess, vandamanna og opinberra forráðamanna, að auðvelt er að koma við leiðbeiningum. Oftar en hitt er þetta ráðþægið fólk, ef vel er farið að því, og er ekki kvartað undan því erlendis, þar sem reynsla er fengin um þessi efni, og aldrei kemur til mála að leggja þetta fólk óviljugt undir þessar aðgerðir, að á samþykki þess standi. Og til þess mun ekki heldur koma hér, ef nærgætni og mannúð er beitt, en allt annað er alls fjarri tilgangi frumvarpsins.

Gróði þjóðfélagsins af vönun andlegra fáráðlinga.

Um hagsmuni þjóðfélagsins af þessum aðgerðum á hinum andlegu fáráðlingum þarf naumast að ræða. Þeir liggja í augum uppi. Er raunar meira að óttast, að beinn gróði sveitarsjóðanna þyki svo auðsær, að forráðamenn þeirra sumir kunni sér ekki hóf og stimpli fleiri menn fáráðlinga en þar koma til greina, að viðhöfðu hinu eina vitprófi, sem oddvitar kunna flestir, en það er að meta þyngsli hvers einstaks þurfamanns á sveitarsjóðunum. En þeim, sem ætlað er að hafa með höndum framkvæmd þessara laga, er jafnframt ætlað að meta réttilega og að verðleikum alla frekju og ruddaskap, sem á kann að bera í sambandi við framkvæmdirnar, og gera öllu slíku viðeigandi skil.

Hlutverk barnaskóla, fávitahæla og sérskóla fyrir vanþroska börn.

Barnaskólarnir hafa hér sérstakt hlutverk að vinna. Þá sækir mikill fjöldi barna, sem eru meiri eða minni fávitar, og einkum þau þeirra, sem ætla má, að síðar reynist hafa mesta þörfina fyrir vernd þessara laga. Ef barnakennarar gera sér far um að kynnast þessum börnum, ekki sízt ef þeir hefðu tök á að beita vitprófum, og fylgjast síðan með þeim til kynþroskaaldurs, standa þeir flestum betur að vígi um að leiðbeina viðkomendum sjálfum og aðstandendum þeirra um allt, er að þessum málum lýtur.

Síðar, er fávitahæli hafa verið sett á stofn og sérskólar fyrir vanþroska börn, er þangað að leita leiðbeininganna. Og þá mætti ætla, að bezt væri fyrir framkvæmd þessara mála séð, ef allir fávitar, sem til álita kæmi að vana, yrðu um stund á opinberri eða viðurkenndri stofnun fyrir slíkt fólk, því til athugunar, hvað rétt er að ráðleggja í þessum efnum.

Hverju vananir geta áorkað til fækkunar fávitum og andlegum fáráðlingum.

Menn eru misjafnlega bjartsýnir á, hverja þýðingu vananir fávita og andlegra fáráðlinga geti haft til að fækka þessu fólki með þjóðunum, eða hve skjóts árangurs megi vænta af slíkum aðgerðum. Það skiptir náttúrlega miklu máli, til hve margra yrði náð, og ekki er líklegt, að hér á landi yrði fyrst í stað náð til svo margra, að fljótlega munaði. En fræðilega séð horfir þetta tiltölulega vænlega. Hefir verið reiknað út, að ef takast mætti að hindra barngetnað fávita og allra andlegra fáráðlinga með þjóð, þar sem tala þeirra væri 100 af hverjum 10000 íbúum, yrðu þeir þegar í næstu kynslóð aðeins 82,6 af 10000, í annari kynslóð 69,4 af 10000 og í hinni þriðju 59,2 af 10000. Þessi útreikningur er miðaður við það, að fávitahátturinn sé jafnt útbreiddur meðal allrar þjóðarinnar, en ef hann, sem líklegra er talið, er meira og minna bundinn við takmarkaðan hluta þjóðarinnar, einstakar ættir eða einstaka landshluta, telja menn miklu skjótari árangurs að vænta. Ekkert verður sagt um, hvernig þetta muni horfa við hér á landi, og er hér hagnýtt úrlausnarefni fyrir ættfræðinga vora að spreyta sig á.

Mundu vananir auka lausung og útbreiðslu kynsjúkdóma?

Ég vil ekki með öllu ganga fram hjá því, sem talið hefir verið varhugavert við vananir fáráðlinga, einkum kvenfólks,

en það er, að þær muni auka lausung þess, er aftur mundi verða til aukinnar útbreiðslu kynsjúkdóma í löndunum. Erlendir fræðimenn telja ekki mikla hættu á þessu, vísa til fenginnar reynslu og benda á, að einmitt fyrir vananirnar geti fleira af þessu fólki lifað heilbrigðu hjúskaparlífi, sem haldi því frá ólifnaði. Fátt af þessu fólki, sem á annað borð gefur sig við lausung, hefir þá fyrirhyggju, að ótti við barngetnað haldi aftur af því, og raunar mun það ekki heldur tíðkast um betur viti borinn lausingjalýð. Mun að jafnaði tíðara, að ótti við kynsjúkdóma geri meira að verkum. Þó vil ég ekki taka fyrir, að það gæti komið fyrir hér í fámenninu, þar sem hver þekkir annars nánustu hagi, að léttúðarkvendi, sem vitað er um, að ekki getur átt afkvæmi, verði fyrir það meira eftirsótt, og gæti það þá vitanlega leitt til aukinnar útbreiðslu kynsjúkdóma. En þess háttar aukin kynsjúkdómahætta einnar kynslóðar er þá líkleg til að vinnast upp með drjúgt minni kynsjúkdómahættu hinnar næstu.

Til að meta fávitahátt réttilega eru vitpróf óhjákvæmileg. Nauðsyn sérstakra íslenzkra vitprófa.

Til stuðnings framkvæmd þessa atriðis hinna væntanlegu laga, sem hér hefir nú verið rakið um stund, er óhjákvæmilegt að eiga kost á sem allra áreiðanlegustum vitprófum, og þyrfti vitprófsskírteini helzt að fylgja hverri umsókn, þó að vitnisburður athuguls kennara, sem væri þaulkunnugur viðkomanda, og vottorð læknis geti náð langt. Eins og sakir standa er hér því miður ekki kostur áreiðanlegra vitprófa. Þyrfti að vinda bráðan bug að því, að fá útbúnar prófraunir til vitprófa, lagaðar við hæfi Íslendinga og jafnhæfðar (standardiseraðar) með tilliti til þeirra. Vill svo vel til, að nú er völ á íslenzkum fræðimönnum, sem þessum vanda eru ágætlega vaxnir. En þegar prófraunirnar eru fengnar, er fljótgert að læra að fara með þær, hvort heldur væri af kennurum eða læknum. Er og engan veginn svo, að slíkra vitprófa sé þörf aðeins í þessu skyni. Þeirra er einnig margföld þörf vegna hinnar almennu fræðslu í landinu, og er ekki vansalaust, að þau skuli ekki hafa verið tekin í þjónustu hennar fyrir löngu síðan. Enda er þetta löngu ljóst ýmsum merkustu mönnum innan kennarastéttarinnar.

Vönun án tillits til erfðahættu. Fávitaháttur enn. Ofdrykkja.

Vönun má einnig heimila á fávitum, varanlega geðveiku fólki og öðrum sjúklingum með alvarlega, langvarandi sjúkdóma, án tillits til þess, hvort hætta er talin á, að slíkt gangi í erfðir til afkomendanna eða ekki. Þessi heimild hefir einnig mikla þýðingu, að því er snertir vönun fávita og andlegra fáráðlinga. Fávitaháttúrinn er engan veginn undantekningarlaust bundinn við erfðir, og í einstökum tilfellum getur verið erfiðleikum bundið að komast að réttri niðurstöðu um það. En þarfir fávitanna og hinna andlegu fáráðlinga sjálfra fyrir þessar aðgerðir eru hinar sömu, hver sem orsökin er til hins andlega vanþroska þeirra, og það skiptir ekki heldur máli, þegar meta skal hæfileika þeirra til að vinna fyrir fjölskyldu og ala upp börn. Líku máli gegnir um ofdrykkjufólk, með því að álitamál er um, að af ofdrykkju stafi erfðahætta í eiginlegum skilningi.

Geðveiki.

Sjúklingar með ýmiskonar geðveiki koma og hér til greina á svipaðan hátt, án þess að rugla megi saman fávitahætti og geðveiki eins og alþýðu manna hættir við. Geðveiki er sýki ýmissa tegunda, sem tekur fólk án tillits til gáfnafars. Fávitaháttur er gáfnaskortur, og ef fáviti er geðveikur, sem líka kemur fyrir, hefir hann tekið sjúkdóm til viðbótar fávitahættinum. Við geðveiki er að jafnaði erfitt að meta erfðahættuna, en einnig án tillits til hennar getur verið gild ástæða til að líkna slíkum sjúklingum með því að heimila á þeim vananir. Einkum þykir þetta gefa góða raun á sjúklingum, sem eru geðveikir með köflum, en heilbrigðir á milli. Er oft erfiðleikum bundið að sleppa slíkum sjúklingum af geðveikrahælum á milli kasta til fjölskyldna sinna og einmitt vegna hættunnar á barngetnaði. Er hvorttveggja, að ekki er bætandi á erfiðleika þess makans, sem heilbrigður

er, og ekki leggjandi á veiklaða skapsmuni hins áhættan af aukinni ómegð.

Geðveiki og gáfur (genialitet).

Ég get þess hér aðeins, að því hefir verið hreyft til andmæla gegn vönun geðveiks fólks, að afburða miklar gáfur (genialitet) liggi nærri sumum tegundum geðveiki, og kann að vísu eitthvað að vera hæft í því. Er vandalaust að benda á dæmi um, að út af andlega veikluðum foreldrum komi á meðal ef til vill margra veiklaðra afkomenda andlegt stórmenni. Mætti þá segja, að vönun slíks fólks í tæka tíð mundi að vísu hafa losað þjóðina við vanmetafólk, en með nokkrum tilkostnaði, sem, eftir á skoðað, kann að virðast óbærilegur. En svo sjaldgæft er það, að veruleg andans stórmenni fæðist með þjóðunum, og svo lítið vitað um, hvað liggur því til grundvallar, að allar ráðstafanir eða takmarkanir ráðstafana, sem miða ætti við þau tilfelli, mundu óhjákvæmilega leiða til nokkurra öfga — og þar á meðal allar hömlur í kynferðismálum, að því slepptu, hvort þjóðirnar geta ekki líka keypt afburðagáfur einstakra manna of dýru verði.

Aðrir sjúkdómar. Berklaveiki.

Af sjúkdómum, sem ekki ganga í erfðir og hér mundu koma til greina, er helzt að nefna hina þýðingarmestu langvarandi sjúkdóma og þá berklaveikina fremst af öllu. Úr læknisreynslu minni kann ég margar átakanlegar sögur að segja af barneignum berklaveiks fólks, um hörmungar og dauða, sem þær hafa valdið og koma hefði mátt í veg fyrir með þessum einföldu aðgerðum. Þó er þess að gæta um fólk með eðlilegum andlegum þroska og heilum geðsmunum, að oft má ætla því að geta leyst þessi vandamál sín með getnaðarvörnum, enda sé því leiðbeint í þeim efnum svo sem það á kröfu til, og að sama skapi mundi þá síður ástæða til að heimila vananir á því, svo og fyrir það að leggja sig undir þá áhættu, sem aðgerðunum þó fylgir.

Óheimil vönun eins maka vegna annars.

Það verður að taka greinilega fram, að samkvæmt ákvæðum frumvarpsins er með öllu óheimilt að leyfa vananir á heilum og ósjúkum maka af tilliti til hins makans, því að sú spurning kæmi vafalaust fljótlega upp eftir að farið væri að framkvæma lögin, og hefir þeirri fáránlegu hugmynd skotið upp á sjálfu Alþingi. Gerum ráð fyrir ungum hjónum, konan er geðveik, berklaveik eða alvarlega sjúk á annan hátt, og þykir ekki mega eiga það á hættu að verða barnshafandi. Vönun á henni er ekki lítils háttar aðgerð, og liggur þá nærri, að bóndi hennar vilji ná sama marki með því að láta gera miklu minni háttar aðgerð á sér. Í fljótu bragði kann þetta að virðast mannúðleg lausn. Sleppum öllum getsökum um, að aðgerðin sé ekki einhlít nema hún sé gerð á konunni sjálfri, en þessi ungi maður kann að vera orðinn ekkjumaður og kvæntur aftur eftir stuttan tíma, og hvers á þá sú kona hans að gjalda, og því á sá hjúskapur að dæmast til að verða barnlaus?

Fóstureyðing í hliðstæðum tilgangi og vönun.

Það á sér ekki stað í tilsvarandi lögum annarsstaðar, að fóstureyðingaraðgerðir séu heimilaðar í hliðstæðum tilgangi og vananir. Er slíkt talið eiga heima í fóstureyðingarlögum. Til þess var og upphaflega ætlazt hér, að ákvæði um þetta yrðu í fóstureyðingarlögunum, og þannig var gengið frá frumvarpi til þeirra laga, er það á sínum tíma var lagt fyrir Alþingi. En ákvæðið fann þá ekki náð fyrir augum þingsins og var fellt í burtu, en að vísu með góðum orðum um, að það fengi að fljóta með í lögum sem þessum, er þau kæmu til kasta Alþingis. Formsins vegna er ekkert út á þetta að setja, og fer raunar vel á. Fóstureyðingarlögin miða eingöngu við heilbrigðishag konunnar sjálfrar, sem aðgerðin er framkvæmd á, en þessum lögum er að miklu leyti ætlað að miða við ástand afkvæmisins. Hér er því rökrétt samhengi á milli. Þörfin fyrir þetta ákvæði í einstökum tilfellum hefir mér alltaf verið ljós, en hún var gerð mér sérstaklega eftirminnileg skömmu eftir að fóstureyðingarlögin gengu í gildi. Ung móðir leitaði til mín og hafði alið tvö börn, sem bæði voru mjög alvarlega vansköpuð, að því er bezt varð vitað fyrir ríkar erfðir, og hafði hún gögn í hönd-

um því til staðfestu. Nú var hún nýorðin vanfær í þriðja sinn. Þetta var tvímælalaust sérstaklega vel viti borin kona og sýnilega góð móðir með óvenjulega ríkri ábyrgðartilfinningu. Hún vildi fá skýrð ákvæði fóstureyðingarlaganna til þess að fá úr því skorið, hvort þau gætu orðið sér að liði. Ég varð að segja, að svo væri ekki, og hefi ég sjaldan orðið vottur að átakanlegri mannlegri hörmung og hugarstríði en ég varð hér, þó að hóflega væri látið. Mig skorti hörku til að senda þessa konu til einhvers af þeim sárafáu þingmönnum, sem fávíslega og ómannúðlega tóku fóstureyðingarfrumvarpinu og meðal annars ekki sízt þessu ákvæði, t. d. þess þingmannsins, sem lítur á sig „fyrst og fremst sem fulltrúa kvenna ... í þinginu í öllum málum, sem varða á sérstakan hátt málefni kvenna.“ Ég hygg, að jafnvel hann mundi ef til vill hafa komizt til nokkurrar viðurkenningar, þó að ég hafi annars ekki ástæðu til að væna hann um, að honum sé á nokkurn hátt lauslega fisjað saman.

Meðfæddir en ekki arfgengir sjúkdómar og gallar.

Hugsanlegt er, að hætta sé talin á, að barn fæðist hættulega sjúkt, vanskapað eða alvarlega gallað á annan hátt, þó að ekki sé arfgengi til að dreifa, heldur sé ástæðunnar að leita í öðrum vanheilindum móðurinnar, er áhrif hafi á þroska eða heilbrigði fóstursins í móðurlífi. Frumvarpið heimilar að taka slíkt til athugunar. En ekki er réttmætt að heimila vananir eða fóstureyðingar af slíku tilefni, ef um sjúkdóma er að ræða, sem börn að vísu geta fæðst með, en unnt er að koma í veg fyrir á annan hátt (t. d. lækning móðurinnar við syfilis).

Fóstureyðing heimiluð vegna nauðgunar.

Þá er heimiluð fóstureyðing, ef kona hefir orðið fyrir þungun vegna nauðgunar, og er álitamál, hvort það ákvæði á betur heima í lögum sem þessum eða í fóstureyðingarlögum, en er hér tekið með, af því að það er ekki fyrir í hinum. Erlendar konur hafa haft uppi mjög háværar kröfur um þetta, enda er fátt hægt að hugsa sér ómannúðlegra en að skylda konu til að fæða manni barn undir slíkum kringumstæðum. Annað mál er það, að varla mun þetta hafa mikla praktiska þýðingu og er auk þess bundið töluverðum erfiðleikum í framkvæmdinni. Fyrst er þess að gæta, að eiginlegar nauðganir mun vera fremur fátíðar og miklu fátíðari en konur vilja oft vera láta, eftir að komið er í nokkurt óefni. Að sjálfsögðu leiða og fæst nauðgunartilfelli til barngetnaðar. Sönnunum í þessum efnum er ennfremur tíðast erfitt við að koma, því að venjulega eru tvö ein til frásagnar og ber illa saman. Málarekstur getur orðið langvarandi, og þá oft seint að beita aðgerðinni, er úrslit eru fengin, ef til vill ekki fyrr en eftir 1—2 ár eftir venjulegum réttargangi. Nú er háttur kvenna sá, að þær geta tíðast vísað til nokkurrar tregðu af sinni hálfu í hinum nánari viðskiptum sínum við hið styrkara kyn, og er þær af gefnu tilefni hefðu sérstaka ástæðu til að minnast þess, gæti það orðið til að freista þeirra til ástæðulítilla og fremur óskemmtilegra málsýfinga, ekki síður fyrir sjálfar þær en vini þeirra, að ekki sé gert ráð fyrir því, að tvö gefi sig fram í bróðerni og láti sér bera saman um ofbeldisverkið. Hinsvegar er erfitt að ganga með öllu fram hjá atriði eins og þessu, þegar lög eru sett um nálæg efni, enda getur eitt einasta tilfelli af þessu tagi verið svo himinhrópandi, að það réttlæti að öðru leyti jafnvel allhæpna lagasetningu.

Reynt hefir verið að orða þetta heimildarákvæði í frumvarpinu svo, að það sé sem allra ólíklegast til að leiða til vandræða í framkvæmdinni. Þannig verður hlutaðeigandi kona að hafa kært ofbeldisverkið fyrir réttvísinni þegar í stað eða áður en hún getur vitað um, hverjar afleiðingar það kann að hafa. Sökin verður að sannast á viðkomanda, en hinsvegar er ætlast til þess, að undirréttardómur verði talinn fullnægjandi, og er það gert til að koma í veg fyrir, að langur málarekstur geri ákvæðið með öllu gagnslaust, sem annars væri nærri óumflýjanlegt.

Nánari starfsreglur fyrir nefndina í sérstakri reglugerð.

Fyrst um sinn verður nefnd sú og landlæknir, er eiga að hafa aðalframkvæmd

þessara laga, að taka hverja einstaka umsókn til náinnar athugunar og sérstakrar rannsóknar og taka þannig afstöðu til hvers einstaks tilfellis út af fyrir sig. En eftir því sem frá líður og meiri reynsla fæst um framkvæmdirnar, mætti ef til vill setja meira eða minna nákvæmar almennar reglur til að fara eftir, en ætíð skyldi byggja á hinum fullkomnustu og áreiðanlegustu niðurstöðum erfðavísindanna á hverjum tíma, enda er gert ráð fyrir því í frumvarpinu, að ráðherra hafi heimild til að setja slíkar reglur í reglugerð, auðvitað inan þeirra takmarka, sem lögin setja.

Landlæknir gefur út leyfi til aðgerðanna. Ef ágreiningur verður milli landlæknis og nefndarinnar, úrskurðar ráðherra.

6. gr. Landlækni er ætlað að gefa út fyrir hönd sína og nefndarinnar leyfi til aðgerða samkvæmt lögunum. Auk þess á hann að ákveða, hvar og af hvaða lækni heimiluð aðgerð fari fram, því til tryggingar, að það verði við sem bezt skilyrði, og má gera ráð fyrir, að yfirleitt verði vísað til opinberra sjúkrahúsa. Nú er hugsanlegt, að landlæknir, af einhverjum ástæðum, ef til vill fyrir einhverja hleypidóma, neiti að gefa út leyfi, sem meiri hluti nefndarinnar telur réttmætt að veita, og þykir þá lýðræðislega rétt að láta málið koma undir úrskurð ráðherra, ef umsækjandi vill leita eftir því. Í slíkum tilfellum getur þá ráðherra falið nefndinni að gefa úr leyfið.

Afstaða lækna við framkvæmd aðgerðanna.

7. gr. Að sjálfsögðu er öllum öðrum en læknum óheimilar aðgerðir samkvæmt lögum þessum. Og lækni er slík aðgerð jafn óheimil sem öðrum mönnum, nema löglega út gefið leyfi liggi fyrir, er heinlínis heimili honum aðgerðina. Þó er enn sú takmörkun á heimild læknisins, að sjálfur verður hann að sannfæra sig um, að ekki sé viðkomanda fyrirsjáanlega búið heilsutjón af framkvæmd aðgerðarinnar. Landlæknir og nefndin hafa væntanlega sjaldnast ástæðu til að kynnast umsækjandanum persónulega, og munu að jafnaði ekki taka til athugunar heilbrigðisástand hans að þessu leyti, enda gæti orðið sú breyting á heilbrigðum manni frá því að leyfi væri gefið út fyrir hann og þangað til að framkvæmd aðgerðarinnar kæmi, að þá væri orðin lífshætta fyrir hann að leggjast undir hana. Hlutaðeigandi læknir á því að bera ábyrgð á framkvæmd sjálfrar aðgerðarinnar og því, hvernig hún tekst, eins og hverju öðru læknisverki, sem hann tekur að sér að leysa af hendi.

Engin ákvæði eru í lögunum, sem skylda lækna til að framkvæma þessar aðgerðir á fólki gegn vilja þess. Þrátt fyrir út gefið leyfi, getur því ekkert orðið úr framkvæmd þeirrar aðgerðar, sem enginn læknir fæst til að taka að sér að framkvæma. Ég geri að óreyndu fremur ráð fyrir því, að það geti orðið erfiðleikum bundið að fá lækni til að framkvæma afkynjunaraðgerð á glæpamanni að honum nauðugum, en harma það þá ekki, því að þó að svo sé látið heita í frumvarpinu, að slíku ofbeldi **megi** beita, teldi ég þær framkvæmdir þá beztar, ef hinn skýri lagastafur væri einkum notaður til þess að fá hlutaðeiganda til að beygja sig fyrir honum af fúsum vilja. Nokkur reynsla, sem fengin er í þessum efnum annarsstaðar (Danmörk), lofar og fremur góðu um, að einmitt þannig geti framkvæmdirnar orðið. Læknunum vil ég óska þess til handa, að þeir fái í lengstu lög að vera lausir við öll böðulsverk.

Skýrslugerð.

Lagt er fyrir lækna að gefa landlækni skýrslur um allar aðgerðir, sem þeir framkvæma samkvæmt lögunum, í því skyni, að sem greinilegastar heildarskýrslur verði gerðar um allar þessar framkvæmdir. Getur sú skýrslugerð orðið næsta mikilsvarðandi og nauðsynleg undirstaða, er meta skal síðar gildi þessarar löggjafar og hvernig hún reynist að svara tilgangi sínum.

Þagnarskylda um öll persónuleg málefni í sambandi við framkvæmd laganna.

8. gr. Að sjálfsögðu munu margir eiga mikið undir því, að fyllstu þagmælsku sé gætt um öll mál, er tekin verða til meðferðar samkvæmt lögunum, enda er gert ráð fyrir því í frumvarpinu, að allir þeir, sem starfa á einn eða annan hátt að fram-

kvæmd þeirra, séu bundnir þagnarskyldu um öll persónuleg málefni, er þeir í því sambandi kunna að fá vitneskju um.

Refsiákvæði.

9. gr. Að svo miklu leyti sem brot á lögunum verða talin varða einföldum sektum, eru þær ákveðnar 100—10000 krónur. Önnur brot geta varðað refsingum samkvæmt öðrum lögum (læknar: lækningaleyfislög), og þá sérstaklega hinum almennu refsilögum.

III. NIÐURLAG

Löggjöf annara landa um sama efni.

Til undirbúnings samningu frumvarpsins hefi ég sérstaklega kynnt mér lagasetningu Bandaríkjanna, en þar hefir nú hvert ríkið eftir annað samþykkt lög um þetta efni, hið fyrsta (Indíana) 1907 og síðan hvert af öðru, unz slík lög eru nú í gildi í ekki færri en 27 ríkjum af 48, en framkvæmdirnar virðast vera mjög misjafnlega röggsamar. Í Kalíforníu voru sett lög um vananir árið 1909, og er hún það ríkið, sem mesta alúð hefir sýnt þessum ráðstöfunum, enda talið fyrir öllum öðrum löndum í veröldinni í þessum efnum. Til skamms tíma höfðu verið framkvæmdar þar fleiri vananir en í öllum öðrum ríkjum Bandaríkjanna til samans (8504 af 16066 eða 53%). Hefir heilbrigðisstjórnin í Kalíforníu góðfúslega orðið við beiðni minni og sent mér ýms gögn viðvíkjandi framkvæmd þessarar löggjafar og árangri hennar, sem virðist yfirleitt lofa öllu góðu. Frá Bandaríkjunum hefir löggjöf þessi flutzt til Kanada, þar sem slík lög hafa verið samþykkt að minnsta kosti í Alberta og British Columbia. Breiðist lagasetning þessi nú út um flest lönd og vinnur hvarvetna meira og meira fylgi. Þó eru hin rómönsku lönd undantekning, eflaust aðallega vegna hleypidóma hinnar kaþólsku kirkju.

Ég hefi einnig kynnt mér nefndarálit stjórnskipaðrar nefndar brezkrar, er skipuð var árið 1932 til athugunar um þessi mál. Nefnd þessi skilaði áliti 1934 og mælti með lagasetningu, er heimilaði vananir, í höfuðatriðum svipað því, sem gert er ráð fyrir í frumvarpi mínu.

Þá hefi ég lauslega litið yfir hin þýzku lög um afkynjanir og vananir, er komu til framkvæmda árið 1934, og virðast gera ráð fyrir víðtækari vönunum, einkum geðveikra manna og annarra, er haldnir eru arfgengum sjúkdómum, í því skyni að útrýma slíkum kyngöllum, en áreiðanleg þekking um erfðahætti slíkra sjúkdóma þykir annarsstaðar geta réttlætt. Um framkvæmd þessara laga er mér lítið kunnugt.

Öll Norðurlönd, að Íslandi undanteknu, hafa nú tekið upp þessa löggjöf, Danir fyrstir 1929, þá Svíar og Norðmenn 1934 og loks Finnar 1935. Hefi ég einkum kynnt mér hin dönsku og norsku lög um þessi efni. Lög Dana frá 1929 hafa síðan verið endurskoðuð, og eiga þeir nú tvenn lög, önnur eingöngu um fávita og andlega fáráðlinga frá 1934, en hin um alla aðra frá 1935. Úr þessum síðari lögum Dana hefi ég ákvæði frumvarps míns um afkynjun kynferðisglæpamanna og brennuvarga, en þær aðgerðir hafa þótt gefast mjög vel í Danmörku til lækningar slíku fólki. Þannig er getið um, að afkynjaðir hafi verið þar 50 vandræðamenn fyrir kynferðisglæpi, er síðan hafa allir verið gefnir frjálsir, og hefir aðeins einn þeirra gerzt eitthvað sekur síðan.

Lög Norðmanna eru frá 1934, og hefi ég að sumu leyti tekið form þeirra til fyrirmyndar mínu frumvarpi, en að efni til eru hin norsku lög að ýmsu leyti losaralegri. Má heita, að þau gefi nefndinni, er framkvæmdirnar á að annast, með öllu frjálsar hendur um að heimila vananir, er ekki er annars krafizt en að sá, er ber fram óskir um aðgerðina á sjálfum sér, hafi til þess „aktverdig grunn".

Aðrar heimildir.

Auk laga þeirra, sem getið er hér á undan, og venjulegra handbóka í læknisfræði hefi ég einkum stuðzt við E. S. Gosney og Paul Popenoe: Sterilization for Human Betterment, The McMillan Co. 1931, og Otto Lous Mohr: Arvelighet og Sykdom, Gyldendals Norsk Forlag 1935. Línuritið á bls. 34 er eftir Dr. Cyril Burt: The Measurement of Mental Capacities, Oliver & Boyd.

1. og 2. mynd á hinu sérstaka myndablaði eru dregnar af Birni Björnssyni kennara, en 3.—8. mynd eru eftir Paul Popenoe: The Child's Heredity, Williams & Wilkins Co.

Samvinna við lækna um samningu frumvarpsins.

Eftir að hafa gengið frá frumvarpinu, sendi ég það til umsagnar bæði læknadeild háskólans og Læknafélagi Reykjavíkur, er fól sérstakri nefnd að taka það til athugunar. Læknadeildin og læknafélagið gerðu síðan nokkrar smávægilegar athugasemdir við einstök atriði frumvarpsins, er ég gat tekið til greina. Hygg ég mig mega fullyrða, að um frumvarpið sé ekki ágreiningur, sem nokkru máli skipti, innan læknastéttarinnar í landinu, sem er allmikils um vert, svo mikinn þátt sem henni er ætlað að eiga í um framkvæmd þessara laga.

Frumvarpið borið undir lagadeild Háskólans.

Ég sendi einnig lagadeild Háskólans frumvarpið, er aftur fól prófessor dr. jur. Þórði Eyjólfssyni að fara yfir það og gera við athugasemdir. Hefir mér borizt álitsgerð hans, og eftir að hafa borið hana saman við frumvarpið eins og ég hefi endanlega gengið frá því, hygg ég, að lögfræðilegir agnúar muni ekki óprýða það svo að neinu nemi.

11. Frumvarp til laga

um viðauka við lög nr. 26 1. febrúar 1936, um alþýðutryggingar.

(Lagt fyrir Alþingi 1937.)

1. gr.

Aftan við 2. mgr. 81. gr. laganna bætist: Ennfremur fólk yngra en 67 ára sem áður hefir notið ellistyrks samkvæmt lögum nr. 17 9. júlí 1909, um almennan ellistyrk.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta:

Um frumvarp þetta, sem lagt er fyrir Alþingi samkvæmt 23. gr. stjórnarskrárinnar, vísast til fylgiskjalsins hér á eftir.

Fylgiskjal.

Bráðabirgðalög um viðauka við lög nr. 26 1. febrúar 1936, um alþýðutryggingar.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Atvinnu- og samgöngumálaráðherra Vor hefir þegnlega tjáð Oss, að við framkvæmd alþýðutryggingalaganna hafi komið berlega í ljós, að nokkuð af fólki á aldrinum 60—67 ára, sem undanfarið hefir notið ellistyrks, komi nú ekki til greina við úthlutun ellistyrks né örorkubóta, þar sem starfsorka þess sé ekki rýrnuð um meira en 50%, en að þetta fari í bága við þá tilætlun Alþingis, er alþýðutryggingalögin voru samin, að gamalmennum yrði

tryggð meiri hlunnindi en áður, og hvergi yrðu skert áður fengin hlunnindi, og þurfi því að laga þetta, áður en komi til úthlutunar styrks í haust. Teljum Vér með skírskotun til framanritaðs brýna þörf að setja bráðabirgðalög, samkvæmt 23. gr. stjórnarskrárinnar, þessu til lagfæringar.

Því bjóðum Vér og skipum:

1. gr.

Aftan við 2. mgr. 81. gr. laganna bætist: Enn fremur fólk yngra en 67 ára, sem áður hefir notið ellistyrks samkvæmt lögum nr. 17 9. júlí 1909, um almennan ellistyrk.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Sorgenfríhöll, 23. september 1936.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Haraldur Guðmundsson.

12. Frumvarp til laga

um heimild handa atvinnumálaráðherra til þess að veita sjóliðsforingja Pétri Sigurðssyni stýrimannsskírteini á íslenzkum skipum.

(Lagt fyrir Alþingi 1937.)

1. gr.

Atvinnumálaráðherra skal heimilt að veita sjóliðsforingja Pétri Sigurðssyni skírteini til að vera stýrimaður í utan- og innanlandssiglingum á íslenzku verzlunarskipi eða varðskipi af hverri stærð sem er, og skal próf hans við sjóliðsforingjaskólann í Kaupmannahöfn jafngilda skipstjóraprófi á varðskipum ríkisins samkvæmt 8. gr. laga nr. 100, 1936, um stýrimannaskólann í Reykjavík.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta:

Sjóliðsforingi Pétur Sigurðsson er fæddur 10. júní 1911. Stúdentsprófi lauk hann hér í Reykjavík árið 1931, og á síðastliðnu ári lauk hann fullnaðarprófi við sjóliðsforingjaskólann í Danmörku, sem auk hernaðarfræðigreina veitir þá fyllstu fræðslu í almennri siglingafræði, sem kostur er á þar í landi.

Ríkisstjórnin hefir ráðið Pétur í þjónustu ríkisins frá 1. janúar 1938 að telja, til þess að starfa að sjómælingum, kennslu við stýrimannaskólann í Reykjavík, mælingum og hleðslumerkjaákvörðunum skipa og öðru því, sem ríkisstjórnin kynni að fela honum, og dvelur hann nú í Kaupmannahöfn til frekari undirbúnings í þessum störfum.

Samkvæmt þessu ber nauðsyn til að Pétri verði veitt réttindi til þess að hafa á hendi skipstjórn á íslenzkum skipum, samkvæmt lögum nr. 104 23. júní 1936, um atvinnu við siglingar á íslenzkum skipum.

13. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 35 1. febrúar 1936, um viðauka við lög nr. 78 19. júní 1933, um Kreppulánasjóð.

(Lagt fyrir Alþingi 1937.)

1. gr.

1. gr. laga nr. 35, 1. febrúar 1936, verði svohljóðandi:

Ríkisstjórninni er heimilt að ákveða, að stjórn Kreppulánasjóðs gefi út handhafaskuldabréf að upphæð allt að 1½ milljón kr. og teljast þau til skuldabréfaflokks þess, er í 8. gr. segir, sem þannig má verða allt að 3 milljónum kr. að upphæð.

Trygging fyrir skuldabréfum þessum er sú sama og segir í 8. gr.

Skuldabréfum þessum má verja til lánveitinga handa hreppsfélögum landsins og fyrirtækjum þeirra, öðrum en atvinnufyrirtækjum, til þess að ná hagkvæmum samningum um skuldir hreppsfélaga, sem eru stofnaðar fyrir 1. janúar 1936, þar með taldar fátækraskuldir milli sveitarfélaga og skuldir við sjúkrahús og heilsuhæli. Bréfin skulu vera gildur gjaldeyrir með nafnverði gagnvart innlendum lánardrottnum eða skuldareigendum til greiðslu hverrar þeirrar skuldar, sem eldri er, og ekki tryggð með fasteignarveði, handveði eða ríkisábyrgð. Sama gildir um greiðslu víxla, sem gefnir hafa verið út eftir 1. janúar 1936, ef skuldin hefir upphaflega verið stofnuð fyrir þann tíma. Til greiðslu skulda, eldri en frá 1. janúar 1933, eru bréf þessi fullgildur gjaldeyrir á sama hátt og skuldabréf, sem gefin eru út samkvæmt lögum nr. 78 19. júní 1933.

Um gerð og fjárhæð skuldabréfa þeirra, sem ræðir um í þessari grein, gilda ákvæði 8. gr.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta:

Um frumvarp þetta, sem lagt er fyrir Alþingi samkvæmt 23. gr. stjórnarskrárinnar, vísast til fylgiskjalsins hér á eftir.

Fylgiskjal.

Bráðabirgðalög um breyting á lögum nr. 35 1. febrúar 1936, um viðauka við lög nr. 78 19. júní 1933, um Kreppulánasjóð.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Atvinnumálaráðherra Vor hefir tjáð oss, að við framkvæmd laga nr. 35 1. febrúar 1936, hafi komið í ljós, að nauðsynlegt sé að gera breytingu á I. kafla laganna, til þess að þau nái tilgangi sínum.

Þegar lög þessi voru til meðferðar á Alþingi, var gert ráð fyrir, að af handhafaskuldabréfum þeim, sem gefa mátti út samkvæmt lögum nr. 78 19. júní 1933, mundi verða afgangs allt að 1½ milljón kr., þegar lánveitingum eftir þeim lögum væri lokið. Þessa fjárhæð, allt að 1½ milljón kr., var tilætlun laga nr. 35 1. febrúar 1936, að láta ganga til lánveitinga handa hreppsfélögum landsins, eftir þeim nánari reglum, sem lögin skilja til. En nú er það komið í ljós, að af útgáfuheimild skuldabréfa eftir lögum nr. 78 19. júní 1933, er ekki ónotað nema tæplega 400000 kr., eða rúmlega 1 milljón kr. minna en ráðgert var

á Alþingi og stafar þetta af því, að er lög nr. 35, 1. febrúar 1936, voru afgreidd, var ekki tekið tillit til ½ milljón kr. bréfaútgáfu samkvæmt lögum nr. 16, 1. febrúar 1936, en þessi tvenn lög voru samtímis til meðferðar á Alþingi. Ekki var heldur tekið tillit til þess, að lánsheimild sú, sem felst í lögum nr. 78 19. júní 1933, hefir ekki verið notuð nema að nokkru leyti og munar það 5—6 hundruð þúsund krónum.

Það er auðsætt, að eftir þeim lánbeiðnum hreppsfélaga, sem liggja fyrir, er ekki án lagabreytingar hægt að hlaupa undir bagga með sveitarsjóðunum á þann hátt, sem tilætlunin var með lögum nr. 35 1. febrúar 1936. Og til þess að þessari fyrirætlun verði náð, virðist ekki annað tiltækilegt en að hækka útgáfuheimild handhafaskuldabréfa í allt að 1½ milljón kr. Þótt þetta sé gert, verður ekki meira fé notað í framannefndu skyni en ráðgert var á Alþingi og ábyrgð ríkissjóðs verður hin sama.

Þar sem svo stendur á, sem að framan er greint, teljum Vér brýna nauðsyn bera til þess að setja bráðabirgðalög samkvæmt 23. gr. stjórnarskrárinnar um þetta efni.

Fyrir því bjóðum Vér og skipum:

1. gr.

1. gr. laga nr. 35 1. febrúar 1936, verði svohljóðandi:

Ríkisstjórninni er heimilt að ákveða, að stjórn Kreppulánasjóðs gefi út handhafaskuldabréf að upphæð allt að 1½ milljón kr. og teljast þau til skuldabréfaflokks þess, er í 8. gr. segir, sem þannig má verða allt að 3 milljón kr. að upphæð.

Trygging fyrir skuldabréfum þessum er sú sama og segir í 8. gr.

Skuldabréfum þessum má verja til lánveitinga handa hreppsfélögum landsins og fyrirtækjum þeirra, öðrum en atvinnufyrirtækjum, til þess að ná hagkvæmum samningum um skuldir hreppsfélaga, sem eru stofnaðar fyrir 1. janúar 1936, þar með taldar fátækraskuldir milli sveitarfélaga og skuldir við sjúkrahús og heilsuhæli. Bréfin skulu vera gildur gjaldeyrir með nafnverði gagnvart innlendum lánardrottnum eða skuldareigendum til greiðslu hverrar þeirrar skuldar, sem eldri er, og ekki tryggð með fasteignarveði, handveði eða ríkisábyrgð. Sama gildir um greiðslu víxla, sem gefnir hafa verið út eftir 1. janúar 1936, ef skuldin hefir upphaflega verið stofnuð fyrir þann tíma. Til greiðslu skulda, eldri en frá 1. janúar 1933, eru bréf þessi fullgildur gjaldeyrir á sama hátt og skuldabréf, sem gefin eru út samkvæmt lögum nr. 78, 19. júní 1933.

Um gerð og fjárhæð skuldabréfa þeirra, sem ræðir um í þessari grein, gilda ákvæði 8. gr.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Amalíuborg, 28. október 1936.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Haraldur Guðmundsson.

14. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 14 9. janúar 1935, um síldarverksmiðjur ríkisins.

(Lagt fyrir Alþingi 1937.)

1. gr.

1. málsgrein 4. gr. laga nr. 14 9. janúar 1935, orðist þannig:

Stjórn síldarverksmiðja ríkisins skal skipuð þrem mönnum, sem atvinnumálaráðherra tilnefnir til þriggja ára í senn, í fyrsta sinn þó aðeins til ársloka 1937. Á sama hátt skipar ráðherra þrjá varamenn í stjórnina til jafnlangs tíma. Ráðherra skipar formann og varaformann stjórnarinnar.

2. gr.

Í stað orðsins „þrír" í 3. málsgr. sömu lagagreinar komi: tveir.

3. gr.

Í stað orðsins „þriggja" í niðurlagi 4. málsgreinar sömu lagagreinar komi: tveggja.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og skipar ráðherra stjórn síldarverksmiðja ríkisins samkvæmt þeim þegar eftir gildistöku þeirra. Fellur þá jafnframt niður umboð allra núverandi stjórnarnefndarmanna.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta:

Um frumvarp þetta, sem lagt er fyrir Alþingi samkvæmt 23. gr. stjórnarskrárinnar, vísast til fylgiskjalsins hér á eftir.

Fylgiskjal.

Bráðabirgðalög um breyting á lögum nr. 14 9. janúar 1935, um síldarverksmiðjur ríkisins.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Með því að atvinnumálaráðherra Vor hefir þegnlega tjáð Oss, að tveir af hinum þingkosnu stjórnarnefndarmönnum síldarverksmiðja ríkisins hafi lagt niður umboð sín og að eigi sé unnt að fullskipa stjórn síldarverksmiðjanna samkvæmt núgildandi lagafyrirmælum, en hinsvegar mjög nauðsynlegt að stjórn þessa stóra risafyrirtækis sé jafnan fullskipuð og að því sé óhjákvæmilegt að breyta til um fyrirkomulag á skipun verksmiðjustjórnarinnar og þyki þá af ýmsum ástæðum hentast að stjórnarnefndarmenn séu aðeins þrír, teljum Vér brýna nauðsyn bera til þess að setja samkvæmt 23. gr. stjórnarskrárinnar bráðabirgðalög til þess að ráða bót á þessum vandkvæðum.

Fyrir því bjóðum Vér og skipum:

1. gr.

1. málsgrein 4. gr. laga nr. 14 9. janúar 1935, orðist þannig:

Stjórn síldarverksmiðja ríkisins skal skipuð þrem mönnum, sem atvinnumálaráðherra tilnefnir til þriggja ára í senn, í fyrsta sinn þó aðeins til ársloka 1937. Á

sama hátt skipar ráðherra þrjá varamenn í stjórnina til jafnlangs tíma. Ráðherra skipar formann og varaformann stjórnarinnar.

2. gr.

Í stað orðsins „þrír“ í 3. málsgr. sömu lagagreinar komi: tveir.

3. gr.

Í stað orðsins „þriggja“ í niðurlagi 4. málsgreinar sömu lagagreinar komi: tveggja.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og skipar ráðherra stjórn síldarverksmiðja ríkisins samkvæmt þeim þegar eftir gildistöku þeirra. Fellur þá jafnframt niður umboð allra núverandi stjórnarnefndarmanna.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Sorgenfríhöll, 12. maí 1936.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Haraldur Guðmundsson.

15. Frumvarp til laga

um varnir gegn útbreiðslu sauðfjárveiki.

(Lagt fyrir Alþingi 1937.)

1. gr.

Landbúnaðarráðherra er heimilt að láta fara fram ítarlega rannsókn á heilbrigði sauðfjár hjá öllum sauðfjáreigendum í Borgarfjarðarsýslu.

Í öðrum héruðum landsins skulu hreppstjórar, hver í sínum hreppi, kynna sér tafarlaust heilsufar sauðfjár og gefa ráðuneytinu skýrslu um málið, og skulu þær komnar til ráðuneytisins fyrir 15. janúar 1937.

2. gr.

Nú finnst við rannsóknir þær, er getið er um í 1. gr. eða síðar, sjúkt fé á bæ, þar sem ráðuneytinu ekki var áður kunnugt um að veikt fé væri, og skal þá tafarlaust símleiðis láta landbúnaðarráðuneytið vita og eins fyrir það, þó ekki verði þegar vitað, hvort sjúkleiki sauðfjárins er borgfirzka sauðfjárveikin eða einhver annar kvilli.

3. gr.

Þar sem sjúkt fé finnst, skal svo fljótt sem kostur er á, senda innyfli (lunga) úr hinu sjúka fé til rannsóknarstofunnar í Reykjavík, til að fá úr því skorið, hvort um er að ræða „borgfirzku veikina“ eða annan sjúkdóm.

4. gr.

Heimilt er landbúnaðarráðherra að fyrirskipa algert bann á sauðfjárrekstrum bæja á milli og ennfremur að setja fé í sóttkví á þeim bæjum, þar sem sýkin hefir gert vart við sig eða þar sem grunur liggur á, að sýkin kunni að vera, unz úr því verður skorið hver sjúkdómurinn er.

Ennfremur getur ráðherra ákveðið að setja skuli í sóttkví meiri eða minni hluta úr héruðum eða heil héruð, ef hann telur það nauðsynlegt til hindrunar útbreiðslu veikinnar.

Má þá banna allan flutning sauðfjár af hinu sýkta svæði sem og flutning á heyi eða öðru því, sem ætla mætti að gæti borið veikina. Sé hætta á að menn, sem gæta fjárins, geti borið veikina, má setja þá í sóttkví þangað til eigi telst hætta á að veikin flytjist með þeim mill bæja.

Þeir búendur, sem fyrirskipað hefir verið að hafa fé sitt í sóttkví, bera ábyrgð á, að ekki sé út af þeim fyrirskipunum brugðið.

5. gr.

Hreppstjórar skulu hafa nákvæmt eftirlit með því, að ákvæðum þessara laga og fyrirmælum ráðuneytisins sé hlýtt.

Nú ber á veikindum í fé og skal þá búandi tafarlaust tilkynna hreppstjóra og láta honum í té lýsingu á veikinni og skal hreppstjóri þegar láta landbúnaðarráðuneytið vita um málið (sbr. 2. gr.). Hreppstjóri skal hlutast til um að rannsókn veikinnar sé framkvæmd. sbr. 3. gr.

6. gr.

Landbúnaðarráðherra er ennfremur heimilt að gera hverja þá ráðstöfun, er hann álítur nauðsynlega til hindrunar útbreiðslu veikinnar, og henni til útrýmingar, og má hann í þessu skyni verja fé úr ríkissjóði eftir því sem hann telur nauðsynlegt.

7. gr.

Brot gegn lögum þessum og ákvæðum, sem sett kunna að verða samkvæmt þeim, varða sektum allt að 10000 krónum og skal með mál út af slíkum brotum farið sem almenn lögreglumál.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta:

Um frumvarp þetta, sem lagt er fyrir Alþingi samkvæmt 23. gr. stjórnarskrárinnar, vísast til fylgiskjalsins hér á eftir.

Fylgiskjal.

Bráðabirgðalög um varnir gegn útbreiðslu sauðfjárveiki.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Landbúnaðarráðherra Vor hefir þegnlega tjáð Oss, að komið hafi upp mjög skæð sauðfjárveiki í Borgarfjarðarsýslu, sem hafi breiðst þannig út, að mjög líklegt verði að telja að hún sé smitandi og að vegna þess tjóns, sem hún gerir sé óhjákvæmilegt, að hefjast þegar handa um varnir gegn útbreiðslu hennar frekar en gert hefir verið og heimild sé fyrir samkvæmt gildandi lögum. Telur ráðherrann eigi hægt að bíða Alþingis um aðgerðir til varnar gegn veikinni, og verðum Vér því að telja brýna nauðsyn bera til þess að setja bráðabirgðalög um þetta efni samkvæmt 23. gr. stjórnarskrárinnar.

Fyrir því bjóðum Vér og skipum:

1. gr.

Landbúnaðarráðherra er heimilt að láta fara fram ítarlega rannsókn á heilbrigði sauðfjár hjá öllum sauðfjáreigendum í Borgarfjarðarsýslu.

Í öðrum héruðum landsins skulu hreppstjórar, hver í sínum hreppi, kynna sér tafarlaust heilsufar sauðfjár og gefa ráðuneytinu skýrslu um málið, og skulu þær komnar til ráðuneytisins fyrir 15. janúar 1937.

2. gr.

Nú finnst við rannsóknir þær, er getið er um í 1. gr. eða síðar, sjúkt fé á bæ, þar sem ráðuneytinu ekki var áður kunnugt um að veikt fé væri, og skal þá tafarlaust símleiðis láta landbúnaðarráðuneytið vita og eins fyrir það, þó ekki verði þegar vitað, hvort sjúkleiki sauðfjárins er borgfirzka sauðfjárveikin eða einhver annar kvilli.

3. gr.

Þar sem sjúkt fé finnst, skal svo fljótt sem kostur er á, senda innyfli (lunga) úr hinu sjúka fé til rannsóknarstofunnar í Reykjavík, til að fá úr því skorið, hvort um er að ræða „borgfirzku veikina" eða annan sjúkdóm.

4. gr.

Heimilt er landbúnaðarráðherra að fyrirskipa algert bann á sauðfjárrekstrum bæja á milli og ennfremur að setja fé í sóttkví á þeim bæjum, þar sem sýkin hefir gert vart við sig eða þar sem grunur liggur á, að sýkin kunni að vera, unz úr því verður skorið hver sjúkdómurinn er.

Ennfremur getur ráðherra ákveðið að setja skuli í sóttkví meiri eða minni hluta úr héruðum eða heil héruð, ef hann telur það nauðsynlegt til hindrunar útbreiðslu veikinnar.

Má þá banna allan flutning sauðfjár af hinu sýkta svæði sem og flutning á heyi eða öðru því, sem ætla mætti að gæti borið veikina. Sé hætta á að menn, sem gæta fjárins, geti borið veikina, má setja þá í sóttkví þangað til eigi telst hætta á að veikin flytjist með þeim milli bæja.

Þeir búendur, sem fyrirskipað hefir verið að hafa fé sitt í sóttkví, bera ábyrgð á, að ekki sé út af þeim fyrirskipunum brugðið.

5. gr.

Hreppstjórar skulu hafa nákvæmt eftirlit með því, að ákvæðum þessara laga og fyrirmælum ráðuneytisins sé hlýtt.

Nú ber á veikindum í fé og skal þá búandi tafarlaust tilkynna hreppstjóra og láta honum í té lýsingu á veikinni og skal hreppstjóri þegar láta landbúnaðarráðuneytið vita um málið (sbr. 2. gr.). Hreppstjóri skal hlutast til um að rannsókn veikinnar sé framkvæmd, sbr. 3. gr.

6. gr.

Landbúnaðarráðherra er ennfremur heimilt að gera hverja þá ráðstöfun, er hann álítur nauðsynlega til hindrunar útbreiðslu veikinna, og henni til útrýmingar, og má hann í þessu skyni verja fé úr ríkissjóði eftir því sem hann telur nauðsynlegt.

7. gr.

Brot gegn lögum þessum og ákvæðum, sem sett kunna að verða samkvæmt þeim, varða sektum allt að 10000 krónum og skal með mál út af slíkum brotum farið sem almenn lögreglumál.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Amaliuborg, 21. desember 1936.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Hermann Jónasson.

16. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 99 3. maí 1935, um Skuldaskilasjóð vélbátaeigenda.

(Lagt fyrir Alþingi 1937.)

1. gr.

5. gr. laga nr. 99 3. maí 1935, orðist þannig:

Lán úr skuldaskilasjóði skulu veitt eigendum vélbáta ekki stærri en 60 smálesta og skal lánunum varið til þess að ná samningum um nauðsynlegar eftirgjafir skulda og hagkvæmar breytingar á lánskjörum. Ennfremur má veita eigendum línuveiðagufuskipa lán í sama skyni, þó svo að hin samanlagða lánsupphæð til eigenda línuveiðagufuskipa fari ekki fram úr 250000 krónum. Lánin skulu veitt með þeim skilyrðum og eftir þeim reglum, sem í lögum þessum greinir.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta:

Um frumvarp þetta, sem lagt er fyrir Alþingi samkvæmt 23. gr. stjórnarskrárinnar, vísast til fylgiskjalsins hér á eftir.

Fylgiskjal.

Bráðabirgðalög um breyting á lögum nr. 99 3. maí 1935, um Skuldaskilasjóð vélbátaeigenda.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Atvinnu- og samgöngumálaráðherra Vor hefir þegnlega tjáð Oss, að eigendur línuveiðagufuskipa séu svo nauðulega staddir efnalega, að þeim verði ekki unnt, mörgum hverjum, að gera skip sín út á síldveiðar í sumar, nema þeir komist undir ákvæði Skuldaskilasjóðslaganna og hafi þeir því farið þess á leit, að 200000—250000 krónum af fé Skuldaskilasjóðs vélbátaeigenda verði varið til lánveitinga handa þeim, til þess að ná samningum um skuldir þeirra, svo þeim verði unnt að halda áfram starfrækslu, þar á meðal að gera út á síldveiðar í sumar. Við þessari málaleitun er ekki hægt að verða samkvæmt gildandi lögum, en þar sem Vér teljum ekki verða hjá því komizt, að sinna vandræðum eigenda línuveiðagufuskipa að nokkru, teljum Vér brýna nauðsyn til bera að setja um þetta bráðabirgðalög samkvæmt 23. gr. stjórnarskrárinnar.

Fyrir því bjóðum Vér og skipum:

1. gr.

5. gr. laga nr. 99 3. maí 1935, orðist þannig:

Lán úr skuldaskilasjóði skulu veitt eigendum vélbáta ekki stærri en 60 smálesta og skal lánunum varið til þess að ná samningum um nauðsynlegar eftirgjafir skulda og hagkvæmar breytingar á lánskjörum. Enn fremur má veita eigendum línuveiðagufuskipa lán í sama skyni, þó svo að hin samanlagða lánsupphæð til eigenda

línuveiðagufuskipa fari ekki fram úr 250000 krónum. Lánin skulu veitt með þeim skilyrðum og eftir þeim reglum, sem í lögum þessum greinir.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört í Reykjavík, 23. júní 1936.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.
(L. S.)

Haraldur Guðmundsson.

17. Frumvarp til laga

um vátryggingarfélög fyrir vélbáta.

(Lagt fyrir Alþingi 1937.)

I. KAFLI

Stofnun ábyrgðarfélaga.

1. gr.

Skip merkir í lögum þessum öll skip og báta, stór og smá, sem sigla undir íslenzkum fána, innan þeirra takmarka, sem lögin setja.

2. gr.

Fiskifélag Íslands skal gangast fyrir stofnun bátaábyrgðarfélaga í verstöðvum landsins. Takmörk hvers umdæmis ákveðst af Fiskifélaginu í samráði við skipaeigendur. Verði ágreiningur um takmörk umdæmanna, sker atvinnumálaráðuneytið úr, og er sá úrskurður bindandi fyrir alla hlutaðeigendur.

Til greiðslu kostnaðar við stofnun félaganna greiði skipaeigendur 1% af vátryggingarupphæð hvers skips í stofnsjóð, um leið og vátrygging fer fram í fyrsta sinn. Það, sem á kann að vanta að stofnkostnaðurinn sé að fullu greiddur, leggur ríkissjóður til eftir reikningi, sem atvinnumálaráðuneytið samþykkir, og endurgreiða félögin ríkissjóði þannig útlagðan kostnað, eftir því sem stofnsjóður vex og leyfir.

Allir skipaeigendur skulu skyldir til að taka þátt í stofnun félaga þessara, innan þeirra takmarka, sem um getur í 3. gr. þessara laga.

Vátryggingarfélög þau, sem nú eru starfandi, skulu breyta lögum sínum í samræmi við lög þessi, og skulu þau síðan gilda sem lög fyrir þau. Skal bera félagslögin þannig breytt undir Samábyrgð Íslands á fiskiskipum til staðfestingar eða breytingar, eftir því sem hún telur þurfa til þess að þau samrýmist lögum þessum og reglugerðum, sem gefnar kunna að verða út samkvæmt þeim.

3. gr.

Allir vélbátaeigendur, sem eiga vélbáta, opna eða með þilfari, sem eru allt að 70 smál. brúttó að stærð og aðallega eru ætlaðir til fiskveiða við Ísland, skulu skyldir til að vátryggja alla vélbáta sína af nefndri stærð hjá félagi því, sem stofnað hefir

verið samkv. 2. gr. laga þessara, innan þess umdæmis, sem báturinn er skrásettur í eða gengur til fiskveiða frá, og með þeim skilmálum, sem lög þessi og reglugerð, sem sett kynni að verða af stjórnarvöldunum samkv. lögum þessum ákveða.

Neiti einhver skipeigandi, sem vátryggingarskyldur er samkvæmt lögum þessum, að vátryggja skip sitt, skal það samt sem áður skoðað og metið af skoðunar- og virðingarmanni hlutaðeigandi félags og vátryggjast sem önnur tryggingarskyld skip, og iðgjald innheimtast með lögtaki samkv. 31. gr., ef þörf krefur.

Heimilt er þó félögum þessum að taka skip til vátryggingar allt að 150 smál. brúttó að stærð (sbr. þó 5. gr.).

4. gr.

Ríkissjóður ábyrgist með 300 000 kr., að félögin fullnægi skuldbindingum sínum. Geti þau eigi af eigin rammleik greitt þær tjónbætur, er þau eru skyld til að greiða, leggur ríkissjóður það til, er á vantar, en þó aldrei meira en áðurnefnda upphæð.

Ef eitthvert félaganna hefir orðið að leita aðstoðar ríkissjóðs til þess að greiða tjónbætur, skal styrkur sá, er það hefir þegið af ríkissjóði, að viðbættum 4% í árlega vöxtu, endurgreiddur smátt og smátt, eftir því sem efni þess leyfa.

5. gr.

Félög þau, sem stofnuð verða samkv. lögum þessum, skulu endurtryggja að minnsta kosti helming þeirra upphæða, er þau taka ábyrgð á, hjá Samábyrgð Íslands á fiskiskipum. Hæsta upphæð, sem félögin mega hafa í eigin ábyrgð á einu skipi, má þó eigi fara fram úr 15000 kr., og skulu upphæðir þær, er fara fram úr þessari upphæð eftir að helmingaskiptin hafa farið fram, einnig yfirfærðar til Samábyrgðar Íslands á fiskiskipum, og skal samábyrgðinni skylt að taka við þeim. Félögin greiði samábyrgðinni sömu iðgjöld af upphæðum þeim, sem þau yfirfæra til hennar, og þau sjálf taka.

Innheimtulaun af iðgjöldum, sem greidd verða samábyrgðinni, skulu ákveðin með samningi, sem atvinnumálaráðuneytið samþykkir.

II. KAFLI

Stjórn félaganna.

6. gr.

Ábyrgðarfélögum, sem stofnuð verða samkv. 2. gr. þessara laga, skal stjórnað af þriggja manna nefnd. Er einn þeirra formaður og tveir meðstjórnendur. Stjórnarnefndina velja eigendur hinna vátryggðu skipa, og kýs hún framkvæmdarstjóra.

Stjórnarnefndin skal kosin á aðalfundi til þriggja ára í senn, og ennfremur 2 endurskoðendur til jafnlangs tíma. Stjórnarnefndarmenn og endurskoðendur má endurkjósa.

Stjórnarnefnd hefir æðsta úrskurðarvald í öllum málefnum félagsins innan takmarka þessara laga. Hún hefir og daglegt eftirlit með rekstri félagsins, skipar skoðunar- og virðingarmenn og úrskurðar skaðabótagreiðslur. Hún skal halda fundabók og skrá í hana allar ákvarðanir sínar.

Framkvæmdarstjóri annast allan daglegan rekstur félagsins, gefur út og undirritar vátryggingarskírteini, innheimtir iðgjöld, annast reikningshald og hefir á hendi fjárvörzlu félagsins. Hann skal hafa að launum 4% af öllum innheimtum iðgjöldum, að frádregnum endurgreiddum iðgjöldum. Endurskoðendur skulu endurskoða reikninga félagsins, hver í sínu umdæmi, og hafa lokið endurskoðun sinni í síðasta lagi 5 dögum fyrir aðalfund, og skulu reikningar félaganna liggja frammi hjá framkvæmdarstjóra frá því endurskoðun er lokið og þar til aðalfundur hefst.

7. gr.

Til að framkvæma skoðunar- og virðingargerð þá, sem um getur í 12. gr., skal stjórn félagsins skipa 2 skoðunar- og virðingarmenn fyrir hvert félag og 2 til vara. Skal annar þeirra vera fróður um byggingu skipa og hinn vélfróður. Þeir skulu, áður en skip er tekið í tryggingu, skoða og meta skipið og gefa skriflega sundurliðaða skýrslu um matið.

Ef skoða skal skip, sem skoðunar- og virðingarmaður á að öllu eða nokkru leyti, skal varamaður framkvæma skoðun og mat.

Skoðunar- og virðingarmenn skulu einnig skoða og meta hvert það tjón, er vátryggt skip verður fyrir, áður en aðgerð á skipinu hefst, og gefa skriflega sundurliðaða skýrslu um mat sitt á tjóninu. Þeir skulu einnig skoða sömu skip eftir að aðgerð hefir farið fram og gefa skriflega skýrslu um, hvort þau eru komin í samt lag aftur eftir aðgerðina.

8. gr.

Aðalfund skal halda fyrir hvert einstakt félag fyrir lok júnímánaðar ár hvert og aukafund þegar stjórnin telur þess þörf, eða $\frac{1}{5}$ hluti skipaeigenda fer þess á leit. Til aðalfundar skal boðað með skriflegri eða símaðri tilkynningu til skipaeigenda, eigi síðar en 14 dögum fyrir fundardag, og aukafund skal halda svo fljótt sem auðið er eftir að stjórn félagsins hefir fengið tilmæli um fundinn. Boða skal til aukafundar með viku fyrirvara.

Á aðalfundi skal lagður fram endurskoðaður reikningur félagsins og þriðja hvert ár kosin stjórn og endurskoðendur samkv. 8. gr.

Atkvæðisrétt á fundum hafa allir skipaeigendur, sem skip eiga í tryggingarfélaginu, og skulu þeir hafa eitt atkvæði fyrir hverjar 5000 krónur eða minni upphæð í einu skipi, sem þeir hafa tryggt hjá félaginu. Þó má enginn fara með meira atkvæðamagn fyrir sjálfan sig og aðra en 10% af heildaratkvæðamagni félagsins.

Eitt atkvæði er fyrir hvert skip, þótt vátryggingarfjárhæð sé undir 5000 krónum.

Ef fleiri en einn eru eigendur að sama skipi, skulu þeir fela einum sameignarmanni að fara með atkvæði skipsins, og skal tilkynna það stjórn félagsins, þegar vátrygging fer fram eða mannaskipti verða.

Eigi má fela utanfélagsmönnum að fara með umboð félagsmanna á fundum.

Fundur er lögmætur, ef mætt er með helming allra atkvæða á fundinum. Verði fundur ekki lögmætur, skal svo fljótt sem auðið er boða til nýs fundar með viku fyrirvara, og er sá fundur ályktunarfær án tillits til þess, með hve mörg atkvæði mætt er á þeim fundi.

III. KAFLI

Reikningshald og sjóðir.

9. gr.

Tekjur félaganna eru þessar:

1. Iðgjöld hinna vátryggðu skipa.
2. Tillög skipaeigenda til stofnkostnaðar samkv. 2. gr.
3. Allar aðrar tekjur, er félögunum kunna að áskotnast.

Gjöld félaganna eru þessi:

1. Tjónbætur.
2. Rekstrarkostnaður.
3. Öll önnur gjöld.

Sjóðir félaganna eru þessir:

1. Aðalsjóður. Í hann renna allar rekstrartekjur félaganna, og skal hann notaður til greiðslu á tjónbótum og öðrum rekstrarkostnaði.
2. Varasjóður. Í hann renna 25% af tekjuafgangi hvers reikningsárs, og skal

hann notaður til greiðslu á tekjuhalla félaganna, er verða kann. 75% af tekjuafgangi skal fara til næsta árs.

3. Stofnsjóður. Í hann renna stofnsjóðsgjöld samkv. 2. gr. Hann skal aðeins nota til greiðslu á stofnkostnaði félaganna samkv. 2. gr. Að öðru leyti má ekki skerða stofnsjóðinn. Þó skal heimilt að nota hann til greiðslu á tekjuhalla, ef varasjóður hrekkur ekki til þessa, en endurgreiða skal stofnsjóði það, er þannig er tekið úr honum, svo fljótt sem ástæður félagsmanna leyfa það.

10. gr.

Eignir félaganna skal ávaxta í íslenzkum bönkum eða sparisjóðum, sem ráðherra samþykkir.

11. gr.

Í reikningum félaganna ár hvert skal færa til skuldar ógreiddar tjónbætur, eftir því sem stjórnir félaganna telja nauðsynlegt, til vara fyrir óbættum tjónum, og telja þá upphæð til tekna í næsta ársreikningi þar á eftir.

IV. KAFLI

Um vátryggingu skipanna.

12. gr.

Áður en skip er vátryggt, skal það skoðað og metið af þar til skipuðum skoðunar- og matsmönnum, en þeir skulu skipaðir af stjórn hlutaðeigandi félags.

Sé skipi í einhverju ábótavant, er skoðun fer fram, skal úr því bætt áður en skipið verður tekið í trygginguna. Skoðunarmenn skulu láta álit sitt og mat í ljós skriflega á þar til ætluð eyðublöð. Þóknun skoðunarmanna ákveður stjórn félagsins, og greiðist þóknunin af hlutaðeigandi skipseiganda.

Skoðun skips gildir til eins árs í senn. Öll áhöld, sem eru á skipsfjöl, að undanteknum matvælum, málningu, olíum, sjóúrum, sjókortum og bókum, skal telja með í virðingarupphæð skipanna.

Nú er skipseigandi óánægður með skoðun og mat á skipi, og er honum þá heimilt að bera mál sitt upp við stjórn félagsins, og sker hún úr um skoðunina og matið.

Vátryggja skal $^{9}/_{10}$ hluta virðingarverðs hvers skips. Félagið ber ávallt „fyrstu áhættu“ á hverju einstöku eignatjóni. Þann $^{1}/_{10}$ hluta, sem þá verður eftir, má hvergi vátryggja.

Stjórn félagsins gefur út vátryggingarskírteini fyrir hvern bát um sig, til eins árs í senn.

Nú þykir samábyrgðinni einhver skoðunar- og matsgerð eigi framkvæmd sem skyldi, og getur hún þá krafizt yfirskoðunar og yfirmats dómkvaddra manna.

Hún getur og látið fara fram yfirmat á skipum yfirleitt, sem endurtryggð eru hjá henni, ef henni þykir ósamræmi í matinu hjá hinum einstöku vátryggingarfélögum í landinu.

13. gr.

Við eigendaskipti fellur vátrygging úr gildi, og endurgreiðist þá hlutfallslega iðgjald þess fyrir þann tíma, er skírteinið átti eftir að gilda, að frádregnum $^{1}/_{4}$% af vátryggingarupphæðinni, sem rennur í stofnsjóð félagsins. Hinn nýi eigandi skal þá vátryggja skipið af nýju.

V. KAFLI

Um sjótjón.

14. gr.

Þar sem annað er ekki ákveðið í lögum þessum, reglugerð, sem út kann að verða gefin, eða vátryggingarskírteinum, bætir félagið tjón það, sem verður af sér-

hverri þeirri áhættu sem skip lendir í á vátryggingartímabilinu. Félagið greiðir þannig tjón, sem verður af völdum storms, sjávar, eldingar, íss, jarðskjálfta, elds, straums, árekstrar á grunn, skipbrots, veltu, ásiglingar eða sjóráns.

Það hefir engin áhrif á skaðabótaskyldu félagsins, þótt svo kunni að standa á, að tjónbóta verði krafizt af þriðja aðilja, og eigi heldur þótt skipstjóri eða skipshöfn hafi valdið tjóninu (sbr. þó 26. gr.).

Hvert sinn, sem skip verður fyrir bótaskyldu slysi, skal það skoðað og metið af skoðunar- og virðingarmönnum hlutaðeigandi félags, eða sé skipið statt utan takmarka vátryggingarsvæðis síns, af þeim mönnum, er stjórn félagsins útnefnir, áður en aðgerð á biluninni hefst. Skipaeigendur annast sjálfir um aðgerð skipa sinna.

15. gr.

Þegar greiddar eru tjónbætur fyrir viðgerð á skipi, skal ávallt draga frá viðgerðarkostnaðinum eða matsverði sem hér segir:

Frá tjónbótum fyrir skip, sem er:

a. Yngra en ársgamalt ekkert.
b. 1—6 ára gamalt allt að 15%.
c. 7 ára og eldri allt að 25%.

Verði aðgerð á tjóni, sem vátryggt skip hefir orðið fyrir, frestað án samþykkis félagsstjórnarinnar, bætist ekki sá tjónauki, sem af drættinum kann að hafa hlotizt.

16. gr.

Tjón á vélum, ásamt ásum og skrúfum eða öðrum útbúnaði, bætist því aðeins að það stafi af:

1. Eldi eða sprengingu, sem ekki stafar frá vélinni.
2. Að skipið sökkvi, strandi, veltist á hliðina eða rekist á grunn.
3. Árekstur á fasta eða fljótandi hluti, þar með talinn ís.

17. gr.

Tjón á seglum, ábreiðum, köðlum, reiða og öðrum lausum áhöldum, útbúnaði í herbergjum skipverjanna, þó ekki á föstum tré- eða málmhlutum, bætist því aðeins, að það stafi af:

1. Eldi eða sprengingu.
2. Að skipið sökkvi, velti á hliðina, strandi eða rekist á grunn.
3. Árekstri skipsins eða áhalda þess á fasta eða fljótandi hluti fyrir utan skipið, þar með talinn ís.

18. gr.

Vátryggður hefir rétt til bóta fyrir algerðum skiptapa, þegar:

1. Skipið týnist algerlega.
2. Skipið sekkur, strandar eða á annan hátt verður fyrir tjóni, þannig að ekki er hægt að bjarga því.
3. Skipið verður fyrir tjóni, sem vátrygging þess nær til, en ekki er hægt að endurbæta, hvorki á staðnum eða með því að flytja skipið á annan stað.
4. Skipið er löglega dæmt óbætandi, þ. e. hefir orðið fyrir svo miklum skemmdum vegna sætjóns, að aðgerð á því borgar sig ekki, þar eð kostnaðurinn við aðgerð á öllu tjóninu fer fram úr verði skipsins í viðgerðu ástandi, að frádregnu verði þess óviðgerðs.

Greiði félagið bætur fyrir algerðan skiptapa, ber því hlutfallslegur hluti af andvirði þess, er inn kann að koma fyrir leifar þess, miðað við þann hluta virðingarverðsins, sem félagið hefir tekið ábyrgð á.

Nú sekkur skip, strandar eða verður fyrir öðru tjóni, og ekki verður af þar til hæfum mönnum, útnefndum af stjórn hlutaðeigandi félags, álitið, að því með sanngjörnum kostnaði verði bjargað, og hefir þá vátryggði rétt til bóta, sem um algerðan

skiptapa væri að ræða, eins og að ofan greinir, sbr. 2. tölul. Vilji þó vátryggjandi reyna björgun á skipinu á eigin ábyrgð og geri hann slíka tilraun án þess að óþarfur dráttur verði á, gilda ákvæði 1. málsgr. því aðeins, að björgun skipsins sé ekki lokið í síðasta lagi 10 mánuðum eftir að áfallið varð, eða björgunartilraununum sé ekki áður hætt.

19. gr.

Nú hefir ekki spurzt til skips í 3 mánuði frá því það lagði síðast úr höfn til fiskveiða innanlands, og skal þá líta svo á, að það hafi farizt algerlega, og skal greiða bætur fyrir það sem algerlega tapað. Sé skipið í utanlandssiglingum, lengist þessi frestur í 6 mánuði.

Nú er skip yfirgefið af áhöfn úti í rúmsjó og því hefir ekki verið bjargað innan 3 mánaða frá því að það var yfirgefið, og hefir vátryggði þá kröfu til bóta sem um algerðan skiptapa væri að ræða.

20. gr.

Bætur, sem vátryggður hefir orðið að greiða þriðja manni vegna tjóns af árekstri (þegar skipið eða áhöld þess hafa rekizt á annan fastan eða fljótandi hlut), ennfremur kostnað við málarekstur, gerðardóm eða samkomulag vegna þess, greiðir félagið. Bætur fyrir tjón á lífi manna eða fyrir meiðsli eru vátryggingarfélögunum óviðkomandi.

21. gr.

Sameiginlegt sætjón (havari grosse) skal leitt til lykta samkvæmt York-Antwerpen-ákvæðunum frá 1924.

22. gr.

Þetta skal ekki bæta sem sjótjón:

1. Tjón, sem verður vegna þess, að skip var þegar það lagði síðast úr höfn ekki sjófært, hæfilega útbúið, mannað og lestað, nema ætla megi að hvorki vátryggði né skipstjóri hafi vitað eða hlotið að sjá, að ábótavant var.
2. Tjón, sem verður vegna þess, að skipið hefir ekki verið í gildu ástandi þegar því var lagt upp, eða ekki frá því gengið svo sem vera bar eða haft undir nægilegu eftirliti, nema vátryggða verði ekki gefin sök á því.
3. Tjón, sem verður á skipi, sem liggur mannlaust við bryggju eða hafnarvirki.
4. Tjón, sem verður meðan áfallið iðgjald er ekki greitt (sbr. þó 31. gr. 3. málsgr.).
5. Tjón á áhöldum eða skipshluta, sem orsakast af almennri notkun hlutaðeigandi skipshluta eða áhalds.
6. Tjón, sem orsakast af hernaði, borgarastyrjöld eða þessháttar.

Ef tjón verður vegna smíðis eða efnisgalla, verður tjón á hlutum þeim, sem gallinn er í, ekki bætt.

Ef tjón verður vegna ofhleðslu, slits, fúa, ryðs, tæringar maðkskemmda, rottu, músa eða af öðrum slíkum orsökum, verður tjón á þeim hlutum, sem áðurnefndar orsakir hafa valdið, ekki bætt.

23. gr.

Nú verður skip fyrir einhverri bilun á vél eða útbúnaði og hefir þess vegna þegið hjálp hjá öðrum, og skal þá þóknun fyrir slíka hjálp greidd af vátryggingarfélaginu í hlutfalli við vátryggingarupphæðina, að frádregnum 10%.

Öll skip eru skyld til að hjálpa hvert öðru úr háska. Borgunar fyrir slíka hjálp verður ekki krafizt eftir venjulegum björgunarreglum, en skal ákveðin af stjórn hlutaðeigandi félags eða, ef málsaðilar verða ásáttir um, af gerðardómi samkv. 33. gr. laga þessara. Þóknunina skal ávallt miða við það fjártjón og þann tilkostnað, sem hjálpin hefir bakað þeim, er hana veitti.

24. gr.

Þegar gert er við skip, sem orðið hefir fyrir tjóni, sem vátryggjendum ber að greiða, greiðir félagið ekki þann aukakostnað, sem stafar af yfir- eða helgidagavinnu, nema að svo miklu leyti sem við þá vinnu sparast önnur útgjöld fyrir vátryggjendur.

Leifar skips, sem farizt hefir eða dæmt hefir verið ónýtt, svo og verð braks, sem rifið er úr skipi, sem gert er við á kostnað vátryggjanda, er eign vátryggjanda að réttri tiltölu við virðingarupphæð þess, sem vátryggt er.

25. gr.

Opnir vélbátar eru allir þeir vélbátar, sem ekki eru með fullu þilfari. Fyrir þá gilda þessi ákvæði sérstaklega:

Bætur fyrir tjón á opnum vélbáti greiðist aðeins, ef báturinn ferst algerlega eða er dæmdur ónýtur eða óbætanlegur af skoðunarmönnum og matsmönnum félagsins.

Þó skal félagið ávallt greiða að sínum hluta kostnað við björgun á opnum vélbáti, sem orðið hefir fyrir áfalli, og skaða, er hlýzt af nauðlendingu.

Þar sem því verður við komið vegna staðhátta og annars, getur stjórn félagsins krafizt þess, að opnir vélbátar séu settir á land eftir hverja notkun í sjóferð. Hafi félagsstjórn krafizt þessa, verða engar bætur greiddar fyrir tjón, sem af því kann að leiða, að út af er brugðið.

26. gr.

Nú sannast það, að skipstjóri hafi af ásettu ráði eða í sviksamlegum tilgangi valdið tjóninu, og má þá draga allt að því 20% af skaðabótafénu. Hafi vátryggður sjálfur í sviksamlegum tilgangi tvítryggt hið sama, eða hafi hann gerzt valdur að tjóni af ásettu ráði eða fyrir hirðuleysi, er félagið laust allra mála um skaðabótaskyldu gagnvart honum. Hinsvegar skal félagið ávallt skylt að greiða svo mikið af skaðabótafénu sem þarf til að greiða lán af almannafé, þar með talin lán úr íslenzkum bönkum og sparisjóðum, er veitt hafa verið gegn veði í skipinu eða bátnum. Þó er eigi skylt að greiða meira en nemi ¾ tryggingarfjárhæðarinnar, og á félagið þá endurgjaldskröfu á hendur þeim, sem sekur er.

27. gr.

Öll skjöl og reikninga snertandi tjón og aðgerð á skipi, skal þegar að aðgerðinni lokinni afhenda hlutaðeigandi félagi. Skal tjónið þá gert upp innan eins mánaðar frá afhendingu skjalanna. Tjónbætur skal miða við aðgerðarreikninga með hliðsjón af tjónmatinu, þannig, að þó að aðgerðarkostnaður fari fram úr matsupphæðinni, skal miða greiðslur við matsupphæð.

Aðgerðarreikningar eða aðrar kröfur vegna sjótjóns, sem ekki eru komnar í hendur stjórnar félagsins áður en 1 mánuður er liðinn frá því að aðgerðinni er lokið, eða ef um tjón án aðgerðar, svo sem dráttarhjálp, eða annað því um líkt er að ræða, verða ekki teknar til greina, nema sannað sé fyrir stjórn félagsins, að gildar ástæður séu að hennar dómi fyrir þeim drætti, sem orðið hefir á því að gera kröfu.

Afrit af tjónbótaniðurjöfnun skal ávallt senda Samábyrgð Íslands á fiskiskipum.

VI. KAFLI

Skyldur vátryggða.

28. gr.

Þegar vátryggt skip verður fyrir tjóni, sem bótaskylt er samkvæmt lögum þessum, skal eigandi skipsins, eða formaður þess í hans stað, þegar í stað tilkynna það skriflega til hlutaðeigandi félagsstjórnar og gefa nákvæma skýrslu um atvikin.

Tjón, sem ekki hefir verið tilkynnt um innan hálfs mánaðar frá því að það vildi til, getur félagsstjórnin neitað að taka til greina, nema sannað sé fyrir henni, að óviðráðanlegar orsakir séu til dráttarins.

29. gr.

Skylt er bæði skipstjóra og útgerðarmönnum að gera allt, sem í þeirra valdi stendur, til þess að draga úr tjóni, svo að það verði sem allra minnst. Þeim ber að hlíta þeim ráðstöfunum, sem stjórn félagsins kann að gera í því skyni.

Á vátryggðum hvílir skylda til þess að færa sönnur á tjónið og hve miklu það hefir numið.

30. gr.

Skipstjórar á hinum vátryggðu skipum verða að fullnægja þeim reglum, sem settar eru í gildandi lögum á hverjum tíma um rétt til að vera skipstjóri á slíkum skipum, sem þeir stjórna, og í þeim siglingum, er þau ganga. Skipin verða einnig að fullnægja ákvæðum laganna um útbúnað, áhöfn, ljós- og bendingarfæri o. fl.

Hvert það skip, sem hefir mótor í lokuðu rúmi, skal hafa meðferðis öflugt slökkvitól, sem tekið er gilt af Samábyrgð Íslands á fiskiskipum, og skal það haft einhversstaðar fyrir utan vélarrúmið, þar sem auðvelt er að ná til þess. Í vélarrúmi mega ekki vera nein þau tæki, sem eldur er notaður við, að undanteknum lömpum þeim, sem nauðsynlegt er að hafa við rekstur og gæzlu mótorsins.

VII. KAFLI

Um iðgjöld og iðgjaldaendurgreiðslu.

31. gr.

Iðgjöld skulu ákveðin af atvinnumálaráðuneytinu eftir tillögum Samábyrgðar Íslands á fiskiskipum og starfandi vélbátaábyrgðarfélaga, og má með samþykki atvinnumálaráðuneytisins breyta þeim eftir því sem þörf og reynsla krefur.

Þar, sem sérstaklega stendur á, að áliti atvinnumálaráðuneytisins og Samábyrgðar Íslands á fiskiskipum, skal heimilt að ákveða iðgjöldin með hliðsjón af því áhættusvæði, sem skipinu er ætlað að vera í förum um.

Veita má gjaldfrest á iðgjöldum, en þó eigi lengur en svo, að ¼ hluti þeirra greiðist ávallt fyrirfram fyrir hvern ársfjórðung.

Nú er iðgjald ekki greitt á réttum gjalddaga, og hefir vátryggjandi þá rétt til með viku fyrirvara að upphefja trygginguna.

Iðgjöld og virðingargjöld má taka lögtaki, og hvíla þau á hinum vátryggðu skipum og ganga fyrir öllum öðrum veðskuldum í 2 ár, reiknað frá gjalddaga þeirra.

Vátryggingin gengur ekki í gildi fyrr en áskilið iðgjald og stofnsjóðsgjald er greitt. Félögin eiga þó ávallt fulla kröfu á að fá greitt iðgjald fyrir vátrygggt skip frá þeim tíma, er beðið var um vátrygginguna.

32. gr.

Endurgreiða skal iðgjald fyrir skip, sem staðið hefir í landi eða verið lagt tryggilega fyrir festum á öruggum stað, sem stjórn félagsins telur gildan, ef slík landstaða eða hafnlega hefir varað að minnsta kosti einn mánuð samfleytt. Ef tjónbætur á vátryggingarárinu fara fram úr helmingi hins greidda iðgjalds, fellur endurgreiðsla niður fyrir það vátryggingarár.

Endurgreiðslu þessa skal reikna hlutfallslega af hinu greidda ársiðgjaldi.

Vottorð tveggja manna, sem stjórn félagsins tekur gilda, um uppistöðu eða hafnlegu þá, er hér um ræðir, skal afhenda stjórn félagsins og er skilyrði fyrir, að endurgreiðsla verði látin af hendi.

Skipin eru þó ávallt tryggð fyrir venjulegri hafnaráhættu (revier), þegar þau

„liggja uppi", en fyrir þá áhættu skal greiða iðgjald eins og ákveðið verður í iðgjaldaskránni.

VIII. KAFLI

Ýms ákvæði.

33. gr.

Ágreining milli félaganna og skipaeigenda eða Samábyrgðar Íslands á fiskiskipum má leggja í gerð. Í gerðardóminn kveður hvor málsaðila einn mann, en héraðsdómari í því héraði, þar sem félögin eiga heimili, skipar oddamann. Ef ágreiningsatriði milli félaganna og Samábyrgðar Íslands á fiskiskipum verða lögð í gerð, skipar atvinnumálaráðherra sem oddamann einn af dómurunum í hæstarétti.

Gerðardómurinn skal háður þar, sem hlutaðeigandi félag á lögheimili, en sé Samábyrgð Íslands á fiskiskipum annar aðili, skal gerðardómurinn háður í Reykjavík.

Ef gerðardómsmenn verða ekki á eitt sáttir, ræður atkvæði oddamanns úrslitum.

Nú hefir annarhvor málsaðilja ekki kvatt mann í gerðardóminn og tilkynnt það, svo sannanlegt sé, hinum málsaðila 30 dögum eftir að sannanlegt er, að hann hafi fengið vitneskju um kvaðningu andstæðings síns, og skal þá héraðsdómari í því lögsagnarumdæmi, þar sem gerðardómurinn er háður, skipa gerðardómsmann í hans stað.

Nú hefir ágreiningurinn ekki getað orðið útkljáður vegna vanrækslu annars gerðardómsmanna 30 dögum eftir að hann var nefndur í dóminn, og á þá hinn gerðardómsmaðurinn rétt á að gera út um málið ásamt oddamanninum, og ræður þá atkvæði oddamanns úrslitum, ef þeir verða eigi á eitt sáttir. Oddamaður sker úr því, hvort gerðardómsmaður hafi gert sig sekan í vanrækslu.

Í gerðardómnum skal það og ákveðið, hvort málskostnaður skuli að öllu eða nokkru leyti falla á annan málsaðila eða hvernig skuli skipta honum milli málsaðilja.

Gerðardómur uppkveðinn samkvæmt þessum ákvæðum gildir fyrir báða málsaðilja, sem dómur, er ekki verður áfrýjað.

34. gr.

Þegar vátryggðar eignir eru veðsettar nær veðrétturinn einnig til vátryggingarfjárins.

35. gr.

Ef félögin leggjast niður, skal eignum þeirra varið í þarfir hlutaðeigandi héraðs, eftir tillögum bæjarstjórnar eða sýslunefndar, enda komi samþykki atvinnumálaráðuneytisins til.

36. gr.

Vátryggingarfélög, sem starfa samkvæmt lögum þessum, eru undanþegin gjöldum til bæjar- og sveitarsjóða, svo og undanþegin tekjuskatti til ríkissjóðs.

37. gr.

Í tilfellum, sem engin ákvæði eru sett um í lögum þessum, skal farið eftir reglum þeim og venjum, sem á hverjum tíma gilda um samskonar tilfelli hjá Samábyrgð Íslands á fiskiskipum.

38. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 20 9. jan. 1935, um vátryggingar opinna vélbáta, svo og önnur ákvæði, sem fara í bága við lög þessi.

39. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1938.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta:

Frv. þetta var af sjávarútvegsnefnd neðri deildar, en að tilhlutun atvinnumálaráðherra, lagt fyrir síðasta Alþingi, en náði þá ekki fram að ganga, enda var nokkuð liðið á þingið þegar frv. var tilbúið.

Þykir nú rétt að leggja frv. óbreytt fyrir að nýju, og vísast að öðru leyti til greinargerðar, sem fylgdi frv. í fyrra og sem prentuð er með því á þskj. 266, Alþ.tíð. A. 1936.

18. Frumvarp til laga

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að taka mjólkurvinnslustöð á leigu.

(Lagt fyrir Alþingi 1937.)

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að taka á leigu um ótiltekinn tíma, með eða án samþykkis eigenda, mjólkurvinnslustöð Mjólkursamlags Kjalarnesþings við Hringbraut í Reykjavík, ásamt lóðarréttindum, öllum mannvirkjum á lóðinni, þar með töldum öllum þeim skúrbyggingum, sem þar eru, svo og með öllum vélum, umbúðum og umbúðabirgðum, áhöldum og hlutum, sem stöðinni tilheyra og ástæða þykir til að nota við rekstur hennar, enda komi fullt endurgjald fyrir afnotin eftir mati óvilhallra, dómkvaddra manna. Skal ríkisstjórninni heimilt að taka stöðina til afnota þegar eftir gildistöku laga þessara, og greiðist leiga sú, sem metin verður, frá þeim tíma, er afnotin byrja. Það sem kann að þurfa að gera við stöðina, til þess að hún sé hæf til rekstrar, er ríkisstjórninni heimilt að láta gera á kostnað eiganda, ef hann gerir það ekki sjálfur, og má draga viðgerðarkostnaðinn frá leigunni eftir stöðina.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta:

Um frumvarp þetta, sem lagt er fyrir Alþingi samkvæmt 23. gr. stjórnarskrárinnar, vísast til fylgiskjalsins hér á eftir.

Fylgiskjal.

Bráðabirgðalög um heimild fyrir ríkisstjórnina til að taka mjólkurvinnslustöð á leigu.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Landbúnaðarráðherra Vor hefir þegnlega borið upp fyrir Oss, að með því að engin löggilt mjólkurvinnslustöð sé nú í Reykjavík, sem fullnægir þeirri nauðsyn mjólkurframleiðenda í Reykjavík og nágrenni hennar, að þeir geti allir fengið mjólk þá, sem þeir framleiða, gerilsneydda, svo sem lög og reglur mæla fyrir, til þess að hún sé söluhæf til neytenda, sé óhjákvæmilegt að gera þegar í stað sérstakar ráðstafanir út af þessu. Mjólkurvinnslustöð Mjólkursamlags Kjalarnessþings, sem er eina mjólkurvinnslustöðin í Reykjavík, var löggilt til framleiðslu á gerilsneyddri mjólk og rjóma o. fl. 14. jan. 1935.

og var það gert að skilyrði fyrir löggildingu stöðvarinnar, að hún tæki til gerilsneyðingar mjólk fyrir menn utan Mjólkurfélags Reykjavíkur, sem var eigandi stöðvarinnar, er hún var löggilt. Um mánaðamótin marz—apríl þ. á. varð Mjólkursamlag Kjalarnesþings eigandi stöðvarinnar, og hefir það rekið hana á sama hátt og áður, samkvæmt framangreindri löggildingu, þangað til 4. júlí 1936, en frá þeim degi hefir Mjólkursamlagið neitað að taka á móti mjólk til gerilsneyðingar frá allmörgum mjólkurframleiðendum. Hefir það með þessu brotið skilyrði það, sem sett var fyrir löggildingu stöðvarinnar, auk þess sem misbrestur hefir orðið á fullnægingu 13. gr. laga nr. 1 7. janúar 1935. Þar sem þannig er ástatt, sem að framan greinir, og þar sem að svo stöddu verður ekki framfylgt í Reykjavík ákvæðum laga og reglugerða um vöruvöndun mjólkur, teljum Vér brýna nauðsyn bera til þess að heimila ríkisstjórninni með bráðabirgðalögum, samkvæmt 23. gr. stjórnarskrárinnar, að taka framangreinda mjólkurvinnslustöð með lóðarréttindum og öllu tilheyrandi leigunámi til notkunar þegar í stað, sem og að gera svo við stöðina, að hún sé hæf til rekstrar, enda dragist kostnaður við það frá leigu þeirri, sem metin verður eftir stöðina.

Fyrir því bjóðum Vér og skipum:

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að taka á leigu um ótiltekinn tíma, með eða án samþykkis eigenda, mjólkurvinnslustöð Mjólkursamlags Kjalarnesþings við Hringbraut í Reykjavík, ásamt lóðarréttindum, öllum mannvirkjum á lóðinni, þar með töldum öllum þeim skúrbyggingum, sem þar eru, svo og með öllum vélum, umbúðum og umbúðabirgðum, áhöldum og hlutum, sem stöðinni tilheyra og ástæða þykir til að nota við rekstur hennar, enda komi fullt endurgjald fyrir afnotin eftir mati óvilhallra, dómkvaddra manna. Skal ríkissjórninni heimilt að taka stöðina til afnota þegar eftir gildistöku laga þessara, og greiðist leiga sú, sem metin verður, frá þeim tíma, er afnotin byrja. Það sem kann að þurfa að gera við stöðina, til þess að hún sé hæf til rekstrar, er ríkisstjórninni heimilt að láta gera á kostnað eiganda, ef hann gerir það ekki sjálfur, og má draga viðgerðarkostnaðinn frá leigunni eftir stöðina.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Amaliuborg, 8. júlí 1936.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.
(L. S.).

Hermann Jónasson.

19. Frumvarp til laga

um reiknings- og skuldaskil sparisjóðsins Gullfoss í Hrunamannahreppi.

(Lagt fyrir Alþingi 1937.)

1. gr.

Stjórn sparisjóðsins Gullfoss í Hrunamannahreppi er falið að framkvæma reiknings- og skuldaskil fyrir nefndan sparisjóð, undir umsjá skiptaráðandans í Árnessýslu.

2. gr.

Stjórn sparisjóðsins skal nú þegar semja úthlutunargerð til innstæðueigenda sjóðsins á fé því, sem nú er fyrir hendi í sjóðnum. Skal þess þá vandlega gætt, að allir innstæðueigendur skuli þola jafnan hundraðshluta til niðurfærslu á innstæðum sínum og greiðslur til þeirra verði hlutfallslega jafnar.

Réttur eigandi sparisjóðsbókar er sá, sem samkvæmt bókum sjóðsins er talinn eigandi hennar 15. nóvember 1934.

3. gr.

Ef innstæðueigandi er í skuld við sjóðinn, hvort sem sú skuld er stofnuð af honum sjálfum eða hún fellur á hann fyrir ábyrgð við sjóðinn, þá er hluti af innstæðu hans, eða innstæðan öll að því leyti sem hún hrekkur til, gild borgun upp í slíka skuld, að frádregnum sama hluta, sem aðrir innstæðueigendur verða að þola til niðurfærslu á sínum kröfum, og verður sjóðurinn ekki krafinn um þann hundraðshluta, sem dreginn er frá gagnkröfum samkvæmt framanskráðu.

4. gr.

Stjórn sjóðsins annast innheimtu á útistandandi skuldum sjóðsins, og skal innheimtunni hraðað svo sem kostur er á. Úthlutar stjórnin fé því, sem inn kemur, til innstæðueigenda eftir sömu reglu sem segir í 2. gr. Fer úthlutunin fram á þeim tímum, er skiptaráðandinn í Árnessýslu ákveður.

5. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta:

Um frumvarp þetta, sem lagt er fyrir Alþingi samkv. 23. gr. stjórnarskrárinnar, vísast til fylgiskjalsins hér á eftir.

Fylgiskjal.

Bráðabirgðalög um reiknings- og skuldaskil sparisjóðsins Gullfoss í Hrunamannahreppi.

Vér **Christian hinn Tíundi,** af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Dómsmálaráðherra Vor hefir þegnlega borið upp fyrir Oss, að ákveðið hafi verið að framkvæma reiknings- og skuldaskil sparisjóðsins Gullfoss í Hrunamannahreppi, en sparisjóði þessum var lokað að tilhlutun fjármálaráðuneytisins með auglýsingu í Lögbirtingablaðinu 15. nóv. 1934 og hefir verið lokaður síðan. Ennfremur hafi verið ákveðið á aðalfundi sparisjóðsins 14. júní 1936 að greiða öllum innstæðueigendum nú þegar hlutfallslega jafna greiðslu af innstæðu þeirri, sem nú er til í sjóðnum, en innstæða í sjóðnum er kr. 232087, en innstæðueigendur 460, en á þessum fundi mættu 44 menn með umboð fyrir 183 innstæðueigendur, er áttu inni samtals 175 þúsund krónur. Þurfi því að fyrirbyggja það, að þeir innstæðueigendur, er ekki mættu eða létu mæta á aðalfundinum, geti krafizt þess, að fá innstæðu sína að fullu greidda og heimtað bú sjóðsins tekið til gjaldþrotaskipta að öðrum kosti.

Teljum Vér, með skírskotun til framanritaðs, brýna nauðsyn bera til þess að setja bráðabirgðalög samkvæmt 23. grein stjórnarskrárinnar um þetta efni.

Fyrir því bjóðum Vér og skipum:

1. gr.

Stjórn sparisjóðsins Gullfoss í Hrunamannahreppi er falið að framkvæma reiknings- og skuldaskil fyrir nefndan sparisjóð, undir umsjá skiptaráðandans í Árnessýslu.

2. gr.

Stjórn sparisjóðsins skal nú þegar semja úthlutunargerð til innstæðueigenda sjóðsins á fé því, sem nú er fyrir hendi í sjóðnum. Skal þess þá vandlega gætt, að allir innstæðueigendur skuli þola jafnan hundraðshluta til niðurfærslu á innstæðum sínum og greiðslur til þeirra verði hlutfallslega jafnar.

Réttur eigandi sparisjóðsbókar er sá, sem samkvæmt bókum sjóðsins er talinn eigandi hennar 15. nóvember 1934.

3. gr.

Ef innstæðueigandi er í skuld við sjóðinn, hvort sem sú skuld er stofnuð af honum sjálfum eða hún fellur á hann fyrir ábyrgð við sjóðinn, þá er hluti af innstæðu hans, eða innstæðan öll að því leyti sem hún hrekkur til, gild borgun upp í slíka skuld, að frádregnum sama hluta, sem aðrir innstæðueigendur verða að þola til niðurfærslu á sínum kröfum, og verður sjóðurinn ekki krafinn um þann hundraðshluta, sem dreginn er frá gagnkröfum samkvæmt framanskráðu.

4. gr.

Stjórn sjóðsins annast innheimtu á útistandandi skuldum sjóðsins, og skal innheimtunni hraðað svo sem kostur er á. Úthlutar stjórnin fé því, sem inn kemur, til innstæðueigenda eftir sömu reglu sem segir í 2. gr. Fer úthlutunin fram á þeim tímum, er skiptaráðandinn í Árnessýslu ákveður.

5. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Amalíuborg, 30. desember 1936.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.
(L. S.)

Hermann Jónasson.

20. Frumvarp til laga

um breyting á 10. gr. tilskipunar um fjárforráð ómyndugra á Íslandi, 18. febr. 1847.

(Lagt fyrir Alþingi 1937.)

1. gr.

3. mgr. 10. gr. tilskipunar um fjárforræði ómyndugra á Íslandi, 18. febr. 1847, skal úr gildi numin.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta:

Um frumvarp þetta, sem lagt er fyrir Alþingi samkvæmt 23. gr. stjórnarskrárinnar, vísast til fylgiskjalsins hér á eftir.

Fylgiskjal.

Bráðabirgðalög um breyting á 10. gr. tilskipunar um fjárforráð ómyndugra á Íslandi, 18. febrúar 1847.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Dómsmálaráðherra Vor hefir þegnlega borið upp fyrir Oss, að samkvæmt nýlega uppkveðnum hæstaréttardómi verði ekki annað talið óhætt en að veita kaupendum veðsettra fasteigna, sem seldar eru á nauðungaruppboði samkvæmt 10. gr. tilskipunar um fjárforræði ómyndugra á Íslandi, 18. febrúar 1847, 3 mánaða gjaldfrest á helmingi kaupverðsins og 6 mánaða gjaldfrest á hinum helmingnum, en slíkur frestur sé bæði óþarflega langur og bagalega langur eins og nú er komið veðmálum hér á landi og þurfi því að lagfæra þetta hið fyrsta. Teljum Vér með skírskotun til framanritaðs brýna nauðsyn bera til þess að setja bráðabirgðalög samkvæmt 23. gr. stjórnarskrárinnar þessu til lagfæringar.

Fyrir því bjóðum Vér og skipum:

1. gr.

3. mgr. 10. gr. tilskipunar um fjárforræði ómyndugra á Íslandi, 18. febr. 1847, skal úr gildi numin.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Christiansborgarhöll. 12. október 1936.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.
(L. S.)

Hermann Jónasson.

21. Frumvarp til laga

um viðauka við lög nr. 85 frá 23. júní 1936, um meðferð einkamála í héraði.

(Lagt fyrir Alþingi 1937.)

1. gr.

Aftan við 82. gr. laga nr. 85 frá 23. júní 1936 komi ný málsgr., svo hljóðandi:

Víxilmál og tékka má sækja í þinghá, þar sem greiðslustaður víxilsins eða tékkans er. Nú er víxill eða tékki, sem út hefir verið gefinn erlendis, innheimtur hér á landi í víxilmáli eða tékka, og má þá mál höfða á varnarþingi innheimtumanns, ef hann er banki eða sparisjóður eða hann hefir skuldheimtu að atvinnu sinni.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta:

Um frumvarp þetta, sem lagt er fyrir Alþingi samkvæmt 23. gr. stjórnarskrárinnar, vísast til fylgiskjalsins hér á eftir.

Fylgiskjal.

Bráðabirgðalög um viðauka við lög nr. 85 frá 23. júní 1936, um meðferð einkamála í héraði.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Dómsmálaráðherra Vor hefir þegnlega borið upp fyrir Oss, að í lög nr. 85/1936, um meðferð einkamála í héraði, vanti nægileg ákvæði um varnarþing í víxilmálum og tékka. Með skírskotun til þessa teljum Vér, að brýna nauðsyn beri til þess að setja nú þegar bráðabirgðalög samkvæmt 23. gr. stjórnarskrárinnar um það efni. Fyrir því bjóðum Vér og skipum:

1. gr.

Aftan við 82. gr. laga nr. 85 frá 23. júní 1936 komi ný málsgr., svo hljóðandi:

Víxilmál og tékka má sækja í þinghá, þar sem greiðslustaður víxilsins eða tékkans er. Nú er víxill eða tékki, sem út hefir verið gefinn erlendis, innheimtur hér á landi í víxilmáli eða tékka, og má þá mál höfða á varnarþingi innheimtumanns, ef hann er banki eða sparisjóður eða hann hefir skuldheimtu að atvinnu sinni.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Amalíuborg, 30. desember 1936.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.
(L. S.)

Hermann Jónasson.

Nd. 22. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 11 9. jan. 1935, um gjaldeyrisverzlun o. fl.

Flm.: Ólafur Thors, Sigurður Kristjánsson.

1. gr. laganna skal orða svo:

Landsbanki Íslands og Útvegsbanki Íslands hafa einkarétt til þess að verzla með erlendan gjaldeyri. Þó skal útgerðarmönnum heimilt að ráðstafa þeim erlendum gjaldeyri, sem fæst fyrir útflutningsvörur þeirra, að því leyti sem þeir þurfa hann til greiðslu á vörum til útgerðar sinnar.

Ráðherra setur með reglugerð nánari fyrirmæli um gjaldeyrisverzlunina.

Með reglugerð er heimilt að setja þau ákvæði, er þurfa þykir til þess að tryggja,

að íslenzkar afurðir, sem fluttar eru til útlanda, verði greiddar með erlendum gjaldeyri, og að hann renni til bankanna, með þeirri undantekningu, sem gerð er í þessari grein.

Greinargerð.

Frumvarp þetta var flutt á síðasta þingi, og fylgdi því þá svo hljóðandi greinargerð:

„Með framkvæmd laga nr. 11 9. jan. 1935 eru útgerðarmenn sviptir því lánstrausti, sem þeir áður höfðu og hagnýttu sér til innkaupa á útgerðarvörum erlendis. Sjá erlendir seljendur sér yfirleitt ekki fært, meðan lögin eru framkvæmd eins og nú, að láta vörur af hendi við útgerðarmenn án bankatryggingar fyrir greiðslu á umsömdum tíma, því synjun um yfirfærslu getur valdið vanskilum. Bankarnir munu hinsvegar tregir til, og stundum ófáanlegir til að gefa tryggingaryfirlýsingar. Liggur við borð, að þetta skapi útgerðinni óviðunandi verðlag á útgerðarvörum, svo sem olíu, kolum, salti og veiðarfærum, eða jafnvel stöðvi alveg ýmsa útgerðarmenn. Sýnist það ekki ná nokkurri átt að meina útgerðarmönnum að nota sinn eiginn gjaldeyri til þess að kaupa vörur til útgerðarinnar og þannig tryggja öflun gjaldeyrisvaranna."

Við meðferð málsins í báðum deildum fékkst viðurkenning þingmanna úr öllum flokkum fyrir nauðsyn og réttmæti frumvarpsins. Var mikill meiri hluti fyrir því í þessari deild að afgreiða það frá þinginu með nokkrum breytingum. En efri deild þvældi málið, svo það dagaði uppi.

Sþ. 23. Tillaga til þingsályktunar

um uppbót á bræðslusíldarverði ríkisverksmiðjanna sumarið 1936.

Flm.: Jóhann Jósefsson, Ólafur Thors, Sigurður Kristjánsson, Pétur Ottesen, Jón Auðunn Jónsson.

Alþingi felur ríkisstjórninni að leggja fyrir stjórn síldarverksmiðja ríkisins að greiða viðskiptamönnum verksmiðjanna, þeim, er afhentu verksmiðjunum síld sumarið 1936, uppbót á síldarverðið. Nemi uppbót þessi 70 aurum á hvert mál síldar, er verksmiðjurnar veittu móttöku sumarið 1936.

Ástæður verða færðar fyrir tillögunni í framsögu.

Nd. 24. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 55 7. maí 1928, um bann gegn dragnótaveiði í landhelgi.

Flm.: Jón Ólafsson, Jóhann Jósefsson.

1. gr.

Fyrri málsgr. 1. gr. laganna orðist svo:

Hvarvetna í landhelgi Íslands skulu veiðar með dragnótum bannaðar á tímabilinu frá 1. jan. til 20. apríl og frá 10. des. til 31. des. hvers árs, með undantekningum þeim, sem 2. gr. nefnir.

2. gr.

Í stað „5000—10000 gullkróna“ í 3. gr. laganna komi: 2500—5000 gullkróna.

3. gr.

Síðasti málsl. 6. gr. laganna („Aldrei má þó“ og til enda) falli niður.

4. gr.

8. gr. laganna falli niður.

5. gr.

Síðari málsl. 9. gr. laganna falli niður.

6. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað. Jafnframt eru úr gildi numin lög nr. 52 19. júní 1933 og lög nr. 15 1935.

7. gr.

Þegar lög þessi hafa öðlazt staðfestingu konungs, skal færa þau inn í meginmál laga nr. 55 7. maí 1928 og gefa þau út svo breytt.

Greinargerð.

Á allmörgum undanförnum árum hafa verið mjög skiptar skoðanir um nytsemi dragnótaveiða annarsvegar, en hinsvegar skaðsemi þessa veiðarfæris á uppfæðing nytjafiska m. m. Þrátt fyrir þessar skiptu skoðanir hafa menn æ meir og meir hallazt að þeirri skoðun, að hagnýta beri þann verðmikla fisk — flatfiskinn —, sem dragnótin hefir bezt skilyrði til að ná. Sú stutta reynsla, sem fengin er hér við land af dragnótaveiði, hefir sannað, að þessi veiðiaðferð er mjög arðsöm þeim, sem orðnir eru kunnugir dragnótamiðum og kunna með veiðarfærið að fara, sem hvorttveggja er í mikilli framför. Eins og nú standa sakir er hin mesta nauðsyn á að finna leiðir til betri afkomu bátaútvegsins og þeirra manna, er eiga lífsframfæri sitt undir honum, því svo sem kunnugt er, hafa saltfisksveiðar á undanfarandi árum ekki svarað kostnaði, svo að nær undantekningarlaust eru útgerðarmenn þessa útvegs orðnir eignalausir — sjá skuldaskilasjóð o. fl. ráðstafanir. Nú er á það að líta, að sú stærð báta, sem stunda dragnótaveiðar að sumarlagi, er frá 5—30 smálesta, einmitt sá útvegur, sem ekki getur stundað síldveiðar með viðunandi árangri..

Það virðist óforsvaranlegt, að löggjöfin standi lengur í vegi fyrir því, að landsmenn geti notfært sér hverskyns gæði sjávarins, sem geta orðið þjóðinni til hagsældar.

Nú er það vitað, að í nokkur undanfarin ár hefir sænsk-íslenzka frystihúsið hér, sem hóf hraðfrystingu flatfiskjar, stöðugt verið kaupandi að afla dragnótabátanna, og keypt hann dýru verði til útflutnings. Þá hafa menn og ísað slíkan afla sjálfir og sent út, og hafa Vestmannaeyingar gert það með góðum árangri hin síðustu sumur.

Enn er á það að líta, að allvíða á landinu — nokkuð með styrk fiskimálanefndar — hefir verið efnt til hraðfrystingar á fiski, sérstaklega flatfiski, og kaupir nefndin nú og keypti á síðastliðnu ári kola til flökunar á 0,40 kg. með haus og hala, og eru vinnulaun við þetta talin 0,20 á kg., og mun sú vinna kærkomin þeim plássum, sem hafa fengið skilyrði til að geta orðið hennar aðnjótandi, en nytsemi þessa viðviðbúnaðar byggist meðal annars og ekki sízt á frjálslyndri löggjöf um dragnótaveiðar.

Um einstakar greinar frv. skal þetta tekið fram:

Um 1. gr.

Á síðustu árum hafa allmargir bátar byrjað veiðar úr miðjum apríl, sér í lagi Vestmannaeyingar, og munu þá hafa horft vonaraugum til landhelginnar. Þykir því rétt að hafa á þessu fullt frelsi frá 20. apríl til 10. desember.

Um 2. gr.

Sektarákvæðin samkvæmt gildandi lögum eru í óviðeigandi hlutfalli við verðmæti skipanna, sem dragnótaveiði stunda, sem mun vera frá 3000—25000 kr. Virðist því rétt að stilla þessu í hóf svo sem hér er gert.

Um 3. gr.

Ákvæðið um, að ekki megi selja þeim seka hin upptæku veiðarfæri hans, hefir aldrei náð tilgangi sínum, vegna ýmsra undanbragða, og er því rétt að nema það pappírsgagn úr gildi.

Nd. 25. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 26 1. febr. 1936, um alþýðutryggingar.

Flutningsm.: Gísli Sveinsson, Guðbr. Ísberg, Jón Sigurðsson, Pétur Ottesen, Jón Pálmason.

1. gr.

1. tölul. 11. gr. laganna orðist svo:

Ekkja eða ekkill, nema hjónin hafi verið skilin að lögum og annað eigi notið framfærslustyrks frá hinu látna, hljóta 3000 krónur.

5. tölul. sömu gr. orðist svo:

Foreldrar eða foreldri hins látna, ef þau eða það hafa annazt uppeldi hans eða framfærslu systkina hans í ómegð, hljóta 2500 krónur. — Framkvæmd þessa ákvæðis miðast við gildistöku alþýðutryggingarlaganna (1. apríl 1936).

2. gr.

Við 20. gr. laganna bætist ný málsgr., svo hljóðandi:

Þeir, sem stunda fiskiveiðar á róðrarbátum, en teljast ekki tryggingarskyldir samkvæmt lögunum, hafa rétt til þess að tryggja sig á sama hátt og tryggingarskyldir sjómenn, gegn hálfu iðgjaldi fyrir hverja viku, og greiðist hinn helmingurinn úr ríkissjóði.

3. gr.

2. tölul. 47. gr. orðist svo:

Af öðrum lífeyrissjóðum, sem lagðir kunna að verða til lífeyrissjóðs Íslands, svo og af ellistyrktarsjóðum, þegar hlutverki þeirra er lokið samkv. VI. kafla þessara laga.

4. gr.

Fyrir „67 ára“ í endi fyrri málsgr. 48. gr. komi: 60 ára.

5. gr.

Fyrri málsgr. 49. gr., tölul. 1—2 orðist svo:

1. 5 krónum fyrir þá, sem heimilisfastir eru í kaupstöðum og í kauptúnum, er hafa yfir 300 íbúa, og 3 krónum fyrir þá, er annarsstaðar eru heimilisfastir.
2. Hálfum af hundraði af skattskyldum árstekjum samkv. skattalögum.

6. gr.

4. tölul. 50. gr. orðist svo:

Greitt iðgjöld í lífeyrissjóð embættismanna eða barnakennara (l. nr. 51/1921 og nr. 33/1921).

7. gr.

Fyrir „67 ára“ í fyrstu málsgr. 51. gr. komi: 65 ára.
Fyrir „68“, „69“, „70“, „71“ komi: 66, 67, 68, 69.

8. gr.

Fyrir „16—67“ í fyrri málsgr. 52. gr. komi: 16—65.

9. gr.

4. tölul. 54. gr. orðist svo:
Nýtur lífeyris úr lífeyrissjóði embættismanna eða barnakennara.

10. gr.

60. gr. orðist svo:
Lögreglustjórar (tollstjóri í Reykjavík) annast innheimtu iðgjalda og fá (utan Reykjavíkur) innheimtulaun 2% af upphæð gjaldanna.
Bæjar- og sveitarstjórnir greiða iðgjöld (persónugjöld) þeirra tryggingarskyldra manna, sem eru á föstu sveitarframfæri.

11. gr.

Fyrir „67 ára“ í fyrstu málsgr. 61. gr. komi: 60 ára.

12. gr.

62. gr. laganna falli burt.

13. gr.

V. kafli laganna, 63.—74. gr. (báðar meðtaldar), falli burt. Greinatala í lögunum (og kaflatala) breytist samkvæmt burtfellingum.

14. gr.

Fyrir „67 ára“ í þriðju málsgr. 79. gr. komi: 65 ára.
Orðin „að frádreginni — vöxtum ellistyrktarsjóðanna“ í öðrum málsl. sömu málsgr. falli burt.

15. gr.

Fyrir „67 ára“ í fyrstu málsgr. 80. gr. komi: 65 ára.

16. gr.

Við aðra málsgr. 81. gr. bætist nýr málsl., svo hljóðandi:
Og ennfremur þeir menn yngri en 65 ára, sem við gildistöku laganna voru orðnir fullra 60 ára.
Aftan við sömu lagagrein bætist ný málsgr., svo hljóðandi:
Með tillagi sveitarsjóða teljast tilfallnir vextir af ellistyrktarsjóði hlutaðeigandi hrepps.

17. gr.

Í fyrri málsgr. 89. gr. fellur burtu síðari málsl. („Menn, sem ... lífeyrissjóðs Íslands“).

18. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi l. nr. 49 7. apríl 1936 (um frestun á framkvæmd o. s. frv.).

Greinargerð.

Það mun óhætt að fullyrða, að fá eða engin lög, er sett hafa verið á landi hér og varða allan almenning, hafa þegar á fyrsta ári orðið eins óvinsæl og alþýðutrygg-

ingalögin nýju, og valda þar um bæði hin gífurlega auknu gjöld á alþýðu manna og héruðum (sveitarfélögum) og eins hin næsta vafasömu hlunnindi, sem í móti ætlu að koma, og allt er þetta andstætt því, sem meðhaldsmenn þessarar lagasetningar báru fram í öndverðu til þess að gylla málið. Á Alþingi því (1935), er lögin voru samþykkt, kom þó fram megn andstaða gegn þessum ákvæðum, fleirum eða færri, og mátti segja, að sum þeirra næðu aðeins samþykki með nokkurskonar hlunnbrögðum, — en sjálfstæðismenn í Nd. báru fram tillögu um frestun á afgreiðslu málsins (með rökst. dagskrá), svo að það mætti hljóta frekari og betri undirbúning og kannaður yrði vilji sjálfra kjósendanna í landinu og héraðanna um þessi atriði, en stjórnarflokkarnir beittu sér öndverðir gegn þessu. Síðan hefir um framkvæmd laganna staðið styr og óánægja, sem of langt er hér að rekja, enda er þetta alkunnugt.

Það þykir nú sjálfsagt að bera fram tillögur til breytinga á þessari löggjöf, er m. a. styðjist við þegar fengna reynslu af framkvæmdinni, og er það gert með frv. þessu. — Þess skal þegar getið, að sleppt er hér að sinni að gera breytingar á III. kafla laganna, sjúkratryggingunum, er þarfnast alveg sérstakrar athugunar með hliðsjón af ástandinu í kaupstöðum og hinum fjölmennari kauptúnum (þar sem m. a. hafa hlotizt vandkvæði af því, að tilverandi sjúkrasamlög eru allri aðstoð svipt af hálfu hins opinbera, nema þau — nauðug viljug — gangi inn undir hin nýju lög), o. s. frv. Og annar heill kafli, sem sé V. kafli, um atvinnuleysistryggingarnar, er lagt til, að verði að öllu felldur burt úr lögunum, með því til þess var allt óundirbúið að setja um það lagaákvæði, og hefir síðan, eins og vænta mátti, verið tómt og dautt pappírsgagn, — sem jafnvel „stjórn hinna vinnandi stétta", er kallar sig svo, hefir ekki séð sér fært að eiga neitt við. Að öðru leyti er reynt með frv.-greinunum að bæta úr þeim helztu ágöllum, sem á lögunum eru yfirleitt og í einstökum atriðum, og má vitanlega enn meiri bætur gera eða breyta fleiru til samræmis við meðferð málsins í þinginu.

Meðal annars má telja þessar breytingar frv.:

1. Lagfært (í slysatr.kaflanum) um dánarbætur til eftirlifandi hjóna, og einkum færðar til fyrra og réttlátara horfs dánarbætur til foreldra, sem hafa orðið illa fyrir barðinu á hinni nýju löggjöf.
2. Tekið aftur upp ákvæðið um frjálsa vikutryggingu róðrarbáta með hálfu iðgjaldi, þar sem ekki er hægt að stunda vertíð.
3. Gjaldskyldu-aldur ellitryggðra yfirleitt færður niður í 60 ára takmarkið (ekki 67 ára) — og verður þá gjaldfrjálst tímabil fyrir fólk á þessum aldri úr því, þótt eigi hljóti það ellilaun fyrr en 65 ára (fært niður úr 67 ára), nema sá hluti þess, er orðinn var fullra 60 ára, er lögin komu í gildi. (Bráðab.lög nr. 100 23. sept. 1936 verða því óþörf, með þessari breytingu á sjálfum lögunum).
4. Iðgjöld þessarar tryggingar eru lækkuð öll, — niður í 5 kr. í kaupstöðum og kauptúnum (úr 7 og 6 kr.) og í 3 kr. alstaðar annarsstaðar (úr 5 kr.) fyrir persónu, og af skattskyldum tekjum greiðist aðeins hálfur af hundraði, fyrir heilan af hundraði eftir lögunum.
5. Vextir ellistyrktarsjóða hreppanna skulu (að sjálfsögðu) teljast — meðan millibilsástand núverandi VI. kafla laganna helzt — með í tillagi sveitarfélaganna og úthlutast af sveitarstjórnum, en á móti leggi lífeyrissjóður fullt: leiðréttist með því hið hróplega ranglæti, sem lögin hafa gefið tilefni til í þessu efni. (Til greina gæti og komið, að nefndum vöxtum yrði algerlega haldið sér til úthlutunar).
6. Lífeyrissjóður embættismanna og barnakennara eiga að halda sér sem sjálfstæðar stofnanir eins og hingað til, og mun flestum þykja það eðlilegt o. s. frv.

Nánar verður málið væntanlega útskýrt í framsögu.

Nd. 26. Frumvarp til laga

um landaura og verðlagsskrár.

Flm.: Jón Pálmason, Jón Sigurðsson, Jóhann Jósefsson.

1. gr.

Landaurar nefnast samkv. lögum þessum framleiðsluvörur þær, sem ganga kaupum og sölum frá þeim, sem stunda landbúnað og sjávarútveg, og fullorðinn búpeningur.

2. gr.

Þau verðmæti, sem 1. gr. ræðir um, skulu lögð í hundruð á landsvísu, eftir þeim hlutföllum, sem hér greinir:

I. Afurðir:

a. Landbúnaðarafurðir:

20 dilkar á hausti,
180 kg. hvít vorull I. fl.,
250 — mislit vorull,
120 — smjör,
1500 lítrar nýmjólk,
6 kg. æðardúnn vel hreinsaður.

b. Sjávarafurðir:

650 kg. I. fl. spánarverkaður stórfiskur,
4600 — ný síld í söltun,
9000 — ný síld í bræðslu,
400 — þorskalýsi I. fl.

Þegar reiknuð er meðalalin í þessum flokki, skal verðeiningin í dilkum, nýmjólk og verkuðum saltfiski færð tvisvar og útkomunni allri deilt með 13.

II. Búpeningur:

1 kýr 2—8 vetra, fullmjólkandi,
8 ær með lömbum í fardögum, 2—7 vetra,
14 ær geldar á hausti,
12 sauðir 2 vetra á hausti,
1⅔ áburðarhestur 5—12 vetra í fardögum,
2⅓ hryssa á sama aldri.

Meðalalin skal fundin með því að þrefalda útkomuna í I. flokki, leggja þar við útkomuna í II. flokki og deila síðan með fjórum.

3. gr.

Yfirskattanefnd í hverju sýslufélagi og hverju bæjarfélagi á landinu skal fyrir 15. marzmánaðar ár hvert semja skýrslu um verðlag á framleiðsluvörum og búpeningi, sem gengur kaupum og sölum í viðkomandi sýslu- eða bæjarfélagi.

Verðlagið skal, eftir því sem við verður komið, miða við það, sem framleiðendur fá fyrir vöruna, að frádregnum sölukostnaði og öðrum þeim gjöldum, sem falla á vöruna frá því, er eigandinn lætur hana af höndum.

Verðlag á fullorðnum búpeningi skal á sama hátt miða við almennt verðlag innan sýslu- eða bæjarfélags gegn peningagreiðslu.

4. gr.

Nú hefir einhver landaurategund eigi gengið kaupum og sölum innan sýslu eða bæjarfélags, þó hún venjulega sé til sölu, og ber þá yfirskattanefnd að setja það verð á þá vörutegund, sem hún telur hæfilegt, miðað við almennt verðlag.

Eigi skal yfirskattanefnd miða verðlag í verðlagsskýrslu við örfá dæmi, ef hún telur vörutegund selda óeðlilega lágu eða háu verði gegn peningagreiðslu.

Verði nefndarmenn eigi á eitt sáttir um verðlag, skal meðaltal ráða.

Verðlagsskýrsla sé undirrituð af öllum nefndarmönnum.

5. gr.

Verðlagsskrár skulu prentaðar á kostnað ríkissjóðs og skulu gilda frá 16. degi maímánaðar næsta eftir að þær eru samdar til jafnlengdar næsta ár.

Verðlagsskrár skal birta á manntalsþingum og í B-deild Stjórnartíðindanna.

6. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi felld lög nr. 16 frá 6. nóv. 1897 og lög nr. 22 frá 13. sept. 1901.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frv. þetta var flutt á síðasta þingi og fylgdi því svo hljóðandi greinargerð:

Landaurareikningurinn gamli var eins og kunnugt er sá verðmælir, sem flest viðskipti miðuðust við hér á landi um langt skeið. Sá verðmælir var bundinn við gangverð þeirra vörutegunda einna, sem framleiddar voru í landinu, og gaf því á hverjum tíma glöggt til kynna, hver breyting varð frá ári til árs á verði þeirra vara, sem hagur framleiðslunnar er fyrst og fremst við bundinn.

Þetta verðlag var ákveðið í verðlagsskrám, sem hver um sig gilti fyrir eitt hérað.

Á síðari tímum hefir þetta breytzt mjög mikið, og allt á þá leið, að áhrif þess verðlags, sem er á framleiðsluvörum landsmanna, hafa minnkað í öllu viðskiptalífi. Verðlagsskrárnar eru að vísu samdar og settar á ári hverju, eins og áður var, en ákvæðin, sem í gildi eru um samning þeirra, eru mjög úrelt, svo þær gefa mjög ófullnægjandi hugmynd um þá niðurstöðu, sem þær eiga að sýna, sem er sú breyting, er verður frá ári til árs á hag framleiðslunnar.

Þetta teljum við flutningsmenn frumvarpsins illa farið, og ber margt til. Í fyrsta lagi teljum við nauðsyn á, að verðlagsskrárnar gefi sem sannasta mynd af þeim verðbreytingum, sem mesta þýðingu hafa fyrir undirstöðu alls fjármálalífs í landinu, framleiðsluna. Í annan stað teljum við réttast, til að ná þessu takmarki, að taka með í verðlagsskrá þær einar vörur, sem hafa almenna þýðingu fyrir hag framleiðslunnar, annarsvegar til sveita, hinsvegar við sjó. Í þriðja lagi virðist okkur ljóst, að þá niðurstöðu, sem fæst með verðlagsskránum, megi nota miklu meira en nú er gert í viðskiptalífi landsmanna, aðeins ef vandað er til þess að fá sem réttasta mynd í þessu efni.

Það má þó taka fram í þessu sambandi, að fyllsta þörf er á að koma samningu verðlagsskránna í rétt horf, án tillits til þess, hverja skoðun menn hafa á notagildi slíks verðmælis í viðskiptalífinu.

Nánar í framsögu.

Ed. 27. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 78 23. júní 1936, um ríkisframfærslu sjúkra manna og örkumla.

Flm.: Þorsteinn Þorsteinsson, Jón Auðunn Jónsson.

1. gr.

1. málsgr. 4. gr. laganna orðist svo:

Nú hefir sjúklingur, annar en berklasjúklingur (sbr. 1. tölulið 1. gr.), verið úr-

skurðaður styrkhæfur samkvæmt lögum þessum, og á hann þá rétt á styrk úr ríkissjóði til greiðslu ⅘ kostnaðar við nauðsynlega og hæfilega dvöl á sjúkrahúsi eða hæli við hans hæfi, svo og alla viðeigandi aðhlynningu þar, þar með talin nauðsynleg læknishjálp og lyf, enda sé um að ræða slíkt sjúkrahús eða hæli, sem rekið er af ríkinu, eða sjúkrahús eða hæli, sem ráðherra hefir samið við um vist og greiðslu fyrir slíka sjúklinga, er þangað leita. Allan kostnað samkvæmt framansögðu greiðir ríkissjóður fyrir berklasjúklinga, er úrskurðaðir hafa verið styrkhæfir.

2. gr.

1. og 2. töluliður 6. gr. laganna orðist svo:

1. Sjúklingi, öðrum en berklasjúklingi (sbr. 1. tölulið 1. gr.), sem er úrskurðaður styrkhæfur samkvæmt lögum þessum, til greiðslu allt að ⅘ kostnaðar við nauðsynlega dvöl á sjúkrahúsi eða hæli, öðrum en þeim, sem um getur í 4. gr., ef nauðsyn hefir borið til að vista sjúklinginn þar til bráðabirgða, annaðhvort vegna þess, að ekki hefir fengizt rúm fyrir hann á sjúkrahúsi eða hæli, sem um getur í 4. gr., eða sjúklingurinn hefir ekki verið flutningsfær í slíkt sjúkrahús eða hæli. Á sama hátt er heimilt að úrskurða berklasjúklingi styrk úr ríkissjóði til greiðslu alls sjúkrakostnaðar við dvöl hans á slíku sjúkrahúsi eða hæli. Upphæð styrksins úrskurðar ráðherra með tilliti til dvalarkostnaðar í sjúkrahúsum eða hælum, sem rekin eru af ríkinu, svo og með tilliti til gildandi samninga við sjúkrahús þau eða hæli, sem samið hefir verið við um vist slíkra sjúklinga. Fyrir berklasjúkling skal greiða að fullu styrk þann, sem úrskurðaður hefir verið.
2. Sjúklingi, öðrum en berklasjúklingi (sbr. 1. tölulið 1. gr.), sem úrskurðaður er styrkhæfur samkvæmt lögum þessum og ekki dvelur á sjúkrahúsi eða hæli, til greiðslu ⅘ nauðsynlegs lækningakostnaðar, enda sé læknishjálpin mikilsháttar eða langvarandi, svo sem meðala, rafmagnsaðgerða mænusóttarsjúklinga, geitnalækninga o. s. frv. Fyrir berklasjúkling greiðist að fullu styrkur sá, sem úrskurðaður hefir verið. Upphæð styrksins úrskurðar ráðherra samkvæmt gildandi læknagjaldskrám.

Greinargerð.

Það þykir nú þegar sýnt, að ýmsum sveitar- og bæjarfélögum hefir verið bundinn ærið þungur baggi með lögum um ríkisframfærslu sjúkra manna og örkumla. Einkum á þó þetta við um kostnað þann, sem bæjar- og sveitarfélögum er ætlað að greiða vegna berklasjúklinga. Í þeim héruðum, þar sem mikil berklaveiki er, eru þessi útgjöld sveitarfélaganna þeim langt um megn, og eins og ástatt er um fjárhag bæjar- og sveitarfélaga nú, virðist engin önnur leið til úrbóta en að ríkissjóður taki að sér að greiða allan sjúkrakostnað berklaveikissjúklinga, að svo miklu leyti sem ekki er talið fært í hverju einstöku tilfelli, að sjúklingarnir greiði hann sjálfir, en það liggur undir úrskurði ráðherra, að fengnum tillögum landlæknis, að ákveða þar um. Frv. er flutt í þeim tilgangi að létta af bæjar- og sveitarsjóðum þeim ⅘ hluta kostnaðar berklasjúklinga, sem þeim nú er skylt að greiða, ef berklasjúkling brestur geta til greiðslunnar. Nái frv. þetta fram að ganga, greiðir ríkissjóður, eins og áður var, allan þann sjúkrakostnað, sem berklasjúklingnum sjálfum er um megn að greiða, án aðstoðar frá hreppsfélögum.

Nd. 28. Frumvarp til laga

um framkvæmd viðgerða á íslenzkum skipum.

Flm.: Páll Þorbjörnsson.

1. gr.

Eigendur íslenzkra skipa skulu skyldir að láta framkvæma allar viðgerðir á skipum sínum hér á landi, með þeim undantekningum og skilyrðum, sem nánar greinir í lögum þessum.

2. gr.

Ef skip bilar í hafi, en er þó sjálfrátt ferða sinna, skal sigla því til íslenzkrar hafnar til viðgerðar, nema svo sé ástatt, að öryggi skips og áhafnar þyki betur borgið með því að halda skipinu til erlendrar hafnar.

3. gr.

Þær einar smiðjur mega taka að sér viðgerð stórskipa, sem fá til þess sérstaka löggildingu. Um löggildingu þessa fer eftir reglugerð, sem atvinnumálaráðherra setur um það efni.

4. gr.

Ef engin löggilt skipasmiðja getur tekið að sér viðgerð á skipi, þá er eiganda skipsins frjálst að sigla skipinu til annars lands hafnar og fá þar viðgerð.

5. gr.

Nú vill eigandi skips, umboðsmaður eða vátryggjandi láta fram fara viðgerð á skipi, en ekki næst samkomulag um verð á viðgerðinni eða hann dregur í efa, að fullnægjandi viðgerð fáist hér á landi, og neitar af þeim sökum að gera samning um viðgerðina við hérlenda skipasmiðju, og er honum þá eigi að síður óheimilt að senda skipið til annars lands til viðgerðar, nema því aðeins, að hann hafi áður fengið álit sitt staðfest með úrskurði gerðardóms.

6. gr.

Gerðardómur, sem nefndur er í 5. gr., skal skipaður þannig:

Eigandi skips eða umboðsmaður hans tilnefnir 1 mann í dóminn, vátryggjandi skipsins tilnefnir 1 mann. Félag járniðnaðarmanna í Reykjavík tilnefnir 1 mann og forstjórar löggiltra skipasmiðja tilnefna í sameiningu 1 mann, en skipaskoðunarstjóri ríkisins er sjálfkjörinn oddamaður.

Gerðardómur skal hraða úrskurði sínum svo sem verða má, að sem minnstum töfum valdi eða baga fyrir skipseigendur.

7. gr.

Ef forstjóri löggiltrar skipasmiðju lítur svo á, að misbeitt hafi verið ákvæðum 2. gr., getur hann kært yfir því til lögreglustjóra. Telji lögreglustjóri, að ekki sé um skýlaust lögbrot að ræða, vísar hann málinu til gerðardóms, er um getur í 5. gr.

Stjórn fél. járniðnaðarmanna í Reykjavík hefir sama rétt sem forstjóri skipasmiðju til þess að kæra yfir meintu broti í þessu efni.

8. gr.

Brot á lögum þessum varða sektum, allt að 10000 kr., nema þyngri hegning liggi við að lögum.

Greinargerð.

Frumvarp þetta var flutt á síðasta þingi, en náði þá ekki fram að ganga, og vísast til greinargerðar þeirrar, er fylgdi því þá.

Nánar í framsögu.

Nd. 29. Frumvarp til laga

um talstöðvar í íslenzkum skipum.

Flm.: Páll Þorbjörnsson.

1. gr.

Hvert íslenzkt skip, sem er 15 rúmlestir eða stærra, skal hafa talstöð, nema því beri skylda til að hafa fullkomlega starfrækta loftskeytastöð.

2. gr.

Afl stöðvanna skal ákveða með reglugerð, er atvinnumálaráðuneytið setur, að fengnum tillögum landssímastjóra og Slysavarnafélags Íslands.

3. gr.

Talstöðvarnar skulu vera eign landssímans og leigðar af honum til skipanna, og ber honum að sjá um, að ætíð séu fyrirliggjandi nægar stöðvar.

4. gr.

Landssíminn skal taka í leigu eftir stöðvarnar gjald, er ákveðið er fyrir eitt ár í senn og miðað við, að landssíminn sleppi skaðlaus. Leigan skal ákveðin af matsnefnd, er í eigi sæti landssímastjóri, fulltrúi frá Slysavarnafélagi Íslands og fulltrúi frá Fiskifélagi Íslands.

5. gr.

Talstöðvarnar skulu undanþegnar afnotagjaldi til ríkisútvarpsins.

6. gr.

Atvinnumálaráðuneytið setur reglugerð um starfrækslu stöðvanna.

7. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1938.

Greinargerð.

Öllum ber saman um, að eitthvert bezta öryggi gegn slysum á sjónum sé, að skipin geti látið heyra frá sér, ef eitthvað verður að. Mörg dæmi mætti nefna, þar sem björgun skips og áhafnar hefir verið efalítið eingöngu því að þakka, að í tíma var hægt að kalla á hjálp. Almennur áhugi er nú vaknaður meðal sjómanna fyrir því að fá talstöðvar í fiskibátana. Nokkuð treglega mun hafa gengið að fá talstöðvar leigðar hjá landssímanum, og mun það hafa tafið þetta nauðsynjamál nokkuð. Erfiður fjárhagur margra útvegsmanna mun og hafa dregið úr þeim að leggja í þann kostnað, sem af uppsetningu og starfrækslu talstöðvanna hefir leitt. Frumvarp þetta gerir ráð fyrir, að kostnaður verði færður niður svo sem unnt er og afnotagjald til útvarpsins algerlega fellt niður. Ennfremur má geta þess, að eitt vátryggingarfélag, Bátaábyrgðarfélag Vestmannaeyja, hefir runnið á vaðið og ýtt undir, að talstöðvar kæmu í sem flesta Vestmannaeyjabáta, með því að heita lánum til greiðslu stofn-

kostnaðar af uppsetningu talstöðvanna og ennfremur með því að sjá um tryggingu talstöðvanna endurgjaldslaust. Þess er að vænta, að önnur vátryggingarfélög taki sér félag þetta til fyrirmyndar, og ætti þá uppsetning og starfræksla talstöðvanna að koma létt við útgerðina hvað kostnaðinn snertir.

Nd. 30. Frumvarp til laga

um afnám útflutningsgjalds af sjávarafurðum.

Flutningsm.: Ólafur Thors, Jón Ólafsson, Sigurður Kristjánsson, Pétur Ottesen, Garðar Þorsteinsson, Guðbrandur Ísberg, Thor Thors og Jóhann Jósefsson.

1. gr.

Frá 1. janúar 1938 skal niður falla útflutningsgjald af hverskonar íslenzkum sjávarafurðum, öðrum en þeim, sem ræðir um í 2. gr. laga nr. 63 28. janúar 1935, um útflutningsgjald.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Á Alþingi 1933 kom fram frumvarp um afnám útflutningsgjalds af landbúnaðarafurðum. Náði það ekki lögfestu, meðal annars vegna þess, að ýmsir þingbændur lögðust gegn því, með þeim rökum, að bændur munaði þetta nær engu, en hinsvegar gæti málið snert hagsmuni ríkissjóðs alltilfinnanlega, þar eð óumflýjanlegt yrði að afnema útflutningsgjald af sjávarafurðum, ef því yrði létt af landbúnaðarafurðunum.

Á haustþinginu 1934 var málið flutt að nýju og náði þá lögfestu.

Eins og af líkum má ráða, hófust talsmenn útvegsins nú handa og fluttu þegar á næsta þingi frumvarp um afnám útflutningsgjalds af sjávarafurðum, þó að þeim vörum undanskildum, sem um getur í 2. gr. laga nr. 63 28. janúar 1935, um útflutningsgjald, og var sú undanþága gerð af hlífð við ríkissjóð, en án allrar viðurkenningar á réttmæti þess gjalds.

Svo undarlega tókst nú til, að frumvarp þetta var fellt með samhljóða atkvæðum stuðningsmanna stjórnarinnar. Ekki var því þó haldið fram, að réttmætara væri að krefjast þessa gjalds af útveginum en af landbúnaðinum, og ekki var því heldur andmælt, að út af fyrir sig væri rangt, og raunar ófært, að heimta gjald af framleiðsluvörum, sem framleiddar eru með tapi, eins og öllum er kunnugt um, að á sér stað með framleiðslu sjávarafurða.

Málsvarar útvegsins fluttu málið að nýju á síðasta þingi, en þar fór enn sem fyrr, að stuðningsmenn stjórnarinnar stóðu gegn því, svo það náði ekki fram að ganga.

Hér er nú enn á ný lagt til, að þessu gjaldi verði létt af útveginum, í þeirri von, að meiri hluti Alþingis sjái sér nú fært að láta svo augljóst réttlætismál ná fram að ganga. Engin rök hafa verið færð gegn þessari kröfu útgerðarmanna og sjómanna, önnur en getuleysi ríkissjóðsins. En sú mótbára getur ekki talizt haldgóð, þegar sýnt er, að stjórnin hækkar sífellt útgjöld fjárlagafrumvarpsins, t. d. nú um 600 þús. kr., og liggur sú hækkun ekki sízt í aukinni launafúlgu, en hækkun þessi nemur hærri upphæð en hér er farið fram á, að létt sé af útveginum. Verður því ekki trúað, fyrr en fullreynt þykir, að þessum ósanngjarna skatti fáist ekki létt af þeim atvinnurekstri landsmanna, er að langmestu leyti stendur undir öflun erlends gjaldeyris

til kaupa á aðfluttum nauðþurftum þjóðarinnar, og brauðfæðir beint og óbeint mestan hluta alls almennings við sjávarsíðuna, en hefir í mörg ár verið rekinn með halla, er nú mjög að þrotum kominn efnalega og í hinni mestu þröng.

Nd. 31. Frumvarp til laga

um fiskveiðasjóð Íslands.

Flm.: Sigurður Kristjánsson, Ólafur Thors, Thor Thors, Pétur Ottesen, Guðbrandur Ísberg, Garðar Þorsteinsson.

I. KAFLI
Skipun sjóðsins og ætlunarverk.

1. gr.

Fiskveiðasjóður Íslands er sjálfstæð stofnun, sem er eign ríkissjóðs, en undir sérstakri stjórn, sbr. 15. gr.

Tilgangur hans er að styðja sjávarútveg landsmanna með hagkvæmum stofnlánum.

2. gr.

Fiskveiðasjóður Íslands hefir heimili sitt, aðalskrifstofu og varnarþing í Reykjavík. Auk þess getur sjóðurinn haft umboðsmenn eða umboðsskrifstofur þar, sem sjóðsstjórnin telur þörf á.

II. KAFLI
Stofnfé fiskveiðasjóðs og ávöxtun reiðufjár.

3. gr.

Stofnfé fiskveiðasjóðs skal aukið þannig:

1. Ríkissjóður leggur sjóðnum til eina millj. króna á þann hátt, að ríkissjóður tekur að sér að greiða sem sína eigin skuld, frá og með 1. janúar 1937, eftirstöðvar af skuld fiskveiðasjóðs við Den danske Landmandsbank í Kaupmannahöfn, danskar krónur 750 þús. Afganginn, kr. 250 þús., greiðir ríkissjóður eftir samkomulagi við stjórn sjóðsins með jöfnum greiðslum á næstu fjórum árum.
2. Helmingur núverandi útflutningsgjalds á hverskonar sjávarafurðum rennur í sjóðinn, unz stofnsjóður hans er orðinn 12 millj. kr. Verði útflutningsgjald sjávarafurða, sem nú er, afnumið með lögum að nokkru eða öllu leyti, áður en sjóðurinn er orðinn 12 millj. kr., rennur í sjóðinn frá þeim tíma ¾ % af verðmæti þeirra útfluttra sjávarafurða, sem gjaldinu var létt af, þar til stofnsjóður nemur þeirri fjárhæð, er áður segir.
3. Eignir varasjóðs og veðtryggingasjóðs renna í stofnsjóð.
4. Eignir skuldaskilasjóðs vélbátaeigenda renna í stofnsjóð fiskveiðasjóðs, jafnóðum og útlán skuldaskilasjóðs afborgast.

4. gr.

Reiðufé fiskveiðasjóðs skal ávaxta með sem beztum vaxtakjörum í innlánsdeild Útvegsbanka Íslands h/f, Reykjavík.

III. KAFLI
Útlánastarfsemi fiskveiðasjóðs.

5. gr.

Fé fiskveiðasjóðs má einungis lána sem hér segir:

1. Gegn fyrsta veðrétti í skipum, eigi stærri en 60 rúmlestir, og séu þau ætluð til fiskveiða.
2. Gegn fyrsta veðrétti í frystihúsum, lifrarbræðslustöðvum, fiskimjölsverksmiðjum og öðrum iðjufyrirtækjum, sem vinna eingöngu eða að langmestu leyti að hagnýtingu fiskiafurða.
3. Gegn fyrsta veðrétti í hverskonar fiskiskipum landsmanna, stærri en 60 rúmlestir.

Veitingar lána samkv. 3. lið skulu hefjast jafnskjótt og fjárhagsstyrkleiki sjóðsins leyfir, að áliti sjóðsstjórnarinnar. Um lánveitingar skal gilda sú meginregla, að lána einungis til nýbygginga.

6. gr.

Út á ný skip með nýjum vélum má lána allt að helmingi virðingarverðs. Sé einnig um aukatryggingar að ræða, sem sjóðsstjórn metur gildar, má lána allt að $^{3}/_{5}$ virðingarverðs, og sé skipið byggt hér á landi, allt að $^{7}/_{10}$ virðingarverðs.

Um lán til eldri skipa en eins árs fer eftir ákvörðum sjóðsstjórnarinnar í hvert sinni.

Lengsti lánstími samkv. 1. lið 5. gr. er 12 ár, og hámark lána út á eitt skip samkv. sama lið 30 þús. kr.

7. gr.

Út á eignir, sem tilgreindar eru í 5. gr. 2. lið, má lána allt að helmingi virðingarverðs, ef um nýja eign er að ræða. Lengstur lánstími er 15 ár og hámark láns 24 þús. kr.

8. gr.

Vextir af lánum úr fiskveiðasjóði skulu vera $4^{1}/_{2}$ % — fjórir og hálfur af hundraði — á ári og greiðist fyrirfram fyrir eitt ár í senn eða fyrir hluta úr ári, miðað við hinn almenna gjalddaga á lánum úr fiskveiðasjóði, sem skal vera hinn 1. nóvember ár hvert.

Nú er afborgun og vextir eigi greitt fyrir 15. nóv., og má þá ennfremur reikna $^{1}/_{2}$ % dráttarvexti fyrir hvern hálfan mánuð eða minna, sem greiðsla dregst.

9. gr.

Eignir þær, sem fiskveiðasjóður tekur að veði, skulu virtar á kostnað lántakanda af mönnum, sem stjórn sjóðsins tilnefnir, og eftir þeim reglum, sem nánar verða tilgreindar í reglugerð sjóðsins. Stjórn sjóðsins getur hvenær sem er heimtað skilríki fyrir því, að veðsettum eignum sé vel við haldið og að veðið hafi ekki rýrnað. Skylt er lánþega að hafa hið veðsetta vátryggt í vátryggingarstofnun, sem stjórn sjóðsins tekur gilda. Ef vanræksla verður á þessu, er lánveitanda heimilt að annast vátrygginguna og innheimta iðgjaldið á gjalddaga lánsins, enda skulu tryggingar þær, sem sjóðurinn hefir, þá einnig vera fyrir slíkum greiðslum, jafnt og fyrir láninu sjálfu.

IV. KAFLI
Um greiðslufall lána og réttindi fiskveiðasjóðs.

10. gr.

Verði eigandaskipti að eign, sem er veðsett fiskveiðasjóði, þá er stjórn sjóðsins heimilt að heimta lánið endurgreitt þegar, að nokkru eða öllu leyti. Seljanda og kaupanda er skylt að tilkynna sjóðsstjórninni eigandaskipti þegar í stað.

11. gr.

Nú er lán úr fiskveiðasjóði ekki greitt á réttum gjalddaga, eða veðið gengur svo úr sér eða rýrnar að verðgildi, að það er eigi svo gild trygging sem vera skal, eða nýr eigandi vanrækir að taka lánið að sér, og er þá stjórn sjóðsins heimilt að telja eftirstöðvar lánsins komnar í gjalddaga þegar í stað, án uppsagnar.

12. gr.

Þegar lán er komið í gjalddaga, hefir fiskveiðasjóður heimild til að láta selja veðið við opinbert uppboð, án undanfarins dóms, sátta eða fjárnáms, samkv. tilskipun um fjárforráð ómyndugra, 18. febrúar 1847, 10. gr., eða að láta leggja það sjóðnum út til eignar, ef þörf er á.

Fiskveiðasjóður þarf ekki að láta neinn vera fyrir sína hönd við uppboð, og skal þar ekki taka mótmæli skuldunauts til greina, nema þau séu auðsjáanlega á rökum byggð, og eigi er heldur hægt að stöðva eða ónýta uppboðið með neinskonar dómskoti.

Fiskveiðasjóður ber hinsvegar ábyrgð á því, að skuldin sé rétt og komin í gjalddaga, og er skuldunaut rétt að höfða mál til endurgjalds á öllu því, er hann hefir skaðazt á uppboðinu, og öllum málskostnaði að skaðlausu.

Fiskveiðasjóður getur samið svo um við skuldunauta sína, að uppboð á veðsettum eignum megi fara fram í skrifstofu uppboðshaldara.

Fiskveiðasjóður hefir rétt til að láta starfsmenn sína selja verðbréf og annað, sem hann hefir fengið að handveði, við uppboð á hverjum þeim stað, er þykir til þess fallinn. En aðvara skal hann veðsala um það, í votta viðurvist, með 8 daga fyrirvara.

Nú er veðsali ókunnur, eða menn vita ekki um heimili hans, og skal þá stefna hlutaðeiganda með 14 daga fyrirvara, til að leysa veðið, með auglýsingu í Lögbirtingablaðinu.

13. gr.

Nú er skip eða fasteign seld á nauðungaruppboði eða við gjaldþrotaskipti, og ber þá uppboðshaldara að rannsaka, hvort eignin er veðsett fiskveiðasjóði, og geta þess í uppboðsgerðinni. Ef svo reynist, skal stjórn sjóðsins gert aðvart svo tímanlega, að hún geti látið fulltrúa sinn vera við uppboðið.

V. KAFLI

Stjórn sjóðsins, endurskoðun og reikningsskil.

14. gr.

Yfirumsjón fiskveiðasjóðs er í höndum þess ráðherra, sem fer með sjávarútvegsmál.

Útvegsbanki Íslands h/f í Reykjavík hefir á hendi framkvæmdastjórn sjóðsins og annast alla starfrækslu hans. Skal fiskveiðasjóður vera sérstök deild í bankanum, með aðskildum fjárhag og bókhaldi.

Kostnaður af rekstri sjóðsins greiðist af tekjum hans eftir reikningi, sem ráðherra úrskurðar.

15. gr.

Reikningar fiskveiðasjóðs skulu endurskoðaðir af þeim mönnum, sem ráðherra skipar. Um störf þeirra og þóknun fyrir þau skal ákveðið í reglugerð sjóðsins.

16. gr.

Stjórn sjóðsins skal, á miðju hverju reikningsári, gefa ráðherra stutt yfirlit yfir hag sjóðsins. Skal það yfirlit birt í B-deild Stjórnartíðindanna. Auk þess getur ráðherra hvenær sem er krafizt allra upplýsinga um hag sjóðsins.

Eftir hver áramót gefur sjóðsstjórnin ráðherra fullkominn, endurskoðaðan ársreikning og skýrslu um hag og starfsemi sjóðsins á árinu. Skal ársreikningurinn birtur í B-deild Stjórnartíðindanna.

Reikningsár fiskveiðasjóðs er almanaksárið.

17. gr.

Fiskveiðasjóður er undanþeginn opinberum gjöldum og sköttum, hverju nafni sem nefnast. Bækur sjóðsins, ávísanir, kvittanir, skuldbindingar og yfirlýsingar, sem gefnar eru út af sjóðnum, svo og skuldabréf fyrir lánum úr sjóðnum, umboð, veðleyfi og ábyrgðaryfirlýsingar gagnvart honum, eru undanþegin stimpilgjaldi. Eignarvottorð og veðbókarvottorð er skylt að afgreiða til sjóðsins án endurgjalds.

18. gr.

Nú verða vanskil með greiðslu vátryggingargjalda fyrir skip, og er þá viðkomandi vátryggingarfélagi skylt að rannsaka, hvort skipið sé veðtryggt fiskveiðasjóði, og ef svo reynist, þá að tilkynna sjóðnum tafarlaust um greiðslubrest iðgjaldsins. Sama gildir, ef skipseigandinn lætur vátryggingu falla úr gildi og endurnýjar ekki vátryggingarsamning sinn við félagið.

19. gr.

Í reglugerð fyrir fiskveiðasjóð Íslands má setja þau ákvæði um starfrækslu sjóðsins, er nauðsynleg þykja, þótt ekki sé sérstaklega gert ráð fyrir þeim í þessum lögum, enda fari þau ekki í bága við nein ákvæði laganna.

20. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og eru þá jafnframt úr gildi numin lög nr. 16 19. maí 1930, um Fiskveiðasjóð Íslands, svo og önnur fyrirmæli í lögum og reglugerðum, sem fara í bága við þessi lög.

Greinargerð.

Frumvarp þetta höfum við flutningsmenn þess flutt á þrem undanförnum þingum, og er þetta því í fjórða skiptið, sem þingið fær það til meðferðar. Að sönnu hefir frumvarpið ekki verið borið fram alveg óbreytt á öllum þessum þingum, en kjarni þess hefir ávallt verið sá sami, og er enn: Að efla fiskveiðasjóð Íslands svo, að hann verði þess megnugur mjög fljótlega að sjá fiskveiðaflotanum fyrir öllum stofnlánum, og geti jafnframt orðið öflugur stuðningur fyrir þann iðnað, sem vaxið getur upp til hagnýtingar sjávarafurða. Í öðru lagi er lögð áherzla á það í frumvarpi þessu, að sjóðurinn sé efldur á þann hátt, að hann starfi með eigin fé, en ekki með lánsfé. Telja flutningsmenn þetta síðara atriði óumflýjanlegt skilyrði fyrir því, að sjóðurinn geti veitt hagkvæm lán í samræmi við stofnlánaþörf útvegsins til skipakaupa, og umsköpunar aflans í verðmæti.

Þessi stefna var tekin, þegar núgildandi lög sjóðsins voru samþykkt árið 1930. Er með þeim lögum svo fyrir mælt, að sjóðurinn skuli efldur mjög hratt. Ríkissjóði ber samkv. þeim lögum að leggja sjóðnum eina milljón króna, er greiðast skyldi að fullu fyrir 1. júní 1941. Var síðan með reglugerð ákveðið, að þetta ríkissjóðsframlag skyldi greitt með 100 þús. kr. á ári frá 1930. — Auk þess er svo fyrir mælt í lögunum frá 1930, að stofnfé sjóðsins skuli eflt með hundraðsgjaldi af útfluttum fiskafurðum, unz stofnsjóður nemur 8 milljónum kr.

Af þessu sést, að það er langt síðan Alþingi komst að þeirri niðurstöðu, að efla bæri fiskveiðasjóð, líkt og hér er gert ráð fyrir, og setti um það lagafyrirmæli.

En lög þessi hafa verið framkvæmd sem hér segir: Ríkissjóður hefir ekki greitt einn eyri ennþá af milljón þeirri, er honum ber að greiða sjóðnum. Og hundraðsgjaldið af útfluttum sjávarafurðum, eða hluti sjóðsins af útflutningsgjaldinu, var

ákveðinn aðeins 1/8 %, sem er 1/13 hluti útflutningsgjaldsins. Hefir sjóðurinn þannig orðið algerlega undir í samkeppninni við ríkissjóð um útflutningsgjaldið.

Afleiðingin af þessari meðferð á fiskveiðasjóðnum hefir orðið sú, að hann hefir orðið að starfa með dýru lánsfé. Hefir þetta kyrkt vöxt sjóðsins, en jafnframt orðið til þess, að hann hefir alls ekki getað veitt viðunandi lánskjör.

Á þinginu 1935 komu fram tvö önnur frumvörp til laga um fiskveiðasjóð. Höfuðmunurinn á þeim frumvörpum og þessu frv. liggur í því, að í þeim báðum er gert ráð fyrir því, að sjóðurinn starfi aðallega með lánsfé. Á hann samkv. þeim báðum að gefa út handhafavaxtabréf, er nemi þrem milljónum króna. Bæði gera þau ráð fyrir, að lána megi 75—80% til nýrra skipa.

Frumvörp þessi hafa öll verið send stjórn sjóðsins (bankastjórum Útvegsbankans) til umsagnar. Er í bréfi sjóðsstjórnarinnar tekið eindregið undir tillögu frumvarps okkar um eflingu sjóðsins. Í bréfinu segir svo:

„Það verður naumast hjá því komizt að auka starfsfé fiskveiðasjóðs áður en langt um líður, ef sjóðurinn á ekki að draga mjög tilfinnanlega úr lánveitingum á næstunni, frá því sem verið hefir síðastliðin 5 ár.

... Vér vitum að vísu, að erfiðleikar eru um greiðslur úr ríkissjóði, en vér teljum það hina mestu nauðsyn að auka fjármagn sjóðsins. Vér teljum því rétt, að hin háttvirta sjávarútvegsnefnd beini sérstaklega athygli sinni að því að auka starfsfé sjóðsins, eins og raunar er sameiginlegt í öllum þessum frumvörpum, þótt það komi fram á mismunandi hátt, og viljum vænta, að nefndinni takist að finna til þess heppilegar leiðir."

Sjóðsstjórnin andmælir mjög ákveðið, að sú leið sé farin að auka starfsfé sjóðsins með lántökum. Um þetta atriði segir sjóðsstjórnin m. a.:

„Hefir hér að framan verið bent á það, að lántaka handa sjóðnum, er hann ætti sjálfur að standa undir, sé varhugaverð leið til þess að auka útlán sjóðsins. Ef ríkið tæki að sér að greiða sjálft danska lánið, mundi það auka starfsfé sjóðsins sem svarar afborgunum og vaxtagreiðslum, en sú fjárhæð er nú liðlega 120 þús. kr. árlega, eða lítið eitt hærri fjárhæð en hið árlega tillag, sem ríkissjóði var ætlað að greiða í fiskveiðasjóð samkv. lögum frá 1930, en ekki hefir verið gert."

Nd. 32. Frumvarp til laga

um hafnargerð á Þórshöfn.

Flm.: Gísli Guðmundsson.

1. gr.

Til hafnargerðar á Þórshöfn veitist úr ríkissjóði 2/5 kostnaðar, eftir áætlun, sem ríkisstjórnin hefir samþykkt, þegar fé er veitt til þess í fjárlögum, allt að kr. 64000.00 — sextíu og fjögur þúsund krónur —, gegn 3/5 úr hafnarsjóði Þórshafnarkauptúns.

2. gr.

Ríkisstjórninni veitist heimild til að ábyrgjast fyrir hönd ríkissjóðs allt að kr. 96000.00 — níutíu og sex þúsund kr. — lán, er hafnarsjóður Þórshafnarkauptúns kann að fá til hafnargerðar, gegn ábyrgð Sauðaneshrepps og sýslunefndar Norður-Þingeyjarsýslu. Tillagið úr ríkissjóði og ábyrgð ríkissjóðs er bundin því skilyrði, að yfirumsjón með verkinu og reikningshald sé falið manni, sem atvinnumálaráðuneytið samþykkir.

3. gr.

Sérhver er skyldur til að láta af hendi mannvirki og land, er þarf til að gera höfnina, eða undir brautir og vegi í þarfir hafnarinnar, svo sem leyfa, að tekið

verði í landi hans hvort heldur er stunga, grjót eða möl og önnur jarðefni, og þola þær eignakvaðir, óhagræði eða takmörkun á afnotarétti, er hafnargerðin hefir í för með sér, allt gegn því, að fullar bætur komi fyrir. Náist ekki samkomulag um bæturnar, skulu þær ákveðnar með mati tveggja dómkvaddra manna, að tilkvöddum báðum málsaðiljum. Kostnaðurinn við matið greiðist úr hafnarsjóði Þórshafnarkauptúns. Nú vill annarhvor málsaðili ekki una mati, og getur hann þá heimtað yfirmat, en gera skal hann það innan 14 daga frá því að matsgerð er lokið. Yfirmatið skal framkvæmt á sama hátt af 4 dómkvöddum mönnum. Kostnaðinn við yfirmatið greiðir sá, er þess hefir krafizt, ef matsupphæðinni verður ekki breytt meira en sem nemur 10% af hinni ákveðnu endurgjaldsupphæð, ella greiðist kostnaðurinn úr hafnarsjóði Þórshafnarkauptúns.

4. gr.

Hafnarmerki skulu ákveðin af atvinnumálaráðherra, að fengnum tillögum hreppsnefndar Sauðaneshrepps og sýslunefndar Norður-Þingeyjarsýslu.

5. gr.

Bryggjur og önnur mannvirki við höfnina má ekki gera nema í samráði við hafnarnefnd og með samþykki hreppsnefndar Sauðaneshrepps. Hver sá, er gera vill eitthvert slíkt mannvirki, skal senda hafnarnefnd beiðni um það, og skal beiðninni fylgja lýsing á því, svo og uppdráttur, ef með þykir þurfa, í tvennu lagi, og heldur hafnarnefnd öðru eintakinu. Hafnarnefnd afgreiðir síðan málið til hreppsnefndar. Sá, sem fengið hefir slíkt leyfi, er skyldur að halda mannvirkinu svo við, að engin hætta stafi af því. Brot gegn þessari grein varðar sektum, frá 20—500 kr., og hafnarnefnd getur látið nema burtu mannvirkið á kostnað eigenda.

6. gr.

Hreppsnefnd Sauðaneshrepps hefir á hendi stjórn hafnarmálefnanna undir yfirumsjón atvinnu- og samgöngumálaráðuneytisins. Hreppsnefndinni er heimilt, með samþykki atvinnumálaráðuneytisins, að taka eignarnámi lönd og lóðir einstakra manna, sem liggja að höfninni og nauðsynleg kynnu að verða til hagnýtingar hennar.

7. gr.

Framkvæmd hafnarmála og eftirlit með höfninni skal fela hafnarnefnd. Í hafnarnefnd sitja 5 menn, 3 kosnir af hreppsnefnd Sauðaneshrepps, en 2 af sýslunefnd Norður-Þingeyjarsýslu. Nefndarmenn skulu kosnir til 5 ára, gengur 1 úr árlega, fyrstu 4 árin eftir hlutkesti. Að minnsta kosti 3 nefndarmanna skulu eiga heima í Þórshafnarkauptúni eða nágrenni þess.

8. gr.

Eigum hafnarsjóðs má aðeins verja í þarfir hafnarinnar. Hreppssjóður ábyrgist skuldir hafnarsjóðs og hreppsnefndin hefir ábyrgð á eignum hafnarinnar.

9. gr.

Hreppsnefndin má ekki án leyfis ráðuneytisins selja eða veðsetja fasteignir hafnarsjóðsins, eða kaupa nokkrar nýjar fasteignir, taka stærri lán eða lán til lengri tíma en að þau verði borguð af tekjum þess árs, sem fer í hönd, né endurnýja slík lán eða fresta borgunartímanum, og ekki heldur gera nein þau mannvirki við höfnina, sem eru svo stórvaxin, að árstekjur hrökkvi ekki til að koma þeim í framkvæmd.

10. gr.

Til þess að standa straum af kostnaði við byggingu og viðhald hafnarvirkja og til árlegs rekstrarkostnaðar er heimilt að innheimta þau gjöld, er hér segir:

1. Árlegt gjald af bryggjum og öðrum mannvirkjum, sem gerð eru samkv. 5. gr.
2. Af skipum og bátum, sem hafna sig á Þórshafnarhöfn, og farmi þeirra:

a. Lestargjald,
b. Vitagjald,
c. Vörugjald.
Undanskildar skulu þó þær vörur, sem samkvæmt farmskrá skipsins eiga að fara til annara hafna á landinu, ef þær eru ekki settar á land.
d. Bryggjugjald af skipum og bátum, er leggjast við bryggjur hafnarinnar.
e. Festargjald af skipum, sem nota festar hafnarsjóðs.
f. Allt að 2% af magni afla skipa og báta, sem heima eiga í kauptúninu, svo og allra þeirra skipa og báta, er leggja þar afla á land.

Gjöld þessi, sem og gjöld fyrir afnot af öðrum eignum hafnarinnar, skulu ákveðin í reglugerð, sem hreppsnefnd Sauðaneshrepps semur og atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið staðfestir, og skal í henni ákveðið, hver skuli greiða þau og innheimta. Herskip og skemmtiskip skulu undanþegin gjöldum til hafnarinnar samkvæmt tölul. 2. a, b og c.

11. gr.

Nú má álíta, að tekjur af gjaldstofnum þeim, sem heimilaðir eru í 10. gr., hrökkvi ekki fyrir árlegum útgjöldum hafnarinnar, og getur þá hreppsnefndin, með sérstöku samþykki atvinnumálaráðuneytisins fyrir hvert ár, ákveðið, að leggja megi aukatoll á aðflutningsgjaldskyldar og útflutningsgjaldskyldar vörur. Gjaldið má þó aldrei fara fram úr 4% af tolli þeim, er greiða ber í ríkissjóð. Gjald þetta innheimtir hafnarnefnd. Gjald þetta, sem og gjöldin samkvæmt 10. gr., má taka lögtaki.

12. gr.

Reikningsár hafnarsjóðs er almanaksárið.

13. gr.

Fyrir 1. nóv. ár hvert ber hafnarnefnd að leggja fyrir hreppsnefnd frumvarp til áætlunar um tekjur og gjöld hafnarinnar á komandi ári. Hreppsnefnd skal hafa fullsamið áætlunina fyrir lok nóvembermánaðar, og senda hana síðan atvinnu- og samgöngumálaráðuneytinu til samþykktar fyrir árslok, ásamt nauðsynlegum skýringum á einstökum gjalda- og tekjuliðum.

14. gr.

Nú hefir hreppsnefnd í hyggju einhverjar meiri háttar aðgerðir við höfnina, eða hún vill gera einhverjar þær ráðstafanir, er samþykki atvinnumálaráðuneytisins þarf til, og skal hún þá senda ráðuneytinu sérstaka tillögu um það efni. Skal það gert svo timanlega sem kostur er, að samþykki ráðuneytisins geti komið til, áður en hún lætur fjárhagsáætlun hafnarinnar fara frá sér.

15. gr.

Við lok hvers reikningsárs, og ekki síðar en fyrir febrúarlok, skal hafnarnefnd gera reikning yfir tekjur og gjöld hafnarinnar á hinu liðna ári og efnahagsreikning hennar. Reikningurinn skal endurskoðaður og úrskurðaður á sama hátt og hreppsreikningur.

16. gr.

Að öðru leyti skal ákveðið með reglugerð, er hreppsnefnd semur og ráðuneytið staðfestir, allt það, er lýtur að greiðri og hættulausri umferð um höfnina, góðri reglu eða öðru höfninni viðvíkjandi, er við þykir eiga. Í reglugerðinni má ákveða sektir fyrir brot gegn henni, 20—500 krónur. Sektir samkvæmt lögum þessum renna í hafnarsjóð.

17. gr.

Með mál þau, er rísa út af brotum gegn 5. gr. laga þessara og reglugerðum, sem settar verða samkvæmt þeim, skal fara sem almenn lögreglumál.

18. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt eftir beiðni hreppsnefndarinnar í Sauðaneshreppi.

Sumarið 1935 framkvæmdi Þorlákur Helgason verkfræðingur fyrir hönd vitamálaskrifstofunnar nákvæma uppmælingu hafnarinnar á Þórshöfn, með tilliti til væntanlegra hafnarmannvirkja. Á grundvelli þeirra mælinga hefir vitamálaskrifstofan gert tillögur og bráðabirgðaáætlun um nauðsynlegustu framkvæmdir við höfnina, ásamt tilheyrandi uppdráttum, og lágu þessi gögn fyrir á síðastliðnu vori.

Vitamálaskrifstofan hefir gert ráð fyrir, að byggt yrði:

1. Skjólgarður til hlífðar bryggjum og til að varna ágangi sjávar á þorpið. Lengd 95 metrar. Áætlaður kostnaður 25 þús. kr.
2. Báta- og smáskipabryggja, ásamt uppfyllingu. Lengd 30 m. Breidd 7 m. Áætlaður kostnaður 70 þús. kr. (með uppfyllingu).
3. Bátabryggja, 20 m. löng og 6 m. breið. Áætlaður kostnaður 35 þús. kr.
4. Bátabryggja, 17 m. löng og 6 m. breið. Áætlaður kostnaður 30 þús. kr.

Á þessari áætlun eru byggð ákvæði frv. um framlög til hafnarmannvirkjanna, og ríkissjóði þar áætluð hlutfallsleg þátttaka, eftir því, sem venja hefir verið í lögum um hafnargerðir. Eigi myndi talið nauðsynlegt að ljúka öllum mannvirkjunum í einu, en mest er þörfin fyrir skjólgarðinn ásamt lengstu bryggjunni, sem áætluð er 70 þús. kr. Rétt er að geta þess, að í áætluninni er reiknað með efnisverði eins og það var snemma á síðastl. ári.

Þórshafnarkauptún er nú aðalverzlunarstaður fyrir austurhluta Norður-Þingeyjarsýslu og nyrzta hrepp Norður-Múlasýslu, og býr nú um 1000 manns á verzlunarsvæði kauptúnsins. Íbúum þorpsins hefir fjölgað ört síðustu árin og eru nú um 200. Vélbátaútgerð er þar nú þegar talsverð og myndi vera meiri, ef sæmileg löndunaraðstaða væri fyrir hendi. Ræktunarskilyrði við þorpið eru mjög góð og landrými mikið.

Eins og kunnugt er, eru síldarmiðin við Langanes einhver þau allra beztu, sem til eru hér við land. Þórshöfn hefir því öll skilyrði til að geta orðið álitlegur síldarsöltunar- og síldarbræðslustaður, ef aðstaða sú væri fyrir hendi, sem frv. gerir ráð fyrir. Þess má geta, að sumir telja Þórshöfn beztu höfnina milli Seyðisfjarðar og Akureyrar, og iðulega leita skip þangað inn í vondum veðrum.

Á Þórshöfn er nú nýbyggt frystihús, og má telja víst, að þar verði á næstunni komið fyrir tækjum til hraðfrystingar á fiski til útflutnings.

Sþ. 33. Tillaga til þingsályktunar

um undirbúning á raforkuveitu fyrir Vestmannaeyjar.

Flm.: Páll Þorbjörnsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta framkvæma rannsóknir og gera áætlanir um eftirfarandi:

1. Hvort tiltækilegt muni að leiða raforku frá Sogsvirkjuninni til Vestmannaeyja, og ef svo er, þá hve mikill stofn- og rekstrarkostnaður yrði og við hvaða verði unnt mundi að selja orkuna í Vestmannaeyjum.
2. Vindaflsstöð til framleiðslu raforku í Vestmannaeyjum, stofn- og rekstrarkostnað stöðvarinnar og við hvaða verði hægt mundi að selja orkuna.

Greinargerð.

Í Vestmannaeyjum er nú framleidd raforka með vélum, sem brenna olíu. Raforkan er seld við svo háu verði, að ógerningur er að nota hana til iðnaðar, og stendur það mjög fyrir þrifum ýmsum iðnaði, sem ella mundi þar upp rísa. Ekki þarf að orðlengja um, hverja þýðingu það hefir fyrir byggðarlag eins og Vestmannaeyjar, ef þar skapast skilyrði fyrir því, að iðnaður geti þrifizt, þótt í smáu sé. Um aðrar leiðir til raforkuframleiðslu fyrir Vestmannaeyjar mun tæplega vera að ræða en þær, sem tillagan fjallar um. Athugun mun standa yfir eða vera í undirbúningi á raforkuveitu frá Soginu um Suðurlandsundirlendið, og ætti það að vera stuðningur við athugunina á því sama fyrir Vestmannaeyjar.

Svo sem kunnugt er, er mjög vindasamt í Vestmannaeyjum og sárafáir dagar, ef þeir eru þá nokkrir, sem algert logn er. Skilyrði virðast því vera góð í Vestmannaeyjum fyrir vindaflstöð, og hvergi á landinu eins mikil ástæða til að reisa slíka stöð, ef á annað borð þykir tiltækilegt að reisa slíkar stöðvar.

Nánar í framsögu.

Sþ. 34. Tillaga til þingsályktunar

um sjómælingar og rannsóknir fiskimiða.

Flm.: Sigurður Kristjánsson.

Alþingi felur ríkisstjórninni að láta halda áfram sjómælingum og rannsóknum fiskimiða í nánd við Ísland á næsta sumri.

Heimilast ríkisstjórninni að nota varðskipið Þór við rannsóknir þessar. Einnig heimilast ríksstjórninni að greiða af tekjum ríkissjóðs þann kostnað, sem af rannsóknunum leiðir.

Ástæður.

Á Alþingi 1936 flutti ég þingsályktunartillögu um sama efni og þessi tillaga fjallar um. Náði hún samþykki þingsins, og fóru síðan fram rannsóknir samkvæmt því, sem í tillögunni var mælt fyrir um.

Þótt um byrjun væri að ræða, varð mikilsverður árangur af rannsóknunum síðastl. sumar. Virðast svo miklar hagsmunavonir fyrir Ísland bundnar við slíkar rannsóknir sem þessar, framkvæmdar af Íslendingum sjálfum, að alveg sé sjálfsagt að halda þeim áfram.

Ed. 35. Frumvarp til laga

um breyting á lögum um bændaskóla, nr. 51 19. maí 1930.

Flm.: Þorsteinn Briem.

Á eftir 10. gr. laganna komi 5 nýjar greinar, svo hljóðandi, og breytist greinatala laganna samkvæmt því:

a. (11. gr.). Við annanhvorn bændaskólann, á Hólum eða Hvanneyri, skal vera sérstök deild til framhaldsnáms fyrir búfræðinga. Námstími er frá 1. október til 20. júní.

b. (12. gr.). Skilyrði fyrir inntöku í deildina eru þessi:
   a. Að nemandi hafi lokið búfræðiprófi í bændaskóla og hlotið 1. einkunn.
   b. Að hann hafi stundað verklegt búnaðarnám sem svarar einu missiri, samkvæmt nánari ákvæðum, sem sett verða í reglugerð.
   c. Að hann sé ekki haldinn neinum smitandi sjúkdómi.

   Heimilt er þó að veita undanþágu um einkunn og verklegt nám, ef sérstakar ástæður þykja til og skólastjóri mælir með því.
c. (13. gr.). Við framhaldsnám búfræðinga skulu kenndar þessar námsgreinar: Stærðfræði, jarðræktarfræði, land- og hallamælingar, búfjárræktarfræði ásamt fóðurfræði og undirstöðuatriðum í meðferð helztu búfjársjúkdóma, búreikningar, landbúnaðarlöggjöf og landbúnaðarhagfræði, eftir því sem nánar verður ákveðið í reglugerð.
d. (14. gr.). Nemendur skulu að námi loknu taka próf í öllum þeim námsgreinum, sem kenndar eru í framhaldsdeild.
e. (15. gr.). Atvinnumálaráðuneytið skal í samráði við skólastjóra og Búnaðarfélag Íslands gefa út reglugerð fyrir framhaldsdeildina með nánari ákvæðum um framhaldsnámið og próf í deild þessari, svo og um verklegt framhaldsnám.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er að mestu samhljóða frv. flm. á síðasta þingi, er varð þá ekki útrætt. Fylgdi því þá svolátandi greinargerð:

„Það skiptir íslenzkan landbúnað miklu, að sem bezt verði vandað til undirbúningsfræðslu bænda, og sérstaklega þeirra manna, sem ætlað er að verða aðstoðarmenn þeirra og leiðbeinendur í vandasömum störfum, eða taka að sér stjórn sameiginlegra verklegra framkvæmda í búnaði. Þetta hefir ýmsum helztu mönnum bændastéttarinnar verið ljóst um alllangt skeið. Kemur það m. a. fram í svo hljóðandi áskorun, er Búnaðarþing 1933 samþykkti og sendi Alþingi:

„Búnaðarþingið beinir því til Alþingis, að það láti athuga möguleika fyrir innlendu framhaldsnámi í búfræði, er helzt fari fram í sambandi við annanhvorn bændaskólann, og miðast námið við undirbúningsmenntun þeirra manna, er hafa með höndum leiðbeiningarstörf fyrir búnaðarsambönd eða forstöðu stærri búnaðarframkvæmda.

Tillögur, er byggðar séu á þessum athugunum, leggist fyrir næsta Alþingi."

Með því skipulagi, sem Búnaðarfélag Íslands hefir komið á félagsmálastarfsemi bænda, er verksvið búnaðarsambandanna, meðal annars, að inna af hendi víðtækt leiðbeiningarstarf fyrir bændur. Með fjölgun búnaðarsambandanna, auknum félagslegum framkvæmdum bænda og vaxandi nauðsyn breyttra búnaðarhátta verður æ ríkari þörfin fyrir menn með víðtækri búnaðarmenntun, er færir séu að leiðbeina bændum um þessi efni, hver í sínu héraði.

Hingað til hafa menn orðið að afla sér allrar víðtækari búnaðarmenntunar á erlendum búnaðarháskólum, því hið almenna nám við bændaskólana er ekki einhlítt. Þetta erlenda nám er of dýrt, samanborið við þau kjör, sem unnt er að bjóða starfsmönnum búnaðarsambandanna (héraðsráðunautunum). Og auk þess fjallar hin víðtækari búnaðarmenntun þessara erlendu stofnana í ýmsu um efni, sem fjarskyld eru búnaðarháttum hér á landi. Hinsvegar hafa innlendar rannsóknir og tilraunir síðustu ára aukið mjög innlenda búfræðiþekkingu, og er mikilsvarðandi, að hún komi að sem beztum notum.

Virðist því tími til kominn að stofna til innlendrar kennslu fyrir þá menn, er takast fyrrgreind störf á hendur fyrir búnaðarsamböndin og verkleg félagsfyrirtæki bænda.

Nauðsynlegt er, að námi þeirra sé þannig hagað, að þeir fái aflað sér staðgóðrar þekkingar í jarðyrkju og búfjárrækt, bæði bóklega og verklega, og menntun þeirra sé miðuð við innlenda staðhætti og sérstöðu þjóðarinnar í landbúnaði.

Þessu virðist eðlilegast og auðveldast að koma í framkvæmd með verklegu námi við bændaskólana, á fyrirmyndarbúum, er þau komast á fót, eða hjá fyrirmyndarbændum, og að við annanhvorn bændaskólanna verði komið á eins vetrar framhaldsnámi fyrir efnilega búfræðinga.

Milli þinga hefir frumv. þetta fengið góðar undirtektir meðal þeirra manna, er bera búfræðimenntunina sérstaklega fyrir brjósti. Meðal annars hefir Búnaðarþingið 1935 mælt mjög eindregið með frv. og samþykkt með samhljóða atkvæðum allra búnaðarþingsfulltrúa svolátandi tillögu:

„Samhliða því að skírskota til ályktunar síðasta Búnaðarþings um framhaldsnám við annanhvorn bændaskólann, vill Búnaðarþingið eindregið mæla með því, að næsta Alþingi samþykki frumvarp það til laga um breytingar á lögum um bændaskóla, er lá fyrir síðasta Alþingi.“ “

Nd. 36. Frumvarp til laga

um vinnudeilur.

Flm.: Thor Thors og Garðar Þorsteinsson.

I. KAFLI

Um vinnusamninga, verkföll (Strike) og verksvipting (Lockout).

1. gr.

Samninga milli verkalýðsfélags annarsvegar og vinnuveitenda eða vinnuveitendafélags hinsvegar um verkalaun og önnur vinnukjör skal gera skriflega, og skal getið samningstíma og uppsagnarfrests.

Nú er þess ekki getið í samningi, hversu lengi hann skuli vera í gildi, og telst hann þá gerður til þriggja ára.

Nú er samningi ekki sagt upp innan uppsagnarfrests, sem ákveðinn er í samningi, eða minnst þrem mánuðum fyrir lok samningstíma, ef enginn uppsagnarfrestur er settur, og telst samningur þá framlengdur um eitt ár í senn.

Uppsögn skal vera skrifleg í ábyrgðarbréfi eða með símskeyti.

2. gr.

Nú gera vinnuveitandi og verkamaður vinnusamning, sem er í ósamræmi við samning milli vinnuveitenda- og verkalýðsfélaga, sem þeir eru meðlimir í, og er þá slíkur samningur ógildur, enda sé samningurinn milli félaganna þess eðlis, að hann skuldbindi hvern einstakan meðlim þeirra.

3. gr.

Nú hafa vinnuveitendafélag og verkalýðsfélag gert samning, og er hann þá skuldbindandi fyrir hverja einstaka deild og hvern einstakan meðlim félaganna og deildanna, og hvílir sú skuldbinding á þeim áfram, þó úrsögn eða brottrekstur úr félagi eða deild þess fari fram, þangað til sá, sem segir sig úr eða er brottrekinn, segir samningnum upp fyrir sig eftir þeim reglum, sem gilda um uppsögn samningsins.

4. gr.

Verkalýðsfélög og vinnuveitendafélög bera ábyrgð á því, að deildir þeirra og einstakir meðlimir, svo og einstakir meðlimir deildanna, haldi samninga þá, sem ræðir um í 1. málsgr. 1. gr., og verður ekki samið gagnstætt þessu ákvæði. Þó ber félagið ekki ábyrgð á ólöglegri vinnustöðvun einstakra meðlima sinna, ef það sannar,

að það eigi ekki sjálft sök á vinnustöðvuninni, enda hafi það reynt til hins ýtrasta að hindra vinnustöðvunina og framhald hennar.

Félag hefir ávallt rétt til þess að víkja úr félaginu meðlim sínum meðan lögbrot hans stendur yfir og í eitt ár þar eftir, þó ekkert sé ákveðið um slíkt í félagslögunum, einnig að svipta meðlim á sama tímabili fjárstyrk, sem meðlimum annars er greiddur, þegar vinnustöðvun verður, svo framarlega sem félagsmaður hlýðir ekki skipun félagsstjórnar um það, að hætta ólöglegri vinnustöðvun. Sama er um afstöðu félags, sem er deild í víðtækara félagi, gagnvart aðalfélaginu.

5. gr.

Nú verður ágreiningur um gildi samnings, slíks sem ræðir um í 1. málsgr. 1. gr., eða hvernig beri að skilja hann, eða um kröfur, sem byggðar eru á gerðum samningi, og er þá bannað að neyta verkfalls eða verksviptingar til þess að fá skorið úr slíkum ágreiningi.

Hafi Vinnudómstóll Íslands úrskurðað, að brotið hafi verið gegn gerðum samningi eða vinnustöðvun sé gagnstæð ákvæðum 1. liðs þessarar greinar og liðnir eru fjórir dagar frá uppkvaðningu dómsins, án þess að dæmdi hafi bætt brot sitt, þá getur dómstóllinn veitt aðilja, sem málið vann, eða verkalýðs- eða vinnuveitendafélagi, sem hann er í, heimild til vinnustöðvunar, að undangengnum fundi með báðum aðiljum, en slík heimild veitir ekki gagnaðilja eða verkalýðs- eða vinnuveitendafélagi, þar sem hann er meðlimur, rétt til þess að framkvæma eða framhalda vinnustöðvun í sambandi við deiluna.

6. gr.

Nú liggur fyrir ágreiningur milli verkalýðsfélags og vinnuveitenda eða vinnuveitendafélags um launakjör, vinnuskilmála eða vinnumál yfir höfuð, án þess að fyrir liggi gildandi samningur, og er þá bannað að neyta vinnustöðvana til lausnar slíkra mála, nema fullnægt sé eftirgreindum skilyrðum:

a. Vinnustöðvun má, ef félag á í hlut, ekki fara fram nema samþykkt sé með minnst ¾ atkvæða greiddra á fundi, sem samkvæmt lögum hlutaðeigandi félagsskapar hefir fullveldi til þess að taka ákvarðanir um vinnustöðvanir slíkar, sem um er að ræða í hvert sinn.
b. Nú er fyrirhugað að leggja tillögu um vinnustöðvun fyrir fullvalda fund (sbr. a-lið), og skal þá tilkynna það gagnaðilja í sérstöku ábyrgðarbréfi, og má vinnustöðvun ekki byrja fyrr en liðnir eru 14 sólarhringar frá því að tilkynningarbréf var sett á póststöð.
c. Nú samþykkir fullvalda fundur tillögu um vinnustöðvun (sbr. b-lið), og skal þá tilkynna það gagnaðilja í sérstöku ábyrgðarbréfi, og má vinnustöðvun ekki byrja fyrr en liðnir eru 7 sólarhringar frá því að tilkynningarbréf var sett á póststöð.
d. Nú er verkalýðsfélag í Alþýðusambandi Íslands, en vinnuveitandi eða vinnuveitendafélag í Vinnuveitendafélagi Íslands, og skal þá senda tilkynningarbréf fyrir milligöngu þeirra aðalfélaga, og teljast frestir þeir, sem ræðir um í b- og c-lið, frá því að tilkynningarbréf eru sett á póst í Reykjavík.

Á því tímabili, þegar bönnuð er vinnustöðvun, skal farið eftir þeim vinnu- og kaupkjörum, sem voru í gildi þegar deila hófst, nema aðiljar komi sér saman um annað.

II. KAFLI
Um sáttatilraunir.

7. gr.

Atvinnumálaráðherra skal skipa einn ríkissáttasemjara og þrjá héraðssáttasemjara, sem skulu búsettir á Ísafirði, Akureyri og Seyðisfirði. Ákveður atvinnu-

málaráðherra sáttahéruð. Vinnudómstóll Íslands skal bera fram tillögu um skipun sáttasemjara. Nú eru fjórir dómendur hið fæsta, þar á meðal báðir dómendur tilnefndir af Vinnuveitendafélagi Íslands og Alþýðusambandi Íslands, á einu máli um tilnefning, og skulu þá þeir menn skipaðir, er þeir tilnefna. Atvinnumálaráðherra skal í nóvember það ár, sem kjörtími sáttasemjara er á enda, beiðast tillagna dómstólsins, sem skal senda þær fyrir 15. desember næstan eftir. Ella skipar atvinnumálaráðherra frjálst, með hliðsjón af framkomnum tillögum einstakra dómenda, sem honum kynnu að hafa borizt.

Á sama hátt skal skipa einn vararíkissáttasemjara og þrjá varahéraðssáttasemjara.

8. gr.

Eftir tillögu ríkissáttasemjara getur atvinnumálaráðherra skipað sérstaka sáttasemjara eða, ef mjög mikið liggur við, nefnd manna til þess að framkvæma sáttatilraunir í einstökum vinnudeilum.

9. gr.

Sáttasemjarar og varamenn þeirra skulu skipaðir til þriggja ára í senn, og miðast skipun þeirra við áramót. Atvinnumálaráðherra getur veitt sáttasemjara lausn frá starfanum eftir beiðni hans, ef ástæða þykir til.

Nú deyr sáttasemjari eða fær lausn frá starfi, og skal þá tafarlaust fara fram tilnefning og skipun nýs sáttasemjara, með þeim hætti, er að framan greinir, fyrir þann hluta, sem eftir er af kjörtíma þess, sem frá fór.

10. gr.

Ríkissáttasemjari er yfirmaður héraðssáttasemjara, og fær atvinnumálaráðherra sáttasemjurum erindisbréf, þar sem meðal annars sé ákveðin afstaða ríkissáttasemjara til héraðssáttasemjara.

11. gr.

Ríkissáttasemjara skal skylt að kynna sér nákvæmlega horfur og ástand atvinnulífsins, og einkum öll vinnukjör vinnusala, þ. e. lengd vinnutíma, launakjör, yfirvinnu, aðbúnað við vinnu og annað þess háttar. Sama skulu héraðssáttasemjarar gera í héruðum sínum. Héraðssáttasemjarar skulu tilkynna ríkissáttasemjara öll atvik, sem þeir telja, að geti raskað vinnufriði í héraðinu.

Sérhvert félag vinnuveitenda eða verkalýðs, er samning gerir við annað félag eða einstakan mann um vinnukjör, skal skylt að senda ríkissáttasemjara tafarlaust afrit af samningum og annað afrit til hlutaðeigandi héraðssáttasemjara.

Ríkissáttasemjari skal senda atvinnumálaráðuneytinu á missiri hverju skýrslu um starfsemi sína.

12. gr.

Nú fær ríkissáttasemjari vitneskju um, að samningar hafi ekki náðst um vinnumál í einhverju fyrirtæki eða atvinnugrein, og telur, að leitt geti til vinnustöðvunar, og getur hann þá krafið aðilja um skýrslu um tildrög deilunnar og alla aðstöðu að því er hana snertir, svo og um allar kröfur og tilboð, sem fram hafa komið.

Ríkissáttasemjari getur byrjað sáttatilraunir, þó honum hafi ekki verið tilkynnt samkvæmt 13. gr., að vinnustöðvun sé fyrirhuguð eða vinnustöðvun ekki byrjuð, ef hann telur það heppilegt, og sérstaklega þegar þess er óskað af vinnuveitendum eða verkalýðsfélögum.

Ríkissáttasemjari getur látið héraðssáttasemjara eða sérstaklega skipaðan sáttasemjara (sbr. 8. gr.) framkvæma rannsókn eða sáttatilraun samkvæmt framansögðu.

13. gr.

Nú ætlar vinnuveitandi eða vinnuveitendafélag að gera verksvipting eða verkalýðsfélag að gera verkfall út af ágreiningi um launakjör, vinnuskilmála eða vinnu-

mál yfir höfuð, án þess að fyrir liggi gildandi samningar eða aðstaðan að öðru leyti er þannig, að ágreiningurinn heyri ekki undir Vinnuðómstól Íslands, og skal þá strax tilkynna ríkissáttasemjara slíka fyrirætlun.

Tilkynning skal senda í símskeyti eða ábyrgðarbréfi, og skal þar skýrt frá því, hvert sé ágreiningsefni, við hvaða atvinnurekstur vinnustöðvun sé fyrirhuguð, til hve margra verkamanna við hvern atvinnurekstur fyrir sig hún muni ná, hvenær fyrirhugað sé, að vinnustöðvun byrji, og hvort byrjaðar séu samningsumleitanir milli aðilja, þeim fram haldið eða slitið.

Nú standa yfir samningaumleitanir þegar tilkynning fer fram, en þeim verður síðar slitið, og skal þá senda ríkissáttasemjara framhaldstilkynning þar um á sama hátt sem frumtilkynning.

Vinnuveitandi sá eða vinnuveitendafélag eða verkalýðsfélag, sem ætlar að gera vinnustöðvun, er ræðir um í 1. mgr., skal senda framangreindar tilkynningar, og sé sá aðili félagi í Vinnuveitendafélagi Íslands eða Alþýðusambandi Íslands, skal senda tilkynningu til þeirra, en þau aðalfélög senda hana áfram til ríkissáttasemjara.

Samtímis því, sem tilkynning er send ríkissáttasemjara, skal senda gagnaðilja eftirrit af henni á sama hátt sem fyrr er sagt um tilkynningarnar sjálfar.

14. gr.

Vinnustöðvun slíka, sem ræðir um í 13. gr., má aldrei gera fyrr en liðnir eru fjórir sólarhringar frá því að tilkynning kom í hendur ríkissáttasemjara um það, að samningaumleitanir milli aðilja (sbr. 13. gr. 2. mgr.) hafi ekki verið byrjaðar eða þeim verið slitið. Ber tilkynnanda að afla sér upplýsinga um það frá ríkissáttasemjara, hvenær tilkynning barst honum.

Þegar ríkissáttasemjara hefir borizt tilkynning um, að samningsumleitanir hafi ekki byrjað milli aðilja, eða þeim hafi verið slitið (sbr. 13. gr. 2. mgr.), eða honum verður á annan hátt kunnugt um, að samningsumleitunum hafi verið slitið, skal honum skylt að banna vinnustöðvun þar til sáttatilraun hafi farið fram og hún samkvæmt 23. gr. telst orðin árangurslaus, nema hann telji hina yfirvofandi vinnustöðvun mjög þýðingarlitla og enga hættu á því, að hún hafi aðrar vinnustöðvanir í för með sér. Bannið skal sent í ábyrgðarbréfi eða símskeyti þeim vinnuveitanda, vinnuveitendafélagi, verkalýðsfélagi eða aðalfélagi, sem hefir sent eða bar að hafa sent tilkynning um hina fyrirhuguðu vinnustöðvun, og jafnframt skal ríkissáttasemjari tilkynna gagnaðilja, að hann hafi gefið út bannið. Bannið er ógilt, ef ríkissáttasemjari sendir það ekki frá sér innan tveggja sólarhringa eftir að honum barst tilkynning um, að samningsumleitanir hafi ekki byrjað milli aðilja, eða að þeim hafi verið slitið.

Nú hefir sáttaumleitun farið fram samkvæmt því, sem segir í 12. gr. 2. mgr., og ræður þá ríkissáttasemjari, hvort hann gefur út bann samkvæmt 2. mgr. þessarar greinar.

Þegar aukin er fyrirhuguð vinnustöðvun frá því, sem fyrst er tilkynnt, skal fara um það sem ný vinnustöðvun væri.

15. gr.

Nú hefir ríkissáttasemjari bannað vinnustöðvun samkvæmt 14. gr. 2. mgr., og skal hann þá tafarlaust hefja sáttatilraunir. Ríkissáttasemjari getur þó falið héraðssáttasemjara að framkvæma sáttatilraunina. Svo getur hann og falið sérstaklega skipuðum sáttasemjara eða sérstaklega skipaðri nefnd manna (8. gr.) að framkvæma sáttatilraun í viðkomandi vinnudeilum.

Þó vinnustöðvun hafi ekki verið bönnuð, geta bæði ríkissáttasemjari og héraðssáttasemjarar hafið sáttatilraunir af sjálfsdáðum eða samkvæmt tilmælum annars aðilja.

Sáttasemjari ákveður stað og stund til sáttatilrauna, og má halda sáttafund utan sáttaumdæmis. Sáttasemjari kallar aðilja til sáttafunda á þann hátt, sem hann telur við eiga, eftir því sem á stendur í hvert sinn. Það er skylda að hlýða kvaðning sáttasemjara.

16. gr.

Aðiljar geta látið meðlimi þeirra félaga, er hlut eiga að máli, mæta fyrir sig við sáttatilraunir. Einnig starfsmenn þeirra, eigendur, stjórnendur eða starfsmenn einstakra fyrirtækja, sem eiga í deilu.

17. gr.

Sáttasemjari skal við sáttatilraun leita, á þann hátt, sem hann telur við eiga, allra nauðsynlegra upplýsinga út af deiluefni og reyna eftir mætti að koma á samkomulagi milli aðilja. Nú verður ágreiningur um staðreyndir, sem sáttasemjari telur hafa verulega þýðingu fyrir úrslit deilunnar, og hefir sáttasemjari þá rétt til að krefja aðilja skýrslu þar um. Verði aðiljar eigi við þeirri kröfu eða sáttasemjari telur skýrslur þeirra eigi fullnægjandi og að frekari upplýsingar séu nauðsynlegar, getur hann krafizt þess, að aðili láti fara fram vitnaleiðslu fyrir Vinnudómstól Íslands til upplýsingar málinu. Hefir hann rétt til að vera viðstaddur vitnaleiðslurnar og láta bera upp fyrir vitnunum þær spurningar, sem hann telur líklegar til að skýra málið.

Nú kemst á sátt við sáttatilraun, og skal sáttasemjari þá sjá um, að gerður sé samkvæmt henni skriflegur samningur milli aðilja.

Sáttatilraunir skulu fara fram fyrir luktum dyrum.

Sáttasemjari heldur gerðabók. Skal þar skráð, hvar og hvenær sáttatilraun fór fram, nafn sáttasemjara og aðilja, sem eru viðstaddir. Geta skal framlagðra skjala og þess, sem fram fer, í aðalatriðum. Komist sátt á, ber að skrá sáttina í gerðabókina, og rita aðiljar undir.

18. gr.

Sáttasemjari getur, hvenær sem hann telur henta, borið fram miðlunartillögu, en eigi má án hans samþykkis gera hana heyrinkunna meðan ekki er komið svar beggja aðilja, og ef félag á í hlut, getur hann ákveðið, að aðiljar megi ekki kynna sér tillöguna fyrr en á þeim fundi félagsins, þegar taka skal ákvörðun um tillöguna. Áður en sáttasemjari ber fram miðlunartillögu ber honum að ráðgast um hana við einn eða fleiri fulltrúa hvors aðilja, og ef aðiljar eru meðlimir í Vinnuveitendafélagi Íslands eða Alþýðusambandi Íslands, skal sáttasemjari einnig bera tillöguna undir þau félög eða umboðsmann þeirra. Sáttasemjari ákveður, hvenær aðiljar skuli taka ákvörðun um miðlunartillögu, en ráðgast um það við hlutaðeigendur.

19. gr.

Þá er miðlunartillaga er borin undir atkvæði í félagi vinnuveitenda eða verkamanna, skal hún borin fram eins og sáttasemjari hefir gengið frá henni, og ber við atkvæðagreiðslu að svara miðlunartillögunni játandi eða neitandi.

Atkvæðagreiðsla skal vera leynileg og skrifleg.

20. gr.

Þá er atkvæði hafa verið talin, er félaginu þegar skylt að tilkynna sáttasemjara, hversu mörg hafa orðið já og nei, og jafnframt hversu margir félagsmenn eru atkvæðisbærir. Þá er atkvæðagreiðsla á að fara fram, er félagi skylt, eftir því sem við verður komið, að sjá svo um, að sérhver atkvæðisbær félagsmaður fái að kynnast miðlunartillögunni í heild, þó þannig, að hlýtt sé fyrirmælum þeim, sem sáttasemjari kann að hafa gefið um leynd tillögunnar samkvæmt ákvæðum 18. greinar.

21. gr.

Miðlunartillaga sáttasemjara telst samþykkt nema neðangreind tala atkvæða hafi verið á móti henni:

minnst 50% greiddra atkv. þegar 75% atkvæðisbærra félaga hafa greitt atkv.
— 52— — — — minna en 75% en minnst 70% — — —
— 55— — — — — — 70— — — 65— — — —
— 57— — — — — — 65— — — 60— — — —
— 60— — — — — — 60— — — 55— — — —
— 62— — — — — — 55— — — 50— — — —
— 65— — — — — — 50— — — 45— — — —
— 67— — — — — — 45— — — 40— — — —
— 70— — — — — — 40— — — 35— — — —
— 72— — — — — — 35— — — 30— — — —
— 75— — — — — — 30— — — 25— — — —

Hafi færri en 25% atkvæðisbærra félaga greitt atkvæði, telst sáttatillaga samþykkt.

Auðir og ógildir atkvæðaseðlar teljast ekki með greiddum atkvæðum, og skal heldur eigi á annan hátt neitt tillit til þeirra tekið.

22. gr.

Nú telur sáttasemjari rétt, að deilur í fleiri en einni atvinnugrein séu útkljáðar í einu lagi, og getur hann þá ákveðið í miðlunartillögum viðvíkjandi þeim atvinnugreinum, að þær skuli teljast sem ein heild, og úrskurður um, hvort miðlunartillögurnar teljist samþykktar, fari eftir samanlögðum tölum greiddra atkvæða og atkvæðisbærra félaga í báðum eða öllum atvinnugreinum, sem teljast skulu heild í þessu efni.

Bannað er að birta atkvæðatölur fyrr en sáttasemjari hefir birt niðurstöðu atkvæðagreiðslu.

Ríkissáttasemjari getur ákveðið, að víkja megi að einhverju leyti frá framangreindum reglum, þegar um er að ræða sjómenn, sem eru á skipum í utanríkisferðum, þar með töldum fiskiskipum, sem veiða til sölu utanlands.

23. gr.

Nú eru liðnir tíu sólarhringar eða meira frá því að ríkissáttasemjari sendi frá sér bann (14. gr. 1. mgr.) eða framhaldsbann (14. gr. 4. mgr.) gegn vinnustöðvun, án þess að sáttatilraunir hafi tekizt, og getur þá hvor aðili krafizt þess, að sáttatilraunum skuli lokið, enda hafi hann ekki vanrækt skyldur sínar um hluttöku í sáttatilraunum með því að sækja eigi sáttafundi eða á annan hátt. Skal þá ljúka sáttatilraunum innan fjögra sólarhringa eftir að krafan kom í hendur sáttasemjara, sem með málið fer, og komist eigi á sætt innan þess tíma, telst sáttatilraun orðin árangurslaus (14. gr. 2. mgr.). Þetta er þó eigi því til fyrirstöðu, að sáttatilraunir séu hvenær sem er teknar upp aftur samkvæmt 15. gr. 2. mgr. Hafi sáttasemjari lagt fyrir aðilja úrslitatillögu, skal hún skráð í gerðabók hans.

Nú takast eigi sáttatilraunir, og getur þá ríkissáttasemjari eða héraðssáttasemjari, sem hefir haft málið til meðferðar, birt skýrslu um málið, ef hann telur það rétt.

24. gr.

Vilji annarhvor aðili samþykkja miðlunartillögu sáttasemjara eftir að sáttatilraunum hefir verið lokið og þær orðið árangurslausar, skal hann senda sáttasemjara hér að lútandi yfirlýsingu. Sáttasemjari sendir þá hinum aðilja eftirrit af slíkri yfirlýsingu, og vilji hann þá einnig fallast á sáttatillöguna, boðar sáttasemjari aðilja á fund til samningsgerðar.

25. gr.

Þó sáttatilraunum sé lokið, geta báðir aðiljar í sameiningu krafizt þess, að byrjað sé á þeim aftur, og líði mánuður frá því að sáttatilraunum var hætt, án þess að sátt hafi komizt á eða aðiljar beðið um að þær væru byrjaðar á ný, þá er það skylda sáttasemjara þess, sem farið hefir með málið, að skora á aðilja að hefja nýja samninga, enda geta bæði ríkissáttasemjari og nefndur sáttasemjari hvenær sem er beint slíkri áskorun til aðilja.

26. gr.

Bannað er að gefa út vottorð eða leiða vitni um það, hvað hvor aðili hefir borið fram eða lagt til, meðan á samningum stendur undir forystu sáttasemjara, nema því aðeins, að samþykki beggja aðilja komi til.

27. gr.

Laun sáttasemjara ákveður atvinnumálaráðherra, og skulu þau ásamt öðrum kostnaði við framkvæmd laga þessara greiðast úr ríkissjóði.

28. gr.

Brot gegn þessum kafla laganna varða sektum frá 5 til 2000 kr., sem renna í ríkissjóð, nema strangari hegning sé við lögð samkvæmt öðrum lögum. Með þessi mál skal farið sem almenn lögreglumál.

III. KAFLI
Um Vinnudómstól Íslands.

29. gr.

Setja skal á stofn vinnumáladómstól, er nefnist „Vinnudómstóll Íslands" og sé skipaður þannig:

Í dómnum eiga sæti fimm menn. Hæstiréttur útnefnir formann dómstólsins, varaformann, tvo aðaldómara og tvo varadómara, alla til þriggja ára í senn. Varadómarar taka í þeirri röð, sem þeir eru útnefndir, sæti aðaldómara í forföllum þeirra eftir ráðstöfun ritara dómstólsins. Stjórn Vinnuveitendafélags Íslands kýs einn aðaldómara og einn varadómara, og stjórn Alþýðusambands Íslands kýs einnig einn aðaldómara og einn varadómara. Taka varadómarar hvors félags sæti í dómstólnum í forföllum aðaldómara sama félags, og gerir aðaldómari ráðstöfun til þess að hlutaðeigandi varadómari mæti í forföllum hans.

Útnefning og kosning dómara skal fara fram þriðja hvert ár í októbermánuði, og gildir þrjú næstu almanaksár. Ritari dómstólsins hlutast til um framkvæmd þessa. Nú hafa stjórnir Vinnuveitendafélags Íslands og Alþýðusambands Íslands ekki tilkynnt ritara dómarakosning sína innan tveggja vikna eftir að ritari hefir sett á póst í Reykjavík ábyrgðarbréf til þeirra hér að lútandi, og skal ritari þá aftur skora á þær með ábyrgðarbréfi að framkvæma kosninguna innan viku, að viðlögðum missi réttar til dómarakosningar. Verði kosning þá samt eigi framkvæmd af hendi stjórnar annarshvors félagsins eða beggja og síðan tilkynnt ritara innan þriggja daga eftir kosning, skal ritari skrifa hæstarétti beiðni um að útnefna dómara og varadómara í hin auðu sæti, og gildir sú útnefning einnig fyrir þrjú næstu almanaksár.

Nú verður autt sæti formanns eða varaformanns, aðaldómara eða varadómara á kjörtímabili, og skal þá formaður eða varaformaður í forföllum hans þegar í stað gera ráðstafanir til þess, að fyllt verði í skarðið samkvæmt framangreindum reglum, en fresti alla í því efni setur dómstóllinn.

Dómarar víkja sæti eftir sömu reglum sem gilda almennt um hæstaréttardómara. Dómstóllinn úrskurðar sjálfur, hvort dómari skuli víkja sæti.

Dómarar, sem hafa byrjað meðferð máls, skulu ljúka því, þó kjörtími þeirra sé á enda.

Dómstóllinn er ekki starfhæfur nema allir dómarar, eða í forföllum þeirra varadómarar, séu mættir.

Áður en dómari tekur sæti í dómstólnum í fyrsta sinn, skal hann skriflega heita því, að viðlögðum drengskap, að hann framkvæmi dómarastörf sín eftir beztu vitund og samvizku.

30. gr.

Dómarar skulu hafa ríkisborgararétt hér á landi, vera 30 ára eða eldri, vera fjár síns ráðandi og hafa óflekkað mannorð. Formaður og varaformaður skulu auk þess fullnægja skilyrðum fyrir því að vera hæstaréttardómarar. Hinir tveir aðaldómarar og varadómarar, sem hæstarétti ber að útnefna, skulu fullnægja almennum dómaraskilyrðum.

Dómarar þeir, sem hæstiréttur útnefnir, mega ekki hafa þá aðstöðu, að þeir verði taldir vilhallir um málefni vinnuveitenda og verkalýðs.

31. gr.

Atvinnumálaráðherra skipar ritara dómstólsins og veitir honum lausn, hvorttveggja samkvæmt tillögu dómstólsins. Ritari skal hafa leyst af hendi embættispróf í lögum og fullnægja að öðru leyti almennum dómaraskilyrðum.

32. gr.

Allur kostnaður við dómstólinn skal greiddur úr ríkissjóði, að svo miklu leyti sem eigi kunna að nægja þær upphæðir, sem dómstóllinn dæmir málsaðilja til að greiða upp í kostnaðinn við dómhaldið. Dómstóllinn ákveður sjálfur þóknun til dómenda og ritara dómstólsins, svo og önnur útgjöld í þarfir dómstólsins.

33. gr.

Starfssvið vinnudómstólsins skal vera þetta:

I. Að dæma um þau mál, sem ræðir um í 5. gr., og veita heimild samkvæmt 2. mgr. sömu greinar.

II. Kæra má til dómstólsins þegar svo stendur á, sem hér segir á eftir, og með þeim afleiðingum, sem ræðir um í 34. gr., brot á samningum milli verkalýðsfélags annarsvegar og hinsvegar vinnuveitendafélags eða einstaklingsfyrirtækis, enda séu ekki gangstæð ákvæði í samningnum:

1. Þegar vinnuveitendafélag gerir sig sekt um háttalag, sem gengur á gerða samninga við verkalýðsfélag.
2. Þegar einn eða fleiri af meðlimum vinnuveitendafélags gerir eitthvað það, sem brýtur gegn samningi, er félagið hefir gert, og gengur þar með á rétt verkalýðsfélags eða einstakra meðlima þess samkvæmt samningnum.
3. Þegar verkalýðsfélag gerir sig sekt í háttalagi, sem brýtur gegn samningi þess við vinnuveitendafélag, eða meðlimir verkalýðsfélags gera eitthvað í sameiningu, sem er brot á slíkum samningi.

   Þegar svo stendur á sem segir í 1.—3. lið, getur félagið, þegar brot hefir verið framið gegn því eða meðlimum þess, kært brotið til dómstólsins með því að stefna hinu félaginu fyrir dómstólinn.
4. Þegar einkafyrirtæki hefir gert samning við verkalýðsfélag, geta einkafyrirtækið og verkalýðsfélagið kært hvort annað fyrir dómstólnum, þegar um er að ræða slík brot, sem nefnd eru í 1.—3. lið.
5. Þegar vinnuveitendafélag eða meðlimir þess, eða einstaklingsfyrirtæki, boða verksvipting (Lockout) gagnvart verkalýðsfélagi eða meðlimum þess, og hlutaðeigandi verklýðsfélag vill halda því fram, að verksviptingin, eða ófullnægðar kröfur, sem hún byggist á, séu gagnstæð gerðum samningum, þá

getur verkalýðsfélagið sent hlutaðeigandi vinnuveitendafélagi eða einstaklingsfyrirtæki mótmæli gegn lögmæti verksviptingarinnar í ábyrgðarbréfi, í síðasta lagi innan 5 daga, og er þá báðum aðiljum rétt að bera undir úrskurð dómstólsins, hvort verksviptingin geti talizt lögleg.

Eftir tilsvarandi reglum getur hvor aðili skotið til úrskurðar dómstólsins, hvort lögmætt sé verkfall, sem verkalýðsfélag eða einstakir meðlimir þess hafa boðað gegn vinnuveitendafélagi eða meðlimum þess eða einstaklingsfyrirtæki.

6. Nú hefir vinnuveitendafélag eða meðlimur þess eða einstaklingsfyrirtæki byrjað eða fram haldið verksvipting gagnvart verkalýðsfélagi eða meðlimum þess, og getur verkalýðsfélagið þá höfðað mál fyrir réttinum gegn vinnuveitendafélaginu eða einstaklingsfyrirtækinu, þegar verkalýðsfélagið telur verksviptinguna, eða ófullnægðar kröfur, sem hún er sprottin af, vera brot gegn gildandi samningum, löglega uppkveðnum gerðardómum eða dómum uppkveðnum af vinnudómstólnum.
7. Nú hefir verkalýðsfélag eða meðlimur þess á tilsvarandi hátt byrjað eða fram haldið verkfalli gegn vinnuveitendafélagi eða meðlim þess eða einstaklingsfyrirtæki, og getur vinnuveitendafélagið og einstaklingsfyrirtækið þá höfðað mál fyrir dómstólnum gegn verkalýðsfélaginu, ef vinnuveitendafélagið eða einstaklingsfyrirtækið telur verkfallið vera gagnstætt gildandi samningum, gerðardómum eða dómum vinnudómsins.

Önnur deilumál milli vinnuveitenda og verkamanna má einnig leggja undir úrskurð dómstólsins, þegar að minnsta kosti fjórir dómendur eru því samþykkir, enda sé svo um samið í almennum eða sérstökum samningi milli vinnuveitendafélags og verkalýðsfélags, eða milli einstaklingsfyrirtækis og verkalýðsfélags.

Nú er eitthvert slíkt félag, sem að framan greinir, eða einstaklingsfyrirtæki meðlimur í viðtækari félagsskap, og skal sá félagsskapur þá höfða málið af hendi stefnanda. Á sama hátt skal málið höfðað gegn hinum viðtækari félagsskap vegna stefnda.

34. gr.

Þegar svo stendur á sem segir í 33. gr. II. 1.—4. lið, úrskurðar vinnudómstóllinn, hvort brotið hafi verið gegn gerðum samningum, og hvort ákvörðun, sem tekin hefir verið og kært er yfir, telst ógild sem gagnstæð samningi. Má þá dæma þann eða þá, sem bera ábyrgð á kæruefni, til greiðslu sektabóta, sem renna til þess, er tjón hefir beðið, en sé ekki eða að svo miklu leyti sem ekki er um tjón að ræða, greiðast sektabætur stefnanda málsins. Sektabætur má innheimta sem fjárkröfur á venjulegan hátt, en um afplánun skal eigi vera að ræða.

Nú er samningsrof fólgið í vangreiðslu peningaupphæðar, og má þá dæma til greiðslu upphæðarinnar ásamt greiðslu ómaksbóta vegna málssóknar, í stað sektabóta.

Þegar tjón hefir orðið, skal ákveða upphæð sektabóta með hliðsjón af því, hve mikið tjónið er, en þó taka hæfilegt tillit til þess, að hve miklu leyti brot getur talizt afsakanlegt að því er hinn brotlega snertir. Sektabætur má einnig fella alveg niður, ef mjög miklar málsbætur eru fyrir hendi, og sektabætur vegna ólöglegrar vinnustöðvunar skulu niður falla, þegar sá, sem fyrir vinnustöðvun verður, hefir með samningsrofi gefið nægilegt tilefni til vinnustöðvunarinnar.

Til hækkunar sektabóta skal sérstaklega meta, ef hinn brotlegi hefir neitað að láta útkljá mál með gerðardómi, þrátt fyrir þar um gerðan samning, eða hafi hann brotið gegn annaðhvort löglega uppkveðnum gerðardómi eða dómi vinnudómstóls þess, sem ræðir um í lögum þessum.

Þegar ákveðin er upphæð sektabóta, skal taka tillit til kostnaðar þess aðilja, sem sektabætur eru tildæmdar, við höfðun og rekstur málsins.

Þegar svo stendur á sem segir í 33. gr. II. 6. og 7. lið, má dæma þann eða þá, sem bera ábyrgð á broti, til greiðslu sektabóta, samkvæmt reglum þeim, sem settar

eru í 1.—5. mgr. hér að framan. Nú liggur fyrir, að dómstóllinn dæmi bæði um það, hvort vinnustöðvun sé ólögleg og um greiðslu sektabóta, og getur dómstóllinn þá dæmt fyrr, og sérstaklega um fyrra atriðið, ef það telst muni taka mun lengri tíma að komast að niðurstöðu um sektabæturnar.

Þegar svo stendur á sem segir í 33. gr. I. og II., 7. lið, 2. mgr., má einnig höfða mál fyrir vinnudómstólnum til greiðslu sektabóta eftir reglum þeim, sem settar eru í þessari grein.

35. gr.

Þegar svo stendur á, að rétt er að höfða mál fyrir vinnudómstólnum, má ekki flytja slík mál fyrir hinum almennu dómstólum landsins. Þó á hver einstakur verkamaður rétt á því að höfða mál fyrir hinum almennu dómstólum til greiðslu verkalauna, nema verkalýðsfélag, sem hann er félagi í, hafi fyrir hönd verkamannsins fallið frá slíkum rétti í máli, sem rekið er fyrir vinnudómstólnum.

36. gr.

Dómstóllinn skal halda dómþing í Reykjavík, nema formaður telji hentugt eða nauðsynlegt að halda þau annarsstaðar í einstökum málum, eða út af aðiljaskýrslum, vitnaleiðslum, skoðunar- og matsgerðum (sbr. 48., 53. og 54. gr.).

Formaður dómstólsins ákveður, hvenær dómþing skuli halda.

Ritari dómstólsins heldur þingbók, dómabók og aðrar bækur, eftir nánari fyrirmælum dómstólsins og samkvæmt því, sem venja er til um almenna dómstóla landsins.

Í forföllum formanns gegnir varaformaður störfum hans.

37. gr.

Mál skal höfða þannig, að stefnandi afhendir ritara dómstólsins stefnu með sjö eftirritum. Séu fleiri en einn stefndir, skal auk þess fylgja eftirrit handa hverjum þeirra.

Í stefnu skal rita:

a. nöfn og heimilisfang stefnanda og stefnda,
b. ýtarlega frásögn um alla málavexti og kröfur stefnanda,
c. skýrslu um skjöl þau og önnur sannanagögn, sem stefnandi vill nota sér til stuðnings, hvernig hann vilji afla þeirra og til hvers hann ætli að nota þau, enda fylgi stefnu öll slík skjöl, er stefnandi þegar hefir handbær, og jafnmörg eftirrit sem af stefnunni,
d. skýrslu um þau sannanagögn, sem stefnandi vill skora á stefnda að koma fram með, eða hann óskar að dómstóllinn aðstoði um útvegun á,
e. tillögur um það, hvenær og hvar dómþing skuli halda í málinu.

Nú telur formaður dómstólsins stefnu vera í einhverju ábótavant, og leiðir hann þá athygli stefnanda að því sem fyrst og stýður að því, að úr verði bætt.

Stefnu skal fylgja skýrsla um samningsumleitanir þær, sem farið hafa fram milli aðilja út af sakarefninu, eða sannanir fyrir því, að slíkar samningsumleitanir hafi árangurslaust verið reyndar af hendi stefnanda. Skorti slíkar sannanir, bendir formaður dómstólsins stefnanda á, að málið verði ekki tekið fyrir nema upplýst sé, að stefnandi hafi árangurslaust reynt að ná samkomulagi um ágreiningsatriðin.

38. gr.

Þegar formaður dómstólsins telur fullnægjandi stefnu þá, sem stefnandi hefir afhent, og telur nægar sönnur færðar á, að aðiljar hafi reynt að semja um málið, eða stefnandi reynt samninga árangurslaust, sendir formaður tafarlaust eftirrit af stefnunni til stefnda ásamt eftirritum skjala, sem ræðir um í 37. gr. c.

Jafnframt skorar hann skriflega á stefnda að senda dómstólnum innan tiltekins tíma varnarskjal með jafnmörgum eftirritum sem fyrr segir um stefnur, og bera þar

fram kröfur sínar og skýrslu um þau atriði af hans hendi, er ræðir um í 37. gr. c. og d. hér að framan.

39. gr.

Þegar formanni hefir borizt svar stefnda eða liðinn er frestur sá, sem stefnda var settur, ákveður formaður, hvar og hvenær skuli dómþing halda, og skal flýta því svo sem unnt er. Þó getur formaður, þegar alveg sérstaklega stendur á, leyft aðiljum frekari skrif um málið, áður en dómþing er ákveðið.

40. gr.

Ritari dómstólsins tilkynnir dómurum dómþingið, og skal einnig tilkynna það varamanni, ef ritari telur þess muni þörf. Jafnframt sendir ritari hverjum dómara eitt eftirrit af stefnunni og öðrum fyrrgreindum skjölum, sem aðiljar senda dómstólnum.

41. gr.

Formaður ákveður stefnufrest fyrir málsaðilja, og má hann ekki vera styttri en tveir sólarhringar auk þess tíma, sem ferðalög þeirra til dómþingsstaðar sennilega muni taka. Ritari tilkynnir málsaðiljum dómþingið, og hafi stefndi sent varnarskjal, skal það jafnframt sent stefnanda. Tilkynning til málsaðilja skulu stefnuvottar birta, nema hún sé send í símskeyti, sem afhendist aðilja sjálfum.

Samkvæmt fyrirlagi formanns stefnir ritari, með stefnu birtri af stefnuvottum eða með símskeyti, vitnum, sérfróðum mönnum og öðrum, sem formanni virðist þurfa að leita hjá upplýsinga um málið. Skal þeim birt fyrirkall með kvöldfresti, auk þess tíma, sem ætla má, að þurfi til ferðalags.

Formaður stýrir þinghaldi.

42. gr.

Sókn máls og vörn fyrir vinnudómstólnum skal að öðru leyti en því, sem að framan segir, munnleg vera. Formanni er rétt að heimta það, að málflytjandi haldi sér við efnið, og hefta það, að ræður verði langar úr hófi fram.

Mál skal þó flytja skriflega:

a. ef stefndur sækir eigi þing, og
b. ef báðir aðiljar eða umboðsmenn þeirra óska þess, enda telji dómstóllinn sérstaka ástæðu til þess, sakir þess að mál er svo margbrotið.

43. gr.

Heimilt er aðiljum að fela hverjum sem vera skal flutning máls. Nú vill aðili fela fleirum en einum flutning máls, og úrskurðar þá dómstóllinn, hvort það skuli leyft.

44. gr.

Dómstóllinn ákveður, hvort veita skuli öðrum en aðiljum og umboðsmönnum þeirra leyfi til þess að vera viðstaddir þinghaldið. Nú er þinghald fyrir luktum dyrum, og er þá öllum viðstöddum bannað að segja frá því, sem gerzt hefir þar, nema leyfi dómstólsins komi til, að viðlögðum sektum, sem dómstóllinn ákveður í hvert sinn eftir málavöxtum.

Dómstóllinn hefir sjálfstæða skyldu til þess að stýðja að því, að mál verði sem bezt upplýst.

45. gr.

Málsmeðferð hefur með að stefna er fram lögð og lesin upp. Síðan heldur stefnandi sóknarræðu sína, leggur fram skjöl og gerir réttarkröfur sínar. Þá svarar stefndur, ef hann vill, og leggur fram skjöl af sinni hálfu. Eigi skal hvor aðilja oftar tala en tvisvar, og þegar mál er skriflega flutt, er rétt að sókn og vörn sé tvisvar flutt, og ákveður dómstóllinn frest til þess.

Yfirlýsingar aðilja um málsatvik, sem eigi liggja fyrir í skjölum málsins, getur

formaður dómstólsins látið bóka í þingbók að efni til í aðalatriðum, en lesa skal hið bókaða og fá samþykki aðilja.

Þegar munnlegum málflutningi er lokið, skal innfæra í þingbókina kröfur aðilja, nema að því leyti, sem vísað er til stefnu eða kröfur lagðar fram skriflega.

46. gr.

Dómstóllinn ákveður, hvort formatriði skuli úrskurðað sérstaklega eða í sambandi við efnishlið málsins.

Stefndi getur gert gagnkröfur án þess að til þess þurfi gagnsóknarmál.

47. gr.

Nú leggur stefnandi fram skjöl önnur en þau, sem nefnd eru í stefnu, eða dómstóllinn telur framlögð skjöl þess eðlis, að aðili þurfi frest til andsvara eða til að útvega ný skjöl, eða ræður aðilja gefa tilefni til útvegana nýrra skjala, og getur dómstóllinn þá veitt hæfilegan frest á meðferð málsins.

Venjulega skulu aðiljar kynna sér framlögð skjöl á dómþingi, og ber að veita þeim nægilegt svigrúm í því efni. Telji dómstóllinn þetta ekki nægilegt, skal málinu frestað, ef aðili krefst þess.

Nú telur dómstóllinn eða aðili, að nauðsyn sé frekari upplýsinga í málinu með aðiljaskýrslu, vitnum, útnefning skoðunar- og matsmanna eða á annan hátt, og getur dómstóllinn þá úrskurðað að fresta málinu svo sem með þarf.

48. gr.

Dómstóllinn getur með eða án kröfu annars aðilja úrskurðað, að aðili skuli, með þeim fyrirvara, sem dómstóllinn ákveður, mæta sjálfur fyrir dómstólnum til þess að gefa aðiljaskýrslu með því að svara spurningum dómstólsins sjálfs eða gagnaðilja viðvíkjandi hverju því atriði, sem dómstóllinn telur hafa þýðingu fyrir úrslit málsins. Formaður úrskurðar, hvort spurningar skuli vera skriflegar. Auk þess hefir aðili sjálfur rétt til að gefa sérstaka aðiljaskýrslu fyrir dómstólnum, nema hann úrskurði, að slík skýrsla sé þýðingarlaus fyrir málið.

Dómstóllinn getur úrskurðað, að sá aðili, sem á hvílir sannanaskylda, megi staðfesta aðiljaskýrslu sína með eiði, eða að gagnaðili synji með eiði fyrir það, að rétt sé borið fram gegn honum.

Aðiljar mega aðeins vinna eið að staðreyndum, sem þeim eru persónulega kunnar.

49. gr.

Dómstóllinn má ákveða, að aðiljaskýrsla fari fram fyrir héraðsdómi á varnarþingi hlutaðeiganda. Annars eru aðiljar skyldir að mæta fyrir dómstólnum sjálfum, eftir þeim reglum, sem hér skal greina:

Þeir, sem búsettir eru í Reykjavík, Hafnarfirði, Gullbringu- og Kjósarsýslu, Árnessýslu, Rangárvallasýslu, Vestur-Skaftafellssýslu, Mýra- og Borgarfjarðarsýslu, Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu og Dalasýslu, skulu mæta til þinghalds í Reykjavík.

Þeir, sem búsettir eru í Barðastrandarsýslu, Vestur-Ísafjarðarsýslu, Ísafirði og Norður-Ísafjarðarsýslu, skulu mæta til þinghalds á Ísafirði.

Þeir, sem búsettir eru í Strandasýslu, Húnavatnssýslu og Skagafjarðarsýslu, skulu mæta til þinghalds á Blönduósi.

Þeir, sem búsettir eru í Eyjafjarðarsýslu, Siglufirði, Akureyri, Suður-Þingeyjarsýslu og Norður-Þingeyjarsýslu, skulu mæta til þinghalds á Akureyri.

Þeir, sem búsettir eru í Norður-Múlasýslu, Seyðisfirði, Neskaupstað, Suður-Múlasýslu og Austur-Skaftafellssýslu, skulu mæta til þinghalds á Seyðisfirði.

50. gr.

Nú kemur aðili ekki til þinghalds til þess að gefa aðiljaskýrslu, þó ekki séu að dómi dómstólsins lögleg forföll, eða aðiljaskýrsla er óljós eða af öðrum ástæðum

ófullnægjandi, og getur dómstóllinn þá lagt skýrslu gagnaðilja til grundvallar um atvik málsins.

51. gr.

Ákvæði laga um framburð vitna gilda, eftir því sem við á, um aðiljaskýrslur, þar á meðal um skyldu til að svara spurningum og um hegningarákvæði viðvíkjandi röngum framburði fyrir rétti.

52. gr.

Þegar félag sækir mál vegna deildar í félaginu eða einstaklingsfyrirtækis, eða félag er sótt vegna deildar í því eða einstaklingsfyrirtækis, gilda framanritaðar reglur um aðiljaskýrslur og aðiljaeið um þá, sem málið er flutt fyrir.

53. gr.

Dómstóllinn getur kallað menn til þess að bera vitni fyrir dómstólnum, og aðiljar eiga rétt á að stefna mönnum þangað til þess að bera þar vitni sem fyrir hina almennu dómstóla landsins. Dómstóllinn eiðfestir vitni, þegar hann telur það rétt, eða samkvæmt kröfu aðilja. Gilda almennar reglur um vitnaskyldu, trúverðugleik vitna, vitnaleiðslurnar sjálfar og hegningarákvæði um rangan framburð.

Dómstóllinn getur ákveðið, að vitnaleiðsla fari fram á varnarþingi vitnis fyrir héraðsdómara. En annars eru vitni skyld að mæta fyrir dómstólnum sjálfum samkvæmt því, er segir í 49. gr. um skyldu aðilja til móts vegna aðiljaskýrslu.

54. gr.

Dómstóllinn getur framkvæmt skoðunar- og matsgerðir, annaðhvort allir dómendur eða einhverjir þeirra eftir ákvörðun dómstólsins. Ennfremur getur dómstóllinn, með eða án kröfu aðilja, útnefnt skoðunar- og matsmenn án tillits til heimilisfestu, en þar um gilda að öðru leyti almennar reglur, þó þannig, að skylda útnefndra manna til þess að mæta fyrir dómstólnum sjálfum ákveðst svo sem segir í 49. gr. um aðilja að því er aðiljaskýrslur snertir, enda getur dómstóllinn ákveðið, að héraðsdómur taki við skýrslum hinna útnefndu manna.

55. gr.

Stefnur til aðilja, vitna og annara skal birta á venjulegan hátt, nema þegar um símskeyti er að ræða, því þá nægir afhending þess samkvæmt reglum símastjórnar. Formaður dómstólsins ákveður stefnufrest í hvert sinn, sbr. þó ákvæði 41. gr. Stefnufrests skal getið í stefnunni.

Aðiljar eru skyldir til þess að mæta eða láta mæta til þinghalds í Reykjavík, nema um aðiljaskýrslu sé að ræða, því þá fer eftir því, sem segir í 49. gr. En auk þess eru aðiljar skyldir til, þegar eigi er um aðiljaskýrslu að ræða, að mæta til þinghalds samkvæmt þar settum reglum.

56. gr.

Dómstóllinn úrskurðar, hverja þóknun skuli greiða vitnum, skoðunar- og matsmönnum, og ber þar að fara eftir því, hvernig á stendur í hvert sinn, með það fyrir augum, að menn verði skaðlausir.

57. gr.

Formaður dómstólsins úrskurðar ágreiningsatriði, sem koma fram við aðiljaskýrslur, vitnaleiðslur eða við staðfesting skoðunar- og matsgerða.

58. gr.

Nú mæta eigi vitni, skoðunar- og matsmenn eða aðrir, sem löglega eru kallaðir fyrir dómstólinn, og lögmæt forföll eigi sönnuð, eða þeir neita að svara spurningum, vinna eið eða drengskaparheit, eða þeir fara úr þinghaldi án leyfis dómstólsins áður

en því er lokið, og getur dómstóllinn þá í hvert sinn, sem slíkt skeður, úrskurðað sektir á hendur þeim og að þeir skuli greiða aukakostnað, sem þeir hafa orsakað við meðferð málsins. Sama er um það, þegar útnefndir skoðunar- eða matsmenn neita að ástæðulausu, að áliti dómstólsins, að framkvæma gerðir þær, sem þeir hafa verið útnefndir til, eða vanrækja skyldur sínar í því efni.

59. gr.

Dómstóllinn skal styðja að því, að haldnir séu samningar, sem aðiljar hafa gert um gerðardóma. Nú telur dómstóllinn, að málið í heild heyri undir sérgreinargerðardóm, og vísar hann þá málinu frá dómi. Þó getur dómstóllinn, þegar svo stendur á, dæmt mál sjálfur, ef telja má óframkvæmanlegt eða mjög erfitt og tafsamt, að sérgreinargerðardómur geri út um málið, eða ef báðir aðiljar óska þess, að dómstóllinn dæmi málið.

Nú heyrir mál að nokkru leyti undir sérgreinargerðardóm, og getur dómstóllinn þá frestað uppkvaðning dóms þar til úrskurður gerðardóms liggur fyrir. Dómstóllinn getur snúið sér beint til gerðardóma hinna ýmsu atvinnugreina til þess að fá upplýsingar, þegar liggur fyrir ágreiningur sérgreinarlegs efnis, og hann getur, þegar hann telur þess þörf, kallað sérfróða menn sér til aðstoðar, og hafa þeir rétt til þess að láta uppi skoðanir sínar við meðferð málsins, en þeir skulu, eftir því sem við verður komið, vera jafnmargir frá hlið hvors aðilja. Dómstóllinn getur ákveðið, að hinir sérfróðu menn skuli vera viðstaddir atkvæðagreiðslu dómaranna.

60. gr.

Dómstóllinn úrskurðar, ef ágreiningur verður, hvort félag geti talizt vinnuveitendafélag eða verkalýðsfélag samkvæmt lögum þessum.

Nú telur dómstóllinn, að vinnuveitenda- eða verkalýðsfélag, sem stefnir eða er stefnt í máli, sé svo þýðingarlítið, að gagn það, sem megi verða að því, að dómstóllinn dæmi málið, sé svo óverulegt, að kostnaður og fyrirhöfn við málið beri það mjög ofurliði, og má dómstóllinn þá vísa málinu frá dómi, og telst málið þá heyra undir almenna dómstóla. Slíkum frávísunardómi verður ekki áfrýjað.

61. gr.

Dómstóllinn ákveður sektir fyrir vítaverða framkomu aðilja, málflytjenda og annara fyrir dómi, hvort heldur er skriflega eða munnlega, eftir sömu reglum sem hinir almennu dómstólar, og skulu allar slíkar sektir renna í ríkissjóð. Eins má vísa mönnum burt úr þinghaldi vegna ósæmilegrar framkomu.

62. gr.

Við meðferð mála fyrir dómstólnum skal engin réttargjöld greiða til ríkissjóðs, og nær þetta einnig til vitnaleiðslna og annara réttargerða í sambandi við mál, sem rekin eru fyrir dómstólnum, þó framkvæmd séu fyrir hinum almennu dómstólum landsins. En dómstóllinn getur í dómum sínum og úrskurðum ákveðið, að annarhvor aðilja eða báðir — og þá í hvaða hlutföllum — skuli borga í ríkissjóð tiltekna upphæð til greiðslu kostnaðar við meðferð málsins að öllu eða nokkru leyti.

Dómstóllinn getur með úrskurðum sínum og dómum dæmt aðilja til þess að greiða gagnaðilja málskostnað eftir sömu reglum sem almennir dómstólar.

63. gr.

Hjá dómstólnum ræður afl atkvæða úrslitum, nema öðruvísi sé ákveðið í lögum þessum. Dóma og úrskurði skal kveða upp svo fljótt sem unnt er, og ef aðiljar eru ekki viðstaddir, skal tafarlaust senda þeim í ábyrgðarbréfi eftirrit af úrskurðum og dómum. Nú líða meira en 3 dagar frá því að dómstóllinn hefir tekið mál undir úrskurð eða dóm, án þess að úrskurður eða dómur sé uppkveðinn, og skal þá tilgreina þar ástæður til dráttarins.

Nú eru gallar á dómi sakir ritvillu, reikningsskekkju eða annars slíks, eða dómur hefir orðið óskýr að niðurstöðu, og getur dómstóllinn þá, þegar aðili krefst þess innan tveggja vikna frá uppkvaðning dóms, úrskurðað, að málið skuli tekið upp aftur og í því uppkveðinn nýr úrskurður eða dómur. Um kostnað út af beiðni um endurupptöku máls fer sem segir í 62. gr.

64. gr.

Úrskurði eða dómi um frávísun máls má áfrýja til hæstaréttar innan mánaðar frá uppkvaðning, sbr. þó 60. gr.

Aðrir en þeir, sem eru aðiljar máls, geta áfrýjað til hæstaréttar úrskurðum, sem skyldar þá til þess að bera vitni, framkvæma skoðunar- og matsgerðir eða gera annað til upplýsingar málum, svo og til að vinna eið, eða til þess að greiða sektir. Sama er um aðilja að því er snertir dóma til sektargreiðslu.

Áfrýjunarfrestur er ein vika frá birting úrskurðar eða dóms.

Dómum vinnudómstólsins má áfrýja til hæstaréttar til ónýtingar sakir þess að málið hafi eigi heyrt undir dómsvald dómstólsins, og er þá áfrýjunarfrestur einn mánuður frá uppkvaðning.

Aðrir úrskurðir og dómar dómstólsins en þeir, sem ræðir um í 1.—3. lið þessarar greinar, eru endanlegir og verður ekki áfrýjað. Eru þeir aðfararhæfir, en dómstóllinn ákveður aðfararfrest.

65. gr.

Dómsgerðir dómstólsins skal gefa út í nafni hans og með innsigli hans og nafn formanns undir.

Ritari dómstólsins undirritar dómseftirrit og önnur endurrit úr bókum eða skjölum dómsins.

Ritlaun skal greiða samkvæmt venjulegum reglum.

66. gr.

Að því leyti, sem eigi eru fyrirmæli í lögum þessum um einhver atriði viðvíkjandi meðferð málanna, skal dómstóllinn sjálfur ákveða, hvernig að skuli fara, og hafa í því efni hliðsjón af gildandi lögum um almenna dómstóla, en það er skylda dómstólsins að hraða meðferð mála svo sem frekast er unnt án réttarmissis aðilja.

IV. KAFLI

Ýms ákvæði.

67. gr.

Lög nr. 55 27. júní 1925, um sáttatilraunir í vinnudeilum, eru úr gildi felld.

68. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Greinargerð.

Frv. þetta var borið fram á síðasta Alþingi, og fylgdu því þá svo hljóðandi almennar athugasemdir:

„Frá síðustu aldamótum hafa meiri breytingar orðið í atvinnulífi voru Íslendinga en á öllum fyrri öldum í lífi þjóðarinnar. Upp úr aldamótunum taka landsmenn að eignast þau tæki til framleiðslu sjávarafurða, sem stórvirkust eru, og við það verður sú bylting í þjóðlífinu, að stóriðja skapast til sjávar. Hinn aukni fengur,

sem nú verður dreginn á land, fær þjóðinni nýtt fjármagn, sem verður undirstaða margskonar verklegra framfara og breyttra viðfangsefna mikils fjölda landsmanna. Það kemst rót á þjóðlífið og þungamiðja atvinnulífsins færist úr sveitum landsins til sjávarins. Fólksstraumurinn úr sveitunum til sjávarins, til fljótfengnara fjár, hefst og fer stöðugt vaxandi. Afleiðingin verður sú, að kaupstaðir landsins og sjávarþorp stækka óðfluga og verkaskipting manna verður greinileg. Stéttaskipting hefst í þjóðfélaginu. Aðiljar framleiðslunnar verða tveir, annarsvegar atvinnurekendurnir, er ráða yfir framleiðslutækjunum, hinsvegar verkamennirnir, er lifa á vinnu sinni. Og hér á landi, eins og um gervallan heim, skapast hagsmuna-ágreiningur milli þessara aðilja. Deilur rísa um skipting arðsins, og leiða oft til vinnustöðvana, oftast til tjóns fyrir báða aðilja og ætíð á kostnað þjóðfélagsins í heild. Þess vegna ber ríkisvaldinu að láta þessi mál til sína taka og skipa þeim með lögum, sem öðrum mikilvægum þjóðfélagsmálum, þó á þann hátt, að réttur þessara aðilja til að ráða málum sínum og gæta hagsmuna sinna sé viðurkenndur með því fororði einu, að sjónarmið þjóðfélagsins séu ofar öllu öðru í þjóðfélaginu.

Vegna þess, hversu skammt er liðið frá því, að fyrrnefnd atvinnuþróun varð hér á landi, er eðlilegt, að íslenzk löggjöf sé enn fábreytt og frumstæð um vinnumálefni, enda erum vér nú orðnir langt á eftir nágrannaþjóðum vorum í þessum efnum. Nú er því fyllsta þörf að hefjast handa, eigi eingöngu vegna atvinnuhátta sjávarútvegs, heldur einnig vegna breyttra hátta í verzlunarrekstri og vaxandi iðnaðar.

Einasti vísir íslenzkrar löggjafar í þessum málum eru lög nr. 55 27. júní 1925, um sáttatilraunir í vinnudeilum. Voru þau lög sett með góðu samkomulagi beggja aðalaðilja þessara deilumála. Væri mjög æskilegt, að svo mætti einnig verða um þetta frv., og er þess að vænta, þar eð það hefir eigi inni að halda önnur ákvæði en þau, sem allir stjórnmálaflokkar í nágrannalöndum vorum hafa sameiginlega lögfest eða látið haldast í gildi.

Þegar þessum málum skal skipa með lögum hér á landi, er það eðlilegast, að við lítum á aðgerðir hinna Norðurlandaþjóðanna og hagnýtum okkur reynslu þeirra á þessu sviði löggjafarinnar, svo sem vér höfum gert á nær því öllum öðrum sviðum hennar. En þær hafa nú allar lögfest þessi mál, og fylgir löggjöf þeirra sem fylgiskjöl með þessu frv., og er nánar skýrt frá efni hennar við athugasemdir um ýmsa kafla frv. Aðeins skal þess getið hér, að Danir hafa að verulegu leyti leyst þessi vandamál án löggjafar. Þar tókst svo giftusamlega til, að vinnuveitendur og verkamenn gerðu, eftir langvinnar deilur, sætt með sér, 5. september 1899, þar sem þeir viðurkenna hvorir aðra og setja ákveðnar reglur fyrir ákvörðun vinnustöðvunar. Hefir samkomulag þetta, sem nefnt er septembersættin og fylgir hér sem fylgiskjal I, haldizt fram á þennan dag og haft heillavænleg áhrif á atvinnulífið.

Mál þetta á sér langan aðdraganda hér á landi og hefir fengið allrækilegan undirbúning. Það hefir verið vandlega rætt í Vinnuveitendafélagi Íslands, sem í aðalatriðum er því samþykkt. Alþýðusamband Íslands hefir einnig fjallað um málið, en ekki ennþá tekið afstöðu til þess, svo að vitað sé. En þar eð frv. þetta gætir í hvívetna réttar verkamanna engu síður en vinnuveitenda, þykir rétt að gera ráð fyrir, að Alþýðusambandið beiti sér ekki gegn málinu, og vilja flm. frv. að sjálfsögðu taka til athugunar sérhverjar þær breytingar, er aðiljar málsins vilja bera fram.

Aðalefni þessa frv. er þetta:

1) Vinnuveitendur og verkamenn og félög þeirra eru viðurkenndir jafnréttháir aðiljar.
2) Ákveðnar reglur eru settar fyrir ákvörðun verksviptingar og verkfalls.
3) Ákvæðin um sáttatilraunir í vinnudeilum eru aukin, og skylda og vald sáttasemjara skerpt frá því, sem nú er.
4) Stofnaður er Vinnudómstóll Íslands, er sker úr öllum ágreiningi út af samningum vinnuveitenda og verkamanna.

Réttur verkamanna til að beita verkfalli og vinnuveitenda til verksviptingar, til

að knýja fram kröfur þeirra, er látinn haldast að höfuðefni, en skyldur þjóðfélagsins til að hindra slík örþrifaráð eru auknar og vald þess yfir þessum málum tryggt nokkuð."

Að öðru leyti er vísað til greinargerðar um kafla frv. og einstakar greinar þess, er því fylgdi í fyrra, svo og fskj. I—IX. (Sjá þskj. 72 1936).

Nd. 37. Frumvarp til laga

um sölu kirkjujarðarinnar Sanda í Þingeyrarhreppi.

Flm.: Ásgeir Ásgeirsson.

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að selja Þingeyrarhreppi kirkjujörðina Sanda í Þingeyrarhreppi í Vestur-Ísafjarðarsýslu.

2. gr.

Kaupverðið greiðist eins og venja er til, þá er kirkjujarðir eru seldar.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Hreppsnefnd Þingeyrarhrepps hefir farið þess á leit að fá keypta jörðina Sanda til afnota og ræktunar fyrir þorpsbúa. Samningar um kaupin hafa tekizt með hreppsnefnd og ríkisstjórn, og er hér farið fram á heimild Alþingis til, að salan megi fara fram.

Nd. 38. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 68 28. des. 1934, um útvarpsrekstur ríkisins.

Flm.: Thor Thors, Garðar Þorsteinsson, Gísli Sveinsson.

1. gr.

2. málsgr. 3. gr. laganna orðist svo:

Kennslumálaráðherra skipar ennfremur aðra starfsmenn við ríkisútvarpið og ákveður laun þeirra, í samræmi við launakjör annara sviþaðra starfsmanna ríkisins, að fengnum tillögum útvarpsstjóra. Þó skulu þeir fastráðnir starfsmenn, sem vinna listræn störf, fræðslu- og fréttastörf við útvarpið, valdir eftir tillögum útvarpsráðs.

2. gr.

4. gr. laganna orðist svo:

Útvarpsráð skipa sjö menn. Skulu þrír þeirra og þrír til vara kosnir hlutfallskosningu á Alþingi til fjögurra ára í senn, og fjórir og fjórir til vara sömuleiðis kosnir hlutfallskosningu meðal allra þeirra, sem útvarpsnotendur teljast og greitt hafa lögmælt gjöld samkvæmt lögum þessum.

Eftir að kosning í útvarpsráð hefir farið fram á Alþingi, felur ráðuneytið skrifstofu ríkisútvarpsins að annast um, að fram fari kosning af hálfu útvarpsnotenda.

Heimilt er félögum útvarpsnotenda og einstökum útvarpsnotendum að bera fram kjörlista. Skulu á hverjum lista vera nöfn átta manna, þeirra er kjörgengir eru, og fylgi hverjum lista meðmæli að minnsta kosti 200 útvarpsnotenda. Kjörgengur er hver sá útvarpsnotandi, sem greitt hefir lögmælt gjöld samkvæmt lögum þessum, er ekki fastráðinn starfsmaður ríkisútvarpsins og er búsettur í Reykjavík eða svo nálægt Reykjavík, að hann geti tekið þátt í störfum útvarpsráðs.

Kennslumálaráðherra ákveður í reglugerð nánar um tilhögun kosningarinnar og talningu atkvæða, enda sé fulltrúum útvarpsnotenda tryggður réttur til eftirlits með kosningunni.

Kosningu þessari skal vera lokið þegar þrír mánuðir eru liðnir frá því er kosning í útvarpsráð fer fram á Alþingi, og tekur þá hið nýkjörna útvarpsráð við störfum.

Útvarpsráð kýs sér formann og ritara.

Nú koma ekki fram við kosningu í útvarpsráð af hálfu útvarpsnotenda neinir kjörlistar, og ferst kosning þá fyrir. Skipar þá kennslumálaráðherra fjóra menn í útvarpsráð af hálfu útvarpsnotenda til næstu fjögurra ára.

3. gr.

1. málsl. 1. málsgr. 5. gr. laganna orðist svo:

Útvarpsráðið hefir yfirstjórn hinnar menningarlegu starfsemi útvarpsins og ræður útvarpsefni.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Kosning þriggja manna í útvarpsráð og þriggja til vara samkvæmt 2. gr. skal fara fram á því þingi, sem samþykkir þetta frumvarp. Fer þá um kosningu af hálfu útvarpsnotenda svo sem fyrir er mælt í 2. gr. Fellur þá jafnframt niður umboð núverandi útvarpsráðs.

Greinargerð.

Þær breytingar, sem frv. þetta ráðgerir á gildandi lögum um útvarpsrekstur ríkisins, eru í fyrsta lagi þær, að auka valdsvið útvarpsráðs og kveða skýrar á um það, og í öðru lagi að breyta um tilhögun kosninga í útvarpsráð. Nú kýs Alþingi 3 menn í útvarpsráð, útvarpsnotendur kjósa 3, en kennslumálaráðherra skipar 1, sem er formaður ráðsins. Þessu viljum við breyta á þann veg, að Alþingi kjósi 3, en útvarpsnotendur 4. Við teljum rétt, að útvarpsnotendur, sem með afnotagjöldunum bera uppi starfsemi útvarpsins, ráði mestu um stjórn þessarar stofnunar. Réttur útvarpsnotenda til kosninga meiri hluta útvarpsráðs gæti orðið til þess að draga verulega úr þeirri óánægju og tortryggni, sem frá fjölda útvarpsnotenda gætir í garð útvarpsins vegna fréttaflutnings og jafnvel fræðslustarfsemi þess.

Nd. 39. Frumvarp til laga

um atvinnubótavinnu og kennslu ungra manna.

Flm.: Gunnar Thoroddsen, Jóhann Jósefsson, Thor Thors, Guðbrandur Ísberg.

1. gr.

Bæjarstjórn er heimilt að halda uppi í kaupstað að vetrarlagi sérstakri atvinnubótavinnu fyrir pilta á aldrinum 14—18 ára, og skal kennsla vera samfara vinnunni.

2. gr.

Umsjón með þessum framkvæmdum skal vera í höndum tveggja umsjónarmanna. Skal annar þeirra tilnefndur af hlutaðeigandi bæjarstjórn, en hinn af kennslumálaráðherra, til eins árs í senn. Þóknun umsjónarmanna skal ákveðin af þeim aðiljum, er velja þá.

3. gr.

Atvinnumálaráðherra og bæjarstjórn ráða því, að hálfu hvor, hvaða verk eru unnin í vinnu þessari.

Umsjónarmenn ráða verkstjóra, kennara, útvega húsnæði og annað þess háttar.

4. gr.

Kennslan skal fólgin í tilsögn í íslenzku, reikningi, leikfimi og verklegu námi, eftir nánari ákvörðun umsjónarmanna. Þó er fræðslumálastjórninni heimilt að setja reglur um, hvernig verklega náminu skuli hagað. Með samkomulagi fræðslumálastjórnar og bæjarstjórnar má bæta við fleiri kennslugreinum.

5. gr.

Umsjónarmenn ákveða, hversu mikla vinnu hver piltur skuli fá, og skal henni yfirleitt úthlutað eftir aldursflokkum, þannig að þeir, sem eru 16 ára og eldri, fái meiri vinnu en hinir. Skilyrði þess, að taka megi þátt í vinnunni, er, að námið sé stundað af alúð, og er umsjónarmönnum skylt að svipta vinnu að öllu eða nokkru þá pilta, sem vanrækja námið.

6. gr.

Bæjarsjóður og ríkissjóður bera að hálfu leyti hvor kostnað við þessar ráðstafanir. Heildarkostnaður árlega má ekki samanlagt verða hærri en sem svarar 1 krónu á hvern íbúa viðkomandi kaupstaðar samkv. síðasta manntali.

7. gr.

Umsjónarmenn skulu árlega senda skýrslu um vinnu og kennslu, ásamt kostnaðarreikningi, til bæjarstjórnar og ríkisstjórnar.

8. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Greinargerð.

Það má öllum vera áhyggjuefni, hversu illa ungum mönnum hefir að undanförnu gengið að fá atvinnu. Þjóðfélaginu öllu stafar hinn mesti háski af slíku ástandi, og sérstaklega kemur þetta að sök þar, sem fjölmennið er mest og þéttbýlið.

Af þessum orsökum hefir Reykjavíkurbær síðastliðin tvö ár, með tilstyrk ríkisstjórnar, komið upp sérstakri atvinnubótavinnu og kennslu fyrir atvinnulausa unga menn. Er það kunnugra manna mál, að af þessu hafi orðið mikið gagn, og þykir því tímabært að setja lagaákvæði um efnið.

Frv. það, sem hér liggur fyrir, er sniðið eftir þeirri reynslu, sem í Reykjavík hefir fengizt. Ýtarlegri reglur er ástæðulaust að setja að svo komnu, þar sem reynslan á vafalaust eftir að segja frekar til um, hvernig ýmsum atriðum verði bezt háttað.

Í frv. er gert ráð fyrir nokkru meiri kostnaði af þessum framkvæmdum heldur en í Reykjavík hefir orðið, en það þykir eigi rétt að sníða þessu of þröngan stakk, þótt alls sparnaðar verði að gæta.

Það er nokkurt álitamál, hvort á að takmarka gildi frv. við kaupstaðina eins og hér er gert. Má með sanni segja, að í hinum stærri kauptúnum sé þörfin jafnrík. En vegna þess að hér er um nýmæli að ræða og mál þetta hefir hingað til komizt í framkvæmd í Reykjavík einni, þótti rétt að binda heimildina við kaupstaðina fyrst um sinn, enda auðvelt að rýmka hana, ef vel reynist og þörf þykir.

Frv. þessu er ætlað að ná aðeins til pilta, en ekki stúlkna. Skal það að vísu játað, að full þörf er á því, að ungar stúlkur eigi kost meiri fræðslu, svo sem til hússtjórnar og heimilisstarfa, en nú er. En um það efni verður flutt sérstakt frumvarp.

Sþ. 40. Tillaga til þingsályktunar

um fjárhagslegan stuðning ríkissjóðs við síldarverksmiðjuna á Norðfirði.

Flm.: Jónas Guðmundsson.

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni fyrir hönd ríkissjóðs:

1. að gefa eftir það fé, sem ríkissjóður hefir lagt út vegna afborgana af lánum síldarverksmiðjunnar á Norðfirði til A/S Myrens Verksted í Oslo og nemur nú samtals um 14 þús. krónum.
2. að taka að sér greiðslu á eftirstöðvum af láni verksmiðjunnar hjá sama félagi, er nú nema 15 þús. norskum krónum.
3. að taka að sér greiðslu á láni sömu verksmiðju hjá Handelsbanken í Kaupmannahöfn, að upphæð 30 þúsund danskar krónur.

Ríkisstjórninni er heimilt að greiða vexti og afborganir lána þeirra, er um ræðir í 2. og 3. lið, af rekstrarhagnaði síldarverksmiðja ríkisins, þegar það telst fært, en að öðrum kosti greiðist það úr ríkissjóði.

Greinargerð.

Ríkissjóður á nú eina síldarverksmiðju á Vesturlandi og fjórar á Norðurlandi, sem ríkið hefir ýmist keypt eða byggt, án nokkurra verulegra framlaga frá þeim stöðum, sem þær eru reistar á. Hefir ríkissjóður með byggingu og kaupum þessara verksmiðja stutt að því, að blómleg atvinna gæti risið í nágrenni þessara fyrirtækja og þau haft margvísleg áhrif á afkomu útgerðarmanna, sjómanna og verkafólks í þessum fjórðungum. Til hafnarmannvirkja hefir og verið varið stórfé beint úr ríkissjóði til margra staða í þessum fjórðungum og á þann veg einnig greitt fyrir atvinnulífi þeirra, sem þar búa.

Á Austfjörðum hefir ríkissjóður aftur á móti ekkert lagt fram til sambærilegra fyrirtækja. Þar hafa nú verið reistar tvær litlar verksmiðjur. En báðar hafa þær verið reistar án nokkurs fjárframlags frá ríkissjóði, og fyrir þá verksmiðju, sem hér um ræðir að styrkja, hefir ríkissjóður aðeins gengið í ábyrgð fyrir nokkrum hluta af kostnaðarverði verksmiðjunnar. Hingað til hefir Norðfjarðarverksmiðjan staðið sjálf straum af öllum sínum lánum, að því undanteknu, að ríkissjóður hefir tvisvar greitt afborgun og vexti af norsku láni, er verksmiðjan hefir og er henni mjög óhagkvæmt.

Sá stuðningur, sem hér er farið fram á, er hvorki mikill né tilfinnanlegur fyrir ríkissjóð. Er svo til ætlazt, að verksmiðjan fái eftirgefnar þær 14 þús. kr., sem ríkissjóður hefir nú þegar lagt út, og að hann taki að sér að greiða eftirstöðvar hins óhagkvæma norska láns, en það á að greiðast að fullu á árinu 1938. Þá er og farið fram á, að ríkissjóður taki að sér greiðslu á láni verksmiðjunnar við Handelsbanken í Kaupmannahöfn, en það lán er að upphæð 30 þús. kr. og á að afborgast á næstu 10 árum. Útgjöld ríkissjóðs vegna þessa verða því á árinu 1937 um 15 þús. kr., 1938 um 6 þús. kr. og síðan árlega um 3 þús. kr., auk vaxta, sem fara árlega lækkandi, eftir því sem lán þetta greiðist niður.

Þó ríkissjóður taki að sér þessar greiðslur, hvíla samt sem áður á verksmiðjunni um 150 þús. kr., en það eru allt innlend lán, flest með góðum kjörum, og mun hún geta staðið straum af þeim. Þá er og gert ráð fyrir því, að ríkisstjórnin megi

greiða afborganir og vexti þessara lána af tekjuafgangi síldarverksmiðja ríkisins á hverjum tíma, ef unnt er. Er það hin fyllsta sanngirniskrafa, þar sem tilgangurinn með síldarbræðslum ríkisins hlýtur fyrst og fremst að vera sá, að gera þennan atvinnuveg sem tryggastan fyrir alla landsmenn, en reynslan hefir sýnt það nú þegar, að litlar síldarbræðslur fá enga síld til vinnslu nema hafa sérstaklega leigð skip til síldveiða eða fasta samninga við stærri skip, en þeir fást ógjarnan vegna þess, að útgerðarmenn telja sér að öllu leyti tryggara að semja við stóru verksmiðjurnar á Norðurlandi, þar sem síldin oftast reynist þar meiri og stöðugri en annarsstaðar. Hinsvegar er það nauðsynlegt sjávarútveginum á Austurlandi, að þar séu til litlar bræðslustöðvar þegar síld kemur þar í firðina, eins og sýnir sig nú á Seyðisfirði.

Það er fyllsta sanngirniskrafa, að þau bæjarfélög, sem lagt hafa á sig miklar skuldbindingar til þess að reyna að styrkja þann atvinnurekstur, sem þar er helztur stundaður, fái stuðning frá ríkissjóði á einhvern hátt, og ekki er þess sízt þörf eins og nú er komið atvinnulífi öllu á Austurlandi.

Er hér farið fram á svo lítinn og hóflegan stuðning, að vart sýnist geta komið til mála, að um hann verði synjað.

Nánari grein mun ég svo gera fyrir máli þessu í framsögu.

Nd. 41. Frumvarp til laga

um rétt manna til að kalla sig verkfræðinga, húsameistara eða iðnfræðinga.

Flm.: Emil Jónsson, Gunnar Thoroddsen, Bjarni Bjarnason.

1. gr.

Rétt til að kalla sig verkfræðinga (ingeniör) eða heiti, sem felur í sér orðið verkfræðingur, hafa þeir menn einir hér á landi, sem fengið hafa til þess leyfi ráðherra.

2. gr.

Engum má veita leyfi það, sem ræðir um í 1. gr., nema hann hafi lokið fullnaðarprófi í verkfræði við fjöllistaskóla eða tekniskan háskóla, og hafi auk þess fengið meðmæli stéttarfélags verkfræðinga hér á landi til þess, að honum verði veitt leyfi þetta.

Að fengnum meðmælum stéttarfélags verkfræðinga hér á landi, má þó veita mönnum, sem stundað hafa verkfræðistörf eigi skemur en 10 ár, áður en lög þessi tóku gildi, leyfi til að kalla sig verkfræðinga, enda þótt þeir fullnægi eigi prófskilyrðum þeim, sem ræðir um í 1. málsgr. þessarar greinar.

Þeir menn, sem fullnægja skilyrðum þeim, sem sett eru í 1. málsgr. þessarar greinar, eiga rétt á, að þeim sé veitt leyfi til að kalla sig verkfræðinga.

3. gr.

Rétt til að kalla sig húsameistara (arkitekt) hafa hér á landi þeir menn einir, sem fengið hafa til þess leyfi ráðherra.

4. gr.

Engum má veita leyfi það, sem ræðir um í 3. gr., nema hann hafi lokið fullnaðarprófi í byggingarlist við listaháskóla eða tekniskan háskóla, og hafi auk þess fengið meðmæli stéttarfélags húsameistara hér á landi til þess, að honum verði veitt leyfi þetta.

Að fengnum meðmælum stéttarfélags húsameistara hér á landi, má þó veita mönnum, sem stundað hafa húsameistarastörf eigi skemur en 10 ár, áður en lög þessi tóku gildi, leyfi til að kalla sig húsameistara, enda þótt þeir fullnægi eigi prófskilyrðum þeim, sem ræðir um í 1. málsgr. þessarar greinar.

Þeir menn, sem fullnægja skilyrðum þeim, sem sett eru í 1. málsgr. þessarar greinar, eiga rétt á, að þeim sé veitt leyfi til að kalla sig húsameistara.

5. gr.

Rétt til að kalla sig iðnfræðinga eða til að kenna sig við sériðngrein sína, t. d. kalla sig vélfræðing eða raffræðing eða öðru slíku heiti, sem dregið er af sériðn manna og myndað með sama hætti, hafa þeir einir menn hér á landi, sem fengið hafa til þess leyfi ráðherra.

6. gr.

Engum má veita leyfi það, sem ræðir um í 5. gr., nema hann hafi lokið fullnaðarprófi við tekniskan framhaldsskóla, og vilji hann kenna sig við ákveðna iðngrein, þá fullnaðarprófi í þeirri iðngrein. Auk þess skal umsækjandi hafa fengið meðmæli hlutaðeigandi stéttarfélags iðnfræðinga hér á landi, ef til er, eða sé um fleiri slík félög að ræða, þá þess, sem næst er heimili hans, til þess að honum verði veitt leyfið.

Þeir menn, sem fullnægja skilyrðum þeim, sem sett eru í 1. málsgr. þessarar greinar, eiga rétt á, að þeim sé veitt leyfi samkv. 5. gr.

7. gr.

Hver, sem kallar sig heiti, er leyfi þarf til samkvæmt lögum þessum, án þess að hafa fengið slíkt leyfi, skal sæta sektum frá 100 til 1000 krónum. Sektirnar renna í ríkissjóð.

8. gr.

Með mál út af brotum gegn lögum þessum skal fara sem almenn lögreglumál.

9. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt samkvæmt ósk Verkfræðingafélags Íslands og Akademiska arkitektafélagsins, og fylgdi því svo hljóðandi greinargerð:

„Þetta frumvarp er fram komið til þess að bæta úr þeim glundroða, sem hefir gert vart við sig í heitum á þeim mönnum, sem hafa fengið verklega menntun í ýmsum greinum og á ýmsum menntunarstigum. Enginn lagastafur er til, sem bannar hverjum sem vill að kalla sig verkfræðing, húsameistara eða iðnfræðing, jafnvel án þess að hafa nokkra faglega þekkingu. Hina skólagengnu menn á þessu sviði vantar þá vernd, sem t. d. lögfræðingar, læknar og guðfræðingar hafa í háskólalögunum. Þessi vöntun er að gera tilfinnanlega vart við sig, og mun verða enn meiri, sé ekki nú þegar gerð ráðstöfun til þess að vernda einnig þessa menntun. Eftir ákvæðum þessa frumvarps mun almenningur þegar geta gert sér ljóst, hverskonar verklega menntun menn hafa fengið á þessum sviðum, og þannig verður komið í veg fyrir, að menn taki upp óréttmæt heiti, er gefi almenningi ranga hugmynd um menntun þeirra.“

Fylgiskjal.

VERKFRÆÐINGAFÉLAG ÍSLANDS.

AKADEMISKA ARKITEKTAFÉLAGIÐ.
(Húsameistarafélag Íslands).

Reykjavík, 22. febrúar 1937.

Ofanrituð tvö félög þeirra manna, sem taka upp þá menn eina, sem hafa fullnaðar háskólapróf innan sinna greina, leyfa sér hér með að lýsa því yfir, að það er í

fyllsta samræmi við þeirra ósk, að meðfylgjandi frumvarp til laga um rétt manna til að kalla sig verkfræðinga, húsameistara eða iðnfræðinga verði lagt fyrir Alþingi, og er það eindregin ósk þeirra, að hið háa Alþingi fallist á, að það verði gert að lögum þegar á þessu þingi.

Virðingarfyllst.

Fyrir hönd
Verkfræðingafélags Íslands
Th. Krabbe,
p.t. formaður.

Fyrir hönd
Akademiska arkitektafélagsins
Guðjón Samúelsson,
p.t. formaður

Nd. 42. Frumvarp til laga

um ráðstafanir vegna atvinnulausra unglinga.

Flm.: Sigurður Einarsson.

1. gr.

Skráning atvinnulausra unglinga til tvítugs aldurs skal fram fara tvisvar á ári, vor og haust, í öllum kaupstöðum og þorpum landsins.

2. gr.

14—20 ára unglingum, sem ekki hafa atvinnu, skal gefa kost á viðfangsefnum af hálfu þess opinbera og á kostnað ríkis og bæjar- eða sveitarfélaga, með þeim hætti, sem á er kveðið í lögum þessum. Viðfangsefnin skulu jafnan vera þannig, að þau veiti unglingnum, svo sem unnt er, þá menntun og fræðslu, sem hann hefir hæfileika og löngun til, sé honum undirbúningur undir það æfistarf, sem hann kýs sér og er hæfur til, og forði honum frá því að bíða tjón af iðjuleysi.

3. gr.

Stofnaður skal sjóður til að standa straum af ráðstöfunum vegna atvinnulausra unglinga. Tekjur sjóðsins eru þessar:

a. ⅙ af því fé, sem ríki og bæir veita til atvinnubóta.
b. ¼ % af atvinnutekjum þeirra manna í landinu, sem hafa yfir 3000 kr. atvinnutekjur á ári.
c. Sérstakt 10 aura stimpilgjald á alla aðgöngumiða að kvikmyndasýningum og dansskemmtunum, á þeim stöðum, sem starfsemi vegna atvinnulausra unglinga fer fram á.
d. Tekjur þeirra stofnana, er lög þessi gera ráð fyrir.
e. Aðrar tekjur, sem sjóðnum kunna að áskotnast með opinberum fjárveitingum og á annan hátt.

Stjórn sjóðsins og yfirstjórn þeirra framkvæmda, er hann stendur straum af, hefir þriggja manna nefnd, er kennslumálaráðherra skipar og nefnist atvinnubótanefnd unglinga. Skal einn nefndarmanna vera valinn eftir tillögum Alþýðusambands Íslands, en annar eftir tillögum Ungmennafélags Íslands.

Í kaupstöðum og þorpum, þar sem skráðir eru atvinnulausir unglingar, skulu vera þriggja manna undirnefndir, til þess að sjá um framkvæmdir á staðnum. Bæjarstjórnir eða hreppsnefndir kjósa tvo nefndarmanna hlutfallskosningu, en atvinnubótanefnd unglinga skipar formann.

4. gr.

Þeim unglingum, sem skráðir eru atvinnulausir, skal veittur kostur á að velja um þessi viðfangsefni:

a. Nám í opinberum skóla.
b. Sjálfboðavinnu að framkvæmdum til almenningsheilla.
c. Handavinnu, smáiðnað.
d. Dvöl í skólaverstöð við verklegt sjómennskunám.
e. Dvöl á kennslubúi eða í búnaðarskóla við landbúnaðarnám.

Unglingar, sem velja viðfangsefni b, c, d eða e, skulu jafnframt njóta bóklegrar fræðslu og íþróttaiðkana.

5. gr.

Þeim unglingum, sem óska eftir að stunda skólanám, skal atvinnubótanefnd unglinga koma fyrir í þeim skóla, sem þeir kjósa sér, ef unnt er; annars öðrum, sem samkomulag verður um. Ef athugun leiðir í ljós, að heimili einhverra þessara unglinga geta ekki séð þeim farborða meðan á náminu stendur, skal sjóðurinn greiða fæði þeirra, fatnað, námsbækur og aðrar skólanauðsynjar.

6. gr.

Stofnað skal til sjálfboðavinnu fyrir atvinnulausa unglinga við þjóðnytjaverk, sem ekki mundi keyptur vera almennur vinnukraftur til. Er rétt, að ungmennafélög og önnur almenn æskulýðsfélög geri tillögur til atvinnubótanefndar unglinga um val verkefna. Verkstjórn skal svo haga, að vinnendurnir læri sem bezt að beita sér að vinnu.

Þeir unglingar, sem gefa sig fram til sjálfboðavinnu, skulu vinna 4—5 stundir á dag til jafnaðar, en njóta kennslu í bókfræðum og íþróttum 3—4 stundir. Fá skulu þeir fæði, vinnuföt og kr. 0.50—1.00 á dag í vasapeninga fyrir vinnuna, meðan hún stendur. Einnig dvalarstað og ferðir, ef unnið er fjarri heimili þeirra.

7. gr.

Í kaupstöðum og þorpum með yfir 500 íbúum skal komið upp vinnustofum með nægum verkfærum og aðstöðu til fjölbreyttrar handavinnu. Stofnkostnaður vinnustofunnar skal greiddur að hálfu úr ríkissjóði, en að hálfu úr sjóði hlutaðeigandi bæjar eða hrepps.

Þeir atvinnulausir unglingar, sem velja sér handiðnir að viðfangsefni, skulu vinna í vinnustofum þessum 4—5 stundir daglega, en stunda bóknám og íþróttir 3—4 stundir. Fá skulu þeir ókeypis efni til að vinna úr og leiðbeiningar hjá forstöðumanni vinnustofunnar. Auk þess skal hann og atvinnubótanefnd unglinga á staðnum veita þeim aðstoð við að selja það, sem þeir framleiða. Unglingum þessum skulu tryggðar þær tekjur, sem getið er í 6. gr., fyrir störf sín, og greiðir sjóðurinn það, sem á vantar, að þær fáist fyrir seld verk þeirra.

Aðrir unglingar eiga rétt á að sækja vinnustofurnar og njóta þar verkfæra og tilsagnar kostnaðarlaust, en rétt er, að þeir greiði það efni, er þeir fá þar.

8. gr.

Stofnuð skal skólaverstöð við Faxaflóa fyrir atvinnulausa unglinga, og ef hún gefst vel og þörf reynist fyrir, skulu samskonar stöðvar stofnaðar á Vestfjörðum, við Eyjafjörð og á Austfjörðum. Verstöðin skal hafa húsakost til að veita unglingum eigi lakari aðbúnað en sjómenn hafa í verbúðum, báta eftir þörfum og aðstöðu til allskonar starfa, sem sjómenn þurfa að kunna. Stofnkostnaður stöðvarinnar skal greiddur að hálfu úr ríkissjóði, en að hálfu úr sjóðum þeirra bæja og sýslna, sem sókn munu eiga að henni, í hlutfalli við tölu þeirra íbúa þessara staða, sem stunda fiskveiðar og siglingar sem aðalatvinnu.

Þeir atvinnulausir unglingar, sem hugsa til að stunda sjómennsku, geta fengið vist í verstöð þessari við verklegt sjómannsnám, nokkurt bóknám og íþróttaiðkanir. Fá skulu þeir sömu fríðindi og um er getið í 6. gr.

9. gr.

Stofna skal kennslubú í grennd við stærstu kaupstaðina, þar sem þeir atvinnulausir unglingar, sem leggja vilja stund á landbúnað og ræktunarstörf, geta stundað verklegt búnaðarnám, bóknám og íþróttir. Um stofnkostnað búanna fer eins og segir í 7. gr. Unglingarnir skulu hafa friðindi samkvæmt 6. gr., meðan þeir dvelja þar.

Atvinnulausum unglingum, er hugsa til landbúnaðar, frá þeim stöðum, er ekki hafa kennslubú, skal komið í búnaðarskóla, með sömu kjörum og gilda á búunum.

10. gr.

Atvinnubótanefnd unglinga ræður forstöðumenn þeirrar starfsemi og þeirra stofnana, sem lög þessi kveða á um, og annað starfsfólk í samráði við forstöðumennina. Hún hefir og eftirlit með allri starfseminni og sér um fjárreiður hennar.

11. gr.

Kennslumálaráðherra setur þær reglugerðir, sem þörf er á vegna laga þessara.

12. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp það, sem hér liggur fyrir, er samið af nefnd frá fulltrúaþingi Sambands íslenzkra barnakennara og sambandsstjóra ungmennafélaga Íslands; flm. hefir þó gert á frv. lítilsháttar breytingar.

Ég hefi á undanförnum tveim þingum flutt frv. um námskeið fyrir atvinnulausa unglinga í bæjum og kauptúnum, en frv. náði í hvorugt það sinn fram að ganga. Hér er nú sú hugmynd, sem fyrir mér vakti á undanförnum tveim þingum, fram borin á nokkru víðara grundvelli, en þó í fullu samræmi við þær þarfir, er hér hafa skapazt í landinu með stækkun bæjanna og vaxandi tækni.

Það er hverjum manni kunnugt, að atvinnuleysi færist í vöxt meðal unglinga í bæjum, en aðstaða margra heimila þannig, að þau geta ekki sett börnin til náms, eða séð þeim á annan hátt fyrir sæmilegu umhverfi, félagsskap og hollum viðfangsefnum. Iðjuleysi unglinganna leiðir svo aftur til þess, að þeir dragast oft út í miður heppilegan félagsskap og athafnir, og eru þess ekki allfá dæmi, að leitt hefir til afbrota og ófarnaðar.

Það er reynsla allra þjóða, þeirra, er við atvinnuleysi hafa átt að stríða, að því fylgir hin mesta mannspilling. Á engum kemur hún eins hart niður eins og unglingum og æskumönnum. Áhugamál, hugsjónir og viðfangsefni skortir, lífsfjör og manndómur dvín, og ef ekki er að gert, þá bíður æskumaðurinn oft það tjónið, sem erfiðast er úr að bæta, lömun á starfslund sinni og starfsvilja.

Nú er það talin sjálfsögð skylda með öllum þjóðum að vernda unglinga, eftir því sem kostur er, frá slíkum vandræðum, með því að gefa þeim, er ekki hafa nám eða vinnu með höndum, kost heilbrigðra og göfgandi viðfangsefna. Frv. þessu er ætlað að vera spor í þá átt hér á landi.

Nd. 43. Frumvarp til laga

um opinberan ákæranda.

Flm.: Gunnar Thoroddsen.

1. gr.

Konungur skipar opinberan ákæranda. Skal hann fullnægja þeim skilyrðum, sem sett eru til þess að vera málflutningsmaður fyrir hæstarétti.

2. gr.

Hinn opinberi ákærandi skal hafa sömu laun sem hæstaréttardómendur, enda má hann ekki hafa önnur launuð störf á hendi, hvorki fyrir opinberar stofnanir, félög né einstaka menn. Að öðru leyti fer um hann eftir lögum um embættismenn.

3. gr.

Hinn opinberi ákærandi tekur fullnaðarákvörðun um rannsókn, málshöfðun og áfrýjun opinberra mála, með sama hætti sem dómsmálaráðuneytið hefir hingað til gert.

4. gr.

Hinn opinberi ákærandi skal án nokkurrar aukaþóknunar sækja öll opinber mál fyrir hæstarétti, sem þangað er skotið, en þóknun sú, sem sakborningur er dæmdur til að greiða, rennur til ríkissjóðs. Skal hann jafnskjótt sem áfrýjun þeirra hefir verið ákveðin, og áfrýjunarstefna hefir verið birt, senda dómsgerðir til forseta hæstaréttar, er þá skipar verjanda og endursendir dómsgerðir síðan hinum opinbera ákæranda. Um skyldur hans varðandi undirbúning og flutning máls fyrir hæstarétti fer eftir þeim reglum, sem gilt hafa um skipaða sækjendur fyrir hæstarétti.

5. gr.

Ekki má hinn opinberi ákærandi ákveða rannsókn, málshöfðun né áfrýjun opinbers máls, né flytja slíkt mál fyrir hæstarétti, ef hann væri ekki hæfur til að dæma það í hæstarétti, væri hann dómari þar. Skal hann þá gera forseta hæstaréttar viðvart, og setur forseti þá annan hæfan mann til að inna af hendi starf hins opinbera ákæranda í slíku máli.

6. gr.

Hinn opinberi ákærandi skal hafa skrifstofu í Reykjavík. Skrifstofukostnaður hans greiðist úr ríkissjóði eftir reikningi, er dómsmálaráðuneytið úrskurðar.

7. gr.

Haldast skulu ákvæði laga um heimild og skyldu héraðsdómara til rannsóknar, höfðunar og áfrýjunar opinberra mála, og skulu þeir í þeim efnum snúa sér til hins opinbera ákæranda með sama hætti sem þeir hafa hingað til snúið sér til dómsmálaráðuneytisins.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frv. um opinberan ákæranda var fyrst flutt á þingi 1934. Allsherjarnefnd fékk málið til meðferðar og minni hluti hennar sendi það lagadeild háskólans til umsagnar. Lagði lagadeildin einróma með því, og segir svo m. a. í áliti hennar, sem prentað er í Alþt. 1934 A. þskj. 418:

„Lagadeildin telur, að það muni yfirleitt verða til bóta og einkum til aukningar réttaröryggis í landinu, ef skipaður verður opinber ákærandi með því starfssviði, sem ákveðið er í frv. Vald hins opinbera ákæranda er að vísu nokkru meira samkv. frv. en slíkum embættismönnum er fengið sumstaðar annarsstaðar, en eftir því sem til háttar hér á landi, mundi embættið ekki koma að erulegu gagni, nema því sé fengið slíkt vald sem í frv. er ákveðið.

Þar sem starf opinbers ákæranda samkv. frv. getur mætavel fallið inn í núgildandi réttarfar og hlýtur að verða mjög svipað, þótt róttækar endurbætur réttarfarsins verði lögleiddar, þá telur lagadeildin enga ástæðu til að fresta stofnun embættisins vegna þess, að slíkar allsherjar endurbætur séu bráðlega væntanlegar.

Enda hlýtur alllangur tími að líða þangað til slíkar endurbætur komast í framkvæmd, ef þær eiga að vera svo víðtækar sem nauðsyn er á.“

En meiri hluti allshn. og neðri deildar virti að vettugi öll þau hin skýru rök, er færð voru fyrir nauðsyn og réttmæti málsins. Var það því furðulegra, þar sem báðir stjórnarflokkarnir eða forystumenn þeirra höfðu fyrir síðustu kosningar lýst sig fylgjandi því, að skipaður yrði opinber ópólitískur ákærandi. En nú blés vindurinn úr annari átt, því að nú höfðu þessir flokkar fengið stjórn landsins óskorað í sínar hendur. Nú mátti þetta mál bíða, sem áður var hið brýnasta nauðsynjamál, því að nú vildu stjórnarflokkarnir ekki sleppa úr greipum sér hinu kærkomna valdi, sem þeim hafði hlotnazt, ákæruvaldinu.

Málinu var því vísað frá með svokallaðri „rökstuddri“ dagskrá. Til stuðnings þessari afgreiðslu og sem yfirvarp voru notaðar tvær átyllur. Önnur var sú, að fyrir dyrum stæði allsherjarendurskoðun réttarfarslöggjafarinnar, og mætti þar ekki taka einstaka þætti út úr. Var þó strax sýnt fram á haldleysi þeirrar mótbáru með því, að skipun opinbers ákæranda og starf hans gæti mjög vel fallið inn í gildandi réttarfar, og hlyti starfssvið hans að verða mjög svipað, þótt gagngerð endurskoðun yrði lögleidd. Hin átyllan var sú, að heildarendurskoðunin tæki mjög skamman tíma, og var gefið um það fyrirheit, að ný réttarfarslöggjöf, er einnig tæki til meðferðar opinberra mála, yrði afgreidd á þingi 1935.

Málið var aftur borið fram 1935, en var þá svæft í nefnd. Síðan frv. var fyrst flutt er nú liðið nokkuð á þriðja ár. Á þeim tíma hafa Alþingi og frestunarmennirnir sjálfir gersamlega afsannað sínar eigin mótbárur. Þeir hafa sjálfir tekið einstaka þætti réttarfarslöggjafarinnar út úr, svo sem breytingar á hæstarétti, breytingar á meðferð einkamála í héraði o. fl., borið þessi mál fram og fengið þau afgreidd frá Alþingi. Hafa því andmælendur frv. og þingmeirihlutinn sjálfir slegið vopnin úr hendi sér. Fyrirheit sitt um fullnaðarafgreiðslu á allri réttarfarslöggjöfinni á árinu 1935 hafa þeir svikið, því að nú, í febrúarlok 1937, bólar ekki ennþá á frv. um meðferð opinberra mála.

Öll framkoma stjórnarflokkanna í þessu máli sýnir berlega hug þeirra og heilindi. Þeir þykjast fyrir kosningar 1934 vera eindregið fylgjandi skipun opinbers ákæranda, því að þeir vita, að þetta er vinsælt mál með þjóðinni og réttlátt mál. En þegar málið er borið fram á þingi, þvælast þeir fyrir, fresta því og svæfa. Hvers vegna? Vegna þess, að nú hafa þeir ákæruvaldið í sínum höndum og möguleikann til að misbeita því eftir geðþótta. Það er líka óspart gert, eins og síðar mun sýnt rækilegar; en hér nægir að nefna það alræmda hneyksli, þegar alvarlegri ákæru á hendur meiri hluta bæjarstjórnar á Ísafirði er stungið undir stól, en síðan er einn hinna ákærðu Ísfirðinga skipaður rannsóknardómari yfir bæjarstjórn Vestmannaeyja.

Nú er þetta mál borið fram að nýju, því að það er nú meira nauðsynjamál en nokkru sinni fyrr. Allur almenningur í landinu krefst þess, að ákæruvaldið verði tekið úr höndum pólitískra ráðherra og fengið manni, er stendur utan stjórnmálabaráttunnar. Sú krafa mun ganga fram fyrr eða síðar, eins og önnur réttlætismál, hversu lengi sem vilhallir valdhafar stimpast þar í móti.

Hér fer á eftir til frekari skýringar málinu í heild og einstökum atriðum meginhluti greinargerðar þeirrar, er áður fylgdi frv.:

Ákæruvaldið er réttur ríkisvaldsins til þess að kæra mann til refsingar fyrir ólöglegar athafnir hans. Það felur í sér heimild til þess að fyrirskipa opinbera rannsókn og málshöfðun gegn hverjum þeim manni, sem álitið er, að hafi gerzt brotlegur við lög. Í meðferð ákæruvaldsins er hvorttveggja jafnmikilvægt, að því sé beitt gegn þeim, sem afbrot hafa framið, og að því sé ekki beitt gegn saklausum mönnum. Það getur haft geigvænleg áhrif, ef maður er ákærður fyrir afbrot, sem hann er alsaklaus af, jafnvel þótt hann verði sýknaður að lokum. Ákæran ein, með allri þeirri rekistefnu, réttarhöldum og ef til vill varðhaldi, sem sakamálsrannsókn eru samfara, getur gert honum slíkt tjón, bæði í andlegu og efnalegu tilliti, að hann bíði þess aldrei bætur. En jafnnauðsynlegt og það er, að enginn maður sé

saklaus eltur með sakamálsrannsókn og málshöfðun, jafnnauðsynlegt er hitt, að refsivöndur laganna sé aldrei látinn hvíla, þegar glæpur er drýgður. Sé það látið hjá líða að höfða refsimál út af uppvísu afbroti og hinn seki látinn sleppa, hlýtur það að veikja stórlega réttaröryggið í landinu.

Nú er þetta ákæruvald samkvæmt íslenzkum lögum að mestu í höndum dómsmálaráðherra, sem valdir eru af stjórnmálaflokkum og standa sjálfir í eldi stjórnmálabaráttunnar. Þess vegna getur hæglega svo farið, eins og reynslan sýnir ótvírætt, að í meðferð þess sé gengið á svig við það, sem rétt er og löglegt, og það notað til ofsóknar eða yfirhilmingar. Hjá okkur Íslendingum er sérstaklega hætt við slíkri misbeiting, þar sem hér er oftast barizt í návígi og öldur flokkabaráttunnar rísa hærra en víða annarsstaðar.

Á seinni árum hafa risið upp sterkar raddir um, að hér væri umbótar þörf. Tilgangur þessa frumvarps er því sá, að taka ákæruvaldið úr höndum dómsmálaráðuneytisins og fá það sérstökum embættismanni, opinberum ákæranda, enda virðist það eina leiðin, sem tiltækileg er til að bæta úr ágöllum þess ástands, sem nú er. Það fyrirkomulag er einnig viðhaft í flestum menningarríkjum, að opinberir ákærendur hafi þetta vald með höndum.

Aukinn kostnaður við stofnun þessa starfs verður ekki mikill. Laun hins opinbera ákæranda eiga að vera jöfn launum hæstaréttardómara, en þau eru á þessu ári 8000 kr., og kostnaður við skrifstofuhald yrði nokkur. Hinsvegar mundi af þessu leiða tvennskonar sparnað, sem kæmi á móti kostnaðinum. Í fyrsta lagi vinnst með þessum hætti sú þóknun, er málflutningsmenn í hæstarétti fá nú fyrir sókn opinberra mála, en sem rynni í ríkissjóð samkv. þessu frv. Sá kostnaður var árið 1932 kr. 3580.00, 1933 4400 krónur, og fer vitanlega vaxandi ár frá ári, vegna aukins málafjölda í hæstarétti. Í öðru lagi kemur sparnaður í dómsmálaráðuneytinu; að vísu er tæplega hægt að gera ráð fyrir, að breytingin geti sparað einn starfsmann þar, en hinsvegar má nota þá starfskrafta, er nú ganga til þessara verka, til þess að vinna önnur störf, sem nú þarf að greiða aukaþóknun fyrir. Hversu miklu þetta mundi nema, er erfitt að fullyrða um.

Um einstakar greinar frv. skal þetta tekið fram:

Um 1. gr.

Skilyrðin fyrir því, að maður geti orðið opinber ákærandi, verða fyrst og fremst að vera þau, að hann uppfylli almenn skilyrði til að verða embættismaður, og að hann sé lögfræðingur. En auk þess er þörf á að gera til hans ríkari kröfur um þekkingu og reynslu í lögfræðistörfum. Þar sem hann á meðal annars að hafa það hlutverk að sækja öll opinber mál fyrir hæstarétti, sýnist rétt, að hinar sömu kröfur séu gerðar um hann og um málflutningsmenn fyrir hæstarétti, sjá lög nr. 112 18. maí 1935, 13. gr.

Um 2. gr.

Til þess er ætlazt, að ákærandinn hafi ekki önnur launuð störf á hendi og standi ekki í stjórnmálabaráttunni. Staða hans verður að þessu leyti svipuð stöðu dómaranna í hæstarétti, og liggur því nærri að ákveða launakjör hans hin sömu og þeirra.

Um 3. gr.

Hér er rætt um það hlutverk hins opinbera ákæranda að taka ákvörðun um rannsókn, málshöfðun og áfrýjun opinberra mála, bæði sakamála og almennra lögreglumála. Kemur hann hér að öllu leyti í stað dómsmálaráðuneytisins. Ákvarðanir hans eiga að vera fullnaðarákvarðanir, sem dómsmálaráðuneytið getur ekki haggað, því að ella gæti ráðherra hvenær sem er gripið fram fyrir hendur ákærandans og breytt ályktunum hans, en slíkt mundi draga stórlega úr þýðingu þessara laga. Hér er þó þess að gæta, að samkvæmt 24. gr. stjórnarskrárinnar getur konungur ákveðið, að saksókn fyrir afbrot skuli niður falla, ef ríkar ástæður eru til, og ennfremur

veitir hann almenna uppgjöf saka. Þessi réttur verður ekki af konungi og ráðherra tekinn nema með stjórnarskrárbreytingu, og verða því ákvæði 3. gr. þessa frumvarps að takmarkast af honum.

Um 4. gr.

Þegar opinber mál koma nú fyrir hæstarétt, er skipaður þar sækjandi og verjandi úr hópi hæstaréttarmálflutningsmanna, og þeim gert að skyldu að flytja slík mál. Samkv. þessu frv. verður sú breyting á gerð, að hinn opinberi ákærandi verður sjálfkjörinn sækjandi opinberra mála. Þetta tíðkast yfirleitt þar, sem sérstakir opinberir ákærendur eru, og hér á Íslandi er það sjálfsagður þáttur í starfi ákærandans, því að annars mundi verksvið hans tæplega vera nægilegt starf fyrir einn mann. Hinsvegar er málafjöldinn ekki meiri en svo, að hinn opinberi ákærandi ætti að geta risið undir því að sækja þau öll.

Um 5. gr.

Það getur oft komið fyrir, að opinbert mál sé svo nákomið hinum opinbera ákæranda, sakir venzla eða annarar afstöðu hans til málsins, að rangt sé að láta hann taka ákvarðanir um það eða flytja það, og er rétt, að sömu reglur gildi um þetta efni og um það, hvenær dómari í hæstarétti skuli víkja sæti. Þegar svo er ástatt, verður að fela öðrum manni meðferð þess máls, og gerir frumvarpið ráð fyrir að fela forseta hæstaréttar að nefna mann til þess.

Um 6. gr.

Hjá því verður ekki komizt, að hinn opinberi ákærandi hafi embættisskrifstofu í Reykjavík, og einhverja aðstoð á skrifstofunni. Þennan kostnað verður að greiða úr ríkissjóði.

Um 7. gr.

Í tilskipun frá 24. janúar 1838, viðvíkjandi misgerningamálum á Íslandi, 15. gr., er sýslumönnum heimilað að höfða mál án þess að til þurfi neinnar skipunar frá æðra yfirvaldi. Í lögum nr. 25 14. júní 1929, um gjaldþrotaskipti, 8. gr. 3. málsgr., er dómara gert að skyldu að höfða mál, ef sakir eru til, án þess hann þurfi að leita til dómsmálaráðuneytisins. Ennfremur er héraðsdómari oft skyldur til að annast áfrýjun opinberra mála. Þykir rétt að láta þessi ákvæði vera óbreytt, þótt opinber ákærandi verði skipaður.

Eldri lagaákvæði mun ekki þurfa að fella úr gildi, en hinsvegar breytast nokkrar greinar hæstaréttarlaganna í samræmi við þessi lög.

Ed. 44. Frumvarp til laga

um drykkjumannahæli.

Flm.: Guðrún Lárusdóttir.

1. gr.

Stofna skal drykkjumannahæli, svo fljótt sem við verður komið, og í síðasta lagi fyrir árslok 1938.

2. gr.

Ríkið starfrækir hælið, eftir því sem fé er veitt til þess í fjárlögum.

Heilbrigðisstjórnin setur því reglugerð og ræður forstjóra hælisins. Ríkissjóður greiðir allt að $\frac{4}{5}$ hlutum meðgjafar með þeim, sem styrkhæfir eru samkvæmt lögum um framfærslu sjúkra manna og örkumla

3. gr.

Sá, sem sýnir vottorð héraðslæknis um, að hann þurfi að dvelja í drykkjumannahæli, og skuldbindur sig til að verða þar árlangt og hlýða settum heimilisreglum, á rétt á að fá ábyrgð framfærslusveitar sinnar, eins og um sjúkrahúsvist væri að ræða, ef hann hefir eigi efni til að greiða sjálfur þann hluta dvalarkostnaðarins, sem ríkissjóður greiðir ekki.

4. gr.

Berist framfærslunefnd, sveitarstjórn eða lögreglustjóra umkvartanir um drykkjuskap manns í því framfærsluhéraði, eða tilmæli frá fjölskyldu hans, að manni þessum sé ráðstafað í drykkjumannahæli, þá ber framfærslunefnd eða sveitarstjórn að rannsaka málið, með aðstoð lögreglunnar ef þurfa þykir. Leiði sú rannsókn í ljós, að maðurinn vanræki framfærsluskyldur sínar við heimili sitt vegna drykkjuskapar, eða misþyrmi konu sinni eða börnum í ölæði, getur framfærslunefnd eða sveitarstjórn fyrirskipað honum dvöl í drykkjumannahæli.

5. gr.

Fyrirskipun framfærslunefndar eða sveitarstjórnar samkvæmt 4. gr. getur hlutaðeigandi maður skotið til ráðherra. Sömu heimild hafa aðstandendur, sem hann er til þyngsla sökum drykkjuskapar, einnig lögreglustjóri, ef framfærslunefnd eða sveitarstjórn skiptir sér ekki af málinu. Úrskurður ráðherra gerir út um málið.

6. gr.

Þegar styrkþegi hefi notið framfærslustyrks í 6 mánuði eða lengur, og það þykir sannað, að drykkjuskap hans sé um að kenna, gilda um hann sömu fyrirmæli og segir í 4. og 5. gr. í lögum þessum, enda þótt framfærslustjórn eða sveitarstjórn hafi ekki borizt kærur um drykkjuskap hans.

7. gr.

Neiti maður að hlýða fyrirskipun eða úrskurði um hælisvist, ber hlutaðeigandi yfirvaldi að sjá um flutning hans til hælisins.

8. gr.

Heilbrigðisstjórnin getur stytt ákveðinn dvalartíma vistmanns í drykkjumannahæli, þegar sannað þykir með vottorði frá héraðslækni og forstjóra hælisins, að vistmaðurinn þurfi ekki að dvelja þar lengur.

Fari vistmaður í leyfisleysi frá hælinu, getur framfærslunefnd eða sveitarstjórn krafizt þess, að hlutaðeigandi yfirvald flytji hann þangað aftur og dvalartími hans verði lengdur.

9. gr.

Lög þessi koma til framkvæmda þegar er ríkið hefir stofnað drykkjumannahæli, eða heilbrigðisstjórnin hefir viðurkennt þesskonar hæli, sem bæjarfélög eða einstakir menn kynnu að stofna.

Verði samsvarandi hæli stofnað fyrir drykkfelldar konur, gilda um það hin sömu lög.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er að mestu leyti samhljóða frumvarpi, er ég flutti á síðasta Alþingi, en náði þá ekki afgreiðslu.

Það mun vart ofhermt, að allur þorri manna hérlendis telur stofnun drykkjumannahælis aðkallandi nauðsynjamál.

Efri deild Alþingis samþykkti árið 1935 þingsályktun um að fela ríkisstjórninni að undirbúa stofnun drykkjumannahælis og löggjöf þar að lútandi.

Haustið 1935 töldu bæjarfógetar á Akureyri, Ísafirði og Neskaupstað 20—25 menn úr þessum kaupstöðum samtals sjálfsagða til dvalar á drykkjumannahæli, ef til væri. Bréfkaflar um það efni, er þeir rituðu barnaverndarráði Íslands, voru birtir í greinargerð frumvarpsins í fyrra. Þar var og birtur útdráttur úr ýtarlegri skýrslu frá lögreglustjóranum í Reykjavík frá 1. jan. 1931 til 1. nóv. 1935. Sýndi sá útdráttur meðal annars, að þeim fer mjög fjölgandi, sem settir eru í varðhald vegna ölvunar, og að mestur hluti þeirra manna eru menn á bezta aldri, „er höfðu sætt kærum og refsingum mörgum sinnum, og fyrir slæm afbrot".

Þá voru og birt ummæli aðalfangavarðar hegningarhússins í Reykjavík, þar sem hann taldi, að um 60 þeirra, sem oftast væru settir inn fyrir ölvun hér í bæ, væru í raun réttri ósjálfbjarga vegna drykkjuskapar og þyrftu hælisvist, ef til væri.

Í blaðinu „Hvöt", sem bindindisfélög í skólum gefa út, birtist 1. febr. síðastl. viðtal við Svein Sæmundsson lögregluþjón í Reykjavík. Skýrir það einkar vel frá ástandinu í þessu efni. Þar segir meðal annars: „Mikill hluti stærri glæpa og afbrota, sem eru framin hér í bænum, eiga beint eða óbeint rót sína að rekja til áfengisnautnar." — —

„Árin 1930—1935, að báðum meðtöldum, voru að meðaltali sektaðir eða kærðir fyrir áfengislagabrot 733 menn. Á sama tíma hafa 40 bifreiðarstjórar verið sviptir ökuleyfi að meðaltali árlega vegna áfengisneyzlu eða ölvunar við bifreiðaakstur." — „Árið 1935 fékk lögreglan 947 hjálparbeiðnir vegna ölvunar í opinberum stöðum, og 483 beiðnir vegna ölvunar í heimahúsum, en þar leitar fólk venjulega ekki aðstoðar lögreglunnar fyrr en í fulla hnefa. Auk þess bárust á sama tíma 485 hjálparbeiðnir frá opinberum stöðum, og 791 úr heimahúsum. Í þessum tilfellum verður ölvun ekki talin aðalorsök, en á þó oft mikinn þátt í því, að aðstoðar lögreglunnar þarf með."

Rannsóknarlögreglan í Reykjavík skýrir svo frá, að árið 1936 hafi samsvarandi tölur verið 698 og 488, hjálparbeiðnir vegna ölvunar eingöngu, en aðrar voru 479 og 1024.

Varðhaldsvistir 1936 vegna ölvunar voru 587, þar af 13 varðhaldsvistir kvenna. Ölvunarbrotin voru 626 það árið, og um 130 þjófnaðarmál komu í hendur lögreglunnar fyrstu 6—7 vikur þessa árs, og voru allmörg þeirra í sambandi við drykkjuskap.

Eru þetta allt hrópandi tölur.

Loks má nefna, að Alþingi barst í fyrra, að tilhlutun Friðriks Á. Brekkans, ráðunauts í áfengismálum, áskorun ýmsra mikilsmetandi manna í Reykjavík um að gera þá þegar ráðstafanir til þess, að drykkjumannahæli geti tekið til starfa hið bráðasta. Leyfi ég mér að birta þá áskorun sem fylgiskjal með frumvarpi þessu, þar eð hún sýnir, að mál þetta á áhrifaríka stuðningsmenn í ýmsum stéttum og stjórnmálaflokkum.

Það ætti að vera óþarfi að láta kostnaðarhliðina vaxa sér svo í augum, að ekkert sé að gert, því þegar á allt er litið, verður allra dýrast að gera ekki neitt. Og vel mætti haga þessum málum þannig, að kostnaður yrði ekki neitt tilfinnanlegur.

Heppilegast er að kaupa eða leigja vel hýsta jörð, sem ekki er alveg í þjóðbraut, þar sem hægt væri að taka 30—40 vistmenn fyrst í stað, og ætla þeim góða aðbúð og hæfileg störf, t. d. við garðyrkju og heyvinnu á sumrum, en handavinnu og skepnuhirðing á vetrum. Búast má við, að jörðin með húsum og öðrum stofnkostnaði kostaði 50—70 þús. kr., eftir því hve vel væri á haldið. Árlegur kostnaður upp frá því fer mjög eftir dugnaði og hagsýni forstöðumanns. Erlend reynsla sýnir, að hæfileg vinna, góður heimilisbragur og alger útilokun áfengra drykkja er bæði til heilsubótar vistmönnum og hælunum til efnalegra hagsbóta.

Í fjárlagafrumvarpi næsta árs er gert ráð fyrir, að geðveikrahælin beri sig vel með 5 kr. daggjöldum sjúklinga, en þá ætti drykkjumannahæli ekki að þurfa að taka nema 2.50—3 kr. á dag með sínum sjúklingum. Vistmenn sjálfir vinna þar

mörg heimilisverk. Mjólk, kjöt og grænmeti eru heimatekjur, en læknis- og lyfjakostnaður harla lítill — samkvæmt reynslu annara þjóða.

Væru þessir sjúklingar styrktir t. d. með 2 kr. á dag — geðveikisjúklingum er ætlaður 3.50 kr. styrkur á dag úr ríkissjóði —, þá yrði árlegur kostnaður ríkissjóðs um 22 þúsund kr. fyrir hverja 30 vistmenn. Sú fjárupphæð ætti ekki að fæla neinn frá að styðja frumvarpið, allra sízt þegar litið er á sívaxandi kostnað við lögreglueftirlit með ofdrykkjumönnum, og öll önnur þyngsli, sem af þeim leiðir, og hinsvegar litið á, hvers virði það er þjóðfélaginu í heild og fjölmörgum heimilum, að breyta a. m. k. helmingi þeirra í nýta borgara.

Í þessu sambandi má nefna, að í einu af elztu björgunarheimilum Bláa krossins í Danmörku er árangur starfsins sá, að helmingur vistmanna fékk fullan bata og urðu nýtir borgarar; fjórði hluti þeirra fékk talsverða bót, en fjórði hlutinn tók upp sömu óreglu og áður, og þá einkanlega þeir, sem voru skemmri tíma en 1 ár í hælinu. Svipuð mun reynslan annarsstaðar á Norðurlöndum.

Þegar alls þessa er gætt, getur það tæplega talizt ósanngjarnt, þótt farið sé fram á að verja fáeinum hundraðshlutum af milljónagróða áfengisverzlunarinnar til viðreisnar þeim mönnum, sem orðið hafa ofdrykkjunni að bráð.

Um einstakar greinar frumvarpsins er óþarft að fjölyrða; þær eru að ýmsu leyti sniðnar eftir síðustu löggjöf Dana um þetta efni, að fráteknum tveim fyrstu greinunum; en í Danmörku eru elztu drykkjumannahæli orðin 30 ára gömul, og byggja þau því starfsemi sína á langri og góðri reynslu.

Fylgiskjal.

Þar sem það er lýðum ljóst, að stofnun hælis fyrir drykkjumenn er bæði félagsleg nauðsyn og mannúðarskylda, sem þjóðfélagið getur ekki skotið sér undan, leyfum vér oss hér með að skora á hið háa Alþingi að gera — áður en þessu þingi slítur — nauðsynlegar ráðstafanir til þess, að slíkt hæli geti tekið til starfa hið bráðasta, og þá, að jafnframt verði gengið frá nauðsynlegri sérlöggjöf, er málið varðar.

Reykjavík, 5. maí 1936.

Fr. Ásmundsson Brekkan, ráðun. í áfengismálum. Vilm. Jónsson, landlæknir. Ingimar Jónsson, skólastjóri. F. R. Valdimarsson, ritstjóri. Halldór Sigfússon, skattstjóri. Gústav A. Jónasson, lögreglustjóri. Jón Guðjónsson, bókari. Jón Helgason, biskup. Sigurbjörn Þorkelsson, kaupmaður. Sig. Jónsson, skólastjóri. Bjarni Jónsson, dómkirkjuprestur. Emilía Borg. Hallgrímur Jónsson, yfirkennari. F. Hallgrímsson, prestur. Ingv. Á. Sigmundsdóttir, kennari. Halldór Kiljan Laxness. Freysteinn Gunnarsson, skólastjóri. Sigurður Thorlacius, skólastjóri. Jón Þorsteinsson, íþróttakennari. Björn Magnússon, prestur, Borg. Ben. G. Waage, forseti Í. S. Í. Jón E. Bergsveinsson, erindr. Slysavarnafél. Árni Sigurðsson, fríkirkjuprestur. Þorleifur Guðmundsson. Felix Guðmundsson, form. áfengisvarnan. Rvíkur. Guðjón Guðjónsson, skólastjóri, Hafnarfirði. Gissur Bergsteinsson, hæstaréttardómari. Sigurbj. Á. Gíslason, form. barnaverndarráðs. Benedikt Jakobsson, fimleikastjóri. Sigf. Sigurhjartarson, form. útvarpsráðs. Pálmi Hannesson, rektor menntaskólans. Vilhj. Þ. Gíslason, skólastjóri. Sigurkarl Stefánsson, menntaskólakennari. Sig. Sigurðsson, berklayfirlæknir. Helgi Tómasson, læknir. Valtýr Stefánsson, ritstjóri. Guðm. Thoroddsen, prófessor. Jón Hj. Sigurðsson, yfirlæknir. G. Karl Pétursson, aðstoðarlæknir. Þór. Þórarinsson, ritstjóri. Páll Steingrímsson, ritstjóri. Axel Thorsteinsson, blaðamaður.

Til Alþingis.

Sþ. 45. Tillaga til þingsályktunar

um varnir fyrir sjávarágangi í Vestmannaeyjum.

Flm.: Jóhann Jósefsson.

Sameinað Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að gera þegar á næsta sumri ráðstafanir til þess, að girt verði fyrir frekari skemmdir af sjávargangi en þegar eru orðnar á granda þeim — Eiði —, er skýlir Vestmannaeyjahöfn að norðanverðu.

Á s t æ ð u r.

Hin síðari ár hefir þótt talsvert á því bera, að Eiðið í Vestmannaeyjum væri að lækka vegna ágangs sjávar. Áður fyrri þóttu það hin mestu tíðindi, ef sjór „gekk yfir Eiðið“ sem kallað er, en nú skeður slíkt alloft, og þykir það meðal annars benda á, að Eiðið hafi lækkað að mun. Höfninni er vitaskuld hin mesta hætta búin, ef Eiðið lækkar enn til muna, og þykir því nauðsyn bera til, að reynt sé að girða fyrir það í tíma, að landið brotni þarna meira en orðið er.

Allt land er þarna ríkiseign, eins og kunnugt er, og virðist einsætt, að ríkið verði að verja þessa eign sína skemmdum fyrir ágangi af völdum náttúruaflanna.

Þáltill. þessi er borin fram í samræmi við yfirlýstan vilja kjósenda í Vestmannaeyjum á þingmálafundi í janúarmánuði síðastl.

Telja má líklegt, að nauðsynlegar umbætur megi gera á þessum stað án þess að kaupa til þeirra annað útlent efni en steinlím, en allur annar kostnaður yrði fólginn í vinnulaunum við framkvæmd verksins.

Sþ. 46. Tillaga til þingsályktunar

um meðferð utanríkismála.

Flm.: Bjarni Ásgeirsson, Héðinn Valdimarsson, Jónas Jónsson, Stefán Jóh. Stefánsson, Páll Zóphóníasson, Ásgeir Ásgeirsson, Gísli Guðmundsson, Emil Jónsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að undirbúa í samráði við utanríkismálanefnd skipulag á meðferð utanríkismála, innanlands og utan, sem bezt kann að henta, er Íslendingar taka alla stjórn þeirra mála í sínar eigin hendur, og bera síðan tillögur um þessi mál undir Alþingi. Kostnað þann, er ályktun þessi hefir í för með sér, skal greiða úr ríkissjóði.

G r e i n a r g e r ð.

Samkvæmt sambandslögunum, 18. gr., getur Alþingi hvenær sem er eftir árslok 1940 krafizt, að byrjað verði á samningum um endurskoðun þeirra laga, og verði ekki nýr samningur gerður innan 3 ára frá því að krafan kom fram, getur Alþingi samþykkt, að sambandssamningurinn sé úr gildi felldur, enda greiði $^2/_3$ hlutar þingmanna þessu atkvæði, og það verði síðan endursamþykkt með $^3/_4$ hlutum greiddra atkvæða við almenna atkvæðagreiðslu kjósenda í landinu, sem $^3/_4$ atkvæðisbærra kjósenda taka þátt í. Sama rétt hefir Ríkisþing Dana.

Á Alþingi 1928 var í sambandi við fyrirspurn frá Sig. Eggerz því lýst yfir af hálfu Framsóknarflokksins, Íhaldsflokksins og Alþýðuflokksins, að þessir flokkar vildu nota uppsagnarákvæðin eins fljótt og lög standa til, meðal annars til þess að taka utanríkismálin að fullu í hendur Íslendinga. Sjálfstæðisflokkurinn var þá að

vísu ekki fæddur, og mun því ekki telja sig bundinn við þessar yfirlýsingar, en aðalmenn hans allir voru þá í Íhaldsflokknum. Gefst nú Sjálfstæðisflokknum tækifæri til að gefa upplýsingar máli þessu viðvíkjandi.

Á árinu 1928 var sett á stofn föst utanríkismálanefnd þingmanna, er starfa ásamt ríkisstjórninni að meðferð utanríkismála, og síðan hefir raunverulega stjórn þessara mála að miklu leyti færzt inn í landið. Allir verzlunarsamningar eru gerðir að fyrirlagi ríkisstjórnarinnar og utanríkismálanefndar og venjulega af íslenzkum sendimönnum. En að lögum til er ástandið óbreytt með meðferð Dana á þessum málum, meðan sambandssamningurinn stendur.

Nú er farið að styttazt unz uppsögn á sambandssamningnum væntanlega fer fram og full þörf á, að undirbúningur verði gerður um endanlega skipun þessara mála á sem tryggilegastan og þó kostnaðarminnstan hátt. Ákvörðun verður að gera um, á hvaða stöðum erlendis þurfi að hafa sérstaka íslenzka sendimenn og ræðismenn og hvernig verði á öðrum stöðum erlendis tryggt, að umboðsmenn verði fyrir íslenzka ríkið, er annist nauðsynleg sendisveitar- eða ræðismannsstörf fyrir það. Þá þarf og að skipa málum þessum heima fyrir með sérstakri stjórnardeild og til allra þessara starfa sjá fyrir hæfum mönnum í tíma; og þó þannig, að nauðsynlegs sparnaðar verði gætt í hvívetna.

Þess verður að vænta, að gott samkomulag fáist um lausn þessara mála, sem svo miklu skipta íslenzku þjóðina, milli allra stjórnmálaflokka í landinu, enda þótt Sjálfstæðisflokkurinn hafi undanfarandi ár tekið þá afstöðu að vinna ekki sameiginlega með öðrum þingflokkum að utanríkismálum, heldur neitað að sitja fundi utanríkismálanefndar. Ekkert mál er eins óeðlilegt að hafa að deiluefni innanlands eins og sjálfstæðismál þjóðarinnar.

Nd. 47. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 35 1. febr. 1936, um viðauka við l. nr. 78 19. júní 1933, um kreppulánasjóð.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefir athugað frv. þetta og leggur einróma til, að hv. deild samþykki það.

Alþingi, 26. febr. 1937.

Héðinn Valdimarsson, form. Bergur Jónsson, fundaskr., frsm. Stefán Jóh. Stefánsson.
Thor Thors. Garðar Þorsteinsson.

Ed. 48. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 43 19. júní 1933, um stjórn vitamála og vitabyggingar.

Flm.: Ingvar Pálmason.

1. gr.

Á eftir orðunum „Á Seley ... hljóðviti“ í 9. gr. laganna komi: Á Hafnarnesi ... ljósviti, endurbygging.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Vitinn á Hafnarnesi hefir frá byrjun verið kostaður af Búðahreppi í Fáskrúðsfirði. Nú er vitinn orðinn svo úr sér genginn, að ekki verður hjá því komizt að endurbyggja hann. Fjárhagsafkoma Búðahrepps er nú orðin svo erfið, að honum er algerlega um megn að standa straum af vita þessum, enda með öllu ósanngjarnt, að fátækt hreppsfélag annist starfrækslu hans, þar sem vitinn er ekki aðeins innsiglingarviti, heldur einnig og engu síður strandsiglingaviti og því lífsnauðsyn öllum sjófarendum, sem sigla um þessar slóðir. Virðist því sjálfsagt að fella hann inn í vitakerfi landsins.

Ed. 49. Frumvarp til laga

um uppeldisheimili fyrir vangæf börn og unglinga.

Flm.: Guðrún Lárusdóttir.

1. gr.

Vangæf börn og unglingar eru í lögum þessum talin drengir og stúlkur, sem eru svo siðferðislega vanþroska, að þau brjóta hegningarlögin, sýna vítaverða ósiðsemi eða eru svo ódæl heima fyrir, að aðstandendur og kennarar ráða ekki við þau.

2. gr.

Stofna skal, svo fljótt sem við verður komið og fé er veitt til þess í fjárlögum, uppeldisheimili fyrir vangæf börn og unglinga, annað fyrir drengi og hitt fyrir stúlkur.

3. gr.

Ríkið starfrækir heimili þessi á sinn kostnað, eftir reglugerð, er kennslumálaráðherra setur í samráði við barnaverndarráð og fræðslumálastjóra.

4. gr.

Uppeldisheimili þessi skulu geta tekið, hvort um sig, 25—30 börn og unglinga, til 16 ára aldurs, sem barnaverndarnefndir eða lögreglustjórar ráðstafa þangað. Verði aðsókn meiri en húsrúm leyfir, ganga börn innan 15 ára aldurs fyrir þeim eldri, og þau börn látin sitja í fyrirrúmi, sem fátækust eru eða erfiðust þykja heima fyrir.

5. gr.

Kennslumálaráðherra ákveður, í samráði við barnaverndarráð, hvar þessar stofnanir verða, en þó skulu þær vera í sveit, þar sem er nægilegt landrými til búskapar, svo að börnin og unglingarnir geti vanizt algengri sveitavinnu.

Greinargerð.

Þann 8. nóv. 1935 var svolátandi þingsályktunartillaga samþykkt í efri deild Alþingis:

„Efri deild Alþingis ályktar að fela ríkisstjórninni að undirbúa löggjöf um uppeldisstofnun fyrir vangæf börn og unglinga.“

Ekki varð þess vart, að ríkisstjórnin hreyfði neitt við málinu, og bar ég því fram frumvarp í fyrra, sem nú liggur aftur lítið eitt breytt fyrir háttv. Alþingi. Málið hlaut eigi afgreiðslu. Situr því allt við sama, nema hvað ráðgert er, að nokkru fé verði varið úr ríkissjóði til að hlynna að barnaverndarmálum. Nauðsyn þess, að hér sé hafin rækileg varnar- og björgunarstarfsemi fyrir vangæf börn og unglinga.

fer dagvaxandi, því slíkum börnum og unglingum fjölgar óðum vor á meðal, eins og raun ber vitni um og ég mun reyna að sýna fram á með nokkrum tölum og dæmum.

Barnaverndarnefndir þekkja að sjálfsögðu bezt, hvar komið er vor á meðal í þessum efnum. Nýverið hefir verið birt yfirlit yfir þann starfsþátt barnaverndarnefndar Reykjavíkur, sem snertir börnin beinlínis og eingöngu. Koma þar í ljós ástæðurnar fyrir afskiptum nefndarinnar af einstökum börnum. Langoftast er það þjófnaður, hnupl eða þátttaka í þvílíku, þá óhlýðni, óknyttir og vanræksla, útiverur barna og lausung; þess utan veiklun og heilsuleysi, sem börnunum verður vitanlega ekki gefið að sök.

Síðastliðið ár hafði barnaverndarnefndin afskipti af 102 börnum; þar af höfðu lent í þjófnaði 69 börn, og auk þess komu til afskipta nefndarinnar vegna óknytta, óhlýðni og vanrækslu 19 börn, vegna útiveru og lausungar 7 börn, og vegna óviðráðanlegra ástæðna, svo sem heilsuleysis og veiklunar, alls 7 börn.

Tölur barnaverndarnefndar bera það með sér, að börnunum fjölgar hér í bæ ár frá ári, sem rata í einhver þau vandræði, er hér hafa verið nefnd. Frá því í september til ársloka 1932 eru börnin 50 talsins, samkvæmt athugunum barnaverndarnefndarinnar í Rvík árið 1934 eru þau 58, árið 1935 eru þau 76, og síðastliðið ár eru þau 102, svo sem fyrr greinir. Tölur þessar sýna, að ástandið er orðið alliskyggilegt og fullkomin ástæða til að gefa því gaum.

Það, sem hér hefir sagt verið um ástand á meðal barna, varðar eingöngu Reykjavík, en enginn skyldi afsaka aðgerðaleysið í þessum málum með því, að „allt sé í lagi“ annarsstaðar á landinu. Síður en svo.

Til barnaverndarnefnda í flestum kaupstöðum landsins komu ýms vandræðamál út af vítaverðri hegðun barna innan 15 ára aldurs, og sum þess eðlis, að mjög illt er fram úr að ráða, og í fámennum sveitum, sem margir munu ætla, að séu alveg lausar við slík hneykslismál, hafa komið fyrir mál á meðal barna, sem sýna, að víðar er pottur brotinn í svona efnum en í kaupstöðunum. Mér þykir óþarfi að kveða fastar að orði um það; menn rekur efalaust minni til þeirra leiðindaatburða allmargra.

Allt er þetta hryggðar- og áhyggjuefni hugsandi manna, og margur spyr: hvað verður gert til þess að koma í veg fyrir háskann, sem bíður þjóðar vorrar, með þessu áframhaldi?

Ég vil í þessu sambandi benda á aðgerðir frændþjóða vorra í nágrannalöndunum, en þar eru fjöldamörg og margskonar barnahæli og uppeldisstofnanir; sumar eru orðnar 150—200 ára gamlar. Má því örugglega byggja á reynslu, sem þar er fengin, og sú reynsla ber það skýrt með sér, að uppeldisstofnanir fyrir vangæfu börnin hafa orðið til ómetanlegs gagns. Hve mörgu mannsefni þær hafa bjargað frá tortímingu, veit kannske enginn, en áhrif slíkra heimila eru harla viðtæk. Ef vér berum oss saman við þessar þjóðir, sem árlega leggja fram stórfé og mikla starfskrafta, æskulýð sínum til verndar og björgunar, hljótum vér að kannast við vanrækslu vora í þessum efnum, og að við svo búið má eigi lengur sitja. Vér hljótum að hefjast handa og taka málefni vangæfu barnanna til rækilegrar meðferðar. Með hverjum hætti verður bætt úr brýnustu þörfinni? Svipaðri spurningu hefir starfsmaður í barnaverndarnefnd Reykjavíkur (Maggi Magnúss læknir) svarað nýlega á þessa leið (Morgunblaðið, 47. tbl. 1937): „Það, sem barnaverndarnefnd Reykjavíkur vanhagar einna mest um, er hæli fyrir börn hér í bænum. Það kemur ekki svo sjaldan fyrir, að nefndin þurfi að koma börnum fyrir með stuttum fyrirvara. Einnig væri æskilegt, að nefndin gæti gert miklu meira að því en nú er mögulegt, að fjarlægja börn úr umhverfi sínu í bili, meðan verið er að athuga allar ástæður.“

Ennfremur segir læknirinn: „**Síðast en ekki sízt þarf að koma upp dvalarheimili fyrir þessi börn í sveit undir öruggri stjórn sérfróðs manns.**“ (Leturbreyt. hér.) — — — „Hingað til hefir nefndin þurft að hola þeim börnum, sem æskilegt eða nauðsynlegt þótti að koma burt úr bænum, niður á sveitaheimili hingað og þangað, en á

slíku eru mikil vandkvæði, sökum kunnugleikaskorts, að velja hverju barni heppilegt heimili.“

Læknirinn lýkur máli sínu þannig:

„Að gera góða þjóðfélagsborgara úr þessu brotasilfri mannfélagsins er eitt af mestu vandamálum þjóðarinnar.“ Og þetta er einmitt það, sem menningarþjóðirnar leggja svo mikla rækt við, meðal annars með því að stofna heimili fyrir vangæfu börnin og veita þeim þar heilbrigt uppeldi.

Hvað kostnaðarhlið málsins snertir, verður ekki um hana sagt fyrirfram með neinni vissu. Stofnkostnaðurinn fer mjög eftir því, að hve aðgengilegum kjörum komizt verður um húsakost og annað, er heimilið varðar. Rekstrarkostnaður stofnunarinnar hlýtur að fara mikið eftir því, hvernig búskapurinn gengur, því sjálfsagt er að reka búskap í sambandi við heimilið; hæfileg vinna er eitt hið ákjósanlegasta uppeldisráð, sem ætíð reynist flestu öðru betur.

Annars dugir oss ekki að einblína á kostnaðinn, sem slík uppeldisstofnun hefir í för með sér; börnin eru allra dýrmætasta eign sérhverrar þjóðar, og það, sem gert er þeim til bjargar, er gróði þjóðfélagsins, — það verður því allra dýrast að vanrækja þau og týna þeim í spillingu og ómennsku.

Nd. 50. Frumvarp til laga

um rekstrarlánafélög.

Flm.: Sigurður Kristjánsson, Jóhann Jósefsson.

1. gr.

Útvegsmönnum í einu og sömu verstöð eða byggðarlagi er rétt að stofna rekstrarlánafélög samkvæmt lögum þessum.

2. gr.

Hlutverk rekstrarlánafélaga er að annast útvegun rekstrarlána handa félagsmönnum sínum.

Félögin geta einnig haft með höndum sameiginleg innkaup á nauðsynjum félagsmanna til útgerðar og sölu á afurðum þeirra.

Rekstrarlánafélögin skulu haga starfsemi sinni þannig:

a) að svo tímanlega sé samið um rekstrarlán handa félagsmönnum, að þeir geti óhindraðir hafið fiskveiðar í byrjun vertíðar.
b) að félagsmenn geti jafnan orðið aðnjótandi beztu kjara á aðkeyptum nauðsynjum til rekstrar síns, með því að geta boðið staðgreiðslu.

3. gr.

Ábyrgð félagsmanna á skuldbindingum rekstrarlánafélaga getur verið með tvennu móti:

a) að félagsmenn ábyrgist einn fyrir alla og allir fyrir einn allar skuldbindingar félagsins.
b) að hver félagsmaður ábyrgist einungis sína eigin skuld, að viðbættri tiltekinni upphæð, sem nánar sé ákveðin í lögum hvers félags.

Félagsmenn í sama félagi mega vera fæstir 5, en flestir 30. Þó má víkja frá þessu ákvæði, ef hentugt þykir og sérstaklega stendur á.

4. gr.

Stjórn rekstrarlánafélags eða umboðsmaður hennar semur við lánsstofnanir um rekstrarlán handa félagsmönnum, eftir því sem félagsstjórninni og hverjum ein-

stökum félagsmanni hefir komið saman um og með tilliti til eðlilegrar rekstrarlánaþarfar félagsmanns og þeirra trygginga, er hann getur sett.

5. gr.

Fyrirkomulag lána þeirra, er rekstrarlánafélög útvega félagsmönnum, getur verið með tvennu móti:

a) að hver einstaklingur sé lántakandi hjá hlutaðeigandi lánsstofnun að því láni, er hann fær.
b) að félagið sjálft sé skuldunautur gagnvart lánsstofnuninni og að það úthluti lánsfénu meðal félagsmanna.

Síðarnefnda tilhögunin skal þó að jafnaði ekki höfð, og ekki nema ef alveg sérstaklega stendur á, og skulu um þetta sett ýtarleg fyrirmæli í félagslögum og reglugerðum.

6. gr.

Þátttaka útvegsmanns í rekstrarlánafélagi er eigi því til fyrirstöðu, að hlutaðeigandi útvegsmaður verði sér úti um rekstrarlán á annan hátt, ef honum þykir það hagkvæmara.

7. gr.

Lánsstofnunum, er veita lán samkvæmt lögum þessum, er heimilt að setja sérstök skilyrði fyrir lánunum, í því skyni að tryggja skilvísa greiðslu þeirra, svo sem:

að allar sjávarafurðir lántakanda skuli seldar gegnum sölusamlag,

að í hvert skipti, er lántakandi selur afurðir — eins þó að þær séu ekki veðsettar fyrir láninu —, skuli jafnan haldið eftir nokkurri upphæð af andvirðinu, svo sem nánar kann að vera um samið, til greiðslu upp í lánið.

Þetta atriði gildir, þótt lánið sé ekki komið í gjalddaga

að lánsstofnunin eða trúnaðarmanni hennar sé jafnan heimilt að hafa eftirlit með því, að þannig umsömdum ákvæðum sé framfylgt.

8. gr.

Lán samkvæmt lögum þessum veitast gegn þeim tryggingum, er lánsstofnunin metur gildar. Þau skulu endurgreidd að fullu innan eins árs frá lántökudegi, eða fyrr, eftir því sem um semur.

Það teljast ekki vanskil, þótt hluti af rekstrarláni sé ógreiddur, ef lántakandi sannar, að hann eigi nægilegar óseldar afurðir til fullnaðargreiðslu lánsins.

Vextir — þar með talin framlengingargjöld eða provision — mega ekki vera hærri en venjulegir bankavextir af fiskveðsvíxlum á sama tíma.

9. gr.

Komi til þess, að Landsbanki Íslands eða Útvegsbanki Íslands, annar eða báðir, sjái sér ekki fært, vegna vöntunar reiðufjár, að sinna lánbeiðnum rekstrarlánafélaga, skal ríkisstjórnin sjá um og veita aðstoð sína til þess að bankarnir, annar eða báðir, verði sér úti um lánsfé, til þess að fullnægja rekstrarlánaþörfinni, eftir því sem tryggingar standa til.

10. gr.

Lög og starfsreglugerðir rekstrarlánafélaga skulu sniðin eftir fyrirmyndum, sem atvinnumálaráðuneytið semur í samvinnu við Landsbanka Íslands, Útvegsbanka Íslands, Fiskifélag Íslands og Sölusamband íslenzkra fiskframleiðenda.

Skulu fyrirmyndir þessar samdar þegar er lög þessi hafa verið staðfest og vera til útbýtingar hjá sýslumönnum landsins og Fiskifélagi Íslands og fulltrúum þess.

11. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frv. þetta var fyrst flutt á þinginu 1934 af sömu flutningsmönnum og nú, sem voru þá minni hluti sjávarútvegsnefndar Nd. Milliþinganefndin í sjávarútvegsmálum, er starfaði 1933—34, samdi frv. og sendi ríkisstjórninni, en hún sendi það til sjávarútvegsnefndar Nd. og fór fram á það, að nefndin tæki málið til flutnings, en meiri hluti nefndarinnar taldi sig enga afstöðu geta tekið, og tók minni hlutinn málið til flutnings. Málið var aftur flutt á þinginu 1935, en hefir í hvorugt skiptið orðið útrætt.

Vér teljum brýna þörf á því að hjálpa bátaútvegsmönnum til þess að fá hentugt rekstrarfé til útgerðar sinnar, og að gera þeim fært með því að sæta sem beztum kjörum á nauðsynjum sínum. Teljum vér þingið ekki mega lengur færast undan því að veita bátaútgerðinni þessa réttarbót, og fyrir því er það enn borið fram á þessu þingi.

Frv. er því nær alveg samhljóða frv. um sama efni, er flutt var á þinginu 1934, þskj. 695.

Að öðru leyti skal hér benda á greinargerð þá, er fylgdi frv. 1934.

Ed. 51. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 99 3. maí 1935, um skuldaskilasjóð vélbátaeigenda.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin er sammála um að mæla með, að frv. verði samþykkt. En þar sem það hefir komið í ljós, að ekki hefir unnizt tími til að lúka þeim lánveitingum úr skuldaskilasjóði vélbátaeigenda, sem gert er ráð fyrir í frv., fyrir síðastliðin áramót, verður ekki komizt hjá því að lengja starfstíma sjóðsins. Leggur því nefndin til, að frv. verði samþ. með þessari

BREYTINGU:

Á eftir 1. gr. frv. kemur ný grein, svo hljóðandi:

Lánveitingum úr sjóðnum skal lokið 1. maí 1937, og skal ríkisstjórninni heimilt að fela stjórn skuldaskilasjóðs, er skipuð var samkvæmt 10. gr. laga nr. 99 3. maí 1935, að halda áfram störfum til þess tíma, þó svo, að hér eftir séu þær einar lánbeiðnir afgreiddar, er sjóðnum höfðu borizt fyrir 1. jan. 1937. Um lánveitingar þær, er hér ræðir um, fer að öðru leyti eftir lögum nr. 99 3. maí 1935.

Alþingi, 27. febr. 1937.

Ingvar Pálmason, form., frsm.	Sigurjón Á. Ólafsson, fundaskr.	Jón A. Jónsson.

Nd. 52. Frumvarp til laga

um Raufarhafnarlæknishérað.

Flm.: Gísli Guðmundsson.

1. gr.

Stofna skal, þegar landlæknir mælir með, sérstakt læknishérað, er nefnist Raufarhafnarlæknishérað, og skipa sérstakan héraðslækni til að þjóna því. Skal hann hafa búsetu á Raufarhöfn.

2. gr.

Raufarhafnarlæknishérað nær yfir Austur-Sléttu frá Rifi og vesturhluta Þistilfjarðar að Kollavík, og minnka núverandi Öxarfjarðar- og Þistilfjarðarlæknishéruð sem því svarar.

3. gr.

Laun héraðslæknis skulu ákveðin af heilbrigðisstjórninni, unz þau verða ákveðin í launalögum.

4. gr.

Á meðan skilyrði 1. gr. eru ekki fyrir hendi skal ár hvert settur læknir á Raufarhöfn mánuðina júní—september, að báðum meðtöldum, og nái starfssvið hans yfir Raufarhafnarlæknishérað eins og það er ákveðið í 2. gr. Þóknun læknisins skal ákveðin af heilbrigðisstjórninni.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frv. að nokkru samhljóða þessu var flutt á síðasta þingi.

Íbúar Raufarhafnar og nágrennis þurfa nú að sækja lækni til Kópaskers, sem er mjög erfitt og kostnaðarsamt. Sömuleiðis eiga vesturbæir Þistilfjarðar mjög erfiða læknissókn til Þórshafnar. Er frv. flutt samkvæmt áskorun almenns borgarafundar á Raufarhöfn 13. febr. 1936 og leiðarþings á sama stað á sl. vori.

Áherzla skal á það lögð, að heilbrigðisástand á Raufarhöfn hefir undanfarið verið allalvarlegt, og að slysahætta er þar jafnan nokkur í sambandi við iðnrekstur yfir sumartímann. Um síldveiðitímann kemur þangað fjöldi skipa, sem geta þurft á læknisaðstoð að halda. Við þetta er bráðabirgðaákvæði 4. gr. miðað.

Að öðru leyti vísast til þeirra ástæðna, sem fram eru færðar í erindi til Alþingis, sem samið er af nefnd, er nefndur borgarafundur kaus til að rita Alþingi um málið.

Fylgiskjal.

Erindi til Alþingis.

Hinn 13. febrúar þ. á. var almennur borgarafundur haldinn hér á Raufarhöfn, þar sem m. a. var rætt um þá nauðsyn, að hér verði hið bráðasta stofnað nýtt læknishérað. Fundurinn kaus okkur undirritaða til að skrifa hinu háa Alþingi um málið.

Við viljum því hér með draga fram nokkur rök fyrir nauðsyn þessa máls, sem jafnframt geta verið til skýringar fyrir þá háttvirta þingmenn, sem ekki eru kunnugir staðháttum.

Þess skal og getið, að héraðslæknir okkar, hr. Jón Árnason á Kópaskeri, er því mjög meðmæltur, að hér verði settur læknir, og er það því í fullu samráði við hann, að fram á þetta er farið, og nokkur af eftirfarandi atriðum eftir honum höfð.

1. Öxarfjarðarhérað nær, sem kunnugt er, frá Ormarsá, austan við Raufarhöfn, að Tunguheiði og upp á Hólsfjöll. Mun vegalengdin enda á milli, héðan og upp á Hólsfjöll, eigi skemmri en ca. 200 km., en frá bústað læknisins til Raufarhafnar eigi skemmri en 60 km., og auk þess heiðarvegir allsnjóþungir og óvarðaðir á milli. Getur því að vetrarlagi verið næstum ókleift að ná í lækni um fleiri daga, jafnvel þótt hann sé heima, og sjúklingar því hjálparlausir þann tíma.
2. Kostnaður við læknisvitjanir hingað til Raufarhafnar og grennd verður svo mikill, að öllum þorra manna er nær ókleifur.

Héraðslæknirinn hefir gefið okkur þær upplýsingar, að meðaltalskostnaður við hverja ferð sína hingað verði ca. kr. 70.00 auk læknishjálpar, og kostnaður við að sækja lækni til Þórshafnar, sem stundum hefir verið gert, verður oftast meiri, enda hefir sá læknir einnig víðáttumikið hérað og því ekki ætíð að hann geti við slíku snúizt.

3. Hér í þorpinu eru liðlega 200 manns heimilisfastir, og í grenndinni, sveitinni, sem hugað er að tilheyri þessu læknishéraði, annað eins, svo það mundu verða ca. 400 manns, sem læknis yrðu njótandi með hægara móti við þessa breytingu. Auk þess kemur hér á sumrin fjöldi skipa, einkum veiðiskipa, innlendra sem útlendra, sem stundum þurfa til læknis að leita, og svo er rekin hér síldarbræðsluverksmiðja, sem af getur stafað slysahætta, sem af annari vélaiðju.
4. Samkv. milliríkjasamningnum síðasta milli Íslands og Noregs, „norsku samningunum", er Raufarhöfn ein af þeim höfnum, sem Norðmenn hafa leyfi til að notfæra sér, svo langt sem það nær, enda koma þeir oft hér við, er þeir koma hér upp á sumrin til síldveiða við Norðurland, til að taka vatn o. fl., áður þeir leggja út til veiða. Af þessum skipum, ásamt öðrum útlendum skipum, er hingað koma beint frá útlöndum, getur alltaf stafað farsóttarhætta, og því nauðsyn, að læknir sé ekki búsettur fjarri slíkum stöðum.
5. Héraðslæknirinn skýrir svo frá, að fyrir nokkrum árum hafi berklaveiki verið nálega óþekkt hér á Raufarhöfn og Austur-Sléttu, en sé nú á seinustu árum mjög að breiðast út, og að ekkert viðlit sé fyrir sig í slíkri fjarlægð, er hann sitji, með víðáttumikið læknishérað, að hafa það eftirlit, sem nauðsynlegt sé í því efni.

Vér viljum því skora á hið háa Alþingi að athuga þau rök, er hér eru færð fram fyrir nauðsyn þess, að hér verði stofnað nýtt læknishérað.

Oss er það ljóst, hver útgjöld slíkt hefir í för með sér fyrir ríkið, en þegar betur er að gáð, gæti það ef til vill orðið sparnaður, að hér væri læknir, bæði fyrir ríkið og einstaklinga.

Óskum vér svo, að málaleitun vorri verði vel tekið af hinu háa Alþingi.

Með mikilli virðingu.

Raufarhöfn, 15. febrúar 1936.

Hólmsteinn Helgason. Einar B. Jónsson. Friðmundur Jóhannesson.

Til Alþingis Íslands, Reykjavík.

Nd. 53. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 30 19. júní 1922 [Skemmtanaskattur].

Flm.: Bjarni Ásgeirsson, Pétur Ottesen.

1. gr.

Aftan við lagagreinina bætist: né heldur héraðsmót ungmennafélaga.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt eftir beiðni stjórnar Ungmennasambands Borgarfjarðar. Í erindi því, er hér með fylgir og ritað hefir formaður sambandsins, hr. rithöfundur

Þorsteinn Jósepsson á Signýjarstöðum, eru færðar fram ástæður fyrir þessari breytingu.

Fylgiskjal.

Þann 7. apríl 1936 fékk hreppsnefnd Borgarhrepps í Mýrasýslu heimild til að leggja skemmtanaskatt á skemmtanir, sem haldnar væru innan hreppsins, samkv. lögum nr. 34 frá 22. nóv. 1918.

Nú vill þannig til, að Ungmennasamband Borgarfjarðar heldur hið árlega héraðsmót sitt innan takmarka Borgarhrepps, eða að Ferjukoti í Borgarhreppi, og nær þessi heimild hreppsnefndarinnar því eins til héraðsmótsins sem annara skemmtana í hreppnum.

Þegar stjórn U. M. S. B. varð þess áskynja, að skattleggja átti héraðsmótið, fór hún þess á leit við hreppsnefnd Borgarhrepps, að hún veitti sambandinu undanþágu frá skattgreiðslu. Þessari beiðni var synjað, en sambandsstjórninni hinsvegar lofað því, að ef hún greiddi kr. 100.00 fyrir mótið 1936, skyldi frekari skatts ekki verða krafizt fyrir það ár. Að þessum kosti gekk sambandsstjórnin, en jafnframt var henni gefið í skyn af hlutaðeigandi hreppsnefndaroddvita, að þessi ívilnun fengist varla oftar. Má ungmennasambandið því búast við fullri skattálagningu þegar á árinu 1937, en skatturinn nemur allt að 20% af brúttótekjum mótsins. (Veitingar eru líklega undanteknar, en af þeim verður að greiða sérstakan veitingaskatt).

Nú horfir málið þannig við, að ef 20% skattur (auk veitingaskatts) verður lagður á héraðsmót Borgfirðinga, en það er svo að segja eina tekjulind ungmennasambandsins, þá á sambandið um þrjá kosti að velja:

1. Að halda mótinu áfram á sama stað og borga skemmtanaskatt. En það myndi hinsvegar verða til þess, að hreinar tekjur af mótinu minnkuðu til stórra muna og starfsemi sambandsins væri lömuð í stórum stíl.

2. Að flýja með mótið yfir í annan hrepp, og þannig að auka sambandinu erfiði og geipikostnað, með því að rífa byggingar og mannvirki, flytja það og byggja á nýjum stað. Auk þess hlyti skemmtanaskattshættan að vera yfirvofandi, því að samkv. núgildandi lögum getur hvaða hreppur sem er fengið heimild til að skattleggja skemmtanir innan sinna hreppstakmarka.

3. Að leggja héraðsmótið alveg niður. En það væri það sama og U. M. S. B. væri hætt að starfa, því að án fjármagns er því ekki unnt að starfa áfram.

Hvað Ungmennasambandi Borgarfjarðar viðvikur, kemur skemmtanaskattsálagning mjög hart og jafnframt ómaklega niður. Ungmennasambandið hefir frá því að það byrjaði að starfa verið einhver mesti og þarfasti menningarfélagsskapur í héraðinu, og menningarleg starfsemi þessi hefir æ aukizt með ári hverju, meðal annars vegna þess, að tekjur sambandsins hafa farið vaxandi. Meðal þeirra mála, sem ungmennasambandið hefir frá fyrstu tíð haft með höndum, eru íþróttir og líkamsmenntun. Hefir það jafnan verið tengiliður milli ungmennafélaganna í íþróttamálum, styrkt þau til íþróttanámskeiða og íþróttakennslu, hvatt þau til aukinna íþróttaiðkana og árlega veitt nokkurt fé til íþróttaverðlauna. Auk þessa hefir það á hverju ári styrkt íþróttafélag Borgfirðinga svo það gæti keppt á landsmótum í íþróttum. Árangurinn ætti öllum að vera kunnur, sem áhuga hafa fyrir íþróttum, meðal annars fyrir glæsilegan árangur í víðavangshlaupinu í Reykjavík. Slík sigursæl íþróttakeppni Borgfirðinganna á landsmótum ætti að verða til þess að glæða áhuga í öðrum byggðum landsins fyrir líkamsmennt og íþróttum.

Til heimilisiðnaðar og garðyrkju hefir ungmennasambandið á flestum árum veitt nokkurn styrk, og nú hefir það einnig byrjað á því að veita ungmennafélögum styrk til bókakaupa, en áður var fé veitt til að leiðbeina ungmennafélögum um niðurröðun bóka í bókasöfnum. Öll eiga þessi málefni ótvíræðan rétt á sér og sýna, hve starfssvið ungmennasambandsins er víðtækt.

Þegar héraðsskóli Borgfirðinga var byggður í Reykholti, færðist ungmenna-

sambandið það þrekvirki í fang að taka að sér 20 þúsund króna greiðslu af áföllnum kostnaði. Þessi skuldabaggi hefir á undanförnum árum að vísu verið þröskuldur í vegi fyrir öðrum framkvæmdum sambandsins, en hinsvegar orðið til þess að vekja ungmennafélögin til nýs lífs og áhuga fyrir menningarmálum þjóðarinnar. Ungmennasambandinu hefir tekizt úrlausn þessa fjárhagslega vandamáls svo vel, að skuldir hvíla orðið litlar á sambandinu, og þetta hefir vakið áhuga ungmennafélaga fyrir nýjum stórvirkum framkvæmdum, sem allar miða til aukinnar menningar.

Meðal þeirra mála, sem nú eru á döfinni í Ungmennasambandi Borgarfjarðar, er bygging húsmæðraskóla fyrir héraðið og bygging borgfirzks æskulýðsheimilis. Mun hvorttveggja að líkum eiga nokkuð langt í land, einkum vegna þess, hve fjármagn er lítið, — en hvað mundi verða, ef nettótekjur sambandsins minnkuðu um allt að helmingi, vegna óheilbrigðrar skattgreiðslu? Auk þessa, sem að framan er greint, hefir U. M. S. B. ákveðið að stofna til almenns fyrirlestranámskeiðs við Reykholtsskóla í samráði við skólanefnd skólans, og verður þetta námskeið haldið í vor að öllu forfallalausu. Einnig hefir U. M. S. B. hafizt handa með skuggamyndasöfnun af héraðinu, fegurð þess, þjóðvenjum, framkvæmdum, merkum mönnum, merkum stöðum, atvinnuháttum og öðrum framkvæmdum og menningu. Mun ungmennasambandið þannig ekki aðeins gera héraðinu ómetanlegt gagn með þessu starfi sínu, heldur er það og brautryðjandi á þessu sviði, því að vænta má, að önnur héraðasambönd og ungmennafélög taki þessa nýbreytni upp í framtíðinni. Er hinn fyrsti vísir nú þegar kominn í framkvæmd með ca. 50 skuggamyndaplötum af borgfirzku landslagi.

Auk þessa, sem að framan er skráð, hefir Ungmennasamband Borgarfjarðar frá fyrstu tíð haft fjölda mála til meðferðar, sem ýmist hafa miðað til aukinnar borgfirzkrar menningar eða alþjóðlegra heilla. Þarf ekki annað en minnast á fé það, er það veitti til viðgerðar á Snorralaug og margt fleira. Það má svo heita, að hverjum einasta eyri, sem U. M. S. B. hefir áskotnazt, hefir á einhvern hátt verið varið til aukinnar menningar og heilla. Af þessari ástæðu er það líka argasta óréttí beitt, ef meiri eða minni hluti af tekjum þess yrði að fara í skattgreiðslur.

En nú er það vitað mál, að það er ekki U. M. S. B. eitt, sem á óréttlátan skemmtanaskatt vofandi yfir höfði sér. Öll ungmennafélög og ungmennasambönd á landinu geta búizt við slíkri skattálagningu, ef hlutaðeigandi hreppsnefndum býður svo við að horfa. Ef skemmtanir ungmennafélaganna yrðu almennt skattlagðar, yrði það óhjákvæmilega til þess að lama starfsemi ungmennafélaganna til mikilla muna, jafnvel eyðileggja hana með öllu. Hinsvegar er það vitanlegt, að víða á landinu hafa ungmennafélögin verið ekki veigalítill þáttur til viðhalds sveitanna. Þeim er það m. a. að þakka, að æskan hefir ekki með öllu horfið úr sveitunum; þau hafa gefið æskunni ný viðfangsefni til að sigra, ýms mikilsverð umhugsunarefni til dægrastyttingar í einverunni, og venjulega hafa það verið ungmennafélögin, sem hafa gengizt fyrir stofnun lestrarfélaga, sundkennslu og öðrum íþróttaiðkunum til sveita, og stofnað til málfunda og skemmtana, og þannig uppfyllt að nokkru þarfir hinnar uppvaxandi kynslóðar.

Nú er löggjöf landsins þannig háttað, að ef hreppsnefndum sveitanna býður svo við að horfa, geta þær með þröngsýni sinni lamað þessa einu æskulýðsstarfsemi í sveitum, sem vinnur að alþjóðlegri menningu og viðreisn. En þetta þarf að breytast. Ungmennafélög og ungmennasambönd landsins þurfa og eiga að njóta lagalegrar verndar — svo mikils virði hefir starfsemi þeirra verið til þessa — og þau eiga ekki að þurfa þess í framtíðinni að eiga allt sitt starf og alla sína framtíð komna undir duttlungum einstakra hreppsnefnda.

Signýjarstöðum, 15. febrúar 1937.

F. h. stjórnar Ungmennasambands Borgarfjarðar

Þorsteinn Jósepsson.

Nd. **54. Frumvarp til laga**

um bændaskóla.

Flm.: Bjarni Ásgeirsson, Páll Zóphóníasson.

1. gr.

Þar til öðruvísi verður ákveðið, skulu vera tveir skólar á landi hér, er veita bændaefnum nauðsynlega undirbúningsmenntun og sérþekkingu til undirbúnings stöðu þeirra. Skal annar vera á Hólum í Hjaltadal, en hinn á Hvanneyri í Borgarfirði. Skólarnir nefnast bændaskólar.

2. gr.

Á skólajörðum skulu vera hæfilega stór, fjölbreytt bú, rekin á kostnað ríkissjóðs, og veita skólastjórarnir þeim forstöðu. Þar skulu færðir búreikningar um allar greinir búrekstrarins.

Á búunum skal gera ýmsar hagnýtar tilraunir á sviði landbúnaðarins. Sérstaklega skal leggja áherzlu á tilraunir í jarðrækt, garðrækt, kynbótum búfjár og öðru, er að búfjárrækt lýtur, þar á meðal loðdýrarækt.

Áherzla skal á það lögð, að alidýraræktin á skólabúunum sé sem fjölbreytilegust, með hliðsjón af þeim arði, sem af slíkri starfsemi getur leitt fyrir íslenzkan landbúnað.

3. gr.

Í landi skólajarðanna skal heimilt að reisa nýbýli og bústaði fyrir kennara og starfsfólk skólanna á kostnað ríkissjóðs, eftir því sem landbúnaðarráðherra ákveður í samráði við skólastjóra og fé er veitt til þess í fjárlögum.

Landbúnaðarráðherra ákveður landstærð þessara nýbýla í samráði við skólastjóra.

4. gr.

Við hvorn skóla skulu vera skólastjóri og tveir fastir kennarar.

Skólastjórar hafi að byrjunarlaunum 3400 kr. á ári, en launin hækki á tveggja ára fresti um 500 kr., upp í 4400 kr.

Kennarar hafi að byrjunarlaunum 2800 kr. á ári, en launin hækki á tveggja ára fresti um 500 kr., upp í 3800 kr.

Auk þess njóti bæði skólastjórar og kennarar ókeypis ljóss og hita. Dýrtíðaruppbót skal greiða skólastjórum og kennurum eftir sömu reglum og öðrum starfsmönnum ríkisins.

Auk áður talinna launa skal greiða hvorum skóla upphæð, er svarar tveim fullum kennaralaunum. Skal þeirri fjárupphæð, eftir því sem með þarf, varið til verklegrar og bóklegrar kennslu, að því leyti sem skólastjóri og kennarar ekki geta annazt hana.

Skólastjóri ræður aukakennara með samþykki landbúnaðarráðuneytisins til að annast þessa kennslu.

Njóti kennarar landsnytja og afnota peningshúsa, gjaldi þeir fyrir það leigu.

Fastir kennarar skulu eiga þess kost, einu sinni á hverjum 6 árum, að fá 4 mánaða frí til utanfarar, til að kynna sér framfarir og nýjungar í landbúnaði.

Fastir starfsmenn skulu hafa mánaðarfrí ár hvert.

5. gr.

Skólarnir séu þriggja missira skólar. Í hvorum skóla séu tvær deildir, yngri og eldri deild. Bóklega kennslan fari fram á tímabilinu frá 15. október til 30. apríl ár hvert.

Kennslan í yngri deild sé aðallega bókleg, en í eldri deild bæði bókleg og verkleg.

Þeim umsækjendum skólans, sem fullnægja hinum almennu inntökuskilyrðum, og að dómi skólastjóra hafa þá þekkingu, sem krafizt er fyrir inntöku í eldri deild skólans, skal leyft að sleppa yngri deild, en dvelja skulu þeir þó árlangt í skólanum og koma að vorlagi til hans.

6. gr.

Skilyrði fyrir inntöku í skólann séu þessi:

a. Að umsækjandi sé fullra 18 ára. Þó getur skólastjóri veitt undanþágu frá þessu ákvæði, ef sérstakar ástæður mæla með.
b. Að hann hafi unnið að almennum landbúnaðarstörfum að minnsta kosti eitt sumar í sveit eftir að hann varð 14 ára.
c. Að hann fullnægi þeim skilyrðum um kunnáttu, sem reglugerð ákveður.
d. Að hann hafi óflekkað mannorð og sé ekki haldinn smitandi sjúkdómi.

7. gr.

Kennslan í skólanum sé bæði bókleg og verkleg. Bóklega kennslan fari fram í fyrirlestrum, að því leyti sem betur þykir henta. Þessar námsgreinar skal kenna bóklega:

Íslenzku, stærðfræði (talnafræði), flatar- og rúmmálsfræði og reikningshald, þjóðfélagsfræði, búnaðarhagfræði, búnaðarsögu og landbúnaðarlöggjöf Íslands og nágrannalandanna, viðskiptalandafræði, grasafræði, eðlisfræði, efnafræði, jarðfræði, líffærafræði og lífeðlisfræði búfjár, búfjárfræði, mjólkurfræði, arfgengisfræði, verkfærafræði, jarðræktarfræði, helztu undirstöðuatriði húsabygginga í sveitum og land- og hallamælingar.

Í eldri deild skal leggja ríka áherzlu á kennslu í búfjár- og jarðræktarfræði. Verklega kennslan fari aðallega fram á skólabúunum sumarið á milli námsvetranna og að nokkru leyti síðari veturinn.

Kennd skulu sem fjölbreyttust jarðræktarstörf, garðrækt, nýyrkja, heyskapur og uppskeruvinna. Ennfremur akuryrkja með sáðskiptiræktun.

Einnig skal nemendum kennd hirðing og notkun þeirra verkfæra, er verulega þýðingu hafa fyrir búskap, einkum með tilliti til aukinnar hestanotkunar.

Nemendum ber að taka þátt í hirðingu þeirra búfjártegunda (alidýra), sem á búunum eru, undir stjórn og tilsögn kennara. Þeir skulu og taka þátt í venjulegum bústörfum, með það fyrir augum, að þeir nemi hagnýtar vinnuaðferðir, er komi bændum að sem mestum notum í starfi þeirra.

Vanti verkefni á skólabúunum, er heimilt að láta nemendur stunda verklega námið að meira eða minna leyti annarsstaðar, ef fullnægt er þeim skilyrðum, sem sett eru fyrir náminu.

Ferðakostnað, er nemendur hafa af för sinni frá skólanum til verklegs náms, skulu þeir fá greiddan af fé skólans. Heimilt er, með samþykki landbúnaðarráðherra, að veita nemendum undanþágu um heyskapartímann frá því að stunda verklega námið á skólabúunum, eða á þeim stöðum öðrum, þar sem verklega kennslan fer fram, ef þeim er það brýn nauðsyn, vegna heimilisástæðna, að vera heima, en próf verða þeir að þreyta eins og aðrir nemendur skólans. Í báðum deildum skal ennfremur kenna búsmíði (trésmíði og járnsmíði), landmælingar, steinsteypugerð, söng, íþróttir, leikfimi og teikningu.

Í reglugerð skal kveða nánar á um allt fyrirkomulag kennslunnar, bæði í bóklegum og verklegum efnum.

8. gr.

Fyrir verkleg störf á skólabúunum, eða öðrum stöðum, þar sem verklega kennslan fer fram, fá nemendur fæði og þjónustu tvö seinni missirin, án sérstaks endurgjalds. Úr ríkissjóði fá nemendur 100 kr. styrk til bókakaupa seinni veturinn, enda ljúki þeir námi.

Ríkissjóður greiði skólabúunum 100 kr. fyrir hvern nemanda, er nýtur kennslu

í verklegu námi að tilhlutun skólans. Þeir nemendur, er undanþágu fá frá því að stunda að öllu leyti verklega námið, að tilhlutun skólanna, sbr. 7. gr. 9. málsgr., greiði fyrir fæði og þjónustu síðari veturinn eftir ákvæðum reglugerðar.

9. gr.

Árspróf og burtfararpróf skal halda við skólana í lok skólaárs í þeim námsgreinum, sem kenndar eru í ársdeildunum. Að loknu verklegu námi skal og fara fram verklegt próf. Þeir einir, er lokið hafa bóklegu og verklegu fullnaðarprófi við skólana, eða á hliðstæðum skólum erlendum, hafa rétt til að bera nafnið búfræðingar.

Í reglugerð skal kveða nánar á um próf við skólana.

10. gr.

Skólastjóri skal sjá um, að nemendur skólans fái fæði og þjónustu á skólabúinu með kostnaðarverði.

11. gr.

Heimilt er að halda námskeið á bændaskólunum fyrir bændur og bændaefni, þegar ástæður leyfa.

Námskeið þessi séu til hvatningar og fræðslu. Einnig námskeið fyrir trúnaðarmenn samkvæmt jarðræktarlögum, eftirlitsmenn nautgriparæktarfélaga, forðagæzlumanna, búreikninganámskeið og ennfremur matreiðslunámskeið, til að kenna matreiðslu og geymslu garðávaxta og annara íslenzkra fæðutegunda.

12. gr.

Landbúnaðarráðuneytið hefir á hendi yfirstjórn bændaskólanna og gefur út reglugerð fyrir þá, að fengnum tillögum skólastjóranna.

13. gr.

Kostnaður við að gera skólana og skólabúin úr garði samkvæmt lögum þessum greiðist úr ríkissjóði, eftir því, sem fé er veitt til þess í fjárlögum. Svo greiðir hann og allan árlegan kostnað við skólana.

14. gr.

Lög þessi koma til framkvæmda 15. október 1937.

15. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi felld lög nr. 51 19. maí 1930, svo og öll önnur lagaákvæði, er koma í bága við lög þessi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt að tilhlutun landbúnaðarráðherra, er lét undirbúa það. Frumv. fylgdi svo hljóðandi greinargerð:

Allar menningarþjóðir hafa fyrir löngu viðurkennt, að þekking og dugnaður þegnanna í atvinnuvegum þjóðanna sé undirstaðan undir menningarlegri og fjárhagslegri afkomu þeirra.

Beztu menn Íslendinga á 18. og 19. öld bentu á sem eitt helzta ráð til bjargar og viðreisnar, að kunnátta landsmanna í búnaðarstörfum og öðrum verklegum efnum yrði bætt frá því sem var. Þessir menn sáu ennfremur, að Íslendingar stóðu langt að baki öðrum þjóðum í öllu, er viðkom landbúnaði. Úr þessu var þó reynt að bæta með því að flytja inn útlenda bændur til búsetu hér á landi og senda Íslendinga til útlanda til að læra landbúnað. Árangurinn af starfi og búsetu útlendinganna hér á landi varð mjög lítill.

Um miðja 19. öld koma fram raddir um stofnun búnaðarskóla hér á landi. Þá höfðu um nokkurra ára skeið verið starfræktir búnaðarskólar í flestum löndum Norðurálfunnar.

Árið 1853 sendir Alþingi konungi tilmæli um að koma á fót einum búnaðarskóla á Íslandi. Fyrir Alþingi vakti, að skóli þessi yrði það fullkominn, að þar væri bæði hægt að veita bóklega og verklega kennslu. Úr framkvæmdum í þessu skólamáli verður þó ekkert verulegt fyrr en með stofnun búnaðarskólans í Ólafsdal 1880. Síðar eru hinir skólarnir þrír, á Hólum, Eiðum og Hvanneyri, stofnaðir á árunum til 1890. Námstíminn á skólunum var tvö ár, og kennslan bæði bókleg og verkleg. Þetta fyrirkomulag helzt að miklu leyti fram yfir aldamót, en þá er gerð gagngerð breyting á kennslufyrirkomulagi skólanna, verklega námið afnumið sem skyldunám og skólarnir eingöngu látnir starfa að vetrinum; námstíminn var tveir vetur.

Árangurinn af starfi skólanna undir þessu fyrsta fyrirkomulagi var á ýmsan hátt glæsilegur; mestar breytingar til bóta urðu á verklega sviðinu. Með þeim mönnum, er komu frá skólunum, breiddist út þekking meðal bænda um hagnýtari vinnuaðferðir og notkun nýrra verkfæra. Þrátt fyrir þennan árangur áttu skólarnir við ýmsa erfiðleika að stríða, afleitan fjárhag, lélegar byggingar og lítinn verkfærakost. Ennfremur var á þessum árum slæmt árferði og erfiður fjárhagur hjá bændastéttinni. Þau verkefni, sem skólarnir tóku upp þegar þeir voru stofnaðir, voru nýjungar, sem tiltölulega fljótt urðu eign almennings. En þegar frá leið, höfðu skólarnir ekki kraft til að taka upp ný óþekkt verkefni, og af þeim orsökum voru þeir ekki lengur brautryðjendur, er leið að aldamótum. Þessar ástæður munu hafa átt sinn þátt í því að draga allverulega úr aðsókn til skólanna, sem var orðin mjög lítil um aldamót.

Með breytingunni, sem gerð var á bændaskólunum eftir aldamótin, færist nýtt líf í skólastarfsemina, nýir áhugasamir menn koma að skólunum og aðsókn að þeim jókst stórum. Þessi breyting var fyrst og fremst að þakka forstöðumönnum þeirra, bættum kennslukröftum og vaxandi áhuga almennings fyrir skólamenntun.

Þeir menn, er komu frá skólunum á þessu tímabili, höfðu góða bóklega þekkingu á verkefnum landbúnaðarins, og á því sviði voru þeir fyllilega sambærilegir við búfræðinga nágrannalandanna. Aftur á móti var hin verklega kunnátta búfræðinga okkar mjög lítil, og oft og tíðum alls engin. Af þessu misræmi í menntun þeirra stafaði, að þeir höfðu margir hverjir, þegar þeir þurftu að fara að starfa að verklegum framkvæmdum, lítil not af sínu búnaðarnámi. Enda hafa margir íslenzkir búfræðingar verið í litlu áliti, sérstaklega af því, hversu lítið meira þeir kunnu af verklegum störfum en þeir bændur, er ekki höfðu gengið á búnaðarskóla. Þetta hefir verið almennt viðurkennt fyrir löngu, og oft komið fram raddir um það, að nauðsyn væri að taka upp víðtækari verklega kennslu við skólana.

Árið 1930 er gerð skipulagsbreyting á kennslufyrirkomulagi skólanna. Þá er nemendum gert að skyldu að stunda í það minnsta 8 vikna verklegt nám, vor og haust. Þessi breyting var spor í rétta átt, en alls ekki fullnægjandi; t. d. var ekki gert ráð fyrir neinu verklegu námi í búfjárhirðingu, en það verður að teljast mjög þýðingarmikið atriði í búnaði okkar. Sömuleiðis verður að teljast óheppilegt að slíta verklega námið í sundur, svo að nemendur geti ekki fylgzt með og tekið þátt í hirðingu garða og akra allan vaxtartíma nytjajurtanna. Ennfremur verður að teljast nauðsynlegt, að bændaefni kynnist meðferð og notkun heyvinnuverkfæra og heyverkunaraðferðum, en það er eigi hægt nema verklega námið sé stundað allt sumarið.

Á síðastliðnum áratug hefir viðhorfið í íslenzkum búnaðarmálum breytzt mjög mikið. Nýjar búnaðargreinar hafa komið fram og þær eldri tekið nokkrum breytingum. Byrjað hefir verið á kornyrkju víðsvegar um land, en víða stendur þekkingarleysi þeirra, sem þetta reyna, í vegi fyrir bærilegum árangri.

Garðrækt, sérstaklega kartöflurækt, hefir aukizt, og er mikill áhugi fyrir framkvæmdum á því sviði. En til þess að árangurinn af þessari fjölbreyttari ræktun

verði nokkurnveginn árviss, þá er það fyrst og fremst verkleg kunnátta í þessum efnum, sem bændur verða að hafa. Sama er að segja um notkun hesta við hin ýmsu búnaðarstörf. Hvað þessu atriði viðvíkur, þá stöndum við á mjög lágu menningarstigi og langt að baki öðrum þjóðum. Hjá okkur er hestanotkunin við bústörfin allt of lítil, og er það án efa einhver veigamesta orsökin til þess, að landbúnaðurinn er eins arðlítill og raun ber vitni um. Á þessu sviði eru því miklir möguleikar ónotaðir, og er ekki nema sjálfsagt, að bændaskólarnir verði hér brautryðjendur og kenni þeim mönnum, er þá sækja, rækilega meðferð og notkun hesta, en þetta er ekki hægt nema með alllöngu verklegu námi, sem þarf helzt að vera árlangt.

Margt er það fleira, er mætti nefna, sem krefur, að verklega námið sé yfir allt sumarið, t. d. sáðskiptiræktun. Sé verklega námið slitið sundur að sumrinu, tapa nemendur ýmsum mjög þýðingarmiklum atriðum í hirðingu nytjajurtanna og uppskeruvinnunni, sem skiptir miklu máli.

Heyskaparaðferðir okkar eru úreltar og seinvirkar og hafa lítið breytzt og ekki fylgzt með þeim framförum, er orðið hafa í grasrækt hér á landi síðustu árin. Þörf er því engu síður á verklegri kennslu í hagnýtum heyskaparaðferðum heldur en í jarðræktarstörfum. Sama er að segja um heyvinnuaðferðir; t. d. hefir votheysgerð langt frá náð þeirri útbreiðslu, sem vera ætti, og hjá mörgum, sem reynt hafa þessa heyverkunaraðferð, hefir hún mistekizt vegna skorts á verklegri kunnáttu.

Viðvíkjandi verkstjórn og skipulagningu búnaðarvinnunnar stöndum við Íslendingar mjög höllum fæti. Það er ekki sama, hvernig vinnan er framkvæmd. Vinnukostnaðurinn er hjá flestum aðalútgjaldaliðurinn við framleiðsluna. Það hefir því mjög mikla fjárhagslega þýðingu fyrir bændur, að vinnan sé notuð á sem hagnýtastan hátt. Með lengra verklegu námi en verið hefir geta bændaskólarnir veitt nemendum sínum frekari æfingu í verkstjórn og skipulagningu landbúnaðarvinnu.

Eins og fyrr er getið, hefir nú um langt skeið ekki verið kennd nein verkleg búfjárhirðing á búnaðarskólunum. Verður það að teljast ófullnægjandi fyrir búfræðinga okkar, að hafa ekki fengið tilsögn í verklegri hirðingu búfjártegundanna. Margir af þeim, sem sækja námið í skólana, hafa ekki komið nærri hirðingu búfjár, og sumir aðeins hirt eina búfjártegund, enda er ástandið í flestum sveitum landsins almennt slæmt hvað snertir hirðingu og meðferð búfjár. Kveður svo rammt að þessu, að afurðir búanna verða miklu minni en þær gætu orðið og ættu að vera, ef þekking landsmanna væri betri á þessu sviði. Það er því ekki nema eðlileg og sjálfsögð krafa, að bændaskólarnir geri tilraun til að bæta úr þessu, með því að taka upp kennslu í búfjárhirðingu. Á síðustu árum hafa breiðzt nokkuð út búfjártegundir, svo sem alifuglar, svín og refir, og má búast við frekari útbreiðslu og fjölgun þessara tegunda, en þar sem meðferð og hirðing þeirra er vandasöm, er hætta á meiri og minni mistökum, nema bætt sé úr þekkingarleysi manna á þessum atriðum. Einnig má í sambandi við kennslu í búfjárhirðingu brýna fyrir nemendum þýðingu og gildi kynbóta, og gefa þeim nokkra æfingu í að velja góð kynbótadýr, eftir ætt, ytra útliti og afkvæmum.

Sú kunnátta, sem er handfest undir verklegum athöfnum, verður haldbezt og kemur að mestu gagni í lífinu. Um leið og verkleg kennsla er tekin upp í búfjárhirðingu verður óhjákvæmilega að draga eitthvað úr þeirri bóklegu kennslu, sem verið hefir við skólana undanfarið, en það verður að gera það í þeim námsgreinum, sem sýnilega koma bændum að minnstum notum í daglegum störfum þeirra.

Þá verður ekki hjá því komizt að bæta við nýjum liðum í hina bóklegu fræðslu, t. d. um refarækt, svín, kornrækt o. s. frv. Ætti því hin bóklega fræðsla skólanna í framtíðinni, engu síður en hingað til, að geta búið bændaefni undir lífsstarf sitt, og einmitt frekar nú, þar sem ætlazt er til, að verklega kennslan aukist að mun frá því, sem var, því almennt er viðurkennt, að bókleg fræðsla í verklegum efnum komi því aðeins að fullum notum, að hugur og hönd fylgist að.

Um 1. gr.

Með þessari grein er átt við, að þessir tveir bændaskólar fái rétt til að veita sérmenntun í búnaði.

Um 2. gr.

Ætlazt er til, að á skólastöðunum sé rekinn fjölbreyttur búskapur til stuðnings við kennsluna, sérstaklega verklega námið. Það er því mjög þýðingarmikið, að bú þessi séu fjölbreytt, bæði í jarðyrkju og búfjárrækt. Þá þarf á búunum að gera hagnýtar tilraunir í jarðrækt og kynbótum búfjár.

Séu búin starfrækt á þessum grundvelli, má alltaf búast við, að þau geti ekki að öllu leyti borið uppi kostnaðinn við búreksturinn. Af þeirri ástæðu er óhjákvæmilegt, að ríkið hlaupi undir bagga á einn eða annan hátt.

Milli skólans og búsins er náið samstarf, og búið mikið notað í þarfir kennslunnar. Af þessum ástæðum er bezt, að skólastjórar séu jafnframt bústjórar.

Um 3. gr.

Mjög er hætt við, að erfitt verði að halda góða kennara og starfskrafta við skólana, nema starfsemi þeirra hafi aðstöðu til þess að mynda sjálfstæð heimili í nánd við skólastaðina.

Með þessari grein er því heimilað, að komið verði upp bústöðum og smábýlum fyrir starfsmenn skólanna og fjölskyldur þeirra.

Gert er ráð fyrir, að landstærð býla þessara verði ákveðin af landbúnaðarráðherra í samráði við skólastjóra. Óheppilegt verður að teljast, að þessir menn hafi stóran búrekstur, vegna þess að það myndi geta dregið úr áhuga og dugnaði þeirra við skólann og skólabúið, þar sem starfskraftar þeirra eiga að notast.

Um 4. gr.

Gert er ráð fyrir, að þrír fastir kennarar verði við skólann og laun þeirra miðuð við þau laun, sem þeir hafa eftir launalögum, auk launahækkunar fyrir lengri starfstíma ár hvert, sem þessi lög gera ráð fyrir.

Auk þessara föstu starfsmanna er gert ráð fyrir fjárveitingu til hvors skóla, er nemi tveim fullum kennaralaunum. Þessu fé ráðstafa skólastjórar, eftir því sem með þarf, til verklegrar og bóklegrar kennslu, að því leyti sem skólastjóri og kennarar geta ekki annazt hana.

Þó ætlazt sé til, að hinir föstu kennarar skólans veiti tilsögn um meðferð og hirðingu alidýra, mun óhjákvæmilegt að hafa sérfróða menn að auki um vissar greinir þessara starfa, svo að fyrirmyndarumhirða verði á öllum alidýrum. Þessir menn verða einnig að geta veitt nemendum tilsögn. Eðlilegast þykir, að skólastjóri ráði menn til þessara starfa með samþykki búnaðarráðuneytisins, því að oft getur verið ástæða til að skipta um menn, t. d. útlenda sérfræðinga, þegar orðin er völ á innlendum hæfum starfsmönnum.

Gengið er út frá, að fastir kennarar skólanna hafi mánaðarfrí frá kennslu ár hvert, og auk þess fjögurra mánaða frí sjötta hvert ár. Þetta ákvæði er sett svo kennararnir hafi tækifæri til þess að ferðast innanlands og utan, endurnýja þannig þekkingu sína til að fylgjast með og læra þær nýjungar, sem koma fram og þeir geta haft gagn af í starfi sínu.

Um 5. gr.

Hér er ákveðið, að námi skólanna skuli skipt milli tveggja deilda, yngri og eldri deildar. Námstíminn í yngri deild sé einn vetur, en í eldri deild eitt ár (sumar og vetur).

Í greininni er gert ráð fyrir, að námið í eldri deild sé bæði bóklegt og verklegt. Ætlazt er til, að verklega námið fari aðallega fram að sumrinu, nema kennslan í búfjárhirðingu.

Námið í yngri deild verður aðallega bóklegt og veitir nemendum almenna

fræðslu, sem gerir þá hæfari til að tileinka sér kennsluna í eldri deild. Þá gerir þessi grein ráð fyrir, að þeir umsækjendur, sem eru þroskaðir og hafa góða undirbúningsmenntun, t. d. héraðsskólanám, fái leyfi til að setjast í eldri deild.

Margir sveitapiltar, sem hafa stundað skólanám einn eða tvo vetur, hafa ekki efni eða ástæður til þess að stunda búnaðarnám meira en eitt ár, og þykir því ekki rétt að útiloka þessa menn frá skólunum. Gert er ráð fyrir, að þessir nemendur byrji námið að vorinu, sem tryggir það, að þeir fái notið verklegu kennslunnar.

Um 6. gr.

Grein þessi gerir ráð fyrir, að ekki fái yngri piltar en 18 ára inngöngu í skólann.

Ef nemendur væru yngri, myndu þeir hafa minna gagn af námi sínu við skólana, því að búfræðinám krefst mikils þroska af nemendum, eigi þeir að hafa þess full not.

Um 7. gr.

Hér er ákveðið í höfuðdráttum, hvað skuli kennt í skólunum.

Starf bóndans er fjölþætt og staða hans í þjóðfélaginu þýðingarmikil og krefur víðtækrar menntunar, bæði bóklegrar og verklegrar. Eigi bóndinn að vera heilsteyptur í starfi sínu og þjóðfélaginu til sóma, þarf hann að nema og þroskast á báðum þessum sviðum. Náminu þarf að haga þannig, að bóklega og verklega kennslan haldist sem bezt í hendur og stuðli að alhliða þroska og menntun bændaefnanna.

Grein þessi ákveður því, að verklega námið sé aukið mikið frá því, sem verið hefir, og námstíminn töluvert lengdur. Með því er ætlazt til, að nemendur fái tækifæri til að glöggva sig á, taka þátt í og þar með fá nokkra æfingu í öllum bústörfum á heilu starfstímabili búanna.

Ennfremur er gert ráð fyrir, að í reglugerð verði sett nánari ákvæði um verklega námið, þar sem tiltekið verði um lágmarksvinnutíma hvers nemanda við hin einstöku bústörf. Á þetta að tryggja, að vinna nemanda verði ekki misnotuð og hann fái fjölþætta verklega æfingu.

Sjálfsagt þykir, að verklega námið fari fram á skólabúunum sjálfum, að því leyti sem verkefni eru þar fyrir hendi. En vanti verkefni þar, þá heimilar greinin, að einhver hluti verknámsins sé látinn fara fram annarsstaðar, þar sem fullnægjandi skilyrði eru fyrir hendi. Ekki þykir rétt, að með öllu sé útilokað, að nemendur geti fengið leyfi til að vera heima um heyskapartímann, ef þeim er það brýn nauðsyn vegna heimilisástæðna. En ekki er til þess ætlazt, að það sé notað, nema slíkar ástæður mæli með. Og rétt þykir, að samþykki ráðherra þurfi fyrir slíkri undanþágu.

Þá þykir rétt, að ákveðið verði nánar í reglugerð, hvaða bóklegar námsgreinar skuli kenna í skólanum, vegna þess að erfitt er að óreyndu að dæma um, hve langan tíma þurfi að nota til verklega námsins í búfjárhirðingu, og búast má við, að draga verði örlítið úr einstöku námsgreinum, sem kenndar hafa verið.

Um 8. gr.

Nemendur, sem ljúka námi, fái í styrk úr ríkissjóði 100 kr. Þar sem gera má ráð fyrir, að haga verði ýmsum störfum nemenda við verklega námið þannig, að búin hljóti lítinn arð af þeirri vinnu, þykir rétt, að ríkið greiði búunum nokkra fjárhæð, er miðuð sé við nemendafjölda.

Um 9. gr.

Prófað skal árlega í þeim námsgreinum, er kenndar eru við skólana. Einnig er ætlazt til, að nemendum sé gefið fyrir dugnað og leikni í verklegum störfum. Þá er og ætlazt til, að þeir nemendur, er standast prófið, fái að því loknu skírteini, er gefi þeim rétt til að bera nafnið búfræðingur.

Um 10. gr.

Lagt er til, að skólabúin selji nemendum fæði, en hætt verði við það fyrirkomulag, að piltar hafi sameiginlegt mötuneyti. Þar sem piltar nú eiga að fá seinni

tvö missirin fæði og þjónustu frá búunum, sýnist ekki ástæða til, að matreiðsla fyrir nemendur skólans fari fram í tvennu lagi.. Það hlýtur óhjákvæmilega að verða dýrara, bæði vegna mannahalds, eldsneytis o. fl. Þar sem skólabúin halda búreikninga, ætti að vera auðvelt að sjá, hvað fæðið kostar.

Um 11. gr.

Hér er ákveðið, að landbúnaðarráðuneytið skuli hafa yfirstjórn skólanna á hendi. Þykir það rétt, þar sem skólarnir eru fagskólar fyrir landbúnaðinn.

Um 12. gr.

Heimilað er, að halda megi stutt fræðslunámskeið við skólana fyrir bændur og aðra, sem hafa áhuga á búnaði, einnig námskeið fyrir ýmsa starfsmenn við félög bænda. Þýðing og gildi þessara námskeiða getur verið margþætt; þar koma bændur saman og hlusta á fræðandi fyrirlestra um þau atriði búskaparins, sem þá í það og það skiptið mestu varða. Hér fá þeir einnig tækifæri til að ræða áhugamál sín og læra hver af annara reynslu. Sama er að segja um námskeið fyrir eftirlits- og trúnaðarmenn; við að kynnast og bera ráð sín saman verður meira samræmi í störfum þeirra. Einnig er þeim gagnlegt að endurnýja og auka þekkingu sína, sérstaklega að kynnast öllum nýjungum, sem koma fram. Tekið er fram í þessari grein, að halda megi matreiðslunámskeið fyrir kvenfólk við skólana. Ætlazt er til, að aðallega verði kennd matreiðsla garðávaxta og annara innlendra fæðuefna. Kennsla þessi þarf því helzt að fara fram að haustinu.

Búast má við, að þessi starfsemi geti orðið til að auka ræktun matjurta í nágrenni skólanna, því að þekkingarvöntun á matreiðslu, geymslu og notkun garðávaxta stendur útbreiðslu þeirra fyrir þrifum.

Um 13. gr.

Ríkissjóður greiðir allan árlegan kostnað við rekstur skólanna, eins og verið hefir.

En vegna þeirra breytinga, sem lög þessi gera ráð fyrir á starfrækslu skólanna, svo sem lengingar starfstíma kennara úr hvert og aukinnar kennslu við verklega námið, verður hinn árlegi rekstrarkostnaður ca. 10000 krónum meiri nú en áður við hvorn skóla. Einnig má búast við, að ríkissjóður verði að leggja fram nokkurt fé til skólabúanna, til að gera þau fjölbreyttari og betur úr garði, svo að þau fullnægi þeim kröfum, sem verður að gera til kennslubúa.

Um 14. gr.

Þarf ekki skýringar við.

Ed. 55. Frumvarp til laga

um breyting á lögum um Háskóla Íslands, nr. 21 1. febr. 1936.

Flm.: Jónas Jónsson.

a. Fyrir „3 ár“ í fyrsta málsl. 3. gr. laganna kemur: eitt ár.
b. Síðasti málsl. sömu lagagreinar („Skal hinn nýi rektor“ o. s. frv.) fellur niður.
c. Aftan við sömu lagagr. kemur ný málsgr., svo hljóðandi:
Rektorskosning eftir lögum þessum fer fram í fyrsta skipti 14. maí 1937.

Greinargerð.

Þegar lögunum um Háskóla Íslands var breytt 1935 og rektorskosning látin gilda til þriggja ára, var tilætlunin að styrkja stjórn háskólans á þennan hátt. En

nú hefir komið í ljós, að þessi tilgangur hefir ekki náðst. Frá hálfu þeirra manna, sem unnu að því á árunum 1930—32 að fá á Alþingi samþykkta löggjöf um nýskipun háskólans, fyrst um húsnæði og síðan um stjórn og uppeldishætti, verða innan skamms lagðar fram allverulegar breytingar á háskólalögunum, sem tæplega má gera ráð fyrir, að verði samþykktar á fyrsta þingi. Ein af þessum breytingum er, að háskólinn fái fastan forstöðumann (kanslara), sem hafi embættisbústað í háskólahverfinu og hafi í höndum sér hina daglegu fjárhagslegu og uppeldislegu stjórn háskólans. En rektorsembættið getur haldizt við engu að síður sem virðingarstaða háskólakennaranna, en ólaunuð og umsvifalítil. Þykir rétt að breyta rektorskosningunni nú þegar, þar sem þetta skipulag er á engan hátt til frambúðar.

Ed. 56. Nefndarálit

um frv. til laga um heimild handa atvinnumálaráðherra til þess að veita sjóliðsforingja Pétri Sigurðssyni stýrimannsskírteini á íslenzkum skipum.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin er sammála um að mæla með frv., en telur hinsvegar rétt, að orðalag fyrri greinar sé gert nokkru skýrara, svo ekki geti valdið neinum ágreiningi eða misskilningi efni hennar. Leggur hún því til, að frv. verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGU.

Við 1. gr. Greinina skal orða svo:

Atvinnumálaráðherra skal heimilt að veita Pétri Sigurðssyni sjóliðsforingjaefni undanþágu frá því að ganga undir farmanna- og varðskipapróf við stýrimannaskólann í Reykjavík samkv. lögum nr. 100 23. júní 1936 og láta honum í té stýrimannsskírteini í utan- og innanlandssiglingum á íslenzkum verzlunar- og varðskipum, af hvaða stærð sem er, og skipstjóraskírteini á samskonar skipum eftir að hann hefir fullnægt ákvæðum laga nr. 104 23. júní 1936, um atvinnu við siglingar. Skulu próf hans við sjóliðsforingjaskólann í Kaupmannahöfn jafngilda íslenzkum prófum.

Alþingi, 2. marz 1937.

Sigurjón Á. Ólafsson, form., frsm.	Ingvar Pálmason, fundaskrifari.	Magnús Guðmundsson, með fyrirvara.

Sþ. 57. Tillaga til þingsályktunar

um aukningu landhelgisgæzlu Íslendinga, og um það, að Ísland taki að öllu leyti í sínar hendur gæzlu fiskveiða í íslenzkri landhelgi.

Flm.: Sigurður Kristjánsson, Gísli Sveinsson, Gunnar Thoroddsen.

1. Alþingi skorar á ríkisstjórnina að greiða landhelgissjóði nú þegar skuld ríkissjóðs við hann, og að verja öllu andvirði varðskipsins Óðins þegar á þessu ári til byggingar vopnaðs gæzluskips, eins eða fleiri. Einnig skorar Alþingi á ríkisstjórnina að einbeita starfi varðskipanna að landhelgisgæzlunni meira en gert hefir verið hin síðustu ár.

2. Jafnframt ályktar Alþingi, að Ísland skuli, þegar lið 1. er fullnægt, neyta að fullu þess réttar, sem því er áskilinn í 8. gr. dansk-íslenzku sambandslaganna til þess að taka að öllu leyti í sínar hendur gæzlu fiskveiða í íslenzkri landhelgi.

Greinargerð.

Það er kunnugt, að það er krafa íslenzku þjóðarinnar, að gæzla íslenzkrar landhelgi sé örugg og eingöngu í höndum Íslendinga sjálfra. Alþingi hefir aðhyllzt þessa kröfu þjóðarinnar, og þess vegna hefir það látið byggja tvö gæzluskip og keypt það þriðja. Og þess vegna áskildi Alþingi Íslandi þann rétt, er sambandslögin voru samþykkt, að Ísland gæti tekið landhelgisgæzluna í sínar hendur að öllu leyti, hvenær sem því sýndist að ákveða það.

Út af sölu varðskipsins Óðins samþykkti síðasta Alþingi eftirfarandi þingsályktun:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að verja öllu andvirði varðskipsins Óðins til smíða á vopnuðum vélbátum til landhelgisgæzlu og hraða smíði þeirra svo sem frekast eru föng á.

Báta þessa skal láta annast landhelgis- og veiðarfæragæzlu á þeim svæðum, þar sem mest er þörf á staðbundinni gæzlu á hverjum tíma og hverri vertíð.

Að því leyti, sem varðskip og varðbátar ríkisins geta ekki fullnægt gæzlunni, skal stjórnin leigja nægilega marga þar til hæfa vélbáta og búa þá nauðsynlegum tækjum."

Ríkisstjórnin hefir vanrækt að framkvæma þessi fyrirmæli Alþingis, því ekki er hafin enn smíði á neinum gæzlubát. Og það ískyggilegasta í sambandi við þá vanrækslu er einmitt það, að ríkisstjórnin virðist í algerðu heimildarleysi og þvert ofan í skýlaus fyrirmæli Alþingis hafa tekið út úr landhelgissjóði mestan hluta andvirðis Óðins og gert að eyðslueyri ríkissjóðs. Ofan á þetta bætist svo, að varðskipin eru ótilhlýðilega mikið tafin frá landhelgisgæzlunni.

Af þessum ástæðum er fyrri liður tillögunnar borinn fram.

8. grein dansk-íslenzku sambandslaganna er svo hljóðandi:

„Danmörk hefir á hendi gæzlu fiskveiða í íslenzkri landhelgi undir dönskum fána, þar til Ísland kynni að ákveða að taka hana í sínar hendur að öllu eða nokkru leyti á sinn kostnað".

Þegar lög þessi voru samþykkt, höfðu Danir eitt skip við landhelgisgæzlu við Ísland. Þó var skip þetta aldrei hér við land, nema nokkurn hluta ársins, en var að öðru leyti heima í Danmörku. Ísland átti þá ekkert gæzluskip.

Landhelgisgæzla Dana hér við land hefir ekkert breytzt þau 19 ár, sem liðin eru síðan sambandslögin voru samþykkt. En Ísland á nú tvö sæmilega búin gæzluskip og leigir einn til tvo vélbáta til landhelgisgæzlu lengri og skemmri tíma árlega. Auk þess er svo fyrir mælt, sem áður segir, að öllu andvirði Óðins skuli þegar varið til aukningar landhelgisgæzluflota Íslendinga.

Af þessu er alveg ljóst, að Ísland er fullkomlega þess umkomið að taka landhelgisgæzluna að öllu leyti í sínar hendur, ef fyrirmælum Alþingis um aukningu varðskipastólsins er framfylgt og skip landhelgissjóðs og leigubátar eru því aðeins notuð til annars en landhelgisgæzlunnar, að það ekki rýri hana. Undan er auðvitað skilið gæzlustarfið við Vestmannaeyjar og hjálp til handa skipum, sem stödd eru með áhöfn í háska.

Loks er skylt að verða við þeim ákveðna þjóðarvilja, sem fyrir því er, að Ísland taki landhelgisgæzluna að öllu leyti í sínar hendur. Það samrýmist á engan hátt metnaði þjóðarinnar, að annað ríki en Ísland hafi á hendi löggæzlu í íslenzkri landhelgi undir öðrum fána en fána Íslands.

Ed. **58. Frumvarp til laga**

um breyting á lögum nr. 93 3. maí 1935, um eftirlit með skipum.

Flm.: Sigurjón Á. Ólafsson.

1. gr.

2. gr. laganna orðist svo:

Setja skal með reglugerð, er atvinnumálaráðuneytið gefur fyrir árslok 1937, nánari ákvæði um, hverjar kröfur gera skuli til þess, að skip verði talið haffært, eftir því hvert skipið er og hvaða ferðir því eru ætlaðar, um farþegafjölda og lágmarkstölu skipshafnar, svo og um það, hvers gæta skuli við skipaskoðanir, sem gerðar eru samkv. lögum þessum eða öðrum lögum og alþjóðasamþykktum.

Í sömu reglugerð skulu sett ákvæði um rúmstærð og gólfstærð í svefnherbergjum skipverja, svo og annan útbúnað þeirra, að því er snertir birtu, loftrás og aðra hollustuhætti. Ennfremur um borðstofu, bað og þvottaklefa og salerni.

Þar til ofangreind reglugerð verður gefin út, skal tilskipun, dags. 20. nóv. 1922, um eftirlit með skipum og bátum og öryggi þeirra, vera í gildi.

2. gr.

3. gr. laganna orðist svo:

Eiganda skips eða útgerðarmanni, svo og skipstjóra, er skylt að sjá um, að skip sé haffært, er það leggur úr höfn. Hið sama gildir um haffæri skips hvað hleðslu snertir, ef það tekur farm utan hafnar eða aflar fiskjar á hafi úti. Skylt er skipstjóra að öðru leyti að gera allt það, er hann má, til að halda skipi haffæru á ferð.

Nú tekur skip grunn, slæst við bryggju, verður fyrir hverskonar árekstri eða það annað ber til, er ætla má, að af muni hljótast að skipið verði óhaffært, og er skipstjóra þá skylt að láta rannsaka tjón það, sem orðið hefir, með skoðunargerð á þeim stað, er henni verður fyrst við komið.

3. gr.

6. gr. laganna orðist svo:

Atvinnumálaráðherra hefir yfirstjórn um eftirlit með öryggi skipa. Hann skipar skoðunarstjóra til að annast framkvæmd þessara mála, og skal honum veitt nauðsynleg aðstoð við starfið.

Hefir hann á hendi eftirlit með öllum skipaskoðunarmálum, rannsakar skoðunarskýrslur skipaskoðunarmanna, fer eftirlitsferðir um landið til eftirlits um framkvæmd laganna og athugunar á störfum sendimanna sinna.

Skipaskoðunarstjóri má engin störf hafa á hendi, launuð eða ólaunuð, er snerta umsjón með skipum, önnur en þau, er embætti hans tilheyra, enda sé hann með öllu óháður útgerð skipa.

Laun skipaskoðunarstjóra séu 6000 kr. á ári, er hækka um 200 kr. annaðhvert ár upp í 7000 kr. Hann nýtur dýtíðaruppbótar eftir fyrirmælum launalaganna eða þeim ákvæðum, er gilda um dýrtíðaruppbót sýslunarmanna ríkisins á hverjum tíma.

Kostnað við skrifstofu í Reykjavík og kostnað vegna aðstoðar og eftirlitsferða skal ákveða í fjárlögum.

4. gr.

7. gr. laganna orðist svo:

Atvinnumálaráðherra skiptir landinu í skipaskoðunarumdæmi, að fengnum tillögum skipaskoðunarstjóra, og skipar til framkvæmdar eftirlitinu í hverju umdæmi svo marga skipaskoðunarmenn sem þurfa þykir, að fengnum tillögum Alþýðusambands Íslands, í umboði sjómannastéttarinnar. Skulu þeir skipaðir til 3 ára í senn. Þeir skulu vera óháðir útgerð skipa og að öðru leyti svo vel til starfsins fallnir sem

frekast eru föng á. Áður en þeir taka til starfa, skulu þeir undirrita drengskaparheit um, að þeir vinni starf sitt samvizkusamlega.

Skipaskoðunarmenn skulu gera allar skoðanir, er ræðir um í lögum þessum, tilskipunum eða reglugerðum, er settar verða samkvæmt þeim og gerðar skulu innan umdæmis þeirra, hvort sem skipið er skrásett eða eigi. Ef þörf krefur, getur skipaskoðunarstjóri kvatt menn til skoðunargerðar utan umdæmis síns. Við skoðunargerðir er skipaskoðunarmönnum skylt að gæta þess, að fullnægt sé kröfum þeim, er gerðar eru í lögum þessum, tilskipunum eða reglugerðum, er settar verða samkvæmt þeim um öryggi skipa, þeirrar tegundar, sem það skip er, sem þeir skoða, og í þeim ferðum, er því eru ætlaðar. Að lokinni skoðunargerð er þeim skylt að sjá um, að fullnægt sé þeim umkvörtunum, er þeir kunna að hafa gert, enda sé skoðunarvottorð ekki fyrr undirritað eða af hendi látið.

Skoðunarmönnum ber eftir megni að fylgjast með því, að hlýtt sé fyrirmælum um öryggi skipa á öðrum tíma en þeim, er skoðun fer fram, þótt þeim sé ekki falið eftirlit það, er um ræðir í 5. og 6. gr. Verði þeir áskynja þess, að lögum þessum og reglugerðum, settum samkv. þeim, sé ekki framfylgt, ber þeim að tilkynna það tafarlaust skipaskoðunarstjóra eða lögreglustjóra á viðkomandi stað.

Þóknun til skipaskoðunarmanna fyrir starfa sinn ákveður ráðherra með reglugerð. Þóknun þessi greiðist úr ríkissjóði og miðast við gjald það, er eiganda skips er gert að greiða fyrir hverja skoðun. Lögreglustjórar innheimta skoðunargjald af skipaeigendum með sama hætti og aðrar tekjur ríkissjóðs, og hefir það sama rétt og opinber gjöld, enda er skipaskoðunarmönnum skylt að tilkynna lögreglustjóra, er skoðun hefir farið fram.

Ef skipaskoðunarmenn takast ferð á hendur vegna skoðunar á skipi, skal sá kostnaður greiddur úr ríkissjóði, án þess að hann sé endurkræfur af skipseiganda.

5. gr.

Á eftir 7. gr. laganna komi 3 nýjar greinar, er verða 8.—10. gr. og orðist svo:

a. (8. gr.). Auk hinna föstu skoðunarmanna skipar atvinnumálaráðherra minnst 4 eftirlitsmenn. Sé minnst einn fyrir hvern landsfjórðung, eftir nánari reglum, er ráðherra setur. Eftirlitsmönnum ber að fylgjast með á hverjum tíma eftir föngum, hvernig lögunum er framfylgt. Þeir skulu hafa sjómennskuþekkingu og kunna glögg deili á, hvaða öryggisreglum ber að fylgja. Til þeirra geta einstakir skipverjar eða aðrir snúið sér með umkvartanir á því, er þeir telja ábótavant um öryggi skips. Eftirlitsmenn eru bundnir þagnarheiti um nöfn þeirra manna, er til þeirra hafa beint umkvörtunum. Nú hefir eftirlitsmanni borizt kvörtun um, að ákvæðum laga þessara eða reglugerðum, settum samkv. þeim, er ekki framfylgt, og ber honum þá að kynna sér, svo fljótt sem við verður komið, hvort umkvörtunin er á rökum byggð. Ef svo reynist, að umkvörtunin sé réttmæt, ber honum að tilkynna skipaskoðunarstjóra athugun sína, eða lögreglustjóra á viðkomandi stað, ef ekki næst til skipaskoðunarstjóra, og skulu þeir þá sjá um, að bætt sé úr því, er yfir hefir verið kvartað, hafi því ekki áður verið fullnægt.

b. (9. gr.). Í útgerðarplássum, sem örðugleikar eru á að eftirlitsmenn geti haft fullnægjandi eftirlit með, sökum fjarlægðar frá þeim stað, er eftirlits er mest þörf, eða á þeim tímum árs, þegar fiskveiðar eru almennast og mest stundaðar, þá er ráðherra heimilt að fela skipaskoðunarmanni á viðkomandi stað eftirlit það, er um ræðir í 5. gr., enda uppfylli hann þau skilyrði, er gerð eru til eftirlitsmanna.

c. (10. gr.). Skipaskoðunarmenn og eftirlitsmenn þeir, er um ræðir í 4. og 5. gr., mega ekki vera eigendur skipa eða þátttakendur í útgerð.

Ráðherra ákveður þóknun til eftirlitsmanna og ferðakostnað, setur þeim starfsreglur og starfstíma, er má lengstur vera til þriggja ár í senn.

Þóknun og ferðakostnaður eftirlitsmanna greiðist úr ríkissjóði.

6. gr.

8. og 9. gr. laganna, er verði ein grein, 11. gr., orðist svo:

Skoðunargerðir á skipum eru tvennskonar, aðalskoðun og aukaskoðun.

Aðalskoðun skal gerð á skipum í þessum tilfellum:

a. Áður en skip leggur úr höfn hér á landi í fyrsta sinn, er smíðað hefir verið hér á landi eða breytt svo mjög, að mæla þurfi það að nýju, eða fengið er frá öðrum löndum, hvort heldur nýsmíðað eða notað, til skrásetningar undir íslenzkum fána eða til útgerðar hér á landi.
b. Á öllum farþegaskipum, flutninga- og fiskiskipum 15 rúmlesta og stærri, sem eru 12 ára gömul og eldri, einu sinni á ári.

Í tilskipun eða reglugerð þeirri, er um getur í 2. gr. laganna, skal ákveðið, hver skip teljast farþegaskip.

c. Á öllum öðrum skipum annaðhvert ár.

7. gr.

11. gr. laganna verði 13. gr. og 3. málsgrein hennar til enda greinarinnar orðist svo:

Haffærisskírteini gildir um farþegaskip, flutninga- og fiskiskip 15 rúmlesta og stærri, sem eru 12 ára gömul og eldri, í eitt ár frá dagsetningardegi þess, en um önnur skip í tvö ár frá sama tíma.

Nú er skip statt í útlöndum á þeim tíma, er haffærisskírteini þess gengur úr gildi, og getur þá skipaskoðunarstjóri framlengt gildi skírteinisins til ákveðins tíma, þó ekki lengur en í 3 mánuði, enda séu færðar fullar líkur fyrir því, að skipið sé haffært. Ef sérstaklega stendur á í öðrum tilfellum, getur skipaskoðunarstjóri framlengt gildi skírteinisins um allt að því 45 daga, enda séu líkur fyrir því, að skipið sé haffært. Haffærisskírteini skal fylgja skipsskjölunum, og skal það ávallt sýnt við tollgreiðslur skipsins, lögskráningu í skiprúm, greiðslu slysatryggingargjalds skipverja, þegar um skip er að ræða, sem ekki er skylt að lögskrá á, og að öðru leyti hvenær sem þess er krafizt af yfirvöldunum.

Nú er sá tími, er skírteinið gildir, á enda, eða skoðun, er gerð skyldi á skipinu á þeim tíma, er lög þessi gera ráð fyrir, vanrækt, hvort sem er aðalskoðun eða aukaskoðun, eða það kemur í ljós við slíka skoðun, að skipið er óhaffært, og skal þá lögreglustjóri eða skipaskoðunarstjóri afturkalla skírteinið.

Fyrir útgáfu eða áritun haffærisskírteinis samkv. 13. gr. skal skipseigandi greiða í stimpilgjald fyrir skip og báta upp að 12 rúmlesta stærð 1 kr.

Fyrir skip frá 12—20 rúmlesta 2 kr.
Fyrir skip frá 20—40 rúmlesta 3 kr.
Fyrir skip frá 40—100 rúmlesta 5 kr.
Fyrir skip frá 100—500 rúmlesta 10 kr.
Fyrir skip frá 500—1000 rúmlesta 15 kr.
Fyrir skip 1000 rúmlesta og stærri 20 kr.

8. gr.

22. gr. laganna verði 23. gr., og skal orða 2. og 3. málsgr. þannig:

Skipaskoðunarmönnum og eftirlitsmönnum skal frjáls aðgangur að skipinu og öllum rúmum í því. Þeir skulu eiga rétt á að athuga öll áhöld skips og búnað. Skipaskoðunarmönnum skal heimilt að krefjast þess, að farmur sé tekinn úr skipi, skip sett á land eða vélar hreyfðar, sé það nauðsynlegt vegna skoðunarinnar.

Eiganda skips, útgerðarmanni, skipstjóra og skipshöfn er skylt að láta skipaskoðunarmönnum í té nauðsynlega aðstoð við skoðunina, og gefa þeim þær upplýsingar um skipið og öryggi þess, er þeir krefjast. Hinar sömu upplýsingar ber eftirlitsmanni að láta í té, ef krafizt er, að svo miklu leyti sem kunnugleiki hans á viðkomandi skipi nær til.

9. gr.

23. gr. laganna, er verði 25. gr., orðist svo:

Lögreglustjóri, skipaskoðunarstjóri, eigandi skips, útgerðarmaður, skipstjóri, stéttarfélög sjómanna, eða í tilfellum þeim, er ræðir um í 59. gr. sjómannalaga, nr. 41 19. maí 1930, meiri hluti skipshafnar eða vélstjóri, geta krafizt yfirskoðunar á skipi. Yfirskoðun gera helmingi fleiri menn en áður skoðuðu þann hluta skipsins, sem um er deilt. Skulu þeir hafa þá sérþekkingu, er til þess þarf. Lögreglustjóri skipar yfirskoðunarmenn í hverju einstöku tilfelli. Úrskurður yfirskoðunarmanna um ástand skips, véla eða búnaðar þess skal vera fullnaðarúrskurður.

10. gr.

24. gr., er verður 26. gr., orðist svo:

Þeim, sem samkv. lögum þessum geta krafizt yfirskoðunar á skipi, er heimilt að krefjast þess, að yfirskoðunarmenn eiðfesti skoðunargerð sína fyrir sjódómi.

11. gr.

25. gr., er verður 27. gr., orðist svo:

Kostnað allan við skipaskoðanir greiðir skipseigandi.

Nú hefir skip reynzt óhaffært við skoðun, en yfirskoðun, sem gerð er samkvæmt kröfu þeirra, er um ræðir í 9. gr. (25. gr.), telur skipið haffært, sé þá kostnaður sá, er af yfirskoðuninni leiðir, greiddur úr ríkissjóði.

12. gr.

29. gr. laganna, er verði 31. gr., orðist svo:

Öll íslenzk skip, sem eru í förum milli Íslands og annara landa, svo og öll íslenzk skip, er sigla meðfram ströndum landsins og í hafinu kringum það, skulu vera með hleðslumerkjum og hafa hleðslumerkjaskírteini samkvæmt alþjóðasamþykkt, gerðri í London 5. júlí 1930, eða þeim, er síðar kunna að verða gerðar.

Undanskilin þessum ákvæðum eru skip, sem eingöngu eru notuð til fiskveiða og eru 30 rúmlestir og minni, svo og skemmtiskip og skip, sem notuð eru í öðrum tilgangi en til flutnings á fólki og vörum eða vörum eingöngu.

Atvinnumálaráðherra skal með reglugerð setja nánari ákvæði um mælingar og skoðanir, er gerðar skuli á skipum til ákvörðunar hleðslumerkja. Meðan ekki er til stofnun í landinu, er ákveður hleðslumerki skipa, er atvinnumálaráðherra heimilt að undanskilja þau skip, er ekki sigla til útlanda, frá því að hafa hleðslumerki.

Kostnaður við ákvörðun hleðslumerkja greiðist af skipseiganda samkvæmt gjaldskrá, er atvinnumálaráðherra setur.

13. gr.

32. gr., er verði 34. gr., orðist svo:

Marka skal á fram- og afturstefni allra skipa, sem stærri eru en 30 rúmlestir, mælikvarða í desimetrum annarsvegar en í enskum fetum hinsvegar, er sýni, hve djúpt skipið liggi í sjó, auk hleðslumerkja, sem í 12. gr. (31. gr.) er gert ráð fyrir. Kostnað, er af þessu leiðir, greiðir skipseigandi.

14. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1938.

15. gr.

Þegar lög þessi hafa öðlazt gildi, skal fella meginmál þeirra inn í lög nr. 93 3. maí 1935 og gefa þau út svo breytt.

Greinargerð.

Á síðustu tímum hafa fá mál verið meira rædd meðal íslenzkra fiskimanna og farmanna en öryggi þeirra á sjónum, eða réttara sagt öryggisleysi, eins og margir

orða það. Raddir manna um þessi efni hafa aldrei verið háværari en á síðastliðnu ári. Í ýmsum blöðum höfuðstaðarins hafa birzt greinar um þessi efni. Í stéttarfélögum sjómanna eru málin rædd fund eftir fund, sagðar hinar undraverðustu sögur um eitt og annað, er að öryggi lýtur. Á síðastliðnu þingi Alþýðusambands Íslands, þar sem mættir voru fulltrúar verkalýðsins úr sveit og frá sjó fyrir nær 13000 karla og kvenna, var mál þetta ýtarlega rætt sem eitt af þýðingarmestu málum sjómannastéttarinnar. Svo hljóðandi ályktun var gerð í einu hljóði:

Tillögur um öryggismál sjómanna.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Meðal sjómannastéttarinnar hefir á síðari tímum verið uppi gagnrýni á framkvæmd laga um eftirlit með öryggi skipa. Hefir það mál verið rætt á síðustu sambandsþingum og ýmsar ályktanir gerðar í þá átt að skerpa eftirlit með skipunum og setja nýja menn í eftirlitsstarfið. Á Alþingi hefir þessu máli verið einnig hreyft. Allt þetta hefir borið nauðalítinn árangur. Með hinum tíðu sjóslysum, sem verða árlega og meðfram má rekja til ónógs eftirlits, hefir sterk alda risið á ný meðal sjómannastéttarinnar um að mál þetta verði tekið til ýtarlegrar athugunar og ráðnar verði bætur á því, sem ábótavant er í þessu efni.

Skipastóll landsmanna, eða mestur hluti hans, er orðinn gamall. Mörg skipanna hafa verið keypt gömul, og þau járnskip, sem hafa verið byggð handa landsmönnum, eru velflest komin yfir meðalaldur skipa. Það er því ljóst, að viðhald skipanna þarf að vera í góðu lagi, og er þjóðarnauðsyn, ef fullt öryggi fyrir lífi manna á sjónum á að vera til staðar.

Eftirlit með öryggi skipa getur ráðið hér mestu um, að viðhald skipanna sé eins og vera ber.

13. þing Alþýðusambands Íslands lítur því svo á, að nauðsynlegt sé að gera breytingar á lögum nr. 58 14. júní 1929 og breyting á þeim lögum frá 1935, er miði í þá átt:

1. Að breyta nokkru um skipulag á eftirlitinu, meðal annars að samtök sjómanna á hverjum stað fái íhlutun um skipun manna í eftirlitsstarfið.
2. Að auk hinna föstu skoðunarmanna við „aðalskoðun og aukaskoðun" séu skipaðir fjórir menn, sinn í hverjum landsfjórðungi, er hafi stöðugt eftirlit með lögum og reglugerðum um, að öryggi skipa sé framfylgt á hverjum tíma.
3. Að tilskipun um öryggi skipa sé þegar endurskoðuð og færð til samræmis við hliðstæðar reglugerðir á Norðurlöndum, með tilliti til þess, sem íslenzkir staðhættir útheimta.
4. Að skipaskoðunarstjóri ríkisins sé óháður öllu eftirliti með skipum fyrir einstaka skipaeigendur eða félög, öðru en því, er stöðu hans tilheyrir, enda verði hann launaður með það fyrir augum.
5. Að trúnaðarmenn ríkisins um skipaskoðun séu launaðir úr ríkissjóði.
6. Að lög séu sett um byggingu og styrkleika skipa.
7. Að viðgerðir skipa séu unnar í landinu og trygging fáist þar með fyrir því, að fyrirmælum skipaeftirlitsins sé fullnægt.
8. Að í fiskiskipum, sem ekki er skylt að hafa loftskeytastöðvar, séu lögskipaðar talstöðvar og eftirlit með þeim; jafnframt verði leiga fyrir talstöðvar lækkuð og gangskör gerð að því, að rekstur stöðvanna geti orðið öruggari og ódýrari en nú.
9. Að framlög ríkisins til vita, miðunarstöðva og sjómerkja séu að mun aukin frá því, sem verið hefir, og helzt að vitagjaldinu sé ekki varið í öðru skyni, ef unnt er.

Þingið felur þingmönnum flokksins og ráðherra sínum að vinna að framgangi þessara mála á næsta Alþingi.

Alþýðusambandsþingi, 4. nóv. 1936.

Finnur Jónsson, form. Sigurjón Á. Ólafsson, frsm. Sveinbj. Oddsson, ritari.
Arnþór Jóhannsson. Sig. Jóhannsson. Þórarinn Guðmundsson.

Samkvæmt ályktun þessari er mál þetta borið fram, þar sem flestir eru sammála um, að löggjöf sú um eftirlit með skipum, er við nú búum við, þurfi endurskoðunar með, á þann veg, að fullkomnara og tryggara eftirliti verði komið á um öryggi skipanna og þau tæki, er þeim eiga að fylgja til björgunar mannslífa í ýmsum tilfellum. Það, sem mönnum finnst skorta á, er meðal annars, að skipaskoðunin á ýmsum stöðum í allt of mörgum tilfellum sé aðeins málamyndaverk. Of mikil linkind sýnd um að framfylgja endurbótum á skipum, þó á þær sé bent af skoðunarmönnum. Að farið sé í kringum skoðunarmennina, með því að lána áhöld, er skylt er, að fylgi skipunum, þegar skoðun fer fram. Að ekki sé fylgzt með, þótt áhöld og skipsbúnaður fari forgörðum eða hrörni á milli þess er skoðun fer fram. Að ofhleðsla fiskiskipa eigi sér stað, sérstaklega á síldveiðum og jafnvel á saltfiskveiðum. Að viðgerðir á skipum (klössun), sérstaklega erlendis, séu ekki eins fullkomnar og vera ætti, og þá sérstaklega á bol skipanna. Margskonar gagnrýni önnur um þessi mál er með rökum höfð í frammi, sem öll ber að sama brunni um það, að eftirlitið með öryggi skipanna er ábótavant.

Því kvarta sjómennirnir ekki til skipaeftirlitsins? munu menn spyrja. En því er til að svara, að allar umbætur á skipi og öll þau áhöld, er þeim ber að fylgja, er oft stórt fjárhagsspursmál fyrir skipseiganda, og tíðar kvartanir um eitt eða annað, sem vantar, eða harðar kröfur um endurbætur eru ekki ávallt vel séðar. Með þögninni einni þarf enginn neins að gjalda.

Íslenzka sjómannastéttin hefir fram á þennan dag hætt lífi sínu út á hafið, því miður of oft á lélegum skipakosti. Það hefir verið hennar hlutverk að sækja í djúp hafsins verðmæti, er hefir numið allt að 80% af útflutningsverðmæti þjóðarinnar. Eftir því, sem næst verður komizt, eru árlega um 6000 ungir og vaskir menn, er sjóinn stunda á fiskveiðum þegar flest er. Meðaltal skipa, er til fiskveiða hafa gengið árin 1930—1934, eru 39 togarar, 26 önnur gufuskip, 228 mótorbátar yfir 12 rúmlestir, 738 mótorbátar undir 12 rúmlestum og 165 opnir bátar. Á síðastliðnu ári mun tala skipanna, er til fiskveiða gengu, vera að mun lægri. Auk fiskveiðiflotans eru nú til í landinu 8 flutninga- og farþegaskip, 5 vöruflutningaskip, 2 varðskip og nokkur minni vöru- og fólksflutningaskip á fjörðum og flóum. Á þessum skipum eru um 400 skipverjar. Það mun því láta nærri, að um 6500 manns eigi líf sitt allmikið undir því, að eftirlit með skipum sé í sem beztu lagi.

Um aldur alls skipastólsins er engin handhæg skýrsla fyrir hendi. Um togarana er það vitanlegt, að meðalaldur þeirra er nú 16 ár, en meðalaldur fólks- og vöruflutningaskipanna, 12 að tölu, er 23 ár. Þessi hái aldur járnskipanna er ljóst dæmi þess, að viðhald þeirra hlýtur að vera allmikið, ef ekki á að skorta haffæri þeirra og öryggi. En um leið er það staðreynd, að eftirlitið frá því opinbera með slíkum skipastól þarf að vera svo fullkomið sem frekast eru föng á.

Í þesssu sambandi má geta þess, hve mikið afhroð íslenzka þjóðin geldur í missi sona sinna, er á hafinu vinna. Á tíu ára skeiði, 1927—1. jan. 1937, hafa 442 menn drukknað í sjó og vötnum. Af þeim hafa 44 farizt með vélbátum yfir 12 rúmlesta, 59 með bátum undir 12 rúmlestum, 58 með opnum vélbátum, 34 með árabátum, 46 með togurum, 28 með línugufubátum og 9 með vöruflutningaskipi. Alls hafa því farizt með skipum 278 menn, 70 hafa fallið fyrir borð og drukknað af ýmsum tegundum skipa, og 94 hafa drukknað við bryggjur, í ám og vötnum. Um orsakir þeirra slysa, er skip farast með öllu, er ókunnugt, en í sumum tilfellum geta menn sér til um orsökina. Þessi skýrsla sannar meðal annars það, að full ástæða er til fyrir þjóðfélagið að gera sitt ýtrasta til að draga úr slysahættunni eftir fremsta megni, og að þessu er stefnt á mörgum sviðum. Vitar byggðir, loftskeytastöðvar reistar á skipum og í landi. Talstöðvar settar á smærri skip. Auknar kröfur um sjómennskukunnáttu yfirmanna, verklega og bóklega, og aukna þekkingu á meðferð véla, og margt fleira, er að öryggi lýtur. En að hve miklu gagni koma svo allar þessar sjálfsögðu og dýru ráðstafanir, ef skipinu, sem siglt er úr höfn, er svo ábótavant, að það getur ekki þegar mest á reynir notfært sér þau hjálparmeðul, sem

þjóðfélagið ætlar sjófarendum; það er sokkið í djúp hafsins, stundum með „mann og mús“, áður en nokkra hjálp er hægt að veita. Dæmin eru nærtæk í þessu efni. Með frumvarpi þessu er stefnt að því marki, að auka og endurbæta skoðun og eftirlit með skipunum, ekki eingöngu þann daginn, sem hin lögskipaða skoðun fer fram, heldur skulu til þess kjörnir menn hafa sí og æ vakandi auga með, að lögum og reglugerðum sé framfylgt á hverjum tíma. Eftirlit þetta er óframkvæmanlegt af skipaskoðunarstjóra einum, eins og nú er ætlazt til; til þess er það allt of umfangsmikið og víðtækt starf, ef vel á að vera, og því brýn nauðsyn á, að til aðstoðar honum í starfinu verði settir þeir menn, er frv. gerir ráð fyrir. Um nokkurn aukinn kostnað getur verið að ræða við hið aukna eftirlit, sem einkum felst í þóknun til hinna nýju eftirlitsmanna. Um það tjáir ekki að fást. Mannslífin, sem kynnu að sparast við hið endurbætta skipulag og aukna eftirlit, vinna það margfaldlega upp. Sjómannastéttin íslenzka væntir þess af þjóðfélaginu, að ekkert sé sparað, er má verða til þess, að lífi þeirra sé sem bezt borgið í baráttunni við náttúruöflin.

Nd. 59. Frumvarp til laga

um framlenging á gildi laga nr. 90 19. júní 1933, um útflutning á kjöti.

Flm.: Páll Zóphóníasson.

1. gr.

Gildi laga nr. 90 19. júní 1933, um útflutning á kjöti, framlengist til 1. júlí 1938.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Lög þau, sem hér um ræðir, voru framlengd á síðasta þingi, en þá aðeins til 1. júlí 1937. Ástæður þær, er lágu til þess, að lögin voru sett 1933, eru enn óbreyttar, og með tilliti til saltkjötssölunnar til Noregs á næsta hausti er brýn nauðsyn að framlengja gildi þeirra til 1. júlí 1938.

Nd. 60. Nefndarálit

um frv. til laga um reiknings- og skuldaskil sparisjóðsins Gullfoss í Hrunamannahreppi.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefir athugað þetta mál og leggur til, að frv. verði samþykkt.

Alþingi, 3. marz 1937.

Héðinn Valdimarsson, form.	Bergur Jónsson, fundaskr.	Thor Thors, frsm.
Stefán Jóh. Stefánsson.	Garðar Þorsteinsson.	

Nd. 61. Nefndarálit

um frv. til l. um sölu kirkjujarðarinnar Sanda í Þingeyrarhreppi.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin er sammála um að mæla með því, að frv. þetta nái fram að ganga. Samkomulag er þegar fengið milli Þingeyrarhrepps og dóms- og kirkjumálaráðuneytisins um sölu kirkjujarðarinnar Sanda til hreppsins, en áskilið var samþykki Alþingis. Ýmiskonar réttindi, afnot og hlunnindi eru áskilin prestssetrinu, og sett eru skilyrði, sem eiga að nægja til þess að tryggja, að Sandatorfan verði ávallt í eign hreppsins, en skiptist í marga staði til ræktunar. Búnaðarfélagið hefir látið gera áætlun um ræktun á þessari jörð til hagsbóta fyrir íbúa Þingeyrar, og mun hreppurinn ætla sér að hafa samvinnuræktun eftir þessu skipulagi, en úthluta síðan landinu í smástykkjum til íbúa Þingeyrar.

Alþingi, 3. marz 1937.

Héðinn Valdimarsson, form., frsm. Bergur Jónsson. Stefán Jóh. Stefánsson.
fundaskr.
Thor Thors. Garðar Þorsteinsson.

Ed. 62. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 99 3. maí 1935, um skuldaskilasjóð vélbátaeigenda.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

1. gr.

5. gr. laga nr. 99 3. maí 1935 orðist þannig:

Lán úr skuldaskilasjóði skulu veitt eigendum vélbáta ekki stærri en 60 smálesta, og skal lánunum varið til þess að ná samningum um nauðsynlegar eftirgjafir skulda og hagkvæmar breytingar á lánskjörum. Ennfremur má veita eigendum línuveiðagufuskipa lán í sama skyni, þó svo, að hin samanlagða lánsupphæð til eigenda línuveiðagufuskipa fari ekki fram úr 250000 krónum. Lánin skulu veitt með þeim skilyrðum og eftir þeim reglum, sem í lögum þessum greinir.

2. gr.

Lánveitingum úr sjóðnum skal lokið 1. maí 1937, og skal ríkisstjórninni heimilt að fela stjórn skuldaskilasjóðs, er skipuð var samkvæmt 10. gr. laga nr. 99 3. maí 1935, að halda áfram störfum til þess tíma, þó svo, að hér eftir séu þær einar lánbeiðnir afgreiddar, er sjóðnum höfðu borizt fyrir 1. janúar 1937. Um lánveitingar þær, er hér ræðir um, fer að öðru leyti eftir lögum nr. 99 3. maí 1935.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 63. Frumvarp til laga

um kaup á hlutabréfum í Útvegsbanka Íslands h/f.

Flm.: Jóhann Þ. Jósefsson.

1. gr.

Ríkisstjórninni heimilast að gefa út ríkisskuldabréf fyrir allt að 2 milljónum króna. Ríkisskuldabréf þessi, sem bera 4% ársvexti, eru afborgunarlaus næstu 5 ár, en greiðast því næst með jöfnum afborgunum á 30 árum eftir inndrætti.

Ríkisstjórnin setur nánari reglur um inndráttinn.

2. gr.

Skuldabréfum þeim, er um ræðir í 1. gr., skal varið til kaupa á hlutabréfum í Útvegsbanka Íslands h/f. Þau ein hlutabréf skulu keypt, er sannað verður, að hafi verið gefin út til þeirra manna, er áttu sparisjóðsfé (innlán í bók eða á skírteini) í Íslandsbanka og tekið hafa á móti hlutabréfum sem hluta af þeirri innstæðu. Hlutabréfin skulu keypt við nafnverði.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 30. júní 1937.

Greinargerð.

Frv. samhljóða þessu hefir áður verið flutt hér á Alþingi án þess að hafa fengið fullnaðarafgreiðslu.

Það er óverjandi af Alþingi að rétta í engu hlut þeirra manna, sem misstu stóran hluta sparifjár síns, er þeir áttu í Íslandsbanka og tekið var sem hlutafé í Útvegsbanka Íslands. Sá hluti þjóðarinnar, sem fyrir þessu hefir orðið, átti alveg sama siðferðislegan rétt á því, að sparifjáreign hans væri vernduð eins og þeir, sem um sama leyti áttu sparifé í Landsbankanum, og þeir, sem síðan hafa eignazt samskonar fé í Útvegsbanka Íslands h/f.

Að öðru leyti vísast til greinargerðar fyrir frv. til laga um kaup á hlutabréfum í Útvegsbanka Íslands h/f, þingskj. 289 frá þinginu 1934.

Ed. 64. Frumvarp til laga

um klaksjóð, heimild fyrir ríkisstjórnina til að reisa klakstöðvar og til leigunáms í því skyni.

Flm.: Jón Baldvinsson, Jónas Jónsson.

1. gr.

Ríkisstjórnin skal stofna sjóð, er nefnist klaksjóður og varið skal til þess að standast rekstur klakstöðva, sem reistar kunna að verða samkvæmt lögum þessum.

2. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að innheimta klaksjóðsgjald, er nemi 3 aurum á kg. af laxi, sem veiddur er hérlendis og seldur á innlendum eða erlendum markaði. Klaksjóðsgjald, ásamt 5000 króna tillagi úr ríkissjóði árlega í næstu fimm ár, og tekjur af sölu laxaseiða frá klakstöðvum ríkisins, rennur í klaksjóð.

Nú stundar fiskiræktarfélag laxaklak á fullnægjandi hátt, að dómi veiðimálastjóra, og greiðist þá eigi klaksjóðsgjald af veiði félagsmanna.

3. gr.

Ríkisstjórninni skal heimilt að reisa a. m. k. tvær klakstöðvar, og skal hvor eða hver stöð geta framleitt allt að 2,5 millj. laxaseiða. Skal minnst 10% af árlegri seiðaframleiðslu stöðvanna látið í ár þær og vötn, sem stofnveiðin er úr. Að jafnaði skulu seiðin látin í vötnin að réttri tiltölu við stofnveiðina úr þeim.

4. gr.

Vegna stofnveiða til klakstöðva þeirra, er ræðir um í 3. gr., skal ríkisstjórninni heimilt að taka á leigu að einhverju leyti eða öllu:

a. veiðiréttindi í Laxá í Kjósarsýslu og í Bugðu og Meðalfellsvatni í sömu sveit eða Grímsá í Borgarfirði.
b. veiðiréttindi í Laxá úr Mývatni og í Reykjadalsá í Þingeyjarsýslu.

Takist ekki hagkvæmir samningar, að dómi ríkisstjórnarinnar, um leigu á veiðiréttindum, er um ræðir í a- og b-lið, skal ríkisstjórninni heimilt að taka slík réttindi leigunámi um 10 ára skeið. Um framkvæmd leigunámsins skal farið eftir ákvæðum laga nr. 61 frá 1917, um framkvæmd eignarnáms.

5. gr.

Heimilt skal að veiða til klakstöðvanna á hvern þann hátt og á hverjum þeim tíma, sem henta þykir.

6. gr.

Ríkisstjórninni skal heimilt að verja allt að 16000 kr. til byggingar og útbúnaðar klakstöðva þeirra, sem um er rætt í 3. gr. Rekstrarkostnaður klakstöðvanna greiðist úr klaksjóði. Nægi tekjur klaksjóðs eigi til, greiðist mismunurinn úr ríkissjóði.

7. gr.

Klakstöðvar ríkisins skulu selja fiskiræktar- og veiðifélögum laxaseiði fyrir eigi meira verð en 8 kr. þúsundið flutt í á þá, sem seiðin eru ætluð í. Heimilt er að selja öðrum en fiskiræktar- og veiðifélögum laxaseiði frá klakstöðvum ríkisins. Landbúnaðarmálaráðherra setur reglugerð um starfrækslu klakstöðvanna og um sölu og flutning seiðanna.

8. gr.

Nú verða tekjur klaksjóðs meiri en svo, er þarf til þess að greiða rekstrarkostnað af klakstöðvum þeim, sem rætt er um í 3. gr., og skal þá verja tekjuafganginum til stofnunar nýrra klakstöðva og rekstrar þeirra.

9. gr.

Ríkisstjórninni skal heimilt að setja reglugerð um innheimtu á gjaldi því, sem rætt er um í 2. gr.

10. gr.

Með brot gegn 2. gr. skal farið eftir almennum ákvæðum tollalaga. Fyrir brot gegn lögum þessum og reglugerð, settri samkvæmt þeim, skal annars refsað með sekt, allt að kr. 1000.00, ef þyngri refsing liggur ekki við að öðrum lögum.

11. gr.

Með mál út af brotum á lögum þessum og reglugerð, settri samkvæmt þeim, skal farið sem almenn lögreglumál.

12. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frv. um sama efni var flutt af landbn. Ed. á síðasta Alþingi. Er það nú flutt, að ósk landbúnaðarráðherra, og í því formi er það var afgreitt frá Ed. til Nl. á því þingi. Flm. áskilja sér rétt til að gera brtt. við frv., ef þurfa þykir.

Nánar í framsögu.

Ed. 65. Nefndarálit

um frv. til laga um breyting á 10. gr. tilskipunar um fjárforráð ómyndugra á Íslandi, 18. febr. 1847.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin leggur til, að frv. verði samþ.

Reykjavík, 4. marz 1937.

Sigurjón Á. Ólafsson, form.	Ingvar Pálmason, fundaskr., frsm.	Magnús Guðmundsson, með fyrirvara.

Nd. 66. Nefndarálit

um frv. til laga um framlenging á gildi laga um verðtoll og bráðabirgðaverðtoll.

Frá fjárhagsnefnd.

Í frv. er lagt til, að gildandi lagaákvæði um verðtoll verði framlengd til ársloka 1938, og leggur nefndin til, að það verði samþykkt.

Alþingi, 3. marz 1937.

Sigfús Jónsson, form.	Ásg. Ásgeirsson, frsm.	Gunnar Thoroddsen, fundaskr., með fyrirvara.
Ólafur Thors.	Stefán Jóh. Stefánsson.	

Ed. 67. Frumvarp til laga

um einkaleyfi til að flytja út hrafntinnu og selja hana á erlendum markaði.

Flm.: Pétur Magnússon, Bernharð Stefánsson.

1. gr.

Frá gildistöku laga þessara til ársloka 1940 veitist Agli Árnasyni, kaupmanni í Reykjavík, einkaleyfi til þess að flytja út úr landinu og selja á erlendum markaði hrafntinnu og aðrar svipaðar bergtegundir, sem notaðar eru til þess að húða með steinbyggingar.

2. gr.

Einkaleyfishafa ber að greiða til ríkissjóðs þrjár krónur í útflutningsgjald af hverri smálest ofannefndra bergtegunda, sem hann kann að flytja út.

3. gr.

Meðan leyfistíminn stendur er öllum öðrum óheimilt að flytja út vöru þá, er einkaleyfið nær til. Brot gegn því ákvæði varðar sektum frá 500—5000 kr.

4. gr.

Verði útflutningur sérleyfishafa, að liðnu þessu ári, minni en 100 smálestir á ári, er atvinnumálaráðherra heimilt að svipta hann sérleyfinu.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frv. samhljóða þessu var flutt á þingi 1935, og vísast til greinargerðar fyrir því.

Ed. 68. Frumvarp til laga

um heimild handa atvinnumálaráðherra til þess að veita sjóliðsforingja Pétri Sigurðssyni stýrimannsskírteini á íslenzkum skipum.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

1. gr.

Atvinnumálaráðherra skal heimilt að veita Pétri Sigurðssyni sjóliðsforingjaefni undanþágu frá því að ganga undir farmanna- og varðskipapróf við stýrimannaskólann í Reykjavík samkv. lögum nr. 100 23. júní 1936 og láta honum í té stýrimannsskírteini í utan- og innanlandssiglingum á íslenzkum verzlunar- og varðskipum, af hvaða stærð sem er, og skipstjóraskírteini á samskonar skipum eftir að hann hefir fullnægt ákvæðum laga nr. 104 23. júní 1936, um atvinnu við siglingar. Skulu próf hans við sjóliðsforingjaskólann í Kaupmannahöfn jafngilda íslenzkum prófum.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Ed. 69. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 44 23. júní 1932, um skipun læknishéraða, verksvið landlæknis og störf héraðslækna.

Frá allsherjarnefnd.

1. gr.

Aftan við 5. gr. laganna bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:

Næst þegar Reykjavíkurhérað og Akureyrarhérað verða veitt, og síðan framvegis, skal aðeins veita þessi héruð læknum, sem eru sérfræðingar í heilbrigðisfræði, enda skal þá ráðherra setja héraðslæknum í þessum héruðum sérstakt erindisbréf, þar sem þeim er gert að hafa að aðalstarfi hin eiginlegu embættisstörf, eftir nánari reglum í erindisbréfinu, jafnframt því sem þeir að meira eða minna leyti eða með öllu eru leystir undan skyldu og sviptir rétti til að stunda almennar lækningar.

2. gr.

Aftan við 6. gr. laganna bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:

Þegar Reykjavíkurhérað eða Akureyrarhérað hafa verið veitt samkvæmt ákvæðum 4. málsgreinar 5. greinar, skulu héraðslæknarnir í þeim héruðum hafa að árslaunum 6000 krónur. Hlutaðeigandi kaupstaður sér héraðslækni fyrir skrifstofu og lætur honum í té aðstoð við skrifstofuhald, eftir því sem þörf kaupstaðarins krefur og um semst.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt að tilmælum ráðherra heilbrigðismálanna, en landlæknir hefir samið frumvarpið og látið fylgja því svolátandi greinargerð:

Hin eiginlegu embættisstörf héraðslækna, einkum í Reykjavík og fjölmennustu kaupstöðunum, verða með hverju ári yfirgripsmeiri og erfiðari, svo að embættisstörfin, sem verið hafa aukastörf við hliðina á aðalstarfinu, hinum almennu lækningum, ættu í hinum stærstu kaupstöðum, ef vel væri, að vera aðalstarfið, enda þá að rækjast í samræmi við það. Þetta var og að nokkru leyti viðurkennt um Reykjavík árið 1932, er hin síðustu lög um skipun læknishéraða voru samþykkt (sbr. 5. og 6. gr. laganna).

Embættisstörf héraðslæknanna í kaupstöðunum aukast með vaxandi fólksfjölda þeirra og fyrir síaukin afskipti hins opinbera af heilbrigðishögum þjóðarinnar. Þessi eru eða ættu að vera hin helztu embættisstörf héraðslækna:

1. Þeir eru umboðs- og trúnaðarmenn heilbrigðisstjórnarinnar við alla framkvæmd heilbrigðislöggjafarinnar.
2. Þeir eru oddvitar í öllum heilbrigðismálum, hver í sínu héraði, og sjálfkjörnir, sérfróðir meðlimir í öllum heilbrigðisnefndum, þar sem þær eru, en það er meðal annars í öllum kaupstöðum. Í hinum stærstu kaupstöðum er verksvið heilbrigðisnefndanna ærið og verkefnin óþrjótandi, sem bíða úrlausnar.
3. Þeir annast heilbrigðisskýrslugerð, sem er mikið verk í hinum stærstu héruðum, og hætt við, að lendi í vanhirðu, nema hlutaðeigandi héraðslæknir hafi gott tóm til, og sér þessa stað.
4. Þeir annast almennar sóttvarnir (farsóttavarnir, berklavarnir, kynsjúkdómavarnir o. s. frv.). Þar undir heyra hinar almennu bólusetningar gegn bólusótt, svo og sérstakar bólusetningar til varnar gegn ýmsum öðrum næmum sjúkdómum, en slíkar bólusetningar fara nú mjög í vöxt.
5. Þeir eru skólalæknar og hafa þar með þýðingarmikið eftirlit með heilbrigði og heilsuvernd hinnar uppvaxandi kynslóðar.
6. Með sérstakri fjárveitingu á fjárlögum hefir verið leitazt við að ýta undir, að settar yrðu á stofn í kaupstöðunum almennar heilsuverndarstöðvar, en þeim er ætlað að inna af höndum hið þýðingarmesta starf til eflingar almennri heilbrigði. Færi vel á, að héraðslæknar veittu forstöðu slíkum stöðvum.
7. Með vaxandi þéttbýli í kaupstöðunum og auknum iðnaði og verksmiðjurekstri verður þörfin sífellt brýnni fyrir nákvæmt heilbrigðiseftirlit með húsakynnum almennings, verksmiðjum og vinnustöðvum, en slíkt eftirlit er nú í sorglegri vanhirðu, heilbrigði almennings vafalaust til stórtjóns. Er hér um að ræða eitt hið þýðingarmesta embættisstarf héraðslækna, ef rækt væri þar eftir.
8. Hætt er við, að hin nýja, fullkomna löggjöf um eftirlit með matvælum nái illa tilgangi sínum, ef hún nýtur ekki við góðrar aðstoðar héraðslæknanna, enda er þeim sérstaklega ætlað að aðstoða við framkvæmd hennar. Heilbrigðiseftirlit með öruggri framkvæmd gerilsneyðingar mjólkur í stórum kaupstað er eitt út af fyrir sig mjög mikið starf.

9. Tryggingarstarfsemin samkvæmt hinum nýju alþýðutryggingarlögum, og þá einkum sjúkrasamlögin í stærstu kaupstöðunum, þarfnast margvíslegra leiðbeininga lækna. En slíkir læknar þurfa að vera sem óháðastir, og fer ekki vel á, að þeir stundi almennar lækningar. Héraðslæknar, sem ekki hefðu almennar lækningar með höndum, væru hinsvegar tilvaldir trúnaðarmenn sjúkrasamlaga og annarar tryggingarstarfsemi.
10. Líkt má segja um aðstoð lækna við framkvæmd hinnar síauknu sjúkraframfærslu ríkisins (sbr. hin nýju lög um það efni).

Til þess að annast þessi störf í hinum stærstu kaupstöðum er ekki eingöngu þörf á úrvalsmönnum, er hafi sem minnstu öðru að sinna, heldur þarf sérfræðikunnáttu til, ef hins fyllsta árangurs á að vænta.

Nú horfir þessu svo við, að héraðslæknisembættin í stærstu kaupstöðunum hverfa hvert af öðru úr tölu hinna eftirsóknarverðustu héraða og verða hin lélegustu læknisembætti á landinu. Meðan lækningastarfsemin var aðalatriðið og lítið um samkeppni af hendi annara lækna, var fólksfjöldinn með tilheyrandi aðsókn aðalkeppikefli duglegra lækna um þessi héruð. Þegar sjúkrahús voru reist í héruðunum og héraðslæknarnir urðu ýmist einu læknarnir eða aðallæknarnir við sjúkrahúsin, urðu þau enn eftirsóknarverðari, einkum fyrir ötula handlækna. En til lengdar getur þetta ekki farið saman. Sjúkrahúslæknisstörfin verða óðar en varir yfirgripsmeiri en svo, að þau verði rækt ásamt öðrum almennum lækningum, og enn síður ef víðtæk embættisstörf bætast við. Sífellt er og krafizt meiri og meiri sérfræðikunnáttu til að stunda sjúkrahúslæknisstörf, ekki sízt handlækningar. Enn er erfitt að velja einn mann, er sameini það tvennt, að vera góður og vel kunnandi sjúkrahúslæknir og ötull embættismaður. Í Reykjavík er héraðslæknirinn löngu hættur að sinna sjúkrahúslæknisstörfum, og síðan 1932 hefir almenn lækningastarfsemi hans verið mjög takmörkuð. Sjúkrahúslæknisstarfið á Siglufirði hefir verið falið sérstökum lækni öðrum en héraðslækninum, og að sjúkrahúsinu á Akureyri hefir nýlega verið ráðinn sérstakur sjúkrahúslæknir, er ekki sinnir öðrum störfum. Mun svo fara um hvert kaupstaðarhéraðið á fætur öðru, þar sem fólksfjöldinn ber fleiri en einn eða tvo lækna. Leiðir þetta til þess, að jafnframt því, sem embættisstörf héraðslæknanna í stærstu kaupstaðahéruðunum verða yfirgripsmeiri og vandasamari, verða þau héruð, að óbreyttum launakjörum, lélegri embætti og síður eftirsóknarverð úrvalsmönnum en flest önnur læknisembætti á landinu. Og eru allar horfur á um hin stærstu þeirra, þar sem læknafjöldinn er orðinn mestur og verkaskiptingin á milli þeirra er fullkomnust, að vandræði verði að fá þau skipuð á viðunandi hátt. Má nefna til dæmis Akureyrarhérað, sem laust varð nú um áramótin. Undanfarið, meðan héraðslæknirinn var jafnframt sjúkrahúslæknir við hið tiltölulega stóra sjúkrahús þar, var þetta eitt hið eftirsóknarverðasta og bezt launaða embætti á landinu. En nú, er það starf fellur undan og héraðið auk þess fullskipað starfandi læknum, er embættið orðið svo rýrt, að til vandræða horfir. Hvaða læknir sækir um embætti með 2500 kr. launum, sem tæplega nægir fyrir húsaleigu hans, til þess að taka að sér mjög yfirgripsmikil, víðtæk og tímafrek embættisstörf, en án allrar tryggingar fyrir meiri aðsókn sjúklinga en hver annar embættislaus starfandi læknir, nema síður væri? Tæplega aðrir en einhver starfandi læknir á staðnum, sem þegar hefði tryggt sér viðunandi aðsókn og vildi hafa embættisstörfin að aukastarfi, enda hefði þá lítinn tíma til að rækja þau, eða aðkomulæknir, sem treysti sér vel til samkeppni um almennar lækningar og legði síðan allan hug á þær, en gæfi sér að sama skapi lítið tóm til embættisstarfanna, eða loks aldurhniginn héraðslæknir, er kysi að taka sér hvíld, og vildi um tíma, áður en hann lyki störfum að fullu, dunda við skýrslugerð og þess háttar, en er ólíklegur til að rækja embættisstörf sín í nokkurri líkingu við það, sem hér hefir verið leitazt við að sýna fram á, að þörf væri á. Þó að völ væri á hinum hæfasta lækni, sérfróðum í heilbrigðisfræði, en slíka sérfræðikunnáttu þarf læknir að hafa, auk annara góðra kosta, til að geta fullnægt þeim kröfum, sem gera ber til læknis, ef hann á að geta verið fullkominn embættis-

læknir (health officer) í stórum kaupstað — þá væri sannkallað hermdarverk unnið með því að fá slíkum manni störfin í hendur eins og allt er í pottinn búið. Fyrir að gegna embættisstörfum, sem, ef vel væri, krefjast allra starfskrafta hans, á hann að fá þóknun, sem svarar húsaleigustyrk, en að öðru leyti á að ætla honum að vinna fyrir sér í „tómstundunum“ með því að taka upp samkeppni um almennar lækningar við starfandi lækna á staðnum, sem þar eru þegar orðnir rótgrónir, en hann sennilegast lítt undir slík störf búin, er hann hefði árum saman lagt stund á framhaldsnám í heilbrigðisfræði, sem almennum læknisstörfum stendur allfjarri.

Fyrir þetta hefir því verið slegið á frest að auglýsa Akureyrarhérað laust til umsóknar, þangað til séð yrði, hvort Alþingi féllist ekki á nauðsyn þess að gera þá breytingu á læknaskipunarlögunum, sem farið er fram á með þessu frumvarpi.

Gera má ráð fyrir, að það komi smátt og smátt í ljós um aðra stærstu kaupstaði landsins en Akureyri og Reykjavík, að ógerningur verði að sameina héraðslæknisstörfin þar almennum læknisstörfum, þannig, að embættisstörfin fáist sómasamlega rækt, en hér er þó aðeins farið fram á, að skipulaginu sé breytt að því er snertir þessi tvö stærstu héruð landsins. Er hvorttveggja, að ráðlegt er að fara hægt af stað og sjá, hvernig hin nýja skipun kann að gefast, en auk þess er, enn sem komið er, lítil völ á heilbrigðissérfræðingum, er líklegir væru til að vilja taka við héraðslæknisembættum. Þó að frumvarp þetta yrði samþykkt, mætti vel fara svo, að draga þyrfti að veita Akureyrarhérað, unz völ væri á nægilega mörgum sérfræðingum til að velja á milli. En fullvíst má telja, að ef útlit er fyrir, að þörf sé slíkra sérfræðinga, verði ekki skortur á ungum og efnilegum kandidötum í læknisfræði, er leggja vilji stund á þessa sérfræðigrein.

Í frumvarpinu eru hin fyrirhuguðu laun ákveðin svo lág sem tiltækilegt þykir, til þess að nokkur von eigi að verða um að fá sæmilega menn í þessi embætti, þannig, að þeir sinni fyrst og fremst embættisstörfunum, en hafi verulega takmarkaðan eða jafnvel engan rétt til að stunda almennar lækningar. Og að vísu er ekkert útlit fyrir, að dugandi læknar fáist í embættin fyrir þessi laun, nema hægt sé að tryggja þeim einhverjar uppbætur á þau fyrir unnin störf, sem ekki ætti að vera ógerningur, og þó þannig, að öllu væri vel í hóf stillt. Mundu nánari ákvæði um það verða sett í erindisbréfi. Sanngjarnt þykir, að hlutaðeigandi kaupstaður, sem héraðslæknirinn vinnur fyrst og fremst fyrir, láti honum í té skrifstofu og nauðsynlegustu aðstoð við skrifstofuhald. Er það til tryggingar fyllri árangri af störfum hans í þágu kaupstaðarins. Mundi ef til vill geta farið vel á, að héraðslæknirinn og heilbrigðisfulltrúi kaupstaðarins ynnu saman á einni skrifstofu, enda yrði þá heilbrigðisfulltrúinn skipaður með tilliti til þess.

Frumvarpið hefir verið sent stjórnum beggja læknafélaga landsins, Læknafélags Íslands og Læknafélags Reykjavíkur, og „allir stjórnarmeðlimir hafa orðið á eitt sáttir um, að frumvarp þetta væri á rökum byggt, og eru því fylgjandi, að það nái fram að ganga“.

Nd. 70. Breytingartillaga

við frv. til laga um breyting á lögum nr. 35 1. febr. 1936, um viðauka við lög nr. 78 19. júní 1933, um kreppulánasjóð.

Frá Jónasi Guðmundssyni.

Á eftir 1. gr. frumv. komi ný grein, sem verður 2. gr., svo hljóðandi, og breytist greinatala frumv. samkv. því.

Ríkisstjórninni heimilast að fela stjórn kreppulánasjóðs að lána það, sem eftir er af skuldabréfum kreppulánasjóðs bæjar- og sveitarfélaga, til þeirra bæjar- og

sveitarfélaga, sem á síðastliðnu ári gátu ekki fengið fullnægjandi afgreiðslu hjá sjóðnum, svo og þeim bæjar- og sveitarfélögum, er leitazt hafa fyrir um lán úr sjóðnum síðan hann lauk starfsemi sinni, og þeim öðrum, er við kunna að bætast, meðan féð hrekkur.

Meðan lánveitingar þessar fara fram skal stjórn sjóðsins skipuð eins og segir í 1. mgr. 15. gr. l. nr. 35 1936, og skal þeim lokið eigi síðar en 1. júlí 1937.

Sþ. 71. Breytingartillaga

við till. til þál. um meðferð utanríkismála.

Flm.: Ólafur Thors, Magnús Jónsson, Pétur Magnússon.

Tillögugr. orðist þannig:

Alþingi ályktar að hefja nú þegar undirbúning að því, að Íslendingar, með því að neyta uppsagnarákvæðis sambandslaganna, taki öll málefni landsins í eigin hendur. Í þessu skyni skorar Alþingi á ríkisstjórnina að skipa fjögurra manna nefnd, eftir tilnefningu frá miðstjórnum þingflokkanna, er geri tillögur til Alþingis um framtíðarskipun utanríkismála og um tilhögun atkvæðagreiðslu samkv. 18. gr. sambandslaganna. Nefndin vinni kauplaust.

Nd. 72. Frumvarp til laga

um framlög ríkisins til endurbyggingar á sveitabýlum.

Flm.: Bjarni Ásgeirsson, Páll Zóphóníasson.

1. gr.

Heimilt er að verja allt að 50000 krónum af fé því, er ríkið leggur árlega til byggingar- og landnámssjóðs, sem óafturkræfu framlagi til endurbygginga eða endurbóta á íbúðarhúsum í sveit, enda séu þær í sjálfsábúð, eða heimilt að byggja þær í erfðaábúð samkvæmt lögum um erfðaábúð og óðalsrétt.

2. gr.

Fé þetta má veita þegar svo stendur á og eftir þeim reglum, er hér segir:

a. Að bæjarhús jarðarinnar séu að dómi læknis og hreppstjóra óhæf til íbúðar, svo ætla megi, að heilsu manna geti stafað tjón af.
b. Að ábúandi sé ekki fær um að endurreisa bæjarhúsin af eigin rammleik, að dómi nýbýlanefndar ríkisins.
c. Jarðir í sjálfsábúð koma hér aðeins til greina, þegar fasteignamat bæjarhúsa er undir 1000 kr.
d. Jarðir í erfðaábúð koma því aðeins til greina, að fasteignamat landsins sé eigi hærra en 5000 krónur.
e. Framlagið til hvers einstaks býlis má vera 500—1500 krónur, þó aldrei meira en ⅓ hluti kostnaðar.

3. gr.

Nýbýlastjórn ríkisins ákveður, hverjar jarðir skuli verða aðnjótandi framlags þess til bygginga, er um ræðir í lögum þessum, og ákveður upphæðina á hverja jörð. Getur hún krafizt allra þeirra upplýsinga, sem nauðsynlegar eru í því sam-

bandi, og sett þau skilyrði um byggingarnar, er hún telur þurfa, til að tryggja, að þær komi að sem fyllstum notum.

4. gr.

Verðmæti það, er fyrir framlag þetta stendur í byggingunni, skal á hverjum tíma meta sér í fasteignamati. Skal það vera óafturkræft, vaxtalaust fylgifé jarðarinnar, sem undanþegið er eignarskatti, og má hvorki selja það né veðsetja.

5. gr.

Heimilt er landbúnaðarráðherra að setja með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda árið 1937, en falla úr gildi árið 1950.

Greinargerð.

Það mun vart orka tvímælis, að húsagerð í sveitum er eitt þýðingarmesta mál landbúnaðarins og um leið vandasamasta, þar sem erfitt er að láta fara saman nothæfni, varanleik og það verðlag, sem bændur almennt þola. Hinsvegar eru aðstæður þannig í flestum sveitum, að þörf húsagerðar er mikil og aðkallandi. Allmikið hefir verið gert undanfarið til stuðnings þessum málum af hálfu hins opinbera. Má þar nefna stofnun byggingar- og landnámssjóðs, þar sem bændum voru veitt lán til varanlegra bygginga að miklum mun hagkvæmari en áður hafði þekkzt. Þá má og nefna byggingalán Ræktunarsjóðs Íslands og að síðustu nýbýlalöggjöf og fjárframlög í sambandi við hana, er með beinum fjárhagslegum stuðningi og hagkvæmum lánum styrkja menn til að koma upp nýbýlum í sveitunum. Einnig eru starfræktar í sambandi við stofnanir þessar leiðbeiningar í húsagerð, er láta bændum í té ókeypis teikningar að húsum og aðrar nauðsynlegar ráðleggingar og eftirlit með byggingunum. Þó að hús þau, sem gerð hafa verið undanfarið á vegum byggingar- og landnámssjóðs, séu flest vönduð og varanleg og miklum mun ódýrari en sambærileg hús, er á sama tíma hafa verið byggð í kaupstöðum landsins, hefir reynslan þó sýnt, að mörg þeirra eru ofviða fjárhag bændanna, þar sem mestur hluti verðs þeirra hefir verið tekinn að láni. Virðist því auðsætt, að enn meiri áherzlu verður að leggja á það eftirleiðis en hingað til að koma upp ódýrum húsum, þ. e. að bændur bindi sér ekki þann skuldabagga, er búskapur þeirra getur ekki undir risið. En þetta er örðugt viðfangs, þar sem þess verður að gæta um leið, að sú viðleitni rýri ekki um of nothæfni húsa og varanleik. Það virðist því vart hjá því komizt, þó fast sé haldið á um ýtrasta sparnað og hagsýni við byggingarnar, þá verði hér að taka upp að nokkru leyti sömu aðferð um stuðning við endurbyggingu á jörðum og byrjað var á í nýbýlalöggjöfinni við byggingu nýbýla, að veita nokkurn beinan óafturkræfan byggingarstyrk þeim mönnum, sem ekki geta af eigin rammleik komið upp viðunandi húsum á jörðum sínum, þó að styrkur þessi verði að sjálfsögðu hlutfallslega minni en til nýbýlanna. Og fleiri ástæður má einnig nefna, sem hníga að því, að nauðsyn sé að taka upp þetta fyrirkomulag. Undanfarið hefir fjöldi bænda bundið meginhluta eigna sinna veðböndum vegna afleiðinga kreppunnar og skuldaskila þeirra, er farið hafa fram í kreppulánasjóði, svo að þeir hvorki hafa nægileg veð að bjóða lánsstofnunum vegna byggingarlána né ástæður til að standa undir auknum lánum að neinu ráði.

En á jörðum margra þessara manna eru hús ýmist að falli komin eða fallin svo, að ekki verður undan því komizt bráðlega að byggja þau að nýju, ef jarðirnar eiga ekki að falla algerlega í auðn. Þá má og minna á það, að samkv. lögum um erfðaábúð og óðalsrétt ber þeim leiguliðum, er jarðir fá byggðar eftir þeim, að taka sjálfir á sig endurhýsingarskylduna. En þeim er heimilað að taka til þess lán gegn veði í jörðunum, sem ekki fari fram úr ½ fasteignamati landsins á við-

komandi jörð. Nú er fasteignamat lands á mörgum þessara jarða ekki nema nokkur hundruð krónur, svo að lántökuheimildin hrekkur þar skammt til að ljúka nauðsynlegum byggingarkostnaði. Það verður því ekki séð, á hvern hátt þeir menn margir hverjir, sem hér á undan hefir verið getið, eiga að vera þess umkomnir að koma upp nothæfum íbúðarhúsum á jörðum sínum, ef þeir eiga ekki kost á nokkru beinu óafturkræfu framlagi.

Þegar gengið var frá nýbýlalöggjöf ríkisins í landbúnaðarnefnd neðri deildar á þinginu 1935, gerðu nefndarmenn sér ljósa grein þess misræmis, sem með stuðningi þeim, sem þar var heitinn nýbýlastarfseminni, myndaðist á milli kjara þeirra, er nýbýlin byggja, og margra þeirra bænda, er þurfa að endurbyggja á býlum sínum, með því að oft yrði undralítill munur á því að reisa að nýju eða „byggja upp", eins og það er kallað, þar sem hús eru svo að segja gerfallin. Og það var á það minnzt í nefndinni, að full þörf væri á að bæta hér um, þó að hún félli frá því að blanda því saman við nýbýlalöggjöfina. Og þetta hefir einnig glögglega komið fram við framkvæmd nýbýlalaganna, að oft og einatt er mjög örðugt að gera sér grein fyrir því, hvort um nýbyggingu eða endurbyggingu er að ræða, og hitt hefir nýbýlanefnd þráfaldlega rekið sig á, að ástæður þess, er eftir situr með gamla býlið, eru mjög lítið betri til að hýsa býli sitt en hins, er nýbýlalánið fær til að reisa nýja byggð á hinum hluta jarðarinnar. Frumvarp þetta er nú flutt til að bæta að nokkru úr þessum vandkvæðum, og þótt fé það, sem til þessa er ætlað samkvæmt frv., sé ekki mikið og styrkupphæð til hvers einstaklings ekki há, má þó fullyrða, að það getur komið að miklu liði til að létta undir með bændum í þeirra mikla, örðuga og aðkallandi verkefni að byggja upp landið. Á nýafstöðnu flokksþingi framsóknarmanna var mál þetta tekið fyrir og einróma samþykkt ályktun, sem fer í sömu átt og frumvarp þetta, sem hér er fram borið. Flutningsmenn hafa gert sér nokkra grein þess, hve margar jarðir er nú svo ástatt um, að þær kæmust undir ákvæði laga þessara, og hefir talizt svo til, að nú mundu vera um 540 býli í sjálfsábúð, þar sem allt húsaverð er undir 1000 kr., 250 opinberar jarðeignir, þar sem allt húsaverð er neðan við 1000 kr., og því brýn þörf að endurhýsa, en auk þess nokkrar fleiri jarðir þar sem heildarhúsaverð er meira en þetta samkvæmt fasteignamati, en landverð undir 4000 kr., og geta þær því komið hér til greina, enda mun endurhýsingar þörf á þeim mörgum.

Nánar í framsögu.

Nd. 73. Frumvarp til laga

um byggingarsamvinnufélög.

Flm.: Gísli Guðmundsson.

1. gr.

Tilgangur byggingarsamvinnufélaga er að reisa íbúðarhús fyrir meðlimi þeirra til eigin afnota með sem hagfelldustum kjörum, að safna eiginframlögum félagsmanna (sjá 3. gr.) og reka lánastarfsemi.

Ekki má stofna nema eitt byggingarsamvinnufélag í hverjum kaupstað eða kauptúni.

2. gr.

Nú vilja menn stofna byggingarsamvinnufélag, og skulu þeir þá kveðja til almenns fundar á því svæði, sem félaginu er ætlað að ná yfir, og bera málið upp til umræðu og atkvæða. Ef 15 menn eða fleiri koma sér saman um stofnun byggingarsamvinnufélags og bindast samtökum um að gerast félagsmenn, setja þeir félaginu samþykktir í samræmi við lög þessi, og skal leita staðfestingar atvinnumálaráðuneytisins á þeim.

3. gr.

Byggingarsamvinnufélögum sé aflað fár:

A. Með frálsum framlögum hvers félagsmanns í stofnsjóð, unz fjárhæð hans í sjóðnum nemur minnst $^1/_5$ hluta andvirðis þess húsnæðis, sem hann ákveður, að félagið komi upp fyrir hann. Þegar þessari fjárhæð er náð, situr félagsmaður fyrir um byggingu húss, enda gangi stofnsjóðsinnieign hans upp í byggingarkostnaðinn. Vextir af stofnsjóði leggjast við höfuðstól, og skulu þeir á hverjum tíma jafnháir og innlánsvextir í sparisjóði hjá Landsbanka Íslands. Um rétt til útborgunar stofnfjár fer eftir ákvæðum laga um samvinnufélög, nr. 36 frá 1921.

B. Með árlegu gjaldi í rekstrarsjóð félagsins, sem ákveðið skal í samþykktum þess, og sé þessum sjóði varið til þess að standa straum af rekstrarkostnaði félagsins. Kostnaður við að reisa nýjar byggingar telst ekki rekstrarkostnaður.

C. Ennfremur getur félagið tekið lán til útlánastarfsemi sinnar. Heimilt er fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs að ábyrgjast þau lán. Lánin má taka í erlendri mynt. Gefa skal út skuldabréf fyrir lánum þessum, er hvert um sig nemi ákveðinni upphæð, sem fjármálaráðherra samþykkir. Hvert slíkt lán telst til útlána einn lánaflokkur, og er honum til tryggingar samábyrgð allra þeirra félagsmanna, sem fá lán samkvæmt 4. gr. í þeim flokki. Ekki mega vera færri en 15 félagsmenn í hverjum flokki.

Félagsmenn í sama lánaflokki mynda sérstaka deild innan síns byggingarsamvinnufélags, og er þeim heimilt að hafa sérstaka stjórn að því er varðar sérmál deildarinnar.

D. Nú hafa verið stofnuð fleiri en eitt byggingarsamvinnufélag í kaupstað eða kauptúni, og skal þá það félagið, er fyrst hóf byggingarstarfsemi, hafa rétt til ríkisábyrgðar, eða það félag, sem fyrst var stofnað, ef um byggingarstarfsemi hefir ekki verið að ræða. En hafi fleiri félög verið stofnuð eða hafið byggingarstarfsemi í sama kaupstað eða kauptúni samkvæmt lögum þessum, skulu þau hafa rétt til að ganga inn í hið viðurkennda félag, og skal þá röðun meðlima þeirra á félagsskrá miðast við þann tíma, er þeir gerðust félagar í hinu fyrra félagi.

4. gr.

Byggingarsamvinnufélag veitir félagsmönnum sínum lán til þess að koma upp byggingum til eigin afnota, enda hafi þeir uppfyllt skilyrði þau um stofnsjóðstillög, sem um getur í 3. gr. A. hér að framan.

Lán þessi skulu tryggð með fyrsta veðrétti í húsum og lóðaréttindum allt að 60% af virðingarverði eignarinnar. Ennfremur veitir félagið lán gegn öðrum veðrétti í eignunum, þó þannig, að samanlagðir fyrsti og annar veðréttur nemi ekki meiri fjárhæð en 80% af kostnaðarverði eignarinnar. Félagið veitir lánin með sömu kjörum og það nýtur á lánum þeim, sem tekin eru í þessu skyni.

5. gr.

Stofnsjóður skal jafnan vera í handbæru fé í banka eða sparisjóði, þar sem ávaxta má fé ómyndugra, að svo miklu leyti, sem honum er eigi varið til að standast framkvæmdir við byggingar eða til útlána. Nú kemur fram hagnaður við útlán eða aðra ávöxtun stofnfjár, og rennur hann í varasjóð félagsins. Um ráðstöfun varasjóðs félagsins gilda ákvæði laga um samvinnufélög, nr. 36 frá 1921.

6. gr.

Félagsmenn í byggingarsamvinnufélagi fá því aðeins lán hjá félaginu, að þeir uppfylli eftirfarandi skilyrði auk þess, sem um ræðir í 3. gr. A.:

A. Að húsin séu gerð úr varanlegu efni og rúmtak hverrar íbúðar fari ekki fram úr 500 teningsmetrum, með venjulegum nútímaþægindum og eftir fastákveðnum fyrirmyndum, sem stjórn félagsins hefir ákveðið og samþykktar hafa verið af atvinnumálaráðuneytinu.

B. Að húsin séu byggð á þeim stöðum, sem félagsstjórnin ákveður og samþykktir eru af atvinnumálaráðuneytinu, enda útvegi félagsstjórnin leigulóðir.
C. Að félagið annist um byggingu hússins að öllu leyti, og sé það afhent honum gegn skuldabréfum með veði í húseigninni, er nemi þeirri fjárhæð, sem húsið kostar umfram stofnfjárframlagið.
D. Að félagsmaður sé fjárráða, heimilisfastur innan þess svæðis, sem félagið nær yfir. Þeir félagsmenn, er eigi hafa haft yfir 6000 króna skattskyldar tekjur að meðaltali 3 síðastliðin ár og ekki eiga yfir 10 þúsund króna eignir, ganga fyrir öðrum um íbúð.

7. gr.

Nú ákveður félagsstjórn, að félagsmenn skuli reisa sambyggingar, og fær til þess samþykki atvinnumálaráðuneytisins, og er félaginu þá heimilt að annast viðhald slíkra bygginga utanhúss. Noti félag heimild þessa, skal gera reglugerð um eftirlit og framkvæmd viðhalds, svo og skiptingu kostnaðar á eigendur. Um sameiginleg tæki innanhúss í sambyggingu, svo sem leiðslur allar og hitunartæki, fer eftir því, sem segir í reglugerð. Um reglugerðir, er samdar kunna að verða samkvæmt þessari grein, skal leita samþykkis atvinnumálaráðuneytisins.

8 gr.

Byggingarsamvinnufélagi, sem kemur upp sambyggingum, er heimilt að eiga til frambúðar sameiginlegt miðstöðvarhús og þvottahús fyrir margar íbúðir, húsnæði fyrir fasta starfsmenn félagsins og fyrir matvöruverzlun. Ákvæði skulu sett í reglugerð um þátttöku eigenda íbúðanna í kostnaði, sem af þessu hlýzt.

9. gr.

Ákveðið skal í samþykktum byggingarsamvinnufélags, að enginn, sem fengið hefir íbúð að tilhlutun félagsins, megi selja hana, nema stjórnin hafi áður hafnað forkaupsrétti félagsins vegna, og aldrei framleigja nema nokkurn hluta af íbúðinni, og þarf þó samþykki stjórnarinnar til. Þó getur eigandi, að fengnu leyfi stjórnarinnar, leigt heila íbúð um stundarsakir, ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi. Söluverð slíkrar íbúðar, hversu oft sem eigendaskipti kunna að verða, má aldrei vera hærra en stofnverð hennar, að viðbættu virðingarverði þeirra endurbóta, er á kunna að hafa verið gerðar, en að frádreginni hæfilegra fyrningu, hvorttveggja samkvæmt mati dómkvaddra manna. Sé um framleigu að ræða, ákveður stjórn félagsins, hve há leigan megi vera, og miðast hún við raunverulegan kostnað eiganda, samkvæmt mati, af íbúðinni eða hluta hennar, sem leigður er.

Nú sannast, að félagsmaður hefir selt hús hærra verði en leyfilegt er samkvæmt þessari grein, og rennur þá sá hluti söluverðsins, sem er umfram hið löglega verð, til félagsins og leggst í varasjóð. Verði seljandi einhverra orsaka vegna eigi fær um að greiða fjárhæð þessa, á félagið kröfu á hendur kaupanda, en þó því aðeins, að honum hafi, þegar kaupin fóru fram, verið kunnugt um, að seljandi hafi brotið á móti ákvæði þessarar greinar, og er þá fjárhæðin forgangsskuld með veði í húsinu næst á eftir veðréttum félagsins. Auk þess eru þá öll lán félagsins, sem á húsinu hvíla, þegar fallin í gjalddaga.

10. gr.

Nú neytir stjórn byggingarsamvinnufélags eigi forkaupsréttar, og er þá eiganda heimilt að selja eignina hverjum þeim manni, sem félagsstjórn samþykkir, en þó verður kaupandi að gerast meðlimur í byggingarsamvinnufélaginu og hlíta samþykktum þess.

11. gr.

Óheimilt er að veðsetja húseignir byggingarsamvinnufélaga fyrir hærri fjárhæð samtals en nemur 80% af upphaflegu kostnaðarverði þeirra og endurbóta.

sem á kunna að hafa verið gerðar, að frádreginni eðlilegri fyrningu, eins og hún kann að vera á hverjum tíma, enda verður eigi gert fjárnám í eigninni fyrir meiri fjárhæð.

12. gr.

Ríkisábyrgðin fyrir lánum til byggingarsamvinnufélaga er því skilyrði bundin, að fyrsti veðréttur, að viðbættri ríkisábyrgð, nemi ekki hærri upphæð en 15 þús. kr. fyrir hverja einstaka íbúð.

13. gr.

Um stjórn, reikningsskil og fundi byggingarsamvinnufélaga fer eftir ákvæðum laga um samvinnufélög, nr. 36 frá 1921. Fjármálaráðherra skipar annan endurskoðanda, enda skal félaginu skylt að senda ráðuneytinu samrit af aðalreikningi sínum árlega.

Þóknun til stjórnar og endurskoðenda greiðist úr rekstrarsjóði félagsins.

14. gr.

Ríkisstjórnin lætur gera fyrirmyndaruppdrætti bæði að sérbyggingum og sambyggingum, til afnota fyrir byggingarsamvinnufélög, og lætur þær í té án endurgjalds.

Sömuleiðis sér ríkisstjórnin um öruggt eftirlit með framkvæmdum og húsbyggingum þeirra félaga, er starfa samkvæmt lögum þessum.

15. gr.

Um skrásetningu og félagsslit byggingarsamvinnufélaga fer eftir ákvæðum laga um samvinnufélög, nr. 36 1921.

16. gr.

Lög nr. 71 23. júní 1932, um byggingarsamvinnufélög, og lög nr. 41 19. júní 1933, um breyting á þeim lögum, eru úr gildi felld.

17. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Í þessu frumvarpi felast fjórar tillögur til breytinga á gildandi lögum um byggingarsamvinnufélög.

Fyrsta breytingartillagan, um að ekki skuli vera nema eitt byggingarsamvinnufélag í hverjum kaupstað eða kauptúni, er fram komin sökum þess, að heppilegast mun vera, að ekki séu fleiri en eitt byggingarsamvinnufélag á hverjum stað. Ef mörg félög eru á sama stað, verður hvert um sig lítið og framkvæmdir litlar, og ekki mun þá, í flestum tilfellum, um áframhaldandi starf vera að ræða, heldur spretta félögin þá upp hvert af öðru. Nokkrir menn byggja, og þegar því er lokið, fellur starfsemi þess niður. Miklu heppilegra er, að á hverjum stað sé aðeins eitt félag með áframhaldandi starfi. Byrjunarörðugleikarnir koma þá léttar niður, og meiri reynsla fæst um byggingarlag, efni, húsagerð, byggingarskipulag o. fl., þegar sama félagið hefir áframhaldandi byggingarstarfsemi með höndum. Auðveldara ætti einnig að vera fyrir þekkt og öflugt félag að afla lánsfjár til bygginga heldur en lítil og óþekkt félög, og eftirlit með félagsskapnum af hálfu þess opinbera auðveldara og öruggara. Yfirleitt má gera ráð fyrir betri árangri af starfi byggingarfélaganna, ef þau eru stór og öflug, og að því er stefnt með þessari tillögu.

Önnur tillagan er um að fella niður stofnsjóðsgjaldið, 1% af kostnaðarverði húsnæðis hvers félagsmanns. Þetta ákvæði er óþarft, þar eð hér er ekki um rekstur að ræða. Hver húseigandi greiðir strax vissan hluta af húsverðinu, og síðan

standa húsin sem trygging fyrir því láni, sem út á þau er veitt af láni félagsins. Viðhald hússins er og á ábyrgð hvers húseiganda.

Þriðja tillagan, um sérdeildir innan félagsins, er fram komin til þess að þeir, sem eru í sama lánaflokki og bera sameiginlega ábyrgð á láninu, geti haft með sér sjálfstæðan félagsskap, er fari með sérmál þeirrar deildar og sem hana eina varðar.

Fjórða breytingartillagan er um hvaða félag eigi að öðlast full réttindi og teljast hið löglega félag á hverjum stað. Það er eðlilegt, að það félag, sem fyrst hefir verið stofnað og hafið starfsemi á hverjum stað, öðlist þann rétt, en hinsvegar er öllum félagsmönnum hinna félaganna á staðnum, ef til eru, tryggður fullur réttur í því félagi, sem öðlast réttindi. Bezt er réttur þeirra tryggður með því, að þeir komi í hið löglega félag í þeirri röð, sem þeir hafa gengið í hið fyrra félag.

Fimmta og síðasta breytingartillagan er það viðbótarákvæði, að þeir félagsmenn skuli ganga fyrir um að fá byggt hjá félaginu, sem sökum lítilla tekna eða eigna geta ekki eða eiga örðugt með að byggja sér íbúð af eigin rammleik. Eðlilegt er, að þeir gangi fyrir öðrum um að verða aðnjótandi þeirra hlunninda, sem veitt eru með ríkisábyrgðinni, og þeir, sem svo vel eru efnum búnir, að telja má, að þeir geti af eigin rammleik reist sér hús, sitji ekki í vegi fyrir hinum, sem meiri hafa þörfina á þeim hlunnindum, er þeir verða aðnjótandi í byggingarfélaginu. Markið um tekjur og eignir hefir hinsvegar verið sett svo hátt, að víst sé um, að aðrir útilokist ekki frá hlunnindunum en þeir, sem komizt gætu af án þeirra.

Þar eð breyting á fyrstu lögunum um byggingarsamvinnufélög hefir áður orðið að lögum, er æskilegt, að lög um byggingarsamvinnufélög, nr. 71 frá 23. júní 1932, og lög nr. 41 frá 19. júní 1933, ásamt þeim breytingum, sem í þessu frumvarpi felast, verði felld saman í eina heild.

Nd. 74. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 40 19. júní 1933, um breyting á lögum nr. 23 15. júní 1926, um bæjargjöld í Vestmannaeyjum.

Flm.: Jóhann Jósefsson.

1. gr.

2. gr. í lögum nr. 40 19. júní 1933 orðist svo:
Lög þessi skulu gilda til ársloka 1938.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Á s t æ ð u r.

Heimild sú, er Vestmannaeyjakaupstaður hefir til að innheimta vörugjald fyrir bæjarsjóð, nær í núgildandi lögum ekki nema til ársloka 1937. Telja má víst, að bærinn þurfi á þessum tekjustofni að halda einnig árið 1938, og er því hér farið fram á, að heimildin verði framlengd um eitt ár.

Nd. **75. Frumvarp til laga**

um loðdýrarækt og loðdýralánadeild.

Flm.: Bjarni Ásgeirsson, Páll Zóphóníasson.

I. KAFLI

Um loðdýrarækt.

1. gr.

Loðdýr nefnast í lögum þessum öll þau dýr, sem ræktuð eru eða alin vegna verðmætis skinnanna eingöngu eða aðallega. Verði ágreiningur um, hvort einhver dýrategund skuli teljast til loðdýra eða ekki, sker landbúnaðarráðuneytið úr.

2. gr.

Loðdýrarækt og loðdýrabú nefnist í lögum þessum, ef loðdýr eru haldin til tímgunar og uppeldis af ræktuðum stofni, en loðdýraeldi, ef dýrin eru alin um stundarsakir vegna skinnaframleiðslu eingöngu eða aðallega. Loðdýragarður nefnast girðingar og búr, sem loðdýr eru geymd í, en aðhald þar, sem loðdýr eru höfð í ógirtum eyjum.

3. gr.

Heimilt er einstökum mönnum eða félögum hér á landi að stunda loðdýrarækt eða loðdýraeldi að þar til fengnu leyfi, endi hlíti þeir í öllum greinum ákvæðum laga þessara og nánari fyrirmælum reglugerðar, er landbúnaðarráðuneytið setur um framkvæmd laganna.

4. gr.

Hreppur hver og bæjarfélag er í lögum þessum leyfisumdæmi. Hreppstjórar í hreppum, en í kaupstöðum lögreglustjórar, veita leyfi til loðdýraræktar eða loðdýraeldis í hverju einstöku tilfelli og hafa eftirlit með, að hlýtt sé lögum þessum og reglugerð um framkvæmd þeirra, hver í sínu leyfisumdæmi.

5. gr.

Einstaklingar eða félag, er byrja vill loðdýrarækt eða loðdýraeldi, tilkynni það hlutaðeigandi hreppstjóra eða lögreglustjóra. Í tilkynningunni skal tilkynna, hverja tegund loðdýra um er að ræða og hvar á að hafa dýrin. Hafi umsækjandi, að dómi hlutaðeigandi yfirvalds, skilyrði til að geta fullnægt ákvæðum laga og reglugerða, ber að veita honum leyfið. Nú eru einhverjar þær ástæður fyrir hendi, að yfirvald telur rétt að synja um leyfi, og skal þá láta umsækjanda í té skriflegar ástæður fyrir synjuninni. Getur hann þá skotið máli sínu undir úrskurð landbúnaðarráðuneytisins, sem ræður úrslitum málsins.

6. gr.

Leyfi skal gefa á þar til gerð eyðublöð, er landbúnaðarráðuneytið gefur út, og gildir leyfið fyrir ákveðna tegund eða tegundir loðdýra, eftir því sem það nánar tilgreinir. Leyfi gildir aðeins í því leyfisumdæmi, sem það er veitt í. Óheimilt er að taka dýr í loðdýragarð eða aðhald fyrr en úttekt hreppstjóra eða lögreglustjóra hefir farið fram og fullnægt er ákvæðum laga þessara og reglugerðar um örugga vörzlu. Að lokinni skoðun er skylt að láta leyfishafa í té skriflega yfirlýsingu um, að örugglega sé um búið. Sama gildir, ef loðdýragarður er fluttur eða stækkaður. Nánari ákvæði um eftirlit hreppstjóra skal setja með reglugerð.

7. gr.

Fyrir skoðun þá á loðdýragörðum og aðhaldi, sem um ræðir í 6. gr., skal leyfishafi greiða hreppstjóra eða lögreglustjóra eftir því, sem tiltekið verður í reglugerðinni.

8. gr.

Óheimilt er að geyma loðdýr, sem að dómi landbúnaðarráðuneytisins gætu orðið skaðleg, ef þau sleppa úr haldi, öðruvisi en í fulltryggum loðdýragörðum eða annari öruggri vörzlu. Öll loðdýr skulu flytjast milli garða í öruggu búri.

9. gr.

Bannað er að gera loðdýrum, sem undir mannahöndum eru, ónæði að óþörfu, er valdið getur loðdýraeigendum tjóni.

Í reglugerð skal kveða nánar á um öryggi loðdýraeigenda gegn tjóni, er hljótast kann af ónæði, er loðdýrum er gert í loðdýragörðum eða aðhaldi. Ennfremur á skemmdum á refagörðum eða búrum. Ákveða má sektir og bætur, ef um ásetning eða vítavert kæruleysi er að ræða, nema þyngri refsing liggi við að lögum, svo og hvernig með skuli fara kærumál um þessi efni.

10. gr.

Gangi hundapest eða aðrir næmir sjúkdómar, sem loðdýrum getur stafað hætta af, er landbúnaðarráðherra heimilt að gera ráðstafanir til varnar því, að pestin berist í loðdýragarða eða milli héraða.

11. gr.

Sleppi loðdýr úr vörzlu og náist ekki, skal eigandi eða umráðamaður sæta sektum frá 10—200 kr. fyrir hvert dýr, og greiða skaðabætur, ef sannanlegt tjón hlýzt af. Auk þess má svipta hlutaðeiganda leyfi, ef miklar sakir eru. Sektir samkvæmt þessari grein renna í hlutaðeigandi hrepps- eða bæjarsjóð, en bætur til þess eða þeirra, er tjón bíða.

12. gr.

Landbúnaðarráðherra hefir yfirumsjón með loðdýraræktinni í landinu.

13. gr.

Landbúnaðarráðherra skipar ráðunaut með sérþekkingu í loðdýrarækt og gefur út erindisbréf handa honum. Skal hann launaður úr ríkissjóði.

14. gr.

Loðdýraræktarráðunauturinn hefir með höndum, án endurgjalds frá loðdýraeigendum, almenna fræðslu og leiðbeiningastarfsemi í loðdýrarækt. Ber honum að ferðast milli loðdýrabúanna og ráðleggja um hinn daglega rekstur heima á görðunum; jafnframt skal hann vera dómari á loðdýrasýningum, er stofnað er til að tilhlutun landbúnaðarráðuneytisins. Einnig ber honum að hafa yfirumsjón með merkingu loðdýra og ættbókarfærslu.

15. gr.

Í reglugerð skal ákveða um merkingu loðdýra og ættbókarfærslu.

16. gr.

Við athugun og merkingu loðdýra ber að sérmerkja þau loðdýr, sem óhæf teljast til undaneldis. Loðdýr þessi má ekki selja eða láta af höndum til lífs.

17. gr.

Loðdýrasýningar skulu haldnar svo að þær verði á hverju sýningarsvæði eigi sjaldnar en fimmta hvert ár. Landinu skal skipt í sýningarsvæði, eftir því sem henta þykir, en ef sérstakar ástæður mæla með, má þó með leyfi ráðunauts láta loðdýr keppa á sýningu utan síns sýningarsvæðis.

18. gr.

Landbúnaðarráðuneytið eða umboðsmaður þess annast um undirbúning og framkvæmd loðdýrasýninga, sem stofnað er til samkvæmt lögum þessum. Um fyrirkomulag sýninga og kostnað við sýningar skal ákveðið í reglugerð. Er heimilt að ákveða, að leggja gjald á loðdýraeigendur í þessu skyni, er miðað sé við fjölda og tegundarverðmæti loðdýra, en þó aldrei meira en sem svarar helmingi sýningarkostnaðar, gegn eigi minna framlagi úr ríkissjóði, eftir því sem fé er veitt til í fjárlögum.

19. gr.

Ekki má flytja inn loðdýr, nema þau hafi hlotið viðurkenningu á loðdýrasýningu sem hæf undaneldisdýr, og fylgi dýralæknisvottorð hverri innflutningssendingu um ástand og heilbrigði dýranna á útflutningsdegi í heimalandinu og aldur þeirra, enda séu vottorð þessi staðfest af lögreglustjóra eða umboðsmanni hans. Sama gildir um útflutning loðdýra. Landbúnaðarráðuneytið getur sett tilsvarandi reglur og segir í þessari grein um innflutning og útflutning annara loðdýra, eftir því sem ástæða kann að þykja til.

II. KAFLI

Um loðdýralánadeild.

20. gr.

Landbúnaðarráðherra er heimilt að stofna við Búnaðarbanka Íslands útlánadeild, sem nefnist loðdýralánadeild.

21. gr.

Ríkissjóður leggur deildinni til óafturkræft framlag, 10 þúsund krónur árlega á næstu fimm árum. Ríkisstjórninni er heimilt að ábyrgjast lán, sem deildin tekur til starfsemi sinnar, þó ekki yfir 100 þús. kr. á ári á næstu fimm árum.

22. gr.

Loðdýralánadeild veitir lán til þess að stofnsetja loðdýrabú, og mega lánin nema allt að 40% af stofnkostnaði búanna, þó aldrei yfir 2 þús. kr. til hvers einstaks bús. Lán má þó nema allt að 60% af stofnkostnaði og allt að 500 kr. á félagsmenn, eða 4 þús. kr., ef búið er eign félags með samábyrgð minnst 5 manna, enda hafi íbúum eins leyfisumdæmis verið gefinn kostur á að ganga í það og lög þess samþykkt af lánadeildinni. Lánin greiðast með jöfnum afborgunum á 10 árum, en eru afborgunarlaus fyrstu 2 árin.

23. gr.

Lánin skulu veitt gegn 1. veðrétti í loðdýrabúi lántakenda (loðdýrum og loðdýragarði). Eigi er loðdýrabú veðhæft með færri dýrum en 4

24. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 4. gr. laga nr. 18 4. nóv. 1887 er heimilt að veðsetja loðdýralánadeild tiltekna tölu loðdýra án þess að hin veðsettu dýr séu sérstaklega auðkennd, enda sé og lántakanda óheimilt að veðsetja önnur dýr sín annarsstaðar með 1. veðrétti.

25. gr.

Reglur um útlánastarfsemi loðdýralánadeildarinnar setur landbúnaðarráðherra með reglugerð.

III. KAFLI
Almenn ákvæði.

26. gr.

Brot gegn lögum þessum og reglugerðum þeim, er samkvæmt þeim verða settar, varða sektum frá 20–5000 kr., er renna í hlutaðeigandi sýslu- eða bæjarsjóð, þar sem brotið er framið.

27. gr.

Með lögum þessum er úr gildi numinn 2. kafli laga nr. 108 11. ágúst 1933, um refaveiðar og loðdýrarækt, og önnur lagaákvæði, sem koma í bága við lög þessi.

28. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er samið að tilhlutun landbúnaðarráðherra af mönnum, er allmikið hafa kynnt sér mál þau, er það fjallar um. Er það og flutt hér að fyrirlagi ráðherra. Flutningsmenn hafa gert á því smávægilegar breytingar, en áskilja sér að gera við það nokkrar frekari athugasemdir við meðferð þess í þinginu.

Frumvarpinu fylgdi í hendur flutningsm. eftirfarandi greinargerð:

Eins og vænta má, þar sem loðdýrarækt er nýlega byrjuð hér á landi, hafa til skamms tíma í íslenzkum lögum engin lagaákvæði verið til um þessa atvinnugrein. Lög um refaveiðar og refarækt voru sett árið 1930, en þá hafði fyrir fáum árum verið byrjað á ræktun íslenzkra refa. En fyrstu silfurrefirnir komu til landsins árið 1929. Úr því hefst refaræktin fyrir alvöru. Árið 1930 og á árunum þar á eftir koma fleiri loðdýrategundir til landsins, t. d. minkar 1930, karakulkindin árið 1930, þvottabjörn og nútría um líkt leyti o. s. frv.

Í loðdýrabúum hér á landi munu nú vera 400–500 íslenzkir refir, 1200–1500 silfurrefir, fáeinir Alaskarefir og um 300 minkar.

Árið 1933 var gerð breyting á lögunum frá 1930, með tilliti til þess, að loðdýrategundum var að fjölga í landinu, og hétu lögin nú „lög um refaveiðar og loðdýrarækt". Þessi fyrsta lagasmíð um þetta efni var eins og oft vill verða, þegar um frumsmíð er að ræða, mjög ófullkomin, og gekk mest út á það, að setja lagaákvæði í þá átt, að vernda landsmenn fyrir þeirri hættu, er mönnum var ljóst, að gæti stafað af ýmsum tegundum loðdýra, ef þau slyppu úr haldi, en engin ákvæði um það, að auðvelda fyrir mönnum að byrja á þessari atvinnugrein og vernda hana og efla. Nú er þetta mikið breytt. Augu manna hafa opnazt fyrir þýðingu þessarar atvinnugreinar og að loðdýraræktina beri að efla og tryggja sem bezt. Er aðalefni þessa frumvarps að bæta úr því, sem ábótavant hefir verið um aðgerðir í þessu efni af hálfu löggjafarvaldsins.

Frá fyrstu tímum til þessa dags hefir eftirspurn eftir loðfeldum, eða grávöru, sem fyrrum var nefnd, verið svo mikil, að erfitt hefir verið að fullnægja henni, og ýmislegt bendir til, að svo muni einnig verða í næstu framtíð. Til skamms tíma hefir ekki önnur grávara komið á heimsmarkaðinn en af villtum dýrum. Það eru aðeins nokkrir áratugir síðan byrjað var á loðdýrarækt, og enn eru ekki nema örfá „prócent" af þeirri grávöru, sem kemur á heimsmarkaðinn, feldir af ræktuðum dýrum. Villtum dýrum fækkar hinsvegar stöðugt vegna hinna fullkomu veiðiaðferða, sem nú eru notaðar. Þá hefir og sýnt sig síðan farið var að rækta loðdýr, að hin villtu dýr reynast ekki samkeppnisfær við hin ræktuðu dýr hvað gæði feldanna snertir.

Loðdýraræktin hófst með því, að manni nokkrum, Charles Dalton á Prince Edwardseyju í Canada, tókst að láta silfurrefapar æxlast í búri. Þetta var árið 1887, en ekki var það fyrr en eftir síðustu aldamót, að þetta vakti verulega eftirtekt, og

hefir loðdýraræktinni fleygt fram allra síðustu áratugi. Í Noregi byrjaði loðdýrarækt in 1913, með því að eitt silfurrefapar var flutt þangað frá Canada. Kostaði þetta fyrsta par, sem flutt var til Evrópu, um 60 þús. kr. Síðan, þó einkum hin síðari ár, hefir silfurrefarækt Norðmanna vaxið hröðum skrefum. Þannig nam útflutningur í Noregi af ræktuðum dýrafeldum árið 1935 ca. 23 milljónum norskra króna, og árið 1936 er hann áætlaður ca. 30 milljónir króna. Er nú svo komið, að óvíst er, hvort framleiðsla grávöru í Noregi verður aukin mikið úr þessu, vegna þess að ódýrt fóður skortir.

Framleiðsla Norðmanna af silfurrefafeldum var 1935 um 200 þús. feldir. Þessi framleiðsla hefir þó ekki valdið erfiðleikum á grávörumarkaðinum. Þvert á móti virðist sala hafa gengið greiðlega. Sem dæmi um verzlunarveltu í þessari framleiðslugrein á fyrri öldum má geta þess, að þegar Síbería var skattskyld Rússlandi á 16. og 17. öld, bar henni að greiða skatt með 200 þús. safalafeldum árlega. Hefir það þó varla verið öll ársframleiðsla Síberíu, heldur aðeins hluti af henni. Nú eru safalafeldir svo fágætir, að öll ársframleiðsla í Síberíu er komin niður fyrir 20 þús. safalafeldi á ári. Sama er að segja um fjölda annara loðdýra, sem mergð var til af fyrr á öldum, að þau eru að meira eða minna leyti horfin úr sögunni. Þetta skarð er hinum ræktuðu loðdýrum ætlað að fylla. — Auk þess verður eftirspurn eftir loðfeldum meiri og meiri, eftir því sem fólki fjölgar og menning og velmegun vex.

Hér á landi virðast vera fremur góð skilyrði til loðdýraræktar, bæði hvað loftslag snertir og aðstöðu til að afla dýrunum fæðu. Það er því tvímælalaust rétt á næstu árum að leggja kapp á að auka framleiðslu loðfelda. Grávara er nálega sú eina tegund íslenzkra framleiðsluvara, sem keypt er og seld í öllum menningarlöndum. Þá hefir loðdýrarækt in þann stóra kost, að með henni skapast markaður fyrir aðra framleiðsluvöru í landinu, t. d. kjöt, fisk og mjólk, sem þröngt er um markað fyrir, ekki sízt þegar framleiðslan eykst.

Þótt hér sé farið fljótt yfir sögu, mætti þó vera af þessu ljóst, að á næstu árum ber að auka loðdýraræktina, og þó sérstaklega silfurrefaræktina, sem komin er á gott byrjunarstig. Má vænta þess, að bætt löggjöf um öryggi þessarar atvinnugreinar, sem jafnframt tryggir aukna þekkingu og menntun í loðdýraræktinni, geti nokkru áorkað um það, að loðfeldaframleiðsla verði þýðingarmikill liður í útflutningi landbúnaðarins og gjaldeyrisafkomu þjóðarinnar.

Um 1. og 2. gr.

Í þessum greinum er skilgreining á orðunum loðdýr, loðdýrarækt, loðdýrabú, loðdýraeldi, loðdýragarður og aðhald, sem notuð eru á ýmsum stöðum í frumv.

Um 3. og 4. gr.

Samkvæmt eldri lögum er óheimilt að stofna til loðdýraræktar eða loðdýraeldis nema að fengnu leyfi sýslunefndar. Þykir ekki rétt að gera þeim mönnum svo erfitt fyrir, sem byrja vilja á þessari atvinnugrein. Gerir frv. því ráð fyrir, að lögreglustjóri eða hreppstjóri á hverjum stað veiti leyfið. Gert er ráð fyrir, að hver hreppur eða kaupstaður sé sérstakt leyfisumdæmi.

Um 5. og 6. gr.

Í þessum greinum eru nánari ákvæði um veitingu leyfa. Heimilað er að áfrýja leyfissynjun til landbúnaðarráðuneytisins. Samkvæmt 6. gr. gildir leyfi ekki utan þess leyfisumdæmis, sem það er veitt í. Sá, sem vill flytja loðdýrabú sitt í annað umdæmi eða stofna þar annað, verður því að sækja um nýtt leyfi. Verður þetta að teljast eðlileg trygging fyrir eftirliti. Gert er ráð fyrir, að í reglugerð verði nánari ákvæði til tryggingar vörzlu loðdýra.

Um 7. gr.

Gert er ráð fyrir, að í reglugerð sé ákveðið um þóknun fyrir áskilda skoðun á loðdýragarði eða aðhaldi.

Um 8. gr.

Ýmsar tegundir loðdýra geta valdið miklu tjóni, ef þau sleppa úr haldi. Því þykir rétt að setja skýr ákvæði um, að bannað sé að hafa þau undir höndum nema örugglega sé um búið.

Um 9. gr.

Flest loðdýr eru tortryggin og hræðslugjörn í eðli sínu. Um æxlunar- og meðgöngutímann, svo og þegar ungarnir eru nýfæddir, hlýzt þráfaldlega tjón af, ef dýrin verða fyrir ónæði. Það vill brenna við, að óviðkomandi menn geri sér ferð að loðdýragörðum að óþörfu, aðeins fyrir forvitni sakir. Einnig eru sumir hirðulausir um það, þó að hundar, sem í fylgd með þeim eru, komi að loðdýragörðum, en við þá eru dýrin mjög hrædd. Ákvæði 9. gr. eiga að draga úr hættunni á því, að tjón hljótist af þeim sökum.

Um 10. gr.

Ástæða þykir til að heimila opinberar ráðstafanir til varnar gegn því, að næmir loðdýrasjúkdómar breiðist út um landið.

Um 11. gr.

Sbr. ákvæði 8. gr. Rétt þykir, að sektir fyrir það, ef loðdýr sleppa úr vörzlu, renni í hreppssjóði, þar sem hrepparnir bera kostnað við útrýming refa. Jafnframt er gert ráð fyrir skaðabótum þeim til handa, er fyrir tjóni verða, ennfremur að ógætileg varzla geti varðað leyfissviptingu.

Um 12. gr.

Gert er ráð fyrir, að yfirumsjón með loðdýraræktinni heyri undir landbúnaðarráðherra. Er það í samræmi við ákvæði annara hliðstæðra laga.

Um 13. gr.

Lagt er til, að landbúnaðarráðherra skipi ráðunaut með sérþekkingu í loðdýrarækt. Loðdýrarækt hér á landi er nú aðeins í byrjun. Einmitt vegna þess verður að ganga út frá því sem gefnu, að sem atvinnugrein sé loðdýraræktin öllum almenningi ókunn enn sem komið er.

Á hinn bóginn má búast við, að loðdýrarækt verði vaxandi atvinnuvegur hér á landi þegar stundir líða. Það er þess vegna hin mesta nauðsyn, að hér sé verið vel á verði frá byrjun, þannig að allur almenningur eigi kost á öruggum leiðbeiningum frá sérfróðum manni. Þessi ráðstöfun miðar að því að tryggja loðdýraræktina sem framtíðaratvinnuveg hér á landi.

Um 14. gr.

Að sjálfsögðu verður aðalverkefni ráðunautarins að annast um alla algenga leiðbeiningarstarfsemi meðal almennings, svo víða sem við verður komið. — Þekking manna á þessum sviðum er mjög af skornum skammti, eins og áður er fram tekið, og einmitt þess vegna mjög áríðandi, að sem víðast verði við komið. Þá þykir og sjálfsagt á meðan sérþekking í þessum efnum er ekki meira útbreidd en orðið er, að gert sé ráð fyrir, að a. m. k. fyrst um sinn verði ráðunauturinn látinn annast dómarastörf á sýningum. Ennfremur hafi hann yfirumsjón með merkingu loðdýra.

Um 15. gr.

Merking og ættbókarfærslu loðdýra þykir réttara að kveða ekki nánar á um í lögunum sjálfum, en koma þessum atriðum heldur fyrir í reglugerð. Meðal annars má telja það hentugra vegna þess, að betur má finna út ýms fyrirkomulagsatriði við merkingar og ættbókarfærslu þegar stundir líða og loðdýraræktinni þokar inn á þann atvinnulega grundvöll, sem vonast má eftir og til er ætlazt. Öll umsjón með þessu verður þó að sjálfsögðu í höndum ráðunautarins.

Um 16. gr.

Sjálfsagt þykir að setja skýr og bindandi ákvæði um það þegar í byrjun, að ekki verði seld manna á milli óhæf dýr til undaneldis, eða á annan hátt af höndum látin til lífs. Þekking almennings á loðdýrum eða gæðum þeirra er áreiðanlega svo mjög af skornum skammti, að ekki mun veita af, að girt sé fyrir þá hættu, sem af þessu gæti stafað, þegar frá upphafi. Eftirlit með þessu verður að sjálfsögðu innifalið í aðalstarfi ráðunautarins.

Um 17. og 18. gr.

Í þessum greinum er gert ráð fyrir, að loðdýrasýningar verði haldnar svo oft sem við verður komið. Í því sambandi þykir sjálfsagt, að landinu sé skipt í sýningarsvæði, eftir því sem bezt henta þykir, og verður að sjálfsögðu nánar ákveðið um það í reglugerð. En um ýms atriði fyrirkomulags sýninganna verður að sjálfsögðu að gera ráð fyrir samvinnu milli loðdýraeigenda eða félagsskapar þeirra og landbúnaðarráðuneytisins, sem sér um framkvæmd sýninganna.

Frá öðrum þjóðum, sem stundað hafa loðdýrarækt nú um nokkurt skeið, er það kunnugt, að árlegar sýningar loðdýra eiga drjúgan þátt í því að bæta loðdýrastofninn og auka kynningu á þessari framleiðsluvöru út á við. — Í Noregi, þar sem loðdýrarækt er nú komin allvel áleiðis, er fullyrt, að einmitt sýningarnar hafi orkað miklu í þá átt að gera loðdýraræktina að arðvænlegum atvinnuvegi. — Rétt þykir, að ríkið styrki sýningarnar að nokkru, en að loðdýraeigendur leggi einnig á sig einhver útgjöld í þessu skyni.

Um 19. gr.

Í þessari grein eru nokkur ákvæði til tryggingar því, að ekki séu flutt inn léleg loðdýr frá útlöndum, ennfremur að ekki eigi sér stað útflutningur, sem spillt gæti áliti íslenzkrar loðdýraræktar erlendis.

Um 20. gr.

Það verður að teljast nauðsynlegt að veita þeim mönnum, sem vilja ráðast í loðdýrarækt, aðgang að lánsfé til einhvers hluta stofnkostnaðar við að koma upp loðdýragarði og kaupa hin fyrstu undaneldisdýr. Er því gert ráð fyrir að setja á stofn sérstaka deild við Búnaðarbanka Íslands í þessu skyni, og er þetta eitt helzta nýmælið í frumvarpi þessu.

Um 21. gr.

Gert er ráð fyrir, að deildinni verði aflað starfsfjár aðallega á þann hátt, að ríkissjóður ábyrgist fyrir hana allt að ½ millj. kr. lán samtals á næstu 5 árum, eða 100 þús. kr. á ári. En auk þess er lagt til, að hún fái 10 þús. kr. árlegan styrk úr ríkissjóði í næstu fimm ár.

Um 22. gr.

Lagt er til, að lána megi allt að 40% af andvirði loðdýra og loðdýragarðs, en allt að 60%, ef í hlut á almennt félag í leyfisumdæminu, með nánar tilgreindum skilyrðum. Nú mun algengt verð á silfurrefapari vera um 800 kr., og fyrir valin dýr 1000 kr. Góð búr fyrir eitt par kosta um 200 kr., og er þá algengur kostnaður um 1000 kr. Af þessu mundi loðdýralánadeild lána allt að 400—600 kr., eftir því hvort í hlut á einstaklingsfyrirtæki eða almennt félag. Ákvæðið um, að lána megi slíku félagi allt að 60%, er rétt bæði með tilliti til þess, að tryggingin myndi vera betri, og þó sérstaklega til að ýta undir það, að bændur sameini sig um refabú og að það geti þannig orðið til sameiginlegra hagsbóta fyrir sveitina, eða sem flesta í henni. Verður það að teljast æskilegra heldur en að einn og einn maður, sem bezt er efnum búinn, stofni bú út af fyrir sig, en aðrir verði að leggja hendur í skaut, af því að stofnkostnaður, jafnvel þó ekki sé nema um tvö pör að ræða, sem er hin lægsta veðhæfa tala samkv. 23. gr., sé þeim ofviða. Gert er ráð fyrir, að lánin séu veitt til 12 ára, en séu afborgunarlaus fyrstu 2 árin, meðan kunnáttan um meðferð dýranna er minnst og því mest hætta á vanhöldum.

Um 23. gr.

Gengið er út frá, að loðdýrin og loðdýragarðurinn sé aðaltrygging fyrir láninu, enda sé ekki um léleg dýr að ræða. Þó þykir ekki fært að veita lán gegn slíku veði þar, sem færri dýr eru en fjögur.

Um 24. gr.

Ákvæði þessarar greinar eru hliðstæð ákvæðum kreppulánasjóðslaganna um hópveð.

Um 25. gr.

Gert er ráð fyrir, að um ýms atriði viðkomandi loðdýradeild og starfsemi hennar verði nánar ákveðið með reglugerð, er sett sé af landbúnaðarráðherra.

Um 26. og 27. gr.

Þurfa ekki skýringa við.

Ed. 76. Frumvarp til laga

um viðauka við lög nr. 37 1929, um héraðsskóla.

Flm.: Haraldur Guðmundsson.

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að greiða Reykjanesskólanum í Norður-Ísafjarðarsýslu árlegan rekstrarstyrk til unglingafræðslu, allt að hlutfallslegri upphæð, miðað við námstíma og nemendafjölda, eins og til héraðsskóla (sbr. 8. og 9. gr. laga nr. 37 1929, um héraðsskóla). Á sama hátt er ríkisstjórninni heimilt að greiða styrk til nauðsynlegra nýbygginga í þarfir unglingadeildar skólans í samræmi við 15. gr. héraðsskólalaganna.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað, og er heimilt að greiða skólanum þegar rekstrarstyrk fyrir skólaárið 1936—1937.

Greinargerð.

Héraðsskólar hafa nú verið reistir víðsvegar, og má gera ráð fyrir, að þeim fari enn fjölgandi. Eru þeir flestir hinir prýðilegustu staðir, þar sem æsku sveitanna eru eftir atvikum boðin hin fullkomnustu ytri skilyrði til að njóta skólafræðslu. Hins er enn vant, að mönnum sé nægilega ljóst, hvernig fræðslunni í þessum skólum skuli hagað, svo að hún geti orðið alþýðu að notadrýgstu gagni. Þarf reynslan að leiða það í ljós, enda er þá mikils um vert, að allir hjakki ekki í sama fari, heldur séu skynsamlega fjölbreyttar tilraunir gerðar, er reynslan fái að leggja sinn dóm á.

Í skólanum í Reykjanesi við Ísafjarðardjúp, sem fyrst og fremst er heimavistarbarnaskóli fyrir tvö hreppsfélög, en nýtur forustu óvenjulega áhugasams og hugkvæms skólamanns, fara nú fram eftirtektarverðar tilraunir um hagkvæma fræðslu- og vakningarstarfsemi meðal unglinga og alþýðu. Hafa tilraunir þessar vakið athygli kunnáttumanna, auk þess sem þær hafa náð alveg óvenjulegri hylli almennings í nágrenni skólans, og raunar víðar. Það ætti að vera til almenns gagns alþýðufræðslunni í landinu, og þá fyrst og fremst héraðsskólunum, að tilraunir þessar gætu haldið áfram við viðunandi skilyrði, og í því skyni er frumvarp þetta flutt, sem gerir ráð fyrir, að ríkisstjórninni sé heimilað að styrkja unglingafræðslu Reykjanesskólans til jafns við tilsvarandi starfsemi héraðsskólanna.

Af fylgiskjölum þeim, sem hér fara á eftir, má mönnum verða nokkurnveginn ljós starfsemi Reykjanesskólans til þessa, svo og hverjar fyrirætlanir eru hafðar um hana framvegis.

Fylgiskjal I.

Starfsskrá Reykjanesskólans.

I. Barnaskólinn.

Starfstími frá 1. nóv. til 1. maí ár hvert. Skólinn er fyrir 10—14 ára börn úr Nauteyrar- og Reykjarfjarðarhreppum, enda kosta þeir skólann með tilstyrk ríkisins, samkvæmt lögum um barnafræðslu.

II. Önnur starfsemi skólans.

Unglinganám, námskeið og félagsstörf séu fyrst og fremst fyrir Norður-Ísfirðinga:

1. **Unglinganám:**
   a. Yfir mánuðina janúar, febrúar og marz ár hvert starfi unglingaskóli í tveim deildum, eldri og yngri deild. Inntökuskilyrði í yngri deild sé fullnaðarpróf barnafræðslunnar; í eldri deild fá þeir inntöku, sem lokið hafa prófi úr yngri deild. Inntökuskilyrði að öðru leyti eru: gott heilsufar, góð hegðun og fullgild ábyrgð á öllum kostnaði við námið.
   b. Náminu sé hagað þannig: Íslenzka, stærðfræði og sund séu skyldugreinar, einnig séu allir nemendur skyldir að hlýða á erindi um ýms efni, svo sem í sögu og náttúrufræði. Að öðru leyti geta nemendur valið um, hvort þeir gera að aðalnámi sínu bóknám, íþróttir eða handavinnu. Um tilhögun námsins skal nánar ákveðið í reglugerð.
2. **Búnaðarnámskeið.** Á tímabilinu meðan unglinganám stendur yfir verði haldið bændanámskeið. Þar verði haldnir fyrirlestrar um: búnaðarmál, uppeldismál, félagsmál, bókmenntir o. fl.
3. **Vorvika kvenna.** Um mánaðamótin maí og júní verði viku námskeið fyrir konur; tilgangur þess sé hvorttveggja, fræðsla og hvíld. Fræðsla verði veitt í garðrækt og matreiðslu grænmetis. Erindi flutt um: uppeldismál, húsbúnað, fatagerð og annað, er lýtur að heimilisprýði utan húss og innan. Í sambandi við námskeiðið verði sund og aðrar íþróttir iðkaðar svo sem föng eru á.
4. **Garðyrkjunámskeið.** Starfstími 4 vikur á tímabilinu frá 1. maí til 15. júní. Kennd verði öll venjuleg garðyrkjustörf, en einkum lögð áherzla á ræktun matjurta við venjuleg skilyrði.
5. **Vordagurinn.** Á hverju vori sé einn vinnudagur í Reykjanesskóla. Þá komi nemendur og aðrir unnendur skólans saman og vinni að fegrun á umhverfi skólans og öðrum ónunum verkefnum í þágu hans.
6. **Íþróttanámskeið** (ef íþróttaskólinn verður sameinaður annari starfsemi Reykjanesskólans). Íþróttanámskeið starfi 4—6 vikur í júní og júlí ár hvert. Námsgreinar eru: sund, leikfimi og leikir, en auk þess fari fram kennsla um náttúrufræðileg efni.
7. **Félagsstörf.** Nemendur Reykjanesskólans og aðrir þeir, sem áhuga hafa á starfi hans, myndi með sér félag, er framkvæmi á skipulegan hátt ýms framfara- og menningarmál. Miðstöð félagsins sé Reykjanesskólinn. Verkefni: Félagið vinni að velgengni Reykjanesskólans, með því að prýða skólastaðinn (vordagurinn), efla söfn skólans og vinna að bættum skilyrðum hans til andlegra og líkamlegra menningarstarfa.
8. **Íþróttamót.** Tvisvar á ári skulu haldin íþróttamót, annað í lok íþróttanámskeiðsins á sumrin. Þar verði keppt í: sundi, glímu, knattleikum o. fl. Hitt mótið sé haldið síðari hluta vetrar, þar sem vel hentar fyrir skauta- og skíðahlaup.

9. **Kostnaður við skólahaldið.** Um kostnað við barnafræðsluna fer samkvæmt lögum þar um. Kostnaður við aðra starfsemi skólans greiðist með skólagjöldum nemenda, framlagi ríkis og ýmsum styrkjum. Hver nemandi, sem tekur þátt í unglinganámi, greiði kr. 20.00 í skólagjald. Þess er vænzt, að ríkið greiði hlutfallslega til þessarar starfsemi eins og til héraðsskólanna, sbr. 8. og 9. gr. laga nr. 37 1929, um héraðsskóla. Um styrkveitingu til einstakra liða starfseminnar annarsstaðar frá verði leitað til Búnaðarsambands Vestfjarða, Búnaðarfélags Íslands, Ísafjarðarkaupstaðar, Norður-Ísafjarðarsýslu o. fl.
10. **Hressingarheimili.** Tekið verði á móti gestum til dvalar um lengri eða skemmri tíma. Starfstími heimilisins sé frá 20. júlí til 1. sept. ár hvert. Dvalargestir eigi kost á heitum sjóböðum, gufuböðum og ljósböðum. Heimilið starfi undir eftirliti læknis.
11. **Land og hlunnindi til starfseminnar.** Samið verði við landeiganda Reykjaness um ákveðið samfellt land, umráð yfir svonefndri Hveravík og nægilegu heitu vatni til baðstofu og annars, er með þarf. Landsvæði þetta þarf að ná umhverfis öll mannvirki starfseminnar, til sjávar að lendingu og umhverfis fyrrnefnda Hveravík.
12. **Aðkallandi verkefni:**
    a. Girðing og skipulagning þess landsvæðis, sem starfsemin fengi til umráða.
    b. Íþróttavöllur gerður.
    c. Gerðir gangstígar, graspallar við sundlaug og íþróttavöll, ræktaðir grasfletir til fimleika og ýmsra smáleikja.
    d. Bygging baðstofu, ljósbaðsklefa og öflun ljóslækningatækja.
    e. Sjóleiðsla í sundlaugina (áætlaður kostnaður er kr. 1500.00, loforð er fyrir hendi um ríkisstyrk fyrir hálfum kostnaði).
    f. Að koma upp bryggju, sem Djúpbáturinn geti lagzt við.[1])
    g. Rannsakað verði, á hvern hátt tiltækilegast sé að koma upp heitum sjóbaðstað í Hveravíkinni.
    h. Gerður verði skipulagsuppdráttur af landsvæðinu og hverri einstakri framkvæmd á því, svo og kostnaðaráætlanir.

    Þessi verkefni verði leyst á þann hátt, sem hér segir: Með frjálsum vinnuframlögum — þegnskaparvinnu — væntanlegra félagsmanna og annara, sem það vildu, gegn fæði og sundkennslu. Um lengd vinnutíma hvers einstaklings yrði samningsatriði.

    Ríkið ætti að leggja fram sem svarar fæði starfsmanna, fyrir aðkeyptu efni og áhöldum, sem allt yrði nánar tiltekið, þegar kostnaðaráætlun hefir verið gerð. Yrðu þá ákveðin árleg fjárframlög af ríkisins hálfu, gegn ákveðnum vinnuframlögum heima fyrir. Miðað yrði við, að framantalin verkefni yrðu framkvæmd á næstu 5—10 árum eftir að hafizt er handa.
13. Um þátttöku í stofnkostnaði og viðhaldi húsakynna starfseminnar fari eftir samningi milli Norður-Ísafjarðarsýslu og kaupstaðar annarsvegar og Nauteyrar- og Reykjarfjarðarhreppa hinsvegar.[2])
14. Öll þessi starfsemi lúti stjórn Reykjanesskólans.

Greinargerð um starfsskrána.

1.—6. töluliður. Af framangreindri starfsáætlun Reykjanesskólans má segja, að komin sé í framkvæmd starfræksla barnaskólans og af annari starfsemi töluliðir 1—6, að undanskildum tölulið 4 (garðyrkjunámskeið). Eins og meðfylgjandi skýrslur sýna, hefir þátttaka í unglinganámi, námskeiðum og félagsstörfum Reykjanesskólans verið mjög mikil. Það hefir og sýnt sig, að áhugi meðal almennings fer

1) Bryggjan er þegar gerð.
2) Það mál er nú að fullu undirbúið og á vísa hagkvæma lausn (sbr. fylgiskjal II).

vaxandi fyrir því, að þessi starfsemi haldi áfram, en til þess að það geti orðið, þarf að skapa henni öruggari fjárhagslega aðstöðu og ákveðnara starfsvið. Nemendur í unglingaskóla og þátttakendur í einstökum námskeiðum eru úr flestum hreppum Norður-Ísafjarðarsýslu. T. d. eru nú 41 nemandi í unglingaskólanum, og eru þeir úr sex hreppum sýslunnar. Virðist því eðlilegast, að þessi starfsemi í heild verði sýsluskóli Norður-Ísfirðinga og þeir standi sameinaðir að baki þessari fræðslu og heilsuverndarstarfsemi, og beiti sér fyrir því, að sérstök lög verði gefin út um hana, í samræmi við framanskráða starfsáætlun.

7. töluliður. Framkvæmd félagsstarfanna yrði hagað í stuttu máli sem hér segir: Félagið starfi í deildum, ein deild í hverjum hreppi. Hver félagsdeild vinni fyrst og fremst að málefnum sinnar sveitar, svo sem bættum íþróttaskilyrðum, iðkun íþrótta, öflun hagnýtra bóka og leitist við að styðja að framgangi hvers þess máls, er til heilla horfir. Félagið beiti sér fyrir því, að farnar verði lengri eða styttri ferðir, safnað yrði náttúrugripum fyrir safn skólans og a. þ. h. Félagsmenn vinni að eflingu garðræktar, m. a. með því að styðja af alefli þá starfsemi skólans, að hver nemandi hans stundi garðyrkju.

8. töluliður þarf ekki skýringar við.

9. töluliður. Skólagjöld og framlag ríkisins til unglinganáms má eingöngu ganga til þess að standa straum af kostnaði við þá fræðslu. Til búnaðarnámskeiðs og kvennanámskeiðs skal leita styrks hjá Búnaðarsambandi Vestfjarða og Bf. Ísl. Einnig verði leitað til Bf. Ísl. um styrk til garðyrkjunámskeiðs, sem yrði hlutfallslega jafnhár þeim styrkjum, er félagið veitir til hliðstæðra námskeiða. Íþróttanámskeiðinu komi styrkir frá: Ísafjarðarkaupstað, Norður-Ísafjarðarsýslu og ríki, eins og verið hefir.

10., 11. og 12. töluliður. Skilyrði til þess að gera Reykjanes að heilsuverndarstöð eru einstök. Auk heita vatnsins á landi eru heitar uppsprettur í vík einni, sem Hveravík nefnist. Í mestum hluta víkurinnar er sandbotn; fyrir framan víkina er sker allmikið, sem hlífir henni fyrir stórsjóum. Tiltölulega auðvelt virðist vera að ná uppsprettuvatninu í þró og leiða það síðan til dreifingar um alla víkina. Þá mætti auka vatnsmagnið frá hverunum á landi. Fyrir þvera víkina þarf að gera garð, ca 150 m. langan. Eins og kunnugt er, á Ísafjarðarkaupstaður Reykjanes og hefir leigt það þýzkum garðyrkjumanni til næstu 40—50 ára. Til þess að starfsemin geti notið sín, þyrfti hún að fá til umráða landsvæði, svo sem áður er getið. Þarf að semja við landeiganda og ábúanda um land og afnot af Hveravík. Það skal tekið fram, að ekki er sýnilegt, að ábúandi hafi nein not af Hveravík. Af því landi, sem starfsemin þyrfti að fá, er tæp dagslátta ræktanleg; hitt eru melar og grýtt land. Hvergi hér á landi munu vera önnur eins skilyrði til baðstaðar í heitum sjó eins og hér í Reykjanesi. Af framkvæmdum yrði látið sitja fyrir að ná sjó í laugina, byggja baðstofu, ljósbaðsklefa og fá ljóslækningatæki. Gerð íþróttavallar, ræktun og ýmiskonar lagfæring, baðstaður í Hveravík o. fl. yrðu verkefni næstu ára. Langmesti hluti þessara framkvæmda er vinna, og tel ég vel fært að afla hennar með þegnskaparvinnu, gegn fæði og sundkennslu. Það virðist því sanngjarnt, að ríkið styrki þetta með árlegu framlagi, t. d. næstu 5 ár, sem svarar fæði starfsmanna, aðkeyptu efni og áhöldum (ljóslækningatæki o. fl.). Þessi heilsuverndarstarfsemi yrði rekin eins ódýrt og föng væru til, svo hún gæti komið að sem mestu gagni fyrir almenning. Til mála gæti komið að mynda sjóð, sem varið yrði til viðhalds og ýmsra smærri framkvæmda. Væri t. d. viss aðgangseyrir að stofnuninni — ákveðna tíma árs —, gegn afnotum af sundlaug, baðstað o. s. frv. Gjald þetta yrði að vera lágt, t. d. 50 aurar fyrir fullorðna og 25 aurar fyrir börn. Til skýringar skal þess getið, að síðastliðið sumar kom hingað á annað þús. manns. Fyrir hvern lið starfseminnar verði samdar reglugerðir, sem ákveða nánar alla starfstilhögun.

Hlutverk skóla, að veita fræðslu í ýmsum fræðiatriðum, er að vísu mikilsvert, en hitt er þó ekki minna um vert, að áhrif skólanna nái út fyrir þá, inn á heimilin,

og að árangur af fræðslu og uppeldi birtist í framkvæmd ýmsra verkefna, sem leyst yrðu á félagslegan hátt, auknu sjálfsuppeldi, andlegu og líkamlegu. Þeim áhrifum, sem nemandinn verður fyrir, þarf að viðhalda og áhugamálunum þarf að fylgja eftir, en til þess er aðeins ein leið, og hún er sú, að sameina kraftana um framkvæmd þeirra mála, sem mest snerta menningu hvers einstaklings og héraðsins alls á hverjum tíma. Reykjanesskólinn á að verða sameiginlegt heimili allra Norður-Ísfirðinga, þar sem lögð yrði alúð við fræðslu, félagsþroska og heilsuvernd hvers einstaklings. Reykjanesskólinn heitir á Norður-Ísfirðinga að standa fast saman að þessari framkvæmd, og á ríkið að veita þar til hjálp sína.

Reykjanesskóla, 15. marz 1936.

Aðalsteinn Eiríksson.

Fylgiskjal II.

Væntanlegt samkomulag Ísafjarðarkaupstaðar, skólahéraðs Reykjanesskólans og Norður-Ísafjarðarsýslu um að gera skólann að sjálfseignarstofnun og um stjórn hans.

Árið 1937, fimmtudaginn 21. jan., voru mættir á skrifstofu sýslumanns til þess að ræða um stofnun héraðsskóla í Reykjanesi þessir aðiljar:

I. Frá sýslunefnd: oddviti sýslunefndar, Jón Fjalldal og Bjarni Sigurðsson, kosnir á síðasta sýslufundi í nefnd til að fjalla um málið.

II. Frá bæjarstjórn Ísafjarðar: bæjarfulltrúarnir Hannibal Valdimarsson, Arngr. Bjarnason og Guðm. Kristjánsson í forföllum Guðm. Hagalín, kosnir í nefnd af hálfu bæjarstjórnar til þess að fjalla um málið.

III. Frá skólanefnd Reykjanesskólans: Aðalsteinn Eiríksson, Ólafur Ólafsson, Þorsteinn Jóhannesson og Páll Pálsson, kosnir af skólanefnd Reykjanesskólans.

Nefndirnar urðu sammála um að leggja eftirfarandi tillögur fyrir umbjóðendur sína:

I. Ísafjarðarkaupstaður, Nauteyrar- og Reykjarfjarðarhreppur (skólahérað barnaskólans í Reykjanesi) og Norður-Ísafjarðarsýsla ganga í félag um stofnun skóla í Reykjanesi, er starfræktur verði samkvæmt lögum um héraðsskóla, eða öðrum lögum, er veiti stofnuninni jafntraustan fjárhagslegan grundvöll. Skólinn starfi eftir núverandi starfsskrá Reykjanesskólans í aðalatriðum.

II. Skólinn er sjálfseignarstofnun. Stofnfé hans leggi aðiljar fram sem hér segir:

A. Ísafjarðarkaupstaður:

1. Eign sína í sundlaug í Reykjanesi ásamt búningsklefum og hitaréttindum	kr.	4500,00
2. Eign sína í heimavistarskálum á sama stað	—	5500,00
3. Byggingarlóð undir hús skólans samkv. nánari útmælingu, allt að 500 ferm.	—	1000,00
4. Jarðhita eftir þörfum stofnunarinnar	—	9000,00
	Kr.	20000,00

B. Norður-Ísafjarðarsýsla:

1. Eign sína í sundlaug í Reykjanesi ásamt búningsklefum og hitaréttindum	kr.	4500,00
2. Eign sína í heimavistarskálum á sama stað	—	5500,00
	Kr.	10000,00

C. Nauteyrar- og Reykjarfjarðarhreppur:

1. Barnaskólahús í Reykjanesi	kr.	15000,00
2. Rafstöð og útihús í Reykjanesi	—	6000,00
3. Eign sína í heimavistarskálum	—	3000,00
4. Bryggju	—	1000,00
	Kr.	25000,00

Auk þess leggur Ísafjarðarkaupstaður fram til afnota fyrir skólann endurgjaldslaust til 31. maí 1984 land samkvæmt meðfylgjandi rissi og síðari útmæling.

III. Eignirnar afhendist skólanum í núverandi ástandi, eða því ástandi, er þær verða í á afhendingardegi, án annara kvaða eða skilyrða en hér segir:

1. Af hálfu Ísafjarðarkaupstaðar er áskilið, að skólinn haldi uppi íþrótta- og sundnámskeiðum á sama tíma og með líku sniði og verið hefir, einnig námskeiði fyrir sjómenn eða verkafólk frá Ísafirði, þegar þörf þykir.

Nemendur frá Ísafirði njóti jafnréttis við nemendur úr Norður-Ísafjarðarsýslu til náms í skólanum.

Húsnæði sé heimilt fólki frá Ísafirði í skólanum að sumrinu fyrir hæfilega þóknun, þó þannig, að ekki komi í bága við námskeiðastarfsemi skólans. Leikvöllur, laug og húsnæði skólans sé heimilt Ísfirðingum til afnota í sambandi við samkomur þar, ef það ekki fer í bága við starfsemi skólans.

Ísafjarðarbær leggi ekki fram meira fé til stofnunarinnar. Bryggjan sé endurgjaldslaust til almennings nota. Jarðrask til að leita að jarðhita og til nýtingar hans í þágu annara fyrirtækja bæjarins sé heimilt án endurgjalds, nema röskun mannvirkja leiði af því.

Ákvæði samnings þess um leiguland í Reykjanesi milli Ísafjarðar og fyrrnefndra hreppa frá 1. júní 1934 breytist á engan hátt með þessu samkomulagi.

2. Af hálfu Norður-Ísafjarðarsýslu er áskilið, að nemendum úr öllum hreppum sýslunnar sé jafnheimill aðgangur að skólanum, að haldið verði uppi af skólanum íþrótta- og sundkennslu á líkan hátt og verið hefir í Reykjanesi, og að fólki úr sýslunni verði heimill aðgangur og afnot af eignum skólans, með sama hætti og Ísafjörður hefir áskilið íbúum sínum, sbr. ofanritað.

3. Af hálfu Nauteyrar- og Reykjarfjarðarhreppa eru áskilin leigulaus afnot allra mannvirkja skólans til barnafræðslu í að minnsta kosti 16 vikur ár hvert.

Rekstrar- og viðhaldskostnaður að því leyti, er hann kann að verða sameiginlegur, fari eftir samningi milli hlutaðeigandi skólanefnda.

4. Kostnað þann, er leiðir af aflýsingu veðbanda þeirra, er nú hvíla á eignum þessum, greiðir skólinn.

5. Ef leysing veðbanda ferst fyrir, getur hver aðili um sig krafizt þess, að samkomulaginu sé slitið.

6. Hætti skólinn störfum á þeim megingrundvelli, sem lagður er með samkomulagi þessu og lögunum um héraðsskóla, falla framlög stofnendanna til þeirra aftur, eða tilsvarandi verðmæti.

IV. Um stjórn skólans fer eftir héraðsskólalögum. Þó skal skólanefndin skipuð 5 mönnum, er valdir séu þannig:

Fræðslumálastjórinn skipar formann skólanefndar. Bæjarstjórn Ísafjarðar, skólanefnd barnaskólans í Reykjanesi, sýslunefnd Norður-Ísafjarðarsýslu og félag nemenda Reykjanesskólans kjósa sinn manninn hver.

V. Leita skal lagaheimildar til þess að skólinn fái réttindi og tekjur hliðstætt við héraðsskóla.

Ísafirði, 21. jan. 1937.

Ólafur Ólafsson, Bjarni Sigurðsson, Hannibal Valdimarsson,
Aðalsteinn Eiríksson, Páll Pálsson, Guðm. G. Kristjánsson, Jón H. Fjalldal,
Torfi Hjartarson, Arngrímur Fr. Bjarnason, Þorsteinn Jóhannesson.

Fylgiskjal III.

Yfirlit yfir starfsemi Reykjanesskólans árin 1934, 1935, 1936 og 1937.

Skólinn var settur og vígður 3. nóv. 1934. Fastir kennarar eru Aðalsteinn Eiríksson, skólastjóri, og Eiríkur Stefánsson, kennari. Tímakennarar hafa verið: frú

Bjarnveig Ingimundardóttir, Jakob Jónsson, íþróttakennari, Tryggvi Þorsteinsson, kennari, og Ernst Fresenius, garðyrkjumaður.

Þátttaka í starfsemi skólans hefir verið þessi:

1934—35 í barnadeildum	40	nemendur	
1935—36 í ——	34	——	
1936—37 í ——	40	——	
			114 nemendur
1935 í unglingadeild	15	nemendur	
1936 í ——	41	——	
1937 í ——	50	——	
			106 nemendur
1935 Vorvika kvenna	35	þátttakendur	
1936 Féll niður vegna mislinga.			
			35 þátttakendur
1935 Vordagurinn	80	þátttakendur	
1936 ——	69	——	
			149 þátttakendur
1935 Íþróttanámskeið	57	þátttakendur	
1936 ——	81	——	
			138 nemendur
1936 Bændanámskeið			100 þátttakendur
1936 Garðyrkjunámskeið			2 nemendur
		Samtals	644

Auk þessa hafa verið haldin á vegum skólans tvö héraðsmót og tvær miðsvetrarhátíðir, árin 1934—36. Eftir því, sem næst verður komizt, hefir þátttakan í þessum samkomum verið samtals 1200—1400 manns.

Sumarið 1935 heimsóttu Reykjanes nálægt 900 manns þann tíma, sem skólinn starfaði ekki. Sumarið 1936 var tekið á móti gestum til dvalar, frá 15. júlí til ágústloka. Tala gesta nálægt 500 þann tíma.

Hver liður starfseminnar hefir árlega þennan tíma til umráða:

1. Barnadeildir frá 15. okt. til 15. maí. Námsflokkar eru tveir. Hver námsflokkur fær 16 vikna kennslutíma.
2. Unglingadeild frá 1. jan. til 1. apríl. Í ár (1937) eru deildirnar tvær, yngri og eldri deild.
3. Vorvika kvenna, ein vika.
4. Garðyrkjunámskeið 6 vikur.
5. Vordagurinn, 1 dagur.
6. Íþróttanámskeið, 4 vikur.
7. Bændanámskeið, 3 dagar.

Skólinn stjórnar heimanámi nemenda úr barnadeildum. Nemendur unglinga- og barnadeilda stunda garðyrkju á heimilum sínum fyrir atbeina skólans og undir umsjá hans. Í sumar var þátttakan í garðyrkjustarfseminni almenn. Gáfu nemendur nokkurn hluta arðsins í skíðaskálasjóð, 5—10 kr. hver.

Þegnskaparvinna.

1934—35	Nemendur skólans unnu samtals sem svarar	40 dagsv.
	Unnið var: 15 metra langur vegur lagður, steypt vatnsþró við búningsklefa, lögð 40 metra löng leiðsla — rör og timburstokkar — að búningsklefum. Steypt kringum aðalhverinn 1,3×3 metra, 90 metra langur skurður, byrgður með hellum; um hann er leitt vatn til laugarinnar.	

	Vordagsvinna: 80 manns unnu sem svarar		70 dagsv.
	Hestavinna	3 dagsv.	
	Unnið var: Lagðir vegir 130×3×0,6 metrar, skólahlað hlaðið upp og jafnað 35×7 metrar, grjótnám og undirbúinn jarðvegur í skólagarði. — Kr. 50,00 gjöf frá Halldóri Jónssyni Rauðamýri, varið til að greiða vinnu sem svaraði		10 —
	og hestavinnu sem svarar	4 dagsv.	
1935—36	Nemendur unnu samtals sem svarar		90 —
	Unnið var: Rudd vör og byggð grjótuppfylling norðanmegin varar 15×1,5×3 metrar. (Við þessa uppfyllingu hefir nú verið sett bryggja).		
	Vordagsvinna: 70 manns unnu sem svarar		56 —
	Hestavinna	2 —	
	Unnið var: Skólagarður, 35×17 metrar, stunginn upp og grjóthreinsaður, ekið í hann gróðurmold og jafnað til sem svarar 50 cm. þykku lagi. Skólalóðin, 35×34 metrar, girt og smíðaðar grindur í tvö hlið. — Skíðaskáli, 5×10 metra að grunnmáli, er í smíðum. Leggja nemendur og aðrir unnendur skólans fram efni og vinnu.		
	Samtals	9 ha.dv.	266 dagsv.

Ed. 77. Frumvarp til laga

um húsmæðrafræðslu.

Flm.: Páll Hermannsson, Jónas Jónsson.

1. gr.

Landbúnaðarráðherra hefir yfirstjórn allrar húsmæðrafræðslu í landinu.

2. gr.

Húsmæðraskólar í sveit, sem fullnægja ákvæðum þessara laga, skulu viðurkenndir og styrktir af ríkinu.

I. KAFLI

Um húsmæðraskóla í sveitum.

3. gr.

Ríkið viðurkennir og styrkir húsmæðraskóla á eftirtöldum stöðum: Hallormsstað í Suður-Múlasýslu, Laugum í Suður-Þingeyjarsýslu, Laugalandi í Eyjafjarðarsýslu, Blönduósi í Húnavatnssýslu, Staðarfelli í Dalasýslu, Laugarvatni í Árnessýslu og Reykholti í Borgarfjarðarsýslu.

Skólar þessir, og aðrir, er síðar kunna að verða stofnaðir, skulu vera sjálfseignarstofnanir eða eign héraða og sýslufélaga til að geta öðlazt réttindi og skyldur þessara laga. Skólar þessir geta verið deildir við héraðsskóla með sérstökum fjárhag.

4. gr.

Tilgangur skólanna er að styðja uppeldi ungra kvenna á þjóðlegum grundvelli og veita nemendum hagkvæma kunnáttu fyrir lífið, sérstaklega í öllu því, er lýtur að heimilisstörfum.

5. gr.

Nemendur skulu eigi vera yngri en 16 ára. Heimilt er forstöðukonu, í samráði við skólaráð, að veita undanþágu frá þessu ákvæði, þegar sérstaklega stendur á.

6. gr.

Hver nemandi skal njóta minnst 7 mánaða fræðslu, en námstími má vera allt að 14 mánuðir. Lengd námstímans og skipulag kennslunnar í hverjum skóla skal á grundvelli þessara laga ákveðið í reglugerð, er landbúnaðarráðherra staðfestir.

7. gr.

Í húsmæðraskólum skal kenna bæði verklegar og bóklegar greinir.

Verklegar námsgreinir eru, eftir því sem við verður komið: Matreiðsla, hússtjórn, þvottur, ræsting, vefnaður, handavinna, garðyrkja, hirðing húsdýra, íþróttir og „hjálp í viðlögum“. — Bóklegar námsgreinir skulu vera þessar, að svo miklu leyti sem auðið er: Íslenzka, matarefnafræði, heilsufræði, reikningur, bókfærsla, uppeldisfræði, barnasálarfræði og meðferð ungbarna, söngur.

8. gr.

Hverjum skóla stjórnar þriggja manna skólaráð, sem skipað er til 4 ára. Landbúnaðarráðherra tilnefnir 1 mann, og er hann formaður. Hinir 2 skulu tilnefndir af þeim aðiljum, er að dómi landbúnaðarráðherra teljast stofnendur skólans. Sé kvenfélagasamband í héraðinu, skal það velja 1 mann í skólaráðið. — Sé húsmæðraskólinn deild af héraðsskóla, skal kvenfélagasamband hlutaðeigandi héraðs velja tvo skólaráðsmenn, sem taka sæti í skólaráði héraðsskólans í sérmálum húsmæðraskólans, enda hafi slíkur húsmæðraskóli ekki annað skólaráð.

9. gr.

Helztu störf skólaráðs eru þessi:

1. að hafa á hendi alla yfirstjórn skólans,
2. að ákveða tölu kennara og ráða forstöðukonu,
3. að hafa yfirumsjón með öllum fjármálum skólans.

10. gr.

Ríkissjóður styrkir húsmæðraskóla eftir þessum reglum:

1. Fyrir allt að 15 reglulega nemendur greiðast 6750 kr.
2. Fyrir hvern reglulegan nemanda, sem þar er umfram, greiðast 400 kr. — Auk þess má veita hverjum skóla sérstaka upphæð til styrktar fátækum nemendum.

Nú á skóli arðberandi eignir, þegar lög þessi ganga í gildi, sem geta orðið til stuðnings við rekstur skólans, og er þá heimilt að lækka framlag ríkissjóðs í samráði við skólaráð, en þó eigi meira en svo, að rekstrartekjur skólans verði sambærilegar við tekjur hliðstæðra skóla.

Verði einhver óviðráðanleg atvik þess valdandi, að nemendatalan lækki óeðlilega mikið um stundarsakir við einhvern skóla, úrskurðar ráðherra, hvern styrk skólinn skuli hafa það ár.

11. gr.

Ríkissjóður greiðir helming alls stofnkostnaðar, eftir því sem fé er veitt í fjárlögum.

12. gr.

Nemendur greiða ekkert skólagjald.

13. gr.

Nú er haldið námskeið við húsmæðraskóla samkvæmt staðfestri reglugerð, og skal þá greiða 10 krónur úr ríkissjóði fyrir vikukennslu hvers nemanda, enda sé lögð aðaláherzla á verklegar námsgreinir.

II. KAFLI
Um húsmæðrakennaraskóla.

14. gr.

Stofna skal húsmæðrakennaraskóla með tveim ársdeildum að Laugarvatni, þegar fé er veitt til þess í fjárlögum og samkomulag hefir fengizt milli landbúnaðarráðherra og skólanefndar héraðsskólans um rekstraraðstöðu húsmæðrakennaraskólans.

15. gr.

Í hvorri ársdeild mega ekki vera yfir 12 nemendur.

Starf þessa húsmæðrakennaraskóla skal vera að undirbúa nemendur sína til að vera forstöðukonur og kennslukonur við húsmæðraskóla eða matreiðslunámskeið, og erindrekar fyrir kvenfélagasambönd og stærri kvenfélög.

Inntökuskilyrði fyrir kennslukonuefnin í fyrri deild skulu vera þessi: 1. Umsækjandi sé fullra 18 ára að aldri. 2. Hafi glögg skilríki um góða heilsu og reglusemi. 3. Hafi gegnt venjulegum hússtörfum á myndarlegu heimili í eitt ár. 4. Hafi almenna bóklega menntun sem svarar burtfararprófi frá héraðs- eða gagnfræðaskóla. 5. Hafi lokið eins vetrar námi með góðum vitnisburði á viðurkenndum húsmæðraskóla.

Landbúnaðarráðherra ákveður með reglugerð skipulag kennslunnar, skiptingu skólans í deildir, tölu kennara, próf og annað, sem starfi skólans viðkemur.

16. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. september 1937.

Greinargerð.

Frv. þetta er flutt að tilhlutun landbúnaðarráðherra, og fylgdu því eftirfarandi athugasemdir og skýringar:

1.

Hér á landi eru engin ákvæði í lögum um húsmæðrafræðslu né styrk til hennar. Byggingarstyrkur hefir verið greiddur eftir sömu reglum og gilda héraðsskólana, en styrkur til annara bygginga en skólahúss hefir annaðhvort verið enginn eða miklu lægri. Framlag til kaupa á innanstokksmunum og áhöldum hefir ekkert verið.

Af þessu hefir leitt, að skólarnir hafa komizt í skuldir vegna stofnkostnaðar, og sumir þeirra skulda mikið. Fjárhagur allra yngri skólanna er erfiður. Rekstrarfé hefir verið veitt hverjum skóla á fjárlögum án nokkurrar reglu. Sýnir reynslan, að það hefir ekki verið nægilegt. Námsstyrkir hafa engir verið veittir.

Þegar borin eru saman fjárframlög og opinber aðstoð við húsmæðra- og bændafræðsluna, er hlutur kvenna miklu lakari. Ríkið hefir rekið 2 bændaskóla í hér um bil aldarþriðjung, en lengst af þeim tíma ekkert skipt sér af fræðslu húsmæðranna. Það hefir reist og útbúið bændaskólana að öllu leyti. Héruð og einstaklingar hafa reist og útbúið húsmæðraskólana; hafa greinileg vanefni komið fram í framlögum til stofnkostnaðar, sem skapar sumum skólunum fjárhagslega erfiðleika um langan tíma, því meira og minna af stofnkostnaðinum hefir færzt yfir á skólana sjálfa. Nemendur bændaskólanna hafa haft fría kennslu. Nemendur húsmæðraskólanna hafa orðið að greiða frá 50—100 krónur í skólagjöld árlega. Piltum hefir verið greitt kaup við verklega námið, en stúlkur orðið að borga með sér.

Eftirfarandi yfirlit sýnir framlög ríkisins fyrir hvern nemanda á árunum 1933—36 við eftirtalda skóla (nem. eru taldir að hausti hvers árs frá byrjun skólaársins):

Á Hólum	kr. 523
— Hvanneyri	— 515
— Blönduósi	— 410
— Laugum	— 333
— Hallormsstað	— 296

Árið 1936 eru framlög ríkisins á hvern nemanda við húsmæðraskólana þrjá sem næst 350 krónur.

Í þessu sambandi má geta þess, að framlag ríkisins á hvern nemanda við ýmsa ríkisskóla hefir verið á sama tíma nálægt 500 krónum. Við suma dálítið undir og við aðra dálítið yfir. Við háskólann er framlagið um 890 krónur fyrir hvern nemanda.

Við þessar athuganir kemur til álita, hvort ekki beri að gera einhverja eða alla húsmæðraskólana að ríkisskólum og bæta aðstöðumuninn á þann hátt. Að þessu sinni verður það ekki lagt til. En hitt þykir sjálfsagt, að bæta aðstöðumuninn hjá skólunum. Er því gengið inn á þá leið, sem farin er í nágrannalöndunum, að setja viss skilyrði um starfsreglur og úthluta styrk eftir ákveðnum reglum.

Ekki þykir fært að svo komnu máli að hafa mismunandi tillag til skólanna, sem miðað er við starfshætti hvers fyrir sig. Það skal þó viðurkennt, að hinn lengri námstími verður að teljast fullkomnara fyrirkomulag, því allt vandað verklegt nám er tímafrekt. Nægir í því sambandi að benda á námstíma iðnaðarmanna, sem er mörg ár í hverri iðngrein, og þá viðleitni, sem nú er gerð til að lengja verklega námið við bændaskólana.

Þetta frumvarp stefnir að eftirtöldum umbótum frá því, sem verið hefir:

1. að ákveða viss skilyrði fyrir styrkveitingu til húsmæðrafræðslu.
2. að bæta aðstöðu stúlkna til að afla sér húsmæðrafræðslu og þar með undirstrika nauðsyn þess náms. Þetta er gert með því að fella niður skólagjöldin og að hækka framlag ríkisins, svo að fjárhagur skólanna versni yfirleitt ekki frá því, sem er, og að veita stúlkum ofurlitinn beinan námsstyrk
3. að koma á fót sérmenntaðri kennslukonustétt, sem fái menntun sína í landinu og þar af leiðandi sniðna eftir þörfum þjóðarinnar.

Loks skal gerð grein fyrir útgjaldaauka ríkissjóðs til hvers skóla og í heild. Einnig hver áhrif þessi breyting hefir á fjárhag hvers skóla frá því, sem nú er. Miðað er við fjárlög ársins 1937.

Framstyrkurinn er kr. 450.00 fyrir fyrstu 15 nemendurna og kr. 400.00 fyrir þá, sem þar eru fram yfir. Námsstyrkurinn er ný, sérstök og óákveðin upphæð og því ekki tekin með í þetta yfirlit.

	Nem.	Ríkisframl.	Verður	Hækkun	
1. Hallormsstaður	24	kr. 9500	kr. 10350	+ 850	+1550
2. Laugar	15	— 5500	— 6750	+1250	+ 500
3. Blönduós	32	— 11000	— 13550	+2550	+ 630
Alls	71	kr. 26000	kr. 30650	+4650	
4. Laugaland	28	— 9800	— 11950	+2150	+ 750
5. Staðarfell	15	— 5250	— 6750	+1500	+ 600
Alls	114	kr. 41050	kr. 49350	+8300	

Skólarnir Laugaland og Staðarfell eru ekki teknir á fjárlög 1937, en eru reiknaðir með 350 kr. framlagi á nemanda í fyrsta dálki, sem nú er hér um bil meðaltala.

Hallormsstaður er eini skólinn, sem hefir haft stöðug vornámskeið. Nemendur vornámskeiðanna eru umreiknaðir í fasta nemendur eftir vikum, þegar meðaltölurnar eru fundnar.

Síðasti dálkur sýnir hagnað og tap skólasjóðanna, þegar skólagjöldin eru dregin frá hinu aukna ríkissjóðstillagi.

Verður breytingin öllum skólunum í vil, nema Hallormsstað; þar hafa skólagjöldin verið langhæst. Allar eru hækkanir þessar nauðsynlegar vegna fjárhags skólanna.

II.

Ágrip af sögu kvennaskóla á Íslandi og yfirlit um húsmæðrafræðslu á Norðurlöndum.

Kvennaskólinn í Reykjavík tók til starfa 1. október 1874. Forstöðukona var frú Thora Melsted. Veitti hún skólanum forstöðu til 14. maí 1906. Þá tók núverandi forstöðukona, frk. Ingibjörg H. Bjarnason, við forstöðunni. Kvennaskólinn á Laugalandi var stofnaður árið 1876, mest fyrir atbeina Eggerts Guðmundssonar og frú Valgerðar Þorsteinsdóttur. Var hún forstöðukona til ársins 1895. Það ár fluttist skólinn til Akureyrar og starfaði þar í nokkur ár.

Eyfirðingar keyptu skólann 1880.

Kvennaskóli Skagfirðinga var stofnaður 1877. Var hann á ýmsum stöðum í héraðinu unz hann var sameinaður kvennaskóla Húnvetninga árið 1883.

Kvennaskóli Húnvetninga var stofnaður árið 1879. Var hann fyrst á ýmsum stöðum, en sameinaðist kvennaskóla Skagfirðinga 1883, eins og áður er sagt.

Hinn sameinaði skóli starfaði á Ytri-Ey í Húnavatnssýslu þangað til um aldamót, að hann var fluttur að Blönduósi, og hefir hann verið þar síðan.

Á öllum þessum skólum var bæði verkleg og bókleg kennsla. Aðalkennslugreinar voru: matreiðsla, hússtjórn, þvottur og saumar.

Allir voru skólarnir upphaflega einkafyrirtæki, sem brátt fengu styrk úr sýslu- og amtssjóðum og síðar frá ríkinu. Styrkti það norðlenzku skólana með 200 krónum hvern, en Reykjavíkurskólann eitthvað meira.

Kennsla í mjólkurfræði byrjaði á Hvanneyri árið 1900. Síðan var skólinn fluttur að Hvítárvöllum og starfaði þar í mörg ár.

Árið 1897 setti frú Elín Briem Jónsson á fót hússtjórnarskólann í Reykjavík. Skólanum var skipt í 4 þriggja mánaða námskeið. 1901 tók Búnaðarfélag Íslands við honum og rak hann til 1907; þá afhenti það forstöðukonunni, frk. Hólmfríði Gísladóttur, skólann, sem hélt honum uppi um langt skeið.

1909 tók hússtjórnardeild kvennaskólans í Reykjavík til starfa í hinu nýja skólahúsi. Voru árlega haldin 2 námskeið, er stóðu í $4^1/_2$ mánuð hvert. Nemendur voru 12 á hverju námskeiði.

Á síðustu árum hefir þátttaka ekki verið nægileg, svo annað eða bæði námskeiðin hafa fallið niður.

Matreiðsla, hússtjórn, þvottur og ræsting voru aðalnámsgreinarnar.

1912 stofnaði kvenfélagið Ósk á Ísafirði húsmæðraskóla. Hann lagðist niður á stríðsárunum, en tók aftur til starfa 1924. Árlega eru haldin 2 námskeið, og tekur hvert þeirra 16 nemendur.

Aðalnámsgreinar: matreiðsla og hússtjórn, þvottur og ræsting.

Á árunum 1908—1917 voru haldin húsmæðranámskeið á vegum Ræktunarfélags Norðurlands á Akureyri. Stýrði frk. Jónína Sigurðardóttir frá Draflastöðum þeim.

Á Knararbergi við Eyjafjörð hefir frú Guðrún Björnsdóttir haldið uppi húsmæðra- og garðyrkjukennslu um nokkur ár, en nú er sú starfsemi lögð niður.

Frá árinu 1904 hefir verið haldið uppi af kvenfélögum og búnaðarsamböndum umferðakennslu í matreiðslu og garðrækt í öllum landsfjórðungum. Í matreiðslu eru haldin stutt námskeið, en í garðyrkju er kennari sendur heim á bæina.

Erlendis er umferðakennslan styrkt með sérstökum fjárveitingum frá ríkinu. Hér virðist hentara að styrkja þessa kennslu með fjárveitingum gegnum kvenfélagasamböndin og búnaðarsamböndin.

Í vetur starfa húsmæðraskólarnir á Hallormsstað, Laugum og Blönduósi.

Af þessum skólum er Blönduósskólinn elztur. Lengi starfaði hann sem tveggja vetra kvennaskóli, en hefir verið breytt í eins vetrar húsmæðraskóla.

Eigendur: Húnavatnssýslur.

5 manna skólaráð kosið af sýslunefndum A.- og V.-Húnavatnssýslu.

Skólaárið frá 15. september til 25. júní. Rúmar 32 nemendur. Skólagjald 60 kr.

Verkleg kennsla 24—48 st. á viku. Kennt: matreiðsla og hússtjórn, þvottur, ræsting, vefnaður, handavinna og garðrækt.

Bóklegar námsgreinar: íslenzka, reikningur, danska, 12 st. á viku. Einnig er kenndur söngur og leikfimi.

Í vetur hófust framhaldsnámskeið í vefnaði, handavinnu og matreiðslu; hver námsgrein er sjálfstætt námskeið.

Forstöðukona og 3 fastir kennarar. Einhver aukakennsla keypt.

Húsmæðraskólinn á Staðarfelli tók til starfa haustið 1927. Hann á Staðarfellseignina og hefir verið rekinn af sjóði frú Herdísar Benediktsson.

Skólaárið er frá 15. september til júníloka. Skólagjald 60 kr. Ætlað að taka 12—15 nemendur. Forstöðukona og 1 fastur kennari. Aukakennsla keypt.

Verklegar námsgreinar: matreiðsla og hússtjórn, þvottur, ræsting, mjólkurmeðferð, garðyrkja og hannyrðir.

Bóklegar námsgreinar: íslenzka, reikningur, næringarefnafræði, eðlisfræði, heilsufræði, húsdýrafræði, þjóðfélagsfræði og garðyrkja.

Húsmæðraskólinn á Laugum tók til starfa 18. nóvember 1929.

Sjálfseignarstofnun.

Rúmar 15 nemendur.

Þriggja manna skólaráð: 1 skipaður af ríkisstjórninni, 1 af kvennasambandi Þingeyinga og 1 af sýslunefnd Suður-Þingeyjarsýslu. Skólagjald 50 kr.

Forstöðukona og 1 fastur kennari. Aukakennsla keypt að.

Skólaárið 1. október til 30. apríl.

Gerir ráð fyrir 6 vikna vornámskeiði, sem aðeins hefir starfað einu sinni.

Verkleg kennsla: matreiðsla, þvottur, ræsting, vefnaður og handavinna. 36 stundir á viku. Bókleg kennsla: íslenzka, reikningur, matarefnafræði, söngur. 6 stundir á viku.

Síðari árin starfar skólinn að mestu út af fyrir sig og sækir mjög litla kennslu til alþýðuskólans.

Húsmæðraskólinn á Hallormsstað tók til starfa 1. nóvember 1930. 1927—1930 hafði frú Sigrún Blöndal rekið handavinnuskóla í Mjóanesi; settust nú nemendur hennar í efri deild skólans.

Sjálfseignarstofnun.

Þriggja manna skólaráð: 1 skipaður af ríkisstjórninni, 1 af sambandi austfirzkra kvenna og 1 af Búnaðarsambandi Austurlands.

Rúmar 24 nemendur. Skólagjald 60 kr., húsaleigugjald 40 kr. = 100.00 kr.

1 forstöðukona og 2 fastir kennarar. Kaupir nokkra aukakennslu.

Námstíminn 2 vetur: Yngri deild frá veturnóttum til aprílloka. Eldri deild frá 20. september til aprílloka.

4 sjálfstæð 6 vikna námskeið að vorinu í: matreiðslu, vefnaði, handavinnu og garðrækt.

Verklegar námsgreinar: matreiðsla, hússtjórn, þvottur, ræsting, vefnaður, handavinna, 30 st. í yngri deild og 36 st. í eldri deild.

Bóklegar námsgreinar: íslenzka og íslenzkar bókmenntir, 8 st. á viku hvern vetur, reikningur, heilsufræði, matarefnafræði, fæðuefnareikningur, vefjarfræði, danska, 24 st. á viku.

Húsmæðraskólinn á Laugalandi er ekki tekinn til starfa. Rúmar 28 nemendur.

Skólagjald 50 kr. Eigandi Eyjafjarðarsýsla.

Þriggja manna skólaráð. 1 skipaður af ríkisstjórninni, 1 af sýslunefnd Eyjafjarðarsýslu og 1 af sambandi eyfirzkra kvenna.

Skólaárið ákveðið fyrst um sinn frá 1. október til 30. apríl.

Gert ráð fyrir 6 vikna námskeiðum að vorinu.

Forstöðukona og 2 fastar kennslukonur.

Verkleg kennsla: matreiðsla, þvottur og ræsting, vefnaður, handavinna og leikfimi.

Bóklegar námsgreinar: íslenzka, reikningur, heilsufræði, matarefnafræði.

Um húsmæðrafræðslu á Norðurlöndum

Í Danmörku eru engir opinberir húsmæðraskólar.

Fyrsti skólinn var stofnaður 1877.

Síðan um aldamót hefir skólum fjölgað talsvert. Flestir eru þeir með líku sniði. Venjulega 5 mánaða námskeið og annað þriggja mánaða. Aðalfög: matreiðsla, þvottur, ræsting og þess háttar.

Kvöldnámskeið og umferðakennsla er talsvert almenn.

Húsmæðrakennsluskólarnir eru þrír.

Allir eru skólarnir einkafyrirtæki, eign einstaklinga eða félaga. Viðurkenning er oft bundin við nafn, og verður að leita nýrrar viðurkenningar, ef mannaskipti verða við skólann.

Ríkið styrkir skólana samkvæmt lögum frá 31. marz 1931.

Í núgildandi fjárlögum eru veittar kr. 204000.00 til húsmæðrafræðslu. Skiptist styrkurinn þannig, að skólarnir sjálfir fá 109 þúsundir, en 95 þúsundir eru ætlaðar sem námsstyrkur handa efnalitlum nemendum.

Til þess að skóli geti notið ríkisstyrks þarf hann að uppfylla eftirtöld skilyrði:

1. að skólareglugerð og forstöðukona séu viðurkennd af kennslumálaráðuneytinu.
2. að skólinn lúti eftirliti kennslumálaráðuneytisins.
3. að skólinn hafi 2 námskeið, sem standa 5 og 3 mánuði. Þó má viðurkenna skóla með 1 námskeiði.
4. að skólinn uppfylli vissar kröfur um nemendafjölda.

Fjárstyrkur er veittur eftir þessum reglum:

1. Fastur styrkur til hvers skóla 500 krónur.
2. 50% af kaupi kennara eftir nánar tilteknum reglum um launagreiðslur sveitakennara.
3. 20% af kaupi forstöðukonu sem kennslukonu hækkandi upp í næstu 500 og 1000 krónur.
4. 35% af kostnaði við kennsluefni - Undervisningsmateriale.
5. 10% af byggingarkostnaði eða ákveðinn húsaleigustyrk.

Allt að helmingi nemenda á hverju námskeiði er veittur 35 króna námsstyrkur á mánuði.

Ekki má veita styrk fyrir nemendur, sem eru yngri en 18 ára.

Fyrsti húsmæðraskóli Norðmanna var stofnaður 1865.

Á næstu árum risu upp amtsskólar, aðallega vestan fjalls.

Eftir 1880 tók Selskapet for Norges Vel að hafa afskipti af húsmæðrafræðslunni. Félagið stofnaði 2 tilraunaskóla til að finna hentugt fyrirkomulag. Annar skólinn hafði bæði verklega og bóklega fræðslu, en hinn eingöngu verklega kennslu. Verklegi skólinn lagðist niður eftir 2 ár, en hinn starfaði til 1917. Nemendur heimtuðu strax bóklega kennslu samhliða.

Flestir skólar, er styrks nutu, voru 1 árs skólar. Nemendatala 10–12.

Árið 1898 skipaði ríkið nefnd til að athuga búnaðarmálin. Komst hún meðal annars að þeirri niðurstöðu, að mikið misrétti ætti sér stað milli fjárframlaga til húsmæðra- og bændafræðslu og væru konur beittar miklum órétti.

Amtsskólunum var breytt þannig, að haldin voru 2—5 mánaða námskeið á ári. Þá voru stofnaðir hreppa- og bæjahúsmæðraskólar, og kom til mála að skylda allar 18 ára stúlkur til að sækja einhvern húsmæðraskóla. Norðmenn eiga að minnsta kosti 1 vandaðan húsmæðrakennaraskóla.

Ríkið styrkir húsmæðraskóla að $^3/_4$, gegn $^1/_4$ annarsstaðar að, samkv. reglugerð frá 1920, og eru þetta helztu skilyrðin:

1. Reglugerðin skal vera staðfest af landbúnaðarráðherra.
2. Krafa um vissan húsakost og helzt að dálitið bú sé rekið í sambandi við skólann.
3. Vissar kröfur um menntun forstöðukonu og matreiðslukennarapróf og samþykki ráðherra um ráðningu og uppsögn forstöðu- og kennslukonu.
4. Ráðuneytinu sé árlega send skýrsla um skólann.
5. Áætlun um tekjur og gjöld fylgi fjárumsóknum.

Ríkisstyrkurinn er veittur eftir þessum reglum:

1. Öll laun forstöðukonu og fastra kennara og tímakennara, og $^3/_4$ af kaupi fólks, er vinnur við búið.
2. Til hita, lýsingar og ræstingar 40 krónur fyrir hvern nemanda, sem býr á skólanum.
3. 21 króna í fæðispeninga fyrir hvern nemanda, sem býr á skólanum, og 9 kr. fyrir þá, sem búa utanskóla.
4. Kostnaður við innkaup og viðhald á kennsluáhöldum og efni — undervisningsmateriale.
5. Styrkur til meðala og læknishjálpar, skrifstofu og prófkostnaðar samkv. gildandi reglum í viðkomandi fylki.
6. Ferðakostnaður handa forstöðu- og kennslukonu, þegar þær eru á fyrirlestra- eða sýningarferðum.

Verkleg kennsla og heimilisstörf, vefnaður, handavinna, skepnuhirðing og garðrækt. Margar bóklegar námsgreinar, en þeim hefir orðið að fækka á 5 manna námskeiðum.

Það er sögð almenn óánægja meðal kennara húsmæðraskólanna yfir hinum stutta námstíma, og þeir óski, að a. m. k. 1 tíu mánaða skóli væri í hverju fylki til að fullnægja þörf þeirra, er vilja fá staðbetri fræðslu.

Svíar fara ekki að sinna húsmæðrafræðslunni fyrr en á þessari öld. Húsmæðraskólar þeirra eru aðallega stofnaðir síðan 1910. Hefir þeim hraðfjölgað. Venjulega hafa skólarnir annaðhvort tvö $5^1/_2$ mánaða námskeið eða þrjú styttri, $3^1/_2$ mánaðar.

Aðalnámsgreinar eru: matreiðsla, þvottur, ræsting, mjólkurmeðferð, fjósaverk, alifuglahirðing, garðyrkja og smíðar.

Bókleg kennsla: matarfræði, heilsufræði, mjólkurfræði, hagfræði og bókfærsla, húsdýrafræði, garðrækt, vefnaður og saumafræði o. fl.

Ríkið styrkir að minnsta kosti einn húsmæðrakennaraskóla.

Auglýsing um styrkveitingu til húsmæðrafræðslu er frá 12. des. 1919, og hafa síðar verið gerðir ýmsir viðaukar, einkum launabætur.

Samkvæmt ofangreindri reglugerð eru þetta helztu skilyrði fyrir styrkveitingum:

1. að umsjónarmaður húsmæðraskólanna eða stjórn búnaðarsambands viðurkenni nauðsyn skólans í héraðinu.
2. krafa um lágmarkskennslutíma samkv. þar um settum reglum.
3. að nemendur séu ekki færri en 12 og ekki fleiri en 24. Konungur getur þó veitt undanþágu frá þessu ákvæði.
4. krafa um ákveðin fjárframlög frá héraðinu, þar með talin kennslugjöld nemenda, sem er rúmlega $^1/_4$ á móti framlagi ríkisins.
5. fyrir hverjar 1000 krónur, sem ríkið veitir í styrk til námskeiðsins, fái einn nemandi ókeypis skólavist eða tveir hálfan dvalarkostnað.
6. að skólinn hafi að minnsta kosti einn fastan kennara auk forstöðukonu.

Ennfremur eru ýms ákvæði um launabætur kennara og eftirlit ríkisins með skólanum.

Fjárframlög ríkisins eru þannig:

1. Til skóla með lengri námskeiðum:
   a. fyrra námskeiðið kr. 4500.00.
   b. seinna námskeiðið kr. 3600.00.

   Þar af fast tillag 2250 krónur fyrir hvort námskeið.

2. Til skóla með styttri námskeiðunum:
   a. fyrsta námskeiðið kr. 3200.00,
   b. annað námskeiðið kr. 2600.00,
   c. þriðja námskeiðið kr. 2000.00,
   Þar af 1500 kr. fast tillag fyrir hvert námskeið.

Að auki eru launabætur fyrir kennarana samkv. sérstökum auglýsingum. 1935 voru öll framlögin hækkuð nokkuð.

Nd. 78. Frumvarp til laga

um gengisskráningu.

Flm.: Hannes Jónsson.

1. gr.

Skipuð skal nefnd, er hafi á hendi skráningu á gengi erlends gjaldeyris.

Í nefndinni eiga sæti 3 menn, er fjármálaráðherra skipar, einn eftir tilnefningu Landsbanka Íslands, og sé hann formaður nefndarinnar, einn eftir tilnefningu Búnaðarfélags Íslands og einn eftir tilnefningu Fiskifélags Íslands.

2. gr.

Gengi hins erlenda gjaldeyris skal nefndin skrá með tilliti til þess, að höfuðatvinnuvegir þjóðarinnar, landbúnaður og sjávarútvegur, fái endurgreitt tilkostnaðarverð fyrir útflutningsvörur sínar.

3. gr.

Nefndin hefir rétt til að krefjast upplýsinga hjá stofnunum og einstökum mönnum um allt það, er henni þykir þörf á, til að geta ákveðið meðaltals-tilkostnaðarverð þeirrar vöru, sem seld er á erlendum markaði.

Nefndin er bundin þagnarskyldu.

4. gr.

Nefndin heldur fundi svo oft sem formaður telur þörf á. Skylt er formanni og að kveðja nefndarmenn til funda, ef annarhvor samnefndarmanna hans óskar þess.

5. gr.

Ríkisstjórnin ákveður þóknun til nefndarmanna fyrir störf þeirra. Greiðir hver aðili þóknun þess nefndarmanns, er hann tilnefnir, en skrifstofukostnaður nefndarinnar greiðist úr ríkissjóði eftir reikningi, sem fjármálaráðherra úrskurðar.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt eru úr gildi felld ákvæði laga nr. 48 4. júní 1924 og laga nr. 9 27. maí 1925, er koma í bága við lög þessi.

Greinargerð.

Samhljóða frv. hefir legið fyrir tveimur síðustu þingum, en ekki fengið afgreiðslu. Síðan hafa þau tíðindi gerzt, að ætla mátti, að ríkisstjórnin myndi bera fram frv. í þessa átt. Meðal annars hefir Alþýðublaðið lýst gengislækkun franska frankans sem stórfelldri ráðstöfun til viðreisnar í fjármálum frönsku þjóðarinnar, og ættu því hliðstæðar ráðstafanir hér að hafa svipaðar afleiðingar fyrir fjármál og atvinnulíf þjóðar vorrar. Flokksþing Framsóknarflokksins hefir og óbeint lýst

því yfir, að ekki verði lengur unað við það ástand, sem nú er ríkjandi í þessu efni. Og ennfremur hafa borizt háværar kröfur frá atvinnuvegunum um gengislækkun.

Ríkisstjórnin lætur þó ekkert til sín heyra í þessu máli, og sýnist því ekki mega dragast lengur að flytja þetta frv.

Að öðru leyti vísast til þeirrar greinargerðar, sem áður hefir fylgt frv. og er svo hljóðandi:

„Fyrir síðasta þingi lá frumv. um breytingu á lögum um gengisskráningu, en það náði ekki afgreiðslu. Síðan það var borið fram hefir orðið sú breyting á, að störf gengisnefndar hafa verið lögð niður um sinn.

Varla mun nokkur maður, sem eitthvað þekkir til aðalatvinnuvega vorra — landbúnaðar og sjávarútvegs —, láta sér detta í hug að neita þeirri staðreynd, að báðir þessir atvinnuvegir hafa verið reknir árum saman með stórtöpum.

Það getur ekki verið ágreiningur um, að nauðsyn beri til að ráða bót á þessu ófremdarástandi. En til þess að bera fram rökstuddar tillögur í þá átt er nauðsynlegt að gera sér grein fyrir því, hverjar eru aðalástæðurnar fyrir því, að svona er komið.

Jafnframt lækkuðu söluverði framleiðsluvaranna á erlendum markaði hefir stéttasamkeppnin um hækkun kaupgjalds ásamt kröfum til meiri lífsþæginda hækkað kostnaðarliðina í rekstri atvinnuveganna. Við þetta bætist aukin vaxtagreiðsla af stöðugt hækkandi skuldum, sem myndast af rekstrartöpum atvinnuveganna. Bilið milli framleiðslukostnaðar og söluverðs afurðanna hefir því farið stöðugt vaxandi.

Innanlands hefir þessi jafnvægisröskun komið fram í taumlausri skuldasöfnun og gjaldþrotum framleiðenda, auknu atvinnuleysi og stórtöpum banka og sparifjáreigenda.

Út á við hefir þetta öfugstreymi komið í ljós sem óhagstæður verzlunarjöfnuður, og hefir hann verið greiddur, eins og kunnugt er, með stöðugum lántökum erlendis í nafni ríkis og einstaklinga. Samdráttur í magni framleiðsluvaranna hefir og haft sín áhrif í þá átt að auka þessa óhagstæðu útkomu.

Fræðilega má finna fleiri en eina leið til lausnar þessu vandamáli. En sú leiðin, sem auðveldast er að fara og flestar þjóðir hafa gengið inn á í sama augnamiði, er hækkun á skráningu erlends gjaldeyris.

Sænskur hagfræðingur, Erik Lundberg, sem dvaldi hér á landi á vegum ríkisstjórnarinnar nokkurn hluta ársins sem leið, heldur því fram og rökstyður, að erlendi gjaldeyririnn sé nú of lágt metinn sem nemi um 40%.

Þó svo kynni að fara við fullkomnari rannsókn um þetta efni, að hið raunverulega gildi krónunnar reyndist ekki það sama og hér er nefnt, þá er þessi niðurstaða svo nálægt því, sem menn úr ýmsum stjórnmálaflokkum hér, sem kunnugastir eru afkomu atvinnuveganna, hafa haldið fram, að ástæðulítið er að ætla, að viðtækari rannsókn leiddi til niðurstöðu, sem viki í verulegum atriðum frá þeirri, sem þegar er fengin.

Hvergi mundi slíkt ósamræmi í skráningu gjaldeyrisins geta átt sér stað þar, sem sala gjaldeyris væri frjáls og óþvinguð.

Hér hafa atvinnuvegirnir, landbúnaður og sjávarútvegur, verið sviptir öllum umráðarétti yfir gjaldeyrinum, og þó leggja þeir til allar þær gjaldeyrisvörur, sem þjóðarbúið á. Þeir einir verða að inna af hendi það hlutverk að fullnægja þörf landsmanna á gjaldeyri til vörukaupa frá útlöndum og til greiðslu afborgana og vaxta af erlendum lánum. Veltur því afkoma þjóðarbúsins og allra landsmanna, hverrar stéttar sem eru, á því, að þessir atvinnuvegir fái borið sig fjárhagslega. Er því í frv. þessu lagt til, að skráningu hins erlenda gjaldeyris verði hagað með tilliti til þessa.

Í greinargerð með frv. um breytingu á lögum um gengisskráningu, sem lá fyrir síðasta þingi, og í framsögu við 1. umr. þess er gerð grein fyrir, hversu brýn fjárhagsleg nauðsyn þessum höfuðatvinnuvegum þjóðarinnar er á réttlátri skráningu hins erlenda gjaldeyris, og vísast til þess.“

Nd. 79. Breytingartillaga

við brtt. á þskj. 70 (Kreppulánasjóður).

Flm.: Bergur Jónsson, Stefán Jóh. Stefánsson.

Við 2. mgr. brtt. Orðin „og þeim öðrum, er við kunna að bætast meðan fé þ hrekkur“ í lok málsgreinarinnar falli niður.

Nd. 80. Frumvarp til laga

um fasteignamat.

Flm.: Páll Zóphóníasson.

1. gr.

Allar jarðeignir, lóðir og hús á landinu skal meta til peningaverðs tíunda hvert ár. Undirbúningur undir fyrsta mat eftir lögum þessum skal hefjast þegar eftir að lögin hafa öðlazt gildi, og skal því mati vera lokið fyrir árslok 1940 og fasteignamatsbók fullprentuð fyrir árslok 1941.

2. gr.

Hverja fasteign skal meta eins og hún mundi sanngjarnlega seld eftir gæðum hennar. Til hliðsjónar við matið skal hafa tekjur þær, sem fást af fasteigninni, hlunnindi þau, er henni fylgja, leigumála þann, sem er eða telja má hæfilegan, verð það, er fasteignin hefir verið seld fyrir síðustu 10 árin áður en matið fór fram, söluverð nágrannafasteigna á sama tíma, og virðingar til lántöku og brunabóta, þegar um húseignir er að ræða. Fjármálaráðherra ákveður með reglugerð, að fengnum tillögum yfirfasteignamatsnefndar, nánari grundvöll fyrir framkvæmd matsins. Fasteignir skulu metnar til peningaverðs í heilum hundruðum króna.

3. gr.

Til undirbúnings og fyrirgreiðslu við mat fasteigna skal hreppstjóri í sveitum en bæjarfógeti í kaupstöðum, hver í sínu umdæmi, semja skýrslu um allar fasteignir í hreppnum eða kaupstaðnum. Skýrslur þessar skulu skrifaðar á eyðublöð, er yfirfasteignamatsnefnd lætur prenta, og skal senda þær formönnum undirfasteignamatsnefnda nokkru áður en aðalmat skal hefjast í hvert sinn.

Skylt er hreppstjórum, bæjarfógetum svo og einstaklingum að láta fasteignamatsnefndum í té allar upplýsingar, er þær óska, ef þær geta á einhvern hátt haft áhrif á matið eða gefið vitneskju um gæði eða verðmæti viðkomandi fasteignar.

4. gr.

Við matið skal hver jörð, sem hefir sérstök bæjarhús og afskipt tún og engi, metin sér til verðs, hvort sem hún telst lögbýli eða eigi og hvort sem hún er forn býli eða býli byggt úr landi annarar jarðar.

Lönd, sem látin hafa verið á erfðafestu, skal meta sér, hvort sem hús hafa verið byggð á þeim eða ekki. Verði ágreiningur um það milli undirfasteignamatsnefndar og aðilja, hvort meta skuli einhverja fasteign sér eða ekki, skal lögreglustjóri skera úr. Úrskurði hans má þó innan mánaðar skjóta til yfirfasteignamatsnefndar, sem þá fellir fullnaðarúrskurð um ágreininginn.

Eyðijarðir, óbyggðar lóðir og lendur skal meta sér til verðs, nema nytjaðar séu að fullu frá annari jörð eða lóð, enda sé þá sami eigandi að báðum.

Ennfremur skal meta sérstaklega allar lóðir og lendur, ásamt mannvirkjum, ítök og fasteignaréttindi, sem ekki fylgja neinni ákveðinni jörð eða húseign, svo sem vatnsréttindi, námuréttindi, veiðiréttindi, sem seld hafa verið undan jörðum og fylgja þeim því ekki lengur.

5. gr.

Við mat fasteigna skal:

1. Meta sér verðmæti landsins, að frádregnu því verðmæti þess, er stafar af styrk ríkisins, sbr. jarðræktarlög.
2. Meta sér þann hluta af verðmæti landsins, sem hvorki má selja né veðsetja (sbr. jarðræktarlög og nýbýlalög).
3. Meta sér þann hluta af verðmæti landsins, sem svarar til afgjaldskvaðar, sem jarðareiganda ber að telja sér til eignar.
4. Meta sér þann hluta af verðmæti húsa, er jarðareigandi á, og telst þar með álag.
5. Meta sér verðmæti þeirra húsa, sem ábúandi á.
6. Meta sér verðmæti þeirra húsa, sem ekki má selja né veðsetja, sbr. jarðræktarlög og nýbýlalög.

Með landverðinu skal meta hlunnindi og ítök í lönd annara jarða.

6. gr.

Húseignir allar í kaupstöðum, kauptúnum, þorpum, svo og hús þurrabúðarmanna í sveitum, skal meta svo, að húsin skulu metin sér, lóðin sér og mannvirki á lóðinni, önnur en hús, sér. Að öðru leyti gilda ákvæði 5. gr. með sama hætti um mat lóða og húsa í kaupstöðum og sjávarþorpum og um mat jarða í sveitum.

7. gr.

Afréttarlönd, sem eru eign sveita eða annara stærri heilda og notuð eru sérstaklega til upprekstrar, skal ekki meta sérstaklega, en taka skal upprekstrarréttinn til greina við mat þeirra jarða, sem eiga rétt til hans. Þrætulönd milli jarða skal meta sér í lagi.

8. gr.

Hverri fasteign, sem metin er, skal lýsa svo skýrt, að ekki verði um villzt, hver fasteignin er; skal nafngreina eiganda og notanda, svo og hvort landamerki séu ágreiningslaus eða ekki.

9. gr.

Hvert tiunda ár, í fyrsta skipti 1937, skal fjármálaráðherra skipa þrjá menn í undirfasteignamatsnefnd í hverri sýslu eða bæjarfélagi. Tveir nefndarmennirnir skulu skipaðir eftir tilnefningu viðkomandi sýslunefndar eða bæjarstjórnar, en hinn þriðja skipar fjármálaráðherra án tilnefningar, og skal hann vera formaður nefndarinnar. Á sama hátt og til jafnlangs tíma skal skipa þrjá varamenn, er taka sæti í nefndinni í forföllum hinna, eftir því sem reglugerð kveður nánar á um. Hver, sem skipaður er í fasteignamatsnefnd, skal vinna eið eða heit að því að rækja starf sitt með alúð og samvizkusemi. Fasteignamatsnefndarmenn samkv. lögum þessum eru opinberir sýslunarmenn og hafa skyldur og njóta réttinda samkvæmt því.

10. gr.

Fjármálaráðherra skipar yfirfasteignamatsnefnd fyrir allt landið. Formaður hennar skal skipaður ævilangt, en meðnefndarmenn hans til 10 ára í senn, og í fyrsta skipti 1937. Varayfirfasteignamatsmenn skal skipa á sama hátt. Yfirfasteignamatsnefnd hefir yfirumsjón með starfi undirfasteignamatsnefnda undir yfirstjórn fjármálaráðherra. Hún skal sjá um, að sem bezt samræmi sé í mati undirfasteignamatsnefnda og hefir fullt leyfi til að breyta mötum, eftir því sem þurfa þykir, til þess að samræmi náist í matinu. Yfirfasteignamatsnefndin ákveður gerð eyðublaða undir lýsingar jarða og húsa, sker úr öllum ágreiningi, sem kann að rísa út af

mötum undirfasteignamatsnefnda, og sér um útgáfu fasteignamatsbókar að afloknu hverju aðalmati.

11. gr.

Milli aðalmata, sem fara fram 10. hvert ár, sbr. 1. gr., skulu fara fram möt á öllum nýbyggingum, svo og möt á fasteignum, sem vegna einhverra sérstakra ástæðna breytast verulega að verðmæti. Milli aðalmata skulu úttektarmenn framkvæma möt, þar sem þeir eru, en þar, sem þeir eru ekki til, skulu þau framkvæmd af manni, sem ríkisstjórnin tilnefnir til þess, og manni, sem viðkomandi bæjarstjórn eða hreppsnefnd kýs til starfans.

Í Reykjavík skal formaður yfirfasteignamatsnefndar framkvæma mötin með 2 mönnum, sem bæjarstjórnin kýs.

Yfirfasteignamatsnefnd skal hafa eftirlit með því, að millimöt séu gerð þegar ástæða er til, og að öðru samræma þau og yfirfara eins og aðalmöt væru.

Nánari reglur um starf undir- og yfirfasteignamatsnefndar skal setja í reglugerð.

12. gr.

Allur kostnaður fasteignamatsnefnda við matsstörfin, þar með talinn kostnaður við sendiferðir, síma, ritföng og annað, skal greiðast úr ríkissjóði.

Formaður yfirfasteignamatsnefndar skal hafa fast árskaup, en öðrum fasteignamatsnefndarmönnum greiðist þóknun fyrir starf sitt eftir því, hve lengi þeir vinna að því, og skal hún ákveðin af ráðherra á hverjum tíma. Þóknunin skal metin, að fengnum tillögum yfirfasteignamatsnefndar, með hliðsjón af almennri kaupgreiðslu í landinu. Fjármálaráðherra ákveður árskaup formanns yfirfasteignamatsnefndar.

13. gr.

Fjármálaráðherra skal í reglugerð ákveða nánar um framkvæmd fasteignamats, og skal hann í hvert skipti, er aðalmat skal fram fara, ákveða, hvenær það byrji og hvenær því skuli lokið.

Matsgerðir úr hverjum hreppi og kaupstað skal leggja fram á þingstað hreppsins eða kaupstaðarins þegar er undirmati er lokið, og skal auglýsa á venjulegan hátt, hvenær þær liggi frammi, og má það ekki vera skemmri tími en mánuður.

14. gr.

Við mat fasteigna skal gefa eiganda eða umráðamanni viðkomandi fasteignar kost á að koma fram með þær skýringar, er hann óskar, að teknar verði til greina við matið. Svo er hann og skyldur að gefa matsnefndum allar þær upplýsingar um fasteignina, sem þeir óska og telja nauðsynlegar.

Sé eigandi fasteignar óánægður með mat undirmatsnefndar eða þyki honum ekki samræmi í mati í viðkomandi hrepp, sýslu eða kaupstað, getur hann kært það til undirmatsnefndar, og skal hann þá leggja fram skrifleg rök til stuðnings máli sinu eigi síðar en mánuði eftir að matsgerðirnar lágu frammi í hreppnum eða kaupstaðnum.

Allar kvartanir, aðfinnslur og kærur, sem undirmatsnefnd berast, skal hún athuga og úrskurða, hvort taka beri til greina og að hverju leyti, og breyta mötum eftir því. Að því búnu skal nefndin senda matið til yfirfasteignamatsnefndar, og skulu fylgja með lýsingu hverrar jarðar þær kvartanir, kærur og aðfinnslur, er fram hafa komið varðandi mat á henni, svo og umsögn eða úrskurður undirfasteignamatsnefndar um málið.

Heimilt er jarðareigendum eða ábúendum að skjóta úrskurði undirfasteignamatsnefndar til yfirfasteignamatsnefndar, sem þá fellir fullnaðarúrskurð í málinu og ákveður endanlegt fasteignamatsverð allra fasteigna.

15. gr.

Yfirfasteignamatsnefnd skal endurskoða mat allra fasteigna, og ef henni þykir eitthvað vera óljóst eða rangt, getur hún heimtað nánari skýringar hjá undirmatsnefnd, eiganda og notanda fasteignar, og skal að þeim fengnum lagfæra matið eftir því, sem henni þykir rétt vera í samræmi við önnur möt.

Að enduðu hverju aðalmati semur yfirfasteignamatsnefnd fasteignamatsbók eftir frumgögnum undirmatsnefnda og breytingum yfirfasteignamatsnefndar, og skal bókin prentuð og löggilt af fjármálaráðherra og send ókeypis sömu mönnum og stofnunum, er fá stjórnartíðindin án endurgjalds.

16. gr.

Við öll millimöt, er fram fara samkvæmt 11. gr., skal fylgja sömu reglum og fyrirmælum, sem fylgt er við aðalfasteignamat.

Millimötum skal lokið ár hvert fyrir nóvembermánaðarlok. Skulu þau liggja frammi í desember og sendast til yfirfasteignamatsnefndar í janúar fyrir undanfarið ár. Yfirfasteignamatsnefnd skal árlega tilkynna skattayfirvöldum hvers umdæmis þær breytingar, sem verða á fasteignamötum vegna framkvæmdra millimata.

17. gr.

Nú óskar einhver endurmats á fasteign sinni milli aðalfasteignamata, og skal hann þá senda yfirfasteignamatsnefnd um það rökstudda beiðni og færa líkur fyrir, að verð fasteignarinnar hafi breytzt verulega, og af hverju hann ætli, að sú breyting stafi. Yfirfasteignamatsnefnd úrskurðar síðan, hvort millimat skuli fram fara eða ekki.

Borgun fyrir framkvæmd millimöt skal greiða úr ríkissjóði eftir lögum um aukatekjur hreppstjóra, óski fasteignareigandi ekki matsins, en óski hann þess, greiði hann sjálfur kostnaðinn, sem af matinu leiðir, ef millimatið leiðir til þess, að matið lækkar frá því, sem áður var.

18. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 22 frá 3. nóv. 1915, um fasteignamat, lög nr. 14 frá 19. júní 1922, um skattmat fasteigna, lög nr. 41 frá 8. sept. 1931, um breyting á lögum nr. 22 frá 3. nóv. 1915, um fasteignamat, svo og önnur ákvæði, sem koma í bága við lög þessi.

19. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Fasteignamat hefir tvisvar farið fram eftir lögum nr. 22 frá 3. nóv. 1915, og hefir það komið greinilega í ljós, að ekki hefir náðst það samræmi á mati fasteigna, sem vænzt var eftir og ætlazt til. Í bæði skiptin hefir því orðið nauðsynlegt að setja sérstaka landsyfirfasteignamatsnefnd, til að samræma mötin.

Í þessu frumvarpi er gert ráð fyrir undirmatsnefndum, er framkvæmi aðalmötin, eins og verið hefir. Aftur er ekki gert ráð fyrir yfirfasteignamatsnefndum í hverju lögsagnarumdæmi, heldur komi ein yfirmatsnefnd fyrir allt landið, er taki bæði starf yfirfasteignamatsnefndanna og landsyfirfasteignamatsnefndarinnar.

Það verður ekki séð af undanfarinni reynslu, að yfirfasteignamatsnefndirnar hafi gert neitt verulegt gagn, nema þá helzt með því að úrskurða kærur, sem fram hafa komið viðvíkjandi mötum einstakra fasteigna. En eins og nú er komið, virðist ekki vera ástæða til að halda yfirfasteignamatsnefndum í lögsagnarumdæmunum, sem kosta 16000—20000 kr. þau ár, sem mat fer fram, til þess eins. Enda líkur til, að yfirfasteignamatsnefnd fyrir allt landið sé eins fær um að skera úr slíkum deilum og nefnd í héraðinu.

Það er lagt til í frumvarpinu, að yfirfasteignamatsnefndin sé föst nefnd, er starfi árlega, eftir því sem þörf krefur. Þetta byggist á því, að árlega þarf að framkvæma möt á nýbyggingum o. fl., og þessi möt, sem framkvæmd eru af úttektarmönnum, þar sem þeir eru, eru enn misjafnari en mötin, sem gerð eru þegar aðalmötin fara fram. Dæmi eru til þess, að munað hefir meira en um helming á millimötum, gerðum á húsum byggðum eftir sömu teikningu, og að minnsta kosti mjög líkum að frágangi. Þessi millimöt hafa aldrei verið samræmd, en þurfa vitanlega ekki síður samræmingar við en aðalmötin. Þá er þess og vænzt, að með því að hafa yfirmatsnefndina til **áður en aðalmat byrjar**, þá geti hún unnið að því að samræma mötin og störf undirmatsnefndanna, bæði við undirbúning matsins og eins meðan undirmatsnefndirnar vinna að því, og ætti þetta að vera mikilsvert atriði og geta orkað miklu um það, að fá matið um land allt sem líkast og framkvæmt eftir sömu reglum.

Það fyrirkomulag, sem felst í lögum þessum, verður ríkissjóði nokkru ódýrara en nú. Niður fellur kostnaður við yfirfasteignamatsnefndir í sýslunum, landsyfirfasteignamatsnefnd, og greiðsla til formanns undirnefndar í Reykjavík milli aðalmata. Í stað þess kemur yfirmatsnefndin, og verður hún nokkru ódýrari. Af frumvarpinu leiðir því sparnað, samhliða því, sem það skapar meira öryggi og festu í matinu en nú er.

Nánar í framsögu.

Ed. 81. Frumvarp til laga

um tekjur bæjar- og sveitarfélaga.

Flm.: Bernh. Stefánsson.

I. KAFLI
Um aðflutningsgjald.

1. gr.

Við aðflutningsgjöld þau til ríkissjóðs, sem hér greinir:

a. kaffi- og sykurtoll,
b. annað aðflutningsgjald,
c. vörutoll og
d. verðtoll

skal bæta 15 af hundraði af gjöldunum eins og þau eru að lögum á hverjum tíma, og skiptist viðaukagjald þetta að $^2/_3$ hlutum eftir mannfjölda milli sýslu- og bæjarfélaga landsins, en $^1/_3$ hluti þess rennur í sjóð þann, er um getur í 12. gr.

2. gr.

Þeir embættismenn, sem innheimta gjöld þau til ríkissjóðs, sem nefnd eru í 1. gr., innheimta einnig viðaukagjald það, er um getur í sömu grein. Skulu þeir leggja hið innheimta gjald í lok hvers ársfjórðungs til geymslu í banka eða tryggum sparisjóði, eftir tilvísun atvinnumálaráðherra. Jafnframt senda þeir atvinnumálaráðherra skýrslu um innborgunina, hversu há fjárhæðin er og hvar hún sé geymd.

3. gr.

Þeir embættismenn, sem í 2. gr. getur, skulu fyrir febrúarmánaðarlok ár hvert, í fyrsta sinn 1938, senda atvinnumálaráðherra skýrslu um, hve miklu gjald það hefir numið á síðastliðnu almanaksári, sem um er rætt í 1. gr., svo og um íbúatölu í viðkomandi lögsagnarumdæmi.

4. gr.

Þegar atvinnumálaráðherra hafa borizt allar skýrslur, sem nefndar eru í 3. gr., lætur hann gera skrá um fjárhæð gjaldaukans eins og hann var samanlagður á öllu landinu á síðastliðnu almanaksári, svo og skrá um íbúatölu allra sýslu- og bæjarfélaga á landinu, skiptir síðan ⅔ hlutum fjárhæðarinnar milli hinna einstöku sýslu- og bæjarfélaga, eftir íbúatölu þeirra, og leggur fyrir innheimtumenn að senda það, sem þeir hafa innheimt umfram það, sem viðkomandi sýslu- eða bæjarfélag á að fá. Beri sýslu- eða bæjarfélagi hærri fjárhæð en þar hefir verið innheimt, sendir ráðherra það, sem á vantar, til hlutaðeigandi sýslumanns eða bæjarstjóra.

⅓ hluta alls gjaldaukans lætur ráðherra greiða í sjóð þann, sem getur í 12. gr.

5. gr.

Um gjaldauka þann, er í 1. gr. getur, fer að öllu öðru en hér er sagt eftir gildandi lagaákvæðum um aðalgjaldið.

6. gr.

Heimilt er ráðherra að fela stjórn sjóðs þess, er í 12. gr. getur, störf þau, sem talin eru í 4. gr.

7. gr.

Ákvæði þessa kafla koma til framkvæmda 1. júní 1937.

II. KAFLI

Um skatt ríkisstofnana.

8. gr.

Engin stofnun ríkisins er útsvarsskyld eftir efnum og ástæðum.

9. gr.

Verzlunarstofnanir ríkisins skulu greiða í bæjar- og sveitarsjóði, þar sem aðalaðsetur þeirra og útibú eru, 5 af hundraði af nettóágóða aðalbúsins eða útibúsins, og greiðist sá skattur 1. marz ár hvert af ágóða næstliðins árs.

10. gr.

Auk þess skatts, er í 9. gr. getur, greiða verzlunarstofnanir ríkisins 5 af hundraði af samanlögðum nettóágóða stofnananna, og rennur það gjald í sjóð þann, sem um ræðir í 12. gr. Gjalddagi skattsins er 1. marz ár hvert.

11. gr.

Síldarverksmiðjur ríkisins skulu greiða í bæjar- og sveitarsjóði, þar sem þær eru starfræktar, 1% af andvirði seldrar framleiðsluvöru verksmiðjunnar. Skattur þessi greiðist 1. marz ár hvert af andvirði þess vörumagns, sem selt hefir verið frá 1. marz árið áður.

III. KAFLI

Um jöfnunarsjóð bæjar- og sveitarfélaga.

12. gr.

Stofna skal sjóð, er nefnist „Jöfnunarsjóður bæjar- og sveitarfélaga“, og fær hann tekjur samkv. 1., 4. og 10. gr. hér að framan. Fé sjóðsins skal ávaxta í banka með ríkisábyrgð.

Atvinnumálaráðherra hefir yfirumsjón með sjóðnum og sér um, að í hann sé greitt á réttum gjalddaga fé það, er sjóðnum ber.

13. gr.

Alþingi kýs 3 menn, með hlutfallskosningu, til þriggja ára í senn, til að hafa stjórn jöfnunarsjóðs á hendi. Stjórnarnefndarmenn skipta sjálfir með sér verkum.

Í stjórn sjóðsins ræður afl atkvæða úrslitum, en náist ekki meiri hluti um eitt eða fleiri atriði, sker atvinnumálaráðherra úr.

14. gr.

Árlega skal verja 90 af hundraði af tekjum Jöfnunarsjóðs bæjar- og sveitarfélaga til styrktar þeim bæjar- og sveitarfélögum, sem að dómi sjóðsstjórnarinnar þurfa mest hjálpar við, enda sé ekki gáleysi eða skeytingarleysi bæjar- eða sveitarstjórnar um að kenna, að áliti sjóðsstjórnarinnar eða atvinnumálaráðherra. Styrknum skal einkum varið til að greiða að fullu eða lækka lán bæjar- og sveitarsjóða, eða til að bæta úr tjóni, sem kaupstaður eða sveitarfélag hefir orðið fyrir af völdum náttúrunnar eða öðrum óviðráðanlegum orsökum.

15. gr.

Stjórn sjóðsins úthlutar fé hans samkv. 14. gr., og skal úthlutuninni lokið eigi síðar en 1. júní ár hvert. Sjóðsstjórnin sendir atvinnumálaráðherra skýrslu um úthlutunina og gerir þær ráðstafanir, er með þarf, til að greiðslur þær, er hún hefir ákveðið, verði inntar af hendi til réttra aðilja.

Komi fram ágreiningur um úthlutun fjárins milli sjóðsstjórnarinnar og bæjar- eða sveitarstjórnar, sker atvinnumálaráðherra úr.

16. gr.

Stjórn sjóðsins skal eftir föngum afla sér glöggra skýrslna um fjárhagsástand og afkomu bæjar- og sveitarfélaga landsins.

Sama bæjar- eða sveitarfélagi má ekki veita styrk tvö ár í röð, nema um stórfellt tjón af óviðráðanlegum orsökum sé að ræða.

17. gr.

Stjórn sjóðsins er skylt að haga svo styrkveitingum úr sjóðnum, að sem flest bæjar- og sveitarfélög hafi hans not, en hafa þó hliðsjón af því, að fjárveitingar verði ekki svo litlar, að ekki muni verulega um.

18. gr.

Bæjar- eða sveitarstjórn, sem verða vill aðnjótandi styrks úr jöfnunarsjóði, skal senda umsókn um það fyrir febrúarmánaðarlok. Umsókninni skal fylgja:

1. Ýtarleg skýrsla um efnahagsástæður bæjarins eða hreppsins.
2. Skýrsla um upphæð útsvara síðastliðin 3 ár og reglur þær (útsvarsstigi), er lagðar hafa verið til grundvallar við niðurjöfnun útsvaranna.
3. Skýrsla um skuldir bæjarins eða hreppsins og til hvers lánunum hafi verið varið.
4. Fjárhagsáætlun bæjarins eða hreppsins það ár.

19. gr.

Nú sækir bæjar- eða sveitarstjórn um styrk úr jöfnunarsjóði, en á sjálf sök á því, að dómi sjóðsstjórnarinnar og atvinnumálaráðherra, að bæjar- eða sveitarfélagið er styrkþurfi. Má þá ekki veita styrk, nema bæjar- eða sveitarstjórnin undirgangist þau skilyrði, sem atvinnumálaráðherra setur, og skal hann skipa bæjar- eða sveitarstjórninni meðráðamann. Að þessu fullnægðu má veita styrk, en honum má aðeins verja samkvæmt fyrirmælum atvinnumálaráðherra, enda má það ár ekkert greiða úr bæjar- eða sveitarsjóði, nema með samþykki meðráðamannsins.

20. gr.

Það af tekjum jöfnunarsjóðs, sem ekki er árlega úthlutað til bæjar- og sveitarfélaga, svo og alla vexti hans, skal leggja við höfuðstólinn.

21. gr.

Atvinnumálaráðherra ákveður stjórn jöfnunarsjóðs þóknun fyrir störf hennar, og greiðist sú þóknun úr sjóðnum, ásamt öðrum kostnaði við starfrækslu hans.

Stjórn sjóðsins skal árlega semja reikning sjóðsins, og skal hann endurskoðaður af yfirskoðunarmönnum landsreikninganna og fylgja landsreikningunum.

22. gr.

Nánari ákvæði um stjórn og starfrækslu Jöfnunarsjóðs bæjar- og sveitarfélaga setur atvinnumálaráðherra með reglugerð.

IV. KAFLI

Niðurlagsákvæði.

23. gr.

Ákvæði II. og III. kafla koma til framkvæmda 1. janúar 1938.

24. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 47 4. júní 1924, um aukaútsvör ríkisstofnana, og öll önnur lagafyrirmæli, er fara í bága við þessi lög.

Greinargerð.

Þann 2. janúar 1936 var, samkvæmt ályktun Alþingis 1935, skipuð milliþinganefnd til þess að undirbúa frumvarp til laga um tekjustofna bæjar- og sveitarfélaga. Eins og kunnugt er, samdi nefndin síðan frumvarp um þetta efni fyrir þing 1936, og fluttu tveir nefndarmenn það á því þingi.

Í frumvarpi nefndarinnar voru bæði gerðar tillögur um það, að dreifa nokkrum hluta útsvaranna á fastari stofna en nú er (fasteignaskattur), og einnig um það, að útvega sveitar- og bæjarfélögum nýja tekjustofna, sem þau hafa ekki áður haft (vörugjald, aðflutningsgjald). Áætlaði nefndin, að tekjur bæjar- og sveitarfélaga samkvæmt frumvarpinu yrðu að minnsta kosti 1800000 krónur.

Það mun vera almennt viðurkennt, að hag margra sveitar- og bæjarfélaga sé nú komið svo, að þeim hefði ekki veitt af þeim tekjum, sem frumvarpið gerði ráð fyrir, og að óforsvaranlegt sé með öllu, að Alþingi geri engar ráðstafanir í þessu efni. Samt fór svo, að samkomulag náðist ekki um málið á þinginu í fyrra og varð frumvarp nefndarinnar ekki afgreitt þá.

Á síðastl. hausti bárust nefndinni tilmæli atvinnumálaráðherra um það, að hún endurskoðaði útsvarslögin. Kom nefndin því saman í október síðastl. og hélt þá nokkra fundi um það mál og skipti með sér undirbúningsstörfum. Var svo til ætlazt, að nefndin kæmi aftur saman fyrir þing og lyki þá samningu frumvarps um útsvör og ef til vill fleira. Það atvikaðist þó svo, að öll nefndin gat ekki komið aftur saman fyrr en rétt fyrir þingsetningu nú, og var þá sýnt, að ekki var hægt að ganga frá endurskoðun útsvarslaganna að þessu sinni, þó það sé að vísu hið mesta nauðsynjamál og kynni eitt út af fyrir sig að geta orðið til að bæta hag þeirra bæjar- og sveitarfélaga, sem voru svipt miklum tekjum með ákvæðum útsvarslaganna frá 1926.

Hinsvegar kom öllum nefndarmönnunum saman um það, að hin mesta nauðsyn bæri til, að á yfirstandandi Alþingi yrðu sett lög, er sæju bæjar- og sveitarfélögum fyrir meiri tekjum og fleiri tekjustofnum en þau nú hafa, og að þetta mætti alls ekki dragast lengur. Fullt samkomulag náðist þó ekki í nefndinni, hvorki um að bera fram frv. frá í fyrra óbreytt, né um breytingar á því.

Því skal óhikað haldið fram, að frumv. milliþinganefndarinnar frá í fyrra hafi í öllum höfuðatriðum verið til mikilla bóta, og að það hafi verið illa farið, að það náði ekki samþykki þingsins þá.

Samt sem áður er frumvarp milliþinganefndarinnar ekki flutt hér í heild sinni, heldur aðeins meginefni IV. og V. kafla þess, með nokkrum viðaukum. Ástæðan til þessarar tilhögunar er í fyrsta lagi sú, að annar nefndarmaður hefir ráðgert að flytja í sérstökum frumvörpum efni hinna annara kafla milliþinganefndarfrumvarpsins. Í öðru lagi verður að telja alveg óhjákvæmilegt og hreina og beina skyldu þingsins að bæta að minnsta kosti úr hinni brýnustu þörf bæjar- og sveitarfélaga í þessu efni. En eftir undirtektum þingsins í fyrra að dæma, verður að telja vonlítið, að frv. milliþinganefndarinnar næði fram að ganga í heild sinni, og gæti þá ágreiningur um einstök atriði aftur orðið öllu málinu að falli. Hér er því það eitt tekið úr frumvarpi milliþinganefndarinnar, sem flutningsmaður telur mestu máli skipta, að nái fram að ganga, og fjallar þetta frv. eingöngu um algerlega nýja tekjustofna handa bæjar- og sveitarfélögum. Hinsvegar er flutningsmaður fús til samvinnu um það, að taka ákvæði um fleiri tekjustofna upp í frumvarpið, ef samkomulag getur náðst um það; sérstaklega fellst hann algerlega á ákvæði frv. milliþinganefndarinnar um fasteignaskatt, og að þau ákvæði eru ekki í þessu frv., stafar af því, að annar nefndarmanna hefir ráðgert að flytja þau í sérstöku frv.

Eins og áður segir, er efni þessa frumvarps samskonar og í IV. og V. kafla frumvarps milliþinganefndarinnar. Aðalbreytingarnar frá þeim köflum eru þessar:

Lagt er til að þrefalda aðflutningsgjald það, sem um ræðir í IV. kafla frv. milliþn., eða hækka það um þriðjung frá því, sem var í frv. eins og það var samþ. í efri deild á síðasta þingi. Skiptist $^2/_3$ hlutar aðflutningsgjaldsins milli bæjar- og sýslufélaga landsins eftir fólksfjölda, en $^1/_3$ hluti þess gangi til Jöfnunarsjóðs bæjar- og sveitarfélaga.

Jöfnunarsjóður fær samkvæmt þessu rúmlega þrefaldar tekjur á við það, sem upphaflega var ráðgert. Þykir því fært og í alla staði sanngjarnt að gera starfssvið hans víðtækara heldur en upphaflega var ætlazt til, bæði með því, að öll bæjar- og sveitarfélög geti komið til greina við styrkveitingar úr sjóðnum, í stað þess að það séu aðeins bæir og kauptún, og einnig með því, að styrk megi veita til fleira heldur en að greiða skuldir eða bæta úr tjóni af völdum náttúrunnar. Rétt þykir þó, að aðaláherzlan sé lögð á þessi atriði.

Þegar jöfnunarsjóður fær þannig verulegar tekjur, má búast við því, að töluverð ásókn verði um styrk úr honum. Gæti jafnvel hugsazt, að einstaka bæjar- eða sveitarfélag beinlínis treysti á styrk og hagaði fjárhagsáætlun sinni og ráðstöfunum eftir því. Slíkt verður að reyna að fyrirbyggja, eftir því sem hægt er, og eru nokkur varúðarákvæði um þetta í frv.

Þar sem verkefni jöfnunarsjóðs verður, sem áður segir, meira og víðtækara en áður var gert ráð fyrir, þykir rétt að auka nokkuð vald og verksvið sjóðsstjórnarinnar, og lúta nokkur ákvæði frv. að því.

Ekki virðist hægt að fastákveða þóknun til stjórnar jöfnunarsjóðs fyrr en einhver reynsla er fengin um, hvað starfið er mikið. Er því stungið upp á, að atvinnumálaráðherra ákveði þóknunina.

Með hliðsjón af því, hvað milliþinganefndin áætlaði tekjur eftir frumvarpi sínu, ætti að mega áætla tekjuauka til handa bæjar- og sveitarfélögum samkvæmt þessu frv. þannig:

1. Beint til bæjar-, sýslu- og sveitarsjóða:		
a. $^2/_3$ aðflutningsgjaldsins	kr. 450000,00	
b. Skattur síldarverksmiðja	— 50000,00	
		= 500000,00
2. Til jöfnunarsjóðs:		
a. Skattur ríkisstofnana	kr. 100000,00	
b. $^1/_3$ aðflutningsgjalds	— 225000,00	
		= 325000,00
	Tekjuauki samtals kr.	825000,00

Með því hér væri beinlínis um tekjuauka fyrir bæjar- og sveitarfélög að ræða, ættu rúmlega 800 þús. kr. að geta orðið allveruleg hjálp fyrir þau, sérstaklega þau þeirra, sem í mestri þörf eru og mundu því fá framlög úr jöfnunarsjóði. Yrði frv. þetta að lögum, ætti því að mega vænta þess, að verstu vandræðum bæjar- og sveitarsjóða yrði aflétt með því, þó játa beri, að frekari aðgerða væri þörf.

Að öðru leyti virðist nægja að vísa til greinargerðar þeirrar, sem fylgdi frumvarpi milliþinganefndarinnar í fyrra (þskj. 33).

Nd. 82. Nefndarálit

um frumvarp til laga um framlenging á gildi laga nr. 90 19. júní 1933, um útflutning á kjöti.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin er sammála um að mæla með því, að frumvarpið sé samþykkt óbreytt. Pétur Ottesen var þó ekki mættur á fundi nefndarinnar, þegar málið var rætt og afstaða til þess tekin.

Alþingi, 10. marz 1937.

Bjarni Ásgeirsson, form.	Jón Pálmason.	Páll Zóphóníasson, fundaskr., frsm.	Emil Jónsson.

Nd. 83. Frumvarp til laga

um löggilding verzlunarstaðar í Örlygshöfn í Barðastrandarsýslu.

Flutningsm.: Bergur Jónsson.

1. gr.

Örlygshöfn í Rauðasandshreppi í Barðastrandarsýslu skal vera löggiltur verzlunarstaður.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi þá er atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið hefir ákveðið takmörk verzlunarlóðarinnar, samkvæmt lögum nr. 61 10. nóv. 1905, og birt í B-deild Stjórnartíðinda.

Greinargerð.

Frv. þetta er flutt samkvæmt óskum frá íbúunum í Rauðasandshreppi í Barðastrandarsýslu. Á Gjögrum í Örlygshöfn er sláturhús fyrir bændur í Örlygshöfn og í svokölluðum víkum eða útvíkum Rauðasandshrepps, en það eru Hænuvík, Kollsvík, Breiðavík og Látravík. Telja bændur þessir sér nauðsyn á löggildingu verzlunstaðar í Örlygshöfn.

Nánar í framsögu, ef þörf gerist.

Ed. # 84. Frumvarp til laga

um ráðstafanir vegna búfjársjúkdóma.

Flm.: Páll Hermannsson.

1. gr.

Árlega skal safna skýrslum um búpeningssjúkdóma. Skýrslum þessum skulu dýralæknar safna með aðstoð hreppstjóra, hvers í sínum hreppi. Búendur skulu á vor- og hausthreppaskilum gefa hreppstjóra upplýsingar um sjúkdóma í búfé sínu. Landbúnaðarráðuneytið leggur til eyðublöð undir skýrslurnar.

2. gr.

Dýralæknum landsins skal skylt að ferðast einu sinni á ári um allt læknisumdæmi sitt og safna skýrslum hjá hreppstjórum og aðstoða þá við skýrslugerðina, ef þörf krefur. Fyrir þessar ferðir skulu hverjum dýralækni greiddar kr. 500,00 á ári úr ríkissjóði í ferðakostnað. Skulu dýralæknarnir hafa lokið að safna skýrslum þessum fyrir 30. ágúst ár hvert.

3. gr.

Eftir að dýralæknir hefir safnað skýrslum um búfjársjúkdóma í sínu umdæmi, ber honum að semja heildarskýrslu fyrir umdæmið og senda hana ekki síðar en 15. september til landbúnaðarráðuneytisins, sem þá lætur vinna úr skýrslunum heildarskýrslu fyrir allt landið, eftir því sem nánar má ákveða í reglugerð, en heildarskýrsluna skal birta í búnaðarriti.

4. gr.

Nú drepst skepna eða skepnur skyndilega, svo að grunsamlegt sé, að hættulegur sjúkdómur bæði mönnum og skepnum geti verið á ferðinni, og skal þá tafarlaust tilkynna dýralækni í hlutaðeigandi héraði, er gerir nauðsynlegar öryggisráðstafanir svo fljótt sem unnt er.

5. gr.

Nú kemur upp faraldur í búpeningi í einhverju héraði, og skal það þá tilkynnt hlutaðeigandi dýralækni, sem tilkynnir það landbúnaðarráðuneytinu, ef faraldurinn að hans áliti er grunsamlegur um dauðsföll og smitun.

Landbúnaðarráðherra ákveður þá, að fengnum upplýsingum og í samráði við dýralækni, hvaða ráðstafanir skuli gerðar.

6. gr.

Kostnaður sá, er leiðir af ráðstöfunum þeim, sem gerðar eru samkvæmt 4. og 5. gr. laga þessara, greiðist úr ríkissjóði.

7. gr.

Heimilt skal landbúnaðarráðherra að gera hverskonar nauðsynlegar ráðstafanir, þegar skæðir húsdýrasjúkdómar brjótast út. Þó skal hann leita álits eins eða fleiri dýralækna um slíkar ráðstafanir.

8. gr.

Brot gegn lögum þessum varða 10—500 króna sektum, nema þyngri refsing liggi við að öðrum lögum.

9. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frv. þetta er flutt að tilhlutun landbúnaðarráðherra, og fylgdi því svo hljóðandi greinargerð:

Í frumvarpi þessu er farið fram á, að safnað sé skýrslum um búfjársjúkdóma, eigendum gert að skyldu að skýra frá sjúkdómum og landbúnaðarráðherra gefin heimild til þess að gera nauðsynlegar ráðstafanir, ef um alvarlega sjúkdóma eða verulegan faraldur er að ræða. Þetta er og í samræmi við það, sem tíðkast í flestum löndum.

Fyrstu 3 gr. frumvarpsins fjalla um skýrslusöfnunina.

Tilgangurinn með því að safna skýrslum um búfjársjúkdóma er 1) að fá vitneskju um sjúkdómana, til þess að geta gert ráðstafanir áður en þeir hafa breiðzt um of út, 2) að mynda grundvöll fyrir rannsókn þeirra, og 3) að geta gefið vottorð með ýmsum landbúnaðarafurðum, sem þráfalt er krafizt af kaupendum.

Á það skal bent í sambandi við 1. og 2. atriðið, að lungnasjúkdómar í sauðfé voru að vísu allalgengir áður, en drápu þó einungis í einstökum og dreifðum tilfellum, en fullyrða má, að þeir hafi aukizt og orðið illkynjaðir svo mjög, að síðustu 10 árin hafa lungnasjúkdómar geysað sem faraldur einhversstaðar á landinu og drepið fé‌ð unnvörpum. Torveldar það mjög rannsókn þessara sjúkdóma, að tiltöluiega léleg vitneskja er til um það, hvernig þeir hafa hagað sér og hvernig sjúkdómseinkennum hefir verið háttað.

Um fjárkláðann má segja það, að hefðu verið til skýrslur um það, hvenær og hvar hann kom upp, og heilbrigðislöggjöf um það, hvernig þá ætti að haga sér, mundi þeim 4—500 þúsundum króna, sem útrýmingarböðun Myklestad kostaði ríkissjóð, ekki hafa verið á glæ kastað, né heldur þeim 2—300 þúsund krónum, sem síðan hefir verið varið til þess að verjast kláðanum, því þær mundu hafa nægt til að útrýma honum, ef menn hefðu fengið vitneskju um hin einstöku tilfelli og fyrirmæli um að uppræta þau. Ættu þessi dæmi að nægja til þess að rökstyðja þetta mál.

Að því er snertir síðasta atriðið, um sölu landbúnaðarafurða, skal á það bent, að nú þarf að fylgja allri þeirri ull, sem send er til Ameríku, vottorð um, að miltisbruni sé ákaflega sjaldgæfur hér á landi. Sama má segja um sölu á öðrum landbúnaðarafurðum eða húsdýrum, að oft er krafizt vottorða um, að þessi eða hinn sjúkdómur hafi ekki gengið í þeim héruðum, þar sem verzlunarvörur þessar eru framleiddar.

4. gr. á að tryggja það, að skepnur, sem drepast úr óþekktum og grunsamlegum sjúkdómum, verði athugaðar.

5. gr. fjallar um tilkynningarskyldu á faröldum. Er vitað, að oft hafa þeir verið stöðvaðir, ef vitneskja um þá fæst í tíma, enda alveg nauðsynlegt að fá að vita, hvernig þeir haga sér, með tilliti til þess, sem réttmætt og sjálfsagt er að gera í augnablikinu, og til þess að fá almennan fróðleik um rannsókn þeirra.

7. gr. virðist sjálfsögð, því óviðkunnanlegt er, að landbúnaðarráðherra verði að gefa út bráðabirgðalög til að afla sér heimildar til jafnsjálfsagðra ráðstafana.

Loks skal á það bent, að dýralæknar eru látnir annast skýrslusöfnunina, til þess að tryggja það, að hún yrði sem réttust og ábyggilegust. Mundu skýrslur þessar lítils virði, ef þeim væri ekki safnað af kunnáttumönnum. Nægir í því efni að benda á gömlu lögin um skýrslusöfnun búfjársjúkdóma.

Jafnframt skal og benda á það, að með fyrirkomulagi þessu verða dýralæknar árlega að ferðast um allt sitt hérað, sjálfum sér og búfjáreigendum til stórgagns og fróðleiks.

Ed. 85. Frumvarp til laga

um heimild handa atvinnumálaráðherra til að veita Pan American Airways Company leyfi til loftferða á Íslandi o. fl.

Frá samgöngumálanefnd.

1. gr.

Atvinnumálaráðherra skal vera heimilt að veita Pan American Airways Company, Bandaríkjunum í Norður-Ameríku, sem í lögum þessum nefnist leyfishafi, leyfi til að halda uppi loftferðum milli Íslands og annara landa, svo og innanlands, til flutninga á mönnum, pósti og varningi fyrir borgun, hvort heldur er með loftförum, sem leyfishafi á, eða hefir til afnota. Verði öðru félagi, einstaklingi eða stofnun veitt einkaleyfi til flutninga á mönnum, pósti eða varningi innanlands, fellur niður réttur leyfishafa til þess samtímis.

2. gr.

Í leyfinu skal ákveða, að leyfishafa skuli heimilt hér á landi:

1. Að gera lendingarstaði fyrir loftför, einn eða fleiri, og að hann þurfi eigi að hlíta því, að aðrir noti þá. Þó skulu lendingarstaðir þessir vera frjálsir til afnota fyrir innlend flugfélög og flugvélar ríkisins gegn þóknun, sem ráðherra ákveður hámark á, ef eigi semst um hana.
2. Að öðlast notkunarrétt eða, að fengnu samþykki atvinnumálaráðherra í hvert sinn, eignarrétt yfir landi undir lendingarstaði, hús, bryggjur, vegi eða önnur mannvirki, er nauðsynleg kunna að vera vegna atvinnurekstrar hans.
3. Að setja á stofn og starfrækja stöðvar fyrir þráðlaust firðtal eða firðritun, enda sé fjöldi, gerð, afl og bylgjulengd stöðvanna samþykkt af atvinnumálaráðherra. Á stöðvum þessum má leyfishafi þó aðeins taka á móti eða senda veðurfregnir eða skeyti, sem varða flug flugvéla hans, nema leyfi póst- og símamálastjóra komi til í hvert skipti.

3. gr.

Atvinnumálaráðherra skal heimilt að láta fram fara lögnám á landi og nauðsynlegum réttindum yfir því, eftir beiðni leyfishafa, til þess að hann geti komið fyrirætlunum sínum í framkvæmd samkvæmt lögum þessum.

4. gr.

Loftför þau, er leyfishafi hefir til afnota, mega hafa og starfrækja áhöld til þráðlausrar firðritunar eða firðtals, og gilda um þessar loftskeytastöðvar samskonar ákvæði og fram eru tekin í 3. lið 2. gr. fyrir stöðvarnar í landi.

5. gr.

Starfræksla loftskeytastöðvanna eftir 2. og 4. gr. skal að öðru leyti á hverjum tíma háð alþjóðafyrirmælum þeim, er íslenzka stjórnin hefir undirritað, svo og lögum, reglugerðum og eftirliti ríkisstjórnarinnar um, að settum fyrirmælum sé fylgt.

6. gr.

Leyfishafi skal vera undanþeginn tekju- og eignarskatti til ríkissjóðs og útsvari til sveitar. Ennfremur skal hann laus við að greiða innflutningsgjöld af efni og tækjum til flugstöðvanna fyrstu 6 ár leyfistímans. Í stað framantalinna gjalda skal hann greiða árlega 5% af brúttó fargjöldum og flutningsgjöldum, sem hann tekur við hérlendis fyrir flutninga til ákvörðunarstaðar innanlands eða utan.

Hundraðsgjaldi af fargjöldum og flutningsgjöldum eftir þessari grein skal skipt eftir ákvörðun atvinnumálaráðherra milli ríkissjóðs og sveitarfélaga þeirra, er leyfishafi hefir flugstöðvar í. Leyfishafi skal árlega fyrir 1. marz senda atvinnumálaráðherra skýrslu um fargjöld og flutningsgjöld, er hann hefir tekið hér á landi

undanfarið ár. Skal skýrsla þessi gefin að viðlagðri þeirri ábyrgð, sem íslenzkir gjaldþegnar sæta fyrir ranga eða ófullnægjandi skýrslugjöf til skattanefnda.

Hundraðsgjald það, sem grein þessi ákveður, skal óbreytt standa fyrstu 10 ár leyfistímans, og má þá breyta því með lögum, og síðan á 5 ára fresti, meðan leyfið er í gildi. Að öðru leyti skal fara eftir ákvæðum íslenzkra laga um skattgreiðslur og gjalda til ríkis og héraða.

7. gr.

Leyfið skal gilda í 50 ár frá dagsetningu þess að telja.

8. gr.

Ákveða skal í leyfinu, að fyrstu 15 árin af leyfistímanum skuli engum einstaklingi, sem á ríkisfesti í Bandaríkjunum í Norður-Ameríku, og engu félagi eða stofnun, sem stofnsett er samkvæmt lögum einhvers af fylkjum Bandaríkjanna, öðrum en leyfishafa, heimilt að halda uppi loftferðum milli Íslands og annara landa til flutninga á mönnum, pósti eða varningi fyrir borgun.

9. gr.

Leyfishafa skal vera heimilt að framselja rétt sinn samkvæmt leyfinu, að nokkru eða öllu leyti, félögum, er stofnsett eru samkvæmt lögum einhvers af fylkjum Bandaríkjanna eða Canada, enda sé leyfishafi meðeigandi eða hluttakandi í því félagi.

Að loknum leyfistíma, eða ef leyfishafi eða sá, sem löglega er kominn í hans stað, hættir starfrækslu, er ríkissjóði Íslands áskilinn forkaupsréttur að öllum lóðarréttindum og mannvirkjum leyfishafa hér á landi, eftir mati, sem framkvæmt skal samkv. þágildandi lögum um framkvæmd eignarnáms.

10. gr.

Í málum út af leyfi þessu eða út af atvinnurekstri leyfishafa hér á landi skal leyfishafi hafa varnarþing á Íslandi og hlíta íslenzkum lögum. Leyfishafi skal hafa umboðsmann búsettan hér á landi, er birta megi stefnu og svari til saka fyrir dómi í þessum málum gegn leyfishafa.

11. gr.

Ákveða skal í leyfisbréfinu, að réttur leyfishafa samkvæmt því skuli falla niður, ef ekki verður haldið uppi flugferðum sem hér segir:

a. Á árinu 1937 skal byrja tilraunaflug frá Íslandi til Evrópu. Þó skal atvinnumálaráðherra heimilt að undanþiggja leyfishafa þessu flugi að einhverju eða öllu leyti, enda geri þá leyfishafi grein fyrir nauðsyn slíkrar undanþágu, er ráðherra telur fullnægjandi.
b. Á árinu 1938 skal halda uppi flugferðum að minnsta kosti tvisvar á mánuði fram og aftur milli Íslands og Evrópu um sumartímann, ekki skemur en 2½ mánuð.
c. Á árinu 1939 skal halda uppi að minnsta kosti fjórum flugferðum á mánuði fram og aftur milli Íslands og Evrópu, að minnsta kosti jafnlengi og 1938.
d. Á árunum 1940 og 1941 skal að minnsta kosti halda uppi Evrópuferðum eins og árið 1939, en auk þess skal hefja tilraunaflug til Ameríku.
e. Á árinu 1942 skal komið á föstum flugferðum um Ísland milli Ameríku og Evrópu, og verði þessu flugi síðan haldið áfram. Svo er og réttur leyfishafa niður fallinn, ef skilyrði leyfisbréfsins verða eigi haldin að öðru leyti.

12. gr.

Félagið skal háð ákvæðum íslenzkra laga um eftirlit með loftferðum, þar á meðal öryggisákvæðum, er sett eru eða sett verða vegna ófriðar eða ófriðarhættu.

13. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frv. þetta er flutt að beiðni atvinnumálaráðherra, og fylgdu því svo látandi athugasemdir:

Með lögum nr. 9 1. apríl 1932 var atvinnumálaráðherra veitt heimild til þess að veita Transamerican Airlines Corporation leyfi til loftferða á Íslandi. Samkvæmt þessum lögum var téðu félagi veitt hér flugleyfi 12. apríl 1932. Leyfi þetta var síðan framselt Pan American Airways Company, en er nú niður fallið, þar sem leyfishafi hefir ekki komið á föstum loftferðum milli Íslands og annara landa fyrir árslok 1936.

Á síðastliðnu sumri kom landkönnuður dr. Vilhjálmur Stefánsson hingað til lands sem umboðsmaður Pan American Airways Company, og fór hann þess á leit, að flugleyfi það, sem Transamerican Airlines Corporation var veitt hér 12. apríl 1932, yrði framlengt Pan American Airways Co. til handa. Færði hann þau rök fyrir máli sínu, að nauðsynlegt hafi verið, áður en nokkuð yrði byrjað á eiginlegum tilraunaflugferðum milli Ameríku og Evrópu um Ísland, að láta fara fram ýtarlegar rannsóknir á flugskilyrðum, sérstaklega á vesturhluta leiðarinnar, enda hafi félagið á síðustu árum gert margvíslegar og þýðingarmiklar rannsóknir fyrir flugskilyrðum bæði á Vestur- og Austur-Grænlandi, en leiðin um Grænland er talin varhugaverðasti kafli flugleiðarinnar milli Ameríku og Evrópu um Grænland og Ísland. Dr. Vilhjálmur Stefánsson telur Pan American Airways Co. vera það flugfélag, sem hafi bezta og nákvæmasta þekkingu á flugleiðum milli Ameríku og Evrópu, sérstaklega á norðurflugleiðinni, og komi það félaginu að mjög góðu haldi, að það hafi nú um 10 ára skeið rekið viðskiptaflug í Alaska á öllum tímum árs á mjög mismunandi hitastigi, sem sé allt frá 38° ofan í — 60° á Celcius, en þetta er meiri munur hita og kulda en búast þarf við á flugleiðinni milli Ameríku og Evrópu um Grænland og Ísland.

Flugleiðin, sem farin er reglulega í austur og vestur milli Fairbanks og Nome í Alaska, er á sama breiddarstigi og Ísland, og farmflutningi hefir verið haldið þar uppi allt árið og alla leið norður að Point Barrow, sem er nálægt 500 km. norðar en nyrzti oddi Íslands.

Pan American Airways Co. byrjaði árið 1935 að starfrækja flugferðir úr hinu mikla vetrarríki í Norður-Alaska inn í tiltölulega hlýtt og rakt loftslag við norðurhluta Kyrrahafsins, og ætti reynsla af því flugi að koma að góðu haldi við starfrækslu flugs yfir hájökla Grænlands austur um Grænlandshaf og Ísland til Evrópu.

Dr. Vilhjálmur Stefánsson kveður félagið hafa kostað stórfé upp á rannsóknir á flugskilyrðum í Alaska með það fyrir augum, að geta notað þá reynslu, sem þar fæst, við flug yfirleitt á norðurhveli jarðar, og þá ekki sízt á norðurleiðinni milli Ameríku og Evrópu.

Félagið hefir, eins og að framan segir, talið sér óhjákvæmilegt að rannsaka sem bezt Grænlandsleiðina, áður en hafizt yrði handa um flug alla leið til Evrópu, en það telur hinsvegar leiðina frá Íslandi til Evrópu ekki svo torfæra, að þar þurfi svo mjög ýtarlegra rannsókna við. Þessum Grænlandsrannsóknum telur það sig eigi hafa lokið þannig, að það sé tilbúið til að hefja flug frá Ameríku um Grænland, en ferðir aðeins frá Íslandi til Evrópu telur það sér ekkert gagn í að hefja. Hefir félagið því beiðzt undan því, að það verði gert að ófrávíkjanlegu skilyrði fyrir flugleyfi handa því, að ferðir milli Íslands og Evrópu hefjist þegar á þessu ári, og er það því í frumv. lagt í vald ráðherra að undanþiggja félagið skyldu til að hefja þessar ferðir í ár, ef félagið færir þau rök fyrir þörf sinni á slíkri undanþágu, sem ráðherra telur fullnægjandi.

Með því að ástæður eru hinar sömu enn fyrir því að veita Pan American Airways Co. svipað flugleyfi og Transamerican Airlines Corporation fékk 1932, og með því að ríkisstjórnin taldi það enn sem þá æskilegt, að Ísland gæti komizt í flugsamband við Evrópu og Ameríku, tilkynnti hún dr. Vilhjálmi Stefánssyni, að hún

mundi vera fús til þess að leggja fyrir næsta Alþingi frumvarp til laga um framlenging á flugleyfi Pan American Airways Company með nokkrum frekari skilyrðum en áður voru sett.

Frumvarp það, sem hér um ræðir, er samhljóða lögum nr. 9 1. apríl 1932 að öðru leyti en því, sem nú skal greina:

Í 1. tölulið 2. greinar er bætt við ákvæði um notkun lendingarstaða félagsins fyrir flugvélar innlendra félaga og ríkisins, en um það var ekkert í lögunum frá 1932.

Í 3. tölulið 2. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir, að leyfishafi starfræki fleiri en eina stöð fyrir þráðlaust firðtal eða firðritun. Var þetta talið nauðsynlegt vegna hinnar óstöðugu og mismunandi veðráttu hér í ýmsum landshlutum.

6. gr. ákveður, að leyfishafi skuli laus við að greiða innflutningsgjöld af efni og tækjum til flugstöðvanna fyrstu 6 ár leyfistímans, í stað 5 ár samkvæmt 6. gr. laga nr. 9/1932.

Í 7. gr. er leyfistiminn ákveðinn 50 ár, í stað 75 ára í eldri lögunum.

Í 8. gr. laga nr. 9/1932 eru felld niður orðin „eða rekur þar atvinnu“ á tveimur stöðum.

Í 11. gr. er mjög hert á skilyrðum fyrir flugleyfi leyfishafa, þar sem hann verður, nema hann fái frá því sérstaka undanþágu, þegar á þessu ári að hefja tilraunaflug frá Íslandi til Evrópu og á næsta ári að hefja reglubundnar ferðir til Evrópu. Ennfremur skal leyfishafi hefja tilraunaflug til Ameríku á árinu 1939 og fastar flugferðir um Ísland milli Ameríku og Evrópu á árinu 1942.

Ráðuneytið hefir skipzt á nokkrum skeytum við dr. Vilhjálm Stefánsson um væntanlega þátttöku Pan American Airways Co. í starfrækslu innanlandsflugferða hér á landi, en endanleg niðurstaða er enn ekki fengin um það mál.

Nd. 86. Frumvarp til laga

um útgerðarsamvinnufélög.

Flm.: Bergur Jónsson, Gísli Guðmundsson, Bjarni Ásgeirsson.

1. gr.

Markmið útgerðarsamvinnufélaga er að reka fiskveiðar á samvinnugrundvelli og að annast í sambandi við þær innkaup á vörum, hagnýting afla, sölu hans o. fl.

2. gr.

Nú vilja menn stofna útgerðarsamvinnufélag, og skulu þeir þá kveðja til fundar á því svæði, sem félaginu er ætlað að ná yfir, og bera málið upp til umræðu og atkvæða. Ef 5 menn eða fleiri verða ásáttir um stofnun slíks félags og bindast samtökum um að gerast meðlimir þess, skulu þeir, að fengnu samþykki hlutaðeigandi bæjar- eða sveitarstjórnar til félagsstofnunarinnar, setja félaginu samþykktir í samræmi við lög þessi, og skal leita staðfestingar ríkisstjórnarinnar á þeim.

3. gr.

Félagar útgerðarsamvinnufélags geta þeir einir orðið, sem ráðast hjá félaginu, á skip þess eða í landi. Með samþykki lögmæts félagsfundar má auk þess taka inn í félagið menn, sem styrkja vilja það með þátttöku sinni, þótt eigi séu þeir ráðnir starfsmenn félagsins.

Óheimilt er að ráða fasta starfsmenn hjá félaginu í landi eða skipverja á skip þess, nema þeir um leið gerist félagar og undirriti yfirlýsingu um, að þeir hlýði lögum félagsins eins og þau eru á hverjum tíma. Undantekningu má þó gera frá þessu að því er snertir ráðningu skipverja í forföllum annara, ef brýn nauðsyn krefur.

Inngangseyrir sé 10 kr. frá hverjum félagsmanni, er renni í varasjóð.

4. gr.

Sérhver félagi útgerðarsamvinnufélags ber takmarkaða ábyrgð á skuldbindingum félagsins, sem miðast við 500 krónur.

5. gr.

Félagsmaður, er fer úr félaginu, eða bú þess, sem deyr, ber ábyrgð samkvæmt 4. gr. á skuldbindingum félagsins, er á því hvildu, er hann gekk úr, þó eigi lengur en tvö ár frá næstu áramótum eftir úrgöngu, nema risið hafi mál út af skaða, er félagið hefir orðið fyrir meðan hann var í því, er bíði úrskurðar dómstólanna.

6. gr.

Á skip útgerðarsamvinnufélags skulu skipverjar ráðnir gegn ákveðnum hluta af afla, og skal hlutur vera full greiðsla fyrir vinnu skipverja. Skal fyrirkomulag hlutaskiptanna ákveðið í stofnsamþykktum félagsins, og þá jafnframt, að hlutur skuli hækka eða lækka við uppgerð í samræmi við rekstrarafkomu félagsins eftir á.

7. gr.

Í varasjóð útgerðarsamvinnufélags greiðist árlega 2% af óskiptum ársafla félagsins, miðað við verð afla upp úr skipi, og 2% af kaupi fastra starfsmanna félagsins, sem ekki eru hlutarmenn. Í varasjóð skal og greiða árlegan tekjuafgang félagsins, og skulu ársvextir lagðir við höfuðstólinn.

Fé varasjóðs má nota sem veltufé í þarfir félagsins.

Við félagsslit skal innieign varasjóðs ráðstafað á sama hátt og segir í síðustu málsgr. 8. gr. um innstæðufé tryggingarsjóðs.

8. gr.

Í samþykktir útgerðarsamvinnufélags skal setja ákvæði um tryggingarsjóð, er standi til tryggingar lánum úr Fiskveiðasjóði og þar næst öðrum lánum félagsins. Tekjur sjóðsins skulu vera þær, sem hér segir:

1. Árlegt gjald, 1½% af óskiptum ársafla félagsins, miðað við verð afla upp úr skipi, og 1½% af kaupi fastra starfsmanna félagsins, sem ekki eru hlutarmenn.
2. Árlegt tillag frá hlutaðeigandi bæjar- eða hreppsfélagi, er nemi jafnhárri upphæð og ársgjald samkv. tölul. 1 verður árlega.

Tryggingarsjóður skal ávaxtaður í Fiskveiðasjóði Íslands, og skulu vextir af honum lagðir við höfuðstól um hver áramót.

Félag eða stjórn þess getur ekki ráðstafað innstæðu tryggingarsjóðs, og óheimilt er að skerða sjóðinn til lúkningar skuldum félagsins, nema félagið sé tekið til gjaldþrotaskipta.

Nú nemur innstæða tryggingarsjóðs orðið svo hárri upphæð, miðað við skuldir félagsins og eignir, að lánstrausti þess og framtíðarrekstri sé borgið, að dómi stjórnar Fiskveiðasjóðs og ríkisstjórnarinnar, og getur þá atvinnumálaráðherra heimilað, að árlegar greiðslur til sjóðsins falli niður að nokkru eða öllu leyti um ákveðinn tíma.

Innstæðufé tryggingarsjóðs sé ekki útborgað við félagsslit, heldur skal það þá ávaxtað áfram í Fiskveiðasjóði á nafni hlutaðeigandi bæjar- eða hreppsfélags, unz annað útgerðarsamvinnufélag tekur þar til starfa. Rennur fé þá í tryggingarsjóð þess félags, að áskildu samþykki bæjar- eða sveitarstjórnar þeirrar, sem hlut á að máli.

9. gr.

Fjárreiðum hvers einstaks skips útgerðarsamvinnufélags skal haldið aðgreindum í bókhaldi félagsins, þannig að sjá megi á hverjum tíma rekstrarafkomu þess. Um reikningsskil fer að öðru leyti eftir ákvæðum laga um samvinnufélög, nr. 36 frá 1921.

10. gr.

Forstjórar útgerðarsamvinnufélaga skulu samþykktir af ríkisstjórn. Um stjórn, endurskoðun, félagsfundi, úrgöngu og brottrekstur félagsmanns fer að öðru leyti eftir ákvæðum laga um samvinnufélög, nr. 36 frá 1921. Um skrásetningu og félagsslit fer eftir ákvæðum sömu laga.

11. gr.

Útgerðarsamvinnufélag, sem stofnað verður samkvæmt lögum þessum, svo og þau útgerðarfélög, sem þegar eru stofnuð og ríkið er í ábyrgð fyrir, skulu vera undir eftirliti Skipaútgerðar ríkisins. Kaup skipa og skipsvéla fyrir félögin skulu vera bundin samþykki þeirrar stofnunar, enda ber henni skylda til að veita félögunum nauðsynlega aðstoð og leiðbeiningar við slík kaup. Hún skal og á hverju ári senda stjórnarráðinu umsögn sína um efnahag og afkomuhorfur félaganna.

12. gr.

Samþykktum þeirra útgerðarfélaga, sem nú eru starfandi og ríkið er í ábyrgð fyrir, skal breytt í samræmi við lög þessi, og ber sýslumönnum og bæjarfógetum að sjá um, hverjum í sínu umdæmi, að þetta verði gert eins fljótt og við verður komið.

13. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frv. til laga um útgerðarsamvinnufélög hefir verið flutt á 3 síðustu þingum, en ekki orðið útrætt.

Á undanförnum árum hafa framleiðslutæki sjávarútvegsins víða gengið mjög úr sér, án þess að ný tæki kæmu í staðinn, er fullnægðu kröfum nútímans og atvinnu- og framleiðsluþörf hins mikla fjölda landsmanna, er býr við sjávarsíðuna. Þetta hefir valdið svo miklu atvinnuleysi og fjárhagsvandræðum í bæjum og kauptúnum, að nokkur þeirra hafa komizt í fullkomin fjárþrot. Til þess að bæta úr þessu ástandi, hefir ríkið hvað eftir annað orðið að hlaupa undir bagga og ganga í ábyrgðir fyrir útgerðarfélög, sem stofnuð hafa verið þar, sem mest hefir sorfið að. Þessa leið hefir orðið að fara vegna þess, að hlutaðeigandi félög hefir skort bæði fé og lánstraust til að kaupa skip og annað, sem fyrirtækin þörfnuðust.

Nú verður varla deilt um það, að ríkisábyrgðir í stórum stíl eru næsta varhugaverðar. Það er því fullkomin þörf á því, að fundin verði leið til þess að afla þessum atvinnufyrirtækjum nauðsynlegs lánstrausts á einhvern annan hátt en með ríkisábyrgð.

Það, sem meðal annars hefir einkum staðið í vegi fyrir nauðsynlegu lánstrausti til handa þessum fyrirtækjum, er sjóveðshætta sú, sem á skipum hvílir samkvæmt gildandi lögum. Hún hefir meðal annars orðið þess valdandi, að lánsstofnanir hafa ekki þorað að lána út á fyrsta veðrétt skipanna, nema svo lítinn hluta af verði þeirra, að það hefir að öllum jafnaði verið ófullnægjandi.

Með frumvarpi þessu er meðal annars að mestu leyti ráðin bót á þessu. Þar er reynt hvorttveggja í senn, að skapa þessum atvinnufyrirtækjum öruggan lánstraustsgrundvöll til að reisa á útgerðina, og að tryggja heilbrigðan og sjálfstæðan framtíðarrekstur þeirra.

Jafnframt þessu frumvarpi verður lagt fyrir Alþingi frumvarp til laga um breytingar á lögum um Fiskveiðasjóð Íslands, þar sem sjóðnum er heimilað að lána mun meira en nú er gert út á skip útgerðarsamvinnufélaga, og um leið gert ráð fyrir, að hann verði efldur svo að starfsfjármagni, að hann geti að verulegu leyti bætt úr hinni brýnu lánsþörf til smáskipakaupa.

Nánar í framsögu.

Nd. 87. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 46 19. maí 1930, um Fiskveiðasjóð Íslands.

Flm.: Bergur Jónsson, Bjarni Ásgeirsson, Gísli Guðmundsson.

1. gr.

3. gr. laganna breytist svo:

Í stað orðanna „allt að 1½ millj. kr.“ komi í báðum stöðum: allt að 3 millj. kr.

Aftan við greinina bætist ný málsgr., svo hljóðandi:

Fé ómyndugra manna og opinberra stofnana og sjóða, þar á meðal Bjargráðasjóðs, sjóðs Brunbótafélags Íslands, sjóðs Slysatryggingar ríkisins, svo og annara sjóða, sem eru undir umsjón ríkisins, skal að nokkrum hluta verja til að kaupa handhafavaxtabréf Fiskveiðasjóðs, og ákveður fjármálaráðherra árlega upphæðina.

2. gr.

2. málsgr. 5. gr. hljóði svo:

Skipakaupalán mega nema allt að helmingi kaupverðs, þó ekki yfir 30000 kr. til eins lánþega. Veita má þó útgerðarsamvinnufélögum, sem stofnuð verða og rekin samkvæmt sérstökum lögum um slík félög, lán út á hvert skip, er nemi allt að $\frac{4}{5}$ kaupverðs. Félög þessi skulu sitja fyrir lánum úr sjóðnum.

3. gr.

Við 6. gr. bætist stafliður c, svo hljóðandi:

Gegn 1. veðrétti í skipum útgerðarsamvinnufélaga, sem stofnuð eru og rekin samkvæmt sérstökum lögum um slík félög, allt að $\frac{4}{5}$ virðingarverðs, enda gangi þá veðréttur sjóðsins fyrir öllum tryggingum í skipunum, öðrum en lögveði.

Lán þessi séu auk þess tryggð með ábyrgð hlutaðeigandi bæjar- eða hreppsfélags.

Greinargerð.

Samhljóða frumvarp þessu var flutt á síðasta Alþingi. Um ástæður vísast til greinargerðar fyrir frv. til laga um útgerðarsamvinnufélög, sem lagt er fyrir Alþingi.

Ed. 88. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 31 14. júní 1929, um Búnaðarbanka Íslands.

Flm.: Páll Hermannsson.

1. gr.

67. gr. laganna hljóði þannig:

Stjórn bankans skal skipuð einum bankastjóra og einum gæzlustjóra.

Ráðherra sá, sem fer með landbúnaðarmál, skipar bankastjórnina og hefir umsjón bankans.

Ráðherra getur sagt bankastjóra og gæzlustjóra upp með 12 mánaða uppsagnarfresti, enda geta þeir sjálfir sagt upp stöðu sinni með sama fyrirvara.

Bankastjóri hefir að árslaunum 12000 krónur, og auk þess dýrtíðaruppbót, sem ráðherra ákveður, þó svo, að hann aldrei hafi hærri laun og dýrtíðaruppbót samanlagt en bankastjórar Landsbanka Íslands.

Laun gæzlustjóra og dýrtíðaruppbót ákveður ráðherra.

Ráðherra getur veitt fráförnum bankastjóra eða ekkju hans eftirlaun af fé

bankans. Eftirlaun mega þó aldrei fara fram úr 50% af launum bankastjóra og 25% af launum handa ekkju hans, en skulu að öðru leyti ákveðin eftir því, sem ástæður eru fyrir hendi í hvert skipti.

Ráðherra getur einnig veitt fráförnum gæzlustjóra og ekkju hans eftirlaun af fé bankans eftir sömu reglum.

Ráðherra setur mann til að gegna bankastjóra- og gæzlustjórastarfi um stundarsakir, ef bankastjóri eða gæzlustjóri forfallast eða sæti þeirra verður óskipað í bili.

2. gr.

69. gr. laganna orðist svo:

Bankastjóri annast dagleg störf bankans. Bankastjóri og gæzlustjóri skulu undirskrifa, svo að skuldbindi bankann, ef gefa skal út eða framselja víxla, verðbréf eða aðrar skriflegar skuldbindingar. Þó er bankastjóra heimilt að veita tilteknum starfsmönnum bankans umboð til þess að skuldbinda bankann í þessum efnum með undirskrift sinni ásamt bankastjóra, svo og að veita ákveðnum starfsmönnum bankans umboð til þess að skuldbinda bankann með undirskrift sinni í tilteknum málefnum.

Kvittanir bankans eru því aðeins fullgildar, að féhirðir hafi ritað undir þær og að þeim fylgi áritun bókara um, að þær séu athugaðar. Féhirðir má eigi greiða neina fjárhæð úr bankanum, sem samþykki bankastjóra þarf til, nema með samþykki bankastjóra eða gæzlustjóra og starfsmanns, sem umboð hefir samkv. 1. málsgr. þessarar greinar.

Ráðherra setur fyrirmæli um störf og verksvið gæzlustjóra.

3. gr.

70. gr. sömu laga breytist þannig:

a. Í stað „Aðalbankastjóri“ í 1. málsgr. komi: Bankastjóri.
b. Fyrir „bankastjórar“ í 2. og 3. málsgr. komi: bankastjórn.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frv. þetta er flutt að tilhlutun landbúnaðarráðherra. Fylgdu því svo hljóðandi athugasemdir:

Í frv. því, sem hér liggur fyrir, um breyting á lögum nr. 31 frá 14. júní 1929, um Búnaðarbanka Íslands, er gert ráð fyrir því, að sú nýja skipan verði á gerð um stjórn bankans, að bankastjóri sé aðeins einn og einn gæzlustjóri

Það voru þegar í upphafi sterkar raddir uppi um það, þegar Búnaðarbanki Íslands var stofnaður, að þetta fyrirkomulag væri haft á stjórn hans, þótt það yrði hinsvegar ekki niðurstaðan. Má e. t. v. til sanns vegar færa, að það hafi ekki verið óeðlilegt að hafa stjórn bankans svo sem ákveðið var, meðan verið var að koma bankarekstri þessum í fast horf, þótt vitanlega sé um það og verði nokkur ágreiningur. En nú þykir eigi rétt að draga lengur að gera þessa breytingu. Er auðsætt mál, að auðvelt er að komast af með þetta fyrirkomulag, og er það til verulegs sparnaðar frá því, sem verið hefir.

Ed. 89. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 78 19. júní 1933, um Kreppulánasjóð.

Flm.: Páll Hermannsson.

1. gr.

20. gr. laganna orðist svo:

Frá og með 1. júlí 1937 verður stjórn Kreppulánasjóðs þannig skipuð: Bankastjóra Búnaðarbankans, og er hann jafnframt formaður, einum manni skipuðum af stjórn Landsbankans og öðrum skipuðum af stjórn Útvegsbanka Íslands h/f.

Ríkisstjórnin skipar frá sama tíma framkvæmdarstjóra fyrir sjóðinn, ákveður laun hans og þóknun til stjórnarinnar. Aðra starfsmenn sjóðsins ræður stjórnin eftir tillögum framkvæmdarstjóra og ákveður laun þeirra.

Stjórn sjóðsins ákveður, hvort afgreiðsla hans og reikningshald skuli framvegis falið Búnaðarbankanum eða komið fyrir á annan hátt.

Reikningar sjóðsins skulu endurskoðaðir af endurskoðendum Búnaðarbankans, úrskurðaðir af landbúnaðarráðherra og birtir í B-deild Stjórnartíðindanna.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frv. þetta er flutt að tilhlutun landbúnaðarráðherra. Fylgdu því svo hljóðandi athugasemdir:

Þá er lögin um kreppulánasjóð voru samþykkt, voru þegar uppi mjög háværar raddir um það, að stjórn Landsbanka Íslands og Útvegsbanka Íslands h/f hefðu íhlutun um stjórn sjóðsins vegna þess, að fyrirsjáanlegt var, að þessir bankar yrðu að taka við mjög miklu af bréfum kreppulánasjóðs og hefðu þar af leiðandi mikilla hagsmuna að gæta í sambandi við stjórn sjóðsins. Reynslan hefir nú sýnt, að þetta hefir orðið þannig, og því þykir það eðlilegt, að þessir bankar eigi sinn fulltrúann hvor í stjórn kreppulánasjóðs, en bankastjóri Búnaðarbanka Íslands sé formaður þeirrar stjórnar. Það þykir og eðlilegt, að stjórn kreppulánasjóðs sé skilin frá stjórn bankans, einkanlega nú, þegar gert er ráð fyrir þessu nýja fyrirkomulagi.

Ed. 90. Frumvarp til laga

um sauðfjárbaðanir.

Flm.: Páll Hermannsson.

1. gr.

Þrifaböðun skal árlega fara fram á öllu sauðfé á landinu á tímabilinu frá 1. nóvember til 15. janúar.

2. gr.

Skyldur er hver umráðamaður sauðfjár að framkvæma rækilega böðun á öllu því sauðfé, sem hann hefir undir höndum, og hlíta eftirliti því og öðrum fyrirmælum, sem getur um í 4. gr. Landbúnaðarráðuneytið gefur út reglur til leiðbeiningar um baðanir, og skulu hreppsnefndir og bæjarstjórnir gæta þess, að reglunum sé fylgt.

3. gr.

Hreppsnefndir og bæjarstjórnir skulu, hver í sínu umdæmi, hlutast til um, að allir fjáreigendur í hreppum eða kaupstöðum hafi pantað næg baðlyf í sauðfé sitt svo snemma, að böðun geti farið fram samkvæmt fyrirmælum þessara laga, sem og að nothæf baðtæki séu til á hverju heimili.

4. gr.

Hreppsnefndir í hverjum hreppi og bæjarstjórnir í kaupstöðum skipa fyrir um, hvenær baða skuli innan þess tímatakmarks, er til er tekið í 1. gr., og hafa eftirlit með, að allir baði. Skulu þær í þessu skyni skipa eftirlitsmann eða eftirlitsmenn, er skoði fé allt í hreppnum eða kaupstaðnum á þeim tíma, sem dýralæknir telur heppilegast, og kynni sér heilbrigði þess, þar á meðal sérstaklega, hvort nokkurs staðar verður vart við fjárkláða. Verði eftirlitsmaður kláða var einhversstaðar í umdæminu, skal hann tafarlaust tilkynna það hreppsnefnd eða bæjarstjórn, sem þá skal þegar gera ráðstafanir til, að hið kláðasjúka og grunaða fé verði einangrað og tvíbaðað á þann hátt, sem dýralæknir telur fullnægjandi til útrýmingar kláðans, sem og að fjárhús verði sótthreinsað svo sem hann telur fært og nauðsynlegt. Verði eftirlitsmaður annars var einhvers sjúkdóms, sem grunsamlegt þykir, að geti verið fjárkláði eða annar hættulegur sjúkdómur, skal dýralækni þegar gert aðvart um það, svo úr því verði skorið, hver sjúkdómurinn er, og ráðstafanir gerðar gegn skaða af honum.

Eftirlitsmenn þeir, sem um ræðir í 3. gr. laga nr. 90 3. maí 1935, skulu hafa glöggar gætur á því, að hreppsnefndir og bæjarstjórnir hafi nægilegt eftirlit með því, að sauðfjárbaðanir fari fram, svo að sem fyllstum notum komi. Hreppsnefndum og bæjarstjórnum ber að gefa þessum eftirlitsmönnum skýrslur um fjárkláða, sem vart hefir orðið við í umdæmi þeirra.

5. gr.

Eftirlitsmönnum þeim, sem um ræðir í 4. gr. 1. mgr., greiðist hæfileg þóknun fyrir starf þeirra úr sveitarsjóði eða bæjarsjóði. Að öðru leyti greiðir umráðamaður sauðfjárins allan kostnað af hinum venjulegu þrifaböðum. Þurfi að tvíbaða fé vegna fjárkláða, greiðir ríkissjóður andvirði baðlyfja í annað baðið, hvort sem það er samhliða hinni almennu þrifaböðun eða á öðrum tímum árs, svo og flutningsgjald undir þau á viðkomustaði strandsiglingaskipanna, kostnað við geymslu þeirra og afhendingu, en þangað vitji fjárhafar þeirra á sinn kostnað og greiði annan kostnað af böðuninni.

6. gr.

Nú verður kind sjúk með þeim hætti, að kláði kann að vera, og skal þá sá, er kindina hefir undir hendi, tafarlaust segja eftirlitsmanni frá því, enda einangri fjárhafi kindina þangað til gengið hefir verið úr skugga um það, hvort um kláða er að ræða, og þá nauðsynlegar ráðstafanir gerðar til lækningar á henni.

7. gr.

Nú fyrirskipar stjórnarráðið baðanir á sauðfé til útrýmingar fjárkláða á stærri eða minni svæðum samkvæmt lögum nr. 90 3. maí 1935, og skal þá framkvæmd þessara laga frestað á því svæði, sem útrýmingarböðun fer fram, svo lengi sem þurfa þykir og stjórnarráðið ákveður.

8. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum, frá 10—500 kr., sem renna í sveitarsjóð, þar sem brotið er framið. Skal farið með þau mál sem almenn lögreglumál.

9. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 58 30. nóvember 1914, um sauðfjárbaðanir, og önnur ákvæði, sem fara kunna í bága við lög þessi.

Greinargerð.

Frv. þetta er flutt að tilhlutun landbúnaðarráðherra. Fylgdu því svo hljóðandi athugasemdir:

Lög nr. 58 30. nóv. 1914 eru orðin nokkuð ófullnægjandi, einkum eftir að numin hafa verið úr gildi hin eldri sérstöku ákvæði um útrýmingu fjárkláðans með lögum nr. 90 3. maí 1935, sem gera ráð fyrir útrýmingarráðstöfunum í stórum stíl, sem hinsvegar hefir ekki reynzt fært að framkvæma vegna ýmislegra kvilla og faraldurs í sauðfé landsmanna, síðan lögin voru sett. Er því nauðsynlegt, að ákvæði séu í lögum, er ótvíræðlega skyldi sauðfjáreigendur til að gera nauðsynlegar ráðstafanir til þess að halda fjárkláðanum í skefjum og reyna að útrýma honum, þar sem hans verður vart, enda ekki séð, hvenær fært verður að framkvæma allsherjarútrýmingarböðun samkvæmt téðum lögum, nr. 90 1935. Vera má og, ef þrifaböðunir eru rækilega framkvæmdar um allt land undir eftirliti hæfra manna, að unnt yrði þannig að útrýma fjárkláðanum, svo að aldrei þurfi að koma til allsherjarútrýmingarböðunar, sem mundi kosta mjög mikið fé og þó reynast hæpið, að kæmi að fullum notum.

Það mun nú að vísu mega telja, að skylda til tvíböðunar felist í lögum nr. 58 30. nóv. 1914, þar sem ekki verði á annan hátt framkvæmd þrifaböðun á kláðasjúku fé, sem komi að haldi. Hefir því ráðuneytið lagt fyrir sýslumenn og bæjarstjóra að gera ráðstafanir til, að sauðfé verði tvíbaðað, þar sem fjárkláði finnst í umdæmum þeirra. Til þess þó að taka af allan vafa um þetta þykir rétt að breyta sauðfjárbaðanalögunum í þá átt, sem frumvarpið gerir ráð fyrir, til þess að gefa stjórnarvöldunum ákveðnari rétt um íhlutun til útrýmingar hverskonar óþrifum í sauðfé, sem ætla má, að framkvæma megi með rækilegum böðunum úr hæfu baðlyfi.

Um einstakar greinar frumvarpsins skal þetta tekið fram:

Um 1.—3. gr.

Aðalþrifabaðanatíminn mun heppilegastur eins og verið hefir, 1. nóv. til 15. janúar. Annars eru þessar greinar í samræmi við ákvæði laga nr. 50 1914.

Um 4. gr.

Það virðist nauðsynlegt, að sérstakir eftirlitsmenn athugi sauðfé allt a. m. k. einu sinni á vetri, til þess að ganga úr skugga um, hvort kláði eða önnur alvarleg óþrif eru í fénu, og er þá heppilegast, að þetta sé gert áður en böðun fer fram, eða um það leyti. Verður þá ástæða til að ganga sérstaklega ríkt eftir rækilegri böðun þar, sem grunsamleg óþrif finnast.

Um 5. gr.

Það er í samræmi við lög þau, sem hafa gilt um útrýmingu fjárkláðans, og hin nýju lög nr. 90 1935, að andvirði fjárkláðabaðlyfja sé greitt að hálfu úr ríkissjóði.

Um 6. gr.

Vegna hagsmuna fjáreigenda sjálfra verður að ganga að því vísu, að þeir muni fúsir á að tilkynna eftirlitsmanni, ef þeir verða varir einhverra grunsamlegra óþrifa í fé sínu eftir að kláðaskoðun hefir farið fram, og að ekki sé því nauðsynlegt, að kláðaskoðun fari fram nema einu sinni á ári.

Um 7.—9. gr.

Gefa ekki ástæðu til athugasemda.

Nd. 91. Nefndarálit

um frv. til l. um rétt manna til að kalla sig verkfræðinga, húsameistara eða iðnfræðinga.

Frá iðnaðarnefnd.

Nefndin hefir athugað frumvarpið allýtarlega og einnig þau bréf og önnur gögn viðvíkjandi málinu, er fyrir nefndinni hafa legið. Nefndin er sammála um, að ákvæði þau, er frv. felur í sér, séu sjálfsögð og réttmæt í framtíðinni gagnvart þeim mönnum, sem hér eftir koma inn í þessar starfsgreinar, en vill þó gera við frv. þessar

BREYTINGARTILLÖGUR:

1. Fyrsti málsl. 2. gr. orðist svo:
   Engum má veita leyfi það, er um ræðir í 1. gr., nema hann hafi lokið fullnaðarprófi í verkfræði við fjöllistaskóla eða tekniskan háskóla, sem stéttarfélag verkfræðinga hér á landi viðurkennir sem fullgildan skóla í þeirri grein.
2. Fyrsti málsl. 4. gr. orðist svo:
   Engum má veita leyfi það, sem um ræðir í 3. gr., nema hann hafi lokið fullnaðarprófi í byggingarlist við listaháskóla eða tekniskan háskóla, sem stéttarfélag húsameistara hér á landi viðurkennir sem fullgildan skóla í þeirri grein.
3. Við 6. gr. Greinin orðist svo:
   Engum má veita leyfi það, sem um ræðir í 5. gr., nema hann hafi lokið fullnaðarprófi við tekniskan framhaldsskóla í þeirri iðngrein, er hann vill kenna sig við, enda sé skólinn viðurkenndur sem fullgildur skóli í þeirri grein af stéttarfélagi iðnfræðinga þeirrar greinar hér á landi, ef til er, en ef það félag er ekki til, þá af Verkfræðingafélagi Íslands.
   Þeir menn, sem fullnægja skilyrðum þeim, sem sett eru í þessari gr., eiga rétt á, að þeim sé veitt leyfið samkvæmt 5. gr.

Hinsvegar gat nefndin ekki orðið sammála um rétt þeirra manna, sem nú eru starfandi í þessum greinum og hafa nú þegar tekið sér þessi umræddu heiti (verkfræðingur, húsameistari, iðnfræðingur), og mun því hvor nefndarhluti skila sérstökum breytingartillögum.

Alþingi, 9. marz 1937.

Páll Zóphóníasson, form. Emil Jónsson, fundaskr., frsm. Bjarni Ásgeirsson.
Sigurður Kristjánsson. Guðbr. Ísberg.

Nd. 92. Breytingartillögur

við frv. til l. um rétt manna til að kalla sig verkfræðinga, húsameistara eða iðnfræðinga.

Frá meiri hl. iðnaðarnefndar.

Við 2. og 4. gr.
Í stað „10 ár“ á báðum stöðum komi: 6 ár.

Nd. 93. Frumvarp til laga

um breyting á framfærslulögum, nr. 135 31. des. 1935.

Flm.: Stefán Jóh. Stefánsson og Héðinn Valdimarsson.

1. gr.

Síðasta málsgr. 10. gr. laganna orðist þannig:

Fráskilin kona á rétt á að fá fullnægt úrskurði sínum á sama hátt, en heimilt er þó sveitarstjórn að hlutast til um, að úrskurðinum sé breytt, ef hagir aðilja breytast, þó svo, að aldrei sé minna greitt en meðalmeðlag með börnunum.

2. gr.

Í stað orðsins „meðalmeðlag“ síðast í fyrri málsgr. 15. gr. laganna komi: venjulegrar meðgjafar með börnum í hreppnum eða kaupstaðnum.

3. gr.

Í stað síðari málsl. 22. gr. laganna komi: Skal kona leggja fram skriflega umsókn, og fylgi henni skýrsla umsækjanda, gefin af sjálfri henni. Umsóknir þessar skulu vera á sérstökum eyðublöðum, er ráðuneytið sendir valdsmönnum. Heimilt er valdsmanni að leita umsagnar um skýrslu konunnar, ef honum þykir ástæða til.

4. gr.

26. gr. laganna falli niður.

5. gr.

a. Á eftir fyrsta málsl. 2. málsgr. 32. gr. laganna komi nýr málsl.:
Sama rétt hefir hver einstakur framfærslunefndarmaður, er ekki vill una afgreiðslu nefndarinnar.

b. Aftan við sömu gr. laganna bætist ný málsgr., svo hljóðandi:
Skylt er framfærslunefnd að hlíta úrskurði ráðherra um ágreiningsmál, er til hans verður skotið, þar til þeim úrskurði kynni að verða haggað af dómstólum.

6. gr.

35. gr. laganna orðist þannig:

Ráðherra setur, að fengnum tillögum bæjarstjórnar Reykjavíkur, nánari, sérstakar reglur um tilhögun á framkvæmdum framfærslumála í kaupstaðnum. Í reglugerð þessari má ákveða um sérstakan mælikvarða við úthlutun framfærslueyris, svo og um sérstaka dómnefnd, er úrskurði til fullnustu kærur út af ákvörðunum framfærslunefndar.

7. gr.

a. Orðin „að því leyti, sem við verður komið“ í 43. gr. laganna falli niður.

b. Aftan við sömu lagagrein bætist: Áfrýja má úrskurði barnaverndarnefnda samkv. 41. og 42. gr. til ráðherra.

8. gr.

a. Í stað „Innansveitarmenn“ í upphafi 2. málsgr. 44. gr. komi: Félög eða einstaklingar.

b. Aftan við sömu gr. laganna bætist ný málsgr., svo hljóðandi:
Nú þykir lögreglustjóra ástæða til, að fram kominni kæru út af meðferð á framfærsluþurfa, að láta í té til bráðabirgða aðstoð eða hjálp, og fellir hann þá úrskurð þar að lútandi, enda er þá hlutaðeigandi framfærslusveit skylt að greiða þann kostnað, er úrskurðurinn kynni að hafa í för með sér. Áfrýja má úrskurði lögreglustjóra til ráðherra, en hlíta skal úrskurði lögreglustjóra þar til fullnaðarúrskurður fellur.

9. gr.

Aftan við 61. gr. laganná bætist:

Sama gildir, ef faðerni barns er fullsannað, þó ekki hafi verið kveðinn upp úrskurður um meðlagsskyldu föðurins áður en hann dó.

10. gr.

62. gr. laganna orðist þannig:

Nú giftist móðir barns, er meðlag hefir tekið eftir dauða barnsföður samkvæmt 61. gr., eða móðir barns, sem meðlag hefir fengið frá dvalarsveit sinni, að barnsföður lifandi, þá á hún rétt á, að valdsmaður úrskurði henni meðlag eftir reglum 22. gr. laga þessara, en ekki haggar það rétti dvalarsveitar barnsmóður til endurgreiðslu frá barnsföður eða framfærslusveit hans.

11. gr.

64. gr. laganna orðist þannig:

Skylt er bæjarstjórnum og hreppsnefndum, að fengnum tillögum framfærslunefnda, að kveða svo á innan þriggja mánaða, að þeginn framfærslustyrkur skuli ekki afturkræfur af styrkþega, ef þær telja það sanngjarnt vegna aldurs þiggjanda, ómegðar hans, veikinda hans eða þeirra, sem hann hefir á skylduframfæri, eða vegna annara óhappa hans. Eigi styrkþegi ekki framfærslusveit þar, sem hann fær styrkinn, má þó sveitarstjórn heimilissveitar ekki ákveða, að styrkurinn skuli teljast óafturkræfur, nema sveitarstjórn framfærslusveitar samþykki. Ákvörðunum sveitarstjórna eftir 1. og 2. málsgr. getur styrkþegi, sveitarstjórnarmaður eða framfærslunefndarmaður skotið til sýslumanns í sveitum, en til atvinnumálaráðherra í kaupstöðum.

Sveitarstjórn ákveður þó þegar í stað, hvort meðlagsgreiðslur samkv. úrskurði eða samningi skuli afturkræfar eða ekki, en veita má meðlagsskyldum þriggja mánaða gjaldfrest, þegar ástæður þykja til þess. Greiði hann ekki meðlagið að þeim tíma liðnum, telst það sveitarskuld honum til handa. (Sbr. síðustu málsgr. í 16. gr. laga nr. 57 frá 1921, um afstöðu foreldra til skilgetinna barna).

Í stað orðsins „meðalmeðlags“ síðast í fyrri málsgr. 15. gr. laganna komi: venjulegrar meðgjafar með börnum í hreppnum eða kaupstaðnum.

12. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

13. gr.

Þegar lög þessi hafa öðlazt staðfestingu konungs, skal færa þau inn í meginmál framfærslulaga, nr. 135 31. des. 1935, og gefa þau út svo breytt.

Greinargerð.

Á síðasta Alþingi var flutt frv. til breytinga á framfærslulögunum, sem í meginatriðum var samhljóða þessu frv. En vegna þess, að liðið var mjög á síðasta Alþingi, er frv. kom fram, dagaði það uppi í hv. efri deild, en var afgreitt héðan úr deildinni, og virtist einnig hafa nægilegt fylgi í Ed., þótt ekki yrði það að lögum, af ástæðum, er fyrr greinir. Er því ekki ástæða til að rekja efni þessa frv., að svo miklu leyti sem það er samhljóða frv. frá í fyrra. En um nýmæli þessa frv. þykir rétt að taka fram eftirfarandi:

1. Stafliður b. í 5. gr. frv. var ekki í frv. í fyrra. En hér er, að fenginni reynslu, lagt til að lögbjóða það, að framfærslunefnd sé skylt að hlíta úrskurði ráðherra um ágreiningsatriði í framfærslumálum. En það hefir þótt við brenna, að minnsta kosti í Reykjavík, að framfærslunefnd hafi alveg hundsað úrskurði ráðherra, en það aftur leitt til þess, að umkomulaust fólk hefir neyðzt til að leggja inn á

þá stundum dýru og seinfæru leið að bera málið undir dómstólana. Af þessu stafar óhagræði, kostnaður og dráttur, sem oft er ástæðulaus.

2. 6. gr. frv. er nýmæli, þar sem lagt er til að breyta 35. gr. framfærslulaganna á þann veg, að settar séu sérstakar reglur um framfærslumál í Reykjavík, sem að sjálfsögðu hefir nokkra sérstöðu sem höfuðborg með hart nær ⅛ landsmanna. Af því að ekki hefir verið um þetta sett sérstök löggjöf, virðist óhjákvæmilegt, að settar verði um það nokkuð ýtarlegar reglur. Og það hefir einnig komið á daginn, að heppilegt geti verið að setja ákveðinn mælikvarða við úthlutun framfærslueyrisins, svo sem um ákveðna upphæð fyrir fæði, húsnæði o. fl. Sömuleiðis hefir reynslan leitt í ljós, að áfrýjun á úrskurðum framfærslunefndar hefir verið mjög seinfær og silaleg, og þykir því rétt að heimila skipun sérstakrar dómnefndar, er úrskurði þessi mál til fullnustu.
3. Í 8. gr. frv. eru tvær nýjar smábreytingar. Önnur er smávægileg breyting á 2. málsgr. 44. gr., er ekki þykir ástæða að ræða frekar um. Hin er auki við sömu framfærslulagagrein (44. gr.), þar sem lögreglustjóra er heimilað að úrskurða um bráðabirgðahjálp til framfærsluþurfa. Hefir þetta verið gert einstöku sinnum í Reykjavík, án þess að til þess væri skýr heimild í framfærslulögunum. Þykir því réttara að hafa til þess ákveðna lagaheimild.
4. Með hæstaréttardómi, sem nýlega hefir verið upp kveðinn, var 62. gr. framfærslulaganna skýrð á nokkuð annan veg en gert hafði verið í framkvæmd sumstaðar, og var með þeim dómi einnig haggað framkvæmd, sem verið hafði um skeið í sambandi við greiðslu á meðlögum til barnsmæðra, er gifzt höfðu öðrum en barnsfeðrum sínum. Þykir því nauðsyn til bera að setja um þetta nýjar reglur, er eðlilegastar virðast á þá leið, sem hér er lagt til.

Að öðru leyti er ekki ástæða til frekari greinargerðar, en nánar verður vikið að málinu í framsögu.

Nd. 94. Frumvarp til laga

um útrýmingu sels í Húnaósi.

Flm.: Jón Pálmason.

1. gr.

Veiðifélag Vatnsdalsár skal hafa einkarétt til að útrýma sel úr Húnaósi. Ræður stjórn félagsins mann eða menn til starfans.

2. gr.

Presturinn í Steinnesi fái bætur fyrir missi heimatekna vegna selveiði í Húnaósi. Ríkissjóður greiði bæturnar.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Síðastliðið ár var stofnað veiðifélag fyrir vatnasvæði Vatnsdalsár og áin leigð til stangarveiði tveimur Englendingum. Er sú ráðstöfun gerð til þess að rækta ána til tryggingar meiri og öruggari framtíðarveiði, en ýmsar beztu veiðijarðir á svæðinu leggja mikla hagsmuni í sölurnar fyrst í stað. Til þess nú að það takmark náist, sem að er stefnt með þessum ráðstöfunum, varðar miklu, að öllum veiðivargi á svæðinu sé útrýmt svo sem unnt er. Er þar fyrst um að ræða selinn, sem venjulega er mikill fjöldi af í Húnaósi. Sú selveiði fylgir Blönduóskirkju, og hefir presturinn

í Steinnesprestakalli fengið leiguna eftir veiðina, sem undanfarið hefir verið 50—75 krónur á ári. Með því að leigja veiðina þannig er meðfram stefnt að því, að hún haldist við framvegis, auðvitað á kostnað lax- og silungsveiðinnar. Þetta frv. er flutt eftir óskum aðalfundar Veiðifélags Vatnsdalsár, sem haldinn var að Gilsstöðum 23. janúar síðastl. Tryggingin fyrir útrýmingu selsins virðist öruggust með því að gefa félaginu einkarétt til starfans, og þar sem félagið er að vinna nytjaverk fyrir framtíðina, að nokkru leyti á kostnað þeirra, sem tekjur hafa undanfarið haft af veiðinni, þá þykir sanngjarnt að fara fram á, að hið opinbera greiði þann tekjumissi, sem útrýming selveiðinnar á þessum stað hefir í för með sér.

Nánar í framsögu.

Nd. 95. Frumvarp til laga

um iðnlánasjóð.

Flm.: Emil Jónsson.

1. gr.

Tilgangur iðnlánasjóðs er að efla og styðja iðnað og iðjustarfsemi landsmanna með hagfelldum lánum. Skal lánveitingum úr sjóðnum hagað með það fyrir augum, að sem bezt gjaldeyrisjöfnuður náist við útlönd á hverjum tíma.

2. gr.

Höfuðstóll iðnlánasjóðs skal vera:

1. Framlag úr ríkissjóði 1 millj. kr., og skulu 500 þús. kr. af því greiddar um leið og sjóðurinn tekur til starfa samkv. þessum lögum, og er ríkissjóði heimilt að taka lán til að lúka þeirri greiðslu. Eftirstöðvarnar greiðist með jöfnum greiðslum á 10 árum. Um leið og þetta kemur til framkvæmda fellur niður tillag ríkissjóðs til iðnlánasjóðs samkv. lögum nr. 12 frá 9. jan. 1935, og það, sem ríkið hefir þegar greitt af því tillagi, telst með í þeim 500 þús. kr., sem ríkið skal greiða um leið og sjóðurinn tekur til starfa samkv. þessum lögum.

2. 1% aðflutningsgjald af öllum iðnaðarvörum, sem flytjast til landsins, öðrum en vélum, sem ekki verða smíðaðar í landinu sjálfu, þar til höfuðstóll sjóðsins er orðinn 8 millj. króna. Í reglugerð sjóðsins skal það nánar til tekið, hverjar þær vörur eru, sem skylt er að greiða af þetta aðflutningsgjald. Aðflutningsgjald þetta skal innheimt af tollstjóra ásamt öðrum aðflutningsgjöldum.

Höfuðstóll sjóðsins skal vera vaxtalaus.

3. gr.

Iðnlánasjóði er heimilt að gefa út handhafavaxtabréf, og má hann jafnan hafa í umferð bréf, er nema að nafnverði allt að tvöföldum þeim höfuðstól, sem hann hefir á hverjum tíma. Bréf þessi skulu tryggð með höfuðstól sjóðsins og ábyrgð ríkissjóðs. Atvinnumálaráðherra setur nánari reglur um stærð bréfanna, útlit og útdrátt og aðra meðferð þeirra í reglugerð sjóðsins. Ríkisstjórninni er heimilt að taka lán til kaupa á þessum bréfum, og skylt að kaupa allt að helmingi bréfanna, en heimilt að skylda lánsstofnanir, sjóði og tryggingarfélög, er starfa hér á landi, til að kaupa hinn helming bréfanna samkvæmt reglugerð, enda skal haga svo um vexti bréfanna og verð þeirra, að ríkissjóður verði skaðlaus af kaupunum, en aðrir kaupendur sæti sömu kjörum og ríkissjóður.

4. gr.

Iðnlánasjóður má veita þrennskonar lán til iðnaðar og iðju:

1. Stofnlán til iðnaðarfyrirtækja samkv. þeim reglum, sem mælt er fyrir í 5.—7. gr.

2. Rekstrarlán til iðnaðarfyrirtækja samkv. þeim reglum, sem mælt er fyrir í 8. gr.
3. Vélakaupalán samkv. þeim reglum, sem mælt er fyrir í 9.–10. gr.

5. gr.

Hverjum þeim, er sækir um lán til iðnlánasjóðs til stofnunar nýju iðnaðarfyrirtæki eða iðju, eða stækkunar iðnaðar eða iðjufyrirtæki, sem þegar er til, skal skylt að leggja fram fullkomna greinargerð bæði um stofnkostnað og rekstraráætlun hins fyrirhugaða fyrirtækis, og skal af þeirri greinargerð vera ljóst, hvað er innlendur og hvað er erlendur gjaldeyrir bæði við stofnkostnað og rekstrarkostnað. Stjórn sjóðsins skal síðan áætla, hve búast má við miklum gjaldeyrishagnaði af fyrirtækinu, og haga lánveitingum eftir því, svo sem segir í 7. gr.

6. gr.

Ef upplýsingar þær, sem lánbeiðendur veita um stofnkostnað og rekstrarhorfur fyrirtækisins, eru ekki fullnægjandi að skoðun stjórnar sjóðsins, skal stjórn sjóðsins gera lánbeiðendum kost á því, að sjóðsstjórnin nefni kunnáttumann eða menn til rannsóknar því og umsagnar á kostnað lánbeiðenda.

7. gr.

Ef stjórn sjóðsins virðist, að fengnum fullgildum upplýsingum, að gjaldeyrishagnaður sé að því að setja fyrirtækið á stofn, eða efla það, þegar um eldri fyrirtæki er að ræða, skal henni heimilt að veita lán til þess gegn 1. veðrétti í húsum og vélum fyrirtækisins. Lánsupphæðin skal vera í hlutfalli við þann gjaldeyrishagnað, sem vænta má af fyrirtækinu, en mest — þegar um mikinn gjaldeyrishagnað er að ræða — 60% af virðingarverði húsa og véla fyrirtækisins.

Lánin má veita til allt að 20 ára til bygginga og allt að 10 ára til vélakaupa. Vextir af lánunum skulu vera miðaðir við það, að sjóðurinn beri sig.

8. gr.

Til iðnaðar- og iðjufyrirtækja þeirra, sem heimilt er að veita stofnlán úr sjóðnum, er og heimilt að lána rekstrarlán gegn öðrum veðrétti í húsum og vélum fyrirtækisins, svo og birgðum fyrirtækisins af fullunnum framleiðsluvörum. Láti þessi mega þó aldrei vera hærri en það, að þau lán fyrirtækisins, sem hvíla á 1. og 2. veðrétti, séu 85% af virðingarverði húsa og véla fyrirtækisins.

Fyrirtæki þau, sem fengið hafa stofnlán úr sjóðnum, sitja að öðru jöfnu fyrir rekstrarlánum úr sjóðnum, en heimilt er þó að veita rekstrarlán til fyrirtækja, sem ekkert stofnlán hafa fengið.

9. gr.

Lán, er eigi fara fram úr 5 þús. kr., má veita iðnaðarmönnum til kaupa á vélum og stærri áhöldum (ekki handverkfærum), gegn þeim tryggingum, er stjórn sjóðsins tekur gildar.

10. gr.

Lán þau, sem veitt eru samkv. 9. gr., skulu afborgast á eigi lengri tíma en 12 árum. Vextir af lánum þessum skulu vera hinir sömu og af lánum samkv. 5.–7. gr.

11. gr.

Nú hefir lán verið veitt til vélakaupa og áhalda samkv. 9. gr., og er þá stjórn sjóðsins heimilt að greiða það til seljanda, en ekki til lántakanda sjálfs, eða að öðrum kosti krefjast trygginga fyrir, að kaup hafi farið fram, og er lántakanda jafnframt skylt að hlíta þeim ákvæðum, sem sjóðsstjórnin kann að setja um gerð og tegund vélanna.

Jafnan skal skylt að leita umsagnar landssambands iðnaðarmanna um lánveitingar samkv. 9. gr.

12. gr.

Til að tryggja það, að vélum þeim, sem settar eru að veði fyrir láni úr iðnlánasjóði, sé jafnan haldið vel við og í veðhæfu ástandi, skal vélaeftirlitsmanni ríkisins skylt að hafa sérstakt eftirlit með vélum þessum og gefa árlega skýrslu um ástand þeirra. Sannist, að vélum þessum sé ekki haldið við, svo að hætta geti verið á, að þær verði ekki næg trygging fyrir lánum þeim, sem út á þær eru veitt, getur sjóðurinn sagt upp lánunum fyrirvaralaust.

13. gr.

Við afgreiðslu lána úr iðnlánasjóði skal þess gætt, að lánveitingar styðji ekki að óheilbrigðri eða óeðlilegri samkeppni við önnur starfandi innlend fyrirtæki í sömu grein.

Ráðherra leitar, er sótt er um leyfi til iðnaðar eða iðju, umsagnar iðnlánasjóðs, og getur ráðherra neitað um leyfið, ef iðnlánasjóður mælir með neituninni.

Nú hefir ráðherra neitað um leyfi til iðnaðar eða iðju af þeim orsökum, að fyrir eru í landinu næg fyrirtæki í sömu starfsgrein, og hefir hann þá heimild til að ákveða hámarksverð á framleiðslu í þessari starfsgrein.

14. gr.

Iðnlánasjóður er undanþeginn öllum tekjuskatti, útsvari, stimpilgjaldi og öðrum sköttum til ríkis og sveitarfélaga. Hann á og rétt á að fá ókeypis eigna- og veðbókarvottorð fyrir sjálfan sig.

15. gr.

Leggja skal í varasjóð tekjuafgang þann, sem kann að verða við árleg reikningsskil sjóðsins, þar til varasjóðurinn er orðinn 15% af upphæð höfuðstólsins. Þar eftir er stjórn sjóðsins skylt að leggja í varasjóð svo mikið af tekjuafganginum, sem þarf til þess að varasjóður haldi áfram að vera 15% af höfuðstólnum, en þann tekjuafgang, sem þar er fram yfir, má leggja í áhættusjóð.

16. gr.

Af hverju láni, sem veitt er úr iðnlánasjóði, skal við útborgun lánsins draga frá 2%, sem lagt skal í áhættusjóð. Heimilt er og að verja til sjóðsins tekjuafgangi samkv. fyrirmælum í 15. gr.

Fé varasjóðs og áhættusjóðs má ekki nota til útlána, heldur skal það ávaxtað á þann hátt, að handbært sé, eftir því sem nánar verður ákveðið í reglugerð.

Ef iðnlánasjóður verður fyrir töpum vegna útlána, skulu þau greiðast úr áhættusjóði, meðan til endist, en þar eftir úr varasjóði.

17. gr.

Atvinnumálaráðherra skipar forstöðumann iðnlánasjóðs og tvo meðstjórnendur og ákveður laun þeirra, en heimilt er að fela banka daglega starfrækslu sjóðsins, þannig að sjóðurinn verði sérstök deild í bankanum með aðskildum fjárhag og sérstakri bókfærslu, og fari að öllu leyti um sjóðinn eftir þeim reglum, sem um hann eru settar í lögum þessum og reglugerð, er atvinnumálaráðherra setur um sjóðinn.

18. gr.

Reikningar iðnlánasjóðs skulu endurskoðaðir af tveim mönnum, er atvinnumálaráðherra skipar til þess. Um störf þeirra og þóknun fyrir þau skal ákveða í reglugerð sjóðsins. Stjórn sjóðsins skal á hverju miðju reikningsári gefa ráðherra yfirlit yfir hag sjóðsins, er birta skal í B-deild Stjórnartíðinda. Auk þess getur ráðherra, hvenær sem er, krafizt allra upplýsinga um hag sjóðsins á árinu. Ráðherra úrskurðar ársreikninginn, og skal síðan birta hann í B-deild Stjórnartíðinda.

19. gr.

Iðnlánasjóður tekur við öllum eignum stofnunar þeirrar, sem samkv. l. nr. 12 frá 9. janúar 1935 nefnist iðnlánasjóður, og um leið eru greind lög úr gildi numin.

20. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarpi þessu, sem samið er af skipulagsnefnd atvinnumála, lætur nefndin fylgja eftirfarandi ritgerð, er hr. E. Lundberg ritaði fyrir hana.

„Um lánsstofnun fyrir smærri iðnfyrirtæki.

Árleg fólksfjölgun á Íslandi nemur um 1800 manns. Þessi öra fólksfjölgun veldur aukinni þörf fyrir erlendar vörur, og annarsvegar veldur þetta kröfum um aukna atvinnu í landinu. Sé miðað við núverandi ástand, virðist nauðsynlegt að auka innflutninginn um 750 þús. kr. á ári, og auk þess verður að sjálfsögðu að gera kröfur um bætt kjör landsmanna í heild sinni.

Sé reiknað með því, að allir karlmenn á aldrinum 15—60 ára séu vinnufærir (32 þús. árið 1930), má með hliðsjón af aldursskiptingunni árið 1930 gera ráð fyrir árlegri aukningu 390 vinnufærra karlmanna. Árleg aukning vinnufærra kvenna er 374, og ætti helmingur þeirra að leita sér vinnu, ef miða mætti við árið 1930. Samanlagt má því gera ráð fyrir 570 nýjum körlum og konum, sem atvinnu leiti, og verður þetta fólk að bætast við hóp atvinnuleysingjanna, sem þegar eru fyrir, ef ekki tekst að benda á nýja atvinnumöguleika. Við þetta bætist mismunandi mikill innflutningur af fólki frá útlöndum.

Þegar fram líða stundir, má gera sér vonir um aukningu þeirra atvinnugreina, sem þegar eru stundaðar, svo sem fiskveiða og landbúnaðar. En eins og ástandið er nú, bæði fjármagn og erlendur gjaldeyrir af skornum skammti og útflutningsmarkaður þröngur, virðast möguleikarnir fyrir þessu takmarkaðir í bráð. En eins og nú háttar um erlendan markað, er naumast hægt að gera sér vonir um mikla aukningu fiskiveiða í náinni framtíð. Það mesta, sem hugsanlegt væri, ef togaraútgerðin yrði aukin og vel tækist með nýjar sjávarafurðir (t. d. karfann), er, að atvinna við fiskiveiðar aukist í hlutfalli við það, sem vinnufæru fólki fjölgar í landinu, þ. e. að þar við bætist um 100 vinnufærir menn á ári. Gera má sér einnig vonir um nokkra aukningu landbúnaðar. Í Svíþjóð[1]) er mjólkur- og smjörneyzla hvers íbúa rúmlega 50% meiri en á Íslandi, og neyzla eggja meira en 100% meiri. Kartöfluframleiðslu má auka, svo komizt verði hjá núverandi innflutningi. Ef mjólkur- og smjörneyzla á Íslandi yrði samsvarandi því, sem hún er í Svíþjóð, og ef hver nýr bóndi gæti lifað á 10 kúm, ætti að vera unnt að auka tölu bænda um 1000. Þessi tala er þó í raun og veru hugarsmíð ein, og bendir aðeins til þess, sem unnt er að ná í þessu efni á löngum tíma. Þess verður sérstaklega að gæta, að þeir bændur, sem þegar eru, hljóta að taka verulegan þátt í þessari útþenslu, ef kjör þeirra eiga í framtíðinni að verða eins og vænzt er um landsmenn í heild sinni. Sú aukning, sem hefir orðið á framleiðslumagni og framleiðslu í landbúnaði víða um veröld, hefir því nær ávallt orðið samhliða fækkun bænda. Nú er talað um að efna til fjölgunar býla, og fer það öndvert við þessa þróun, sem alstaðar á sér stað, og er þess því naumast að vænta, að fjölgun býla verði stórfelld, því að nokkurra átaka þarf við til þess að halda tölu bænda óbreyttri frá því, sem nú er. Að minnsta kosti má telja víst, að 60 nýbýli, svo sem gert er ráð fyrir í lögum um nýbýli og samvinnubyggðir, sé afdráttarlaust hámark. Þá verða menn einnig að minnast þess, að nýrækt og nýbýli krefjast mikils fjármagns. Þessi 60 nýbýli, með samanlögðum

1) Miðað við 1933—34.

nettótekjum 120 þús. kr., þurfa fjármagn, er nemur 1 millj. kr. (og á ríkið að leggja fram af því 750 þús. kr.). En í því sérstaka ástandi, sem nú ríkir og menn vonast til, að ekki verði til verulegs langframa, er einkum leitað að atvinnumöguleikum, sem ekki eru allt of fjárfrekir.

Um **verzlunina** (innflutnings-, heild- og smásölu) er nú svo háttað, að hún er greinilega of umfangsmikil, og virðist nauðsynlegt að draga úr mannfjölda þeim, sem við verzlun fæst, og þjappa starfinu meira saman. Frá 1920 til 1930 hefir tala starfsmanna við verzlun hækkað frá 1988 í 3008 manns, eða um 51%, en tala allra starfsmanna í landinu hefir hækkað frá 42400 í 50100, þ. e. 20%. Árið 1930 voru starfsmenn við verzlun 6% af öllum starfsmannafjölda í landinu. Þróunin í Svíþjóð hefir í þessu efni verið mjög hliðstæð, því að tala starfsmanna við verzlun jókst með 42% frá 1920—1930, en fjöldi allra starfsmanna jókst ekki meira en 9,6% á sama tíma. Þó er hér, ef nánar er að gáð, verulegur mismunur á. Í landbúnaði og iðnaði er Svíþjóð miklu lengra komin heldur en Ísland, og nú er þar mest kostað kapps um að vinna bug á atvinnuleysi og skapa kaupmátt fyrir þá framleiðslu, sem hætt er við, að vaxi örara en neyzluþörfin, kaupmátt fyrir framleiðslu, sem unnt er að auka án þess að bæta við starfsfólki. Þegar svo stendur á, er eðlilegt, að horfið sé að verzlun og allskonar aukastörfum, jafnvel þó unnt sé að hugsa sér betri lausn á málinu. En margvísleg framleiðsluskilyrði Íslands eru enn svo lítt notuð, að þau verður fyrst og fremst að nota, áður en komið er af stað meiri aukningu „óarðbærra" starfa. Þess verður því að gæta, að verzlunin dragi ekki til sín meiri vinnukraft, og öllu frekar dragist saman um starfsmannafjölda.

Af þessu er ljóst, að það er að langmestu hlutverk iðnaðarins að taka við árlegri fólksfjölgun. Í iðnaðinum hefir enn sem komið er mest gætt byggingariðnaðarins, sem veitti 2000 manna atvinnu árið 1930, en það er nærri því einn þriðji af starfsmönnum iðnaðarins í heild sinni, sem voru þá 6500. (Í Svíþjóð voru aðeins 15% af iðnaðarmönnum starfandi í byggingariðnaði 1930.) Nú má búast við 300 nýjum hjónum á ári, og auk þess nokkrum ógiftum starfsmönnum, sem vilja hafa eigið heimili. Lágt áætlað ætti því þörfin á nýjum íbúðum að vera um 350 og auk þess endurbyggingar. Árið 1934 voru reist í Reykjavík einni 128 hús með 305 íbúðum (h. u. b. það sama og árið 1930). Ef miðað er við reynsluna frá 1920—1930, þar sem 45% af íbúðaaukningunni var í Reykjavík, ætti heildaraukning íbúða í landinu að verða um 680, sem þó er vitanlega tilgáta ein. Ef íbúðin kostaði að meðaltali 10 þús. kr., sem mun vera nálægt því að vera lægsti byggingarkostnaður, ætti árlegur kostnaður við nýjar íbúðir að verða nálægt 7 millj. kr. Við þetta bætast nýir skólar, sjúkrahús, verzlunarhús o. s. frv.

Árið 1934 nam byggingarkostnaðurinn alls 6,5 millj. kr. í Reykjavík og 500 þús. kr. á Akureyri. Árið 1930 var byggingarkostnaður íbúðarhúsa áætlaður um 9 millj. kr., en þar við bættist 5 til 5,5 millj. kr. fyrir opinberar og hálfopinberar byggingar. Þess vegna ætti ekki að vera mjög fjarri lagi að gera ráð fyrir, að byggingarkostnaðurinn hafi orðið um 10 millj. kr. árið 1934.[1]) Innflutningur á byggingarefni nam 7 millj. kr. 1930 og 5 millj. kr. árið 1933. Ekki er unnt að segja um, hvað mikið af þessum innflutningi hafi farið til byggingarstarfsemi í eiginlegri merkingu, og hvað mikið hafi farið í vegi, hafnir o. s. frv. En þessar tölur um innflutninginn á byggingarefni sýna þó, að áætlunin, sem að ofan greinir um byggingarstarfsemina, muni vera nærri sanni.

Tilsvarandi þessum 10 millj. kr., sem árlega eru festar í byggingar, er hliðstæð eignaaukning. Auðvitað er að nokkru leyti byggt í staðinn fyrir gömul hús, svo að þessi upphæð er ekki nákvæmlega sama sem aukning á eignum í landinu. En hvað sem því líður, verður að leggja árlega fram þessa upphæð, 10 millj. kr., af fjármagni þjóðarinnar. Venjulegt er, að árlegt sparifé sé 10 til 15% af þjóðartekjum. Ef þjóðartekjur Íslands eru nú um 100 millj. kr., eins og talið er, ætti því nær allt árlegt

1) Sjá annars um þetta Álit og tillögur, bls. 421—431.

sparifé þjóðarinnar að fara í byggingar. Margt bendir til þess, að á Íslandi sé minna sparað en í öðrum löndum, þar sem lífskjör eru þó lík, svo að óvíst má telja, að sparifé nægi byggingarstarfseminni einni saman eins og nú er. Lífsvenjur eru ofviða framleiðslutekjum landsmanna nú, og eru líklega miðaðar við tekjurnar á góðu árunum 1928—30. Framleiðslukostnaður er mjög hár, og verða því sömu lífsþarfir dýrari en í flestum öðrum löndum, og að lokum eru skattarnir, t. d. í samanburði við skatta í Svíþjóð, tiltölulega háir. Því er ekki örðugt að skilja, að vextir verði háir.

Að sjálfsögðu er mikilsvert um byggingariðnaðinn frá félagslegu og hagfræðilegu sjónarmiði skoðað. En eins og nú er háttað fjármálum á Íslandi, eru nýjar byggingar og atvinna sú, sem af því skapast, dýru verði keypt. Eins og áður hefir verið bent á, er fjármagnsþörf við byggingariðnað mikil, miðað við starfsmannafjöldann, því að nota verður helmingi meira fjármagn til bygginganna en greitt er í laun. Í verksmiðjuiðnað þarf hinsvegar að líkindum ekki að leggja fram sem árlegt fjármagn nema um 25% af greiddum launum, og í fiskiveiðar að líkindum eigi nema um 10%. (Hin árlega fjármagnsþörf er hér reiknuð sem ársgreiðsla af því fé, sem í fyrirtækið hefir verið lagt.) Ennfremur þarf byggingariðnaðurinn erlendan gjaldeyri fyrir innflutt byggingarefni, og nemur sú upphæð allt að helmingi byggingarkostnaðar, en starfsemi þessi getur hinsvegar ekki á nokkurn hátt orðið til þess að lagfæra gjaldeyrisreikninginn við útlönd. Þar sem byggingariðnaðurinn krefst bæði mikils fjármagns og erlends gjaldeyris, verður ekki sagt, að hann sé hentug leið til þess að bæta úr atvinnuskorti. Því er ekki rétt, meðan núverandi ástand er ríkjandi, að ætlast til þess, að byggingariðnaðurinn taki við verulegum hluta af aukningu vinnufærra manna. Fremur má búast við, að starfsemi þessi dragist saman, því að innflutningsleyfi fyrir byggingarefni hljóta að sjálfsögðu að verða takmörkuð.

Þá er aðeins eftir ein starfsgrein, sem búast má við, að geti tekið við meiri hlutanum af þeim 570 nýju vinnuleitendum, sem áður hefir verið minnzt á, og er það **iðnaðurinn** í eiginlegri merkingu. Árið 1930 voru aðeins 4500 menn við iðnað og handverk, þ. e. 9% af öllum starfandi mönnum (30% í Svíþjóð). Töluverð aukning hefir orðið á innlendum iðnaði frá því 1930 vegna innflutningshaftanna (vefnaðar-, húsgagna-, súkkulaði-, smjörlíkisiðnaður). Til þess að koma í veg fyrir meira atvinnuleysi, er nauðsynlegt, að iðnaðurinn haldi áfram að auka starfsmannafjölda sinn um nálægt 10% á ári. Þá er um þrennt að spyrja:

1. Er unnt að finna markað fyrir framleiðslu nýrra iðnaðarfyrirtækja, sem fengjust við gömul og ný verkefni?
2. Hefir þjóðin efni á að leggja fé í ný fyrirtæki, eins og nú er háttað um fjármagn og gjaldeyri?
3. Hvernig ætti fjáröflunin að eiga sér stað?

Engar hagfræðilegar skýrslur eru til að leysa úr fyrstu spurningunni. Við athugun á innflutningnum kemur í ljós, hve mikið flutt er inn í landið af fullunnum vörum, sem unnt væri að vinna til fullnustu í landinu með meiri eða minni ágóða. Enginn efi er á því, að hér eru næstum því óteljandi verkefni, sem unnt væri að sinna með mismunandi miklum árangri. Um útflutningsvöruna er það að segja, að unnt er að vinna miklu meira úr fiskiframleiðslunni, sem nú er að mestu leyti flutt út óunnin, en um þetta efni er þó allt meira á huldu, vegna þess hve útlendi markaðurinn er óviss. Enginn vafi er á því, að margar áætlanir um fyrirtæki eru til, sem bíða þess eins, að unnt verði að fá nægilegt fjármagn og innflutningsleyfi fyrir vélum.

Aðalerfiðleikinn við að koma iðnaðinum upp er skorturinn á fjármagni, en vegna þess hve iðnaðurinn er lítill, skortir þjóðina gjaldeyri. Hvaða sérstakar ráðstafanir er hægt að gera til að ráða bót á þessu? Aukinn sparnaður af sjálfsdáðum mundi draga úr skortinum á fjármagni og gjaldeyri. Annarsvegar mundi meira fé boðið fram í ný fyrirtæki án þess að verð hlyti að hækka, og hinsvegar mundi minnkandi neyzla á útlendum vörum — en í því er sparnaðurinn einmitt fólginn —

valda því, að unnt yrði að nota erlendan gjaldeyri t. d. til vélakaupa. Slíkur sparnaður af sjálfsdáðum mundi því létta mjög mikið undir um aukningu atvinnunnar í landinu, en verzlunin mundi minnka og eftirspurn eftir erlendum gjaldeyri mundi mikið réna og því auðveldara að ná gjaldeyrisjöfnuði. Hinsvegar mundu vélakaup að sjálfsögðu valda nokkrum erfiðleikum um gjaldeyrisjöfnuðinn.

Þrátt fyrir háa vexti virðist sparnaðurinn allt of lítill til þess að sjá nauðsynlegum nýjum atvinnufyrirtækjum fyrir fjármagni. Neyzlan er allt of mikil í hlutfalli við tekjur þjóðarinnar, og engin fyrirhyggja er um það að leggja fé í ný fyrirtæki, sem sérstaklega auka gjaldeyri þjóðarinnar til þess að bæta úr þessu ástandi í framtíðinni. Það mætti virðast fjarstæða að segja, að dýrar lífsvenjur, þ. e. lítill sparnaður, valdi því, að lítið verði sparað, en þó er það rétt. Mikil útgjöld fyrir neyzluvörur valda mestu um óhagstæðan verzlunarjöfnuð við útlönd, og koma í veg fyrir, að fluttar verði inn vélar, byggingarefni o. fl., sem nauðsynlegt er til þess að innlendu sparifé verði komið í arðberandi fyrirtæki. Nú eiga flestir, sem tekjur hafa aflögu, þess eins kost að eyða þeim í neyzluvörur eða setja féð í bankana, og menn velja allt of oft fyrri kostinn. En ef menn ættu þess kost að setja fé sitt í sjálfstæð arðberandi fyrirtæki — smáiðnað og handverk —, gæti vel svo farið, að sparnaðartilhneigingin ykist. Í stað þess að kaupa dýrar erlendar neyzluvörur mundu menn verja fénu til að setja á stofn eða taka þátt í stofnun minni iðnaðarfyrirtækja. En nauðsynlegt skilyrði þessa yrði það þá vitaskuld, að gjaldeyrisnefndin veitti innflutningsleyfi fyrir nauðsynlegum vélum o. fl.

En hvort unnt yrði að fá menn til að spara af frjálsum vilja eða eigi, þá verður að finna ráð til þess að sjá fyrir fé í nauðsynlegan aukinn iðnað (en þó skyldu menn jafnan hafa það hugfast, að því meira, sem stofnendur fyrirtækjanna leggja í þau af eigin fé, því auðveldara er að ná takmarkinu). Hvað sem öðru líður, þá kostar það meira fyrir þjóðfélagið að láta 500 nýja vinnufæra menn á ári starfa að óarðbærri vinnu heldur en að nota þá til vinnu, sem á skömmum tíma ætti bæði að bæta gjaldeyrisjöfnuð við útlönd og auka fjármagn í landinu. Það er svo mikill mismunur á þessum tveimur aðferðum, að sú fyrri hefir raunverulegan **kostnað** í för með sér fyrir þjóðfélagið, en sú síðari getur af sér raunverulegan **ágóða.** Vandamálið er það eitt, að finna það skipulag, er að haldi komi.

Eins og öllu er háttað, verður að miða iðnaðaraukninguna sérstaklega við þau fyrirtæki, sem búast má við, að bæti gjaldeyrisjöfnuðinn við útlönd skjótlega, en eru jafnframt ekki mjög fjárfrek. Þrjár leiðir eru hugsanlegar:

1. Fyrirtæki, sem ríkið sjálft setur á stofn.
2. Stækkun fyrirtækja, sem þegar eru til.
3. Stofnun nýrra einkafyrirtækja.

Um ýms stór iðnaðarfyrirtæki hentar það bezt, að þau séu rekin af ríkinu, t. d. sementsverksmiðja, kornmylna, niðursuðuverksmiðja, togaraútgerð og áburðarverksmiðja. Búizt er við því, að fyrirtæki eins og þessi mundu gefa töluverðan arð í erlendum gjaldeyri, annaðhvort á þann hátt, að þau spöruðu útgjöld, eða gæfu gjaldeyri í aðra hönd með útflutningi. En því miður eru þessar áætlanir ekki svo undirbúnar enn, að unnt sé að vænta nægilegrar atvinnuaukningar af völdum þessara fyrirtækja í nánustu framtíð.

Ef auka ætti þann iðnað, sem fyrir er, og stofna til nýs iðnaðar, mundi það að mestu verða með mörgum smáum iðnfyrirtækjum, sem alls ekki er rétt að gera ráð fyrir, að ríkið taki beinan þátt í. Hinsvegar á ríkisvaldið að beina athöfnunum í landinu á liðlegan hátt í þá átt, er hagfelldast væri fjárhagslega.

Þetta getur ríkið auðveldlega, annarsvegar með yfirráðum sínum yfir innflutningsleyfunum og hinsvegar með því að hafa hönd í bagga með lánveitingum. Skilyrðin fyrir því að fá innflutningsleyfi fyrir nauðsynlegum vélum og fleiru til fyrirtækja og fyrir því að fá lán til þeirra ættu að verja á þá leið, að þau fyrirtæki væru styrkt og hvött til athafna, sem búast mætti við, að gæfu af sér mikinn erlendan gjaldeyri eða spöruðu erlendan gjaldeyri í hlutfalli við stofnkostnað. Í stað

þess að lán frá bönkum eru oftast við það miðuð, að þau kunni að gefa af sér gróða í íslenzkum krónum, ætti hér a. n. l. að hafa sérstaka hliðsjón af gróðanum **í erlendum gjaldeyri.** Jafnvel þótt um beint tap sé að ræða á rekstri fyrirtækisins, getur gróðinn í gjaldeyri verið svo mikill, að fyrirtækið eigi rétt á sér af hagskipulegum ástæðum. Sökum þess, hve skorturinn á gjaldeyri er tilfinnaniegur, á að meta sparnað á honum meira en þann hag af fyrirtækjum, sem kemur fram í rekstrarafkomu þeirra. Ekki verður um það sagt fyrirfram, hversu hátt eigi að meta slíkan gjaldeyrisgróða, heldur verður fyrst að athuga vandlega áætlanir um fyrirtæki þau, sem hér kæmu til greina, og bera þau saman, og draga ályktanir um þetta efni þar á eftir. Áður en út í þetta er farið, er rétt að gera sér nokkra grein fyrir því, hvað íslenzka krónan er **of hátt metin.** Ef innflutningurinn væri hlutfallslega jafnmikill sem árin 1929—30, ætti nú að flytja inn fyrir 80 millj. kr., miðað við verðlag 1929. En sé nú reiknað með því, að verðlag erlendrar vöru hafi að meðaltali lækkað um 15—20% (innflutningsskýrslur virðast sýna meira verðfall, en eftir þeim gætir hins mikla verðfalls á hrávörunum of mikils), ætti innflutningurinn nú að vera heldur meiri en minni en 60 milljónir króna. Erlendur gjaldeyrir nemur árið 1935 naumast meiru en 40 millj. kr. til greiðslu á þessari innflutningsþörf (eftir að frá hafa verið dregnar nauðsynlegar vaxtagreiðslur o. fl. duldar greiðslur). Þess vegna yrði nauðsynlegt að meta þennan gjaldeyri 50% hærra til þess að hann samsvaraði eftirspurninni. Þetta er vitaskuld mjög ónákvæmur reikningur, en ætti þó að gefa nokkra hugmynd um, hversu hátt ætti að meta, frá hagskipulegu sjónarmiði, gjaldeyrishagnaðinn í íslenzkum krónum.[1])

Þessum hugleiðingum til skýringar skulu hér tilfærð þrjú dæmi — vitaskuld alls ekki raunveruleg dæmi — um fyrirhuguð fyrirtæki, og samanburður gerður á rekstrargróða og gjaldeyrishagnaði. Í tveimur fyrri dæmunum er gert ráð fyrir 50 þús. kr. stofnkostnaði, og verður að greiða erlendis helming þeirrar upphæðar fyrir vélar, byggingarefni o. s. frv. Ennfremur er gert ráð fyrir 10 starfsmönnum við hvert fyrirtæki fyrir sig. Þriðja dæmið er af húsasmíði eða öðru hliðstæðu:

Rekstrarafkoma:	I.	II.	III.
Laun (kaup)	30000	30000	30000
Innlent hráefni	20000	„	„
Erlent hráefni	„	20000	25000
Vextir og afborganir	7500	7500	„
Rekstrarkostnaður alls	57500	57500	55000
Söluvara með núverandi verðlagi	55000	60000	70000
Rekstrarhagnaður eða halli	− 2500	+ 2500	− 15000

Gjaldeyrisafkoma:	I.	II.	III.
Minnkaður innflutningur á fullunninni vöru	55000	60000	„
Notað erlent hráefni	„	20000	25000
Ágóði á gjaldeyrisreikningi	55000	40000	− 25000
Vextir og afb. af erlendum hluta stofnfjárins	3750	3750	„
Gjaldeyrishagnaður	51250	36250	− 25000

Í fyrsta dæminu er hægt að framleiða vöruna töluvert ódýrara erlendis, svo að fyrirtæki innanlands, sem selur með sama verðlagi, sem hægt er að fá fyrir innflutta vöru, tapar árlega 2500 kr. Í þessu dæmi er því eigi aðeins um að ræða skort á fjármagni og gjaldeyri handa fyrirtækinu, heldur er einnig óhugsandi að fá vexti af

1) Þessar hugleiðingar um gengið eru ekki byggðar á nægilegri rannsókn. En eftir að þetta var ritað gerði skipulagsnefnd nokkra rannsókn á magni og verði innflutningsins eftir fyrirmælum Lundbergs, og er gerð grein fyrir þeim rannsóknum í Áliti og tillögum nefndarinnar, bls. 129—156.

því fé, sem í það er lagt. Í dæmi II er kostnaðurinn við erlendu framleiðsluna, svo og farmgjöld og tollar, svo mikill, að hægt er að setja á stofn innlenda framleiðslu, er borgar sig, ef nægilegt fjármagn og gjaldeyrir er fyrir hendi. Byggingarstarfsemin í þriðja dæminu borgar sig vel, og þar vantar ekkert nema gjaldeyri fyrir innflutt hráefni til þess að hafizt sé handa. Í öllum þremur dæmunum þarf að veita innflutnings- og gjaldeyrisleyfi fyrir 25 þús. kr. til þess að fyrirtækið sé hafið, og fjármagnsþörfin er 50 til 55 þús. kr. Að þessu leyti er enginn mismunur á öllum þremur fyrirtækjunum. Í frjálsri samkeppni um gjaldeyri og fjármagn ætti byggingarstarfsemin að borga sig bezt, og þar næst fyrirtæki II, en fyrsta fyrirtækið mundi ekki eiga þess neinn kost að fá lán. Sé hinsvegar litið á þetta frá sjónarmiði gjaldeyrismálsins, verður röðin öfug, því að fyrsta fyrirtækið mundi bæta gjaldeyrisaðstöðu landsins gagnvart útlöndum meira en annað fyrirtækið, en byggingarstarfsemin mundi blátt áfram spilla henni.

Sé nú rekstrarreikningurinn lagfærður með það fyrir augum, að erlendi gjaldeyririnn er of lágt metinn (50%), verður að bæta við (eða draga frá) fjárhagslega ágóðann (eða tapið) á þennan hátt:

	I.	II.	III.
Ágóði á rekstrarreikningi	+ 2500	2500	15000
Leiðrétting vegna vanmats gjaldeyris	25625	18125	+ 15000
Nettó-ágóði	23125	20625	0

Við rétt skráð gengi mundi þannig fyrsta fyrirtæki borga sig bezt, þrátt fyrir það, þó að ágóði sé minnstur eins og gengið er nú skráð. En að sjálfsögðu er þetta ekki annað en sérstök aðferð til að bera saman þessi tvennskonar viðhorf. Í annan stað er að líta meira á það, hver gjaldeyrishagnaðurinn er, heldur en innanlandskostnað við vinnulaun, þegar á fyrirtækið er litið frá hagskipulegu sjónarmiði, þar sem annars væri óhjákvæmilegt að greiða þau vinnulaun sem styrk eða laun í opinberri óarðbærri vinnu, ef fyrirtækið væri ekki stofnað. Frá þessu sjónarmiði séð er það rétt að athuga hlutfallið milli gjaldeyrishagnaðarins við árlegan rekstur fyrirtækisins og erlenda hlutans af stofnkostnaði þess. Fyrsta dæmið fær þá enn meiri yfirburði fram yfir hin.

Sem nokkurskonar meðalveg milli þessara viðhorfa má líta á fjáröflun til aukins iðnaðar á eftirfarandi hátt: Eftirspurn eftir erlendum gjaldeyri er mjög áköf og má ekki aukast meira. Með auknum iðnaði er sérstaklega miðað að því að fá meira olnbogarúm í viðskiptunum við erlendar þjóðir, en þegar aukning verður á starfseminni í landinu og menn fá greidd laun við ný fyrirtæki, þá hlýtur þetta að auka kaupmátt manna og eftirspurn eftir erlendum neyzluvörum. Nú þarf að búa svo um, að þessi aukna eftirspurn **innfluttra vara, sem er afleiðing af kaupmáttaraukningunni, verði minni heldur en sparnaður sá eða gróði í gjaldeyri, sem nýja fyrirtækið á að hafa í för með sér.** Á þennan hátt einan er hægt að bæta gjaldeyrishaginn gagnvart útlöndum. Vitaskuld er ekki hægt að reikna nákvæmlega áhrif aukins kaupmáttar á innflutninginn, en ekki er ósennilegt, að gera megi ráð fyrir, að um 50% af neyzluvörum þjóðarinnar komi frá útlöndum, annaðhvort sem innflutningur á neyzluvörum eða sem innflutningur á hráefnum, sem þjóðin breytir í neyzluvörur. Í dæminu I. hér að framan er í hæsta lagi hægt að búast við auknum kaupmætti, er nemi 57500 kr., en helmingurinn af því, eða 29 þús. kr., kæmi fram sem eftirspurn eftir erlendum vörum. Þessa upphæð má bera saman við það, sem áður hefir verið reiknað um 51 þús. kr. ágóða á gjaldeyrisreikningnum, og er það 75% meira heldur en innflutningurinn ætti að aukast. Þó verður að hafa hliðsjón af beinni þörf fyrirtækisins á erlendum gjaldeyri (25 þús. kr.) og aukinni eftirspurn eftir erlendum gjaldeyri sökum aukins kaupmáttar (12500). Rekstur fyrirtækisins ætti samkvæmt þessu að bæta greiðslujöfnuðinn út á við um 22 þús. kr. á ári, en til stofnkostnaðar þess þarf í erlendum gjaldeyri 37500 kr. í eitt skipti fyrir öll. Hinsvegar getur það vel komið fyrir, að greiðslurnar innanlands við rekstur-

inn verði svo miklar, að það auki eftirspurn eftir erlendum gjaldeyri svo mjög, að raunverulegur gjaldeyrishagnaður verði enginn, þó að beinn gjaldeyrishagnaður sýnist eiga að verða af fyrirtækinu. Því má aðeins veita a. n. l. lán til þessara fyrirtækja, sem sé ekki meira en sem svarar tvöföldum gjaldeyrishagnaðinum á sjálfum rekstri fyrirtækisins.

Með þessari aðferð er unnt að ákveða, hve mikil ný lán má veita til nýs fyrirtækis, án þess að greiðslujöfnuður við útlönd spillist, heldur verði nýja framleiðslan eða starfsemin að beinum ágóða fyrir landið. Með því að auka atvinnu og framleiðslu verður að hafa það fyrir augum, að það bæti greiðslujöfnuðinn við útlönd, og þess vegna eiga lánveitingarnar að vera minni en hámark það, sem bent hefir verið á hér að framan. Sérstaklega verður að athuga, hvað stofnun fyrirtækisins kostar í erlendum gjaldeyri, en það er verð innflutts efnis, að frádregnum erlendum lánum, að viðbættum helmingnum af stofnkostnaði innanlands. Þó að eigi sé líklegt, að stofnkostnaður fyrirtækisins íþyngi greiðslujöfnuði landsins verulega móts við þann greiðsluhag, sem mundi verða við reksturinn, þá er samt vissara að leggja hann við áætlaða innflutningsaukningu vegna aukins kaupmáttar af rekstri fyrirtækisins, og því skylt að bera saman hlutfallslegan stofnkostnað fyrirtækja þeirra, sem um er að ræða. Í dæmi 1. verður að leggja helminginn af auknum kaupmætti, sem stafar af rekstrinum, við þann hluta stofnkostnaðarins, sem fólginn er í innflutningi, og helminginn af stofnkostnaðinum, sem greiddur er innanlands. Upphæðin verður því: $29000 + 25000 + 12500 = 66500$ kr., en 78% af þessu, eða 51250 kr., eiga að koma fram sem hagnaður á gjaldeyrisreikningi. Þess vegna má ekki veita 15 þús. kr. af þessu sem lán til stofn- og rekstrarkostnaðar. Segja má, að nýja fyrirtækið þurfi fjármagn til stofnkostnaðarins kr. 50000, að viðbættum helmingnum af árlegum kostnaðarútgjöldum, 29 þús. kr., eða samtals 80 þús. kr. Mætti þá veita sem lán 65 þús. kr., eða 80%, en það, sem eftir er, yrði að leggjast fram af eigin fé stofnenda. Í öðru dæminu kemur móti beinum gjaldeyrishagnaði, sem er 36280 kr., óbeint gjaldeyristap, sem nemur $18750 + 25000 + 12500 = 56250$ kr., og verður þess vegna að ætla því fyrirtæki 20 þús. kr. af eigin fé stofnenda, og mætti því veita 75% af nauðsynlegu fjármagni sem lán

Tilgangurinn með því að reikna út þessar hlutfallstölur er að komast að raun um, hversu mikið eigi að aðstoða einkafyrirtæki eftir því, hvað þau létta mikið gjaldeyrisvandræðin um leið og hönd er höfð í bagga með því, að kaupmáttaraukningin beinist ekki um of að erlendum vörum. Vel má vera, að rannsókn á ákveðnum fyrirhuguðum fyrirtækjum breyti þessum tölum verulega, en þær verður að reikna út eftir þessum leiðum, sem hér hefir verið bent á.

Í stað lánveitinga þeirra, sem að ofan greinir, gæti ef til vill að einhverju leyti komið beinn styrkur. Því eins og bent hefir verið á, geta fyrrtæki, sem borga sig frá hagskipulegu sjónarmiði fyrir þjóðarheildina, haft í för með sér fjárhagslegt tap í rekstrinum, og heldur en að leyfa verðhækkun, gæti ríkið ef til vill veitt lán þessi með lágum eða engum vöxtum. Kaupmáttaráhrifin yrðu þau sömu, og ríkið sæi einungis um, að reksturinn bæri sig frá almennu fjárhagslegu sjónarmiði. Unnt ætti að vera að reikna eftir ákveðnum reglum, hversu mikið af fénu ætti að reiknast styrkur, og ætti þá að gera ráð fyrir, að 50% af beinum gjaldeyrisgróða kæmi fram sem raunverulegur gjaldeyrisgróði. Hinsvegar ætti ríkið að hafa hönd í bagga með verðlaginu, og yrði það áhrifamest þannig, að þegar verðlagið innanlands virðist ætla að fara fram úr erlendu verðlagi meira en hæfilegt er, þá séu veitt innflutningsleyfi fyrir sömu vörum og þannig eru framleiddar.

Þessar hugleiðingar allar stefna að eftirfarandi tillögum: Settur skal á stofn sjálfstæður sjóður til útlána og styrktar minni iðnaðarfyrirtækjanna í einkarekstri. Hann fær árlega til meðferðar ákveðna upphæð á ári (t. d. 1 millj. kr.). Þetta fé er lánað út til þess að setja á stofn fyrirtæki (e. t. v. stækka gömul fyrirtæki) í iðnaði og handverki, og skal reikna lánsupphæðina á þann hátt, sem að ofan getur. Þegar sótt er um lán eða styrk, skulu umsókninni fylgja nákvæmar upplýsingar um kostn-

að við stofnun og rekstur, innflutning fyrri ára og áætlaðan innflutning eftir að fyrirtækið tekur til starfa. Með upplýsingar þessar fyrir augum geta forráðamenn sjóðsins reiknað, hversu mikla upphæð sjóðurinn geti veitt sem lán eða styrk, þannig að víst sé um, að greiðsluhagur landsins út á við lagist þrátt fyrir aukinn kaupmátt. Því minni gjaldeyrishagnaður sem búast má við, að verði af fyrirtækinu, því minni hluta af fjármagni fyrirtækisins á sjóðurinn að leggja fram. Ef fyrirtæki borgar sig ekki með núverandi verðlagi, en veitir verulegan gjaldeyrishagnað, er nokkur hluti af láninu veittur með lágum vöxtum eða vaxtalaust. Ákveðið skal, hversu mikið af láninu skuli veitast í stofnkostnað og hversu mikið í rekstrarkostnað. Að nokkru leyti verður umsækjandinn að fá að vera um þetta sjálfráður. Sjóðurinn hefir aðeins með höndum lánveitingar til stofnkostnaðar og styrktar, en þann hluta lánsupphæðarinnar, sem nota ætti til rekstrarkostnaðar, ætti sérstakur iðnbanki ef til vill að hafa með höndum. Iðnlánasjóðurinn ætti þá að hafa með höndum föst lán, sem afborgast á misjafnlega löngum tíma. Iðnbankinn veitir stutt lán, að mestu víxillán, og fær fé frá seðlabankanum til að lána þeim fyrirtækjunum, sem komið hefir verið upp með tilstyrk iðnlánasjóðs og iðnlánasjóður mælir með að fái lánin, en lánin frá iðnbankanum notast einvörðungu til rekstrar. Iðnlánasjóðurinn fær hér því nokkurskonar yfirráð og hefir milligönguna við seðlabankann með höndum.

Jafnframt þessu er nauðsynlegt að setja gjaldeyrisreikning landsins við útlönd upp í líkingu við nokkurskonar fjárlög, því nauðsynlegt er að leggja fé til hliðar til vélakaupa og hráefna fyrir iðnaðarfyrirtækin. Sannleikurinn er, að það er a. m. k. eins mikilvægt að hafa yfirsýn og forsjá um gjaldeyrisreikninginn eins og fjárlög ríkisins, eins og nú er háttað. Ætti þetta beinlínis að vera hlutverk ríkisins, eins og nú er háttað skipulagningu á fjármálum þjóðarinnar. Í ritgerðinni „tillögur um breytingar á innflutnings- og gjaldeyrisreglum“ hefi ég hugsað mér, að þetta verkefni væri falið seðlabanka, sem gerði áætlun um gjaldeyristekjur þjóðarinnar og skipti þeim niður á nauðsynlega útgjaldaliði, líkt því sem fjármálaráðherra fer með fjárlögin. Þessu er ekki hægt að andmæla með því, að óvissar og breytilegar útflutningstekjur valdi því, að skipuleg meðferð á gjaldeyrisreikningum sé óframkvæmanleg. Þessar ástæður gera einmitt skipulagninguna enn nauðsynlegri. Það má draga úr óvissunni með því að miða innflutninginn við áreiðanlegar gjaldeyristekjur undanfarandi árs, og þetta er í rauninni sama sem að setja á stofn nokkurskonar jöfnunarsjóð (konjuktur utjämningsfond), því að samkvæmt þessu fyrirkomulagi flyzt gjaldeyrir frá ári með góðum útflutningstekjum yfir á næsta ár á eftir (þ. e. góðæristekjum er ekki eytt jafnharðan).

Lán þau og styrkir, sem iðnlánasjóðurinn lætur í té, eiga að mestu leyti að fara í innflutning á vélum og hráefnum, enda yrði hvorttveggja sett sem trygging fyrir lánunum, og innflutningsleyfin yrðu veitt samkvæmt meðmælum iðnlánasjóðsins. Í „gjaldeyrisfjárlögunum“ yrði lagt til hliðar fé fyrir innflutningi á vélum og hráefni til innlendrar iðju, og á sú upphæð að samsvara upphæð lánveitinganna. Hugsanlegt er, sökum þess hve nú er mikill skortur á gjaldeyri, að fyrsta árið verði ekki unnt að leggja þetta fé til hliðar nema með því að draga úr innflutningsleyfum fyrir annan innflutning, t. d. efni til húsbygginga. En skilyrðin fyrir því að fá lán og leyfi frá iðnlánasjóðnum tryggja það hinsvegar, að gjaldeyrir sá, sem notaður er í þessu augnamiði, endurgreiðist síðar með fullum vöxtum sem aukinn gjaldeyrir. Standist dæmi það, sem að ofan greinir, þá ættu 500 þús. kr., sem varið er á þennan hátt eitt árið — þótt gjaldeyrisnefndin héldi innflutningi neyzluvara óbreyttum — að gefa 1 millj. króna hagnað á greiðslureikningnum næsta ár, og með því væri gert auðveldara að leggja fé til hliðar þá til nýrra fyrirtækja o. s. frv., jafnframt því, sem atvinnuleysisvandræðin væru að minnsta kosti að nokkru leyst. Við það skal þó kannazt, að ekkert verður endanlega um þetta sagt, fyrr en umsóknirnar til iðnlánasjóðs fara að berast að og reynsla er af þessu fengin.“

Eins og frv. ber með sér, hefir skipulagsnefnd í höfuðatriðum samið það eftir tillögum Lundbergs. Þó hefir nefndin ekki treyst sér til þess að taka upp í frv. tillögu Lundbergs um vaxtalág og jafnvel vaxtalaus lán til iðnaðarfyrirtækja, er gefa mikinn gjaldeyrishagnað en erfitt er að reka öðruvísi en með tapi. Hefir nefndin ekki séð leið til þess að samræma slík lán rekstri sjóðsins. Ef til þess kemur, að slík fyrirtæki verði sett af stað, er eðlilegast að veita þeim beinan styrk, og verður þá að afla fjár til þess á annan hátt en þann, er duga mundi iðnlánasjóði þeim, er nefndin ætlast til, að settur verði á stofn samkvæmt þessu frumvarpi.

Einnig er a. n. l. vikið frá tillögum Lundbergs með því, að ætlazt er til, að sjóðurinn veiti bæði stofnlán og rekstrarlán. Þó er þetta meir að nafni til en í raun, því að til þess er ætlazt, að allar lánveitingar úr sjóðnum verði miðaðar við fastar eignir fyrirtækjanna, er lánveitingar fá, og aðeins gegn veði í húsum og vélum.

Nefndin ætlast til þess, að höfuðstóls fyrir sjóðinn sé aðallega aflað með aðflutningsgjaldi á erlendum iðnaðarvörum. Þetta aðflutningsgjald má öðrum þræði skoða sem lágan verndartoll fyrir innlendan iðnað, meðan hann er að koma fyrir sig fjármagni, svo að hann geti verið samkeppnisfær, en að hinum þræði er það tilraun til að láta erlendan iðnað leggja innlendum iðnaði í hendur ofurlitinn hluta af því fé, sem hann þarfnast svo mjög. Nefndinni telst svo til, að síðasta árið, sem prentaðar verzlunarskýrslur eru til fyrir, árið 1934, hafi innflutningur þeirra vara, sem skattleggja mætti í þessu augnamiði, verið um 24 millj. kr. Eru þar taldar sykurvörur, vindlar og vindlingar, garn, tvinni, kaðlar, vefnaðarvörur allar og fatnaður, vörur úr skinni, hári og beini, hreinsuð dýrafeiti, vörur úr feiti, olíu og gúmmí, trjávörur, pappír og pappi, vörur úr pappír og pappa, vörur úr strái, efnavörur, sement, gibs og kalk, vörur úr leir og gleri, vörur úr járni og stáli, öll smærri skip, rafmagnsvörur og áhöld og vélar, sem smíða má í landinu sjálfu. Gera má ráð fyrir, að innflutningur á þessum vörum fari minnkandi eftir því, sem innlendur iðnaður vex, og vex þá höfuðstóll sjóðsins hægar. En þá fara líka að koma inn afborganir af veittum lánum, svo að því ætti að mega treysta, að fé það, er sjóðurinn hefir til ráðstöfunar árlega, fari frekar vaxandi en þverrandi.

Með því að gera ráð fyrir árlegu framlagi frá ríkinu 50 þús. kr. og 200 þús. kr. aðflutningsgjaldi, er sjóðurinn fær, og að fullnotuð verði heimildin til útgáfu á handhafavaxtabréfum, eins og ráð er fyrir gert í frv., hefir sjóðurinn á ári hverju 750 þús. kr. til nýrra lána fyrstu árin, þar til farið er að borga af lánunum, og þá vitanlega meiri upphæð. Þetta verður að vísu ekki talið stórfé, en er þó vissulega mikil bót fyrir iðnaðinn frá því, sem nú er, þar sem hann hefir raunar ekki í neitt visst hús að venda um lánsfé.

Búast má við því, að raunverulegir vextir af handhafavaxtabréfunum verði um 6%. Með því að höfuðstóllinn sé látinn vera vaxtalaus, er fé það, er sjóðurinn hefir til umráða, með 4% vöxtum að meðaltali, eða með jöfnum vöxtum og Landsbankinn greiðir af sparifé. Vextir af láninu úr sjóðnum ættu ekki að þurfa að vera nema 1—1½%, hærri, eða 5—5½%.

Nd. 96. Frumvarp til laga

um breyting á lögum um Landsbanka Íslands, nr. 10 15. apríl 1928.

Flm.: Héðinn Valdimarsson, Jónas Guðmundsson, Páll Þorbjörnsson, Finnur Jónsson, Emil Jónsson, Sig. Einarsson, Stefán Jóh. Stefánsson.

1. gr.

34. gr. laganna orðist svo:

Landsbankanefndin er skipuð 15 mönnum, sem sameinað Alþingi kýs með hlutfallskosningu í fyrsta sinn, er það kemur saman að afstöðnum alþingiskosningum.

Kjörtímabil nefndarinnar er hið sama sem kjörtímabil alþingismanna. Endurkjósa má menn í nefndina. Kosnir skulu á sama hátt og til sama tíma varamenn, sem taka sæti í nefndinni í forföllum aðalmanna eftir þeirri röð, sem þeir hafa verið kosnir á hverjum lista. Er kosning fer fram, skal afhenda lista með helmingi fleiri nöfnum en kjósa á menn í nefndina. Sá, sem næstur er að atkvæðamagni þeim, sem kosningu hlýtur á hverjum lista, skal vera 1. varamaður þess lista um kjörtímabil það, er listinn á við, og svo hver af öðrum innan listans, þannig, að sá, sem næstur er að atkvæðamagni, kemur jafnan í stað þess, sem næstur er á undan að atkvæðamagni.

Nú kemur það fyrir, að nefndin verður eigi fullskipuð vegna fráfalls eða forfalla aðalmanna og varamanna eins eða fleiri þingflokka, og skal þá sá eða þeir þingflokkar, sem höfðu kosið þá nefndarmenn, er eigi gátu mætt vegna forfalla, tilnefna varamann eða varamenn í þeirra stað í nefndina. Ef vafaatriði um þessi efni koma fyrir, sker nefndin úr þeim með atkvæðagreiðslu og sendir Alþingi skýrslu um málið.

Landsbankanefndarmenn fá enga þóknun fyrir störf sín.

2. gr.

35. gr. laganna orðist svo:

Þegar landsbankanefnd hefir verið kosin, kýs hún með hlutfallskosningu 4 menn í bankaráð og 4 menn til vara.

Formann bankaráðs og varaformann skipar ráðherra sá, sem fer með bankamál. Kjörtímabil bankaráðsmanna og varamanna er hið sama og kjörtímabil landsbankanefndar, og gildir skipun formanns og varaformanns bankaráðs sama tíma. Formann bankaráðs má endurskipa og hina 4 bankaráðsmenn má endurkjósa.

Varamenn taka sæti í bankaráði í forföllum aðalmanna.

Ef formaður eða varaformaður fellur frá eða verður óhæfur til starfans áður en starfstími hans er á enda, skipar ráðherra nýjan varamann. Ef nefndarkosinn bankaráðsmaður og varaformaður forfallast á sama hátt áður en starfstími hans er á enda, kýs landsbankanefndin annan í hans stað. Bankaráðsmenn skulu allir vera búsettir í Reykjavík eða svo nálægt Reykjavík, að þeim sé auðvelt að sækja bankaráðsfundi hvenær sem er.

Formaður bankaráðsins hefir 4000 krónur í ársþóknun, en hinir bankaráðsmennirnir 2000 krónur hver.

3. gr.

Tölustafurinn „4“ í 38. gr. laganna, 3. málsgr., breytist í 2.

4. gr.

39. gr. laganna, 1. málsgr. 1. málsl., orðist svo:

Á fyrsta aðalfundi nefndarinnar í hvert sinn eftir að ný kosning hefir farið fram í nefndina, samkv. 34. gr., kýs nefndin sér forseta fyrir kjörtímabilið.

5. gr.

40. gr. laganna orðist svo:

Nefndarfundur er lögmætur, ef meiri hluti nefndarmanna sækir fundinn.

Nú mætir eigi meiri hluti nefndarmanna, og skal þá boða til fundar á ný með löglegum fyrirvara, og er þá sá fundur lögmætur, þó eigi mæti meiri hluti nefndarmanna.

Á nefndarfundum ræður afl atkvæða úrslitum. Ef atkvæði eru jöfn, sker atkvæði forseta úr.

6. gr.

a. c-liður 2. málsliðar 41. gr. laganna orðist svo:

Ef þess er krafizt af 3 nefndarmönnum að minnsta kosti, skulu kosningar þær, er um ræðir í þessum lið, vera hlutfallskosningar.

b. e-liður sömu greinar orðist svo:
Að taka ályktun um önnur mál, sem lögð verða fyrir nefndina samkvæmt lögum þessum, eða eftir ósk bankaráðs eða ráðherra, eða nefndin sjálf álítur mikilsvarðandi fyrir hag bankans og ákveður að taka til meðferðar.

7. gr.

a. Á eftir i-lið 43. gr. laganna komi nýr liður, er verði j-liður, svo hljóðandi:
Að hafa eftirlit með því, að lánveitingar til einstakra manna eða fyrirtækja eigi fari fram úr því, sem lög bankans leyfa á hverjum tíma.

b. Við k-lið sömu greinar bætist nýr málsl., svo hljóðandi:
Þó er bankaráði óheimilt á annan hátt en að framan greinir að gefa einstökum skuldunautum bankans eftir skuldir án gjaldþrotaskipta, ef eftirgjöfin nemur 100 þús. kr. eða meira, eða óvenjulegan greiðslufrest (moratorium) nema samþykki landsbankanefndar komi til.
Liðatalan breytist samkv. þessu.

8. gr.

Aftan við 48. gr. laganna bætist ný grein, svo hljóðandi:
Bankinn má eigi veita neinum viðskiptamanni hærri upphæð að láni en sem nemur ¼ af stofnfé bankans á hverjum tíma, og skulu í upphæð þessari talin samanlögð lán viðskiptamanns úr seðlabankanum, sparisjóðsdeild og veðdeild bankans. Ákvæði þetta gildir eigi um lánveitingar bankans til annara banka eða sparisjóða.
Með samþykki bankanefndar má hækka lánahámark þetta, ef um opinber fyrirtæki er að ræða, Samband íslenzkra samvinnufélaga, Sölusamband íslenzkra fiskframleiðenda eða önnur slík stórfelld atvinnusambönd margra innlendra fyrirtækja, er ná yfir allt landið, svo og ef um fyrirtæki er að ræða, sem þegar lög þessi eru samþykkt standa í hærri skuld við bankann en að ofan greinir. Undanþágur frá lánahámarki þessu getur landsbankanefndin þó eigi veitt lengur en til eins árs í senn. Framkvæmdarstjórn bankans skal gefa bankaráði og landsbankanefnd vikulegar skýrslur um samanlagða lánshæð viðskiptamanna bankans, er standa í meiri skuld við bankann á hverjum tíma en um getur í 1. málsgr. þessarar greinar.

9. gr.

60. gr. laganna orðist þannig:
Kosning í landsbankanefndina fer fram í fyrsta skipti samkvæmt lögum þessum á Alþingi 1937. Þegar eftir að lög þessi eru gengin í gildi, skal sá, sem flest atkvæði hefir fengið við kosninguna í landsbankanefndina, kveðja nefndina til fundar og sjá um kosningu 4 manna í bankaráðið. Jafnframt skipar ráðherra sá, er fer með bankamál, formann bankaráðsins.

10. gr.

71. gr. laganna orðist svo:
Lög þessi öðlast þegar gildi. Þá er þau hafa öðlazt staðfestingu konungs, skal færa þau inn í meginmál laga nr. 10 frá 15. apríl 1928 og gefa þau út svo breytt.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er borið fram í því skyni að tryggja það, að yfirstjórn Landsbanka Íslands, sem er ríkiseign og þjóðbanki landsins, skuli vera í samræmi við vilja þjóðarinnar og meiri hluta Alþingis á hverjum tíma, þannig að það geti ekki átt sér stað í stórfelldum málum bankans, er varða hag alls almennings, að yfirstjórn bankans fylgi fjármálastefnu né geri stórfelldar fjármálaframkvæmdir, sem séu gagnstæðar óskum þjóðarinnar og meiri hluta þingfulltrúa hennar.
Eins og landsbankalögin eru nú úr garði gerð, er yfirstjórn bankans í hönd-

um landsbankanefndar og bankaráðs, og er ætlazt til, að það haldist óbreytt, en kosningaskipun til þessarar yfirstjórnar bankans breytist þannig, að í stað þess, að nú eru í landsbankanefnd hinir 15 nefndarmenn kosnir af þinginu í þrennu lagi, til 6 ára í senn hverjir 5, og bankanefndin kýs nú síðan 4 bankaráðsmenn í tvennu lagi til 4 ára hverja 2, en formaður er nú skipaður til 5 ára í senn af ráðherra, komi hin einfalda lýðræðisregla, að bankanefndin sé kosin af þinginu öll í einu lagi, með hlutfallskosningum, þegar er þing kemur saman að nýafstöðnum kosningum, í fyrsta sinn þó á yfirstandandi þingi, en bankanefnd kjósi þá þegar 4 bankaráðsmenn með hlutfallskosningum, en formaður verði svo skipaður af ráðherra. Kjörtímabil alls bankaráðsins verði hið sama sem landsbankanefndar. Á þennan hátt verður yfirstjórn peningamála landsins í samræmi við lýðræðiskröfur nútímans.

Þá er og ætlazt til þess, að starfsemi bankaráðsins, sem hefir verið svo að segja eftirlitslaus, verði háð nokkru eftirliti af hálfu landsbankanefndar, sem verður að skoða sem fulltrúaráð bankans. Nefndinni er því gefið vald til að gera ákvarðanir um mikilsvarðandi mál um hag bankans, og sérstaklega skal bera undir nefndina, ef um stórfelldar eftirgjafir væri að ræða til skuldunauta bankans, eða stórfelldar lánveitingar úr bankanum til einstakra fyrirtækja, sem telja mætti ofviða fjármagni bankans og því hættulegar fyrir afkomu hans. Í frumvarpinu er sett það hámark lánveitinga til einstakra fyrirtækja, að samanlögð lánin úr bankanum nemi eigi meira til neins fyrirtækis en ¼ hluta stofnfjár bankans, eins og gildir um ríkissjóð, og virðist það þó hátt hámark á móts við fjármagnsþol bankans, en þó er gert ráð fyrir, að með leyfi landsbankanefndar, er gildi þó ekki nema eitt ár í senn, sé hægt að hækka þetta hámark, ef um opinber fyrirtæki er að ræða, landssamtök atvinnufyrirtækja landsmanna eða jafnvel einstakra manna fyrirtæki, sem nú þegar skulda bankanum meira en hér um ræðir, svo að þau geti haft tíma til að koma sér fyrir með fjármagnsþörf sína á annan hátt.

Vald framkvæmdarstjórnar bankans er óbreytt samkv. frumvarpi þessu og hinn daglegi rekstur bankans, en ætlazt er til, að samþykkt frumvarpsins hafi í för með sér þá tengingu yfirstjórnar bankans við þjóðarvilja og þjóðarhagsmuni, að Landsbanka Íslands verði í stórum dráttum framvegis stjórnað með þetta fyrir augum, en verði ekki eins og sérstakt ríki í ríkinu, sem fylgi óþekktum markmiðum.

Einstakar greinar frumvarpsins þarfnast ekki nánari skýringar.

Nd. 97. Frumvarp til laga

um skiptameðferð á búi h/f Kveldúlfs í Reykjavík.

Flm.: Héðinn Valdimarsson, Stefán Jóh. Stefánsson, Emil Jónsson, Páll Þorbjörnsson, Sig. Einarsson, Finnur Jónsson, Jónas Guðmundsson.

1. gr.

Með því að fyrir liggur, að h/f Kveldúlfur í Reykjavík skuldar Landsbanka Íslands og Útvegsbanka Íslands h/f um 5 milljónir króna, auk annara skulda, að vanskil hafa orðið um langan tíma á greiðslu vaxta af skuldum þessum, að félagið hefir verið rekið með verulegu tapi nokkur undanfarin ár og telja má ólíklegt, að eignir félagsins muni nægja til greiðslu á skuldum þess, þá skal tafarlaust velja þriggja manna nefnd til þess að meta eignir h/f Kveldúlfs, og skipar landsbankanefnd einn manninn, fulltrúaráð Útvegsbanka Íslands h/f annan og hæstiréttur þann þriðja, er sé formaður nefndarinnar. Nú tilnefnir einhver ofangreindra aðilja ekki mann í nefndina af sinni hálfu innan þriggja daga frá stað-

festingu laga þessara, og skipar þá ráðherra sá, sem með bankamál fer, mann í hans stað.

Nefnd þessi skal tafarlaust framkvæma skyndimat á eignum h/f Kveldúlfs, og skal hún hafa frjálsan aðgang að öllum gögnum félagsins, er varða efnahag þess. Matsverð sitt skal hún miða við verðlag á eignum félagsins í frjálsri sölu á yfirstandandi tíma.

Að afloknu starfi sínu skal nefndin afhenda ráðherra þeim, er með bankamál fer, skýrslu um niðurstöðu matsins, og leiði það mat í ljós, að félagið eigi ekki lengur fyrir skuldum, þá skal bú h/f Kveldúlfs þegar tekið til skiptameðferðar sem þrotabú, og skal það sæta þeirri skiptameðferð, er í lögum þessum greinir.

2. gr.

Skiptin framkvæmir fimm manna skilanefnd. Tveir nefndarmanna skulu kosnir hlutfallskosningu af bankanefnd Landsbanka Íslands, Útvegsbanki Íslands h/f og Deacon's Bank í Englandi tilnefna hvor sinn nefndarmann, en hinn fimmta tilnefnir atvinnumálaráðherra, og skal sá vera formaður skilanefndarinnar. Tilnefni einhver fyrrnefndra banka ekki nefndarmann eða nefndarmenn af sinni hálfu, nefnir atvinnumálaráðherra nefndarmann eða nefndarmenn í þeirra stað. Skilanefndarmenn eru opinberir sýslunarmenn og hafa réttindi og skyldur samkvæmt því. Verði ágreiningur innan skilanefndarinnar, ræður afl atkvæða úrslitum.

3. gr.

Meðan skiptin standa yfir, má hvorki taka til greina neina kröfu um gjaldþrotaskipti á búi h/f Kveldúlfs né leggja löghald eða löggeymslu á eignir þess, eða gera í þeim fjárnám eða aðra fullnustugerð. Kyrrsetning, sem gerð kann að hafa verið í eignum búsins fyrir upphaf skipta, fellur úr gildi.

4. gr.

Við skiptin skal farið eftir reglum þeim, sem gilda við gjaldþrotaskipti um uppskrift og virðing eigna, um innköllun skuldheimtumanna og áhrif hennar, um lögregluréttarrannsókn í sambandi við greiðsluþrotin, um skuldajöfnuð, um ógildingu gerninga, fjárnáms eða löggeymslu og um skuldaröð. Ákvæði 9. gr., 11. gr., 12. gr., 14. gr., 16. gr., 18. gr., 32. gr., 37. gr., 38. gr. og 39. gr. gjaldþrotaskiptalaganna, nr. 25 frá 14. júní 1929, skulu og gilda um skipti þessi.

Uppskrift og virðing eigna fer fram í skiptarétti þegar eftir að skilanefnd er fullskipuð samkv. 2. gr. Upphaf skipta telst frá þeim tíma, er uppskrift hefst.

5. gr.

Skilanefnd skal haga skiptum þannig, að sem allra minnst truflun verði á rekstri atvinnutækja búsins. Heimilt er nefndinni að taka lán eftir þörfum til þess að standast nauðsynlegar greiðslur meðan á skiptunum stendur, svo sem til varðveizlu eignanna, rekstrar atvinnutækjanna, meðan þau eru óseld, og lúkningar annars kostnaðar, sem skiptin hafa í för með sér. Þeir, sem slík lán veita, verða forgangskröfuhafar í búinu samkvæmt 82. gr. b. skiptalaganna nr. 3 12. apríl 1878.

6. gr.

Skilanefnd er heimilt að ráða framkvæmdarstjóra til að annast rekstur atvinnutækjanna, meðan þörf gerist. Laun hans, sem skilanefnd ákveður, svo og laun skilanefndarmanna, sem úrskurðuð skulu af atvinnumálaráðherra, greiðast sem annar kostnaður við búskiptin af eignum þess með forgangsrétti samkvæmt 82. gr. b. skiptalaganna.

7. gr.

Að loknum innköllunarfresti ber skilanefnd að semja skrá, svo fljótt sem unnt er, um skuldir þær, sem lýst hefir verið, og raða þeim niður, ef þess gerist þörf, sam-

kvæmt 8. kap. B. ofangreindra skiptalaga. Síðan leggur nefndin skrána fram á fundi, sem boðaður hefir verið skuldheimtumönnum á sama hátt og venja er um skiptafundi í búum. Á fundi þessum ber að yfirskoða skrána og skora á hlutaðeigendur að láta í ljós álit sitt um skuldakröfurnar. Nú vefengja þeir skuld eða halda því fram, að hún sé ekki á réttum stað í skuldaröðinni, og skulu þeir þá bera upp mótmæli sín á fundinum, eða í síðasta lagi áður en 4 vikur eru liðnar frá fundardegi. Nú næst ekki samkomulag um skuldakröfu eða sæti hennar í skuldaröð, og má þá leggja þann ágreining undir úrskurð dómstólanna, en gera skal það í síðasta lagi innan tveggja mánaða frá fundi þeim, er fyrr var nefndur.

8. gr.

Eftir að liðnar eru 4 vikur frá fundi þeim, er um ræðir í 7. gr., getur skilanefnd greitt af fé því, sem inn kemur, upp í kröfur skuldheimtumanna, eftir því sem varlegt þykir.

Þegar er skilanefnd telur sér fært að ljúka skiptum, semur hún frumvarp til úthlutunargerðar, og skal það lagt fram á fundi, sem skuldheimtumenn eru boðaðir til, með þeim hætti, sem í 7. gr. segir. Ef þeir þá eigi lýsa allir yfir því, að þeir fallist á frumvarpið, eða koma eigi allir á fundinn, skal frumvarpið vera enn tvær vikur til sýnis hjá skilanefnd, og verða þeir, er mótmæli vilja hefja, að koma fram með þau áður en sá tími er liðinn. Nú rís ágreiningur út af frumvarpinu fyrir lok ofangreinds frests, og samkomulag næst ekki við skilanefnd, og er þá heimilt að bera þann ágreining undir dómstólana, enda sé það gert innan mánaðar frá fundi þeim, sem um ræðir í þessari grein.

9. gr.

Upphaf og lok skiptanna skal tilkynnt til hlutafélagaskrár.

10. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Eins og segir í 1. gr. frv. þessa, liggur það fyrir og mun kunnugt flestum, og þó einkum þeim, er þekkja til bankanna, að h/f Kveldúlfur skuldar nú tveim höfuðbönkum landsins um 5 millj. kr., auk verulegra skulda annarsstaðar (erlendis). Þetta félag hefir nú um eitt ár ekki getað greitt áfallna vexti af víxlum sínum í bönkunum, og er svo langt komið, að Útvegsbankinn hefir neyðst til þess að höfða mál á hendur félaginu til greiðslu á 900 þús. kr. í víxlum, er legið hafa afsagðir næstum heilt ár, og eru áfallnir vextir því á þessum víxlum orðnir 70—80 þús. kr. Víxlar félagsins í Landsbankanum munu og flestir hafa legið í afsögn langan tíma, og áfallnir, vangreiddir vextir af víxlum félagsins 200—300 þús. kr. Undanfarin ár hefir félag þetta verið rekið með miklu tapi, allt frá 200—800 þús. kr. á ári, og skuldir félagsins aukizt stórlega við Landsbankann á síðustu árum. Þó að félag þetta eigi allmiklar eignir, þá eru samt sumar þeirra ekki mikils virði, margar þannig, að þær eru með öllu óarðgæfar og mjög örðugt að selja þær nokkru verulegu verði. Allar líkur benda til, að eignir félagsins séu ekki jafnmikils virði og skuldir þess, enda mun liggja fyrir rökstutt álit formanns bankaráðs Landsbankans um það, að félagið vanti að minnsta kosti $^3/_4$ úr milljón til þess að eiga fyrir skuldum, — en rétt þykir að fá úr því skorið með skyndimati hæfra, óvilhallra manna. Leiði það mat í ljós, sem líklegt þykir, að félagið eigi ekki fyrir skuldum, þykir sjálfsagt, að það verði tekið til gjaldþrotaskipta, enda er það þá í fullu samræmi við ákvæði gjaldþrotaskiptalaganna, nr. 25 14. júní 1929. Nú er það svo, að aðalkröfuhafar félagsins eru Landsbanki Íslands, sem er eign ríkisins, sbr. upphaf 1. gr. landsbankalaganna, nr. 10 15. apríl 1928, og Útvegsbanki Íslands, þar sem ríkis-

sjóður á mikinn meiri hluta hlutafjárins. Það skiptir því íslenzka ríkið og löggjafarvaldið að sjálfsögðu miklu máli, að þessir bankar hætti ekki til lengdar of fjár — sparisjóðsfé landsmanna, sem ríkið ber ábyrgð á, — til áframhaldandi útlána til fyrirtækis, sem ekki á lengur fyrir skuldum og rekið er með stórkostlegu tapi árlega, ekki sízt, eins og full ástæða er til að ætla, að þetta fyrirtæki sé rekið með óhæfilega miklum stjórnarkostnaði og árlega sé tekið úr því stórfé til afnota handa nokkrum fjölskyldum, sem raunverulega eiga ekkert lengur í fyrirtækinu.

Þar sem höfuðlánardrottnar h. f. Kveldúlfs, Landsbankinn og Útvegsbankinn, hafa til þessa hliðrað sér hjá að ganga að félaginu og heimta á því gjaldþrotaskipti, þykir ekki verða hjá því komizt að setja sérstök lög um skiptameðferð á búi félagsins, ef það reynist ekki eiga fyrir skuldum, af ástæðum þeim, er að framan greinir. Og með því að skipti á búi þessu hljóta að verða mjög umsvifamikil og taka langan tíma, þykir nauðsynlegt að lögbjóða um sérstaka skilanefnd, er skipuð sé af aðalskuldheimtumönnum félagsins og ríkisvaldinu. Í samræmi við þetta eru ýms ákvæði frumvarpsins, sem óþarfi er að rekja. En á það skal þó sérstaklega bent, að gert er ráð fyrir því í 5. gr. frv., að ekki verði nein veruleg truflun á rekstri atvinnutækja búsins, og að skilanefndin haldi fyrst um sinn áfram útgerðarstarfsemi. Og á það atriði ber að leggja sérstaka áherzlu. Það er nauðsynlegt, að útgerðarstarfsemin verði rekin áfram og framleiðslustarfsemin ekki stöðvuð, og að sjálfsögðu er þá hagkvæmast og eðlilegast, að nauðsynlegum framleiðslutækjum félagsins sé ekki sundrað né þeim dreift sitt í hverja áttina.

Að öðru leyti þykir ekki þurfa að skýra frv. nánar, en að málinu verður nánar vikið í framsögu.

Nd. 98. Nefndarálit

um frv. til l. um viðauka við l. nr. 85 frá 23. júní 1936, um meðferð einkamála í héraði.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefir athugað frv. og er öll á einu máli um að leggja til, að það verði samþykkt. Hinsvegar telur nefndin rétt að bæta úr misgáningi, er átti sér stað við afgreiðslu laganna á síðasta Alþingi, og leggur því til, að frv. verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGU.

Á undan 1. gr. frv. komi ný gr., sem verði 1. gr., svo hljóðandi (og breytist greinatalan samkv. því):

Aftan við 27. gr. laganna bætist ný málsgr., svo hljóðandi:

Sækjandi greiðir til bráðabirgða ferðakostnað og dagpeninga og gjald fyrir sáttatilraun og úrskurð samkvæmt b-lið 1. málsgr. 21. gr., og verjandi fyrir úrskurð samkv. a-lið sömu málsgr., en í sátt og úrskurði skal að lokum kveða á um það, hvern þátt verjandi og sækjandi eftir a-lið 1. málsgr. 21. gr. skuli taka í greiðslum þessum.

Alþingi, 16. marz 1937.

Héðinn Valdimarsson, form.	Stefán Jóh. Stefánsson, frsm.	Bergur Jónsson, fundaskr.
Thor Thors.	Garðar Þorsteinsson.	

Nd. 99. Breytingartillögur

við brtt. á þskj. 70 (Kreppulánasjóður).

Flm.: Bergur Jónsson, Thor Thors, Garðar Þorsteinsson.

1. Við 2. mgr. brtt. Málsgreinin orðist þannig:
   Ríkisstjórninni heimilast að fela stjórn kreppulánasjóðs að nota það, sem eftir er af skuldabréfum kreppulánasjóðs bæjar- og sveitarfélaga, til skuldaskila þeirra sveitarfélaga, er leitazt hafa fyrir um skuldaskil úr sjóðnum síðan hann lauk starfsemi sinni, og þeim öðrum sveitarfélögum, er umsóknir kunna að senda fyrir 1. september 1937. Það fé, sem afgangs kann að verða, er framangreindum skuldaskilum er lokið, má lána þeim bæjarfélögum, sem á síðastliðnu ári fengu eigi fullnægjandi afgreiðslu hjá sjóðnum.
2. Við 3. mgr. Í stað „1. júlí 1937“ komi: 1. jan. 1938.

Nd. 100. Frumvarp til laga

um veiting ríkisborgararéttar.

Frá allsherjarnefnd.

Ríkisborgararétt skulu öðlast:

1. Eide, Hans, kaupmaður í Reykjavík, fæddur í Noregi.
2. Haarde, Tomas, stöðvarverkstjóri í Reykjavík, fæddur í Noregi.
3. Halblaub, August, vélstjóranemi á Akureyri, fæddur í Þýzkalandi.
4. Halblaub, Sólveig, verkakona á Akureyri, fædd á Íslandi, en hefir misst íslenzkan ríkisborgararétt.

Greinargerð.

Nefndinni hafa borizt nokkrar umsóknir um ríkisborgararétt. Aðeins þeir, sem í frv. eru nefndir, fullnægja skilyrðum gildandi laga um, hvernig menn geta öðlazt ríkisborgararétt. Leggur nefndin því til, að þessum mönnum verði veittur ríkisborgararéttur.

Ed. 101. Nefndarálit

um frv. til laga um framlenging á gildi ýmsra lagaákvæða um tekjuöflun fyrir ríkissjóð.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin gat ekki orðið sammála um frv. Tveir nefndarmanna (BSt og JBald) vilja mæla með því, en áskilja sér þó rétt til, hvor um sig, að bera síðar fram brtt. við frv. Þriðji nefndarmaðurinn (MJ) er mótfallinn frv.

Alþingi, 17. marz 1937.

Jón Baldvinsson, form.	Bernh. Stefánsson, fundaskr., frsm.	Magnús Jónsson, með fyrirv. skv. ofanrituðu.

Ed. 102. Nefndarálit

um frv. til laga um framlenging á gildi laga um verðtoll og bráðabirgðaverðtoll.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin leggur til, að frv. verði samþ. Einn nefndarm. (MJ) hefir þó fyrirvara um málið.

Alþingi, 17. marz 1937.

Jón Baldvinsson, form.	Bernh. Stefánsson, fundaskr., frsm.	Magnús Jónsson, með fyrirv.

Nd. 103. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 1 7. janúar 1935, um meðferð og sölu mjólkur og rjóma o. fl.

Flm.: Jörundur Brynjólfsson, Bjarni Ásgeirsson, Bjarni Bjarnason.

1. gr.

2. gr. laganna skal orða svo:

Í öllum þeim kaupstöðum og kauptúnum, þar sem fram getur farið dagleg sala á mjólk og rjóma frá mjólkurbúum, sem viðurkennd verða til þess af landbúnaðarráðherra, skal gjald, er nefnist verðjöfnunargjald, lagt á alla neyzlumjólk og rjóma frá mjólkurbúum, félögum eða einstökum mönnum.

Verðjöfnunargjaldið skal vera til verðuppbótar á þá mjólk, sem notuð er til vinnslu í viðurkenndum mjólkurbúum, sem starfa á verðjöfnunarsvæðinu, og slík verðjöfnun jafnan, eftir því sem við verður komið, miðuð við það, að allir mjólkurframleiðendur á verðjöfnunarsvæðinu fái sama verð fyrir mjólk sína komna á sölustað verðjöfnunarsvæðisins, unna eða óunna, enda skal þá stöðvarkostnaður allur, þar í talinn vinnslukostnaður hverrar tegundar, talinn jafn hjá öllum framleiðendum, en slíkan kostnað ákveður mjólkursölunefnd, eftir því sem hún telur hæfilegt, að fengnum skýrslum um slíkan starfrækslukostnað mjólkurbús eða búa á verðjöfnunarsvæðinu.

Undanþegin verðjöfnunargjaldi (sbr. þó 5. gr.) er mjólk, sem framleidd er á ræktuðu landi innan sama kaupstaðar og kauptúns, sem hún er seld í. Undanþágan gildir fyrir eina kú fyrir hvern fullræktaðan hektara af túni og hlutfallslega fyrir brot úr hektara, sem framleiðandi notar til fóðurframleiðslu innan kaupstaðarins eða kauptúnsins.

Við verðjöfnun samkvæmt fyrstu málsgrein skal þess gætt, að verð fyrir mjólk, sem framleidd er í bæjarlöndum Reykjavíkur og Hafnarfjarðar (miðað við bæjarlöndin eins og þau eru nú ákveðin) og framangreind undanþágu takmarkar (1 kýr á ha.), verði hið sama til framleiðanda sem á árinu 1936, að óbreyttu stöðvargjaldi, útsöluverði mjólkurinnar og því verði, sem aðrir framleiðendur á verðjöfnunarsvæðinu hefðu fengið, ef verðjöfnun samkvæmt ákvæðum þessarar greinar hefði verið framkvæmd fyrir árið 1936. Ef það verð lækkar um 5% eða meira, skal mjólkurverð til þeirra framleiðenda í bæjarlöndunum, er að ofan getur, á næsta ári lækka að sama skapi.

2. gr.

3. málsliður 3. gr. laganna („Verðjöfnunargjaldið skal vera ... á verðjöfnunarsvæðinu") fellur niður.

3. gr.

Á eftir 4. málslið 5. gr. laganna („skal þá ... úr hverri kú") kemur nýr málsliður: Nú kemur það í ljós í árslok, að hlutfallið milli mjólkurverðs til þeirra framleiðenda, er njóta undanþágu til mjólkursölu beint til neytenda, og hinna, er afhent hafa mjólk sína samsölunni, breytist um meira en 5% á árinu frá því, sem var á árinu 1936, og er þá mjólkursölunefnd heimilt að samræma verðið á næsta ári með hækkun eða lækkun verðjöfnunargjalds.

4. gr.

2. og 3. málsgr. 15. gr. laganna falli niður, en í stað þeirra komi svo hljóðandi málsgrein:

Ef mjólk, rjómi eða skyr er flutt inn á sölusvæði einhvers verðjöfnunarsvæðis af öðrum en þeim, sem sérleyfi hafa þar til sölu á þeim, eða ef þær finnast í bátum, skipum, bifreiðum eða öðrum flutningatækjum, svo nærri sölusvæði eða á leið til sölusvæðis, að telja má sannað, að átt hefir að flytja vörurnar inn á svæðið í heimildarleysi, þá skulu vörur þessar gerðar upptækar, og sá, er flutninginn annast, eða aðrir, sem meðsekir reynast, skulu sæta sektum samkvæmt ákvæðum 1. málsgreinar þessarar greinar.

Andvirði upptækrar vöru rennur í verðjöfnunarsjóð þess verðjöfnunarsvæðis, sem brotið er framið á.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt að tilhlutun landbúnaðarráðherra, og fylgdu því svo hljóðandi athugasemdir og skýringar:

Þegar mjólkurlögin voru upphaflega sett fyrir 2 og 2½ ári síðan, var talið, eftir því sem næst varð komizt, að öll mjólkurframleiðsla til sölu, er kom til mjólkurbúanna austan og vestan heiðar, mundi nema ca. 6,4 millj. lítrum. Var þá sölumjólk 3,4 millj. lítrar og vinnslumjólk 3 millj. lítrar.

Við þetta ástand og þessi söluhlutföll mjólkurframleiðslunnar á þessu svæði voru verðjöfnunarákvæði laganna upphaflega að mestu miðuð. Var þá talið, að 8% verðjöfnunargjald myndi nægja til að framkvæma fulla verðjöfnun meðal framleiðenda með hagkvæmari verkaskiptingu milli allra mjólkurbúanna.

Á þessu er nú orðin sú breyting, sem fáa óraði fyrir, að kæmi svo fljótt sem raun er á orðin, að hjá mjólkurbúunum á svæðinu hefir mjólkurframleiðslan aukizt um 83%, eða er nú 11,7 millj. lítrar, í stað 6,4 millj. lítra 1933. Aukningin hjá mjólkurbúunum er því orðin 5,3 millj. á þessum árum. Þess skal getið, að hvorki nú né 1933 er talin með sú mjólk, sem seld er á svæðinu utan samtaka mjólkurbúanna. Til samanburðar má geta þess, að hjá Norðmönnum, sem settu sér mjólkurlög 1930, hefir mjólkuraukning austanfjalls þar orðið ca. 27% á þeim 6 árum, sem síðan eru liðin, og er það talið gífurlega mikið þar. Þegar þess er nú gætt jafnframt, að langmestur hluti þessarar aukningar hjá oss fer í verðminnstu vinnsluvörurnar, eins og t. d. ost til útflutnings, gefur það að skilja, að verðjöfnunargjaldið, sem miðað var við að gæti jafnað verð á 3 millj. lítra, sem færi í vinnsluvörur, hrekkur skammt, þegar þetta er orðið eins og nú er, 6,7 millj. lítrar, og aukningin fer mestöll í verðminni vörur en vinnsluvörur þær, sem upphaflega þurfti að verðuppbæta.

Eftirfarandi yfirlit um greiðslur og tekjur verðjöfnunarsjóðs á árinu 1936 sýna þetta þá líka ljósast:

Kröfur til verðuppbóta á árinu 1936:

1. vegna vinnslu á mjólkurvörum		kr. 280682,87
2. vegna útflutnings á ostum		— 107805,36
		kr. 388488,23
Tekjur verðjöfnunarsjóðs á árinu 1936 hafa numið kr. 183596,96.		
Af þessu hafa verið greiddar eftirstöðvar verðuppbóta fyrir árið 1935	kr. 52436,48	— 131160,48
Á vantar		kr. 257327,75

Á þessu sést, að mjólkuraukningin fer strax á fyrsta ári fullkomins skipulags samkvæmt lögunum langt fram úr því, sem gert hefir verið ráð fyrir, og það svo, að enda þótt sölustjórnin ákvæði í upphafi, að 2 aurum skyldi greiða lægra fyrir vinnslumjólk búanna á sölustað en neyzlumjólk, vantar þó 52 þús. kr. á, að hægt sé að framkvæma þessa verðjöfnun. En það samsvarar ca. 1 eyr. á alla vinnslumjólkina. Er hún þá orðin 3 aurum lægri á sölustað en neyzlumjólkin. Þessi mismunur fer vitanlega vaxandi með auknu mjólkurmagni, og má bezt gera sér grein fyrir því með einföldu yfirliti um mjólkurmagn og kröfur til verðjöfnunar ár hvert:

Mjólkurmagnið 1935	9,9 millj. lítrar
Neyzlumjólk	4,8 — —
Vinnslumjólk	5,1 — —
	9,9 millj. lítrar

Verðjöfnunarsjóður:

Tekjur	185 þús. kr.
Kröfur	238 — —

og vantar þá ca. 1 eyri á hvern lítra vinnslumjólkur til að ná þessari verðjöfnun, eins og fyrr segir, eða **52 þús. kr.**

Mjólkurmagn 1936	11,7 millj. lítrar
Neyzlumjólk	5 — —
Vinnslumjólk	6,7 — —
	11,7 millj. lítrar

Verðjöfnunarsjóður:

Tekjur	183 þús. kr.
Kröfur	440 — —
(Þar með taldar 52 þús. kr. eftirst. frá f. ári.)	

og vantar þá 257 þús. kr., eða nálega 4 aura á hvern lítra vinnslumjólkurinnar, og er þá bilið á sölustað orðið í stað 2 aurar, eins og ætlað var, sem næst 6 aurar.

Með því að ekki verður annað séð en að aukinn aðflutningur að mjólkurbúunum sé enn fram undan, fer bil þetta vitanlega vaxandi, ef við svo búið er látið standa.

Er því bersýnilegt, að þau mjólkurbúin, sem hafa vinnsluvörurnar á markaðinum, síga niður ár frá ári í verði, meðan hin, sem hafa neyzlumjólkina, standa í stað með sitt verð. Þetta hlýtur að leiða til þess, að verkaskiptingin **verður** að hætta og takast upp skipting á markaðinum, sem tryggir öllum sama verð, ef lögin veita ekki heimild til fullkomnari verðjöfnunar en verðjöfnunargjaldið eitt hrekkur til. Yrði slíkt vitanlega öllum framleiðendum óhagstæðara.

Í lögunum eins og þau eru nú er ekkert ákvæði um það, hversu langt verðjöfnun skuli framkvæmd milli hinna ýmsu framleiðenda, sem senda vörur sínar á markaðinn, og var til þess ætlazt, að slíkt yrði samkomulagsatriði milli mjólkurbúanna sjálfra eða fulltrúa þeirra. En einmitt að þetta atriði var lagt í sjálfsvald þeirra, hefir máske meira en nokkuð annað orðið þess valdandi, að ósamkomulag og tortryggni hefir orðið mikil milli mjólkurbúanna við framkvæmd laganna, og hver viljað hafa sinn hlut sem mestan, eins og verða vill. Sé það hinsvegar sett inn í lögin, eins og hér er gert ráð fyrir, að öll mjólkurbúin skuli hafa sama verð, miðað við sölustað, er reiptog þetta útilokað, og allir hafa jafnan hag af því, að sölufyrirkomulagið haldist sem bezt. Sú hefir meðal annars orðið reynslan meðal Norðmanna, að samkomulag framleiðenda um söluna hefir mjög batnað síðan þeir tóku upp til fulls þetta ákvæði.

Rétt mun vera að benda á það, að enda þótt verðjöfnun milli mjólkurbúanna yrði þannig að fullu framkvæmd, að þau fengju jafnt verð fyrir vöru sína miðað við sölustað, þýðir það engan veginn, að allir framleiðendur fái sama verð fyrir mjólk sína. Þeir, sem næst eru sölustað, losna vitanlega við margvíslegan kostnað

móts við hina, er fjær búa, og fá því áfram hæsta verðið í sinar hendur. Þessu til skýringar má benda á, að árið 1935, þegar mismunur á sölustað varð raunverulega 3 au. á lítra milli vinnslu- og neyzlumjólkur, varð mismunurinn milli framleiðendanna miklu meiri. Þeir, sem þá seldu neyzlumjólkina, sem voru þeir, er næst voru sölustað, meðlimir Mjólkurfélags Reykjavíkur o. fl., fengu þá 6,6 au. hærra fyrir hvern lítra en meðlimir mjólkurbúanna, sem fjær eru, — sé tekið meðaltalið hjá þeim. Er þá miðað við, að flutningskostnaður hjá þeim, sem seldu neyzlumjólkina, sé að meðaltali 1 eyrir, og vinnsluatföll voru, eftir því sem þeir gáfu upp, ½ eyrir á lítra.

Þó að full verðjöfnun miðað við sölustað hefði því verið framkvæmd á árinu 1935, hefðu bændur þeir, sem nær búa og forgangsrétt fengu þá til sölu neyzlumjólkurinnar, samt fengið að meðaltali 3,6 aur. hærra verð fyrir hvern lítra en þeir, sem sendu mjólk sína til vinnslubúanna. Þetta kemur til af því, að auk flutningsins að mjólkurbúunum, sem allir framleiðendur hafa, verða fjarliggjandi mjólkurbúin auk þess að kosta flutning til sölustaðar. Auk þess er samkv. þessum ákvæðum til þess ætlazt, að mjólkurbúin hvert um sig beri ábyrgð á rekstri sínum, og þá að jafnaði miðað við það búið, sem minnstan hefir rekstrarkostnað. Það er því sjáanlegt, að hlutur þeirra, sem nær búa sölustað, verður ávallt betri, þrátt fyrir jöfnuð þann, sem hér er áformaður.

Með breytingu refsiákvæðanna er það ekki tilætlunin að gera þau strangari en ákvæði gildandi laga eru um þau efni, heldur einungis hitt, að skýra þau svo, að þau nái til þess verknaðar, sem þau áttu að gera. En raunin hefir orðið sú undanfarið, að ógerningur hefir reynzt með gildandi ákvæðum að hafa það eftirlit, sem þörf er á til að hindra brot á lögunum. Má slíkt vera ljóst, þar sem ekki hefir verið talið hægt að koma fram ábyrgð á hendur hinum seku, fyrri en þeir hafa að fullu selt og afhent hinar óleyfilegu vörur.

Að lokum skal þess getið, að landbúnaðarráðherra mun hafa í hyggju að koma fram með lagafrumvarp, ef þess gerist þörf, um nýtt fyrirkomulag á sölu smjörlíkis í landinu, og ennfremur um innflutningstoll á fóðurbæti, sem mjög hefir verið til athugunar undanfarin ár. Er þá ætlazt til, að þær tekjur, sem við þetta fást, renni í verðjöfnunarsjóð mjólkursamsölunnar, og minnka þá stöðugt líkurnar fyrir því, að verðjöfnunargjaldið þurfi að hækka frá því, sem nú er, til þess að ná þeim verðjöfnuði, sem gert er ráð fyrir í frumvarpinu.

Sþ. 104. Tillaga til þingsályktunar

um skipun milliþinganefndar til að endurskoða bankalöggjöf landsins o. fl.

Flm.: Bernh. Stefánsson, Sigfús Jónsson.

Alþingi ályktar að kjósa fimm manna nefnd í sameinuðu þingi, með hlutfallskosningu, til þess að endurskoða alla löggjöf landsins um banka, sparisjóði og aðrar lánsstofnanir.

Jafnframt er fjármálaráðherra heimilt að fela nefndinni sérstaka athugun á því, hvernig verðskráning íslenzkrar krónu verði bezt fyrir komið.

Fjármálaráðherra ákveður formann nefndarinnar.

Kostnaður við störf nefndarinnar greiðist úr ríkissjóði.

Greinargerð.

Landsbankalögin frá 1928 voru undirbúin af milliþinganefnd, en síðan hefir engin heildarathugun farið fram um bankamál landsins. Þá stóð svo á, að Lands-

bankinn var eini bankinn, sem rekinn var af ríkinu. Nú eru tveir bankarnir algerlega reknir á ábyrgð ríkisins og sá þriðji einnig að mestu leyti. Hefir fyrirkomulag bankastarfseminnar í landinu þannig stórbreytzt síðan „landsbankanefndin“ var að störfum. Þá hefir og allt viðhorf í viðskipta- og atvinnumálum þjóðarinnar einnig tekið miklum breytingum. Það virðist því vera kominn tími til þess að taka öll bankamál landsins til rækilegrar athugunar í einu lagi, og verður að telja heppilegast, að sú athugun fari fram í milliþinganefnd, sem allir aðalstjórnmálaflokkar landsins eigi fulltrúa í.

Ekki er ástæða til að ræða mikið um verkefni þeirrar milliþinganefndar í einstökum atriðum, sem tillagan gerir ráð fyrir, en benda má þó á, að full þörf virðist á því að taka meðal annars eftirfarandi atriði til athugunar:

1. Seðlaútgáfuna, verkaskiptingu bankanna og í sambandi við það, hvort ekki er hægt að gera bankarekstur hér á landi óbrotnari og ódýrari með því að fækka lánsstofnunum.
2. Skipting lánsfjárins til atvinnuveganna.
3. Yfirstjórn bankanna og valdsvið þeirra, fyrirkomulag endurskoðunar og eftirlits.
4. Launakjör starfsmanna í bönkunum. Margt fleira mætti og nefna, þó því sé sleppt hér.

Skoðanir manna um gengisskráningu íslenzkrar krónu eru mjög skiptar. Ýmsir halda því fram, að gengisfall krónunnar sé helzta og jafnvel eina bjargráð atvinnuveganna, en aðrir eru þar á alveg gagnstæðri skoðun. Gengi íslenzkrar krónu hefir nú í mörg ár fylgt gengi sterlingspundsins, en ekki verið miðað við framleiðsluvörur landsmanna. Engin ábyggileg rannsókn hefir heldur farið fram á því, hvaða gengi væri hæfilegt, miðað við vöruverð, framleiðslukostnað og þarfir atvinnuveganna yfirleitt, þó ekki hafi vantað staðhæfingar, lítt eða ekki rökstuddar, um þetta efni. En margþætt rannsókn þessa máls þarf að fara fram áður en frambúðarákvörðun er tekin um það. Hér er því lagt til, að milliþinganefndinni sé einnig falið að rannsaka, hvernig verðskráningu íslenzkrar krónu verði bezt fyrir komið.

Tillaga þessi er flutt fyrir hönd Framsóknarflokksins.

Ed. 105. Frumvarp til laga

um framlenging á gildi laga nr. 49 7. apríl 1936, um frestun á framkvæmd 2. og 3. málsgreinar 62. gr. laga nr. 26 1. febr. 1936, um alþýðutryggingar.

Frá allsherjarnefnd.

1. gr.

Gildi laga nr. 49 7. apríl 1936, um frestun á framkvæmd 2. og 3. málsgreinar 62. gr. laga nr. 26 1. febr. 1936, um alþýðutryggingar, framlengist til 1. júlí 1938.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt að tilhlutun atvinnumálaráðherra, og fylgdu því þessar athugasemdir:

Í undirbúningi er endurskoðun á alþýðutryggingalögunum frá 1936, en þar sem ekki verður unnt að afgreiða það mál fyrir 1. apríl þ. á., þegar ofangreind lög ganga úr gildi, er nauðsynlegt að framlengja gildi þeirra svo sem ákveðið er í frumvarpinu.

Nd. 106. Nefndarálit

um frv. til l. um heimild handa atvinnumálaráðherra til þess að veita sjóliðsforingja Pétri Sigurðssyni skýrimannsskírteini á íslenzkum skipum.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin leggur einróma til, að frumv. verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 18. marz 1937.

Finnur Jónsson, form. Páll Þorbjörnsson, frsm. Bergur Jónsson, fundaskr.
Jóhann Jósefsson. Sigurður Kristjánsson.

Nd. 107. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 37 19. maí 1930, um skráning skipa.

Frá sjávarútvegsnefnd.

3. gr. laganna orðist svo:

Fjármálaráðuneytið hefir yfirumsjón með mælingu skipa og skrásetningu.

Nú vill eigandi skips tryggja sér, að önnur skip verði eigi samnefnd skipi hans, og skal hann þá senda beiðni um það fjármálaráðuneytinu, sem getur heimilað nafntökuna. Sama er um einkarétt skipseigenda til reykháfsmerkja og annara einkenna á skipum, þar á meðal sérfána. Er bannað að nota skipanöfn eða einkenni, sem einkaréttur hefir verið veittur til samkvæmt framansögðu, eða svo lík þeim nöfnum og einkennum, að villum geti valdið. Þó mega haldast óbreytt nöfn skipa, sem skrásett hafa verið áður en lög þessi ganga í gildi. Fjármálaráðuneytið heldur skrá yfir nöfn og einkenni skipa, sem einkaréttur hefir verið veittur til, og sendir lögreglustjórum landsins tilkynningar um hver áramót um breytingar, sem orðið hafa á skránni, og viðauka við hana. Brot gegn einkarétti til skipanafna og einkenna varða sektum samkvæmt 24. gr.

Heimilt er ráðuneytinu að fela skipaskoðunarstjóra ríkisins að framkvæma öll þau daglegu störf, sem að endurskoðun, mælingu skipa og skrásetningu þeirra lýtur. Skal í því skyni sett á stofn sérstök deild við skipaskoðunarstofuna, sem nefnist Skráningastofa ríkisins.

Skipaskoðunarstjóra skal heimilt að taka nauðsynlega aðstoð í þessu skyni, og greiðist kostnaður við hana úr ríkissjóði af skrifstofufé skipaskoðunarinnar.

Greinargerð.

Frv. þetta hefir h/f Eimskipafélag Íslands sent sjávarútvegsnefnd með ósk um flutning. Nefndin samþykkti að flytja frv. félagsins með smávægilegri breytingu. Frv. miðar að því að tryggja skipaeigendum, að aðrir geti eigi tekið upp nöfn skipa þeirra né séreinkenni.

Ed. 108. Nefndarálit

um frv. til laga um sölu kirkjujarðarinnar Sanda í Þingeyrarhreppi.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin leggur til, að frv. verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGU:

2. gr. orðist svo:
Kaupverðið greiðist eins og fyrir var mælt í lögum nr. 50 16. nóv. 1907.

Alþingi, 18. marz 1937.

Sigurjón Á. Ólafsson, form.	Magnús Guðmundsson, frsm.	Ingvar Pálmason, fundaskr.

Nd. 109. Breytingartillögur

við frv. til l. um rétt manna til þess að kalla sig verkfræðinga, húsameistara eða iðnfræðinga.

Frá minni hl. iðnaðarnefndar.

Við 2. gr. Greinin orðist svo:
Þeir menn, er lokið hafa fullnaðarprófi í verkfræði við fjöllistaskóla eða tekniskan háskóla, sem stéttarfélag verkfræðinga hér á landi viðurkennir sem fullgildan skóla í þeirri grein, eiga rétt á, að þeim sé veitt leyfi til þess að kalla sig verkfræðinga. Sama rétt eiga og þeir menn aðrir, er að undangengnu verkfræðinámi hafa kallað sig verkfræðinga og starfað sem slíkir a. m. k. 6 ár, áður en lög þessi öðlast gildi, og sanna fyrir ráðherra, að þeir hafi leyst verkefni af hendi, er beri þeim vitni um kunnáttu og dugnað. Öðrum en þeim, er hér hafa verið nefndir, má eigi veita leyfi samkv. 1. gr.
Við 4. gr. Greinin orðist svo:
Þeir menn, er lokið hafa fullnaðarprófi í byggingarlist við listaháskóla eða tekniskan háskóla, sem stéttarfélag húsameistara hér á landi viðurkennir sem fullgildan skóla í þeirri grein, eiga rétt á, að þeim sé veitt leyfi til þess að kalla sig húsameistara. Sama rétt eiga og þeir menn aðrir, er að undangengnu námi í byggingarlist hafa kallað sig húsgerðarmeistara og starfað sem slíkir a. m. k. 6 ár, áður en lög þessi öðlast gildi, og sanna fyrir ráðherra, að þeir hafi leyst verkefni af hendi, er beri þeim vitni um kunnáttu og dugnað. Öðrum en þeim, er hér hafa verið nefndir, má eigi veita leyfi samkv. 3. grein.
Við 6. gr. Greinin orðist svo:
Þeir menn, sem lokið hafa fullnaðarprófi við tekniskan framhaldsskóla í þeirri iðngrein, er þeir vilja kenna sig við, eiga rétt á að fá leyfi til þess að kalla sig iðnfræðinga, samkvæmt 5. gr., enda sé skólinn viðurkenndur sem fullgildur skóli í þeirri grein af stéttarfélagi iðnfræðinga þeirrar greinar hér á landi, ef til er, en ella af Verkfræðingafélagi Íslands. Sama rétt eiga og þeir menn aðrir, er að undangengnu sérnámi hafa kallað sig iðnfræðinga og starfað sem slíkir a. m. k. 6 ár, áður en lög þessi öðlast gildi, og sanna fyrir ráðherra, að þeir hafi leyst verkefni af hendi, er beri þeim vitni um kunnáttu, samvizkusemi og dugnað. Öðrum en þeim, sem hér eru taldir, má eigi veita leyfi samkv. 5. grein.

Ed. 110. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 35 1. febrúar 1936, um viðauka við lög nr. 78 19. júní 1933, um kreppulánasjóð.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

1. gr.

1. gr. laga nr. 35 1. febrúar 1936 verði svo hljóðandi:

Ríkisstjórninni er heimilt að ákveða, að stjórn kreppulánasjóðs gefi út handhafaskuldabréf að upphæð allt að 1½ milljón kr., og teljast þau til skuldabréfaflokks þess, er í 8. gr. segir, sem þannig má verða allt að 3 milljónum kr. að upphæð.

Trygging fyrir skuldabréfum þessum er sú sama og segir í 8. gr.

Skuldabréfum þessum má verja til lánveitinga handa hreppsfélögum landsins og fyrirtækjum þeirra, öðrum en atvinnufyrirtækjum, til þess að ná hagkvæmum samningum um skuldir hreppsfélaga, sem eru stofnaðar fyrir 1. janúar 1936, þar með taldar fátækraskuldir milli sveitarfélaga og skuldir við sjúkrahús og heilsuhæli. Bréfin skulu vera gildur gjaldeyrir með nafnverði gagnvart innlendum lánardrottnum eða skuldareigendum til greiðslu hverrar þeirrar skuldar, sem eldri er, og ekki tryggð með fasteignarveði, handveði eða ríkisábyrgð. Sama gildir um greiðslu víxla, sem gefnir hafa verið út eftir 1. janúar 1936, ef skuldin hefir upphaflega verið stofnuð fyrir þann tíma. Til greiðslu skulda, eldri en frá 1. janúar 1933, eru bréf þessi fullgildur gjaldeyrir á sama hátt og skuldabréf, sem gefin eru út samkvæmt lögum nr. 78 19. júní 1933.

Um gerð og fjárhæð skuldabréfa þeirra, sem ræðir um í þessari grein, gilda ákvæði 8. gr.

2. gr.

Ríkisstjórninni heimilast að fela stjórn kreppulánasjóðs að nota það, sem eftir er af skuldabréfum kreppulánasjóðs bæjar- og sveitarfélaga, til skuldaskila þeirra sveitarfélaga, er leitazt hafa fyrir um skuldaskil úr sjóðnum síðan hann lauk starfsemi sinni, og þeim öðrum sveitarfélögum, er umsóknir kunna að senda fyrir 1. september 1937. Það fé, sem afgangs kann að verða, er framangreindum skuldaskilum er lokið, má lána þeim bæjarfélögum, sem á síðastliðnu ári fengu eigi fullnægjandi afgreiðslu hjá sjóðnum.

Meðan lánveitingar þessar fara fram skal stjórn sjóðsins skipuð eins og segir í 1. mgr. 15. gr. l. nr. 35 1936, og skal þeim lokið eigi síðar en 1. jan. 1938.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 111. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 104 23. júní 1936, um atvinnu við siglingar á íslenzkum skipum.

Flm.: Bergur Jónsson.

1. gr.

49. gr. laganna orðist þannig:

Ekkert skip yfir 20 tonn má afgreiða frá nokkurri höfn hér á landi til ferða á milli Íslands og annara landa eða í innanlandssiglingar, nema á því séu til starfa auk skipstjóra einn eða fleiri stýrimenn samkv. eftirfarandi ákvæðum:

Undanþegin ákvæðinu um stýrimann eru þó þau fiskiskip og bátar, 75 rúmlestir og undir, sem leggja afla sinn daglega á land.

a. Á fiskiskipi upp að 500 rúmlestir, á flutningaskipi upp að 500 rúmlestir og á farþega- og flutningaskipi upp að 300 rúmlestir sé minnst einn stýrimaður.
b. Á fiskiskipum 500 rúmlestir og stærri, á flutningaskipum 500—1500 rúmlestir og á farþega- og flutningaskipum 300—800 rúmlestir séu minnst tveir stýrimenn.
c. Á flutningaskipum 1500 tonn og stærri, farþega- og flutningaskipum 800 tonn og stærri séu minnst þrír stýrimenn.

2. gr.

50. gr. laganna orðist þannig:

Á varðskipum ríkisins yfir 300 rúmlestir séu minnst þrír stýrimenn og á varðskipum undir 100 rúmlestir sé minnst einn stýrimaður, en á varðskipum 100—300 rúmlestir minnst tveir stýrimenn. Rétt til skipstjórnar og stýrimennsku á skipum þessum geta þeir einir öðlazt, er lokið hafa farmannaprófi.

3. gr.

51. gr. laganna orðist þannig:

a. Á eimskipi með meira en 50, en ekki yfir 300 hestafla vél skal vera að minnsta kosti einn yfirvélstjóri, sem öðlazt hefir skírteini samkvæmt 31. gr., einn undirvélstjóri, sem öðlazt hefir skírteini samkvæmt 25. gr.
b. Á eimskipi með meira en 300, en ekki yfir 800 hestafla vél skal vera að minnsta kosti einn yfirvélstjóri, sem öðlazt hefir skírteini samkvæmt 31. gr., einn undirvélstjóri, sem öðlazt hefir skírteini samkvæmt 29. gr.

Ef skipið er notað til farþegaflutninga, skal í viðbót koma 1 aðstoðarmaður, er öðlazt hefir skírteini samkvæmt 27. gr.

Ef ferðir skipsins eru aðeins innan fjarða eða flóa, er nægilegt, að á því séu tveir vélstjórar, sem öðlazt hafa skírteini samkvæmt 29. gr. og 31. gr.
c. Á eimskipi með meira en 800, en ekki yfir 1200 hestafla vél skal vera að minnsta kosti einn yfirvélstjóri, sem öðlazt hefir skírteini samkv. 33. gr., og einn undirvélstjóri, sem öðlazt hefir skírteini samkv. 31. gr.

Ef skipið er farþegaskip, varðskip eða björgunarskip, skal á því vera að minnsta kosti einn yfirvélstjóri, sem öðlazt hefir skírteini samkv. 33. gr., einn undirvélstjóri, sem öðlazt hefir skírteini samkv. 31. gr., og einn aðstoðarvélstjóri, sem öðlazt hefir skírteini samkv. 29. gr.
d. Á eimskipi með meira en 1200, en ekki yfir 2500 hestafla vél skal vera í minnsta lagi einn yfirvélstjóri, sem öðlazt hefir skírteini samkv. 33. gr., tveir undirvélstjórar, sem öðlazt hafa skírteini samkv. 31. gr.

Sé skipið farþegaskip og vél þess yfir 1800 hestöfl, skal á því vera í minnsta lagi einn yfirvélstjóri, sem öðlazt hefir skírteini samkvæmt 33. gr., tveir undirvélstjórar, sem öðlazt hafa skírteini samkvæmt 31. gr., og einn aðstoðarvélstjóri, sem öðlazt hefir skírteini samkvæmt 29. gr.
e. Á eimskipi með yfir 2500 hestafla vél skal vera að minnsta kosti einn yfirvélstjóri, sem öðlazt hefir skírteini samkvæmt 33. gr., tveir undirvélstjórar, sem öðlazt hafa skírteini samkvæmt 31. gr., og einn aðstoðarvélstjóri, sem öðlazt hefir skírteini samkvæmt 29. gr.

Sé skipið farþegaskip, komi einn aðstoðarvélstjóri að auki, sem öðlazt hefir skírteini samkvæmt 29. gr.

4. gr.

52. gr. laganna orðist þannig:

a. Á mótorskipi með 15 hestafla vél eða minna skal vera í minnsta lagi einn vélavörður, sem öðlazt hefir réttindi samkv. 34. gr.
b. Á mótorskipi með meira en 15, en ekki yfir 50 hestafla vél skal vera í minnsta lagi einn vélstjóri, sem öðlazt hefir skírteini samkvæmt 36. gr., og einn aðstoðarmaður, sem öðlazt hefir réttindi samkv. 34. gr. Aðstoðarmaður þessi má þó jafnframt gegna öðrum störfum á skipinu.

c. Á mótorskipi með meira en 50, en ekki yfir 150 hestafla vél skal vera í minnsta lagi einn yfirvélstjóri, sem öðlazt hefir skírteini samkv. 38. gr., og einn undirvélstjóri, sem öðlazt hefir skírteini samkv. 36. gr. Fiskiskip og bátar, sem koma daglega að landi með afla sinn, eru þó ekki skyld að hafa undirvélstjóra, en skulu þá í hans stað hafa aðstoðarmann eins og segir í staflið b. í þessari gr.

d. Á mótorskipi með meira en 150, en ekki yfir 400 hestafla vél skal vera í minnsta lagi einn yfirvélstjóri, sem öðlazt hefir skírteini samkv. 42. gr., og einn undirvélstjóri, sem öðlazt hefir skírteini samkv. 40. gr.

e. Á mótorskipi með meira en 400, en ekki yfir 900 hestafla vél skal vera í minnsta lagi einn yfirvélstjóri, sem öðlazt hefir skírteini samkvæmt 46. gr., og einn undirvélstjóri, sem öðlazt hefir skírteini samkv. 44. gr.

Ef skipið er notað til farþegaflutninga, skal að auki vera á því einn aðstoðarvélstjóri, sem öðlazt hefir skírteini samkv. 44. gr.

Undanþegin ákvæðinu um aðstoðarvélstjórana eru þau skip, sem hafa fastar ferðir innan flóa eða fjarða.

f. Á mótorskipi með meira en 900, en ekki yfir 1300 hestafla vél skal vera í minnsta lagi einn yfirvélstjóri, sem öðlazt hefir skírteini samkv. 48. gr., og einn undirvélstjóri, sem öðlazt hefir skírteini samkv. 46. gr.

Ef skipið er farþegaskip, varðskip eða björgunarskip, skal á því vera í minnsta lagi einn yfirvélstjóri, sem öðlazt hefir skírteini samkv. 48. gr., einn undirvélstjóri, sem öðlazt hefir skírteini samkv. 46. gr., og einn aðstoðarvélstjóri, sem öðlazt hefir skírteini samkv. 44. gr.

g. Á mótorskipi með meira en 1300, en ekki yfir 2600 hestafla vél skal vera í minnsta lagi einn yfirvélstjóri, sem öðlazt hefir skírteini samkv. 48. gr., tveir undirvélstjórar, sem öðlazt hafa skírteini samkv. 46. gr

Ef skipið er farþegaskip, varðskip eða björgunarskip og vél þess er yfir 1900 hestöfl, skal á því vera í minnsta lagi einn yfirvélstjóri, sem öðlazt hefir skírteini samkv. 48. gr., tveir undirvélstjórar, sem öðlazt hafa skírteini samkv. 46. gr., og einn aðstoðarvélstjóri, sem öðlazt hefir skírteini samkv. 44. gr.

h. Á mótorskipi með meira en 2600 hestafla vél skal vera í minnsta lagi einn yfirvélstjóri, sem öðlazt hefir skírteini samkv. 48. gr., þrír undirvélstjórar, sem öðlazt hafa skírteini samkv. 46. gr., og einn aðstoðarvélstjóri, sem öðlazt hefir skírteini samkv. 44. gr.

Ef skipið er farþegaskip, komi einn aðstoðarvélstjóri að auki, sem öðlazt hefir skírteini samkv. 44. gr.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Þá er þau hafa öðlazt staðfestingu konungs, skal fella texta þeirra inn í meginmál laga nr. 104 1936, um atvinnu við siglingar á íslenzkum skipum, og gefa þau út svo breytt.

Greinargerð.

Á nýafstöðnu flokksþingi framsóknarmanna var viðvíkjandi sjávarútvegsmálum gerð svo hljóðandi samþykkt:

„Að endurskoðuð verði lögin um atvinnu við siglingar á íslenzkum skipum, og þess þá gætt, að íþyngja sjávarútveginum ekki um of með kröfum um mannahald o. fl., sem ekki er alveg bráðnauðsynlegt vegna öryggis sjófarenda, og þess sé jafnframt gætt að miða kröfur um mannahald og útbúnað á íslenzkum flutninga- og farþegaskipum við þær kröfur, sem þær þjóðir gera, sem íslenzk flutninga- og farþegaskip þurfa að keppa við.“

Frv. þetta er flutt í fullu samræmi við framanritaða samþykkt. Hefir það sýnt sig æ betur við framkvæmd laganna um atvinnu við siglingar, hversu erfitt er að framfylgja ákvæðum þeirra um fjölda réttindamanna bæði á fiskiskipum og flutninga- og farþegaskipum. Hefir hvorttveggja sýnt sig, að kostnaðurinn við það að hafa svo

marga réttindamenn á skipum, sem krafizt er í VI. kafla laganna, er sjávarútveginum ofviða, eins og nú er komið fjárhag hans, og ennfremur er eigi kostur nægra réttindamanna til þess að fullnægja ákvæðum fyrrgreinds kafla.

Nánar í framsögu.

Nd. 112. Frumvarp til laga

um tekjur bæjar- og sveitarfélaga.

Flm.: Jónas Guðmundsson.

I. KAFLI
Um fasteignaskatt.

1. gr.

Í kaupstöðum og kauptúnum, sem eru sérstök hreppsfélög, skal árlega leggja fasteignaskatt á húseignir og önnur mannvirki, lóðir og lendur, og skal hann vera eins og hér segir:

A. Í kaupstöðum:

1. Af byggingarlóðum, byggðum og óbyggðum, eigi lægri en 0,5% og eigi hærri en 2%.
2. Af húseignum og öðrum mannvirkjum eigi lægri en 0,4% og eigi hærri en 1%.
3. Af túnum, görðum, reitum, erfðafestulöndum og öðrum lóðum og lendum eigi lægri en 0,1% og eigi hærri en 0,5%.

B. Í kauptúnum, sem eru sérstök hreppsfélög:

1. Af byggingarlóðum, byggðum og óbyggðum, eigi lægri en 0,5% og eigi hærri en 1%.
2. Af húseignum og öðrum mannvirkjum eigi lægri en 0,2% og eigi hærri en 0,5%.
3. Af túnum, görðum, reitum, erfðafestulöndum og öðrum lóðum og lendum eigi lægri en 0,1% og eigi hærri en 0,3%.

Í öðrum hreppum er heimilt að leggja á fasteignaskatt eins og hér segir:

1. Af lands- og lóðaverði eigi lægri en 0,1% og eigi hærri en 0,3%.
2. Af húsaverði eigi lægri en 0,1% og eigi hærri en 0,2%.

2. gr.

Skattur sá, sem í 1. gr. getur, skal lagður á eftir fasteignamati, og annast bæjarstjórnir og hreppsnefndir innheimtu hans.

Eigandi greiðir skattinn, nema um leigujarðir, leigulóðir eða önnur samningsbundin jarðarafnot sé að ræða. Þá greiðist skatturinn af ábúanda eða notanda.

3. gr.

Bæjarstjórnir og hreppsnefndir ákveða með reglugerð upphæð skattsins til 5 ára í senn, innan þeirra takmarka, er í 1. gr. segir, og má skatturinn vera mismunandi á hinum ýmsu tegundum lóða. Þar skal og gjalddagi ákveðinn. Reglugerðir kaupstaðanna skulu staðfestar af atvinnumálaráðherra og birtar í Stjórnartíðindunum, en reglugerðir hreppanna skulu staðfestar af viðkomandi sýslunefnd og færðar inn í sýslufundargerðina.

4. gr.

Undanþegnar skatti samkvæmt 1. gr. eru allar fasteignir bæjar- og sveitarsjóða, nema leigulóðir og jarðir í leiguábúð. Ennfremur eru undanþegnar kirkjur, skóla-

hús, sjúkrahús, elliheimili, þinghús og hús annara ríkja, að svo miklu leyti sem þau eru notuð af sendimönnum þeirra í milliríkjaerindum. Hið sama er um lóðir, sem fylgja slíkum húsum.

Ef ágreiningur verður um skattskyldu fasteignar, sker ráðherra úr, en heimilt er aðiljum að skjóta málinu til dómstólanna.

5. gr.

Skatt þann, er í 1. gr. getur, skal telja af heilum hundruðum króna af virðingarverði, en því, sem umfram er, skal sleppa, og nái virðing ekki 100 kr., greiðist enginn skattur.

Skatturinn rennur til bæjarsjóðs eða sveitar, þar sem hin skattskylda fasteign er.

6. gr.

Fasteignaskattinum fylgir lögveð í fasteign þeirri, sem hann er lagður á, og skal ásamt dráttarvöxtum í 2 ár frá gjalddaga ganga fyrir öllum öðrum veðkröfum, er á eigninni hvíla. Ef hús brennur eftir að skatturinn er fallinn í gjalddaga, er sami forgangsréttur fyrir honum í brunabótafjárhæð hússins.

7. gr.

Ef bæjarstjórn leggur á skatt, sem er helmingur þess hámarks, sem heimilað er í 1. gr., skal bæjarsjóður á sinn kostnað annast í kaupstaðnum sóthreinsun, sorphreinsun, salernahreinsun, en um vatnsskatt, gjald til holræsa, gangstétta og brunatrygginga fer eftir ákvæðum þeim, sem nú gilda eða síðar verða sett.

8. gr.

Skatt samkvæmt 1. gr. má fyrst leggja á árið 1938, enda hafi hann þá verið tekinn upp í fjárhagsáætlanir kaupstaða og hreppa.

Af fasteignaskatti, sem eigi er greiddur að fullu 2 mánuðum eftir gjalddaga, skal greiða sömu dráttarvexti og greiddir eru af útsvörum.

II. KAFLI
Um vörugjald.

9. gr.

Ríkisstjórninni veitist heimild til að leyfa bæjarstjórnum í kaupstöðum og hreppsnefndum í kauptúnum, sem hafa yfir 500 íbúa, að leggja gjald á vörur, sem fluttar eru sjóleiðis að eða frá kaupstaðnum eða kauptúninu.

Nefnist gjald þetta vörugjald og rennur í bæjar- eða sveitarsjóð, þar sem varan er flutt að eða frá.

10. gr.

Bæjarstjórn eða hreppsnefnd, sem nota vill sér heimild laga þessara til álagningar vörugjalds, skal láta fylgja umsókn sinni til ríkisstjórnarinnar:

1. Staðfesta útskrift úr gerðabók bæjarstjórnar eða hreppsnefndar um álagningu gjaldsins.
2. Ýtarlega skýrslu um efnahagsástæður bæjarins eða kauptúnsins, samda og samþykkta af hreppsnefnd.
3. Skýrslu um upphæð útsvara síðastliðin 3 ár.
4. Skýrslu um mannfjölda í bænum eða kauptúninu um síðustu áramót.
5. Áætlun um, hverju vörugjaldið mundi nema, ef á yrði lagt, byggða á þeim skýrslum um vöruflutninga til og frá kauptúninu, sem fáanlegar eru.

11. gr.

Stjórn Jöfnunarsjóðs bæjar- og sveitarfélaga skal vera atvinnumálaráðherra til aðstoðar og ráðuneytis við umsóknir þær um álagningu vörugjalds, er ráðuneytinu berast.

Ráðherra skal, áður en leyfi er veitt, senda sjóðsstjórninni til umsagnar þær umsóknir, er borizt hafa. Leitar sjóðsstjórnin allra þeirra upplýsinga, er hún telur þurfa og ekki eru áður fyrir hendi frá bæjarstjórn eða hreppsnefnd, og leggur, að athugunum sínum loknum, tillögur sínar fyrir ráðherra, sem, að þeim fengnum, ákveður, hvort leyfi skuli veitt.

12. gr.

Áður en leyfi er veitt til álagningar vörugjalds, skal ráðherra hafa fullvissað sig um, að fasteignaskattar til bæjar- og sveitarfélags þess, er í hlut á, hafi áður verið notaðir svo sem lög frekast heimila, og má hvergi leyfi veita til álagningar vörugjalds nema svo hafi gert verið.

13. gr.

Hvergi má vörugjald til bæjar- og sveitarsjóðs nema hærri upphæð en ½ hluta þeirra tekna, sem bæjarstjórn eða hreppsnefnd áætlar, að þurfi til þess að mæta þeim útgjöldum bæjar- eða sveitarsjóðs, er ekki fást að öðrum kosti á annan veg en með álagningu útsvara.

14. gr.

Nú nemur vörugjald til bæjar- eða sveitarsjóðs í kaupstað eða kauptúni meira en í 13. gr. segir, og skal þá það, sem umfram er, renna í Jöfnunarsjóðs bæjar- og sveitarfélaga. Stjórn sjóðsins innheimtir gjaldið, og er gjalddagi þess 1. marz ár hvert.

Ákvæði þessarar greinar tekur þó eigi til þess vörugjalds, sem innheimt verður á árinu 1937.

15. gr.

Nú hefir bæjarstjórn eða hreppsnefnd fengið leyfi ráðherra til álagningar vörugjalds til bæjar- eða sveitarsjóðs, og fer þá um álagningu þess og innheimtu eins og segir í næstu greinum hér á eftir.

16. gr.

Vörugjald skal taka eftir þyngd eða rúmmáli með umbúðum.

Brot úr gjaldeiningu, sem nemur meira en helmingi, telst heil gjaldeining. Fara skal eftir farmskrá skipa við ákvörðun vörugjalds, enda afhendi skipstjóri innheimtumanni vörugjaldsins eintak af farmskrá, eftir sömu reglum og tollheimtumanni. Fylgi engin farmskrá vörum, skal skipstjóri eða formaður báts gefa drengskaparvottorð um tegund og magn vöru, sem skip hans flytur eða hefir flutt. Þyki innheimtumanni vörugjalds ástæða til, getur hann hvenær sem er látið hreppstjóra eða lögreglustjóra, en í Reykjavík tollstjóra, ákveða vörumagnið. Reynist vörumagnið meira en frá var skýrt, greiðir viðtakandi kostnaðinn, en ella bæjar- eða sveitarsjóður.

Ef fleiri en ein vörutegund er í sendingu, skal reikna vörugjaldið eftir þeirri tegundinni, sem gjaldhæst er.

17. gr.

Vörur skal flokka til vörugjalds eftir því, sem fyrir er mælt í 18. gr., og greiða gjald eins og þar segir. Lægra vörugjald en 10 aura skal ekki innheimta. Ef vafi leikur á, í hvaða flokki skuli telja vöru, sker bæjarfógeti eða sýslumaður úr, en í Reykjavík tollstjóri.

18. gr.

Vörur skulu flokkast og gjald greiðast eftir þeim reglum, er hér segir, sbr. þó 19. gr.:

1. flokkur. Gjald 15 aurar fyrir hver 100 kg.

Allskonar fiskur og fiskiafurðir, allskonar síld og síldarafurðir, allskonar kjöt

og kjötafurðir, gærur, húðir, ull, mjólk og mjólkurafurðir, garðávextir, smjörlíki og ís, sbr. þó 19. gr.

2. flokkur. Gjald 10 aurar fyrir hver 100 kg.

Kol, salt, sement, járn, hráolía, steinolía, vélar.

3. flokkur. Gjald 25 aurar fyrir hver 100 kg.

Korn og mjölvörur, olíur til iðnaðar, fóðurbætir, tilbúinn áburður, vatnsrör, miðstöðvarvörur, jarðyrkju- og heyvinnuverkfæri.

4. flokkur. Gjald 100 aurar fyrir hver 100 kg.

Vefnaðarvörur, tilbúinn fatnaður, skófatnaður úr öðru en gúmmí, kaffi, kaffibætir, súkkulaði, te, kakaóduft, kryddvörur, sælgætisvörur, tóbak, vín, ljósmyndavörur, viðtæki, hljóðfæri, klukkur, leikföng, gull og silfurmunir, smávörur (kortevörur).

5. flokkur. Gjald 5 aurar á stykki.

Tómar tunnur.

6. flokkur. Gjald 5 aurar á teningsfet.

Trjáviður.

7. flokkur. Gjald 50 aurar á 100 kg.

Allar aðrar vörur.

19. gr.

Undanþegnar vörugjaldi eru:

a. Vörur, sem eftir farmskrá skips eru ákveðnar til annarar hafnar, en eru látnar á land um stundarsakir, til umhleðslu eða í misgripum.
b. Nýr og saltaður fiskur, óverkaður, og nýjar fiskiafurðir og síld, þegar þetta er fyrst flutt í land eða flutt að frá öðrum stöðum.
c. Innlend mjólk, mjólkurafurðir og sláturfjárafurðir, þegar þetta er flutt milli hafna innanlands.
d. Kol, olía og vistir og aðrar nauðsynjar skipa og báta til eigin notkunar, þegar þær eru fluttar í skip úr landi.
e. Póstur og farangur ferðamanna.
f. Innlend alidýr á fæti, svo sem hestar, kýr, sauðfé og alifuglar.

20. gr.

Móttakandi greiðir vörugjald af vörum, sem koma til hafnarinnar, en sendandi af vörum, sem fluttar eru úr höfninni.

Ef vörur eru fluttar milli skipa, greiðir sá vörugjald, sem affermir.

Vörgjald af vörum, sem koma til hafnarinnar, fellur í gjalddaga þegar skipið, sem vöruna flytur, er komið á höfnina, og vörugjald af vörum, sem fluttar eru úr höfninni, fellur í gjalddaga þegar vörurnar eru komnar í skip.

21. gr.

Bæjarstjórnir og hreppsnefndir annast innheimtu vörugjalds, og hafa þær haldsrétt í vörunum þar til gjaldið er greitt.

Heimilt er að fela bæjarfógeta, sýslumanni eða hreppstjóra innheimtuna, og skal þá greiða þeim 5% í innheimtulaun, enda gera þeir þá reikningsskil eftir því sem um er samið við bæjarstjórn eða hreppsnefnd.

22. gr.

Nú hefir hreppsnefnd í kauptúni, er lög þessi taka til, sótt um aðstoð ráðuneytisins vegna fjárhagsvandræða kauptúnsins, og ráðherra ákveðið að veita því stuðning samkvæmt lögum nr. 63 19. júní 1933, um fjárþröng sveitarfélaga, og er þá ráðherra heimilt að hækka gjald það, er í 10. gr. getur, einstaka flokka eða gjaldið í heild, um allt að 100%, en þó ekki lengur en um 1 ár í senn.

23. gr.

Ákvæði þessa kafla öðlast þegar gildi.

III. KAFLI
Um skatt ríkisstofnana og nokkurra annara fyrirtækja.

24. gr.

Engin stofnun ríkisins né aðrar þær stofnanir og fyrirtæki, sem lög þessi taka til, er útsvarsskyld eftir efnum og ástæðum, en þær greiða til bæjar- og sveitarþarfa eftir fyrirmælum laga þessara.

25. gr.

Verzlunarstofnanir ríkisins skulu greiða í bæjar- og sveitarsjóði, þar sem aðalaðsetur þeirra og útibú eru, 5 af hundraði af nettóágóða aðalbúsins eða útibúsins, og greiðist sá skattur 1. marz ár hvert.

26. gr.

Auk þess skatts, er í 25. gr. getur, greiða verzlunarstofnanir ríkisins 5 af hundraði af samanlögðum nettótekjum stofnananna, og rennur það gjald í sjóð þann, er um ræðir í 31. gr.

27. gr.

Síldarverksmiðjur ríkisins skulu greiða ¼ af hundraði af andvirði seldrar framleiðsluvöru verksmiðjanna, og rennur gjald þetta í sjóð þann, er í 31. gr. getur.

28. gr.

Sölusamband íslenzkra fiskframleiðenda skal greiða ¼ af hundraði af samanlögðu andvirði þess fiskjar, er það selur, og fer um skatt þennan á sama hátt og segir í 27. gr.

29. gr.

Mjólkursamsalan í Reykjavík skal greiða ¼ af hundraði af samanlögðu andvirði seldrar mjólkur og mjólkurafurða, og rennur gjald þetta í sjóð þann, er í 31. gr. getur.

30. gr.

Gjalddagi þeirra skatta, er um ræðir í 26., 27., 28. og 29. gr., er 1. marz ár hvert. Fyrsti gjalddagi er 1. marz 1938.

31. gr.

Fé það, er um getur í 26., 27., 28. og 29. gr. hér að framan, svo og endurgreiðslur á vörugjaldi frá bæjarfélögum og kauptúnum, renna í sjóð, er nefnist „Jöfnunarsjóður bæjar- og sveitarfélaga".

32. gr.

Atvinnumálaráðherra hefir yfirumsjón með sjóðnum og sér um, að í hann sé greitt á réttum gjalddaga fé það, er sjóðnum ber, og ávísar hann greiðslum úr honum samkvæmt því, er segir í lögum þessum.

33. gr.

Árlega skal úthluta úr jöfnunarsjóði 90 af hundraði af árlegum tekjum sjóðsins til sveitar- og bæjarfélaga landsins, og skal það gert á þann hátt, er hér segir:

⅔ hlutum þeirrar upphæðar, sem til úthlutunar kemur, skal skipt milli hreppa landsins og kaupstaða eftir íbúatölu.

⅓ hluta skal varið til þess að greiða að fullu eða lækka lán hrepps- og bæjarfélaga, sem þeim eru óhagkvæm, eða til að bæta úr tjóni, sem þau hafa orðið fyrir af völdum náttúrunnar eða öðrum óviðráðanlegum orsökum.

34. gr.

Alþingi kýs 3 menn með hlutfallskosningu til 3 ára í senn til þess að hafa með höndum skiptingu og úthlutun á fé jöfnunarsjóðs. Atvinnumálaráðherra skipar einn

þeirra sem formann stjórnarinnar. Í stjórn sjóðsins ræður afl atkvæða úrslitum, en náist ekki meiri hluti, sker ráðherra úr.

Stjórn sjóðsins skal eigi síðar en 1. júní ár hvert hafa lokið skiptingu og úthlutun fjárins og sent atvinnumálaráðherra skýrslur sínar.

35. gr.

Atvinnumálaráðherra gerir þegar eftir móttöku skýrslna þeirra, er í 34. gr. getur, þær ráðstafanir, er með þarf til þess að greiðslur þær, er fram eiga að fara, verði inntar af hendi til réttra aðilja.

Heimilt er ráðherra að fela stjórn sjóðsins þessar framkvæmdir.

36. gr.

Stjórn sjóðsins skal afla sér svo glöggra skýrslna sem kostur er á um fjárhagsástand og afkomu bæjar- og sveitarfélaga landsins, og skulu þau ganga fyrir um styrk úr sjóðnum, sem að dómi sjóðsstjórnarinnar þurfa mest hjálpar við.

Sama sveitar- eða bæjarfélagi má þó eigi styrk veita tvö ár í röð, nema um stórfellt tjón af óviðráðanlegum orsökum sé að ræða.

37. gr.

Ekki þurfa bæjarstjórar eða hreppsnefndir að sækja um styrk úr jöfnunarsjóði, en skylt er þeim að senda stjórn hans ár hvert skýrslur um efnahag sinn, og láta henni í té aðrar þær upplýsingar, er hún kann að óska. Stjórn sjóðsins er skylt að haga svo styrkveitingum úr sjóðnum, að sem flest bæjar- og hreppsfélög hafi hans not, en hafa þó hliðsjón af því, að fjárveitingar verði ekki svo litlar, að ekki muni verulega um.

38. gr.

Það af tekjum jöfnunarsjóðs, sem ekki er árlega úthlutað, svo og alla vexti hans, skal leggja við höfuðstólinn. Jöfnunarsjóður skal ávaxtaður í Landsbanka Íslands eða annari tryggri lánsstofnun, er atvinnumálaráðherra ákveður.

39. gr.

Atvinnumálaráðherra ákveður stjórnendum sjóðsins þóknun fyrir störf þeirra, og greiðist sú þóknun úr sjóðnum, ásamt öðrum kostnaði við starfrækslu hans.

Stjórn sjóðsins skal árlega semja reikning sjóðsins, og skal hann endurskoðaður af yfirskoðunarmönnum landsreikninganna og fylgja reikningum ríkissjóðs.

40. gr.

Ákvæði þessa kafla koma til framkvæmda 1938.

IV. KAFLI

Niðurlagsákvæði.

41. gr.

Skatta og gjöld samkvæmt lögum þessum, þar með taldir dráttarvextir, má taka lögtaki.

42. gr.

Frá 1. janúar 1938 falla úr gildi þessi lagaákvæði:

1. Lög nr. 26 22. nóv. 1918, um bæjarstjórn Vestmannaeyja, 20. gr. 3. mgr.
2. Lög nr. 61 28. nóv. 1919, um bæjarstjórn á Seyðisfirði, 16. gr.
3. Lög nr. 16 27. júní 1921, um breyting á lögum 8. okt. 1883, um bæjarstjórn á Akureyri.
4. Lög nr. 22 19. júní 1922, um skatt til sveitarsjóðs af lóðum og lendum í Húsavíkurhreppi.

5. Lög nr. 47 4. júní 1924, um aukaútsvör ríkisstofnana.
6. Lög nr. 36 4. júní 1924, um bæjargjöld í Reykjavík, að því leyti sem þau eru ekki áður úr gildi felld.
7. Lög nr. 23 15. júní 1926, um bæjargjöld í Vestmannaeyjum.
8. Lög nr. 31 15. júní 1926, um skatt af lóðum og húsum í Siglufjarðarkaupstað.
9. Lög nr. 44 15. júní 1926, um breytingar á lögum nr. 36 4. júní 1924, um bæjargjöld í Reykjavík.
10. Lög nr. 11 6. júlí 1931, um skatt af húseignum í Neskaupstað.
11. Lög nr. 30 9. jan. 1935, um heimild handa ríkisstjórninni til einkasölu á bifreiðum, rafvélum, rafáhöldum o. fl., 4. gr. 2.—4. málsgr.
12. Lög nr. 124 31. des. 1935, um bæjargjöld á Ísafirði.

Svo og öll önnur lagafyrirmæli, er fara í bága við þessi lög.

Greinargerð.

Fyrir síðasta Alþingi var, af milliþinganefnd, er ríkisstjórnin hafði skipað, lagt frumvarp um tekjur bæjar- og sveitarfélaga. Það frumvarp var þá lagt fram í efri deild Alþingis. Neðri deild Alþingis gafst ekki kostur á að fjalla um þann kafla frumvarpsins, sem þýðingarmestur var, en það var kaflinn um heimild til álagningar vörugjalds handa kaupstöðum og kauptúnum. Náði þetta mikla nauðsynjamál því ekki fram að ganga á því þingi.

Með bréfi atvinnumálaráðherra dags. 5. ág. síðastl. var sömu nefndinni og það frumv. samdi falið að taka þessar tillögur á ný til athugunar og þá jafnframt að framkvæma endurskoðun á útsvarslögunum.

Nefndin vann nokkuð að þessum málum, en gat ekki orðið sammála um niðurstöður sínar, og var því að því ráði horfið, að nefndarmenn flyttu á eigin ábyrgð þær tillögur í málum þessum, sem þeir teldu réttastar.

Fyrir því er þetta frumvarp nú flutt, og er það að vísu nokkuð breytt frá því, er var á síðasta þingi. Þó er I. kafli frumv. óbreyttur frá því, sem þá var, og var hann samþykktur þá í báðum deildum (í neðri deild til 3. umr.) og má því ætla, að þingmenn séu ásáttir um að lögfesta hann.

II. kafli frumv., um vörugjald, er nú allmjög breyttur frá því, sem þá var. Nú er svo til ætlazt, að leyfi ráðuneytisins þurfi til þess að leggja á vörugjald, en þess þurfti ekki eftir hinu fyrra frumvarpi. Er vörugjaldið hugsað sem tekjustofn fyrir þau bæjar- og hreppsfélög aðeins, sem á engan annan hátt geta aflað sér tekna.

Ráðuneytið sendi frumv. nefndarinnar frá í fyrra til umsagnar bæjarstjórnum og hreppsnefndum landsins, og bárust allmörg svör og ýmsar tillögur. En engar tillögur eru þar nýjar eða þess eðlis, að þær leysi að verulegu leyti vandræði bæjar- og sveitarfélaganna í þessum efnum. En flestöll svör bæjarstjórna og hreppsnefnda í kauptúnum, sem borizt hafa, eiga sammerkt í því, að óska eftir vörugjaldinu sem tekjustofni fyrir þá staði.

Í frumv. þessu er fellt niður tollaálag það, sem ráðgert var að leggja á í hinu fyrra frumv., en einn nefndarmanna hefir nú flutt frumv. um það í efri deild. Hinsvegar er hér haldið þeim kaflanum, er fjallar um skatt ríkisfyrirtækja, og bætt þar við nokkrum fyrirtækjum, sem sanngjarnt er, að greiði útsvar, er skiptist milli allra landsmanna. Þess vegna er og haldið hugmyndinni um jöfnunarsjóðinn og greiðslur úr honum.

Það er skoðun mín, að með framfærslulögunum nýju, er nálega hafa létt öllum aðalþunga framfærslunnar af sveitahreppum landsins, og með uppgerð allra verst stæðu sveitarfélaganna nú á síðastl. sumri í kreppulánasjóði, hafi hagur þeirra batnað svo mjög, að miklu minni þörf sé aukinna tekna í hreppssjóði sveitanna. En hitt er einnig vitað, að það, sem létzt hefir í fátækrabyrði á sveitum landsins, hefir þyngt á kaupstöðum og kauptúnum, og þegar þar við bætist fiskileysi og ýms önnur óáran til sjávarins, er nauðsyn bæja og kauptúna á auknum tekjum

meiri nú en nokkru sinni fyrr. Ætti því að mega vænta þess, að Alþingi nú féllist á frumvarp þetta, því um aðrar leiðir en þar er á bent mun varla að ræða.

Sþ. 113. Tillaga til þingsályktunar

um ríkisábyrgð fyrir strigaverksmiðju og rafveitu á Eskifirði.

Flm.: Jónas Guðmundsson.

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni:

1. að ábyrgjast fyrir samvinnufélag eða hlutafélag, sem stofnað verður til þess að reisa og reka strigaverksmiðju á Eskifirði, allt að 300 þúsund króna lán, gegn þeim tryggingum, er ríkisstjórnin metur gildar, þó ekki yfir 90% af stofnkostnaði fyrirtækisins.
2. að ábyrgjast fyrir Eskifjarðarhrepp allt að 200 þúsund króna lán til nýrrar rafveitu fyrir Eskifjörð og nágrenni hans, gegn ábyrgð sýslunefndar Suður-Múlasýslu og öðrum þeim tryggingum, er ríkisstjórnin metur gildar.

Bæði lánin má taka í erlendri mynt.

Greinargerð.

Það mun öllum landslýð kunnugt orðið, að kauptúnið Eskifjörður hefir átt við mjög stórkostlega örðugleika að stríða undanfarin mörg ár. Fyrir nokkru var þar allöflugur atvinnurekstur. Þaðan var gerður út togari, og um skeið tveir línuveiðarar og margir vélbátar. Nú er þetta að mestu horfið og fólkið situr auðum höndum og bjargarlaust. Ríkissjóður hefir orðið að hlaupa þar undir baggann síðustu árin og veita þangað beinan styrk, til þess að fólkið hungraði ekki.

Það má telja fullreynt, að útgerð muni ekki geta orðið aðalatvinnuvegur Eskfirðinga í framtíðinni. Eskifjörður liggur verr til sjósóknar en verstöðvarnar fyrir sunnan hann og norðan; hinsvegar er þar nokkurt vatnsafl til virkjunar og því sæmileg skilyrði fyrir ýmiskonar iðnrekstur. Verður því, ef því ófremdarástandi á að létta, sem nú hefir ríkt í atvinnumálum þessa staðar undanfarið, að hefjast handa þar um iðnrekstur, er skapað geti verulega og varanlega atvinnu fyrir íbúana þar.

Nú um tveggja ára skeið hafa forgöngumenn hreppsfélagsins haft með höndum athuganir í þessum efnum og komizt að þeirri niðurstöðu, að margt mælti með því, að þar yrði reist verksmiðja til að vinna umbúðastriga, og væri auðvitað sjálfsagt, að strigasekkjagerð væri í sambandi við verksmiðjuna. Allveruleg athugun á því máli hefir farið fram hjá skipulagsnefnd atvinnumála, og er nánar að því vikið í útdrætti úr bréfi oddvita Eskifjarðarhrepps, er fylgir hér á eftir. Stofnkostnað slíkrar verksmiðju áætlar skipulagsnefnd 283 þús. kr. (Sbr. Álit og tillögur skipulagsnefndar, bls. 403).

Við Íslendingar notum nú óhemju mikið af umbúðastriga (hessian) um saltfisk okkar, og feiknin öll eru notuð af sekkjum um síldar- og fiskimjöl, og fer sífellt vaxandi.

Sjálfsagt er að leita til þeirra tveggja aðilja, sem langmest nota af þessari vöru, um að gerast hluthafar í því félagi, sem í ráði er að stofna til að reisa og reka strigaverksmiðjuna, en það eru síldarverksmiðjur ríkisins og sölusamband íslenzkra fiskframleiðenda. Virðist svo sem mjög létt ætti að vera að koma fyrirtæki þessu á fót, ef allar þær verksmiðjur hérlendar og fisksölufélög og sambönd, sem striga og sekki nota í stórum stíl, gerðust hluthafar í slíku félagi og gerðu þar kaup sín á þessari vöru. Munu forgöngumenn málsins vafalaust reyna þá leið til hlutafjársöfnunar.

Hér er um verulega upphæð að ræða, er ríkissjóður tekur að sér ábyrgð á, en hinsvegar ber og á það að líta, að nú er árlega varið beint úr ríkissjóði 50—60 þús. krónum til styrktar þessu kauptúni, eða íbúum þess, en sá styrkur mundi með öllu falla niður, ef úr framkvæmd þessa verks yrði.

Sá hængur er á að reisa verksmiðjuna á Eskifirði, að þar er ekki nægilega stór rafstöð, og verður því einnig að reisa hana jafnframt. Fyrsta rafstöð landsins var reist á Eskifirði, en nú er hún að verða ónýt og verður að endurnýjast. Er því sjálfsagt að reisa þar jafnframt verksmiðjunni stóra rafstöð, er selt geti orku til verksmiðjunnar og annars þess iðnaðar, er á Eskifirði kynni að skapast. Þess vegna er í tillögunni einnig gert ráð fyrir ábyrgð til rafveitu, er hreppurinn sjálfur reisti.

Þingsályktun þessa hefi ég flutt fyrir tilmæli hreppsnefndarinnar á Eskifirði og annara áhugasamra manna þar, sem vilja að því vinna, að hefja upp að nýju atvinnulíf staðarins.

Hér fer á eftir bréf frá oddvita hreppsins til Alþingis varðandi þetta mál. Er þar gerð nánari grein fyrir ýmsum atriðum málsins, og læt ég nægja að vísa til þess.

Fylgiskjal.

ODDVITI ESKIFJARÐARHREPPS.

p.t. Reykjavík, 16. febrúar 1937.

Fyrir rúmu ári síðan skrifaði ég Emil Jónssyni alþingismanni viðvíkjandi atvinnuleysinu á Eskifirði og möguleikum til að útrýma því. Hafði ég þá fengið frumdrög að áætlun um byggingu strigaverksmiðju, sem virtist bera með sér, að þar væri um mjög álitlegt atvinnufyrirtæki að ræða, sem væri líklegt til að bæta að fullu úr þeim vandræðum, sem um langt skeið hafa steðjað að Eskfirðingum. Bað ég Emil að segja álit sitt um þetta fyrirtæki og ljá því lið, ef honum virtist það líklegt til að ná því takmarki, sem fyrir mér vakti.

Emil tók vel í málið, en kvaðst þó ekki geta tekið neina afstöðu til þess að svo stöddu, enda voru upplýsingar þær, sem fyrir lágu, mjög af skornum skammti.

Um sama leyti var stödd í Reykjavík sendinefnd frá Eskifirði, sem var að leita aðstoðar ríkisstjórnarinnar fyrir hreppinn. Nefndin tók verksmiðjumálið upp og lagði það fyrir ríkisstjórnina, sem vísaði því til skipulagsnefndar í atvinnumálum. Skipulagsnefnd komst strax að þeirri niðurstöðu, að hér væri um fyrirtæki að ræða, sem ætti mikinn rétt á sér, en taldi þó hinsvegar ekki heppilegt, að slík verksmiðja væri reist á Eskifirði, án þess þó að rökstyðja það að öðru leyti en því, að Eskifjörður væri fjarri öllum höfuðveiðistöðvum landsins. Hefir það sennilega vakað fyrir nefndinni, að dreifingarkostnaður vörunnar yrði svo mikill frá Eskifirði, að hún yrði ekki samkeppnisfær við erlendan striga, því engum mun detta í hug, að óeðlilegra eða erfiðara yrði fyrir kaupendurna að fá vöruna frá Eskifirði heldur en frá útlöndum, eins og nú er.

Síðan í sumar hefir 1. þingm. Sunnmýlinga, Eysteinn Jónsson, fjármálaráðherra, haft málið með höndum. Lagði hann það aftur fyrir skipulagsnefnd, og hefir hún skilað áliti um það almennt, án þess að binda það við nokkurn sérstakan stað. Leggur nefndin til, að til þessa fyrirtækis verði stofnað hið fyrsta, enda virðist hér um mjög glæsilegt atvinnufyrirtæki að ræða, auk þess sem það mundi spara landinu árlegan gjaldeyri, sem svarar 200—300 þús. krónum.

Fyrstu frumáætlanirnar um verksmiðjuna voru byggðar á þýzkum tilboðum um vélar, en áætlanir skipulagsnefndar eru byggðar á vélaverði í Írlandi. Virðast írsku vélarnar vera miklum mun ódýrari en þær þýzku, enda verður rekstraráætlun skipulagsnefndar miklu álitlegri en hinar fyrri áætlanir voru. Auk þess fylgir sá höfuðkostur áætlun skipulagsnefndar, að þar er gert ráð fyrir, að h. u. b. 30 manns fleira fái atvinnu við fyrirtækið en búizt var við eftir þýzku tilboðunum. Sennilega felst sá munur í öðruvísi vélasamstillingu, eða e. t. v. minni „mekaniseringu".

Sjálfsagt þarf ekki um það að efast, að umrædd verksmiðja verði byggð á næstunni. Hitt er og jafnvíst, að hið allra fyrsta verður að stiga eitthvert stórt skref til að ráða fram úr núverandi ástandi á Eskifirði. Liggur því beint við að athuga, hvað geti mælt með því og hvað móti, að verksmiðjan verði reist á Eskifirði.

Við Emil Jónsson höfum gert drög að samanburðaráætlunum um rekstur verksmiðjunnar í Reykjavík eða Hafnarfirði annarsvegar og á Eskifirði hinsvegar. Líta þær áætlanir þannig út:

I. Reykjavík (Hafnarfjörður):

Hráefni	kr.	256600.00
Raforka	—	17000.00
Vextir af stofn- og rekstrarfé og afskriftir	—	34000.00
Vinnulaun	—	151500.00
Skrifstofa og forstjórn	—	18500.00
Flutningskostnaður	—	7000.00
Ýmis kostnaður	—	15000.00
Samtals	kr.	499600.00

II. Eskifjörður:

Hráefni	kr.	256600.00
Raforka	—	22000.00
Vextir af stofn- og rekstrarfé og afskriftir	—	34000.00
Vinnulaun	—	133300.00
Skrifstofa og forstjórn	—	16500.00
Flutningskostnaður	—	10000.00
Ýmis kostnaður	—	13500.00
Samtals	kr.	484900.00

Fyrri áætlunin er í öllum aðalatriðum samhljóða áætlun skipulagsnefndar. Er aðeins gert ráð fyrir ódýrari raforku og dálitið minni dreifingarkostnaði en upphaflega var gert.

Um seinni áætlunina skal þetta tekið fram:

Almennt tímakaup er nú á Eskifirði kr. 1.10 um klst., en kr. 1.36 í Reykjavík. Er því ekki of mikið að gera ráð fyrir, að vinnulaun yrðu 12% lægri á Eskifirði en í Reykjavík við verksmiðjuna, heldur mundi mega gera ráð fyrir enn þá meiri mismun á vinnulaununum, sérstaklega ef samið yrði til langs tíma og á þeim grundvelli, að launin hækkuðu og lækkuðu á hverjum tíma í réttu hlutfalli við þær breytingar, sem verða kynnu á vinnulaunum í Reykjavík á samningstímabilinu.

Skrifstofukostnaður mundi einnig verða mun lægri á Eskifirði en í Reykjavík, þó gera yrði ráð fyrir sömu launum handa framkvæmdastjóra, sem sennilega yrði aðfenginn til Eskifjarðar.

Gera má ráð fyrir, að ýmis kostnaður yrði a. m. k. 1500 krónum lægri á Eskifirði en í Reykjavík, með tilliti til mismunar á upp- og útskipun, hafnargjöldum o. fl.

Ég skal geta þess, að framkvæmdarstjóri Skipaútgerðar ríkisins telur, að dreifingarkostnaður á striganum mundi alls ekki verða meiri frá Eskifirði en Reykjavík, þó gera mætti ráð fyrir því, að mjög verulegur hluti hans yrði notaður í Reykjavík og nágrenni hennar. Stafar þetta af því, að frá Eskifirði mundi fást mjög mikill afsláttur á flutningsgjöldum, því þaðan, eins og víðar úti um land, vantar skipin yfirleitt flutning, meðan þau fara fullfermd frá Reykjavík.

Þá er það mjög stórt atriði í þessu máli, að nú verður ríkið að leggja Eskifjarðarhreppi a. m. k. 50—60 þús. kr. á ári, sem þó hrekkur varla til að draga fram lífið í hinum atvinnulausa fjölda þar. En með strigaverksmiðjunni og þeim atvinnutækjum, sem enn eru til á Eskifirði, mundi að fullu og öllu bætt úr atvinnuleysinu þar og hreppurinn gerður sjálfbjarga að öllu leyti, ekki síst með tilliti til þess, að bú

hans hefir nú verið gert upp á svo hagkvæmum grundvelli, að honum mundi engin byrði verða að gömlum skuldum, ef hann fengi verksmiðjuna.

Ég hefi reynt að gera mér grein fyrir, hvað helzt gæti mælt á móti því, að verksmiðjan væri byggð á Eskifirði, og ekki getað fest auga á neinu því, er máli skiptir. Hér er ekki um að ræða að taka neitt frá neinum, því til þessa iðnaðar er enn enginn vísir í landinu. Og varla mun kaupendunum þykja verra að fá striga sinn frá Eskifirði en frá Englandi eða Þýzkalandi, ef verðið er samkeppnisfært, en það ætti það ekki sízt að vera á Eskifirði, þar sem væntanlegur rekstrarhagnaður þar ætti að vera um 77 þús. kr. móti um 62 þús. kr. í Reykjavík samkvæmt fyrirliggjandi áætlunum.

Út af framansögðu vil ég leyfa mér að skora á hið háa Alþingi að heimila ríkisstjórninni að veita hlutafélagi eða samvinnufélagi á Eskifirði ábyrgð fyrir allt að 300 þúsund króna láni til að reisa strigaverksmiðju, enda leggi viðkomandi félag fram 10% af andvirði verksmiðjunnar.

Virðingarfyllst

A. Jónsson.

Til Alþingis, Reykjavík.

Nd. 114. Frumvarp til laga

um einkaleyfi til hampspuna.

Frá iðnaðarnefnd.

1. gr.

Firmanu h/f Hampiðjan, Reykjavík, veitist einkaleyfi hér á landi næstu 10 ár, frá 1. janúar 1938 að telja, til þess að vélkemba og spinna hampgarn allskonar úr óunnum hampi, enda hafi það komið fullkomnum spunavélum upp fyrir 1. apríl 1938.

2. gr.

Meðan einkaleyfistíminn varir, er öllum öðrum en einkaleyfishafa óheimilt að setja upp vélar til hampgarnsspuna hér á landi, sem og að starfrækja slíkar vélar.

3. gr.

Einkaleyfi samkv. 1. gr. nær ekki til framleiðslu neinna þeirra vara, sem unnar eru úr spunnum hampþræði, svo sem fiskilína, kaðla o. s. frv. Verði ágreiningur um takmörk þeirra réttinda, er einkaleyfið veitir, sker ráðherra úr, að fengnum tillögum stjórnar Landssambands iðnaðarmanna.

4. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum, frá 50—5000 króna, og fer um mál út af þeim að hætti almennra lögreglumála.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

2. marz ritaði h/f Hampiðjan Alþingi svo hljóðandi bréf:

„Vér hlutafélagið Hampiðjan í Reykjavík leyfum oss hér með að beina þeim tilmælum vorum til hins háa Alþingis, að það veiti oss um 15 — fimmtán — ára skeið

einkarétt til hampiðnaðar á Íslandi, á þann hátt, sem hér er tekinn fram: Hlutafélagið flytji til landsins óunninn hamp, hverju nafni sem nefnist, til framleiðslu sinnar, og vinni hann hér að fullu í hinar ýmsu tegundir af hampvörum, einkum veiðarfæri eða garn í þau, enda hafi félagið til framleiðslu sinnar hinar beztu og fullkomnustu vélar og tæki, sem nútímatæknin hefir yfir að ráða á þessu sviði, og starfi að öðru leyti á fullkomnum samkeppnisgrundvelli, miðað við erlendan iðnrekstur í sömu grein. Það eru ennfremur eindregin tilmæli vor til hins háa Alþingis, að þetta mál verði tekið til athugunar og væntanlegrar afgreiðslu í þá átt, sem hér er farið fram á, hið fyrsta. Mun þá nauðsynlegur undirbúningur af vorri hálfu byrja þegar.“

Iðnaðarnefnd tók þetta mál fyrir og hefir, eftir að hafa rannsakað það nokkuð, orðið ásátt um að bera fram ofanritað frumvarp, er veitir h/f Hampiðjunni einkarétt til að spinna og kemba hamp hér á landi um næstu 10 ára skeið að telja, talið frá 1. jan. 1938, en fyrri er ekki líklegt, að hinar nýju vélar verði komnar að fullu í gang.

H/f Hampiðjan byrjaði ekki starf sitt til fulls fyrr en á árinu 1935. Snemma á því ári voru vélar verksmiðjunnar til fulls teknar til starfa. Þær eru nú til þess gerðar að spinna harðtrefja hamp (Manilla og Sisal), en úr honum er aðallega unnið botnvörpugarn. Reynslan hefir orðið sú, að botnvörpugarn h/f Hampiðjunnar hefir reynzt samkeppnisfært bæði með gæði og verð við garn framleitt í öðrum löndum. Nú vill h/f Hampiðjan víkka út svið sitt og fara líka að vinna úr mjúktrefja hampi frá Rússlandi, Ítalíu og Jugo-Slavíu. Til þess þarf hún nýja vélasamstæðu, sem kostar um 200000 kr., en þá getur hún líka unnið nægilegt garn í alla kaðla, færi, línur o. s. frv., sem útgerðin þarf, eins og nú er. En til þess að hún áræði að leggja í þetta, þá þarf hún að fá vissu fyrir því, að einhver annar fari ekki líka að vinna að hampspuna, því þá verður verkefnið ekki nægilegt, og þá krefst driftin meiri álagningar á hvert kg., svo hún geti borið sig, og þá er hætt við því, að vörurnar eða garnið verði dýrara hér en annarsstaðar. Það er þetta, sem gerir, að nefndin er sammála um að leggja til, að félagið fái um 10 ára skeið frá því, að ætla má, að það geti byrjað starfsemina, vernd fyrir því, að aðrir geti tekið upp samskonar starfsemi. Hinsvegar vill nefndin taka það skýrt fram, að hún telur, að þar sem um eins mikilsvert útgjaldamál sé að ræða fyrir sjávarútveginn og neta- og línugerð, kaðla og garngerð, þá megi þetta ekki verða til þess, að þær hækki í verði, enda er hér hvorki farið fram á tollavernd, né hömlur á innflutningi annars garns úr hampi, ef það skyldi sýna sig, að það væri eða yrði ódýrara, og eiga því þeir, sem leyfið fá, alla tilveru fyrirtækisins undir því, að þeir í framtíðinni geti selt sitt garn með sama verði og hægt er að fá það frá öðrum löndum, og að það sé þó að minnsta kosti eins gott. Þetta hefir þeim tekizt með botnvörpugarnið, og í þeirri von, að þeim takist þetta líka með aðrar tegundir af hampgarni, leggur nefndin til, að þeim veitist leyfið og Alþingi fallist á að samþykkja ofanritað lagafrumvarp.

Nd. 115. Frumvarp til laga

um viðauka við lög nr. 85 frá 23. júní 1936, um meðferð einkamála í héraði.

(Eftir 2. umr. í Nd.)

1. gr.

Aftan við 27. gr. laga nr. 85 frá 23. júní 1936 bætist ný málsgr., svo hljóðandi:

Sækjandi greiðir til bráðabirgða ferðakostnað og dagpeninga og gjald fyrir sáttatilraun og úrskurð samkvæmt b-lið 1. málsgr. 21. gr., og verjandi fyrir úrskurð

samkv. a-lið sömu málsgr., en í sátt og úrskurði skal að lokum kveða á um það, hvern þátt verjandi og sækjandi eftir a-lið 1. málsgr. 21. gr. skuli taka í greiðslum þessum.

2. gr.

Aftan við 82. gr. laganna komi ný málsgr., svo hljóðandi:

Víxilmál og tékka má sækja í þinghá þar, sem greiðslustaður víxilsins eða tékkans er. Nú er víxill eða tékki, sem út hefir verið gefinn erlendis, innheimtur hér á landi í víxilmáli eða tékka, og má þá mál höfða á varnarþingi innheimtumanns, ef hann er banki eða sparisjóður eða hann hefir skuldheimtu að atvinnu sinni.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 116. Breytingartillaga

við frv. til l. um viðauka við l. nr. 85 frá 23. júní 1936, um meðferð einkamála í héraði.

Frá Stefáni Jóh. Stefánssyni.

Við 1. gr.

Fyrir orðin í niðurlagi greinarinnar „varnarþingi innheimtumanns ... atvinnu sinni“ komi: varnarþingi þess, er innheimtir, ef banki er eða sparisjóður eða sá hefir skuldheimtu að atvinnu sinni.

Nd. 117. Nefndarálit

um frv. til l. um breyting á l. nr. 99 3. maí 1935, um skuldaskilasjóð vélbátaeigenda.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefir athugað frv. og leggur einróma til, að það verði samþykkt. Hinsvegar áskilja einstakir nefndarmenn sér rétt til að koma með brtt. við þriðju umræðu málsins, til þess að tryggja það, að þeirri upphæð, sem eftir kann að verða í sjóðnum, verði varið eingöngu í þarfir vélbátaútvegsins.

Alþingi, 19. marz 1936.

Finnur Jónsson, form., frsm. Bergur Jónsson, fundaskr. Jóhann Jósefsson.
Sigurður Kristjánsson. Páll Þorbjörnsson.

Ed. 118. Frumvarp til laga

um sérstaka sókn í Laugarnesskólahverfi.

Flm.: Magnús Jónsson.

1. gr.

Í Laugarnesskólahverfi við Reykjavík skal stofna sérstaka sókn, er heitir Laugarnessókn. Skal kirkjustjórnin ákveða takmörk hennar, eftir tillögum sóknarnefndar núverandi dómkirkjusafnaðar, þannig, að í hinni nýju sókn verði nú 2000—3000 manns.

2. gr.

Þegar Laugarnessókn hefir verið ákveðin, skal skipa þar prest eftir kosningu sóknarmanna. Skal hann hafa þar á hendi alla prestsþjónustu eins og sérstakt prestakall væri. En auk þess skal hann, eftir því sem embættisstörf hans leyfa, halda guðsþjónustur í öðrum úthverfum dómkirkjusóknarinnar.

3. gr.

Söfnuður Laugarnessóknar kemur sér upp kirkju. Skulu kirkjugjöld frá öllum sóknarmönnum renna til hennar frá ársbyrjun þess árs, er sóknarskipunin hefir löglega farið fram.

4. gr.

Þegar sóknarmenn Laugarnessóknar hefjast handa um byggingu varanlegrar kirkju handa söfnuðinum, leggur Reykjavíkurbær til land undir hana, svo og lóð, er nægja myndi fyrir prestsseturshús. Þá skal og ríkið leggja fram ⅖ byggingarkostnaðar kirkjunnar, þó ekki yfir 30000 krónur, er greiðist á 10 árum, og skoðast það sem partur af væntanlegri greiðslu við afhending dómkirkjunnar í hendur söfnuðinum.

5. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Greinargerð.

Á undanförnum þingum hefir legið fyrir frumvarp um afhendingu dómkirkjunnar til safnaðarins í Reykjavík o. fl. Hefir aðalefni þess verið það, að ríkið greiði dómkirkjusöfnuðinum 300000 krónur um leið og það afhendir söfnuðinum kirkjuna, enda annist þá söfnuðurinn bygging kirkna í Reykjavík framvegis. Gjaldið átti að greiða á 30 árum með jöfnum afborgunum, enda hefði ríkið ókeypis afnot af dómkirkjunni til sinna þarfa. Þá skyldi skipta prestakallinu í 6 sóknir, er mynduðu 4 prestaköll með svo mörgum prestum, að einn prestur væri að jafnaði fyrir hverjar 5 þúsundir safnaðarmanna.

Um það verður ekki deilt, að það ástand, sem nú er í þessum efnum, er óviðunandi, og versnar það sífellt með vaxandi fjölda bæjarmanna. Á hinn bóginn mun það hafa dregið úr því, að málið væri afgreitt, að í þessum frumvörpum hefir allt málið verið afgreitt í einu án þess að verulegur undirbúningur hafi verið fyrir hendi.

Nú er sú breyting orðin á þessu, að þegar er hafinn nokkur vísir að safnaðarstarfi í úthverfum bæjarins, og þá sérstaklega í Laugarnesskólahverfi, enda er þar nú mikill mannfjöldi saman kominn og það alllangt frá dómkirkjunni. Síðan í haust hefir verið haldið uppi nokkurn veginn reglubundnum guðsþjónustum. Hafa þær verið vel sóttar og sannað fullkomlega, að hér er tímabært að stofna til fastrar kirkjulegrar starfsemi. Jafnframt hefir þetta og sýnt, að einmitt þessi tilhögun, að skipta bænum í sóknir, er leiðin til þess að glæða kirkju- og safnaðarlíf hér.

Til Alþingis hefir nú borizt erindi frá sóknarnefnd dómkirkjunnar og undirbúningsnefnd kirkjumála í Laugarnesskólahverfi, þar sem leitað er úrlausnar þessa máls. Er frumvarp þetta svar við þeirri málaleitun.

Hér er nú hafið raunverulegt starf í þessa átt og áhugi fólksins stendur þar á bak við. Virðist þá tímabært að hefja þessar óhjákvæmilegu framkvæmdir.

Um einstakar greinar má segja þetta:

Um 1. gr.

Hér er ekki farið fram á stofnun nýs prestakalls, heldur aðeins sóknar, vegna þess, að prestakallaskipunin verður að bíða þess tíma, að sóknaskiptingu sé lengra komið. Verður þá fyrst unnt að sjá, hvernig sóknum verður á hentugastan hátt raðað saman í prestaköll.

Um 2. gr.

Meðan svo er, sem í 1. gr. er sagt, getur prestur þessarar sóknar haft ærið starf annarsstaðar, þar sem þörf er á guðsþjónustu, svo sem við Skerjafjörð, þar sem nú er allmikill bær myndaður langt frá aðalbænum, og vestur á Seltjarnarnesi, þar sem mjög mikil þörf er á sérstakri sókn.

Um 3. gr.

Sennilegt er, að söfnuðurinn komi sér fyrst upp bráðabirgðakirkju eða húsi til safnaðarstarfsins.

Um 4. gr.

Hér er gert ráð fyrir, að áður en mjög langt líður, verði að koma upp varanlegri kirkju. Virðist þá ekki nema fullkomlega sanngjarnt, að núverandi kirkjuhaldari, ríkið, sem að réttu lagi er skyldugt til þess að sjá fyrir nægilegum kirkjum handa söfnuðunum, taki þátt í kostnaðinum. Enda hlýtur að því að reka, að ríkið annaðhvort inni þessa skyldu af hendi, eða semji við söfnuðinn um framkvæmd málsins. Myndi þá þessi byrjunargreiðsla koma upp í þá fjárhæð, sem um væri samið. Þá virðist og sanngjarnt, að bærinn sýni þessu starfi viðurkenningu með því að leggja til land.

Loks er hér prentuð sem fylgiskjal skýrsla séra Garðars Svavarssonar, sem haft hefir á hendi prestsþjónustu í Laugarneshverfi í vetur.

Fylgiskjal.

Skýrsla um kirkjulegt starf í austustu hverfum bæjarins haustið 1936 til febrúarloka 1937.

Á fundi sóknarnefndar dómkirkjusafnaðarins í Reykjavík, í miðjum okt. 1936, var það ákveðið að ráða mig undirritaðan til að hafa á hendi kirkjulegt starf: barnaguðsþjónustur, húsvitjanir og almennar guðsþjónustur, fyrir austustu hverfi bæjarins, þ. e.: Kirkjusandsbyggð, Kleppsholt, Laugabyggð, Laugardalsbyggð, Suðurlandsbrautarbyggð, Kringlumýri og Sogamýri. Er álitið, að á þessum svæðum muni búa hátt á þriðja þúsund manns. — Var ráðning mín ákveðin til 14. maí 1937.

Barnaguðsþjónusturnar. Þær hófust þegar, er ráðningin hafði farið fram. Hin fyrsta fór fram þann 18. okt. 1936 og síðan reglulega hvern sunnudagsmorgun í Laugarnesskóla, þar sem sóknarnefnd hafði fengið afnot af stofu til þessa starfs. Stofan rúmar vel hundrað börn. Nú í febr.lok hafa farið fram samtals 20 barnaguðsþjónustur. Flest hafa börnin verið 112, fæst 45, og þá vegna vonds veðurs, en allajafnan hefir fjöldi þeirra verið milli 80 og 100. Óvíða í bænum munu barnaguðsþjónustur hafa verið jafnvel sóttar, miðað við íbúafjölda á svæðinu.

Við barnaguðsþjónusturnar hefir herra cand. theol. Magnús Runólfsson starfað með mér. Hafði hann starfað að sama þar árið áður, og hefir mér verið mikill og góður styrkur að samstarfi hans.

Höfum við haft saman undirbúningsstund hvern laugardag. Annars hafa barnaguðsþjónusturnar farið fram þannig, að við höfum leitazt við að gera börnin einnig virk. Þau hafa skipzt þar á að lesa upp hollar og heilbrigðar sögur, og jafnvel eitt þeirra skemmt nokkrum sinnum með hljóðfæraleik. Þetta hefir skapað börnunum ánægju og gefið festu í aðsóknina. Sjálfir höfum við einnig lesið og sagt þeim sögur. Alltaf lagt út af texta, oft sveigt útlegginguna inn í samtalsform við börnin, til að gera þeim hann sem ljósastan og oft einnig haft bibliumyndir til skýringar. Minnistexta hafa þau og að jafnaði fengið, sem þau hafa öll yfir og eiga að muna til næstu samveru. Guðsþjónustan byrjar með bæn og endar með bæn og er fléttuð fallegum sálmum og söngvum. — Sjálfir höfum við haft gleði og gagn af barna-

starfinu, og við leyfum okkur að draga þá ályktun af aðsókninni, að sama gildi um börnin.

Húsvitjanirnar. Ég segi hér frá húsvitjununum áður en ég segi frá almennu guðsþjónustunum eða messunum, vegna þess að í þessu tilfelli voru húsvitjanirnar beinlínis skilyrði þess, að messurnar eða almennu guðsþjónusturnar gætu hafizt. Á það þær orsakir, sem nú skal greina: Þegar sóknarnefnd dómkirkjusafnaðarins hafði sótt um það til skólanefndar Laugarnesskólans að fá þar eina stofu til afnota hvern sunnudag, til guðsþjónustuhalds fyrir íbúa skólahverfisins, þá fékk hún það svar, að það væri heimilt, en með því skilyrði, að hver einstakur, sem þangað sækti, hefði heilbrigðisvottorð, og skírskotaði skólanefnd þar um til heilbrigðisákvæða skólans.

Það var því ekki nema um tvennt að ræða, annaðhvort að hætta alveg við guðsþjónustuhald þar innfrá, — sem þótti slæmt, bæði vegna þess, að áður hafði komið til mála að hefja þar slíkt starf, og vegna þess, hversu íbúafjöldi þar hefir aukizt, — eða að fara til íbúanna og spyrja þá: „Hafið þið þann áhuga fyrir því, að fá guðsþjónustur nær ykkur, að þið viljið vinna það til að afla ykkur ókeypis heilbrigðisvottorðs, sem verður gefið í skólahúsinu sjálfu af skólalækninum, sem í því skyni verður til viðtals á tilteknum tíma, sem ykkur verður tilkynntur?"

Þessi leið var farin. Þann 26. okt. 1936 byrjaði ég að húsvitja. Skýrði ég alstaðar alla málavöxtu og dró þá saman eins og gert er í setningunni hér að ofan. Var þessu máli yfirleitt tekið mjög vel og húsvitjuninni sjálfri sumstaðar tekið enn betur, því víða voru einstæðingar og víða voru þeir, sem tóku tækifærinu feginsamlega til að ræða kristindómsmálin í einlægni og hispurslaust. — Þann 5. des. hafði ég heimsótt um 100 heimili, eingöngu í Kirkjusandshverfi og í Kleppsholti. Lengra var þá ekki komið, en meiningin, að messurnar byrjuðu endilega fyrir jól; þess vegna tók sóknarnefndin það ráð, þó ekki væri búið að húsvitja nema þann hluta af svæðinu, að skrifa þeim af þessum heimilum bréf, sem tekið höfðu málinu ákveðið jákvætt. Reyndust þau 76 (þ. e. 76%). Í bréfunum var málið stuttlega skýrt og aðalástæðan til þessa tilgreind, nfl. fjarlægð þessara svæða frá kirkjunum í bænum, og það tiltekið, að læknir yrði við til að skoða og gefa vottorð þrjú ákveðin tilgreind skipti næstu daga. Læknirinn var við dagana 9., 10. og 12. des., 1½ tíma hvern dag, og til hans komu og fengu heilbrigðisvottorð rúmt 60 manns, en auk þess voru nokkrar fjölskyldur, sem um er vitað, að öfluðu sér heilbrigðisvottorðs í þessu skyni hjá sínum eigin húslæknum.

Nú voru guðsþjónusturnar hafnar (þann 13. des.) og þeim haldið áfram reglulega hvern helgan dag við góða aðsókn; jafnframt hélt ég áfram að húsvitja ný og ný svæði, og nú í febrúarlok eru húsvitjanirnar samtals orðnar á 3. hundrað. Er síðan meiningin, ef vottorðaskilyrðið verður látið gilda áfram, að hafa lækninn við á ný fyrir þá af íbúum hinna nýju svæða, sem tekið hafa málefninu vel, og vil ég geta þess, að undirtektirnar á hinum nýju svæðum hafa til þessa verið hinar sömu, verið alveg eins ágætar og á hinum fyrri.

Almennu guðsþjónusturnar (messurnar). Þær hófust hinn 13. des., eins og fyrr er sagt; síðan var messað: Aðfangadagskvöld jóla, jóladag, nýársdag og síðan reglulega hvern sunnudag fram til þessa. Þær fara fram í Laugarnesskólanum í sömu stofu og barnaguðsþjónusturnar. Munu þar rúmast í sætum tæpt hundrað manns. Messutíminn er hvern sunnudag kl. 2 e. h. Á meðan guðsþjónusturnar fara fram er í stofunni komið fyrir altari og altaristöflu (stór Krists-mynd) og prédikunarstól. Fara guðsþjónusturnar fram með sama hætti og kirkjulegar guðsþjónustur, þ. e. með altarisþjónustu og messusvörum, aðeins skrýðist presturinn ekki rykkilíni né hökli, þar eð um óvígt hús er að ræða.

Fullyrði ég, að þetta fyrirkomulag guðsþjónustanna á ríkan þátt í því, hversu vel þeim hefir verið tekið og hversu vel þær hafa verið sóttar.

Í fyrstu voru auðvitað engir ákveðnir söngkraftar fyrir hendi, en komið hafði verið að máli við herra Brynjólf Þorlákssoп, fyrrv. dómkirkjuorganista, um að taka

að sér orgelleikinn. Tók hann því vel, og síðan á jólum hefir hann haft hann á hendi. Fyrstu tvær guðsþjónusturnar hljóp Sionskórinn undir bagga af sinni hjálpfýsi, og á beztu þakkir fyrir.

Síðan lögðum við Brynjólfur Þorlákssson af stað um svæðið, og fyrir vísbending góðra manna tókst okkur að fá fram um 20 manna söngflokk, sem allur, að einum manni undanteknum, er búsettur á þessum svæðum. Eru það allt sjálfboðaliðar, sem ekki aðeins hafa sýnt þá velvild að syngja við guðsþjónusturnar og mæta á æfingu tvisvar í viku, heldur einnig sýnt þá fórnfýsi að ljá fram sín eigin heimili og hljóðfæri til söngæfinganna, því enn hefir ekki tekizt að útvega ákveðið húsnæði fyrir æfingarnar.

Að lokum vil ég geta þess, að að aflokinni messu sunnudaginn 31. jan. þ. á. hafði sóknarnefnd dómkirkjusafnaðarins boðað til umræðufundar um framtíð kirkjumála á þessum svæðum. Skólastjóri hafði góðfúslega leyft, að vottorðaskilyrðið skyldi ekki gilda um þessa guðsþjónustu. Var hún því öllum velkomin og boðuð þannig. Þessi guðsþjónusta var svo vel sótt, að margir urðu að standa. Umræðurnar á eftir urðu hinar fjörugustu; tóku margir af íbúum hverfanna til máls, og létu allir í ljós einskæra ánægju yfir að hafa fengið þessar guðsþjónustur, og létu sem einn maður í ljós, að þær mættu ekki falla niður. Kom að lokum fram tillaga um að kjósa fimm manna nefnd til að:

1) Vinna að því, að þessar guðsþjónustur féllu ekki niður.
2) Athuga leiðir og möguleika til að koma upp bráðabirgðahúsi, eða framtíðarkirkju fyrir starfið á þessu svæði, svo og hvar það eða hún skuli standa.

Nefndin var kosin og er skipuð þessum mönnum: Jóni Ólafssyni bifreiðaeftirlitsmanni, Laugarnesvegi, Emil Rokstad refaræktarm., Bjarmalandi, Tryggva Guðmundssyni bústjóra, Kleppi, Ólafi Jóhannssyni fyrrv. skipstj., Sogahlíð, og Carli Olsen stórkaupm., Sundlaugaveg. Nefndin var kosin til að starfa í samráði við sóknarnefnd dómkirkjusafnaðarins, og er nú framtíð málsins í höndum þessara aðilja.

Ég leyfi mér að álykta af festunni í aðsókninni að barnaguðsþjónustunum, af þeirri velvild, sem húsvitjanirnar hafa mætt, af þeim skilningi og þeirri aðsókn, sem guðsþjónusturnar hafa notið, svo og af þeirri fórnfýsi, sem ýmsir af íbúum svæðanna hafa sýnt þessu málefni, — að nokkur kristileg hreyfing sé vakin á þessum svæðum. Ég álít, ef vel fer, að sú hreyfing eigi í sér þann möguleika að verða ekki aðeins þessum svæðum sjálfum að gagni, heldur geti einnig verkað örvandi og hvetjandi fyrir kristnilíf annara svæða í bænum.

Auðvitað er þetta allt ekki nema veik byrjun og því ekki rétt um það neinu að spá. Framtíð þess fer eftir því, hvort rétt er gert á réttum tíma af þeim, sem um þessi mál fjalla af mestum áhuga.

Þess skal getið, að þessi starfsemi var hafin með samþykki dómkirkjuprestanna í Reykjavík, og þess getið í bréfi sóknarnefndar til fólksins, að hún færi fram undir þeirra umsjá.

Reykjavík, 28. febrúar 1937.

Garðar Svavarsson.

Nd. 119. Frumvarp til laga

um byggingu húsa til að hraðfrysta fisk.

Flm.: Thor Thors, Pétur Ottesen, Garðar Þorsteinsson, Ólafur Thors, Jóhann Jósefsson.

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að ábyrgjast lán til byggingar húsa til að hraðfrysta fisk, allt að ¾ kostnaðarverðs bygginga og véla.

2. gr.

Til byggingar slíkra hraðfrystihúsa skal veittur úr ríkissjóði styrkur, er nemi ¼ kostnaðarverðs.

3. gr.

Hraðfrystihúsin skulu reist í verstöðum, þar sem góð skilyrði eru til að afla fiskjar til hraðfrystingar.

4. gr.

Hlunninda þessara laga geta aðeins notið félög útgerðarmanna og sjómanna, sem stofnuð eru í þessu skyni og eru opin öllum útgerðarmönnum og sjómönnum í þeirri verstöð eða nálægum verstöðum.

5. gr.

Umsóknir um lán og styrk samkvæmt lögum þessum skulu sendast atvinnumálaráðuneytinu, og fylgi þeim skilríki fyrir félagsstofnuninni og áætlun um byggingarkostnað.

6. gr.

Til tryggingar ábyrgð ríkissjóðs samkv. 1. gr. er fyrsti veðréttur í frystihúsinu og vélum þess, ásamt lóð eða lóðarréttindum.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Margsinnis hefir því verið lýst, bæði á Alþingi og utan þess, hver nauðsyn er á því, að breyta til um framleiðsluhætti á sviði sjávarútvegsins. Um langt skeið hafði saltfiskframleiðslan verið aðalstoð útvegsins. En á síðustu árum hafa komið í ljós stöðugt vaxandi örðugleikar við sölu þeirrar vöru. Veldur þeim einkum stórlega þrengd söluheimild í aðalviðskiptalöndum vorum, en hún á rót sína að rekja til verzlunarsamninga, er byggjast að miklu leyti á kröfunni um gagnkvæm viðskipti. Ennfremur gætir verulega þverrandi greiðslugetu viðskiptaþjóðanna og gjaldeyrisvandræða þeirra. Nú sem stendur er ástandið enn iskyggilegra en áður hefir verið, fyrst og fremst fyrir þá sök, að verzlun er mjög torvelduð við þá þjóð, sem drýgstur kaupandi hefir undanfarið verið að saltfiski vorum. Hin grimmilega borgarastyrjöld, sem nú geysar á Spáni, veldur því, að kaupmáttur þjóðarinnar hefir stórkostlega rýrnað og aðflutningar til landsins eru mjög erfiðir. Enda þótt það verði að vona, að þessum hryllilega hildarleik muni brátt lokið, er það vitað, að spánska þjóðin þarfnast jafnvel áratuga til að ná sér eftir eyðileggingar ófriðarins.

Á Ítalíu er nú svo komið, að þangað getum við aðeins selt gegn kaupum á ítölskum vörum. Er það mjög takmarkað, hver not vér höfum þeirra, og ýmsir telja, að sumar vörutegundir, sem vér höfum flutt inn frá Ítalíu undanfarin ár, séu að gæðum lélegri en það, sem nágrannaþjóðirnar bjóða, en verðið þó hærra. Frá þjóðhagslegu sjónarmiði getur því verið tvísýnn hagur af slíkum viðskiptum.

Portúgal er nú eina landið í Suður-Evrópu, er greiðir fiskinn með frjálsum gjaldeyri. En þar er samkeppnin svo hörð og aðstaða vor Íslendinga slík, að því aðeins getum vér náð sölum þar, að verðlag vort sé nokkru lægra en aðalkeppinautanna.

Slík er þá aðstaða vor með sölu saltfisks í þrem aðalviðskiptalöndum vorum, og þótt það verði að vona, að brátt rofi til við það, að alheimsviðskipti færast aftur í frjálsan og farsælan farveg, þá er engu síður rétt og nauðsynlegt að breyta um verkunaraðferð á fiskinum. Þess má nefnilega vænta, að mun hærra verð fáist fyrir hann, ef fiskurinn er fluttur út sem nýr, því að þá verður hann neyzluvara miklu fleiri en þeirra, er saltfisks neyta, og að jafnaði efnaðri neytenda, er greiða hærra verð fyrir vöruna. En eitt af ráðunum til að koma fiskinum út sem nýjum er að

hraðfrysta hann eftir fullkomnustu og beztu aðferðum nútímans. Fyrsta sporið í þá átt að ná þessu marki, að skapa verðmeiri og almennari neyzluvöru, er að koma upp húsum til að frysta fiskinn. Þetta er einnig nauðsynlegt til þess að útvegsmönnum notist að fullu af ýmsum fisktegundum, sem eru mun verðmeiri en þorskurinn, en nú verða oft lítils virði, fyrir þá sök, að engin tök eru á því, að koma þeim óskemmdum til útflutnings.

Það verður heppilegust framkvæmd í þessu máli, að smá frystihús verði reist sem víðast í verstöðunum kringum land. Það er nauðsynlegt, að frystihúsin verði víða, til þess að sem flestir sjómenn og útvegsmenn geti haft afnot þeirra.

Það er vissulega stórt þjóðhagsmál, að sem mest verð fáist fyrir framleiðslu sjávarútvegsins. Á þeirri vitund er þetta frumvarp byggt. Það er og alkunnugt, að fjárhagur allra sjávarútvegsmanna er nú mjög þröngur og aðstaða þeirra í þjóðfélaginu hin erfiðasta.

Vér flutningsmenn þessa frumvarps teljum, að ríkisvaldinu beri skylda til að veita útvegsmönnum lið í baráttu þeirra fram úr erfiðleikunum, og á frumvarp þetta að vera eitt spor í þá átt. Vér leggjum til, að ríkissjóður láti af mörkum ¼ hluta kostnaðar bygginga og véla frystihúsanna sem óafturkræfan styrk. Vér teljum þetta nauðsynlegt og ennfremur mjög sanngjarnt, þegar þess er gætt, að með l. nr. 79 19. júní 1933, um heimildir til ýmissa ráðstafana vegna fjárkreppunnar, lagði ríkissjóður sambærilegt tillag til frystihúsa til kjötfrystingar.

Þá teljum vér einnig óhjákvæmilegt, að ríkissjóður ábyrgist lán, sem tekin eru í þessu skyni, og er þar um samskonar hjálp að ræða og ríkið hefir veitt fjölda bæjar- og sveitarfélögum til hafnargerða. En ríkissjóður hlýtur hér fyrsta veðrétt í húsi og vélum.

Vér ætlumst til, að það séu allsherjarfélög sjómanna og útgerðarmanna í hverri verstöð, sem fyrir þessum framkvæmdum standa. Það er skylt að hafa félögin opin öllum útvegsmönnum, en að öðru leyti er félagsmönnum í sjálfsvald sett, hvernig þeir skipa sínum félagsmálum.

Atvinnumálaráðherra ræður því, hversu hröð framkvæmd þessa máls verður. Þar kemur mjög til greina fjárhagsgeta ríkissjóðs og útvegun lánsfjár. En það er von vor flutningsm. og tilgangur, að framkvæmd málsins verði hraðað svo sem frekast er unnt. Það er vitað, að þörfin er mjög rík og áhugi útvegsmanna hinn ákveðnasti.

Þegar frystihús hafa víða verið reist og fullur skriður er kominn á starfrækslu þeirra, þarf að sjá betur fyrir flutningum á hinni hraðfrystu vöru. Það er að sjálfsögðu hægt að leigja erlend kæliskip til flutninganna, en æskilegast er, að vér séum oss sjálfir nógir í þessu efni sem öðrum. Nú mun vera kælirúm í skipum Eimskipafélagsins, Gullfossi, Brúarfossi og Dettifossi, sem samtals tekur 1250 smálestir af frystum fiski. Þegar framleiðsla hins hraðfrysta fisks hefir verulega aukizt, verður næsta sporið það, að sjá betur fyrir flutningaþörfinni.

Það má telja víst, að Eimskipafélag Íslands verði fúst til samninga og framlaga í þessu skyni. Eimskipafélagið hefir til þessa sýnt fullan skilning á þörfum atvinnuveganna í þessum efnum, eins og sýndi sig við smíði e/s Brúarfoss og aftur nú nýlega, er félagið varði um 115 þúsundum króna til að koma upp kælirúmi í e/s Dettifoss, vegna fiskflutninganna. En einnig gæti komið til greina að semja við önnur íslenzk eimskipafélög um þessar framkvæmdir, eða jafnvel, þegar þörfin hefir skapazt, að styrkja kaup á sérstöku kæliskipi.

En annar og ekki ómerkari þáttur þessa máls verður að gerast erlendis. Það verður tafarlaust að leita öruggra markaða og verzlunarsambanda sem víðast úti í heimi, og dugir ekkert hik í þeim efnum. Þess má vænta, að vinna megi markað fyrir hraðfrystan fisk mjög víða í Evrópu og einnig í Norður-Ameríku. Framkvæmd þessarar markaðsleitar og samningagerðir allar í sambandi við þetta mál eru eitthvert hið stærsta hagsmunamál sjávarútvegsins, og nauðsyn knýr til skjótra athafna.

Nd. 120. Frumvarp til laga

um rétt manna til að kalla sig verkfræðinga, húsameistara eða iðnfræðinga.

(Eftir 2. umr. í Nd.)

1. gr.

Rétt til að kalla sig verkfræðinga (ingeniör) eða heiti, sem felur í sér orðið verkfræðingur, hafa þeir menn einir hér á landi, sem fengið hafa til þess leyfi ráðherra.

2. gr.

Engum má veita leyfi það, er um ræðir í 1. gr., nema hann hafi lokið fullnaðarprófi í verkfræði við fjöllistaskóla eða tekniskan háskóla, sem stéttarfélag verkfræðinga hér á landi viðurkennir sem fullgildan skóla í þeirri grein.

Að fengnum meðmælum stéttarfélags verkfræðinga hér á landi, má þó veita mönnum, sem stundað hafa verkfræðistörf eigi skemur en 6 ár, áður en lög þessi tóku gildi, leyfi til að kalla sig verkfræðinga, enda þótt þeir fullnægi eigi prófskilyrðum þeim, sem ræðir um í 1. málsgr. þessarar greinar.

Þeir menn, sem fullnægja skilyrðum þeim, sem sett eru í 1. málsgr. þessarar greinar, eiga rétt á, að þeim sé veitt leyfi til að kalla sig verkfræðinga.

3. gr.

Rétt til að kalla sig húsameistara (arkitekt) hafa hér á landi þeir menn einir, sem fengið hafa til þess leyfi ráðherra.

4. gr.

Engum má veita leyfi það, sem um ræðir í 3. gr., nema hann hafi lokið fullnaðarprófi í byggingarlist við listaháskóla eða tekniskan háskóla, sem stéttarfélag húsameistara hér á landi viðurkennir sem fullgildan skóla í þeirri grein.

Að fengnum meðmælum stéttarfélags húsameistara hér á landi, má þó veita mönnum, sem stundað hafa húsameistarastörf eigi skemur en 6 ár, áður en lög þessi tóku gildi, leyfi til að kalla sig húsameistara, enda þótt þeir fullnægi eigi prófskilyrðum þeim, sem ræðir um í 1. málsgr. þessarar greinar.

Þeir menn, sem fullnægja skilyrðum þeim, sem sett eru í 1. málsgr. þessarar greinar, eiga rétt á, að þeim sé veitt leyfi til að kalla sig húsameistara.

5. gr.

Rétt til að kalla sig iðnfræðinga eða til að kenna sig við sériðngrein sína, t. d. kalla sig vélfræðing eða raffræðing eða öðru slíku heiti, sem dregið er af sériðn manna og myndað með sama hætti, hafa þeir einir menn hér á landi, sem fengið hafa til þess leyfi ráðherra.

6. gr.

Engum má veita leyfi það, sem um ræðir í 5. gr., nema hann hafi lokið fullnaðarprófi við tekniskan framhaldsskóla í þeirri iðngrein, er hann vill kenna sig við, enda sé skólinn viðurkenndur sem fullgildur skóli í þeirri grein af stéttarfélagi iðnfræðinga þeirrar greinar hér á landi, ef til er, en ef það félag er ekki til, þá af Verkfræðingafélagi Íslands.

Þeir menn, sem fullnægja skilyrðum þeim, sem sett eru í þessari gr., eiga rétt á, að þeim sé veitt leyfið samkvæmt 5. gr.

7. gr.

Hver, sem kallar sig heiti, er leyfi þarf til samkvæmt lögum þessum, án þess að hafa fengið slíkt leyfi, skal sæta sektum frá 100 til 1000 krónum. Sektirnar renna í ríkissjóð.

8. gr.

Með mál út af brotum gegn lögum þessum skal fara sem almenn lögreglumál.

9. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 121. Frumvarp til laga

um tímabundna heimild handa Rafmagnsveitu Reykjavíkur til innflutnings og sölu á rafmagnstækjum.

Flm.: Pétur Halldórsson, Sigurður Kristjánsson, Jakob Möller.

1. gr.

Rafmagnsveitu Reykjavíkur er heimilt að flytja til landsins öll rafmagnstæki til heimilisnotkunar, önnur en útvarpstæki, á tímabilinu frá 1. ágúst 1937 til 31. júlí 1938.

2. gr.

Rafmagnsveita Reykjavíkur skal selja eða láta selja rafmagnstæki þessi við svo vægu verði sem kostur er á, og aðeins gegn staðgreiðslu. Verðið skal miða við það, að rafmagnsveitan taki ekki hagnað af sölunni.

3. gr.

Tollar og önnur innflutningsgjöld til ríkissjóðs af rafmagnstækjum samkv. 1. gr. falla niður.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Sogsvirkjunin tekur að selja rafmagn frá Sogsstöðinni á næsta hausti, og er augljóst, að það veldur nokkru um arðsemi fyrirtækisins og arð viðskiptamanna þess af viðskiptunum, að þau verði örvuð þegar í upphafi með því að gera kaup á rafmagnstækjum sem aðgengilegust.

Frv. miðar að því, að afl frá Sogsstöðinni nýtist sem fyrst, og sparar þetta augljóslega kaup á annarskonar orku til heimilisþarfa að því skapi sem frv. nær tilgangi.

Þrátt fyrir erfiðleika á viðskiptum við önnur lönd þykir rétt að leita heimildar þeirrar, er í frv. felst.

Ed. 122. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 43 19. júní 1933, um stjórn vitamála og um vitabyggingar.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin telur alla sanngirni mæla með, að vitinn á Hafnarnesi verði tekinn inn í vitalögin og að öllu leyti kostaður af ríkissjóði, enda er stjórn vitamálanna samþykk því, að svo verði gert. Þá hafa nefndinni borizt tilmæli frá þm. Seyðisfjarðarkaupstaðar um, að hún taki einnig upp í frv. þetta vitann á Brimnesi við Seyðis-

fjörð, og fellst nefndin á það, þar sem svipað stendur á með hann og vitann á Hafnarnesi. Leggur nefndin því til, að frv. verði samþykkt með þessari

BREYTINGU:

Aftan við 1. gr. bætist:
Á Brimnesi við Seyðisfjörð .... ljósviti.

Alþingi, 19. marz 1937.

Ingvar Pálmason, form., frsm.	Sigurjón Á. Ólafsson, fundaskr.	Jón A. Jónsson.

Ed. 123. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 36 frá 27. júní 1921, um samvinnufélög.

Flm.: Einar Árnason.

1. gr.

2. töluliður 3. gr. laganna falli niður, og breytist liðatalan samkv. því.

2. gr.

Aftan við 8. tölulið 5. gr. laganna bætist: Ábyrgð hvers félagsmanns í félögum, sem ræðir um í 2. gr. 1. tölulið, má ekki vera minni en 300 kr., auk innstæðu hans í stofnsjóði. Þó má í félögum, sem eingöngu selja gegn staðgreiðslu, takmarka ábyrgð félagsmanns við stofnsjóðsinnstæðu hans, enda skal þá leggja helming af úthlutuðum tekjuafgangi við stofnsjóðsinnstæðu hans, umfram stofnsjóðstillag skv. 26. gr., unz innstæðan nemur 300 kr.

3. gr.

Á eftir 6. tölulið í 11. gr. laganna komi nýr töluliður, sem verður 7. töluliður, svo hljóðandi:
Hve mikla ábyrgð hver félagsmaður ber á skuldbindingum félagsins.

4. gr.

Aftan við 13. gr. laganna bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:
Sé samþykkt að breyta ábyrgð félagsmanna á skuldbindingum félagsins, skal breytingin þegar tilkynnt til skrásetningar og auglýst í Lögbirtingablaðinu. Ef ábyrgð félagsmanna er minnkuð, fær breytingin ekki gildi um eldri skuldbindingar gagnvart öðrum en nýjum félagsmönnum, fyrr en tvö ár eru liðin frá auglýsingardegi. Ef beiðni um að taka félagið til skipta er afhent skiptaráðanda áður en þessi frestur er liðinn, breytist ábyrgð félagsmanna ekki, nema beiðnin sé afturkölluð eða reynist ekki á rökum byggð.
Ef ábyrgð félagsmanna er aukin, gildir breytingin aðeins gagnvart þeim félagsmönnum, sem samþykkja hana skriflega. Aðalfundi er heimilt að ákveða, að þeir félagsmenn, er eigi samþykkja ábyrgðarhækkun, missi félagsréttindi.

5. gr.

a. Í stað orðanna „1% af viðskiptaveltu“ í 24. gr. laganna komi: 1% af samanlagðri sölu aðkeyptra vara og afurða.
b. Orðin „Vexti af innstæðu skal árlega leggja við höfuðstól“, í sömu grein, falli niður.

6. gr.

a. Orðin í upphafi 25. gr. laganna „Í samþykktum skal ..... sem hafa vörukaup sem aðalverksvið“ falli niður.

b. Þriðja málsgr. sömu greinar orðist svo:

Þegar stofnsjóðseign félagsmanns verður meiri en svo, að nemi árlegri úttekt hans, eins og hún hefir verið að meðaltali 5 næstliðin ár, má greiða það, sem umfram er niður að 300 kr., enda hafi hann ekki skipt við félagið skemur en 15 ár.

7. gr.

Á eftir 25. gr. laganna komi tvær nýjar greinar, sem verða 26. og 27. gr., svo hljóðandi:

a. (26. gr.). Stjórnendur samvinnufélags mega ekki úthluta tekjuafgangi fyrr en:

1. Fasteignir, áhöld og aðrar eignir félagsins hafa verið afskrifaðar nægilega.
2. Áskilin gjöld í óskiptilega sjóði félagsins hafa verið greidd.

Í félögum, sem hafa vörukaup sem verksvið, má ekki greiða tekjuafgang út fyrr en minnst 3% af verði aðkeyptra vara, sem félagsmenn hafa keypt, hefir verið lagt í stofnsjóð.

b. (27. gr.). Ef tvö eða fleiri samvinnufélög óska að sameinast, skal samhljóða ályktun um það efni samþykkt í báðum eða öllum félögunum á tveim lögmætum félagsfundum í röð, og séu henni fylgjandi eigi færri en ⅔ atkvæðisbærra fundarmanna, enda hafi ályktunin í félagi, sem skiptist í deildir, verið borið undir deildarfundi milli félagsfunda og samþykkt af þeim með meiri hluta atkvæða.

Skrásetning framangreindrar ályktunar er fullnægjandi afsal á eignum hinna einstöku félaga til hins sameinaða félags. Þinglýsingar- og stimpilgjald skal eigi greiða vegna slíkrar eignayfirfærslu.

Þegar slík ályktun er skrásett, skal afmá nöfn hinna einstöku félaga úr samvinnufélagsskrá. Hin einstöku félög mega skuldskeyta hið sameinaða félag. Réttur kröfuhafa má þó ekki rýrna við það.

8. gr.

Orðin „með samábyrgð“ og orðið „sameiginlegri“ í 26. gr. laganna, sem verður 28. gr., falli niður.

9. gr.

32. gr. laganna, sem verður 34, gr., orðist þannig:

Samvinnufélagi skal slíta, ef ályktun um það er samþykkt af tveim lögmætum félagsfundum í röð og henni eru fylgjandi eigi færri en ⅔ atkvæðisbærra fundarmanna, enda hafi ályktunin í félagi, sem skiptist í deildir, verið borin undir deildarfundi, milli félagsfunda, og samþykkt af þeim með meiri hluta atkvæða.

10. gr.

Á eftir 33. gr. laganna, sem verður 35. gr., komi ný grein, sem verður 36. gr., svo hljóðandi:

Skilanefnd skal birta áskorun til skuldheimtumanna félagsins um að lýsa kröfum sínum fyrir henni, með sama hætti og sömu verkun sem segir í 2. gr. laga nr. 19 frá 4. júní 1924. Þegar skuldir félagsins eru greiddar eða trygging sett og félagsfundur hefir samþykkt fullnaðarreikninga skilanefndar, má greiða félagsmönnum og öðrum, sem eiga í stofnsjóði, stofnsjóðsinnstæður. Stofnsjóðsinnstæður má ekki skuldajafna.

Ágreining um skuldakröfu og stofnsjóðsinnstæður má bera undir skiptarétt þann, er átt hefði að fara með bú félagsins, ef það hefði verið tekið til opinberra skipta.

11. gr.

39. gr. verður 42. gr. Aftan við orðin „efnahag félags, er þeir stýra“ í 2. málsgr. 39. gr. laganna, sem verður 42. gr., komi: eða ef þeir brjóta ákvæði 26. gr.

12. gr.

Á eftir 41. gr. laganna, sem verður 44. gr., komi ný grein, sem verður 45. gr., svo hljóðandi:

Félögum, sem skrásett eru eftir þessum lögum, er einum heimilt að hafa orðin „kaupfélag“, „samvinnufélag“, „pöntunarfélag“ eða önnur orð, sem merkja samvinnufélag, í nafni sínu, eða skammstafanir úr þeim orðum.

13. gr.

Þegar lög þessi hafa öðlazt staðfestingu, skal fella meginmál þeirra og laga nr. 22 19. maí 1930 inn í lög nr. 36 27. júní 1921 og gefa þau út svo breytt sem lög um samvinnufélög, að slepptri 42. gr. síðastnefndra laga.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er lagt fram samkvæmt ósk Sambands íslenzkra samvinnufélaga.

Höfuðbreytingar þær, er frv. gerir á samvinnulögunum, eru þessar:

1. Samábyrgð allra félagsmanna í samvinnufélögum er afnumin sem skilyrði fyrir því, að þau geti orðið skrásett samkv. samvinnulögunum.
2. Skýrari ákvæði eru sett um framlag í varasjóð og stofnsjóð og um útborgun úr stofnsjóði. — Sömuleiðis eru ný fyrirmæli sett um afskriftir af eignum félags og um ráðstöfun tekjuafgangs.
3. Ný ákvæði eru sett um sameiningu tveggja eða fleiri samvinnufélaga í eitt félag.
4. Valdsvið skilanefndar við uppgerð félags er skilgreint.

Um 1. lið:

Sú breyting er gerð frá samvinnulögunum 1921, að félögum samkvæmt 1. tölulið 2. gr., þ. e. kaupfélögum og pöntunarfélögum, er leyft að hafa, hvort heldur þau vilja sameiginlega ábyrgð félagsmanna á fjárreiðum sínum eða takmarkaða ábyrgð. Ábyrgð félagsmanna má þó aldrei vera lægri en 300 kr. auk stofnsjóðsinnstæðu hans, nema í félögum, sem aðeins selja gegn staðgreiðslu. Í þeim má takmarka ábyrgðina við stofnsjóðsinnstæðu, enda skal þá leggja helming af tekjuafgangi þeim, sem félagsmaður fær úthlutað umfram stofnsjóðstillag, sem greiða verður samkvæmt væntanlegri 26. gr., við stofnsjóðsinnstæðu hans unz hún nemur 300 kr.

Síðan samvinnulögin 1921 voru samþykkt, hefir starfsemi samvinnufélaga vaxið mikið og orðið fjölþættari. Það er því erfiðara nú en þá var fyrir félagsmenn í stórum samvinnufélögum að fylgjast með, hve miklu þeir bera ábyrgð á. Jafnframt hefir reynslan sýnt, að ekki er eins mikil trygging í sameiginlegu ábyrgðinni eins og álitið var 1921. Trygging hennar hefir sérstaklega minnkað við, að fjöldi fasteigna og mikið af lausafé hefir verið veðsett bönkunum og kreppulánasjóði. Það virðist því, eins og nú horfir við, vera eins heppilegt, að kaupfélögum og pöntunarfélögum sé leyft að hafa takmarkaða ábyrgð eins og öðrum samvinnufélögum.

Það mælir einnig með, að samábyrgðarákvæðinu sé breytt, að á síðustu árum hafa í kaupstöðum landsins verið stofnuð allmörg kaupfélög og pöntunarfélög, sem starfa á samvinnugrundvelli, en hafa takmarkaða ábyrgð, og eru því ekki skrásett eftir samvinnulögunum, sem þó er hin mesta nauðsyn fyrir þau.

Um 2. lið:

Upp eru tekin ákvæði um skyldu samvinnufélaga til að afskrifa eignir sínar. Eru þau nokkuð strangari en nú er venja, en í samræmi við þær reglur, sem skattanefndir fara nú eftir um afskriftir eigna. Aftur á móti er ekki krafizt, að

vextir séu reiknaðir af innstæðu varasjóðs og skyldan til að greiða tillög í varasjóð og stofnsjóð bundin við, að tekjuafgangur sé fyrir hendi, þegar búið er að afskrifa eignirnar.

Um 3. lið:

Þarf ekki skýringar.

Um 4. lið:

Í samvinnulögin frá 1921 vantar fyrirmæli um vald skilanefndar, samsvarandi ákvæði 41. gr. hlutafélagalaganna. Þetta hefir valdið nokkrum óþægindum, og er hér úr því bætt.

Ed. 124. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 14 9. jan. 1935, um síldarverksmiðjur ríkisins.

Flm.: Bernh. Stefánsson og Einar Árnason.

1. gr.

Í stað 4. gr. laganna komi 6 nýjar greinar, svo hljóðandi:

a. Yfirstjórn síldarverksmiðja ríkisins er í höndum verksmiðjuráðs og ráðherra þess, er fer með útvegsmál. Stjórn verksmiðjanna annast að öðru leyti þriggja manna verksmiðjustjórn.

b. Verksmiðjuráðið er skipað 12 mönnum. Af þeim skulu 9 menn kosnir af sameinuðu Alþingi, með hlutfallskosningu. Skal kosning ætíð fara fram á Alþingi því, er fyrst kemur saman eftir hverjar almennar alþingiskosningar, eigi síðar en 2 vikum eftir þingsetningu. Hinir 3 skulu tilnefndir af Alþýðusambandi Íslands, Fiskifélagi Íslands og Sambandi íslenzkra samvinnufélaga, einn frá hverjum aðilja.

Kjörtími þessara manna er hinn sami og þeirra, sem þingkjörnir eru. Varamenn, sem taka sæti í forföllum aðalmanna, skulu kosnir og tilnefndir á sama hátt og aðalmenn, og koma þeir í stað aðalmanna eftir þeirri röð, er þeir hafa verið kosnir á listunum og tilnefndir af hlutaðeigandi stofnunum.

Verksmiðjuráðsfulltrúar fá endurgoldinn ferðakostnað, ef einhver er, en hafa ekki að öðru leyti laun fyrir störf sín.

c. Verksmiðjuráðið kýs, með hlutfallskosningu, 3 menn í stjórn verksmiðjanna og aðra 3 til vara. Kosning þessi gildir þar til mánuði eftir að nýtt verksmiðjuráð hefir verið kosið. Laun verksmiðjustjórnar ákveður ríkisstjórnin, að fengnum tillögum verksmiðjuráðs. Ráðherra tilnefnir einn úr verksmiðjustjórninni sem formann hennar.

d. Verksmiðjustjórnin ræður framkvæmdarstjóra, einn eða tvo. Skulu þeir ráðnir með 6 mánaða uppsagnarfresti af beggja hálfu. Ákveður hún starfssvið þeirra og laun.

Stjórn verksmiðjanna hefir aðsetur og varnarþing á Siglufirði, og skulu stjórnarnefndarmennirnir vera þar búsettir eða hafa þar fast aðsetur þann hluta ársins, sem verksmiðjurnar eru reknar.

Til að skuldbinda verksmiðjurnar þarf undirskrift tveggja stjórnarnefndarmanna. Framkvæmdarstjóri annast sölu afurðanna í samráði við stjórn verksmiðjanna. Hann hefir prókúruumboð fyrir verksmiðjurnar og skuldbindur þær eftir reglum um prókúru, að svo miklu leyti sem öðruvísi er eigi ákveðið.

e. Sá þingkjörni verksmiðjuráðsmaður, sem flest atkvæði hefir fengið, boðar verksmiðjuráðið til fundar svo fljótt sem því verður við komið, eftir að kosning og tilnefning hefir farið fram. Skal þar kjósa forseta og varaforseta ráðsins.

og gildir sú kosning fyrir kjörtímabilið. Forseti boðar ráðið til funda svo oft sem nauðsyn krefur, þó eigi sjaldnar en tvisvar á ári. Rita skal í fundabók stutta skýrslu um það, er gerist á fundunum, svo og allar ályktanir verksmiðjuráðsins. Fundur er lögmætur þá er meira en helmingur fulltrúa er mættur.

f. Störf verksmiðjuráðs eru þessi:
   a. Að kjósa 3 menn í verksmiðjustjórn samkv. 7. gr. (c-liður 1. gr. frv.).
   b. Að kjósa, með hlutfallskosningu, 3 menn til að endurskoða reikninga verksmiðjanna og 3 til vara, til eins árs í senn, og ákveða laun þeirra.
   c. Að úrskurða reikninga verksmiðjanna.
   d. Að gera ályktanir um önnur mál, sem lögð verða fyrir verksmiðjuráðið samkv. lögum þessum eða eftir ósk verksmiðjustjórnar eða ráðherra.

2. gr.

Á eftir 6. gr. laganna komi ný grein, svo hljóðandi:

Nú er ákveðið, að verksmiðjurnar kaupi hráefni af framleiðendum með föstu verði, og ákveður þá verksmiðjustjórnin verðið í samráði við verksmiðjuráðið. Verði ágreiningur milli verksmiðjustjórnar og verksmiðjuráðs um, hversu hátt verðið skuli vera, sker fjármálaráðherra úr.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Kosning 9 manna í verksmiðjuráð fer fram á því þingi, sem samþykkir þessi lög, og tilnefning annara fulltrúa í verksmiðjuráðið svo fljótt sem því verður við komið.

Greinargerð.

Á síðastl. vori lögðu tveir af hinum þingkjörnu stjórnarnefndarmönnum síldarverksmiðja ríkisins niður umboð sín. Er alkunnugt, að tildrögin til þess voru deilur, sem átt höfðu sér stað innan verksmiðjustjórnarinnar. Út af þessu voru svo gefin út bráðabirgðalög, þar sem ákveðið var, að stjórnarnefndarmennirnir skyldu aðeins vera 3 og allir stjórnskipaðir.

Svo var til ætlazt, að þessir 3 stjórnarnefndarmenn yrðu sinn úr hverjum stjórnmálaflokki, en af því varð þó ekki, sökum þess að Sjálfstæðisflokkurinn lagði bann við því, að sínir menn tækju sæti í verksmiðjustjórninni. Það verður að teljast mjög óheppilegt, að allir aðalstjórnmálaflokkar landsins eigi ekki fulltrúa í stjórn síldarverksmiðjanna. Þær eru sameiginleg eign allra landsmanna, og allir þeir, sem síldarútveg stunda, eiga að hafa aðgang að þeim og verða að geta borið traust til stjórnar þeirra. En útgerðarmenn, sjómenn og verkamenn, sem vinna að síldarútvegi eða við verksmiðjurnar sjálfar, tilheyra auðvitað öllum stjórnmálaflokkum. Það er því engin von til þess, að stjórn verksmiðjanna njóti fulls og almenns trausts, nema pólitísks jafnréttis sé gætt.

Á hinn bóginn verður þó að varast, að pólitísk sjónarmið séu yfirgnæfandi í stjórn verksmiðjanna. Atvinnureksturinn og heill og þrif fyrirtækisins er aðalatriðið.

Með þessu frv. er reynt að ná því tvennu, að stjórnmálaflokkarnir njóti jafnréttis um val manna í stjórn síldarverksmiðjanna, en draga þó jafnframt úr því, að valið sé í stjórnina með pólitíska hagsmuni fyrir augum.

Er því lagt til í frv., að sett verði 12 manna verksmiðjuráð, 9 kosnir af Alþingi, með hlutfallskosningu, en 3 tilnefndir af Alþýðusambandi Íslands, Fiskifélagi Íslands og Sambandi íslenzkra samvinnufélaga. Verksmiðjuráðið kjósi síðan þriggja manna verksmiðjustjórn. Með þessu móti njóta allir stjórnmálaflokkarnir jafnréttis, en nokkur hluti ráðsins á þó að vera skipaður ópólitískt. Með skipun verk-

smiðjuráðs er ætlazt til, að út úr þinginu hverfi hið sífellda þref og deilur, sem átt hafa sér stað um stjórn verksmiðjanna, og er ekki hægt að telja slíkt ráð eins pólitíska stofnun eins og sjálft Alþingi. Mundi því pólitískrar togstreitu gæta minna með þessu móti.

Ekki er ætlazt til, að verksmiðjuráðið hafi mikil störf með höndum, enda fái fulltrúarnir ekkert kaup, heldur aðeins ferðakostnað, ef einhver er. Þetta fyrirkomulag ætti því ekki að þurfa að verða dýrara heldur en hið fyrra, á meðan verksmiðjustjórnin var skipuð 5 mönnum.

Lagt er til, að framkvæmdarstjórar geti verið 2. Hefir verksmiðjunum fjölgað og reksturinn aukizt stórkostlega hin síðari ár, svo ekki virðist veita af 2 mönnum. Það er óhjákvæmilegt, að framkvæmdarstjóri sé jafnan á Siglufirði á meðan verksmiðjurnar eru í gangi, en jafnframt þarf að hafa eftirlit með þeim verksmiðjum, sem annarsstaðar eru. Það er því hæpið, að einn maður geti annað þessum störfum, svo að í fullu lagi sé.

Þá er lagt til, að framkvæmdarstjóri hafi sölu afurðanna með höndum, í samráði við stjórn verksmiðjanna. Virðist það eðlilegra fyrirkomulag heldur en það, sem nú er.

Ed. 125. Frumvarp til laga

um sölu kirkjujarðarinnar Sanda í Þingeyrarhreppi.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að selja Þingeyrarhreppi kirkjujörðina Sanda í Þingeyrarhreppi í Vestur-Ísafjarðarsýslu.

2. gr.

Kaupverðið greiðist eins og fyrir var mælt í lögum nr. 50 16. nóv. 1907.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. 126. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 43 19. júní 1933, um stjórn vitamála og um vitabyggingar.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

1. gr.

a. Á eftir orðunum „Á Glettinganesi ... hljóðviti“ í 9. gr. laganna komi:
Á Brimnesi við Seyðisfjörð ... ljósviti.

b. Á eftir orðunum „Á Seley ... hljóðviti“ í sömu lagagrein komi:
Á Hafnarnesi ... ljósviti, endurbygging.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. 127. Frumvarp til laga

um verðlag á almennum nauðsynjavörum.

Flm.: Sigurjón Á. Ólafsson.

1. gr.

Ráðherra þeim, sem fer með verzlunarmál, er heimilt að ákveða, að útsöluverð og/eða verzlunarálagning í heildsölu og smásölu á tilteknum vörutegundum megi ekki vera hærri en verðlagsnefnd ákveður.

2. gr.

Verðlagsnefnd skal skipuð 5 mönnum: 1 tilnefndum af Alþýðusambandi Íslands, 1 af Landssambandi iðnaðarmanna, 1 af Sambandi ísl. samvinnufélaga, 1 af Verzlunarráði Íslands og 1 skipuðum af verzlunarmálaráðherra án tilnefningar, og sé hann formaður nefndarinnar. Ef einhver þeirra aðilja, sem ætlað er að tilnefna mann í nefndina, notar ekki rétt sinn til þess, skipar ráðherra menn í nefndina í þeirra stað.

3. gr.

Hlutverk verðlagsnefndar er að ákveða hámarksverð eða hámarksálagningu, eftir því hvort hentara þykir, í heildsölu og smásölu á þeim vörum samkv. 1. gr., sem ríkisstjórnin hefir á hverjum tíma ákveðið, að störf nefndarinnar skuli taka til. — Skal verzlunarmálaráðherra, þegar lög þessi koma til framkvæmda, gefa út auglýsingu um þær vörutegundir, eða vöruflokka, sem hún ætlast til, að verðlagsákvæði verði sett um, og á sama hátt auglýsa, ef nýjum vörutegundum verður bætt við síðar. Ef um hámarksálagningu er að ræða, skal hún takmörkuð við ákveðinn hundraðshluta af kostnaðarverði vörunnar, kominnar á sölustað. Heimilt skal nefndinni, ef henni þykir ástæða til, að skipta landinu í verðlagssvæði.

4. gr.

Nefndin hefir vald til þess að heimta innan tiltekins tíma upplýsingar bæði frá opinberum stofnunum, embættis- og sýslunarmönnum, svo og einstökum mönnum og fyrirtækjum um innkaupsverð, útsöluverð og framleiðslukostnað og dreifingarkostnað á vörum, svo og hverjar þær upplýsingar, er hún telur nauðsynlegar til þess að byggja ákvarðanir sínar á.

5. gr.

Allar ákvarðarnir sínar um hámarksverð eða hámarksálagningu skal verðlagsnefndin þegar í stað tilkynna ráðherra, er tilkynnir þær lögreglustjórum, sem síðan annast um, að þær verði birtar almenningi. Skulu ákvarðanir nefndarinnar koma í gildi jafnskjótt og þær eru birtar á hverjum stað og gilda þar til öðruvísi verður ákveðið.

6. gr.

Nánari fyrirmæli um framkvæmd laga þessara og störf verðlagsnefndar setur ríkisstjórnin með reglugerð. Kostnaður við framkvæmd laganna, þar á meðal þóknun til verðlagsnefndar fyrir störf hennar, sem ráðherra ákveður, greiðist úr ríkissjóði.

7. gr.

Nú telur einhver, að verðlag á vöru fari í bága við verðlagsákvæði, sem sett hafa verið samkæmt lögum þessum, og er honum þá rétt að snúa sér til viðkomandi lögreglustjóra og óska rannsóknar á málinu. Telji lögreglustjóri kæruna nægilega rökstudda, skal hann svo fljótt sem kostur er á taka málið til rannsóknar, og er málsaðiljum skylt að gefa allar þær upplýsingar og leggja fram þau gögn, sem lögreglustjóri telur máli skipta. Á sama hátt getur nefndin, hvenær sem hún telur

ástæðu til, óskað rannsóknar, og skal þá lögreglustjóri tafaralaust taka málið til rannsóknar.

8. gr.

Meðlimum verðlagsnefndar og starfsmönnum hennar er bannað, að viðlagðri ábyrgð eftir ákvæðum almennra hegningarlaga um embættis- og sýslunarmenn, að skýra óviðkomandi mönnum frá þeim atriðum, sem þeir verða áskynja um eftir skýrslum þeim, sem um getur í 4. gr., að því leyti sem þær varða einstaka menn og einstök fyrirtæki.

9. gr.

Sá, sem vanrækir skyldur þær, sem um ræðir í 4. gr., skal sæta 10 til 100 kr. dagsektum unz skyldunni er fullnægt.

Sá, sem gefur ranga skýrslu til verðlagsnefndar, skal sæta refsingu samkvæmt 156. gr. almennra hegningarlaga frá 1869.

Brot gegn öðrum ákvæðum laga þessara, reglugerða, sem settar kunna að verða samkvæmt þeim, svo og brot gegn verðlagsákvæðum, sem sett verða samkvæmt lögunum, varða alt að 10000 króna sektum. Ennfremur er upptækur sá ágóði, sem fæst við brot á lögum þessum, eða verðlagsákvæðum, sem sett hafa verið samkvæmt þeim.

10. gr.

Mál út af brotum á ákvæðum 8. gr. og 2. mgr. 9. gr. laga þessara skulu sæta meðferð sakamála. Með mál, sem rís út af öðrum brotum gegn lögum þessum, reglugerðum eða verðlagsákvæðum, settum samkvæmt þeim, skal fara að hætti almennra lögreglumála.

11. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 10 frá 1915 og lög nr. 7 frá 1917, svo og önnur lagaákvæði, sem fara í bága við lög þessi.

12. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt að tilhlutun atvinnumálaráðherra, og fylgdu því svo hljóðandi athugasemdir:

Á síðastliðnu hausti skipaði atvinnumálaráðherra þriggja manna nefnd til þess að athuga og gera samanburð á verðlagi á olíu, kolum og salti og öðrum nauðsynjum útgerðarinnar hér á landi og í nágrannalöndunum. Ennfremur hefir atvinnumálaráðherra látið gera nokkrar athuganir á verðlagi á ýmsum öðrum vörum. Við þessar athuganir hefir það komið í ljós, að álagning á einstakar vörutegundir, einkum þær, sem mjög er takmarkaður innflutningur á, er stórum hærri en eðlilegt getur talizt, og má telja mjög líklegt, að meiri brögð séu að þessu en vitað er með vissu. Einnig hefir þótt nokkuð bera á því, að sumar vörutegundir, sem nú eru að nokkru eða miklu leyti framleiddar innanlands, séu seldar óeðlilega háu verði. Verður að teljast sjálfsagt, að girt sé fyrir það, að einstaklingar eða fyrirtæki geti í skjóli nauðsynlegra innflutningstakmarkana og gjaldeyrisskömmtunar skapað sér óeðlilegan ábata og skattlagt þannig þá, sem vöruna kaupa.

Að sjálfsögðu er til þess ætlazt, að ákvæðum þessa frumvarps sé fyrst og fremst beitt gegn óeðlilegri verðhækkun á nauðsynjavörum almennings, svo og nauðsynlegum vörum við framleiðslu landsmanna.

Ed. 128. Nefndarálit

við frv. til l. um viðauka við l. nr. 37 1929, um héraðsskóla.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin leggur til, að frv. verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGUM.

I. Við 1. gr. Greinin orðist svo:
Við 1. gr. laganna:
Á eftir „Laugarvatn í Árnessýslu" kemur: Reykjum í Norður-Ísafjarðarsýslu og Varmahlíð í Skagafirði.

II. Ný gr., sem verður 2. gr.:
Við 4. gr. laganna:
Á eftir 1. málslið koma tveir nýir málsliðir, svo hljóðandi:
Í reglugerð fyrir héraðsskólann í Reykjanesi má kveða svo á, að námstíminn sé ekki yfir þrjá mánuði árlega, en þó skulu próf frá skólanum miðuð við, að nemendur hafi notið kennslu í sex mánuði. Undanþága þessi gildir þó aðeins til ársloka 1942.

III. Við 2. gr., sem verður 3. gr. Í stað „Skólanum" kemur Reykjanesskóla.

IV. Við fyrirsögn frumvarpsins. Fyrirsögnin verður:
Frumvarp til laga um breyting á og viðauka við lög nr. 37 1929, um héraðsskóla.

Alþingi, 22. marz 1937.

Jónas Jónsson, form., frsm.	Guðrún Lárusdóttir, fundaskr.	Páll Hermannsson.

Nd. 129. Breytingartillögur

við frumv. til l. um framlenging á gildi l. nr. 90 19. júní 1933, um útflutning á kjöti.

Frá Sigurði Kristjánssyni.

1. 1. gr. orðist svo:
2. gr. laganna orðist svo:
Útflutningi kjöts til þeirra landa, sem í 1. gr. greinir, skal skipt milli kjöteigenda í hlutfalli við þörf þeirra fyrir markaði þessa. Skal í því efni miða við það kjötmagn, er þeir eiga eftir sláturfjártöku hvert ár og ekki hafa skilyrði til að selja á innlendum markaði. Skal mönnum veitt réttlátlega samkvæmt þessu hluttaka bæði í brezka og norska markaðinum. Gildi laga nr. 90 19. júní 1933, um útflutning á kjöti, framlengist til 1. júlí 1938.
2. Fyrirsögn frumvarpsins verði:
Frumvarp til laga um breytingar á lögum nr. 90 19. júní 1933, um útflutning á kjöti, og um framlenging þeirra laga.

Nd. 130. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 30 19. júní 1922, um skemmtanaskatt.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin hefir haft frv. þetta til meðferðar, og er undirritaður meiri hluti hennar meðmæltur því, að frv. verði samþykkt. Einn nefndarmanna (PHalld) var ekki á fundi.

Alþingi, 22. marz 1937.

Ásgeir Ásgeirsson, form. | Sigurður Einarsson, fundaskr., frsm. | Bjarni Bjarnason.

Gísli Sveinsson.

Nd. 131. Frumvarp til laga

um verzlunarráðuneyti, utanríkisverzlun og eftirlit með verðlagi.

Flm.: Emil Jónsson.

1. gr.

Stofna skal sérstakt ráðuneyti fyrir verzlunar- og utanríkismál Íslands. Skal því falin yfirstjórn allra utanríkismála þjóðarinnar, utanríkisverzlunarinnar og annara fjárhagslegra viðskipta við önnur ríki og lönd, eftir því sem nánar er tiltekið í lögum þessum.

Undir ráðuneytið heyrir fiskimálanefnd, síldarútvegsnefnd og hver sú stofnun, sem ríkið hefir falið eða kann að fela markaðsleit fyrir íslenzkar afurðir eða sölu íslenzkra afurða í öðrum löndum.

2. gr.

Skrifstofustjóri veitir forstöðu skrifstofu ráðuneytisins, sem er í tveimur deildum, önnur fyrir gjaldeyris- og verzlunarmál, hin fyrir önnur utanríkismál. Laun hans skulu ákveðin í launalögum.

Fulltrúa og aðstoðarmenn í ráðuneytið skipar ráðherra. Heimilt er ráðuneytinu að skipa ráðunauta (attachés) við sendisveitir og ræðismannaembætti, sbr. 7. gr. laga nr. 30 30. nóv. 1918, og verzlunarfulltrúa og erindreka til þess að greiða fyrir og annast sölu íslenzkra afurða erlendis, að fengnum tillögum þeirra stofnana, sem þau mál annast og um ræðir í 1. gr.

3. gr.

Ráðherra sá, sem fer með verzlunar- og utanríkismál, skal fyrir lok hvers árs hafa gert og birt nákvæma áætlun um allar tekjur og gjöld þjóðarinnar í viðskiptum við önnur ríki og lönd á næsta ári, og skal sú áætlun lögð til grundvallar fyrir viðskiptin á því ári. Þessi áætlun skal gerð með það mark fyrir augum, að ná sem hagstæðustum greiðslujöfnuði við önnur lönd og skapa þjóðinni öruggt fjárhagslegt sjálfstæði út á við.

4. gr.

Við undirbúning gjaldeyrisáætlunar þeirrar, er um getur í 3. gr., skal ráðherra njóta aðstoðar seðlabanka Íslands. Skal stjórn bankans skylt að leggja fram nákvæmt yfirlit um allar þær greiðslur, er inna verður af hendi í vexti og afborganir fastra lána, er landsmenn kunna að hafa tekið erlendis, svo og allar aðrar

óhjákvæmilegar greiðslur til annara landa fyrir annað en þær vörur, sem væntanlega verða keyptar á árinu. Stjórn bankans skal einnig í samráði við ráðherra gera yfirlit um tekjur þjóðarinnar í erlendum gjaldeyri, eins og líkur eru til að þær geti minnstar orðið á komandi ári, eftir því, sem ráðið verður af afkomu líðandi árs, og einnig yfir það, hvenær á árinu má búast við, að tekjurnar komi inn, og frá hvaða löndum. Á sama tíma skal verzlunarráðuneytið, að fengnu áliti innflutningsnefndar, hafa gert nákvæma áætlun um greiðslur fyrir þær vörur, sem óhjákvæmileg nauðsyn er á að flytja til landsins. Það skal og hafa gert nákvæma flokkun á þeim vörum, er til landsins hafa flutzt á síðustu árum, eftir því, til hvers þær eru ætlaðar og hversu nauðsynlegt þykir að flytja þær inn.

5. gr.

Gjaldeyrisáætlun semur ráðherra í samráði við seðlabanka Íslands á þann hátt, sem hér segir:

Um gjaldeyristekjur og gjöld skulu fyrst lögð til grundvallar fjárlög ríkisins, er gilda fyrir það ár, sem gjaldeyrisáætlunin er um, að því leyti, sem þau hafa áhrif á hana. Því næst skal lagt til grundvallar yfirlit það, er stjórn seðlabankans hefir gert í samráði við ráðherra, samkvæmt 4. gr., um gjaldeyristekjur á árinu, og fyrst ætla þeim til frádráttar óhjákvæmilegar greiðslur til útlanda fyrir annað en vörur, samkvæmt yfirliti seðlabankans.

Þá skal stjórn seðlabankans ákveða, hve miklum hluta af gjaldeyristekjum þjóðarinnar megi ráðstafa á árinu fyrir innfluttar vörur, og má ekki breyta þeirri ákvörðun, nema gjaldeyristekjurnar verði meiri en ákveðið var, eða brýn nauðsyn krefjist og samþykki seðlabankans komi til. Stjórn seðlabankans ákveður ennfremur, í samráði við ráðherra, hve mikill hluti af þeim vörum, er flytjast eiga til landsins samkvæmt áætluninni, skuli ætlaður til verklegra framkvæmda og framleiðslu.

Ráðherra ákveður, að fengnum tillögum stjórnar seðlabankans, hvernig innflutningur erlendrar vöru skiptist eftir viðskiptalöndum.

6. gr.

Gjaldeyrisáætlun skal gerð fyrir allt árið, en skipta má henni í kafla eftir ársfjórðungum, enda skal endurskoða hana í lok hvers ársfjórðungs. Ef þá kemur fram, að gjaldeyristekjur reynast meiri en séð varð fyrir, skal þeim tekjum ráðstafað af sömu aðiljum og eftir sömu reglum og segir í 5. gr. En ef þær reynast minni, er bankastjórn og ráðherra heimilt að færa niður innflutninginn næsta ársfjórðung frá því, sem hann var áður áætlaður.

7. gr.

Verzlunarráðuneytið veitir öll gjaldeyrisleyfi, en heimilt er því að fela Verzlunarráði Íslands og S. Í. S. að úthluta nokkrum hluta þeirra samkv. 10. og 11. gr.

8. gr.

Verzlunarráðuneytið úthlutar gjaldeyrisleyfum fyrir annað en vörur, og ennfremur fyrir vörur til Ríkisverzlunar Íslands og vörur til atvinnurekstrar einstaklinga og félaga, sem ekki stunda verzlun, svo og samkv. 11. gr. Ráðuneytið skal þó jafnan leita álits atvinnumálaráðherra um veitingu gjaldeyrisleyfa til innflutnings á vörum til stofnunar meiri háttar atvinnufyrirtækja.

9. gr.

Verzlunarráðherra getur, í samráði við atvinnumálaráðherra, ákveðið, hvernig vörur, sem inn eru fluttar til verklegra framkvæmda og framleiðslu, skuli skiptast milli atvinnugreinanna.

10. gr.

Innflutningsnefnd, skipuð fulltrúum frá innflytjendum og neytendum og verzlunarráðherra, skal, í samráði við ráðherra, ákveða nánar, hvernig vöruinnflutningur sá, sem áætlaður hefir verið samkv. 5. gr., skuli skiptast eftir vöruteg undum. Nefndin skal skipuð verzlunarfróðum mönnum, sem ætla má, að séu vel kunnugir vöruþörf landsmanna og aðstöðu innflytjenda til að ná hagkvæmum verzlunarsamböndum. Verzlunarráðherra skipar formann nefndarinnar og aðra nefndarmenn samkvæmt tilnefningu þessara stofnana: Verzlunarráðs Íslands, Sambands íslenzkra samvinnufélaga, Alþýðusambands Íslands og Ríkisverzlunar Íslands.

11. gr.

Verzlunarráðherra er heimilt, í samráði við innflutningsnefnd, að fela Verzlunarráði Íslands og S. Í. S. að úthluta nokkrum hluta gjaldeyrisleyfa þeirra, er veitt eru til innflutnings á vörum. Skal ákveða fyrir hvern ársfjórðung í senn heildarupphæð þeirra gjaldeyrisleyfa, sem þessum stofnunum er falið að úthluta.

Verzlunarráðið úthlutar gjaldeyrisleyfum til kaupmanna og verzlunarfélaga, annara en samvinnufélaga, en S. Í. S. úthlutar gjaldeyrisleyfum til kaupfélaga og neytendafélaga. Umsóknir kaupmanna og verzlunarfélaga um gjaldeyrisleyfi til innflutnings skulu sendar verzlunarráðinu, og umsóknir kaupfélaga og neytendafélaga til S. Í. S. Verzlunarráðuneytið ákveður umsóknarfrest. Þegar leyfi er úthlutað, skal það sent til verzlunarráðuneytisins til stimplunar og skrásetningar, og er leyfið þá veitt.

Reglur um úthlutun leyfanna semur verzlunarráðuneytið, að fengnum tillögum Verzlunarráðs Íslands og S. Í. S. Vilji þessir aðiljar (V. Í. eða S. Í. S.), annarhvor eða báðir, eigi annast úthlutun leyfanna samkvæmt lögum þessum, sér verzlunarráðuneytið um úthlutun þeirra.

12. gr.

Ef þeir, sem sækja um gjaldeyrisleyfi til Verzlunarráðs Íslands eða S. Í. S., þykjast beittir óréttri við úthlutun leyfanna, geta þeir skotið máli sínu til verzlunarráðuneytisins. Ef kæran reynist á rökum byggð, er því heimilt á næsta ársfjórðungi að veita þeim aðilja gjaldeyrisleyfi fyrir þann ársfjórðung, sem liðinn er, auk þess gjaldeyrisleyfis, sem honum ber á yfirstandandi ársfjórðungi, enda skal úthlutunarréttur þess, er úthluta átti leyfinu, skertur sem nemur því samanlögðu, og skal umsækjanda eftir það heimilt að senda umsóknir sínar beint til verzlunarráðuneytisins.

13. gr.

Allar einkasölur ríkisins skal sameina í eina verzlun, er nefnist Ríkisverzlun Íslands. Jafnframt því, sem Ríkisverzlun Íslands tekur við öllum viðskiptum einkasalanna út á við og inn á við, skal hún og eftirleiðis annast öll innkaup ríkisstofnana. Ennfremur skal hún annast alla þá verzlun, er ríkið kann að reka samkvæmt 21. og 22. gr., og starfa sem almenn umboðs- og heildverzlun.

14. gr.

Hverjum innflytjanda er skylt ársfjórðungslega að senda verzlunarráðuneytinu nákvæmar skýringar um innflutning sinn, hvaða gjaldeyrisleyfi sé fyrir honum, magn hans og innkaupsverð, og frá hvaða landi keypt hafi verið. Ef varan hefir verið endurseld innanlands, þá útsöluverð, verzlunarkostnað og verzlunarhagnað, og skrá um birgðir í upphafi og lok hvers ársfjórðungs. Samskonar skýrslur eru smásalar skyldir að senda verzlunarráðuneytinu.

Verzlunarráðuneytið aflar sér vitneskju um verð á innflutningsvörum erlendis, heildsöluverð og útsöluverð í smásölu innanlands, og nýtur við það aðstoðar Ríkisverzlunar Íslands. Ráðuneytinu er heimilt að krefjast þess af innflytjendum og smá-

sölum, að þeir sýni innkaupsreikninga, og skal eigi veita þeim gjaldeyrisleyfi eftirleiðis, ef þeir láta hjá líða að gefa skýrslur, eða gefa ranga skýrslu. Ef Verzlunarráð Íslands eða S. Í. S. úthluta þeim leyfi að nýju, má skerða úthlutunarrétt þeirra að sama skapi.

15. gr.

Verzlunarráðuneytinu er heimilt að leggja gjald á útflutta vöru til markaðslanda, sem keypt geta sérstaklega háu verði vegna gengismunar. Gjald þetta má vera allt að 20% af söluverði vörunnar, og skal því öllu varið til uppbótar á sömu vöru, sem seld er til annara landa.

Gjald þetta skal innheimta á sama hátt og útflutningsgjald. Verzlunarráðuneytið setur reglur um úthlutun uppbótarinnar, að fengnum tillögum fiskimálanefndar um útfluttar sjávarafurðir og S. Í. S. um útfluttar landbúnaðarafurðir.

16. gr.

Verzlunarráðuneytinu er heimilt að innheimta gjald af öllum innflutningi til landsins, er getur orðið allt að 15% af innkaupsverði, mismunandi eftir vöruflokkum, og ákveður ráðuneytið gjaldið fyrir hvern flokk til eins árs í senn. Skal af því stofnaður verðlagssjóður, er varið skal þannig:

1) Til jöfnunar milli innflytjenda vegna misjafnrar aðstöðu til innflutnings fyrir gengis- og verðlagsmun.

Til þess má þó eigi verja meiru en 20% innflutningsgjaldsins. Fé þessu úthlutar ráðuneytið að fengnum tillögum innflutningsnefndar.

2) Til nýrra fyrirtækja til aukningar landbúnaðar- og iðnaðarframleiðslu fyrst og fremst fyrir innanlandsmarkað.

Til þess má verja allt að 35% innflutningsgjaldsins, og skal allt að 25% varið til stofnunar framleiðslufyrirtækja, er ríkið setur á fót eða á meiri hluta í, og allt að 10% til styrktar öðrum framleiðslufyrirtækjum, að fengnum tillögum stjórnar Iðnlánasjóðs, ef um iðnaðarfyrirtæki er að ræða, en Ræktunarsjóðs, ef um landbúnaðarfyrirtæki er að ræða. Styrk þennan má því aðeins veita, að fyrirtækið valdi verulegri atvinnuaukningu og bæti greiðslujöfnuð við útlönd, og verða þau fyrirtæki látin sitja fyrir um styrk, sem ekki verða rekin hallalaust á annan hátt. Styrkurinn skal fólginn í því, að veitt sé vaxtalaust lán til 5 ára, er síðan afborgist með jöfnum afborgunum á 15 árum með sömu vöxtum og yfirleitt tíðkast hjá Iðnlánasjóði og Ræktunarsjóði.

Afborganir og vextir renna til Iðnlánasjóðs eða Ræktunarsjóðs, eftir því, hvort um iðnaðar- eða landbúnaðarfyrirtæki er að ræða, og skal hvorutveggja bætt við stofnfé þessara stofnana.

Ráðherra setur með reglugerð ákvæði um það, hverskonar fyrirtæki skuli verða styrksins aðnjótandi.

Ef sá hluti innflutningsgjaldsins, sem ræðir um í þessum lið, er ekki notaður að fullu af ríkissjóði eða til útlána, skal geyma það, sem óráðstafað verður, til ráðstöfunar fyrir ríkissjóð, og til útlána til einstaklinga síðar, þó eigi lengur en þrjú ár. Því, sem þá kann að vera í sjóði fram yfir þriggja ára tekjur sjóðsins, skal þá ráðstafað að fengnum tillögum Iðnlánasjóðs og Ræktunarsjóðs.

3) Til verðuppbótar til framleiðenda, og má verja allt að ⅓ þess, eða 15% innflutningsgjaldsins, til uppbótar á útflutningsverð sjávarafurða, en ⅔, eða 30% innflutningsgjaldsins, skal varið þannig, að verðlag innlendrar framleiðsluvöru á innlendum markaði geti lækkað móts við verðlag erlendrar vöru án þess að framleiðendur beri minna úr býtum.

Verzlunarráðuneytið ákveður nánar í reglugerð, hvernig þessari verðuppbót skuli úthlutað.

Innflutningsgjald þetta skal innheimt um leið og tollur af vörum er greiddur.

17. gr.

Til þess að hafa vald á vöruverði innanlands og halda verðlagi niðri og varna því, að það fari hækkandi frá því, sem nú er, þó þannig, að þeir, er með verzlun fara, fái greiddan hæfilegan kostnað og njóti viðunandi starfskjara, að dómi verzlunarráðuneytisins, skal verzlunarráðuneytinu heimilt að leggja skatt á verzlunarálagningu. Verzlunarálagning innflytjenda telst mismunur á innkaupsverði cif, að viðlögðum tollum og aðflutningsgjöldum, og söluverði, en verzlunarálagning smásala telst mismunur kaupverðs vörunnar í heildsölu, að viðlögðum flutningskostnaði, og söluverðsins.

18. gr.

Ef álagning er eigi meiri en 4% í umboðssölu, 8% í heildsölu eða 15% í smásölu, skal hún með öllu undanþegin álagningarskatti, en ef álagningin fer yfir þetta hámark, er verzlunarráðuneytinu heimilt að leggja á hana stighækkandi skatt, og nær sá skattur þá til allrar álagningarinnar. Skal verzlunarráðuneytið, að fengnum tillögum innflutningsnefndar og ríkisskattanefndar og að undangenginni rannsókn ríkisskattanefndar á verzlunarkostnaði í hverri verzlunargrein, ákveða með reglugerð fyrir hvert næstkomandi ár skattstiga á álagningu hverrar vörutegundar eða í hverri verzlunargrein, þegar það er hægt, og sé skattstigi þannig gerður, að álagningaraukningin renni öll í verðlagssjóð, þegar hún fer yfir vist mark.

Ef fólginn er í álagningu kostnaður vegna iðnaðar, skal draga hann frá álagningunni.

Ríkisverzlun Íslands er undanþegin álagningarskatti.

19. gr.

Skatt þann, sem um ræðir í 17. og 18. grein, skal innheimta á þriggja mánaða fresti eftir á, um leið og innflutnings- og gjaldeyrisleyfi eru veitt. Skal hver bókhaldsskyld verzlun skila verzlunarráðuneytinu bráðabirgðauppgerð um verzlunarrekstur sinn ársfjórðungslega, og skal sú bráðabirgðauppgerð lögð til grundvallar við álagningu skattsins.

Bráðabirgðauppgerðin skal endurskoðast að loknu hverju reikningsári með aðstoð skattstofunnar í Reykjavík og skattanefnda utan Reykjavíkur, og vangreiddur álagningarskattur innheimtur með 10% álagi við aðra úthlutun gjaldeyrisleyfa næsta ár.

Hefir verzlunarráðuneytið rétt til að svipta hvern þann innflytjanda gjaldeyrisleyfi, er eigi hefir greitt álagningarskatt á tilsettum gjalddaga; sömuleiðis er heimilt að svipta þann innflytjanda gjaldeyrisleyfi, er flytur inn vörur fyrir annan innflytjanda eða smásala, er eigi hefir greitt álagningarskatt. Verzlunarráðuneytið tilkynnir Verzlunarráði Íslands og S. Í. S. á þriggja mánaða fresti, hverjir eigi hafi greitt skattinn, og er þeim stofnunum þá óheimilt að úthluta þeim gjaldeyrisleyfum, en sé það gert eigi að síður, má minnka þann hluta innflutningsins, sem þessum stofnunum hefir verið falið að úthluta innflutnings- og gjaldeyrisleyfum fyrir, sem nemur vörumagni því, er álagningarskattur er vangoldinn af.

20. gr.

Álagningarskatturinn rennur í verðlagssjóð og skal varið til verðuppbótar til framleiðenda á sama hátt og fyrir er sagt um innflutningsgjaldið í 16. gr. 3. tölulið.

21. gr.

Ef söluverð einhverrar innflutningsvöru verður hærra móts við verð vörunnar á heimsmarkaði en verzlunarráðuneytið telur hæfilegt, skal því heimilt að ákveða á henni hámarksverð.

Ef það sannast, að einhver selji vöruna yfir hámarksverði, skal hann sæta sektum frá 100—10000 kr. og sviptur verzlunarleyfi, ef miklar sakir eru. Verði

slík brot almenn, er heimilt að fela Ríkisverzlun Íslands einkasölu þeirrar vörutegundar.

22. gr.

Þegar gera verður innkaup frá öðrum löndum vegna viðskiptasamninga og markaða fyrir íslenzka vöru, jafnvel þó að verð innkeyptrar vöru sé þar óhagstæðara en annarsstaðar, eða ef viðskipti geta tekizt með gagnkvæmum vöruskiptum, skal leita tilboða hjá Verzlunarráði Íslands, S. Í. S. og Ríkisverzlun Íslands um að annast þau viðskipti. Að fengnum tilboðum þessara stofnana veitir verzlunarráðuneytið, í samráði við innflutningsnefnd, gjaldeyrisleyfi fyrir vörunni eins og hagstæðast þykir eftir tilboðunum, gegn tryggingum fyrir því, að fullnægt sé þeim skyldum, er ríkið hefir á sig tekið gangvart hlutaðeigandi landi, og því, að varan verði greidd á tilsettum tíma. Gjaldeyrisleyfi þessi má veita fyrir allt árið, en gæta verður þess, að eigi raskist við það jöfnuður á gjaldeyrisáætlun ársins. Verzlunarráðuneytinu er skylt að gæta þess, að eigi séu veitt meiri gjaldeyrisleyfi fyrir þeim vörutegundum, sem þessi ákvæði ná til, en innflutningsþörf landsins krefur. Ráðuneytinu er ennfremur heimilt að ákveða hámarksverð á þeim vörutegundum.

Nú hefir Verzlunarráð Íslands eða S. Í. S. tekið að sér viðskipti samkvæmt því, sem að ofan segir, og geta ekki staðið við skuldbindingar sínar eða fullnægt settum skilyrðum, og skulu þá Ríkisverzlun Íslands falin viðskiptin.

23. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1938.

Greinargerð.

Frv. þetta hefir skipulagsnefnd að miklu leyti samið eftir tillögum sænska hagfræðingsins Erik Lundbergs, og lætur nefndin fylgja frv. þrjár ritgerðir, er hann samdi fyrir nefndina um þau mál, er frv. fjallar um. Ein ritgerðin er um það, hvernig auka megi framleiðsluna á Íslandi. (Möjligheter till en expansion av productionen på Island). Önnur er um breytingu á meðferð gjaldeyrismálanna (förslag till förändrad import och valutareglering). Úr þeirri ritgerð er þó aðeins birtur útdráttur, fyrir það, að Lundberg gerði síðar breytingar á sumum þeim tillögum, er hann lagði fram í þeirri ritgerð. Þriðja ritgerðin er um skatt á álagningu og gjaldeyrisleyfi, og heitir sú ritgerð á frummálinu „Anmärkningar till kontrollen av vinstena inom handeln". Ritgerðirnar eru hér í þeirri röð, sem þær komu inn til nefndarinnar.

Hvernig auka má framleiðsluna á Íslandi.

Ástand fjármálanna á Íslandi er að mörgu leyti allt öðruvísi en í löndum eins og Englandi, Bandaríkjunum í Norður-Ameríku, Svíþjóð o. s. frv. Aðalvandamálið í þessum löndum er atvinnuleysið, jafnframt offramleiðslu iðnaðarins. Því fer fjarri, að þjóðirnar hafi markað fyrir það, sem þær geta framleitt. Sem dæmi má taka vefnaðariðnaðinn í Englandi, stáliðnaðinn í U. S. A. og sögunarmyllurnar í Svíþjóð. Bankarnir hafa fullar hirzlur fjár. Inn í þá eru lagðar stórfúlgur af sparifé, og fyrirtækin endurgreiða lán sín og bönkunum verður erfitt fyrir að finna nýja lánþega. Þannig verður mikið fé hreyfingarlaust og rentulaust. Jafnvel ræktaða jörðin er ekki nýtt til fulls. Ef hún yrði fullnytjuð, mundi það valda offramleiðslu og verðfalli. Í Ameríku er bændum borgað fyrir að láta akrana óhreyfða, til þess að takmarka uppskeruna. Stjórn fjármálanna í þessum löndum stefnir að því að takmarka framleiðsluna, svo að hún nemi ekki meiru en eftirspurnin. Menn vilja girða fyrir enn meira verðhrun, sem veldur því, að framleiðslan minnkar enn og atvinnuleysið vex og kaupgetan þverr þar á eftir og veldur enn nýju verðhruni, og síðan koll af kolli þessa sömu leið. Öðrum þræði er með valdboði

stjórnarinnar dregið úr framleiðslunni, en hinsvegar er leitazt við með ýmsum ráðum að auka kaupgetu manna, til þess að glæða eftirspurnina. Það er með ýmsum ráðum reynt af þjóðfélagsins hálfu að skapa mönnum atvinnu, til að auka kaupgetu þeirra. En atvinnan þarf helzt að vera þannig, að ekki verði bein framleiðsluaukning í venjulegri merkingu, og ekki skapist heldur samkeppni við einkareksturinn, sem að mestu sér um sjálfa framleiðsluna.

Á Íslandi eru viðfangsefnin svo sérstaks eðlis, að ekki er hægt að nota þar fyrirmyndir frá framannefndum löndum. Atvinnuleysið mun vera svipað og í Svíþjóð. En það er alls ekki af offramleiðslu, heldur miklu fremur af of lítilli framleiðsu, skorti á rekstrarfé og hráefnum móts við eftirspurn eftir vörum. Þetta sést meðal annars á því, hve gróðavænleg öll verzlun er. Eftirspurnin eftir erlendum neyzluvörum er afarmikil. Þeir erfiðleikar framleiðslunnar, sem mest gætir á Englandi, í Bandaríkjunum og Svíþjóð, ónóg eftirspurn, eru þess vegna ekki til á Íslandi. Þetta sérstaka ástand á Íslandi virðist helzt eiga rót sína að rekja til hinnar fjármálalegu meðferðar á útflutningsvörum þjóðarinnar. Á árunum 1928—1932 féll útflutningurinn í verði um 50% að meðaltali. Í flestum öðrum löndum mundi slíkt hafa leitt til mikillar takmörkunar á framleiðslunni, með því að framleiðslufyrirtækin hefðu neyðzt til vegna slíks verðfalls að takmarka reksturinn eða komast í þrot. Af þessu hefði fyrst og fremst leitt atvinnuleysi þeirra, sem störfuðu við þessi fyrirtæki — og það síðar orðið til þess, að önnur innlend fyrirtæki lömuðust. Minnkandi kaupgeta og verðfall innanlands hefði orðið afleiðingin. Innflutningurinn hefði minnkað í hlutfalli við kaupgetuna og talsvert meira en raun hefir á orðið, og þannig hefði a. n. l. komizt jafnvægi á í fjármálunum.

Á móti verðfalli á útflutningsvörum, sem er hér um bil 50%, kemur aðeins 4% lækkun á framfærslukostnaði í Reykjavík á árunum 1928—1932. Til samanburðar má geta þess, að lækkun framfærslukostnaðar var þessi sömu ár í Þýzkalandi 20%, Danmörk 11%, Finnlandi 18%, Englandi 13%, Noregi 20%, Svíþjóð 9%, U. S. A. 19%. Ísland hefir því algerlega sérstöðu í þessu efni. Og þetta er enn athyglisverðara þegar þess er gætt, að útflutningurinn ræður miklu meira um fjárhagslega afkomu manna á Íslandi en í hinum löndunum. Í Svíþjóð er útflutningurinn ca. 25% af heildartekjum þjóðarinnar, en á Íslandi 50—70%. Nú hefir útflutningsverð íslenzku útflutningsvörunnar fallið allt að helmingi meir en sænskrar (verðfall sænskrar útflutningsvöru var 25% 1928—1932). Þess vegna hefði mátt gera ráð fyrir, að áhrif verðfalls erlendu vörunnar á kaupgetu á Íslandi hefði orðið fjórum sinnum meira en í Svíþjóð. En í stað þess hefir smásöluverð á Íslandi fallið minna, jafnvel helmingi minna en í Svíþjóð. Hér hefir því fleira komið til greina. Innflutningsverð hefir fallið álíka mikið í Svíþjóð og á Íslandi (26% móti 25% frá 1928—1932). En þar sem neyzluvörur Íslendinga eru að mestu leyti útlendar vörur, ætti framfærslukostnaðar Íslendinga, af þessum ástæðum, að hafa lækkað meira en Svía. En ef skoðaðar eru tölur Hagstofunnar um framfærslukostnað, þá er um 18% lækkun að ræða á árunum 1928—1932. Verð útlendu vörunnar hefir lækkað um 15% og innlendu vörunnar um 22% eða meir. Smásöluverðið á innfluttum nauðsynjavörum virðist því hafa lækkað minna en verð á innfluttum vörum yfirleitt. Verðfallið á innlendu vörunum er afleiðing af lágu verði á erlendum fiskmarkaði. Kostnaðurinn við hita og klæðnað er talinn hafa lækkað mjög lítið, og leiga er jafnvel talin hafa heldur hækkað þessi ár; er því fengin nokkur skýring á því, hve lítil breyting hefir orðið á verðlagi og kaupgetu á Íslandi. Hið mikla verðfall á innfluttum vörum hefir sennilega ekki komið að fullu fram í vöruverði innanlands. heldur hafa stórkaupmenn og smákaupmenn náð því í sinn vasa. Mikil eftirspurn á innlenda markaðinum hefir gert verzlunarstéttinni fært að halda verðinu háu innanlands móts við innflutningsverðið. Sérstaklega auðvelt hefir verið að koma þessu við um ýmsa nauðsynjavöru. Sem dæmi mætti taka klæðnaðinn. Samkv. skýrslum Hagstofunnar á smásöluverðið að hafa lækkað um 2%, en í Svíþjóð lækkaði klæðn-

aður um 9% á sama tíma, en vefnaðarvara allt að 34%. Frá 1929—1932 minnkaði innflutningurinn að verði um fullan helming, frá 77 millj. í 37 millj. króna. Munurinn liggur að miklu í verðfalli. Innflutningsmagnið er talið hafa minnkað um 38%. Að talsvert miklu leyti stafar þetta af minnkandi innflutningi á kapítalvörum (skipum og byggingarefni). Af neyzluvörum hefir innflutningurinn minnkað mest á klæðum og búsáhöldum. Þessi minnkun innflutningsins hefir að því er virðist ekki stafað af minnkandi eftirspurn, heldur komið af öðrum ástæðum. Bæði heildsalar og smásalar virðast hafa selt upp birgðir sínar 1932, því að 1933 vex innflutningurinn aftur stórlega, t. d. tvöfaldast innflutningur sumra fatnaðartegunda, án þess að tekjur manna (þ. e. kaupgeta) virðist hafa vaxið að nokkru ráði. Þessi mikla takmörkun innflutningsins getur gefið nokkra skýringu á því, hve vöruverð á Íslandi er hátt móts við verðið á heimsmarkaðinum. Þó verð fyrir útfluttar vörur hafi lækkað, hefir magnið ekki minnkað, heldur frekast aukizt. Þess vegna hafa tekjur af sjávarútvegi ekki minnkað eins og við hefði mátt búast eftir verðfallinu. Atvinna við sjávarútveg mun hafa verið álíka og undanfarið, og launataxtar hafa ekki lækkað. Gróði á ákvæðisvinnu hefir þó hlotið að lækka. Fastir kostnaðarliðir (svo sem vinnulaun), sem ekki hafa lækkað með lækkandi fiskverði, hafa auðvitað valdið tapi hjá atvinnurekendum og hækkandi skuldum hjá lánsstofnunum. Við það, að kaup við fiskframleiðslu er óbreytt, meðan brúttóverð fisksins lækkar, þ. e. sá erlendur gjaldeyrir, sem fyrir fiskinn fæst, minnkar, skapast hætta á, að greiðslujöfnuður við útlönd spillist, því að kaupgeta fólksins minnkar þá ekki að sama skapi og heildartekjur þjóðarinnar. Árið 1932 var greiðslujöfnuðinum náð með takmörkunum á innflutningi vara, en búast mátti við, að þær takmarkanir væru aðeins til bráðabirgða, þar sem þær stóðu ekki í sambandi við minnkaða kaupgetu. Árið 1933 hefir þar að auki kaupgeta vaxið, vegna aukins byggingariðnaðar, vegagerða o. fl. Nettótekjur hafa samkv. skattskýrslum stigið um 13% frá 1933—1934[1]) og raunverulegar tekjur munu ekki hafa verið miklu minni en 1929. Á þennan hátt hefir kaupgetu almennings verið haldið uppi þrátt fyrir tapið á atvinnurekstrinum, og er þetta þriðja orsökin til hins háa verðlags, enda hefir hér og hjálpað til atvinnuaukning í iðnaði. Loks hafa sérstakar aðgerðir til verðhækkunar haft sín áhrif (háir tollar og skipulagning á kjöt- og mjólkursölu innanlands).

Auðvitað er ekki hægt nema í stórum dráttum að gera grein fyrir þeim átökum, sem hlýtur að leiða af takmörkun innfluttrar neyzluvöru annarsvegar og auknum kaupmætti vegna aukinnar atvinnu og hækkandi verðlags á framleiðsluvöru innanlands hinsvegar.

Hægt er að gera sér grein fyrir því, hve mikils erlends gjaldeyris má afla fyrir útflutta vöru og með lánum. Vitneskju má fá um tekjuauka af auknum byggingariðnaði, vegagerð og vegna lánveitinga til landbúnaðarins, og um leið setja þeim tekjuauka takmörk við álagning tekjuskattsins. Að svo miklu leyti, sem framkvæmdirnar eru bornar uppi af auknum sköttum, jafna þær kaupgetuna án þess að auka hana. Þó verður á það að líta, að skattarnir eru greiddir eftir á, og getur þess vegna lítilsháttar kaupgetuaukning átt sér stað. Einnig geta skattarnir verið greiddir með sparifé, eða skattgreiðslan orðið til þess að draga úr sparifjársöfnun, og því getur neyzlan haldizt óbreytt þrátt fyrir hækkandi skatta, og auknar framkvæmdir ríkisins orðið til þess að auka kaupgetuna. Halli á fjárlögum veldur líka venjulega kaupgetuaukningu. Breyting á seðlaumferðinni veldur einnig tilsvarandi breytingu í umsetningunni innanlands (hefir aukizt um 9% á árunum 1932—1934). Einnig verður að rannsaka, hvernig þessi kaupgetuaukning hefir verkað á verðlagið og á innflutninginn á neyzlu- og kapítalvörum.

Aukning atvinnulífs hjá öðrum þjóðum er venjulega kölluð fram með því að auka seðlaumferðina, þ. e. með auknum lánum til atvinnufyrirtækja frá einkabönkum, sem svo fullnægja eftirspurninni með því að endurselja víxla sína í seðlabank-

1) Hér er þó aðeins miðað við tekjur skattskyldra manna.

anum (centralbank). Hversu bráð þessi aukning verður í litlu landi, verður að ráðast af því, hvað greiðslujöfnuðurinn við önnur lönd þolir. Of hröð atvinnuaukning í litlu landi leiðir af sér aukinn innflutning og minnkandi útflutning, og gjaldeyrisvandræði hljóta því fyrr en varir að setja aukningunni skorður. Eins og ástandið er nú á Íslandi, mundu — svo framarlega sem ríkið skærist ekki í leikinn — allar nýbyggingar og ný fyrirtæki vera nærri óhugsandi, skattar mundu lækka og launalækkanir mundu verða knúðar fram. Að öðrum kosti mundi íslenzka krónan lækka um 20—30%, til þess að framleiðslan til útflutnings geti borið sig og verð innflutningsins hækki. En hvorug þessi leið getur komið til greina, bæði vegna þess, að þetta er allt of mikil blóðtaka fyrir þjóðina félagslega skoðað, eins og reynsla annara landa hefir sýnt og sannað, og líka vegna þess, að búast má við því, að ef lagt er í ýms ný fyrirtæki til framleiðslu (nýja togara, verksmiðjur til þess að vinna úr útlendum hráefnum o. s. frv.), mundi það laga fjármál landsins út á við, þegar til lengdar lætur. Aukin framleiðsla útfluttrar vöru eykur tekjurnar af útflutningnum, og með því að kaupa erlenda hrávöru og hálfunna vöru og fullvinna hana má minnka verð innflutningsins. Fyrst í stað er þetta þó aukinn kostnaður, sem verður að greiðast með því, er sparast með minnkaðri neyzlu þjóðarinnar.

Hin mikla útþensla atvinnulífsins 1924—1930 var að mestu leyti fengin með útlendu fjármagni. Um það bil helmingurinn af lánsfé, sem er í umferð á Íslandi, er útlent fé, aðeins helmingur innlent sparifé. Með þessu mikla erlenda lánsfé var bæði hægt að ráðast í mikil fyrirtæki og halda uppi mikilli neyzlu. Þessari miklu neyzlu er haldið við eftir föngum, þrátt fyrir það, þó að fjárhagslegri aðstöðu þjóðarinnar hafi hrakað að þrennu leyti:

1. Lánstraust erlendis er því nær þrotið.

2. Gjaldeyrir fyrir útflutningsvörur hefir minnkað um ⅓ á árunum 1928—1930, og þar við bætist, að stórar upphæðir fara til afborgana og vaxtagreiðslu af útlendum lánum.

3. Ný fyrirtæki þurfa tiltölulega mikils stofnfjár, þar sem takmarkið er að auka innlendan iðnað, en iðnaðurinn krefst tiltölulega meira stofnfjár en fiskiveiðar móts við verðmæti framleiðslunnar. Árlegt sparifé, sem handbært er, mun ekki vera meira en svo, að það nægi til einkafyrirtækja (t. d. húsabygginga), og verður ekki aukið nema við óeðlilega há vaxtakjör. Það er engan veginn víst, að einkaeignir hafi aukizt sem nokkru nemur þessi síðustu ár. Frá því, sem eignir hafa aukizt með nýjum byggingum, verður að draga fyrningu á veiðiflotanum, sem ekki hefir verið haldið nægilega við, aukningu skulda o. fl. Það er því engan veginn víst, að það, sem lagt hefir verið fyrir árlega sem sparifé, hafi nægt til stofnunar þeirra einkafyrirtækja, sem reist hafa verið. Svo var það a. m. k. ekki fram til 1931, heldur var mikill hluti stofnkostnaðar nýrra fyrirtækja fenginn með erlendum lánum. Annars þyrfti að rannsaka það, hvað mikið hefir verið lagt í kostnað við stofnun einkafyrirtækja. En víst er, að ekki kemur til mála að treysta á frjálsa sparifjársöfnun til að bera uppi aukningu innlendra framleiðslufyrirtækja. Það sést meðal annars á því, hve vextir eru háir.

Fjármagns til atvinnu- og framleiðsluaukningar verður því að afla með því, sem hagfræðingar kalla þvingaðan sparnað. En þá er þess aflað annaðhvort með auknum sköttum, sem ekki verða notaðir til venjulegra daglegra útgjalda, heldur til nýrra fyrirtækja, eða með því að gefa út nýja seðla (inflationistiska metoden). Ríkið stendur þá straum af stofnkostnaði fyrirtækja með láni frá Landsbankanum, sem borgað er út með nýjum seðlum. Samkvæmt venjulegum skoðunarhætti hleypir sú kaupgeta, er fram kemur við þetta, nýju fjöri í viðskiptalífið, verðið hækkar, tekjurnar minnka í raun og veru, og það neyðir menn til að spara, og með þeim sparnaði fæst stofnfé í ný fyrirtæki. Á Íslandi getur þessi röksemdaleiðsla þó tæpast staðizt. Aukinni eftirspurn er hægt að fullnægja með auknum innflutningi án þess verðið hækki, og sparifé safnast þá ekki.

Ef til vill væri hægt að reikna út hagfræðilega, hve mikil innflutningsaukning

yrði við ákveðna aukningu þjóðartekna. Með því að auka framleiðslu og atvinnu svo, að þjóðartekjur hækkuðu t. d. um 10%, má gera ráð fyrir, að neyzla ykist hér um bil að sama skapi, því að aðeins lítilsháttar mundi fara til skuldalúkningar eða yrði lagt í sjóð. Hve mikið af neyzlu þessari kæmi þá fram í auknum innflutningi? Rannsókn á innflutningnum gæti leitt í ljós, hve mikið af aukningu innflutningsins yrði beinar neyzluvörur, hve mikið efnivörur til innlends iðnaðar, til framleiðslu á neyzluvörum og hve mikið hreinar kapítalvörur. Gerum ráð fyrir, að samkvæmt athugunum á þessu megi búast við aukningu innflutningsins, er nemi 5 millj. króna, og þar að auki auknar hrávörur og vélar til nýrra fyrirtækja iðnaðarins og að innflutningur aukist alls um 15%. Ef útflutningur vex ekki fyrir þessar aðgerðir, verður að takmarka innflutningsaukninguna með því að minnka yfirleitt neyzlu innfluttra vara.

Í þessu dæmi yrði að minnka innflutning á hreinum neyzluvörum um meira en 15% af öllum innflutningnum. Gerum ráð fyrir, að nauðsynlegt teldist að minnka um 25—30%. Ýmsar leiðir eru til þess: tollar, innflutningshömlur og allsherjar landsverzlun. Með tollum, sem lagðir yrðu á innfluttar vörur, er stefnt að því, að vöruverð hækki og eftirspurn eftir vörum minnki og einnig að tekjur ríkissjóðs aukizt, svo að hann sé fær um að bera uppi atvinnuaukninguna. Ná má sama árangri með því að nota sér eftirspurn útlends gjaldeyris til innflutnings, til þess að reikna íslenzku krónuna með lægra gengi fyrir erlendan gjaldeyri, þó að útflytjendur fengju íslenzkar krónur með fullu gengi. Fullkomið vald á slíku er þó tæpast hugsanlegt, og óánægja yrði að líkindum mikil yfir slíku fyrirkomulagi.

Ef aðalaugnamiðið er það, að minnka innflutninginn, en minni áherzla er lögð á að draga úr kaupgetuaukningunni með tollum, má hugsa sér það skipulag innflutningsins, að fyrst sé álagningarlaust leyfður viss innflutningur, sem jafnað er niður á innflytjendur, en fyrir þann innflutning, sem umfram er, verði að greiða há innflutningsgjöld, en eftirspurnin yrði látin ráða vöruverðinu. Með því má losna við áhættuna við of háa tolla, og aukning kaupgetunnar fær að njóta sín gagnvart innlendri framleiðslu til uppörvunar fyrir innlenda framtakssemi. Hinsvegar fylgir þessu aukin hætta á því, að allt of mikið af tekjuauka þjóðarinnar falli til verzlunarstéttarinnar; sú hætta er enn meiri við þetta skipulag en þegar innflutningshömlum er einfaldlega beitt. Verðlagning innflytjenda fer eftir skipulagningu innflutningsins á hverri vöru. Ef innflutningsleyfin eru miklu minni en búast má við, að eftirspurnin verði með því verði vörunnar, sem hæfilegt er eftir erlendu vöruverði, gefur það verzlunarstéttinni aðstöðu til gróða, sem þó er ekki alveg víst, að hún noti. Á innfluttum vörum, sem mikil samkeppni er um meðal heildsala, hækkar vöruverð ef til vill ekki meira en svarar auknum kostnaði vegna minnkandi umsetningar. Ef eftirspurn frá neytendum eftir vissum vörum er hreyfanleg, gengur kaupgetan til annara (innlendra) vara. Innflutning á þeim vörum er hægt að skammta án þess að það sé háskalegt. Ef eftirspurn er hinsvegar mjög mikil og óbreytileg, geta verzlanir, jafnvel í mikilli samkeppni, grætt meira með því að innflutningur þeirra yrði takmarkaður, af því að þær hækkuðu verðið, þar til eftirspurn og framboð stæðust á. Þó verða náttúrlega meiri líkindi um gróða fyrir verzlunarstéttina eftir því sem hún stæði betur saman. Samkvæmt þessu eru mest rök fyrir því, að ríkið tæki einkasölu á vörum, sem eru nauðsynjavörur eða mikil og óbreytileg eftirspurn er eftir. Verðhækkun á slíkum vörum hefir ekki þau áhrif að færa kaupgetuna á aðrar vörur til sparnaðar eða til innlendra vörukaupa, eins og annars er heilbrigt, að verðhækkun geri.

Einnig ætti að nokkru leyti að vera hægt að draga úr verzlunargróðanum með því að nota innflutningsgjöld í sambandi við innflutningsleyfi. Mjög er erfitt að ákveða fyrirfram, hve þau þurfa að vera há til þess að verkhækkun sú, sem þá yrði fyrir minnkandi aðflutning, væri tekin með innflutningsgjöldunum, í stað þess að hverfa í vasa verzlunarstéttarinnar. Innflutningseftirlitið yrði þá lítt framkvæmanlegt. Vitanlega er það einfaldasta lausnin, að ríkið taki alla innflutningsverzlunina

í sínar hendur. En jafnframt yrði að líta eftir heildsölu- og smásöluverði, og með því næðist allur gróðinn af góðum innkaupum ytra og af háu verði innanlands í hendur þeirri verzlun ríkisins. Ef vörumagnið er takmarkað, verður að setja verðið svo hátt, að framboð og eftirspurn standist á. Hvernig sem farið yrði að, verða því miklir erfiðleikar í sambandi við takmörkun innflutnings og verðlagið. Afleiðing af ríkisverzluninni yrði sú, að ríkið fengi meira vald yfir kaupgetunni í landinu, bæði með valdinu yfir innkaupunum í landið og því að leiða smásöluna.

Hin aðferðin, sem minnzt er á hér að framan til fjáröflunar atvinnuaukningu í landinu, er aukning beinna skatta. Ef ekkert væri hér til að rugla áhrif þeirra, væri þetta ákjósanlegt. Engin kaupgetuaukning ætti sér þá stað, og innflutningshaftanna þyrfti ekki með. Beinir skattar á Íslandi eru nú þegar mun hærri en í Svíþjóð. Með því að hækka þá um 10% mundi raunverulega lítil upphæð vinnast. Hætta er líka á því, að auknir skattar yrðu til að draga úr sparifjársöfnun, og jafnvel til þess að menn yrðu að taka út sparifé sitt til að greiða þá. Innlent rekstrarfé mundi enn meir en nú er ganga til þurrðar. Þetta gæti einnig átt sér stað við hækkun á sköttum, en það yrði alltaf minni hætta á slíku. Hinir óbeinu skattar, tollarnir og gróði af ríkisverzlunum, eru hér um bil 50% hærri í Svíþjóð á einstakling en á Íslandi. Menn vilja líka reyna að hindra neyzlu útlendra vara, og það þykir eðlilegra á þann hátt að hækka verð þeirra en að skerða tekjur kaupendanna. Fátæklingum, sem litlar tekjur hafa og koma til að borga hlutfallslega mikið móts við getu í óbeinu sköttunum, má ívilna enn meira en gert er í beinu sköttunum.

Hversu mikil á atvinnuaukningin að verða árlega? Auðvitað á ekki að setja henni nein föst takmörk; allt bendir til þess, að eins og nú standa sakir, verði að sníða henni þröngan stakk. Hvorki með beinum né óbeinum sköttum verður verulega, umfram það sem er, náð til eyðslu hátekjumanna, þar eð innflutningur á luxusvörum er lítill sem enginn orðinn. Óbeinir skattar virðast í þessum efnum hafa ennþá minni áhrif en beinir. Atvinnuaukninguna yrði því að miklu leyti að kosta minnkandi neyzla hjá hinum fátækari.

Umfram allt er nauðsynlegt að hindra verðhækkun nauðsynja. Með því að athuga innflutning fyrri ára og taka tillit til fólksfjölgunar, er unnt að vita, hve mikill innflutningur er nauðsynlegur, og leyfa svo þann innflutning hindrunarlaust.

Um allt, sem gert er til eflingar atvinnu, verður að gæta þess, að athuga það vel fyrirfram. Gera verður nákvæmar áætlanir um allan kostnað af vélakaupum og efniskaupum við stofnun nýrra fyrirtækja, og síðan fyrir tekjum af þeim, minnkuðum innflutningi og auknum útflutningi, sem vænta mætti í náinni framtíð. Einnig þarf að áætla auknar greiðslur innanlands vegna stofnunar fyrirtækisins og rekstrar þess. Samanburð áætlana á að gera með því að bera saman innflutningsaukningu og auknar útborganir innanlands, sem óhjákvæmilegar eru við stofnun fyrirtækisins, og auknar gjaldeyristekjur, er vænta mætti í framtíðinni. Einnig ber nákvæmlega að athuga, hvenær fyrirtækin gefa af sér hinn væntanlega gróða. Með tilliti til núverandi verzlunarjafnaðar og gjaldeyrisvandræða verður að áætla væntanlegan gróða mjög varlega, ef bíða verður eftir honum. Þá á það að ráða miklu um, hvaða fyrirtæki koma helzt til greina, hversu auðvelt er að fá útlend lán handa þeim. Með þetta allt fyrir augum á að raða þeim fyrirtækjum, er menn helzt vilja ráðast í, eftir því, hve þau þykja álitleg og gildi þeirra er mikið.

Næst því á að ákveða, hve mikið hægt er að framkvæma árlega. Reikna verður út hagfræðilega áhrif kaupgetuaukningarinnar á innflutninginn, og svo aukningu innflutningsþarfarinnar á vélum og hráefnum. Einnig er nauðsynlegt að reikna út, hve mikið þarf að takmarka neyzluna í landinu til þess að hægt sé að framkvæma þetta af fjárhagslegum ástæðum. Áætlanir um þessi efni þyrftu helzt að vera fyrir 4—5 ár. Næst er þá að athuga, í hvaða formi þessi áætlun ætti að vera. Fyrst er að ákveða, að hve miklu leyti ríkið eða einstaklingar eiga að reisa fyrirtækin, næst það, undir hvernig formi ríkið á að beita sér fyrir stofnun nýrra fyrirtækja, hvernig eigi að örva einstaklingsframtakið og hverskonar eftirlit skuli með því haft. Að-

vitað er ekki fyrirfram hægt að setja fram neinar algildar reglur um þetta, heldur verða þær að breytast eða skapast eftir því, sem þörf krefur. Er ríkið beint eða óbeint (gegnum Landsbankann) lætur stofnfé í té, verða fyrirtækin rekin af ríkinu, en þó sem sjálfstæð fyrirtæki með sjálfstæðri stjórn. Eins og bent hefir verið á, er varla hægt að ætlast til, að alþýða manna taki verulegan hlut í þessu. Þó væri, vegna mikilla ríkisskulda, æskilegt, að einstaklingsframtakið leggi sinn skerf fram um þessi efni. Eins og nú er ástatt, er hætta á, að þegar ætti að fara að bjóða einstaklingum hluti í fyrirtækjum ríkisins, þá yrði það aðeins til þess, að þeir flyttu sparifjáreign sína í bönkunum inn í væntanleg ríkisfyrirtæki. Breytingin yrði þá sú, að hagur bankanna þyngdist um leið og vaxtabyrði ríkisins ykist. Þrátt fyrir þetta þarf ekkert að vera við það að athuga, að eitthvað af þessum fyrirtækjum verði lagt í hendur einstaklingsframtaksins, þegar tímarnir breytast til batnaðar, en þess verður að gæta, að ríkið hafi fullkomið eftirlit með rekstri þeirra og ráðstöfun á arðinum.

Hitt er miklu eðlilegra, að einstaklingar leggi fram fé sitt í sérstök fyrirtæki og beri alla áhættu af þeim. Þetta er líklegasta leiðin til þess að hindra það, að fjármunir fari í hreina eyðslu, og kalla fram nýtt sparifé handa atvinnuvegunum. Einnig er það mjög sennilegt, að við aukið ríkisframtak og t. d. við það, að ríkið tæki innflutningsverzlunina í sínar hendur, og við það, að nýbyggingar minnkuðu í landinu, mundu nýjar leiðir opnast. Það væri t. d. hægt að skapa nýjum fyrirtækjum aðstöðu með takmörkun innflutningsins. En eins og áður er sagt, yrði sú takmörkun til þess að valda þurrð og verðhækkun á útlendum neyzluvörum, og mundu þá fjölmörg atvinnufyrirtæki, sem eru í of smáum stíl til að ríkisrekstur á þeim geti komið til greina, verða arðvænleg. Það getur og komið til greina, að ríkið lyfti undir framtak einstaklinga með verðlaunum í sumum tilfellum. Sú verzlunarpólitík ríkisins, að flytja innflutningsverzlunina með þvingun til vissra landa, eftir því sem nauðsynlegt þykir, getur stundum breytt gersamlega áætlunum, sem annars væru álitlegar, með því að verð á hráefnum hækkaði verulega þess vegna. Ef ríkisstjórninni litist áætlunin álitleg, er rétt, að ríkið borgi mismun á hráefnaverði í löndum þeim, er hún af vissum ástæðum vill skipta við, og þeim löndum, sem bjóða bezt kjör og átt hefði þess vegna að kaupa vöruna frá. Þetta er réttlátt frá því sjónarmiði skoðað, að kostnaðurinn af þessari tilfærslu verzlunarinnar er sameiginlegur fyrir verzlun landsmanna og á ekki að koma niður á einni atvinnugrein meir en annari. Hinsvegar verður einnig að gæta þess, að hið uppskrúfaða verð á fullunnum iðnaðarvörum verði ekki ævarandi.

Um breytingu á meðferð gjaldeyrismálanna.

(Útdráttur úr ritgerð).

Eins og störfum gjaldeyrisnefndar er nú háttað, veit nefndin eigi nægilega mikið fyrirfram, hvorki um væntanlega gjaldeyrisöflun né um þarfir innflytjenda. Innflytjendur vita enn minna um það, hvað mikill gjaldeyrir er til umráða, og það hefir jafnvel komið fyrir, að ekki hafa fengizt leyst út í bönkunum gjaldeyrisleyfi, sem gjaldeyrisnefndin er þó búin að veita. Bankarnir vita ekki, fyrr en jafnóðum og á dettur, hvaða kröfur eru gerðar á hendur þeim um erlendan gjaldeyri. Af þessu hefir leitt tortryggni á allar hliðar og öryggis- og skipulagsleysi um innflutning og gjaldeyrismál. En því meiri þörf, sem á því er að takmarka innflutninginn, því meiri þörf er á samvinnu, öryggi og skipulagi í innflutnings- og gjaldeyrismálunum.

Í annan stað er nauðsynlegt að hafa vald á verðlaginu og því, að einstakar verzlanir taki ekki óhóflegan gróða af takmörkuðum innflutningi, sem auðvelt er nú, þar sem eftirlitið með innflutningsverzluninni er aðeins í því fólgið að setja innflutningnum skorður, og íslenzk króna er hátt metin, til hagnaðar fyrir innflytjendur, en á kostnað útflytjenda.

Til þess að bæta úr þessu hvorutveggja, þyrfti að koma nýrri skipun á meðferð gjaldeyrismálanna. Það yrði eðlilegast gert með því að skipta því verkefni, sem gjaldeyrisnefnd hefir nú, í þrennt, og fela það þremur aðiljum þannig:

1. Sérstakri **aðalnefnd** (centralkomité), sem skipuð væri fulltrúum frá bönkunum, aðalútflytjendum og almenningi (stjórnskipaður fulltrúi), væri falið að gera áætlanir um gjaldeyrisöflunina á árinu, hve miklu hún mundi nema, á hvaða ársfjórðungi hún kæmi o. fl. Ennfremur hve mikið af gjaldeyristekjunum fer til óhjákvæmilegra dulinna greiðslna, svo sem vaxta og afborgana af erlendum skuldum o. fl. þ. h., hve mikið til kaupa á ýtrustu nauðsynjavöru, og hve mikið til nýrra framkvæmda, sem rétt þykir að stuðla að. Aðalnefnd ákveður einnig, hvernig innflutningurinn á að skiptast á viðskiptalönd.

Ef stofnaður verður sérstakur seðlabanki (centralbank), er sjálfsagt, að hann taki við þessu hlutverki aðalnefndarinnar, því að þetta mundi verða annað hlutverk hans: að tryggja gjaldeyrisaðstöðuna gagnvart útlöndum.

2. **Gjaldeyrisnefnd** sé falið að skipta þeim gjaldeyri, er aðalnefndin leyfir til vörukaupa, milli innflytjendasambanda. Gjaldeyrisnefndin ætti að vera skipuð fulltrúum frá S. Í. S., sambandi kaupmanna, er annast innflutningsverzlun, og ríkisverzlunum (sambandi þeirra?), og auk þess ætti formaður nefndarinnar helzt að vera valinn af aðalnefndinni og eiga þar sæti. Gjaldeyrisnefndin ákveður, hvernig gjaldeyrinum er skipt milli vöruflokka, og kemur þar í góðar þarfir sérþekking innflytjenda um vörubirgðir, viðskiptasambönd, vörupantanir, sölu síðastl. ár o. m. fl. Skipting gjaldeyrisins milli innflytjendasambanda, þ. e. sambanda kaupmanna (Verzlunarráðsins eða annarar þvílíkrar stofnunar), S. Í. S. og ríkisverzlana, verður að fara eftir fyrirfram settum reglum.

3. Innflytjendasamböndin, þ. e. samband kaupmanna, S. Í. S. og samband ríkisverzlana, skulu veita innflutnings- og gjaldeyrisleyfi til hinna einstöku innflytjenda innan sambandanna, þannig að samband kaupmanna veitir öll leyfi til kaupmanna, S. Í. S. til sambandsfélaga o. s. frv. Hverju sambandi á að vera skylt að senda aðalnefndinni skýrslu ársfjórðungslega, og sé þar gerð grein fyrir öllum kaupum frá útlöndum, sölu vörunnar innanlands og vörubirgðum. Þessi skýrsla skal svo vandlega borin saman við veitt gjaldeyrisleyfi, og skal hvert samband bera ábyrgð á, að hvorki leyfisveitingar eða innkaup fari fram úr því, sem sambandið hefir fengið til skiptingar og ráðstöfunar. Ef þau bregðast þeirri ábyrgð, verður þeim vitanlega refsað með því að takmarka þann gjaldeyri, sem þau fá til ráðstöfunar næsta ársfjórðung.

Eftir núverandi skipulagi á þessum málum er öllu þessu þrennu, sem hér hefir verið gerð grein fyrir, grautað saman og allt falið einni stofnun, gjaldeyrisnefndinni, og þangað koma málin oftast í öfugri röð við það, sem hér hefir verið ráð fyrir gert. Fyrst koma umsóknir um gjaldeyrisleyfi frá innflytjendum. Þessum umsóknum er svo synjað svo sem fært þykir, til þess að takmarka innflutninginn sem mest. Áróður á gjaldeyrisnefndina frá innflutningsverzlunum og viðskiptamönnum þeirra verður á þennan hátt afarmikill og umsóknirnar svo margar og margvíslegar, að þess er engin von, að gjaldeyrisnefndin orki því að gera sér fulla grein fyrir þeim. Eftir því skipulagi, sem hér er stefnt að, á hinsvegar að taka það fyrst til athugunar frá hagskipulegu sjónarmiði, hvað mikil gjaldeyrisleyfi má veita, og sú athugun gerð sem frjálsust gagnvart áróðri innflutningsverzlananna og annara innflytjenda. Jafnvel gjaldeyrisnefndinni er ekki ætlað annað en að skipta gjaldeyrinum milli innflytjendasambandanna, og getur nefndin því sloppið því nær fullkomlega við áróður hinna einstöku innflytjenda og hagað skiptingu gjaldeyrisins aðeins með þarfir þjóðarinnar í heild fyrir augum. Leyfisveitingarnar til einstakra innflytjenda fara fram innan sambandanna, eru takmarkaðar af því, hve mikinn gjaldeyri samböndin fá til ráðstöfunar, og hvert samband hefir aðeins milli sinna að skipta.

Með þessu skipulagi, sem hér hefir verið um rætt, mundi og hverfa úr sögunni sú misskipting, sem nú er um gjaldeyrisleyfi milli viðskiptamanna bankanna. Nú sitja viðskiptamenn Landsbankans fyrir gjaldeyrisleyfum fyrir það, að sá banki fær tiltölulega meiri gjaldeyri en Útvegsbankinn.

Til þess að draga úr óhóflegri álagningu á innflutningsvöruna er eðlilegast að taka nokkurn hluta af álagningunni (muninum á innkaupsverði og söluverði), t. d. 20%, og leggja í sérstakan verðlagssjóð. Með þessu tæki ríkið í sinn sjóð nokkurn hluta verðhækkunarinnar, og mundi á þann hátt fá fé til að bæta hag útflytjenda.[1])

Um skatt á álagningu og gjaldeyrisleyfi.

Tvær aðalástæður eru til þess, að rétt er að hafa eftirlit (kontroll) með gróðanum af verzlun á Íslandi, setja honum takmörk og taka kúfinn af (begränse) honum. Önnur ástæðan er, að innflutnings- og gjaldeyrishömlurnar einar sér gera innflytjendum erlendrar vöru léttara fyrir um að hafa mikla álagningu á vörurnar, bæði vegna skorts á vörunum og þess, að þeir geta, eins og nú er, fengið erlendan gjaldeyri fyrir lágt verð. Hin ástæðan er, að erfitt er að afla ríkinu nægilegra tekna til þess að fá hallalaus fjárlög, og þar sem gróði af verzlun er meiri en tekjur af öðrum atvinnugreinum, er eðlilegt að leita þar að skattstofni handa ríkinu. Það er enn meiri ástæða til þess, að verzlunargróðanum séu settar skorður fyrir það, að nauðsynlegt er, að fjármagn og vinna landsbúa beinist að þeim atvinnugreinum, er helzt geta bætt greiðslujöfnuðinn við útlönd. En vegna þeirrar nauðsynjar og vegna þess, að innflytjendur erlendrar vöru fá erlendan gjaldeyri lágu verði, gæti verið rétt að láta þá kaupa innflutningsleyfin, og væri andvirðið þá látið ganga til þess að greiða uppbætur á útfluttar vörur.

Ekki er rétt að nota beinan tekjuskatt til þess að setja verzlunargróðanum skorður. Tekjuskatturinn er þegar orðinn svo hár, að hann má ekki verða hærri vegna annara atvinnugreina en verzlunarinnar. Við það, sem hér þarf að gera, á að hafa þrennt fyrir augum: bæta fjárhag ríkisins, takmarka gróða af verzlun, en auka gróða af iðnaði, fiskveiðum og landbúnaði. Það þarf að borga sig að flytja fé það, er menn eiga, úr verzlun í landbúnað, iðnað eða fiskveiðar. Háir, almennir, beinir skattar eru hömlur á framtaki einstaklinga, en eins og nú er, verður aukning iðnaðar, fiskveiða og landbúnaðar að vera reist á því framtaki.

Venjulegur **sölu-** eða **veltuskattur** nær heldur ekki því, sem hér þarf að stefna að, því að sá skattur flyzt á neytendur, ef ekki eru gerðar sérstakar ráðstafanir því til varnar. Söluskattur mundi því fyrst og fremst hafa þann tilgang að afla ríkinu tekna. En hér þarf skatt, sem miðar að því að koma betra skipulagi á verzlunina og draga úr heildartekjum hennar og jafna þær. Þann skatt verður því að leggja á verzlunarkostnaðinn, álagninguna, þ. e. mismuninn á verðmæti keyptrar og seldrar vöru verzlananna, og það á ekki að leggja hann á eftir heildarupphæð þess munar, heldur eftir því, hversu há sú upphæð er hlutfallslega við upphæð kaupverðs varanna. Honum á að haga þannig, að það borgi sig að hafa lágan verzlunarkostnað, fækka búðum og færa verzlanir saman.

Hjá verzlunum þeim í Reykjavík, sem telja fram kaupverð og söluverð þeirrar vöru, er fer um hendur þeirra, er kaupverðið talið tæpar 38 millj. kr., en söluverðið tæplega 49½ millj. kr. Álagningin er samkvæmt því 11½ millj. kr., eða rúmlega 30% af kaupverðinu. Ekki er þetta þó alveg allt álagning á vöruna, því að í því felst einnig nokkur framleiðslukostnaður (sögun á timbri, brennsla á kaffi, lyfjastörf, bókaútgáfa, veitingastörf o. fl.). Hér fer á eftir skrá yfir álagninguna í ýmsum verzlunargreinum, talda í þúsundum króna og í hlutfallstölum.

	Kaup-verð	Söluverð alls	Söluverð pr. firma	Álagning %
Heildverzlanir, 32	6956	8442	264	21,4
Byggingarvöruverzlanir, 9	5643	6734	748	19,3
Bílaverzlanir, 5	1595	2006	401	25,8
Kolaverzlanir, 4	1713	2120	530	23,8

1) Athugasemd Lundbergs um þetta efni er annars sleppt hér fyrir það, að hann breytti síðar tilögum sínum um þetta efni (sjá næstu grein).

	Kaup-verð	Söluverð alls	Söluverð pr. firma	Álagning %
Olíuverzlanir, 6	1677	2577	429	53,5
Veiðarfæraverzlanir, 3	1399	1734	578	24,0
Skóverzlanir, 7	1407	1928	275	37,0
Lyfjabúðir, 4	473	929	232	96,4
Vefnaðarvöruverzlanir, 43	4108	5719	133	39,2
Járnvöruverzlanir, 9	335	475	53	41,9
Verzlanir með áhöld og tæki, 12	440	643	54	46,1
Eldfæraverzlanir, 3	289	379	126	31,2
Hjólhestaverzlanir, 3	208	300	100	44,0
Sportvöruverzlanir, 2	64	101	50	51,8
Glys-, hljóðfæri-, leður-, hattaverzlanir o. fl., 16	475	701	44	48,0
Úr- og skartgripaverzlanir, 12	232	411	34	77,2
Sveitaverzlanir, 33	363	430	143	18,5
Matvöruverzlanir, 104	6020	7187	69	19,4
Kjötverzlanir, 9	1807	2259	251	25,0
Tóbaks- og sælgætisverzlanir, 11	339	420	38	23,7
Raftækjaverzlanir, 9	780	1143	127	46,5
Blómaverzlanir, 3	88	114	38	30,0
Húsgagnaverzlanir, 5	182	342	68	88,0
Bóka- og pappírsverzlanir, 7	378	538	77	42,4
Veitingasala, 9	558	1006	112	80,3

Af þessari skrá má sjá, að mismunurinn á álagningu er afarmismunandi eftir því, hverskonar verzlanir er um að ræða. Álagningin er að meðaltali 19—20% í byggingarvöruverzlunum og matvöruverzlunum, nálægt 40% í verzlunum með skófatnað, vefnaðarvöru og járnvöru, yfir 50% í verzlunum með benzín og olíu og verzlunum með sportvörur, um 88% í verzlunum með húsgögn, og yfir 96% í lyfjaverzlunum. En miklu meiri verður þó munurinn, þegar hver einstök verzlun er athuguð. Í matvöruverzlunum er kaupverð vörunnar hjá hverri einni verzlun frá 2400 kr. upp í yfir 2 millj. kr. og álagning frá rúmum 6% upp í nærri 78%. Álagning stærstu verzlunarinnar var 18%, en 14 hinna næststærstu, sem höfðu að meðaltali 141 þús. kr. sölu hver, höfðu 22,5% álagningu. 18 minnstu verzlanirnar, þær, er seldu minna en fyrir 20 þús. kr. hver og höfðu sölu 12400 kr. að meðaltali, höfðu 30% álagningu. Þetta sýnir það, sem vænta mátti, að álagningin (og verzlunarkostnaðurinn) er eftir því meiri sem salan er minni, þó að eigi fari álagningin nákvæmlega eftir stærð verzlunarinnar, ef hver einstök verzlun er skoðuð. Til er það jafnvel, að mjög lítil álagning er hjá sumum smæstu verzlunum, en það hlýtur þá að stafa af því, að eiganda verzlunarinnar bætist tekjur annarsstaðar frá. Þess má líka geta, til að sýna, hve mikill munur getur verið á álagningu hjá verzlunum af svipaðri stærð, að verzlun, sem selur fyrir 111 þús. kr., kemst af með 12% álagningu, en önnur, sem selur fyrir 73 þús. kr., hefir 78% álagningu[1]), og virðist það vera mjög úr hófi, enda er þar talinn fram mikill gróði. Álagningin hjá þessum 104 matvöruverzlunum í Reykjavík er samtals tæp 1200 þús. kr., og virðist ekki ósanngjarnt að ætla, að þá álagningu mætti lækka um 500 þús. kr., ef matvöruverzlunin í bænum væri rekin vel og skipulega.

Munurinn á viðskiptaveltu og álagningu í vefnaðarvöruverzlunum er engu minni en í matvöruverzlunum. Hjá minnstu verzluninni er salan aðeins 1450 kr., en hjá þeirri stærstu 1029 þús. kr., og álagningin er frá 10% upp í nærri 80%. Ein vefnaðarvöruverzlunin selur fyrir 40 þús. kr. og hefir nærri 80%[2]) álagningu, önnur

1) Hjá þessari verzlun er brauðgerð jafnframt og hækkar það mjög álagninguna. En álagningin er langt úr hófi, þó að þessa sé gætt.

2) Í álagningunni er nokkur kostnaður við klæðskurð. — Aths. þýð.

selur fyrir 32 þús. kr. og kemst af með 16,5%. Ekki kemur það eins greinilega í ljós í vefnaðarvöruverzlunum og í matvöruverzlunum, að álagningin sé minni hjá stærri verzlununum. Þannig leggja 15 stærstu verzlanirnar, sem hafa að meðaltali 300 þús. kr. sölu, 39,4% á innkaupsverðið, en meðalálagning fyrir allar vefnaðarvöruverzlanir er 39,2%. Hinsvegar sýna allra minnstu verzlanirnar mikla álagningu, sumar 70—80%. — Álagningin í skófatnaðarverzlunum er yfirleitt mjög lík, minnst rúm 30%, mest rúm 39% og að meðaltali 37%.

Munur á álagningu byggingarvöruverzlana er verulega mikill. Stærsta verzlunin, sem hefir yfir helminginn af sölu byggingarvöruverzlana (3,5 millj. kr. sölu), sýnir aðeins 5,7% álagningu, önnur verzlun, sem selur fyrir 900 þús. kr., hefir um 60% álagningu.[1]) Álagning hjá heildverzlunum er hinsvegar jafnari, minnst 11,7%, mest 30%, en meðaltalið er rúmlega 21%.

Innan hinna verzlunargreinanna er álagningin mjög breytileg. Hjá raftækjaverzlunum er mesta álagning yfir 160%, og þrjár raftækjaverzlanir aðrar hafa um og yfir 100% álagningu. Hinsvegar er þar ein verzlun með tæplega 6% álagningu, en hún sýnir líka stórfellt tap, 25% af kaupverði vörunnar. Í kjötverzlunum er álagningin minnst 20% og mest 50%, í húsgagnaverzlunum minnst 36% og mest 110%, í verzlunum með áhöld og tæki minnst 28% og mest 85%, járnvöruverzlunum minnst 24% og mest 71%.

Það, sem hér hefir verið sagt frá mismuninum á álagningunni, virðist benda til þess, að framtölin séu mismunandi áreiðanleg. Eitthvað stafar þetta sennilega af ólíkri bókfærslu, og auk þess hlýtur grunur að falla á um beinlínis rangar skýrslur. Ef þetta væri nákvæmlega rannsakað, þarf að athuga vandlega hvern lið kostnaðarins, sem greiddur er með álagningunni, og bera saman hjá einstökum verzlunum.[2]) En bersýnilegt er af þeim samanburði, sem hér hefir verið gerður, að mikill munur er bæði á umsetningu og álagningu verzlana innan sömu verzlunargreinar. Ennfremur, að sá afarmikli munur, sem nú er á innflutningsverði og smásöluverði, gerir jafnvel mjög smáum verzlunum kleift að þrífast, en af því stafar aftur almenn hækkun á kostnaðinum við verzlunina. Þegar mjög smá og mjög stór fyrirtæki starfa innan sömu verzlunargreinar, geta stærri verzlanirnar — vegna þess að kostnaður þeirra er minni á hverja einingu — stórgrætt og greitt mjög há laun. Til er það jafnvel, að launagreiðslur nema allt að helmingi af verðgildi keyptrar vöru. Hinsvegar berjast minnstu fyrirtækin í bökkum og greiða yfirleitt lág laun. Allt bendir til þess, að unnt sé að koma við verulegum sparnaði á verzlunarkostnaðinum í heildinni, og þá um leið lækka álagninguna og smásöluverðið. Þess vegna á að hafa það fyrirkomulag á skattaálagningu á verzlunina, að það yrði henni hvöt til sparnaðar. Það atvinnuleysi, sem af því mundi stafa — ef aukning iðnaðar verður þá ekki nógu ör jafnframt —, kostar þjóðfélagið a. m. k. ekkert meira en það verður að greiða nú fyrir hækkað verð í smásölunni vegna mikils verzlunarkostnaðar — en sá kostnaður lendir nú á neytendur og kemur oft ranglátlega niður.

Álagningarskattur sá, sem hér er mælt með, að lagður verði á verzlunargróða, þarf að vera með þeim hætti, að hann fari eftir hundraðstölu álagningarinnar. Verzlanir, sem hefðu minni álagningu en næmi einhverju settu marki, t. d. 10% eða 15%, ættu að vera undanþegin honum að öllu leyti, en ef álagningin fer yfir þetta mark, á skatturinn að koma á alla álagninguna, sem er umfram það mark, og fara stighækkandi eftir því, sem álagningin er hækkuð. Ef leyfð er t. d. í einhverri verzlunargrein skattfrjáls álagning 10%, þá mætti leggja 5% skatt á hver 10% sem eru umfram það. Ef álagningin hjá einhverri verzlun yrði svo 40%, ætti hún samkvæmt þessu að greiða 15% af henni í skatt. Ef slíkum skatti væri beitt við alla verzlun í Reykjavík, ætti hann að öllu óbreyttu frá 1934 að nema 15% af $^2/_3$ álagningar-

1) Í þessari álagningu er nokkur iðnaður. — Aths. þýð.

2) Ritgerð þessi var rituð, þegar skýrsla skipulagsnefndar um verzlunina í Reykjavík var nýgerð, en lítt farið að athuga hana. — Aths. þýð.

innar, eða af þeirri álagningu, sem getið er hér að framan (11½ millj. kr.), 1150 þús. kr. En vitanlega yrði skatturinn minni, þegar á reyndi, því að það yrði afleiðing hans, að verzlanirnar mundu gæta meiri sparnaðar í rekstri og draga úr álagningunni.

Skattur þessi er að því leyti ólíkur almennum sölu- eða veltuskatti, að honum verður ekki komið yfir á neytendur með verðhækkun, a. m. k. getur ekki orðið mikil áleitni til þess. Nokkur hluti seljendanna — þ. e. þeir, er lægsta hefðu álagningu, — yrði ekki fyrir barðinu á skattinum, eða þá að mjög litlu leyti, og hafa ekki fyrir þá sök ástæðu til að hækka verðið á vöru sinni, heldur fá þeir aðstöðu til að auka sölu sína á kostnað þeirra, sem hafa orðið fyrir skattinum, og ef til vill mundu freistast til að hækka verðið fyrir þær sakir. Hinsvegar ætti að borga sig vegna skattsins að sameina verzlanir og gera aðrar ráðstafanir til skipulagningar, því að við það ætti munurinn, sem nú er allt of mikill, milli kaupverðs vörunnar og söluverðs að geta minnkað.

Mikil hætta er á því í sambandi við þennan skatt, að framtöl manna, sem nú eru ekki áreiðanleg, verði enn óáreiðanlegri. Til þess að komast hjá skattinum, yrði t. d. ef til vill reynt að gefa upp hærra innkaupsverð á vörum en rétt er. Því væri nauðsynlegt að hafa strangt eftirlit með verzlunum og reikningshaldi þeirra, og væri t. d. sjálfsagt, að þess væri krafizt, að verzlanir gæfu bæði upp magn og verð þeirrar vöru, er fer um hendur þeirra. En um leið og eftirlit um þessi efni verður meira, skapast ágætur grundvöllur fyrir hagfræðilegar skýrslur um verzlun og verðlag, skýrslur, sem eru nauðsynlegar fyrir alla hagfræðilega skipulagningu.

Það veldur nokkrum erfiðleikum í þessu máli, að iðnaður er oft samhliða verzluninni. En skattur sá, sem hér hefir verið rætt um, ætti eingöngu að vera lagður á verzlunina, þ. e. kaup og sölu á vöru, sem ekki er meira að unnið en kaupa hana og selja. Þar sem iðnaður sá, sem er í sambandi við verzlunina, er nokkurn veginn óbreytilegur, er auðvelt að draga kostnaðinn við hann frá álagningunni, og leggja svo skatt á álagningu þá, sem er umfram kostnaðinn við iðnstarfsemina. Þetta ætti t. d. að vera vel hægt í lyfjabúðum, veitingahúsum, kvikmyndahúsum o. fl. Í öðrum verzlunargreinum verður þetta erfiðara, t. d. hjá timburverzlunum, sem saga timbrið og laga, stundum meira, stundum minna. Þar mundi ekki verða unnt að setja skattfrjálst lágmark fyrir álagninguna, fyrr en það væri komið í ljós, hve mikið af þeirri vöru, sem inn er flutt, verður unnin. En þau verzlunarfyrirtæki, sem hafa iðnað á þennan hátt í sambandi við verzlun, eru tiltölulega fá, og ættu ekki að þurfa að valda mjög miklum örðugleikum í þessu máli.

Einnig verður að gæta þess, að kostnaður er misjafn í ýmislegum greinum verzlunarinnar, eftir því hve áhættan af verzluninni er mikil, hve örugglega og fljótt vörubirgðir seljast o. fl. Því er ekki rétt, að takmörkin fyrir því, hve mikla álagningu verzlanir mega hafa skattfrjálsa, séu eins fyrir allar verzlanir, en ekki ætti það að verða mjög miklum örðugleikum bundið fyrir þá, er vel þekkja til verzlunarhátta, að ákveða það fyrir hverja grein verzlunar, hvar eðlilegt er að setja þau takmörk. S. Í. S. og kaupfélögin ættu að vera undanþegin þessum skatti, þar sem starfsemi þeirra er ekki bundin við gróðahvöt einstakra manna. Í S. Í. S. er álagning líka svo lág, að það mundi ekki falla undir skattinn af þeim ástæðum. Flest kaupfélögin hafa með höndum bæði verzlun með neyzluvöru og gjaldeyrisvöru, og láta álagningu á neyzluvöruna bera uppi allan verzlunarkostnaðinn, og verður á það að líta, þegar álagning þeirra er metin.

Nákvæmt eftirlit verður að vera með öllum innflutningi á vörum, og er nauðsynlegt að endurskipuleggja starf innflutnings- og gjaldeyrisnefndar. Innflutningnum á að færa á sem fæstar hendur, í ríkisverzlanirnar, til Sambandsins og stærstu heildsalanna. Í ritgerð, sem áður hefir verið rituð (um breytingu á starfsháttum gjaldeyrisnefndarinnar), er því haldið fram, að rétt sé, vegna þess að gengi íslenzku krónunnar er of hátt skráð, að innflytjendur greiði ársfjórðungslega nokkurn hluta af mismun innkaups- og söluverðs vöru sinnar (t. d. 20%) í verðlagssjóð, er varið

yrði til jöfnunar milli innflytjenda og útflytjenda (sem uppbót á útfluttar vörur). En með álagningarskatti, eins og hér hefir verið rætt um, virðist eðlilegra að hugsa sér að taka skatt af gjaldeyrisleyfum til að leggja í þennan verðlagssjóð. Þann skatt ætti þó ekki að leggja á gjaldeyrisleyfi fyrir brýnum nauðsynjavörum, enda ætti ekki að takmarka innflutning á þeim, svo að verð þeirra yrði sem lægst, hvað sem annars er um gengi krónunnar. Um vörur, sem takmarka á innflutning á, er rétt að hafa gjaldskrá yfir það, hvað á að skattleggja innflutningsleyfin, og ætti skatturinn að vera við það miðaður, hversu mikið menn vilja minnka innflutninginn, því hærri, sem innflutningurinn á að minnka meira. Gjöldin fyrir leyfin mættu t. d. vera 5—10% af upphæð leyfanna. Bak við þessa tillögu felst sú hugsun, að því meira sem dregið er úr innflutningi vöru, því meiri líkur eru til, að mismunurinn á innflutningsverði hennar og söluverði aukist, og er þá eðlilegt, að ríkið taki sem mest af þeim mun til ráðstöfunar undir þessu formi. Gjaldskrá þessa verður vitanlega að gera með hliðsjón af gildandi tolllögum, en ekki er nauðsynlegt, að gjaldið sé nákvæmlega reiknað út ársfjórðungslega, því að leiðréttingar má gera, þegar innkaup og leyfisveitingar fyrir innflutningi eru gerðar upp að loknu ári. Við álagningarskattinn verður vitanlega að taka tillit til þessa gjalds. Það yrði að teljast sem kostnaður, sem legðist á kaupverð vörunnar.

Til þess að geta gætt réttlætis bæði um skattinn á innflutningsleyfin og álagninguna, þarf nákvæmar **hagskýrslur um innflutnings- og heildsöluverð.** Gjaldeyrisnefndin ætti að gera mánaðarlega, eða a. m. k. ársfjórðungslega, skýrslur um innflutningsverð á öllum þeim vörum, er mestu máli skiptir um, og má með hliðsjón af þeim skýrslum hafa eftirlit með álagningu heildsalanna. Eftir þessum skýrslum er og sjálfsagt að haga gjaldskránni fyrir innflutningsleyfin.

Með því fyrirkomulagi, sem hér hefir verið lýst, ætti betur en nú er að mega hafa vald á innflutningnum. Einnig ætti að mega hafa vald á því, sem nú eru engar hömlur lagðar á, en það er óhófleg álagning á vörur í innflutnings- og heildsöluverzlunum. Að lokum ætti með þessu að mega hafa fullkomlega vald á álagningunni í smásöluverzlunum og jafnvel lækka smásöluverðið, þrátt fyrir gjaldið fyrir innflutningsleyfin.

Í frumvarpinu eru nokkur atriði, sem þessar tilfærðu ritgerðir Lundbergs ýmist fjalla ekki um eða vikið er frá tillögum hans um, og telur skipulagsnefnd sér skylt að gera sérstaklega grein fyrir þeim.

Mikilvægasta atriðið, sem ritgerðir Lundbergs fjalla ekki um, er tillagan um stofnun sérstaks ráðuneytis fyrir verzlunar- og utanríkismál (1. og 2. gr. frv.).

Á síðustu árum hefir stjórn þessara mála smátt og smátt færzt meir og meir inn í landið. En að því leyti, sem sú stjórn hefir verið í höndum ráðuneytisins, hefir það verið með öðrum störfum forsætisráðherra eða atvinnumálaráðherra. En hér er bæði um ört vaxandi og vandasöm störf að ræða, og er slík tilhögun, sem verið hefir, ekki lengur viðunandi, og er ekki annar kostur tækur en fela þau sérstöku ráðuneyti. Er þá og sjálfsagt mál, að það ráðuneyti taki að sér stjórn þeirra mála, er snerta viðskipti við útlönd, og undir það séu lagðar þær stofnanir, er að þeim málum starfa nú, svo sem fiskimálanefnd, síldarútvegsnefnd og gjaldeyrisnefnd.

Þá er það einnig yfirlýstur vilji Alþingis, að hafinn sé undirbúningur að framtíðarskipulagi utanríkismálanna, svo að þjóðin verði því vaxin að taka þau mál í sínar hendur að fullu, þegar útrunninn er sá tími, sem sambandslögin eiga að gilda. Þessi undirbúningur verður bezt framkvæmdur á þann hátt, að störfin vegna utanríkis- og viðskiptamálanna utan lands sem innan færist smátt og smátt á íslenzkar hendur, innan þeirra takmarka, sem sambandslögin heimila, þannig að heimildin til að skipa íslenzka ráðunauta (attachés) við dönsku sendisveitirnar og ræðismannaembættin úti um heim verði notuð alstaðar þar, sem þörf er á íslenzkum sendimönnum, og heimild sömu laga til að senda menn úr landi til að semja um sérstök íslenzk málefni verði notuð á þann hátt, að verzlunarfulltrúar verði skip-

aðir fyrir ákveðin svæði, þar sem þjóðin hefir þegar veruleg viðskipti eða vænta má viðskipta í nánustu framtíð. Þessir verzlunarfulltrúar ættu að hafa sérþekkingu á þeim útflutningsvörum og verzlun með þær, sem búast má við, að seljist á þeim viðskiptasvæðum, er þeir starfa á. Starfi þeirra og umboði á og að vera þannig háttað, að þeir hafi náið samband við þær stofnanir hér á landi, er hafa með höndum útflutningsverzlun með þær vörur, sem á því viðskiptasvæði seljast, er þeir starfa á, og geti þeir boðið vörurnar fram og selt þær, ef þarf. Einnig er sjálfsagt, að þeir undirbúi viðskiptasamninga við þau lönd, sem á viðskiptasvæði þeirra eru, í samráði við samninganefndir eða fulltrúa, sem sendir eru úr landi til samningagerðanna, eins og venja hefir orðið á síðustu árum, eða sendiherra og sendiherrafulltrúa (chargés d'affaires), eins og verða mundi, þegar meðferð utanríkismálanna er að öllu leyti komin í hendur þjóðarinnar.

Ráðunautar við sendisveitir eru nú þegar í Oslo og Berlín (áður í Madrid), en mundu auk þess eiga að vera á þessum stöðum: Stokkhólmi, London, París, Madrid, Róm, Varsjá eða Prag, Moskva, Washington og e. t. v. Ottawa. Starf þeirra mundi aðallega verða í því fólgið að safna skýrslum um það markverðasta, er gerist í þessum löndum og Ísland getur varðað, hvort sem það er á sviði viðskiptamála, menningarmála eða almennra stjórnmála, og gefa þessar skýrslur til íslenzka utanríkisráðuneytisins. Jafnframt störfunum yrði þetta skóli fyrir þessa menn og skilyrði fyrir því, að þeir yrðu síðar færir um að verða sjálfstæðir starfsmenn íslenzka utanríkisráðuneytisins, þegar utanríkismálin verða til fulls tekin í íslenzkar hendur — ýmist sem sendiherrafulltrúar eða aðalstarfsmenn við íslenzkar sendisveitir.

Verzlunarfulltrúarnir ættu hinsvegar að hafa aðalbækistöðvar sínar við aðalræðismannaembættin dönsku í höfuðverzlunarborgunum á þeim viðskiptasvæðum, er þeir starfa á, svo sem t. d. Barcelona eða Genua, Hamborg, Gdynia, London, New York og Rio de Janeiro eða Buenos Ayres. Þeir ættu að hafa umsjón með viðskiptunum á stórum svæðum og ferðast um í verzlunarerindum. T. d. ætti sá verzlunarfulltrúi, sem hefði aðalaðsetur í Barcelona eða Genua, að hafa umsjón með viðskiptum þjóðarinnar í öllum Miðjarðarhafslöndunum, sá, er hefði aðalaðsetur í Hamborg, hefði umsjón með viðskiptum í Þýzkalandi og öðrum þýzkumælandi löndum, sá, sem hefði aðalaðsetur í Gdynia, með viðskiptum í slavnesku löndunum í Mið-Evrópu og Austur-Evrópu (Póllandi, Tékkóslóvakíu og Rússlandi) o. s. frv.

Laun ráðunautanna þurfa ekki að vera mikil; er eðlilegast að þau séu miðuð við laun fulltrúa í stjórnarráðinu, en einhver uppbót sé þó greidd á launin í þeim löndum, sem verðlag er hátt. Verzlunarfulltrúana mundi hinsvegar þurfa að launa nokkru betur og greiða þeim ferðakostnað.

Að sjálfsögðu ætti að vera sem mest samvinna milli verzlunarfulltrúanna, sem búast má við, að verði á sífelldu ferðalagi, og ráðunautanna við sendisveitirnar, sem aðallega sitja um kyrrt í höfuðborgunum og er ætlað að afla upplýsinga um það, sem verzlunarfulltrúunum mætti að gagni koma í þeirra starfi.

Skipun allra þessara starfsmanna er heimiluð samkv. 2. gr. frv. um leið og gert er ráð fyrir, að hér heima verði sett upp sérstakt ráðuneyti, sem hefir bæði starfskrafta og önnur skilyrði til að stjórna starfi þessara manna. Hvort þessi heimild verður notuð til fulls eins og hér er gert ráð fyrir, fer bæði eftir því, hve þörfin þykir brýn, og því, hve mikil áherzla verður lögð á það, að þjóðin verði fullfær til að taka að sér utanríkismálin, þegar út er runninn sá tími, sem sambandslögin eru í gildi. En sjálfsagt er að nota tímann þangað til á þann hátt, að færa sér í nyt þá aðstöðu, er sambandslögin veita til að ala upp menn til að fara með utanríkismálin fyrir þjóðarinnar hönd.

Í ritgerðunum hér að framan gerir Lundberg ráð fyrir því, að einskonar yfirnefnd, sem aðallega er skipuð af aðalútflytjendum, sé falið að gera gjaldeyrisáætlun þá, sem til grundvallar er lögð við meðferð gjaldeyrismálanna. Þó gerir hann ráð

fyrir því, ef sérstakur seðlabanki verður stofnaður, þá sé honum falið þetta verkefni. Nú leggur skipulagsnefnd fram annað frumvarp um stofnun þessa seðlabanka — og er það frumvarp einnig að mestu byggt á tillögum frá Lundberg —, og gerir nefndin því ráð fyrir þeirri skipun á þessu frv., að seðlabankanum sé falið, ásamt ráðherra þeim, sem fer með utanríkis- og verzlunarmál, að gera gjaldeyrisáætlunina. Þetta er því í samræmi við tillögur Lundbergs, eins og hann gekk frá þeim að síðustu, þó að það komi ekki ljóslega fram í ritgerðunum, sem hér fylgja.

Tillögur Lundbergs um skatt á gjaldeyrisleyfi hefir nefndin tekið upp sem tillögu um innflutningsgjald, og er það brotaminna bæði um innheimtu og eftirlit. Þá gefur nefndin heimild fyrir, að innflutningsgjaldið verði 15%, þar sem Lundberg gerir ráð fyrir, að skatturinn á gjaldeyrisleyfin verði 5—10%. Með 15% innflutningsgjaldi telur nefndin, að oftast megi taka þá verðhækkun, sem stafar af takmörkuðum innflutningi, og það því fremur, sem nefndin gerir enn sterkari ráðstafanir gegn mikilli álagningu en Lundberg gerir ráð fyrir í sínum tillögum.

Nefndin ætlast ekki til þess, að nokkuð af innflutningsgjaldinu eða álagningarskattinum gangi beint til ríkissjóðs. Hinsvegar ætlast hún til, að 25% af innflutningsgjaldinu sé varið til stofnunar framleiðslufyrirtækja, er ríkið kemur á fót eða á meiri hluta í, og er þá um leið ætlazt til þess, að ríkið þurfi ekki að verja til þess fé, sem það aflar af þeim skattstofni, er það tekur til sinna þarfa.

Skipulagsnefnd hefir vikið nokkuð frá tillögum Lundbergs um álagningarskattinn, þannig að nefndin ætlast til, að hann verði til muna áhrifameiri til að halda niðri verði og álagningu en með þeim hætti mundi verða, er Lundberg hugsar sér skattinn. Tillögur skipulagsnefndar eru þær, að skatturinn á álagninguna sé eigi aðeins stighækkandi, heldur nái bæði skatturinn og stighækkunin til allrar álagningarinnar, þegar hún fer yfir visst mark. Til þess að sýna, hvernig þessi skattur getur verkað, fara hér á eftir tvö dæmi um það, hvernig skatturinn getur verkað á álagninguna:

Smásala. 15% álagning skattfrjáls, en eftir það álagningarskattur, stighækkandi um 5% fyrir hver 2% álagningarinnar, sem er fram yfir 15%.

Álagning %	Skattur %	Skattur á 100 kr. kaupv.	Ágóðahlutur kr.
15	„	„	15,00
15—17	5	0,75—0,85	16,15
17—19	10	1,70—1,90	17,10
19—21	15	2,85—3,15	17,85
21—23	20	4,20—4,60	18,40
23—25	25	5,75—6,25	18,75
27—27	30	7,50—8,10	18,90
27—29	35	9,45—10,15	18,85

Heildsala. 8% álagning skattfrjáls, en álagningarskattur þar fyrir ofan stighækkandi um 5% fyrir hvert 1% álagningarinnar, sem er umfram 8%.

Álagning %	Skattur %	Skattur á 100 kr. kaupv.	Ágóðahlutur kr.
8	„	„	8,00
8—9	5	0,40—0,45	8,55
9—10	10	0,90—1,00	9,00
10—11	15	1,50—1,65	9,35
11—12	20	2,20—2,40	9,60
12—13	25	3,00—3,25	9,75
13—14	30	3,90—4,20	9,80
14—15	35	4,90—5,25	9,75

Sést af þessum dæmum báðum, að með þeim skattstiga, sem þar er gert ráð fyrir, tekur skatturinn alla aukningu álagningarinnar, þegar hún fer yfir ákveðið mark, og sé reynt að hækka álagninguna enn meir, tekur skatturinn meira en

nemur aukningunni. En það skal strengilega fram tekið, að dæmin eru aðeins hugsuð dæmi, og er eigi hægt að leggja fram tillögur um ákveðinn skattstiga, nema að undangenginni nýrri rannsókn á verzlunarálagningu, enda er það ætlun nefndarinnar, að skattstiginn sé gerður aðeins fyrir eitt ár í senn.

Tillagan um sameiningu ríkisverzlananna er algerlega nefndarinnar eigin. Sú tillaga stefnir bæði að því að koma betri og eðlilegri skipun á þá verzlun ríkisins, sem fyrir er, og gera auðveldara fyrir um, að ríkið taki í sínar hendur aukna innflutningsverzlun, ef ráðstafanir þær, er frv. gerir til að fá vald á vöruverði innanlands, koma ekki að nægilega miklu haldi.

Nd. 132. Frumvarp til laga

um Seðlabanka Íslands.

Flm.: Emil Jónsson.

1. gr.

Ríkisstjórnin skal setja á stofn banka, er nefnist Seðlabanki Íslands — á Norðurlandamálum er heiti bankans Islands Centralbank og á ensku The Central Bank of Iceland — og hefir hann einkarétt til að gefa út bankaseðla eða annan gjaldmiðil, sem komið geti í stað mótaðra peninga og gengið manna á milli í stað bankaseðla.

2. gr.

Stofnfé bankans er 3 millj. kr., sem greiðist samkvæmt 26. gr. þessara laga. Auk þess skal ríkisstjórninni heimilt að leggja fram handa bankanum viðbótarstofnfé allt að 2 millj. kr.

Tekjuafgangur bankans á ári hverju rennur í varasjóð. Ef ríkissjóður leggur fram stofnfé umfram 3 millj. kr., skal bankinn greiða af því allt að 5% vexti, þó aldrei meira en helming tekjuafgangs bankans.

3. gr.

Ráðherra sá, sem fer með bankamál, ákveður eftir tillögum stjórnar Seðlabanka Íslands lögun og útlit seðla þeirra, er bankinn gefur út, og gefur út auglýsingu um það efni, eftir því sem þörf er á. Enginn seðill, er bankinn gefur út, má hljóða um minni upphæð en fimm krónur.

Seðlar þeir, er bankinn gefur út, skulu vera gjaldgengir í ríkissjóð og aðra almenna sjóði hér á landi, og vera löglegur gjaldeyrir manna á milli með fullu ákvæðisverði.

Hver, sem býr til eftirmynd seðla þeirra, er bankinn gefur út, eða falsar þá, skal sæta þeirri refsingu, sem 266. gr. almennra hegningarlaga 25. júní 1869 ákveður. Glæpurinn er fullkomnaður undir eins og búið er að eftirmynda eða falsa seðilinn, þó ekki sé búið að láta hann út.

4. gr.

Seðlabanki Íslands gefur út seðla eftir því, sem gjaldmiðilsþörfin krefur, með takmörkunum þeim, sem greinir hér á eftir:

1. að bankinn eigi gullgildar eignir, er nemi 25% af því seðlamagni, er úti er í hvert skipti, og aldrei minna en 15%, enda sé þess gætt, að lægri hundraðstala en 25 gildi aldrei lengur í senn en tvo mánuði. Gull bankans má aldrei fara niður úr verðmæti, er samsvari 807 kg. af skíru gulli.
2. að bankinn hafi vissa og auðselda eign til tryggingar þeim hluta seðlamagnsins, sem ekki er tryggður með gullforðanum, þannig að 125 kr. komi móti hverjum 100 kr. í seðlum.

5. gr.

Sem gullgildar eignir teljast:

1. Lögleg gjaldgeng gullmynt.
2. Ómyntað gull og erlend gullmynt, er reiknast eftir skírleika gullsins, samkvæmt myntlögum.
3. Innstæða, sem greidd er þegar heimtað er, í erlendum bönkum, er stjórn bankans telur fulltrygga og ráðherra samþykkir. Innstæða þessi skal vera með þeim hætti, að fyrir liggi yfirlýsing frá hlutaðeigandi erlendum banka um það, að innstæða þessi verði greidd þegar heimtað sé, hvort sem Seðlabankinn kunni að skulda bankanum eða eigi.

Gullgildar eignir reiknast eftir því gengi á gulli og erlendum peningum í landinu á hverjum tíma, sem bankinn notar í almennum viðskiptum.

6. gr.

Til eigna þeirra, sem tryggja skal seðlamagn það, er gullgildar eignir nægja ekki til, teljast:

1. Auðseld opinber verðbréf eftir gangverði.
2. Önnur verðbréf, ekki hlutabréf, sem skráð eru á kauphöllum.
3. Víxlar, hvort heldur þeir skulu greiðast innanlands eða erlendis.
4. Innieign í erlendum bönkum, sem fellur til útborgunar innan sex mánaða lengst, að frádregnum samskonar skuldum bankans við erlenda banka.
5. Skuldabréf, gefin út fyrir lánum gegn handveði í samskonar verðbréfum og þeim, sem greinir í 1. og 2. lið þessarar greinar.

7. gr.

Seðlabankanum skal skylt á hverjum tveggja vikna fresti að gefa ráðherra þeim, sem fer með bankamál, skýrslu um seðla í umferð og gullgildar eignir og eignir þær, sem samkvæmt 6. gr. eru til tryggingar seðlunum. Skylt er að birta almenningi skýrslur um þessi efni mánaðarlega.

8. gr.

Seðlabanka Íslands er heimilt:

1. Að kaupa af öðrum bönkum og lánsstofnunum og selja víxla, tékka og ávísanir, sem greiðast eiga innanlands eða erlendis. Víxlar þessir mega ekki vera með lengri gjaldfresti en 6 mánaða, og má eigi endurnýja þá lengur en 6 mánuði samtals.
2. Að kaupa af öðrum bönkum og lánsstofnunum víxla, sem greiðast eiga innanlands, með allt að 12 mánaða gjaldfresti, gegn tryggu handveði eða fasteignaveði.
3. Að veita öðrum bönkum og lánsstofnunum reikningslán gegn handveði eða fasteignaveði, og séu þau lán uppsegjanleg með þriggja mánaða fyrirvara.
4. Að kaupa skuldabréf ríkis, bæjar- og sveitarfélaga og önnur trygg og auðseljanleg verðbréf.
5. Að veita ríkissjóði bráðabirgðalán til allt að þriggja mánaða í einu. Þessi bráðabirgðalán, er ríkið kann að taka, skulu goldin að fullu fyrir lok hvers reikningsárs. Auk þess er bankanum heimilt að veita ríkissjóði lán, er varið sé til stofnunar eða rekstrar framleiðslu- eða verzlunarfyrirtækis, er ríkið sjálft rekur.
6. Að kaupa erlendan gjaldeyri og selja hann ríkissjóði, bönkum og öðrum lánsstofnunum.
7. Að taka til geymslu gegn gjaldi dýra málma, verðmæta hluti og verðbréf, taka við fé almannastofnana til ávöxtunar, svo og, ef sérstaklega stendur á og bankaráð samþykkir, að taka við innlánum frá almenningi. Vextir af fé, sem tekið er til ávöxtunar samkvæmt þessum lið, skulu að minnsta kosti vera 1% lægri en innlánsvextir annara banka, og skal gjaldfrestur á því fé vera ákveðinn af bankaráði.

9. gr.

Seðlabankinn hefir á hendi án endurgjalds öll framkvæmdastörf viðvíkjandi skiptimynt þeirri, er ríkisstjórnin gefur út, þar á meðal að halda saman mynt, sem ónothæf er orðin. Bankinn er skyldur til að taka við hvaða upphæð sem er í löglegri íslenzkri skiptimynt. Nú hefir bankinn í sjóði meiri íslenzka skiptimynt en framkvæmdastjórn bankans þykir þörf á vegna viðskipta bankans, og er bankanum þá rétt að afhenda ríkisstjórninni það, sem umfram er, gegn greiðslu í öðrum löglegum gjaldeyri.

10. gr.

Stjórn bankans er skylt að gæta þess, að bankinn hafi jafnan, auk þeirra vissu og auðseldu eigna, sem ræðir í 9. gr. 2. tölulið og 2. gr., hæfilega mikið af samskonar eignum í hlutfalli við þær skuldbindingar bankans, sem gengið verður eftir án fyrirvara. Ennfremur ber stjórn bankans, eftir því sem aukning á slíkum skuldbindingum bankans gefur tilefni til, að leitast við að auka gullgildar eignir bankans eða innieignir hans erlendis.

11. gr.

Öllum, sem flytja út og selja íslenzkar afurðir gegn greiðslu í erlendum gjaldeyri, er skylt að afhenda þann gjaldeyri, um leið og hann er greiddur, Seðlabanka Íslands, Landsbanka Íslands eða Útvegsbanka Íslands gegn greiðslu í íslenzkum peningum. Skal öllum útflytjendum skylt að tilkynna Seðlabanka Íslands um leið og afurðirnar eru fluttar út, hversu mikill erlendur gjaldeyrir fáist fyrir þær, í hvaða landi, hvenær hann var greiddur og í hvaða banka. Landsbanka Íslands og Útvegsbanka Íslands er sömuleiðis skylt að tilkynna Seðlabankanum um allan þann gjaldeyri, sem til þeirra er greiddur, jafnóðum og greiðslur fara fram. Ríkisstjórnin setur með reglugerð þau ákvæði, er henni þykir þurfa, þessu til tryggingar. Heimilt er og að setja í reglugerð ákvæði þess efnis, að allir menn búsettir á Íslandi, er fái á einhvern hátt gjaldeyri til eignar, skuli skyldir að tilkynna það Seðlabankanum, sem jafnan hafi þá heimild til þess að kaupa hinn erlenda gjaldeyri gegn greiðslu í íslenzkum peningum. Landsbanka Íslands og Útvegsbanka Íslands er óheimilt að selja eða ráðstafa nokkrum erlendum gjaldeyri, nema gegn gjaldeyrisleyfi.

12. gr.

Jafnframt því, sem Seðlabanki Íslands skal leitast við að auka innieign sína erlendis, skal hann jafnan haga svo starfsemi sinni, að miðað sé að því, að eigi sé meira flutt inn til landsins af varningi en inneignir séu fyrir erlendis eftir að búið sé að standa straum af öðrum nauðsynlegum greiðslum erlendis.

13. gr.

Seðlabanki Íslands tilkynnir verzlunarráðuneyti Íslands á þriggja mánaða fresti, hve mikill erlendur gjaldeyrir sé fyrir hendi eða væntanlegur fyrir þriggja mánaða tíma, og hve mikið megi greiða af honum fyrir innfluttan varning á þeim tíma, þannig að hættulaust sé fyrir fjárhagsafkomu landsins, og skal verzlunarráðuneytinu skylt að gæta þess, að andvirði innflutningsins fari eigi fram úr þeirri upphæð, er Seðlabankinn hefir tilkynnt, að nota megi.

Nú hefir innflutnings- og gjaldeyrisleyfi fyrir varning verið veitt eða innflutningur farið fram í samræmi við fyrri málsgrein þessarar greinar, og skal þá Landsbanka Íslands og Útvegsbanka Íslands jafnan skylt að selja hlutaðeigandi gjaldeyri til greiðslu innflutningsins, enda hafi Seðlabankinn gefið þeim bönkum kost á nægilegum gjaldeyri til þess að fullnægja eftirspurninni. Ráðherra ákveður í reglugerð, hve mikil ómakslaun lánsstofnanir, er gjaldeyri hafa keypt frá Seðlabankanum, megi taka fyrir sölu gjaldeyrisins.

14. gr.

Stjórn Seðlabankans er í höndum bankaráðs, er í séu þrír menn, og bankastjóra. Bankaráðsmenn eru kosnir með hlutfallskosningu af sameinuðu Alþingi í fyrsta

sinn, er lög þessi hafa náð samþykki þingsins, síðan í hvert sinn er þing kemur saman að afloknum kosningum. Endurkjósa má menn í ráðið. Er kosning fer fram, skal afhenda lista með 6 nöfnum. Varamenn í bankaráði skulu vera þeir menn af hverjum lista, er næstir eru þeim, sem kosnir hafa verið, og taka varamenn sæti í ráðinu í forföllum aðalmanna eftir þeirri röð, sem þeir hafa verið á listanum. Bankaráðið kýs sér sjálft formann og varaformann.

15. gr.

Bankaráðsmenn skulu allir vera búsettir í Reykjavík eða svo nálægt Reykjavík, að þeim sé auðvelt að sækja bankaráðsfundi hvenær sem er. Bankaráðsmenn skulu hafa 2000 kr. ársþóknun, nema formaður, er hafi 3000 kr. Varamaður tekur laun aðalmanns þann tíma, sem hann starfar í bankaráðinu. Engan má kjósa í bankaráð, nema hann sé lögráða, hafi óflekkað mannorð og sé fjár síns ráðandi. Ef bankaráðsmaður missir þessi skilyrði, áður en kjörtími hans er á enda, hættir hann þegar störfum í ráðinu.

16. gr.

Bankaráðið ræður bankastjóra með 12 mánaða uppsagnarfresti, enda geti hann sjálfur sagt upp stöðu sinni með sama fyrirvara. Þó getur bankaráð vikið bankastjóra frá fyrirvaralaust, gegn því að greiða honum 6 mánaða laun, svo framarlega, sem ekki er um slíkt afbrot að ræða af hálfu bankastjóra, sem heimili frávikningu hans án nokkurrar launagreiðslu. Ennfremur getur ráðherra sá, sem fer með bankamál, vikið bankastjóra frá. Skal bankaráðið eða ráðherra skýra bankastjóra frá ástæðunum fyrir frávikningunni.

Í forföllum bankastjóra ákveður bankaráð, í samráði við bankastjóra, hver gegna skuli störfum hans.

17. gr.

Nú fæst ekki meiri hluti í bankaráði um ráðningu bankastjóra, og skal þá ráðherra sá, sem fer með bankamál, skera úr, hver manna þeirra, er bankaráðsmenn hafa tilnefnt, skuli vera bankastjóri.

18. gr.

Laun bankastjóra skulu ákveðin í launalögum. Bankaráðið getur veitt fráförnum bankastjóra eða ekkju hans eftirlaun af fé bankans. Eftirlaunin mega þó aldrei fara fram úr 50% af launum handa bankastjóranum, og 25% af launununum handa ekkju hans, en skulu að öðru leyti ákveðin eftir því, sem ástæður eru fyrir hendi í hvert skipti. Bankaráðið getur einnig veitt fráförnum aðalbókara og aðalféhirði og ekkjum þeirra eftirlaun af fé bankans eftir sömu reglum.

19. gr.

Bankaráðsmenn skulu hafa stöðugt eftirlit með starfsemi bankans. Skulu þeir halda reglulega fundi tvisvar í mánuði, á þeim tíma, sem ákveðinn er á ráðsfundi fyrir eitt ár í senn, og annars er mikilvæg mál bíða úrlausnar. Bankaráðsfundur er lögmætur, ef tveir ráðsmenn sitja fund. Þegar jöfn eru atkvæði, skal atkvæði formanns skera úr. Svo skal og vera, þegar jöfn verða atkvæði, er bankaráð og bankastjóri gera sameiginlega ályktun.

20. gr.

Bankastjóri á rétt á að vera á fundum bankaráðs og taka þátt í umræðum, nema rætt sé um mál, er snertir hann sjálfan. Bankastjóri skal leggja fyrir bankaráðið á hverjum reglulegum fundi skýrslu um útlán bankans, um verðbréfaeign hans, um seðlaveltu, gullgildar eignir, innieign erlendis, innflutning, útflutning og gjaldeyrishorfur og annað það, er bankaráðinu þykir nauðsynlegt að vita til þess að geta haft fullkomið eftirlit með starfsemi bankans.

21. gr.

Bankaráðið hefir yfirumsjón með allri stjórn bankans, og þarf samþykki þess til um allar meiri háttar lánveitingar og skuldbindingar bankans. Útlánsvextir bankans skulu ákveðnir af bankastjóra og bankaráði í samráði við ráðherra þann, sem fer með bankamál, svo og hámark þess, hvað hafa má af seðlum í umferð á hverjum tíma.

Bankaráð setur bankastjóra erindisbréf og leggur, ásamt bankastjóra, fyrir ráðherra tillögur um reglugerð um starfstilhögun í bankanum.

22. gr.

Bankastjóri ræður starfsmenn til bankans samkv. reglugerð, er ráðherra setur.

Ekki má bankastjóri hafa önnur embættisstörf með höndum eða launuð aukastörf, ekki reka sjálfur atvinnu og ekki vera í stjórn atvinnufyrirtækja.

Bankastjóri hefir rétt til að leita upplýsinga um hvað eina, er snertir atvinnulíf þjóðarinnar, frá hverskonar opinberri stofnun í landinu sem er. Þagnarskylda hvílir á bankastjóra, bankaráðsmönnum og starfsmönnum bankans um þau efni, er snerta viðskipti bankans, og um hverskonar vitneskju, er þeir öðlast vegna starfsemi sinnar við bankann.

23. gr.

Bankinn er undanþeginn öllum opinberum gjöldum og sköttum, hverju nafni sem nefnast.

24. gr.

Um endurskoðun við bankann, bókhald hans og birtingu reikninga skulu ákvæði sett í reglugerð.

Ákvæði til bráðabirgða.

25. gr.

Seðlabankanum skal heimilt að kaupa gull það, sem Landsbanki Íslands og Útvegsbanki Íslands hafa nú til tryggingar seðlum sínum, fyrir seðla, er Seðlabankinn gefur út, og sé gullið metið á þann hátt, að reiknað sé eftir meðalgullgengi íslenzkrar krónu síðasta árið áður en kaupin fara fram.

26. gr.

Landsbanki Íslands afhendir Seðlabanka Íslands um leið og Seðlabankinn tekst á hendur seðlaútgáfuna, innskotsfé það, 3 millj. kr. sem samkvæmt lögum nr. 10 15. apríl 1928 hafa verið til hans greiddar úr ríkissjóði.

27. gr.

Um leið og Seðlabankinn tekur við seðlaútgáfunni, tekur hann á sig allar löglegar skuldbindingar gagnvart handhöfum seðla Landsbankans og Útvegsbankans, er í umferð verða á þeim tíma, enda greiði bankar þessir til Seðlabankans það, er seðlaskuldinni nemur. Skal Seðlabankinn jafnóðum og seðlar þessir berast honum taka þá með öllu úr umferð og eyðileggja samkvæmt fyrirmælum, er sett verða í reglugerð.

28. gr.

Greiðslur fyrir seðlaskuld Landsbankans og Útvegsbankans samkv. 5. gr. og fyrir innskotsfé það, sem um ræðir í 4. gr., skulu fara fram í þeim verðmætum, er hér greinir:

1. Gulli, og sé gullið metið á þann hátt, að reiknað sé eftir meðalgullgengi íslenzkrar krónu síðasta árið áður en greiðslan fer fram.
2. Erlendri mynt og ávísunum á innieign bankanna sjálfra í erlendum bönkum, sem greiðast þegar krafizt er.

3. Víxlum, sem tryggðir séu á þann hátt og með þeim skildögum, sem ákveðið er um verzlun seðlabanka Landsbankans í lögum nr. 10 15. apríl 1928, og vel tryggðum víxlum með stuttum gjaldfresti, er sparisjóðsdeild Landsbankans kann að eiga.
4. Öðrum eignum seðlabanka og sparisjóðsdeildar Landsbankans, sem Seðlabankinn samþykkir og telur fullgilda greiðslu.

29. gr.

Verði ágreiningur um það, hverjar af eignum sínum Landsbankinn eða Útvegsbankinn skuli afhenda Seðlabankanum samkvæmt 6. gr., getur hver aðili, er hlut á að máli, skotið málinu til úrskurðar þriggja manna nefndar, er í séu forseti Hæstaréttar, skattstjórinn í Reykjavík og forstjóri Tryggingarstofnunar ríkisins. Skyldir eru þessir menn að gæta þess sérstaklega, að Seðlabankanum séu ekki afhentar eignir, er eigi er öruggt um, að fullnægi ákvæðum 6. gr. og séu þess virði, er þær eru taldar.

30. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að taka lán, að upphæð allt að 2 millj. kr., og verja því til viðbótar stofnfé bankans samkv. 3. gr. þessara laga.

31. gr.

Um leið og Seðlabanki Íslands tekur til starfa, eru ákvæði um seðlabanka Landsbankans í lögum nr. 10 15. apríl 1928 úr gildi numin, og renna eignir hans þá til sparisjóðsdeildarinnar. Ákvæði 14. gr. 4., 5. og 7. liðs nefndra laga gilda þó áfram um sparisjóðsdeildina, er seðlabanki Landsbankans hefir verið lagður niður. Síðasta málsgrein 1. gr. nefndra laga er þá og úr gildi numin.

Ákvæði 1. gr. laga nr. 2 9. jan. 1935, um gjaldeyrisverzlun o. fl., takmarka ekki rétt Seðlabankans til gjaldeyrisverzlunar samkv. lögum þessum.

32. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1938.

Greinargerð.

Frv. þetta, sem stefnir að því að gera seðlabankann, sem nú er deild í einum aðalviðskiptabanka þjóðarinnar, Landsbankanum, að sjálfstæðri stofnun með valdi til að hafa yfirstjórn bankamálanna í landinu, hefir skipulagsnefnd atvinnumála samið í samráði við sænska hagfræðinginn Erik Lundberg. Fara hér á eftir tvær stuttar ritgerðir, er hann ritaði um málið og afhenti nefndinni.

Hvers vegna er rétt að hafa sérstakan seðlabanka?

Samkvæmt ráðandi skoðunum um bankamál á banki, sem hefir einkaleyfi fyrir útgáfu peningaseðla (centralbank), að hafa það verkefni eitt með höndum, að hafa vald á því, hve mikið er af peningum í umferð, en einkabankar eiga að dreifa lánsfénu milli atvinnuveganna. Þess vegna á banki sá, er seðlaútgáfuna hefir, eigi að standa í beinu sambandi við atvinnuvegina, og jafnvel eigi í beinu sambandi við ríkið. Í stóru landi getur hann eigi annað þeirri margbreytilegu skiptingu á lánsfénu, sem nauðsynlegt er fyrir margbreytilegt atvinnulíf. Það þykir og rétt, að hann sé ekki í nánu sambandi við fjármálaráðuneytið, fyrir það, að menn óttast, að gripið verði til þess einfalda ráðs, að jafna fjárlagahalla með því að láta bankann prenta nýja seðla og veita ríkinu lán.

Samband seðlabankans við atvinnuvegina á því aðeins að vera með milligöngu einkabankanna. Einkabankarnir eru hinsvegar af því bundnir, að þeir verða að fá hjá seðlabankanum seðla til aukinna lánveitinga. Einnig getur seðlabankinn haft —

eða er talinn að geta haft — taumhald á því, hve mikið er um lánveitingar, með því valdi, sem hann hefir til að ákveða vexti, og með kaupum og sölu verðbréfa („open market operations"). Seðlabankinn hefir einnig sem annað höfuðverkefni mikinn hluta verzlunarinnar með erlendan gjaldeyri og ræður gengisskráningunni. Þessi gjaldeyrisverzlun gerir aðalverkefni seðlabankans flóknara. Þegar einkabankarnir komast yfir aukinn gjaldeyri, geta þeir orðið sjálfstæðari í lánveitingastarfsemi sinni og a. n. l. leyst sig undan handleiðslu seðlabankans. Þetta hefir t. d. komið fyrir í Svíþjóð. En lítil líkindi eru til, að það geti borið að höndum á Íslandi.

Hér á Íslandi er skipulag bankamála mjög á annan veg en nú hefir verið lýst. Annaðhvort verður að telja, að hér sé enginn aðalbanki, sem innir af hendi hlutverk seðlabanka, eða aðalbankarnir séu þrír. Allir bankarnir eru ríkiseign eða sama sem ríkiseign, ríkið ábyrgist innstæður þeirra allra, enginn þeirra hefir fullkomlega á hendi hlutverk venjulegs seðlabanka og allir standa þeir í beinu sambandi við atvinnulífið. Tilgangurinn með því að hafa þannig þrjá ríkisbanka í innbyrðis samkeppni er helzt sá, að skiptingin á lánsfénu verði á þann hátt réttlátari, og að minni hætta sé á, að veitt verði einhliða hlunnindi af pólitískum eða persónulegum ástæðum. Þetta eru líka ástæður, sem rétt er að taka til greina. Ef einhver bankanna veitir sérstök hlunnindi fyrirtækjum, sem eigi bera sig, hvort sem það er með framlengingu gamalla lána (frosið fé) eða með veitingu nýrra lána, hlýtur hann að verða aftur úr í samkeppninni við hina bankana, svo framarlega sem þeir halda uppi hagfelldari lánastarfsemi. Einnig má gera ráð fyrir því, að starfsemi bankanna verði rekin með meira fjöri af mörgum bönkum í samkeppni en af einum banka.

En hvers er þá farið á mis, ef lánveitingastarfseminni er ekki stjórnað frá einni miðstöð? Ef aðeins væri til einn ríkisbanki, er það augljóst, fræðilega skoðað, að allt eftirlit með lánveitingum getur verið í fastari skorðum en þegar lánveitingar eru í höndum margra banka, sem að miklu leyti eru óháðir hver öðrum. Eins og nú háttar og búast má við, að verði fyrst um sinn, er ekki hægt að koma á fullkomnu eftirliti með lánveitingum til einstaklinganna. Ef ekki er stefnt að algerðri þjóðnýtingu, heldur verði mikill hluti atvinnurekstrarins í höndum einstaklinga — að vísu innan takmarka, sem ríkið setur, — þá fer bezt á því, að lánsþörf einkarekstrarins sé fullnægt í frjálsri samkeppni, sem aðeins sinnir þeim fyrirtækjum, sem eru efnilegust fjárhagslega skoðað, og þá eru þessar lánveitingar bezt komnar hjá nokkrum bönkum í samkeppni. En þá þarf að hafa fullt vald til að ákveða, hve miklir peningar eru hafðir í umferð og hve mikið fjármagn er lánað til einstaklinga, um leið og ákveðið er, hve mikið ríkið leggur fram til atvinnuveganna í landinu, og til þessa þarf sérstaka miðstöð með nægilegu valdi.

Tvennskonar viðfangsefni verða þannig lögð beinlínis undir sama áhrifavald: það, hve miklar lánveitingar mega verða til einkafyrirtækja á hverjum tíma, og lántökur og lánveitingar ríkisins sjálfs. Það getur varla verið rétt að fela þessi viðfangsefni þeim bönkum, sem nú eru til og eru í samkeppni hver við annan, því að þetta verður að vera í sambandi við réttinn til að gefa út seðla, en í þeim rétti eru fólgin mikil hlunnindi fram yfir hina bankana, og er það þá í mótsögn við þá grundvallarreglu, að þeir séu í innbyrðis samkeppni með líkri aðstöðu. Í seðlaútgáfunni er fólgið hið raunverulega vald yfir peningamálunum og yfir hinum bönkunum, og er það ekki samrýmanlegt við það, að standa í samkeppni við þá. En ef menn kysu þá leið heldur, að skipta seðlaútgáfuréttinum milli bankanna eftir því, hversu hverjum þeirra verður ágengt í samkeppninni, þá er vonlítið, að hægt verði að hafa nokkurt vald á þessum efnum. Samkeppninni milli bankanna yrðu þá engar skorður settar, og mætti þá svo fara, að hún yrði aðallega keppni um prentun seðla, til þess að hafa sem mestar lánveitingar.

Þó að menn komi sér saman um það, að bezta lausnin á bankamálum Íslendinga sé að hafa seðlabanka, sem sé óháður hinum bönkunum og hafi einn seðlaútgáfuna í höndum, getur vitanlega margt komið til greina um það, hvernig þessu skuli komið fyrir í einstökum atriðum. En um það er ekki nauðsynlegt að ræða

hér að þessu sinni. Aðalatriðið er, að bankarnir, sem hafa með höndum lánveitingarnar til atvinnuveganna, þurfi að leita til seðlabankans til þess að auka lánveitingarnar, og að seðlabankinn hafi vald til þess að draga saman lánveitingar til atvinnurekenda, er þess gerist þörf. Gjaldeyrisverzlunin getur að miklu leyti verið áfram í höndum Landsbankans og Útvegsbankans, og helzti vegur þeirra til þess að afla sér aukins seðlaforða til meðferðar mundi verða sá, að selja seðlabankanum gjaldeyri fyrir útflutta vöru. Því að einmitt gjaldeyrisjöfnuðurinn við útlönd hlýtur að ráða mjög miklu um það, hve miklir peningar eru hafðir í umferð innanlands.

Í stað þess, að ríkið hefir nú aðalviðskipti sín við Landsbankann, ætti það að hafa þau við þennan sérstaka seðlabanka.

Á þennan hátt kemur fjármagnið til tekjuöflunar og kaupmáttaraukningar á tvennan hátt frá seðlabankanum, annarsvegar gegnum ríkisbankana (Landsbankann, Útvegsbankann, Búnaðarbankann) út í atvinnurekstur einstaklinganna, hinsvegar beina leið (ef til vill gegnum aðrar ríkisstofnanir) í ríkisfyrirtæki eða styrkveitingar. Seðlabankinn á því að geta haft vald yfir meðferð fjármagnsins í heild, temprað hana og ráðið því, hvernig fjármagninu er skipt milli atvinnuvega, og hefir til þess þau gögn um fjárhagsástand þjóðarinnar, sem mestu varða: það, hve miklir peningar eru í umferð innanlands, yfirlit yfir framleiðslu og verðlag, og umfram allt gjaldeyrisreikninginn gagnvart útlöndum.

Ekki er nauðsynlegt, að seðlabankinn annist ávallt allar opinberar lánveitingar. Stundum getur verið hentugt að gefa hinum bönkunum tækifæri til að keppa um að taka þátt í þeim. Þær ástæður eru líka hugsanlegar, að það sé rétt af seðlabankanum að láta hina bankana taka að sér meira eða minna af ríkislánunum, til þess að draga úr lánveitingum þeirra til einkarekstrarins.

Með því að skipta hlutverkum í bankakerfinu, svo sem hér hefir verið lýst, fær seðlabankinn bæði hagnaðinn af seðlaútgáfunni og áhættuna af viðskiptunum við ríkið. Ekki er þar með sagt, að starfsemi bankans eigi að vera við þetta tvennt miðuð, heldur hlýtur hún að vera miðuð við það markmið, sem bankanum er ætlað. En þegar hinir bankarnir eru lausir við þessi hlutverk, geta þeir auðveldlega beitt sér við almenn bankaviðskipti og keppt hver við annan við jafna aðstöðu, þó að það verði vitanlega að lokum á valdi ríkisins, sem á þá, hvernig með gróða þeirra af bankastarfseminni er farið.

Enn um seðlabanka.

Til viðbótar því, sem áður hefir verið um þetta ritað, skal enn á þessi atriði bent:

Landið þarf á að halda öruggum gjaldeyris-varasjóði, sem unnt er að grípa til á vandræðatímum, eins og t. d. þeim, sem nú eru, til þess að koma í veg fyrir, að alger stöðvun verði á gjaldeyrisverzluninni við útlönd og til þess að viðskipti við önnur lönd geti orðið sem jöfnust. Gjaldeyrisvarasjóðir bankanna eru eins og þeir eru nú látalæti ein, því að erlendar skuldir bankanna eru miklu meiri heldur en þær erlendu innstæður, sem þeir eiga, og eru taldar að vera gjaldeyrisvarasjóður þeirra. Seðlabanki, sem á raunverulega nettó innstæðu í gjaldeyri, getur einn bjargað úr því háskalega öngþveiti, sem verður, þegar hinir bankarnir geta ekki lengur aukið lántökur sínar. Það veitir og seðlabankanum styrk og aukið vald yfir hinum bönkunum umfram það, sem einkarétturinn til seðlaútgáfu veitir honum, að hann ráði yfir gjaldeyrisvarasjóði, sem er raunverulegur.

En hvernig getur seðlabankinn aflað sér þessa gjaldeyris-varasjóðs? Að nokkru leyti getur þetta orðið af sjálfu sér. Landsbankinn og Útvegsbankinn verða að selja seðlabankanum gull sitt og draga þá jafnframt inn seðla sína. Þetta er, að bankar þessir láta af hendi vaxtalausa eign (gullið) og vaxtalausa skuld (andvirði seðla í umferð) gegn vaxtaveitandi eign (þegar andvirði gullsins er lánað út gegn vöxtum). Inndráttur seðlanna verður að gerast annaðhvort með því að láta af hendi eignir (umfram verð gullsins, sem ekki jafngildir nema a. n. l. seðlaskuldinni), eða með

því að stofna skuld. Aðstaða seðlabankans styrkist, hvor aðferðin sem notuð er. Í lögum seðlabankans á að setja ákvæði um, að eignir hans skuli aðallega vera í verðbréfum, sem auðseljanleg séu innanlands, og jafnvel utanlands, eins og ríkisskuldabréfum og innlendum og erlendum vöruvíxlum. Bankarnir mundu verða að selja seðlabankanum nokkuð af gjaldeyri sínum til þess að geta innleyst seðlana, því að seðlabankinn gæti ekki samkv. lögum sínum tekið við kröfum með löngum gjaldfresti, hvort sem kröfur þessar væru „frosnar" eða ekki. Jafnvel síðar meir, þegar auka ætti lánveitingar til atvinnuveganna, yrðu bankarnir að afla sér nýrra seðla og yrðu til þess að selja gjaldeyri eða aðrar eignir. En bankarnir gætu einnig útvegað sér það, sem til þyrfti, bæði til þess að geta dregið inn seðla og eins til hins, að fullnægja lánsnauðsyn framtíðarinnar, með því að setja sig í skuld við seðlabankann, endurselja víxla eða með öðrum lánum. Að bankarnir skuldi seðlabankanum, styrkir einnig aðstöðu hans, því að hann getur ákveðið vextina og stundum valið úr lánveitingum og á þann hátt fengið fyllra vald á allri lánastarfsemi. Inndráttur seðlanna í upphafi verður því til þess að gera bankana háða seðlabankanum.

En gæta verður þess, að inndráttur seðlanna, sem nú eru úti, verði ekki til þess að íþyngja bönkunum of mikið. Fyrir því gæti verið rétt að kaupa gullið hærra verði en nafnverði, þ. e. kaupa það með núverandi gullgengi. Ef þess er kostur, ætti að ákveða innbyrðis aðstöðu bankanna sem greinilegast og jafna vaxta- og skuldabyrðina þannig, að þeir stæðu jafnt að vígi í samkeppninni, enda er þetta einmitt ein af höfuðástæðunum fyrir því að setja á stofn sérstakan seðlabanka.

Ekki er nauðsynlegt, að seðlabankinn hafi einkarétt á gjaldeyrisverzluninni, heldur gætu hinir bankarnir haldið í því efni störfum sínum áfram og haldið við bankasamböndum sínum erlendis. Útvegsbankinn losnar við að þurfa að greiða 6% af endurkeyptum víxlum í Landsbankanum til þess að afla sér starfsfjár. Bankarnir eiga hinsvegar jafnan kost þess að endurselja víxla sína í seðlabankanum. Þá skiptingu gjaldeyrisins milli bankanna, sem nú er a. n. l. af handahófi, á að leggja niður, og á að vera unnt að selja hvaða banka sem er gjaldeyrinn. Seðlabankinn ræður skráningu gengisins og ber að síðustu ábyrgð á því, að kaup og sala fari eftir skráningunni.

Með því að leggja seðlaútgáfuna og gjaldeyris-varasjóðinn í sömu hönd verða ákvæðin um seðlatrygginguna meira virði en þau eru nú. Nú virðist Landsbankinn ekki hafa þá tryggingu fyrir seðlaveltunni, sem krafizt er í lögum, þ. e. ⅜ hennar í gulli og erlendum gjaldeyri. Þar við bætist, að ákvæðið um innstæður erlendis sem gullgildar eignir er í raun og veru alveg út í hött, þegar skuldirnar erlendis eru margfalt meiri en þær innstæður. Væri það ákveðið í lögum um seðlabanka, að gull og innstæður erlendis verði venjulega að vera 25 eða 30% af seðlum í umferð, og lágmark þess sé 10—15%, sem aldrei megi fara niður úr, þá verður trygging fyrir því, að varasjóður sé fyrir hendi, ef að kreppir og hins er varnað, að um gæti verið að ræða allt of mikla kaupmáttarbólgu án þess að gjaldeyriseignin aukist að sama skapi. Seðlabankinn verður að fylgjast nákvæmlega með greiðslujöfnuði landsins út á við og setja upp hagfræðilega áætlun um það efni, svo að hann geti látið gjaldeyrisnefndina jafnan vita, hver kostur er á gjaldeyri. Með því að fylgjast stöðugt með greiðslujöfnuðinum gagnvart útlöndum, getur seðlabankinn tryggt, að greiðslujöfnuðurinn spillist ekki, þrátt fyrir það, þó að ríkið hafi ef til vill halla á fjárlögum eða bankarnir auki lánveitingar svo, að kaupmátturinn aukist.

Hentugt væri, að aðstaða seðlabankans væri styrkt með því, að ríkið tæki stórt erlent lán, og fengi bankinn umráð yfir gjaldeyrinum. Með því mætti koma í veg fyrir, að tilraun væri gerð til þess að hindra stofnun seðlabankans með gjaldeyrisverkfalli eða öðru því líku.

Nd. 133. Nefndarálit

um frv. til laga um framlenging á gildi laga nr. 49 7. apríl 1936, um frestun á framkvæmd 2. og 3. málsgr. 62. gr. l. nr. 26 1. febr. 1936, um alþýðutryggingar.

Frá minni hl. allsherjarnefndar.

Í 62. gr. laga nr. 26/1936 er það lagt í vald hverjum embættismanni eða barnakennara, sem yngri eru en 40 ára, að hætta greiðslu til lífeyrissjóðs embættismanna eða barnakennara, en í þess stað verða þeir tryggingarskyldir hjá Lífeyrissjóði Íslands. Þeir, sem nota þessa heimild, eiga að fá iðgjöld sín endurgreidd úr hlutaðeigandi sjóði, án vaxta.

Í frumvarpi því, sem hér liggur fyrir, er farið fram á það, að framkvæmd þessarar heimildar til að flytja tryggingu sína yfir í Lífeyrissjóð Íslands, en endurheimta jafnframt iðgjöld sín, verði frestað.

Það er vitað, að trygging þeirra, sem greiða iðgjöld í Lífeyrissjóð embættismanna, er mjög dýr, sem sé 7% af föstum launum þeirra, og er það hærra iðgjald en greiða bæri í Lífeyrissjóð Íslands.

Þessi greiðsla í Lífeyrissjóð embættismanna kemur auk þess sérstaklega hart niður á þeim, sem taka laun sín samkv. launalögum, og verður afleiðingin einnig sú, að greiðslan kemur misjafnlega niður. Þetta misrétti kemur sérstaklega hart niður á starfsmönnum símans, en sú starfsmannastétt er hinsvegar mjög fjölmenn. Þessir starfsmenn verða að greiða iðgjöld af sínum föstu launum, en sú iðgjaldagreiðsla verður hinsvegar — eins og ég gat um að framan — misjöfn vegna þess, að sumt af starfsfólki símans tekur laun sín samkv. launalögum, en sumt hinsvegar samkv. samningum við símastjórnina. Iðgjaldagreiðsla til Lífeyrissjóðs embættismanna verður því starfsfólki símans yfirleitt allt of dýr, og það er þess vegna ósanngjarnt að krefjast þess, að það haldi áfram að greiða til Lífeyrissjóðs embættismanna, þó að lögin hinsvegar hafi ætlazt til, að þetta starfsfólk, sem aðrir, gætu greitt iðgjald til Lífeyrissjóðs Íslands. Það virðist því sanngjarnast, að leyfa þessu fólki að velja um, eins og gert er ráð fyrir í lögunum, auk þess sem vitað er, að margir af starfsmönnum pósts notuðu sér heimild 62. gr. laganna og endurheimtu iðgjöld sín áður en lög n. 49/1936 gengu í gildi, og virðist ekki nema réttmætt, að jafnt sé látið ganga yfir starfsfólk símans og pósts.

Ég legg því til, að frumvarpið sé fellt, og leyfi mér jafnframt að vísa til bréfs starfsfólks símans, sem prentað er hér á eftir sem fylgiskjal, svo og símskeyta starfsfólks síma á Akureyri, Siglufirði og Vestmannaeyjum, sem einnig eru prentuð sem fylgiskjöl.

Alþingi, 22. marz 1937.

Garðar Þorsteinsson.

Fylgiskjal I.

Undirritað starfsfólk símans óskar eindregið eftir að hafa frítt val samkv. 62. gr. tryggingarlaganna, um hvort það kaupir sér lífeyri í Lífeyrissjóði embættismanna eða Lífeyrissjóði Íslands, og skorar á Alþingi að samþykkja ekki framkomið frumvarp um að fresta framkvæmd þessa ákvæðis í tryggingarlögunum. Í þessu sambandi viljum við benda á, að flestir starfsmenn póstsins og nokkrir starfsmenn í stjórnarráðinu munu á síðastliðnum vetri hafa fengið iðgjöld sín endurgreidd samkvæmt 62. gr. hinna nýju tryggingarlaga.

Reykjavík, 22. marz 1937.

64 nöfn.

Fylgiskjal II.

Undirritað starfsfólk símans óskar eindregið eftir að hafa frítt val skv. 62. gr. tryggingarlaganna um það, hvort það kaupir sér lífeyri í Lífeyrissjóði embættismanna eða Lífeyrissjóði Íslands og skorar á Alþingi að samþykkja ekki framkomið frumvarp um að fresta framkvæmd þess ákvæðis tryggingarlaganna.

Akureyri, 22. marz 1937.

9 nöfn.

Fylgiskjal III.

Undirritað starfsfólk símans óskar eindregið eftir að hafa frítt val skv. 62. gr. tryggingarlaganna um það, hvort það kaupir sér lífeyri í Lífeyrissjóði embættismanna eða Lífeyrissjóði Íslands og skorar á Alþingi að samþykkja ekki framkomið frumvarp um að fresta framkvæmd þess ákvæðis tryggingarlaganna.

Siglufirði, 22. marz 1937.

5 nöfn.

Fylgiskjal IV.

Undirritaðir starfsmenn símans óska eindregið eftir að hafa frítt val skv. 62. gr. tryggingarlaganna um það, hvort þeir kaupa sér lífeyri í Lífeyrissjóði embættismanna eða Lífeyrissjóði Íslands og skora á Alþingi að samþykkja ekki framkomið frumvarp að fresta framkvæmd þess ákvæðis tryggingarlaganna.

Vestmannaeyjum, 22. marz 1937.

2 nöfn.

Nd. 134. Breytingartillögur

við frv. til l. um breyting á l. nr. 99 3. maí 1935, um skuldaskilasjóð vélbátaeigenda.

Frá sjávarútvegsnefnd.

1. Við 1. gr.

   Aftan við greinina bætast tvær nýjar málsgr., svo hljóðandi:

   Þegar lánveitingum úr sjóðnum er lokið samkv. 1. málsgr. þessarar greinar og 1. málsgr. 10. gr. laganna, skal sjóðurinn opnaður á ný fyrir þá vélbátaeigendur, sem ekki hafa áður fengið lán úr honum, og skal því fé, sem þá er eftir í sjóðnum, varið til lánveitinga til þeirra, meðan það endist. Lán þessi skulu veitt með sömu skilyrðum og eftir sömu reglum sem í lögunum greinir. Skal veittur hæfilegur frestur til umsókna um lán þessi.

   Lánveitingum samkv. þessari grein skal lokið 31. des. 1937, og skal stjórn sjóðsins, er skipuð var samkv. ákvæðum 10. gr. laganna, halda áfram störfum til þess tíma.
2. 2. gr. falli niður (greinatalan breytist samkvæmt því).

Nd. 135. Frumvarp til laga

um skipting fasteignaveðslána.

Flm.: Páll Zóphóníasson, Bjarni Ásgeirsson.

1. gr.

Þegar skipta á jörð í fleiri sjálfstæð býli milli eigenda, eða byggja á nýbýli úr landi jarðar, skal, ef óskað er, meta hvernig heildar-fasteignarmatsverð fasteignarinnar skiptist á hin einstöku býli.

2. gr.

Við matsgerð þessa skal ekki meta þau mannvirki, er unnin hafa verið á jörðinni eftir að skipti fóru fram.

3. gr.

Mat það, sem um ræðir í 1. og 2. gr., skal framkvæmt af úttektarmönnum hlutaðeigandi hrepps. Matskostnað greiða eigendur í hlutfalli við verðmæti hvers býlis, eftir því sem metið er, og skal um matskostnað farið eftir lögum nr. 64 14. nóv. 1917, um laun hreppstjóra og aukatekjur.

4. gr.

Nú hefir mat farið fram samkvæmt fyrirmælum 1.—3. gr., og er þá peningastofnunum skylt, sé þess óskað af eigendum býlanna, að skipta fasteignaveðslánum, er á fasteigninni hvíla, hlutfallslega jafnt á hin einstöku býli, eftir verðmæti þeirra, samkvæmt mati því, er að ofan getur, enda skal trygging fyrir fasteignaveðslánum þessum ekki lakari en áður, og veðhæfi eignarinnar og veðréttur í engu lakari en áður en skipti fóru fram.

5. gr.

Kostnað þann, er leiðir af skiptingu lánanna, svo sem þinglestur, greiða lántakendur, en engin afföll skal þeim reikna af hinum nýju lánum.

6. gr.

Ákvæði laga, er koma í bága við lög þessi, eru úr gildi felld.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Fyrir kemur það þráfaldlega, að jörð, sem einn maður hefir átt og veðsett, verður af einum eða öðrum ástæðum eign fleiri manna, sem þá stundum búa hver á sínum hluta jarðarinnar. Raunverulega skiptast þá lánin milli hinna nýju eigenda, en í lánsstofnunum stendur lánið á allri jörðinni, og oft þá á nöfnum manna, sem ekki eru lengur eigendur hennar. Af þessu leiðir margvísleg óþægindi fyrir aðilja, en hinsvegar er mjög mikil tregða á því að fá veðlánum skipt, og sumar lánsstofnanir neita því með öllu.

Af nýbýlalöggjöfinni leiðir, að margar jarðir skiptast í tvær, og land er tekið úr öðrum undir nýbýli, og er þá oft svo, að það eitt stendur í vegi fyrir stofnun nýbýlis, að gömlu veðlánunum fæst ekki skipt.

Þessu frumvarpi er ætlað að bæta úr þessu, og jafnframt skapa grundvöll fyrir því, hvernig veðlánin skiptast milli jarðarhlutanna, sem við skiptin verða að sjálfstæðum býlum.

Frumvarpið er flutt eftir beiðni stjórnarinnar.

Nánar í framsögu.

Nd. 136. Breytingartillaga

við frv. til l. um framlenging á gildi l. nr. 49 7. apríl 1936, um frestun á framkvæmd 2. og 3. málsgr. 62. gr. l. nr. 26 1. febr. 1936, um alþýðutryggingar.

Frá Garðari Þorsteinssyni og Thor Thors.

Við 1. gr. Aftan við greinina bætist: Þó nær þessi frestun ekki til starfsfólks pósts og síma.

Ed. 137. Lög

um framlenging á gildi laga um verðtoll og bráðabirgðaverðtoll.

(Afgreidd frá Ed. 23. marz).

Samhljóða þskj. 6.

Nd. 138. Frumvarp til laga

um lágmarksverð á sauðakjöti í innanlandssölu.

Flm.: Sigurður Kristjánsson.

1. gr.

Til þess að tryggja framleiðendum viðunanlegt verð fyrir sauðakjöt á innlendum markaði, skal fyrir sláturstíð ár hvert ákveða lágmarksverð á kjöti í heildsölu og smásölu innanlands. Verðið sé mismunandi eftir gæðaflokkum.

2. gr.

Landbúnaðarráðherra skipar 5 manna kjötverðlagsnefnd til þess að ákveða lágmarksverð á kjöti og framkvæma að öðru leyti fyrirmæli laga þessara. Nefndin skal skipuð þannig, að Samband íslenzkra samvinnufélaga nefnir einn mann í nefndina, Sláturfélag Suðurlands og Kaupfélag Borgfirðinga í félagi annan manninn, Búnaðarsamband Vestfjarða þriðja, Verzlunarráð Íslands þann fjórða og Búnaðarfélag Íslands þann fimmta. Ef einhver þeirra, er samkvæmt ákvæðum þessarar greinar hefir rétt til að tilnefna mann í kjötverðlagsnefnd, lætur það ógert, tilnefnir Búnaðarfélag Íslands mann í hans stað. Nefndin kýs sér sjálf formann.

Nefndin getur ráðið sér fulltrúa til að annast dagleg störf; einnig getur hún valið sér trúnaðarmenn eftir þörfum.

Ráðherra ákveður þóknun til nefndarmannanna. Greiðist sú þóknun og annar kostnaður við framkvæmd þessara laga úr verðjöfnunarsjóði.

3. gr.

Landinu skal skipt í verðlagssvæði eftir aðstöðu til markaða. Ákveður kjötverðlagsnefnd síðan lágmarksverð á hverju verðlagssvæði samkvæmt ákvæðum 1. greinar. Ekki má flytja kjöt né sláturfé milli verðlagssvæða nema með leyfi kjötverðlagsnefndar, og skal hún hafa á því athugun, að markaður offyllist ekki á neinum stað vegna aðflutnings frá öðrum verðlagssvæðum. Undanskildar eru smásendingar, sem ætlaðar eru aðeins til eigin neyzlu viðtakanda.

4. gr.

Kjötverðlagsnefnd skal skipta útflutningi kjöts milli kjöteigenda. Skal þar farið eftir markaðsþörf kjöteigenda og aðstöðu þeirra til að nota hinn erlenda markað.

5. gr.

Greiða skal verðjöfnunargjald af kjöti alls sauðfjár, sem slátrað er til sölu, nema kjöti af mylkum ám. Verðjöfnunargjald má vera mishátt eftir verðlagssvæðum og gæðaflokkum. Hvergi má verðjöfnunargjaldið vera hærra en 10 aurar á kg. Verðjöfnunargjaldið hefir lögtaksrétt til loka næsta árs eftir að slátrunin fór fram.

6. gr.

Verðjöfnunargjaldið rennur í verðjöfnunarsjóð, og skal kjötverðlagsnefnd geyma hann á tryggum stað þann tíma, er hún hefir hann undir höndum. Verðjöfnunarsjóði skal varið til verðuppbótar á það kjöt, sem selzt hefir lægra verði en fengizt hefir hæst fyrir samskonar kjöt á útlendum eða innlendum markaði, eftir því sem við verður komið. Skal verðuppbót hagað svo, að kjöteigendur fái sem jafnast verð fyrir allt það kjöt, sem að uppruna er jafngóð markaðsvara og engar skemmdir koma fram í, er ætla má, að kjöteigendur eða umboðsmenn þeirra eigi sök á. Verði afgangur í verðjöfnunarsjóði, þegar greitt hefir verið samkvæmt framansögðu, skal það fé endurgreitt kjöteigendum í sömu hlutföllum og þeir greiddu í sjóðinn, ef sá afgangur nemur meira en 10% af sjóðnum. Ella skal þessi afgangur geymast til næsta árs.

7. gr.

Ráðherra setur, eftir tillögum kjötverðlagsnefndar, reglugerð um framkvæmd þessara laga. Í reglugerðinni skal kveða á um innheimtu verðjöfnunargjaldsins, skýrslugjafir og slátrun og önnur framkvæmdaatriði.

8. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum, allt að 5000 kr.

9. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 2 9. jan. 1935, og 2. gr. laga nr. 90 19. júní 1933.

10. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Tilgangur kjötsölulaganna var fyrst og fremst sá, að koma því til leiðar, að bændur fengju sem hæst verð fyrir sláturfjárafurðir sínar, og að minnsta kosti kostnaðarverð.

Þetta var hugsað að gera mætti með því:

1. að draga úr milliliðakostnaði, þannig, að minnka bilið milli þess, sem neytandinn borgar, og þess, sem framleiðandinn fær.
2. að greiða fyrir sölunni og sjá um, að framleiðendur fái sem jafnast verð eftir ástæðum.

Efndir á þessum atriðum hafa orðið þær, að fyrir 1. flokks dilkakjöt, sem neytendur hér í Reykjavík borga fyrir kr. 1,80—2,00, fá bændur í sinn hlut kr. 0,80—0,90.

Síðara atriðið hefir verið framkvæmt þannig, að bændur víðsvegar um land hafa nálega verið sviptir rétti til að ráða yfir sláturfjárafurðum sínum, en sláturfjárafurðirnar má telja, að sé svo að segja allt það, sem fjöldi bænda hefir að selja frá búum sínum. Hefir þetta komið sérstaklega hart niður á þeim bændum, sem hafa lítil bú og því litlar tekjur af þeim, og verða því að spara sem mest útgjöldin, m. a. með því að sjá sjálfir um slátrun fjár síns og um sölu sláturfjárafurðanna. Þessi spörun þeirra á milliliðakostnaði er óbeinn auki við tekjur þeirra af búunum.

Tilgangi laganna mundi langbezt náð með því einu að koma á verðskráningu (lágmarksverði) á kjötinu á innlendum markaði, og koma að öðru leyti skipun á

söluna innanlands og utan, með því að skipta mörkuðum réttlátlega og hagkvæmlega milli kjöteigenda. Nota síðan verðjöfnunargjaldið til þess að miðla þeim, er að lakari markaðsstöðunum sætu, frá þeim, er sætu að betri mörkuðum.

Er frumvarp þetta sniðið þannig, að þessum tilgangi verði að fullu náð.

Út í það skal ekki farið í þessari greinargerð, hve geysileg mistök hafa orðið á framkvæmd laganna í ýmsum greinum. Er með frumvarpi þessu reynt að setja undir þann leka, með því að hafa lögin sem einföldust og sem ákveðnust í hverju atriði.

Nd. 139. Frumvarp til laga

um Félagsdóm.

Flm.: Gísli Guðmundsson.

1. gr.

Í höfuðstað landsins skal setja á stofn dómstól fyrir allt landið, sem nefnist Félagsdómur. Dómurinn hefir það verksvið, sem tekið er fram í lögum þessum.

2. gr.

Í dómnum eiga sæti 3 fastir dómarar, sem skipaðir eru til þriggja ára í senn, og 2 aukadómarar, sem tilnefndir eru sinn af hvorum málsaðilja í hvert sinn, sem mál er höfðað fyrir dómnum.

3. gr.

Hæstiréttur tilnefnir formann dómsins og varaformann, sem tekur sæti í forföllum formanns. Alþýðusamband Íslands tilnefnir 1 dómara og einn varadómara, sem tekur sæti í forföllum aðaldómara. Vinnuveitendafélag Íslands tilnefnir 1 dómara og einn varadómara, sem tekur sæti í forföllum aðaldómara.

4. gr.

Forseti Hæstaréttar tilkynnir, hvenær tilnefning fastra dómara skuli fara fram. Ef aðili hefir ekki tilkynnt forseta tilnefningu innan tveggja vikna frá því tilkynning um, að tilnefning skuli fram fara, var honum send, tilnefnir Hæstiréttur dómara af hálfu þess aðilja.

5. gr.

Það er borgaraleg skylda að taka sæti í dómnum. Ef aðaldómari og varadómari hans neita að dæma í ákveðnu máli, skal dómsformaður tilnefna dómara í þeirra stað.

6. gr.

Dómarar skulu vera íslenzkir ríkisborgarar, fjár síns ráðandi og hafa óflekkað mannorð. Formaður og varaformaður skulu hafa lokið embættisprófi í lögfræði. Þeir mega ekki hafa þá aðstöðu, að líklegt megi telja, að þeir séu vilhallir í málefnum verkamanna eða vinnuveitenda.

7. gr.

Áður en dómarar taka sæti í dómnum í fyrsta skipti, skulu þeir vinna eið að því eða drengskaparheit, að þeir muni rækja dómarastarfið eftir beztu vitund.

8. gr.

Verkefni Félagsdómsins er:

1. Að dæma í málum, sem rísa út af kærum, að vinnustöðvun sé ólögleg samkvæmt ákvæðum þessarar greinar.
2. Að dæma í málum, sem rísa út af kærum um brot á vinnusamningi, eða út af ágreiningi um skilning á vinnusamningi eða gildi hans.
3. Að dæma í málum, sem rísa út af tjóni, sem orðið hefir vegna ólöglegrar vinnustöðvunar eða brots á vinnusamningi.

4. Að dæma í öðrum málum milli verkamanna og vinnuveitenda, sem aðiljar hafa samið um að leggja fyrir dóminn, enda séu að minnsta kosti 2 af hinum föstu dómurum því meðmæltir.
5. Að dæma í málum, sem kann að verða vísað til úrskurðar dómsins samkvæmt öðrum lögum.

Út af deilumálum, sem heyra undir úrskurð Félagsdóms, má ekki gera vinnustöðvun.

9. gr.

Sambönd verklýðsfélaga og vinnuveitendafélaga reka fyrir hönd meðlima sinna mál fyrir dómnum. Félög, sem ekki eru meðlimir sambandanna, reka sjálf mál sín og meðlima sinna. Ófélagsbundnir aðiljar reka mál sín sjálfir.

Ef samband eða félag neitar að höfða mál fyrir meðlimi sína, er aðilja heimilt að höfða málið sjálfur. En leggja skal hann fram sönnun um synjun viðkomandi félags eða sambands fyrir formann félagsdómsins, áður en stefna er gefin út.

10. gr.

Málsaðiljar geta gefið íslenzkum ríkisborgurum, sem eru fjár síns ráðandi og hafa óflekkað mannorð, umboð til að reka mál sín fyrir dómnum.

11. gr.

Mál, sem höfða má fyrir Félagsdómi, skulu ekki flutt fyrir almennum dómstólum, nema Félagsdómur hafi neitað að taka það til meðferðar, sbr. 8. gr. 4.

12. gr.

Dómarar víkja sæti eftir sömu reglum, sem gilda um hæstaréttardómara. Dómurinn úrskurðar, hvort dómari skuli víkja sæti. Dómurinn er ekki starfhæfur, nema hann sé fullskipaður.

Dómarar, sem hafa byrjað meðferð máls, skulu ljúka því, þó að kjörtími þeirra sé á enda.

13. gr.

Formaður dómsins ákveður, hvenær dómþing skuli halda. Hann stýrir þinghöldum, heldur þingbók, dómabók og aðrar bækur eftir nánari fyrirmælum dómsins.

14. gr.

Formaður gefur út stefnur í nafni dómsins. Í stefnu skal taka fram: Nöfn aðilja og heimilisfang, ýtarlega frásögn um málavexti og kröfur stefnanda. Ennfremur skal stefnandi, eftir því, sem frekast verður við komið, gera grein fyrir, með hvaða hætti hann hyggst að sanna staðhæfingar sínar og kröfur, og leggja fram afrit af sönnunarskjölum, sem fyrir hendi eru. Í stefnu skal skora á stefnda að tilnefna dómara í Félagsdóm. Með stefnu skal fylgja afrit fyrir hvern dómara, og sér formaður um, að þau verði send föstum dómurum þegar í stað.

15. gr.

Formaður ákveður stefnufrest með hliðsjón af því, með hve stuttum fyrirvara stefndur getur mætt á dómþingi.

Stefnandi sér um stefnubirtingu. Stefna skal birt af stefnuvottum á venjulegan hátt, með símskeyti eða í ábyrgðarbréfi.

16. gr.

Tilkynning um, hverja aðiljar tilnefna í Félagsdóm, skal komin í hendur formanns sólarhring áður en mál skal tekið fyrir í fyrsta sinn, að öðrum kosti tilnefnir formaður dómara fyrir hönd aðilja.

17. gr.

Mál skal flytja munnlega. Þó má flytja mál skriflega:

1. Ef stefndur hvorki mætir né lætur mæta.

2. Ef málsaðiljar eða umboðsmenn þeirra óska og dómurinn álítur, að mál upplýsist betur með skriflegum málflutningi en munnlegum.

18. gr.

Stefndur getur komið fram gagnkröfu án þess höfða þurfi gagnsóknarmál.

19. gr.

Ef mál er ekki nægilega upplýst, ef leiða þarf vitni, ef skoðunar- eða matsgerð þarf fram að fara, ef aðili þarf að gefa skýrslu eða ef stefndi, að áliti dómsins, þarf frest til andsvara, getur dómurinn frestað máli. Við ákvörðun frests skal þess gætt, að mál tefjist ekki að óþörfu.

20. gr.

Heimilt er að stefna vitnum fyrir Félagsdóm. Dómurinn eiðfestir vitni, ef hann telur ástæðu til. Hann getur úrskurðað, að aðili skuli staðfesta skýrslu sína með eiði.

21. gr.

Dómurinn sér um, að mál upplýsist sem bezt. Hann getur kallað fyrir sig vitni og krafið aðilja um skýrslu, ef hann álítur það nauðsynlegt til að upplýsa mál.

22. gr.

Dómurinn getur ákveðið, að vitnaskýrslu skuli taka eða aðiljaskýrslu gefa fyrir héraðsdómi á varnarþingi hlutaðeigandi vitnis eða aðilja.

23. gr.

Um vitnaskyldu, sönnunargildi vitnaskýrslu, vitnaleiðslur, svo og um hegningu fyrir rangan framburð, gilda sömu reglur og í einkamálum í héraði.

24. gr.

Dómarar geta framkvæmt skoðunar- og matsgerðir, allir saman eða nokkrir þeirra, eftir ákvörðun dómsins.

Dómurinn getur ennfremur útnefnt skoðunar- og matsmenn til að framkvæma ákveðna skoðunargerð eða matsgerð, og gilda um það almennar reglur einkamála í héraði.

25. gr.

Dómurinn getur dæmt vitni, skoðunar- og matsmenn og aðra, sem löglega eru kallaðir til að mæta fyrir dómnum, í sektir eftir sömu reglum og almennir dómstólar.

26. gr.

Dómurinn ákveður þóknun til vitna, skoðunar- og matsmanna.

27. gr.

Ef mál heyrir undir sérgreinargerðardóm, að nokkru leyti eða öllu, getur dómurinn vísað málinu frá eða frestað uppkvaðningu dóms, þangað til úrskurður sérgreinargerðardóms liggur fyrir.

Dómurinn getur hvenær sem er leitað álits sérfróðra manna um ákveðið atriði.

28. gr.

Dómurinn sektar aðilja, málflytjendur og aðra fyrir vítaverða framkomu fyrir dómi eða í málflutningi eftir sömu reglum og almennir dómstólar.

Dómurinn getur vísað mönnum úr þinghaldi fyrir ósæmilega framkomu.

29. gr.

Í dómnum ræður afl atkvæða úrslitum, nema öðruvísi sé ákveðið í lögum þessum. Séu atkvæði jöfn, ræður atkvæði formanns úrslitum. Úrskurði um einstök at-

riði, sem kveða þarf upp fyrir dómtöku máls, skal kveða upp þegar í stað, eða svo fljótt sem unnt er, eftir að atriðið er tekið til úrskurðar.

Sama gildir í vitna- og matsmálum, eftir því sem við á.

Í munnlega fluttum málum skal kveða upp dóm innan sólarhrings eftir dómtöku, en í skriflega fluttum málum innan viku.

Ef ekki er kostur að kveða upp dóm eða úrskurð svo fljótt sem sagt hefir verið, skal nákvæmlega greina orsakir þess.

Málflytjendum skal tilkynnt, hvar og hvenær dómur eða úrskurður verður kveðinn upp, og boðið að mæta þar.

30. gr.

Dómurinn getur dæmt aðilja til að greiða skaðabætur, svo og til að greiða málskostnað eftir venjulegum reglum. Ef dómnum þykir ástæða til, getur hann dæmt aðilja í sektir.

Dómar og úrskurðir Félagsdóms eru aðfararhæfir. Dómurinn ákveður aðfararfrest.

31. gr.

Allur kostnaður við Félagsdóminn, þar með talin þóknun til dómara, greiðist úr ríkissjóði, eftir nánari ákvörðun atvinnumálaráðherra.

Réttargjöld skulu vera hin sömu og í einkamálum í héraði.

Sektir og réttargjöld renna í ríkissjóð.

32. gr.

Úrskurðir og dómar Félagsdóms eru endanlegir og verður ekki áfrýjað. Þó má innan viku frá uppsögn úrskurðar eða dóms áfrýja til Hæstaréttar:

1. Frávísunardómi eða úrskurði um frávísun.
2. Dómi til ónýtingar, sökum þess að málið heyri ekki undir Félagsdóm.

33. gr.

Formaður gefur út dómsgerðir Félagsdóms í nafni dómsins og með innsigli hans undir.

Ritlaun skal greiða samkvæmt venjulegum reglum.

34. gr.

Um þau atriði viðvíkjandi meðferð mála, sem ekki er kveðið á um í þessum lögum, skal fara eftir hliðsjón af meðferð einkamála í héraði, svo sem við verður komið.

35. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Greinargerð.

Frv. þetta, ásamt frv. til l. um sáttatilraunir í vinnudeilum, er flutt eftir ákvörðun Framsóknarflokksins og samkvæmt tillögum fulltrúa flokksins í nefnd þeirri, er skipuð var af atvinnumálaráðherra 15. des. síðastl. til þess m. a. að gera tillögur um „meðferð deilumála“ milli verkamanna og vinnuveitenda. Frumvörpunum fylgir frá fulltrúum Framsóknarflokksins í nefndinni eftirfarandi

Bráðabirgðanefndarálit.

Þann 15. des. 1936 skipaði atvinnumálaráðherra þá Gísla Guðmundsson alþingism. og Ragnar Ólafsson lögfræðing samkvæmt tilnefningu Framsóknarflokksins og Guðmund Guðmundsson lögfræðing og Sigurjón Á. Ólafsson alþingismann samkvæmt tilnefningu Alþýðuflokksins í nefnd til að gera tillögur til ríkisstjórnar-

innar um löggjöf um „réttindi verkalýðssamtakanna, afstöðu þeirra til atvinnurekenda og meðferð deilumála milli þessara aðilja“.

Skipunarbréf nefndarinnar er svo hljóðandi:

„Hér með eruð þér, herra ....., skipaður í nefnd til þess að gera tillögur til ríkisstjórnarinnar um löggjöf um réttindi verklýðssamtakanna, afstöðu þeirra til atvinnurekenda og meðferð deilumála milli þessara aðilja.

Þess er vænzt, að nefndin kynni sér ýtarlega löggjöf annara þjóða, sérstaklega Norðurlandaþjóðanna, um þessi efni, hverja raun hún hefir gefið og hverjar tillögur til slíkrar lagasetningar þar hafa fram komið á síðari árum, svo og afstöðu verklýðssamtakanna og atvinnurekenda í hlutaðeigandi löndum til téðrar löggjafar og tillagna.

Jafnframt er þess óskað, að nefndin taki til rækilegrar athugunar þau ákvæði í íslenzkum lögum, sem sérstaklega fjalla um réttindi verkafólks, að því er snertir greiðslu verkkaups, tryggingar fyrir kaupgreiðslum, hámarksvinnutíma og öryggi á vinnustöðvum og þess háttar, með tilliti til þess, hvort eigi sé heppilegt að steypa þeim ákvæðum og öðrum hliðstæðum, er ástæða þætti til að setja, saman í eina löggjöf.“

Nefndin byrjaði á því að afla sér gagna um erlenda vinnulöggjöf, efni hennar og hvernig hún hefir reynzt. Snéri hún sér í þessu sambandi til sendiherra Íslands í Kaupmannahöfn og óskaði eftir, að hann útvegaði nefndinni gildandi vinnulöggjöf Norðurlandanna þriggja, Danmerkur, Noregs og Svíþjóðar, ásamt nefndarálitum og öðrum ritum um vinnulöggjöf, sem gefin hefðu verið út í sambandi við undirbúning vinnulöggjafar á Norðurlöndum, og gildandi vinnulög í Stóra-Bretlandi og Frakklandi. Jafnframt skrifaði nefndin til landssambanda verkamanna og atvinnurekenda á Norðurlöndum og óskaði eftir umsögn þeirra um, hvernig núgildandi vinnulöggjöf hefði reynzt að þeirra áliti og hvort þeir óskuðu eftir breytingum á henni í náinni framtíð, og þá í hvaða átt. Einnig skrifaði nefndin til Alþjóðaverkamálaskrifstofunnar í Genève og bað hana að senda nefndinni þau rit um vinnulöggjöf, sem hún hefði gefið út og að haldi gætu komið við undirbúning vinnulöggjafar.

Nefndinni hafa borizt svör frá sendiherra Íslands, ásamt þeim gögnum, sem nefndin óskaði eftir. Er lauslegur útdráttur úr aðalatriðum vinnulöggjafar Norðurlanda, Stóra-Bretlands og Frakklands birtur með bráðabirgðanefndarálitinu sem fylgiskjal nr. I.

Nefndinni hafa einnig borizt svör frá flestum landssamböndum verkamanna og atvinnurekenda á Norðurlöndum, og hefir hún tekið þau til rækilegrar athugunar.

Einnig hafa nefndinni borizt mikilvæg rit um vinnulöggjöf hvarvetna í heiminum frá Alþjóðaverkamálaskrifstofunni í Genève og ýms merkileg rit, sem gefin hafa verið út á Norðurlöndum um vinnulöggjöf.

Jafnhliða og nefndin aflaði sér gagna um erlenda vinnulöggjöf, skrifaði hún Alþýðusambandi Íslands og Vinnuveitendafélagi Íslands og óskaði eftir upplýsingum um skipulag og starf þeirra og sambandsfélaga þeirra og upplýsingum um vinnudeilur, sem þau hefðu átt í, og vinnusamninga, sem þau hefðu átt þátt í að gera.

Hafa nefndinni borizt svör frá báðum þessum aðiljum.

Nefndin hefir haldið 53 fundi. Hún hefir eftir föngum kynnt sér þau gögn, sem hún hefir aflað sér, sérstaklega allt, sem lýtur að löggjöf um vinnudómstóla og sáttatilraunir í vinnudeilum, og hefir nefndin samið uppkast að frumvörpum um það efni. Nefndarmenn hafa þó ekki orðið sammála um að bera þau fram að svo stöddu. Þeir nefndarmenn, sem tilnefndir eru af Alþýðuflokknum, óskuðu, að frumvörpin væru felld saman í eitt frumvarp ásamt kafla um réttindi verklýðsfélaga og kafla um ólöglegar vinnustöðvanir. En framsóknarmennirnir í nefndinni álitu heppilegra, að hver kafli væri samþykktur sem sérstök lög, svipað og gert hefir verið í Svíþjóð, Danmörku og Stóra-Bretlandi og víðar.

Á fundi nefndarinnar 19. marz 1937 báru þeir nefndarmenn, sem Framsóknarflokkurinn tilnefndi, fram svo hljóðandi tillögu:

„Þar sem nefndin hefir þegar aflað sér mikilla gagna um verkefni sitt og fyrir liggja í nefndinni frumvörp um sáttatilraunir í vinnudeilum og um Félagsdóm, en óvíst, hversu fljótt störfum nefndarinnar muni miða áfram að öðru leyti, og með tilliti til fordæma um afgreiðslu vinnulöggjafar í öðrum löndum, ályktar nefndin að afgreiða þennan hluta verkefnisins nú þegar og leggja til við ríkisstjórnina, að áðurnefnd frumvörp, eins og þau liggja fyrir í aðalatriðum, verði borin fram sem allra fyrst á Alþingi því, er nú situr."

Tillaga þessi var felld með jöfnum atkvæðum. Þeir létu þá bóka svo hljóðandi yfirlýsingu:

„Með tilvísun til tillögu okkar og afgreiðslu þeirrar, sem hún hefir hlotið í nefndinni, lýsum við yfir því, að við munum gefa atvinnumálaráðherra og Framsóknarflokknum skýrslu um þann árangur, sem orðinn er af störfum okkar í nefndinni, og leggja til, að borin verði fram á Alþingi því, er nú situr, frv. til l. um sáttatilraunir í vinnudeilum og frv. til l. um Félagsdóm. Jafnframt lýsum við yfir því, að við erum reiðubúnir til að halda áfram samstarfi í nefndinni."

Frumvörp þau, sem hér er lagt til að samþykkt verði sem lög um Félagsdóm og lög um sáttatilraunir í vinnudeilum, eru lítið breytt frá frumvarpsuppköstum þeim, sem nefndin hafði gert.

Um einstakar greinar frumv. til laga um Félagsdóm skal þetta tekið fram:

Um 1. gr.

Hér er lagt til, að dómstóll sá, sem fjallar um vinnudeilur samkvæmt frumvarpi þessu, skuli heita Félagsdómur. Nafnið miðast við það, að dómendurnir eru ekki í heild skipaðir eftir ákvörðun hins opinbera, heldur er dómstóllinn raunverulega skipaður í félagi af Hæstarétti, landssamböndum verkamanna og vinnuveitenda og málsaðiljunum í einstökum deilumálum. Í Danmörku heitir dómstóllinn „Den faste Voldgiftsret", í Noregi „Arbetsretten" og í Svíþjóð „Arbetsdomstol". Hér á landi hefir stundum verið notuð þýðingin „Vinnudómur", en í meðvitund margra manna mun það orð hafa fengið nokkuð aðra merkingu, þ. e. dómstóll, sem ákveður kaup og kjör verkamanna. Það orð gæti því valdið misskilningi, og þykir eigi rétt að taka það í lög sem þessi.

Um 2.—6. gr.

Lagt er til, að í dómnum eigi sæti 3 fastir dómarar, einn tilnefndur af Hæstarétti (formaður), annar af Alþýðusambandi Íslands og þriðji af Vinnuveitendafélagi Íslands, og tveir aukadómarar tilnefndir af aðiljum í hverju máli.

Í Danmörku eru dómararnir sjö, þrír tilnefndir af verkamönnum, þrír af vinnuveitendum og formaður kosinn af hinum sex eða tilnefndur í sameiningu af formönnum nokkurra æðstu dómstóla landsins.

Í norska vinnudómnum eru sjö dómarar, formaður og tveir meðdómarar skipaðir af ríkisstjórninni, og tveir meðdómarar tilnefndir af hvorum aðilja. Í Svíþjóð er dómurinn skipaður í aðalatriðum á sama hátt og í Noregi.

Hinsvegar eru í starfsmannadómnum norska tveir lausir aukadómarar, svipað og hér er gert ráð fyrir. Verður að telja þetta fyrirkomulag eðlilegt hér á landi, þar sem ýmsir aðiljar í vinnudeilum eru enn utan landssambands verkamanna og vinnuveitenda.

Um 7. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 8. gr.

Í þessari grein eru ákveðin verkefni Félagsdóms, en um þau gilda mjög svipuð ákvæði í dönskum, norskum og sænskum lögum. Hefir þessum verkefnum verið nánar lýst í hinni almennu greinargerð frv., og vísast til þess.

Um 9. gr.

Það þykir rétt, að sú regla verði ráðandi, að samtök verkamanna og vinnuveitenda reki mál fyrir dómnum í umboði meðlima sinna. Með því móti má gera ráð fyrir, að mál verði færri en ella og málfærsla betri. Þó þykir eigi rétt, að slík samtök geti hindrað meðlimi sína í því að reka réttar síns. Ákvæði, sem að þessu lúta, eru í dönskum, norskum og sænskum lögum.

Um 10. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 11. gr.

Þar er tekin upp sú almenna regla á Norðurlöndum, að mál, sem höfða má fyrir Félagsdómi, megi ekki reka fyrir almennum dómstólum.

Um 12. gr.

Hér er ákveðið, eftir hvaða reglum dómarar víki sæti, og þar farið eftir hæstaréttarlögunum.

Um 13. gr.

Greinin mælir fyrir um, að formaður dómsins ákveði dómþing og stýri þinghöldum og tekur fram, hverjar bækur formaður skuli halda.

Um 14.—15. gr.

Í þessum greinum eru ákvæði um útgáfu, efni og birtingu stefnu.

Um 16. gr.

Í þessari grein er ákveðinn frestur fyrir málsaðilja til að tilkynna tilnefningu aukadómara og svo fyrir mælt, að formaður tilnefni aukadómara, ef tilnefningu aðilja vantar.

Um 17. gr.

Hér er tekin upp sú sama regla, sem nú gildir um meðferð einkamála í héraði, að málflutningur sé aðallega munnlegur.

Um 18. gr.

Ákvæði greinarinnar miðar að því að flýta málsmeðferð.

Um 19. gr.

Í þessari grein eru ákvæði um frestun máls til að afla frekari upplýsinga.

Um 20.—26. gr.

Í þessum greinum eru ákvæði um vitnaleiðslu, vitnaskyldu, sönnunargildi vitnaskýrslu, eiðvinning og skoðunar- og matsgerðir.

Um 27. gr.

Greinin fjallar um mál, sem heyra undir sérgreinargerðardóma og þar sem leita þarf álits sérfróðra manna.

Um 28. gr.

28. gr. er um vítaverða framkomu fyrir rétti eða í málflutningi.

Um 29. gr.

Þessi grein er um atkvæðagreiðslu í Félagsdómi og uppkvaðning dóma og úrskurða.

Um 30. gr.

Þessi grein er um vald Félagsdóms til að dæma í skaðabætur, sektir og málskostnað og að dómar og úrskurðir hans séu aðfararhæfir. Er hér sérstaklega höfð hliðsjón af sænskum lögum. Í dönskum lögum eru notaðar svokallaðar sektabætur.

sem renna til þess kæranda eða þess aðilja, sem málið vinnur. Norsku lögin heimila auk sekta og skaðabóta einnig fangelsisrefsingu.

Um 31. gr.

Greinin fjallar um kostnað við dóminn, réttargjöld og hvert sektir og réttargjöld renni.

Um 32. gr.

Í henni eru ákvæði um áfrýjun.

Um 33. gr.

Í henni eru ákvæði um útgáfu dómsgerða.

Um 34.—35. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um meginatriði erlendrar vinnulöggjafar.

Vinnulöggjöf hefir verið sett í fjölda landa á síðari hluta 19. aldar og á 20. öld. En aðferðir þær, sem notaðar eru til að lægja vinnudeilur, eru mismunandi, og fer það eftir hugsunarhætti, stjórnarfari og staðháttum hlutaðeigandi ríkja. Fræðimenn á þessu sviði greina vinnulöggjöf í **þrennt** eftir því, hver virðist vera megintilgangur hennar:

1. Löggjöf, sem miðar að því einu að viðhalda vinnufriði í landinu.
2. Löggjöf, sem miðar að því, að vinnukjör verði almennt ákveðin með samningum milli verkamannafélaga annarsvegar og vinnuveitenda eða vinnuveitendafélaga hinsvegar, og að ríkið hjálpi til að tryggja vinnufrið á þann hátt.
3. Löggjöf, sem miðar að því, að vinnukjör séu ákveðin af ríkisvaldinu.

Í 1. flokki telst fyrst og fremst vinnulöggjöf hinna enskumælandi landa, nema Ástralíuríkjanna. Í öðrum flokki t. d. löggjöf Norðurlanda, Hollands og Belgíu. Í þriðja flokki löggjöf Rússlands og Ítalíu, og löggjöf sú, er Ástralíuríkin hafa búið við fram til síðustu ára og komu á hjá sér um eða fyrir síðustu aldamót.

Rétt þykir að rifja upp hin helztu meginatriði, sem fyrir koma í slíkri löggjöf, og þær aðferðir, sem löggjafar þjóðanna hafa talið til greina koma.

Sáttatilraunir í vinnudeilum. Þær eru í því fólgnar, að ríkisvaldið reynir að miðla málum milli aðilja, þó þannig, að þeir fallist á niðurstöðuna án þess að vera skyldugir til þess. Ríkisvaldið skipar að jafnaði sáttasemjara í vinnudeilum, stundum sáttanefndir. Hlutverk sáttasemjara er að fylgjast með deilunum og sjá um, að aðiljarnir fáist til að „tala saman" og reyna alla samkomulagsmöguleika sín á milli. Náist ekki samkomulag um tilboð eða gagntilboð frá aðiljum, ber sáttasemjari að jafnaði sjálfur fram tillögur til samkomulags, og er það lokatilraunin til þess að jafna vinnudeiluna með þessari aðferð. Sáttasemjurum er stundum veitt vald til að framkvæma meira og minna ýtarlega rannsókn málavaxta, t. d. um rekstrarafkomu atvinnufyrirtækja, og til að banna vinnustöðvun meðan sáttatilraun fer fram. Sáttasemjarafyrirkomulagið er mjög víða notað.

Áhrif almenningsálitsins. Í enskumælandi löndum, sérstaklega í Bretlandi og Kanada, er mikið upp úr því lagt að láta almenningsálitið í landinu hafa áhrif á deilu aðilja til friðsamlegrar lausnar. Í þessu skyni er sérstakri rannsóknarnefnd („conciliation board" eða „court of enquiry") falið að kynna sér deilumálið til hlítar og birta síðan opinberlega niðurstöður sínar. Slíkri nefnd er þá veitt víðtækt vald til að heimta gögn og vitnisburði. Á þennan hátt er ætlazt til, að almenningur fái aðstöðu til að mynda sér skoðun um, hvor aðili hafi meira til síns máls, eða hvort annarhvor þeirra eða báðir hafi sýnt sérstaka óbilgirni við samkomulagstilraunir. Síðan er gengið út frá, að almenningsálitið muni hafa áhrif á þann aðiljann, sem veikari hefir málstaðinn, og gera hann smátt og smátt fúsari til samninga en áður.

Dómstólar í kærumálum út af samningsrofum eða lögbrotum. Víða um lönd er gerður skarpur greinarmunur á vinnudeilum, sem rísa út af samnings- eða lagaákvæðum (réttarágreiningur) annarsvegar og hinsvegar almennum deilum um kaup og kjör verkamanna (hagsmunaágreiningur). Og margar þjóðir hafa hnigið að því ráði að setja á stofn sérstaka dómstóla (gerðardóma) til þess að skera úr hinum fyrrnefndu deilum, og útkljá aðiljar þá ekki slíkan ágreining með vinnustöðvun. En slíkir dómstólar skipta sér ekki af öðrum vinnudeilum og hafa ekki neitt ákvörðunarvald um kaup og kjör, að öðru leyti en því að skýra gildandi lög og samninga og kveða upp úrskurði samkvæmt því. Í slíkum dómstólum eiga sæti fulltrúar frá deiluaðiljum eða samtökum þeirra og fulltrúi eða fulltrúar af ríkisvaldsins hálfu.

Dómstólar, sem ákveða kaup og kjör. Slíkir dómstólar eru í Rússlandi og Ítalíu, og raunar líka í Þýzkalandi, og tíðkuðust í ýmsum Ástralíuríkjum um 30—40 ára skeið. Annarsstaðar hefir sú aðferð yfirleitt ekki verið viðhöfð, þangað til hún var tekin upp af ráðuneyti Leon Blum í Frakklandi á sl. ári.

Einstakar vinnudeilur útkljáðar með sérstökum lögum. Þessi aðferð hefir m. a. verið notuð í Danmörku nokkrum sinnum á allra síðustu árum. Ríkisþingið hefir þá samþykkt lög, þar sem vinnustöðvun var bönnuð um ákveðinn tíma og reglur settar fyrir því, hvernig deilan skyldi útkljáð. Einnig má geta þess, að í Þýzkalandi hafði verkamálaráðherrann á lýðveldistímanum heimild til þess að úrskurða, að sáttasemjaratillögur skyldu vera bindandi fyrir aðilja í einstökum tilfellum, ef lausn hefði ekki fengizt á annan hátt.

Bráðabirgðafrestun vinnustöðvunar. Í mörgum löndum, þar á meðal ýmsum, sem ekki beita að öðru leyti lagaboðum til að knýja aðilja til sátta, hafa verið tekin upp ákvæði, sem banna vinnustöðvun, eða a. m. k. lýsa vinnustöðvun ólöglega, meðan hið opinbera er að leita samkomulags í deilunni, eða beðið er eftir úrskurði gerðardóms (þegar um deilu út af laga- eða samningsákvæðum er að ræða). Í kanadiskum lögum frá 12. júní 1925 er sérstök áherzla lögð á þetta atriði. Þar er aðilja gert skylt að tilkynna kröfur sínar með a. m. k. 30 daga fyrirvara og leita til sátta- og rannsóknarnefndar, en vinnustöðvun jafnframt bönnuð til bráðabirgða. Brot gegn þessum ákvæðum varða allt að 1000 dollara sektum fyrir vinnuveitendur og allt að 50 dollara sektum fyrir verkamenn. En með tilliti til frestlengdarinnar og viðurlaganna eru ákvæðin mjög mismunandi eftir löndum. Í nokkrum löndum er vinnustöðvun bönnuð um óákveðinn tíma, þangað til viðurkennt er, að allar sáttatilraunir hafi farið út um þúfur. Samkvæmt þýzkri tilskipun 10. nóv. 1920 var vinnustöðvun meira að segja bönnuð í þrjá daga eftir að opinber tilkynning um slit sáttatilrauna hefir verið gefin út. Sumstaðar ná ákvæðin til allra vinnustöðvana, annarsstaðar aðeins til vinnustöðvana við fyrirtæki, sem rekin eru til almenningsnota, svo sem framleiðslu á gasi, rafmagni og neyzluvatni. Samkvæmt belgiskum lögum er vinnustöðvun í þessum tilfellum ekki beinlínis bönnuð, en sérstakar ráðstafanir eru gerðar til að hafa áhrif á aðilja í sömu átt. Geri vinnuveitendur ótímabært verkbann, fá hlutaðeigandi verkamenn atvinnuleysisstyrk. En geri verkamenn ótímabært verkfall, missa þeir ákveðin hlunnindi, sem þeir annars myndu njóta. — En þess ber vel að gæta, að framangreind ákvæði um bráðabirgðahindrun vinnustöðvunar á ekkert skylt við lagaákvæði þeirra ríkja, sem banna vinnustöðvanir yfirleitt og ákveða kaup og kjör verkamanna með dómi. Bráðabirgðahindrun vinnustöðvana er aðeins gerð í þeim tilgangi, að sáttaumleitanir hins opinbera notist sem bezt, en ekki með það fyrir augum, að koma í veg fyrir vinnustöðvanir yfirleitt.

Um aðild við sáttatilraunir eða fyrir vinnudómstólum eru lagaákvæði einstakra landa allmismunandi. Sumstaðar taka þessar stofnanir til meðferðar jafnt deilumál ófélagsbundinna sem félagsbundinna vinnuveitenda og verkamanna. Annarsstaðar eru eingöngu tekin til meðferðar mál félagsbundinna manna. Í Rússlandi verða verkamennirnir að vera félagsbundnir til þess að sáttasemjari eða vinnudómstóll taki deilumál þeirra til meðferðar. En vinnuveitendur mega ekki hafa félags-

skap og verða því að mæta hver fyrir sig. Í flestum tilfellum er vinnuveitandinn ríkisstofnun.

Vinnulöggjöf Norðurlanda.

Frændþjóðir vorar á Norðurlöndum, Svíar, Norðmenn og Danir, eiga nú allar ýtarlega vinnulöggjöf og hafa, svo sem slíkum menningar- og lýðræðisþjóðum sæmir, skapað hjá sér það ástand í þessum málum, sem áreiðanlega má mjög til fyrirmyndar telja. Er og reynsla þessara þjóða oss Íslendingum skyldust og skiljanlegust.

Þykir því rétt að gefa sérstakt yfirlit um meðferð þessara mála á Norðurlöndum.

Fyrsta verkamannafélagið í Danmörku var stofnað árið 1869. Í Noregi og Svíþjóð voru fyrstu verkamannafélögin stofnuð um 1880. Landssambönd verkamanna í þessum þrem löndum voru stofnuð rétt að segja um sama leyti. Í Danmörku og Svíþjóð árið 1898 og í Noregi ári síðar, 1899.

Landssamband vinnuveitenda í Danmörku var stofnað árið 1896, í Noregi árið 1900 og í Svíþjóð árið 1902.

Eitt af fyrstu verkum dönsku landssambandanna var að gera hina merkilegu **„septembersætt“**, 5. sept. 1899. Undanfari hennar var hið mikla allsherjarverkbann, sem landssamband vinnuveitenda lýsti yfir í maímánuði það ár, en það tók að lokum til 30000 verkamanna og 4500 vinnuveitenda. Reynsla sú, er fékkst í þessari miklu vinnustöðvun, færði mönnum heim sanninn um það, að hin sterku heildarsamtök gátu skapað svo stóra árekstra, að atvinnulíf landsins var í hættu, ef ekki varð úr þeim dregið eða komið í veg fyrir, að þeir endurtækju sig með stuttum millibilum.

„Septembersættin“ hefir nú senn verið í gildi í fjóra áratugi. Hún er einskonar „stjórnarskrá“ í vinnudeilum, og á henni og með tilvísun til hennar hefir danska þingið byggt upp vinnulöggjöf sína.

Í septembersættinni er gengið út frá því og til þess vísað, að ríkisvaldið danska muni setja á stofn sérstakan dómstól til að dæma í réttarágreiningsmálum, og er svo ákveðið í sættinni, að sá dómstóll skuli, þegar hann hafi verið stofnaður, koma í stað gerðardóms þess, er ákveðinn er í sjálfri sættinni. Var þannig af aðiljum sjálfum ýtt undir setningu vinnulöggjafar.

Þann 17. ágúst 1908 var svo skipuð í Danmörku nefnd til að undirbúa vinnulöggjöf. Í henni áttu sæti 10 fulltrúar verkamanna og 10 fulltrúar vinnuveitenda, en formaður og oddamaður var H. Ussing, sá er síðar var um langt skeið forseti vinnudómsins danska og kunnur fyrir rit sín og fyrirlestra um vinnudeilur. Árangurinn af starfi nefndarinnar voru lögin um vinnudóm (den faste Voldgiftsret) 12. apríl 1910. Þeim lögum var síðar breytt, og eru núgildandi vinnudómslög frá árinu 1919. Nefndin fjallaði mikið um tvö önnur atriði vinnulöggjafar, sáttasemjara í vinnudeilum og gerðardóm, sem ákvæði kaup og kjör, og náði hvorugt fram að ganga þá. Fulltrúar vinnuveitenda beittu sér eindregið gegn því, að sett væru lög um sáttasemjara, og strandaði það á mótspyrnu þeirra. Radikali flokkurinn var því fylgjandi, að kaup yrði ákveðið með dómi, og hefir ávallt talið það stefnu sína, en sú leið fékk ekki byr og hefir ekki fengið úr neinn annari átt þar í landi.

Síðar settu þó Danir lög um sáttatilraunir í vinnudeilum — 21. des. 1921. Þessum lögum var breytt 28. febr. 1927 og 18. jan. 1934.

Auk þess, sem nú hefir verið sagt um danska vinnulöggjöf, er þess að geta, að núverandi ríkisstjórn Dana hefir haft forgöngu um þrjár mjög eftirtektarverðar og umtalaðar lagasetningar til lausnar sérstökum vinnudeilum. Hefir þar verið beitt þeim aðferðum, að banna vinnustöðvun og útkljá með gerðardómi hagsmunaágreining þann, er fyrir lá. Er hér átt við lög frá 31. jan. 1933 um allsherjarbann gegn vinnustöðvun til 1. febr. 1934, lög frá 1934 um gerðardóm í slátraradeilunni, og lög

frá 1936 um gerðardóm í umfangsmiklum vinnudeilum, er hófust í febrúarmánuði það ár. Aðalefni þeirra laga fer hér á eftir:

Dönsk lög 31. janúar 1933.

1. Allir vinnusamningar við verkamannafélög skulu vera í gildi til 1. febr. 1934 með áður gildandi uppsagnarfresti.
2. Verkföll og verkbönn, þar sem samningar eru í gildi, eru bönnuð til 1. febr. 1934. Brot gegn þessu ákvæði heyra undir gerðardóminn.
3. Í lögum er ennfremur ákveðið að skipa nefnd til að gera tillögur um nýja vinnulöggjöf, og sé forsætisráðherrann formaður.

Dönsk lög um bindandi gerðardóm í slátraradeilunni 1934.

1. Þriggja manna gerðardómur fellir bindandi úrskurð um deilumál sláturhúsanna og slátrarasambandsins. Hinn fasti gerðardómur tilnefnir tvo dómara, en formaður hinnar opinberu sáttastofnunar þann þriðja. Hinn fasti gerðardómur tilnefnir formann, og ræður hann úrslitum málsins, ef ekki fást a. m. k. 2 atkv. samhljóða.
2. Gerðardómurinn má ekki ákveða lengri samningstíma en eitt ár.

Dönsk lög um deiluna milli „Dansk Arbejdsgiverforening og de Samvirkende Fagforbund, D. A. og Organisationer udenfor A. S. F." og „Andre Arbejdsgivere og Arbejderorganisationer" 1936.

1. Vinnustöðvanir þær, er hófust eftir 21. febr. 1936, skulu hætta 30. marz og vinnulaun greiðast með „forelöbig Afregning".
2. Samningaumleitanir um þær tillögur sáttasemjara frá 17. marz, sem ágreiningur er um, skulu hefjast þegar í stað. Samkomulag samninganefndar skal vera bindandi. Annars skal úrskurður felldur af gerðardómi.
3. Í gerðardóminum sitja 4 dómarar: Formaður hins fasta gerðardóms, tveir útnefndir af hinum fasta gerðardómi og einn útnefndur af sáttastofnuninni. Endanlegan dóm skal fella fyrir 8. apríl.

Undirstöðulöggjöf **Norðmanna** um vinnudeilur er frá 6. ágúst 1915. Eru það lög um vinnudóm, í réttarágreiningi, og sáttatilraunir í vinnudeilum. Í þessum lögum var sú aðferð upp tekin, að banna vinnustöðvun um tiltekinn tíma, meðan sáttatilraunir stæðu yfir.

Á árunum 1916—1923 voru í Noregi gefin út nokkur bráðabirgðalög um gerðardóm um kaup og kjör í sérstaklega alvarlegum vinnudeilum. Þegar vinstrimenn tóku við stjórn 1924, tóku þeir upp þá stefnu (hliðstætt radikala flokknum í Danmörku) að gera þetta gerðardómsfyrirkomulag varanlegt, og höfðu til þess stuðning Bændaflokksins. En 1927 felldu íhaldsmenn og Verkamannaflokkurinn í sameiningu frumvarp vinstrimanna. Stjórn íhaldsmanna gaf þó síðar út bráðabirgðalög um þetta efni, sem allir þingflokkar samþykktu nema Verkamannaflokkurinn, og giltu þau til 1. ágúst 1929. Ný vinstrimannastjórn ætlaði þá enn að framlengja ákvæðin um gerðardóm í kaupdeilum, en íhaldsmenn og Verkamannaflokkurinn felldu þau. Síðan hefir þessi leið engan byr haft í Noregi.

Það var sérstaklega ein minni háttar deila í byggingariðnaðinum, sem varð þess aðallega valdandi að veikja trú almennings á slíkum gerðardómum. Verkamenn gerðu sem sé **verkfall** til að fá úrskurði gerðardómsins breytt. Var það auðvitað ólöglegt, en niðurstaðan varð sú, að vinnuveitendur gengu sjálfir að verulegu leyti inn á þær breytingar, sem verkamennirnir vildu gera á úrskurðinum.

Árið 1927, 5. maí, voru sett ný lög um vinnudeilur. M. a. var þá ákveðið að fjölga dómurum í vinnudómnum úr 5 upp í 7 og að ríkisvaldið tilnefndi 3 í stað 1 áður. Viðauki við þessi lög var samþykktur 19. júní 1931. 1930 skipaði stjórn vinstri-

manna nefnd, sem átti að hafa það hlutverk með höndum að efla friðsamlega sambúð milli verkamanna og vinnuveitenda. Til hennar var vísað frumvörpum, er fram komu í Stórþinginu 1931, bæði frá Bændaflokknum og Íhaldsflokknum. Síðar skipaði stjórn Bændaflokksins nýja nefnd í árslok 1932. Upp úr þessum nefndarstörfum og eftir að vinstrimannastjórn var tekin við aftur, kom svo hin nýja viðbót við norsku vinnulöggjöfina 6. júlí 1933. Þar voru tekin upp ákvæði um ábyrgð félaga, refsingar, nýjar breytingar viðkomandi vinnudómnum og svo hin sérstöku ákvæði um „boikott", sáttaumleitanir og dómstóla í boikottmálum, sem mjög einkenna hina norsku vinnulöggjöf. 26. júní 1934 er lögunum enn breytt og tekin inn ákvæði um atkvæðagreiðslu um miðlunartillögu sáttasemjara o. fl. En þessi ákvæði um atkvæðagreiðsluna voru úr gildi numin með nýrri breytingu á lögunum 29. marz 1935, eftir að stjórn Bænda- og Verkamannaflokksins var komin til valda.

Auk þessa eru í gildi í Noregi sérstök lög frá 6. júlí 1933 og 7. júní 1935 um „arbeidstvister ved A/S Vinmonopolet og samlagene" (bindandi gerðardómur og bann gegn vinnustöðvun) og lög frá 6. júlí 1933 um „forhandlingsrett for statstjenestemenn og om oprettelse av en tjenestemannsrett".

Á þingi Svía komu fram ýms frumvörp til vinnulöggjafar alllöngu fyrir aldamót. Fyrsta frumvarpið um vinnusamninga var flutt 1887 og fyrsta frumvarpið um sáttatilraunir í vinnudeilum 1892. Árið 1899 var samþykkt áskorun til stjórnarinnar um undirbúning vinnulöggjafar, og var skipuð nefnd í því skyni. Nefndin skilaði áliti 1901, en tillögur hennar voru ekki lagðar fyrir þingið. Hinsvegar voru þó samþykkt lög um sáttatilraunir í vinnudeilum 31. des. 1906. Breytingar og viðaukar við þau lög eru frá árunum 1920, 1931, 1935 og 1936. Árin 1910 og 1911 lagði stjórnin fram frumvörp, bæði um vinnusamninga og vinnudóm (um réttarágreining), en eigi náðu þau þá fram að ganga. — 28. maí 1920 voru samþykkt lög um „central skiljenämd för vissa arbetstvister". En þau foru afnumin í vinnudómslögunum 1928.

Á þingi 1921 komu fram ýmsar tillögur um vinnulöggjöf. Var þá skorað á stjórnina að undirbúa lög til verndar vinnufriðnum í landinu. Og 22. júní 1928 samþykkti þingið lög um vinnusamninga og lög um vinnudóm, er hvortveggja gengu í gildi 1. jan. 1929. Á vinnudómslögunum var gerð breyting 1936, til samræmis við hin nýju lög um félags- og samningsrétt.

Árið 1935 var samþykkt viðbót við sáttasemjaralögin (um að tilkynna vinnustöðvun með viku fyrirvara). Og 1936 var sett ný og umfangsmikil löggjöf um félags- og samningsrétt (11. sept.).

Þess má geta, að bæði í Svíþjóð og Noregi hefir verið mikið um það rætt, að tryggja með löggjöf „þriðja manns rétt" í vinnudeilum. Niðurstaða hefir ekki af því orðið enn í sænskum lögum, en að þessu lúta ákvæðin um boikott í norskum lögum.

Í tilefni af tillögu, sem samþykkt var í annari deild sænska þingsins árið 1929, fól ríkisstjórn Lindmans prófessor Ragnar Bergendal að rannsaka og gera tillögur um „rétt þriðja manns" í vinnudeilum. Hann skilaði áliti 30. nóv. 1933 ásamt 3 frumvörpum: Um „vissa bestämmelser mot ekonomiska stridsåtgärder", um breyting á 11. kafla hegningarlaganna (viðvíkjandi „blockadvakter"), og breyting á prentfrelsislögunum (viðvíkjandi auglýsingum um „blockad"). Í þessum frv. er farið út fyrir sjálfar vinnudeilurnar, og ná þau m. a. til ýmsra viðskiptamála.

Tillögur próf. Bergendal voru síðan sendar til umsagnar ýmsum félögum víðsvegar um landið. Að fengnum umsögnunum skipaði stjórnin 13 manna nefnd í málið 9. marz 1934. Skilaði nefndin áliti 4. maí sama ár, en varð ekki sammála. Stjórnin (Per Albin Hansson) undirbjó síðan frumvarp um „vissa ekonomiska stridsåtgärder", en ekki hefir það enn orðið að lögum.

Þess má geta, að svokallaðir Kilbomkommunistar (sem eru andstæðir núv. stjórn) hafa í byrjun þessa árs borið fram í sænska þinginu frumvörp um afnám vinnudómslaganna og laganna um „kollektivavtal".

Um vinnudeilur á Íslandi og íslenzka vinnulöggjöf.

Vinnudeilurnar eru komnar inn í íslenzkt þjóðlíf í sambandi við umsköpun atvinnuveganna að hætti erlendra þjóða. Þær eru alþjóða fyrirbrigði í baráttunni um skiptingu arðsins, sem hlaut að gera vart við sig hér eins og annarsstaðar fyrr eða síðar.

Nefndin hefir í upphafi starfs síns, eins og áður er sagt, ritað landssamtökum verkamanna og vinnuveitenda (Alþýðusambandi Íslands og Vinnuveitendafélagi Íslands) og óskað upplýsinga frá þeim um starfsemi þeirra og sögu þessara mála hér á landi. En ekkert yfirlit er til um vinnudeilur hér á landi frá upphafi, og erfiðleikum bundið að afla þess. En þróunin hefir orðið sú hér eins og annarsstaðar, að myndazt hafa landssamtök beggja aðilja, sem fara að meira eða minna leyti með umboð meðlima sinna í deilumálum. Skipulagning verkamannastéttarinnar er þó mun fyrr á ferðinni. Alþýðusamband Íslands er stofnað árið 1916, en Vinnuveitendafélag Íslands ekki fyrr en 1934. Samhliða hefir vinnusamningum milli verkamannafélaga annarsvegar og vinnuveitenda eða félaga þeirra hinsvegar stöðugt fjölgað, og er það vafalaust spor í þá átt að tryggja vinnufriðinn í landinu. Reynsla annara landa sýnir ótvírætt, að ósamningsbundin vinna við hin stærri atvinnufyrirtæki skapar óróa í atvinnulífinu.

Framsóknarflokksmenn beittu sér fyrir því á Alþingi 1925, að sett voru lög um sáttatilraunir í vinnudeilum. Eru þau hin fyrsta og eina núgildandi löggjöf um vinnudeilur hér á landi. Þeirri löggjöf var að vísu ábótavant, en hefir þó án efa gert talsvert gagn. Hefir nefndin átt tal við núverandi sáttasemjara ríkisins og fengið hjá honum ýmsar athyglisverðar upplýsingar um starf hans og reynslu.

Þá er þess að geta, að nokkru eftir að sáttasemjaralögin voru samþykkt, var uppi á Alþingi sú hugmynd að setja hér á stofn dómstól, sem ákvæði kaup og kjör verkamanna eftir hinum gömlu fyrirmyndum frá Ástralíu, en ekki fékk sú hugmynd verulegan byr fremur en annarsstaðar á Norðurlöndum og féll skjótlega niður. Og síðan hafa skoðanir manna á því, á hvern hátt vinnulöggjöf geti orðið framkvæmanleg og affarasæl, færzt í nýjan farveg.

Það má nú óhætt ganga út frá því sem staðreynd, enda almennt viðurkennt í lýðræðislöndum, að árangur slíkrar löggjafar sé mjög undir því kominn, að ekki sé um mjög harða eða rökstudda andstöðu að ræða gegn henni, hvorki frá verkamönnum né vinnuveitendum. Ef framkvæmd hennar á að takast vel, þarf hún að hafa velviljað almenningsálit á bak við sig. Slík er reynsla annara landa. Þess vegna hefir t. d. alstaðar á Norðurlöndum vandlega verið unnið að undirbúningi vinnulöggjafar og reynt eftir föngum að samræma hin ólíku sjónarmið.

Það er ekki fyrr en á síðastliðnu ári, að fyrir liggur hér á landi opinber viðurkenning beggja aðilja, að vinnulöggjafar sé þörf. Af hálfu Vinnuveitendafélags Íslands kom þessi viðurkenning fram í frumvarpi því um vinnudeilur, er flutt var á síðasta Alþingi. Hafa tillögur þær, er í því fólust, verið athugaðar rækilega í nefndinni, og hefir það því eigi að ófyrirsynju fram komið, enda þótt afgreiðsla þess vitanlega ekki kæmi til greina á því stigi málsins. Eru þess engin dæmi annarsstaðar á Norðurlöndum, að vinnulöggjöf hafi verið samþykkt án undirbúnings milli þinga. En samhliða þessu ber á það að benda, að frá hinum aðiljanum hefir einnig á sl. ári, í samþykktum 13. þings Alþýðusambands Íslands, komið fram greinileg viðurkenning þess, að vinnulöggjafar sé þörf, þótt á greini nokkuð um leiðir.

Sá hluti nefndarinnar, er að þessu frumvarpi stendur, er því þeirrar skoðunar, að nú sé tímabært að afgreiða þá tvo þætti vinnulöggjafar, sem mest reynsla er fyrir um í nágrannalöndunum og minnstum ágreiningi geta valdið, en það eru lög um dómstól í réttarágreiningi og (endurbætt og aukin) lög um sáttatilraunir í vinnudeilum. Síðan væri eðlilegt að halda áfram á þessari braut og setja lög, sem fela í sér t. d. almenn ákvæði um vinnusamninga, um bráðabirgðafresti vinnustöðvana meðan verið er að leita um sættir í kaupdeilum o. s. frv. Athygli má vekja á því, að ákvæði um vinnudeilur erlendis hafa yfirleitt ekki verið sett með

einum og sömu lögum, heldur í fleiri áföngum, og má það teljast heilbrigð þróun í þessum viðkvæmu og vandasömu málum.

Á það má benda í þessu sambandi, að með fjölgandi vinnusamningum hér í landi á síðari árum hefir einmitt skapazt starfsvið og þörfin fyrir dómstól, sem skeri úr réttarágreiningi (ágreiningi út af samningsrofum og gildi samninga). Aðiljarnir sjálfir hafa í ýmsum tilfellum fundið þessa þörf, þar sem þeir hafa af sjálfsdáðum sett inn í samninga ákvæði um dómstól í slíkum ágreiningsmálum, til að koma í veg fyrir óþarfa vinnustöðvun. Má þar t. d. nefna samninginn, sem gerður var í lok Sogsdeilunnar vorið 1935, en að þeim samningi stóðu helztu verklýðsfélög höfuðstaðarins og Vinnuveitendafélag Íslands.

Rétt þykir að lokum að leggja áherzlu á það, að hófleg og skynsamleg vinnulöggjöf hefir yfirleitt með reynslunni unnið sér fylgi og traust jafnvel þeirra aðilja, sem henni voru andstæðir í fyrstu. Árið 1910 máttu danskir vinnuveitendur ekki heyra nefndar opinberar sáttatilraunir í vinnudeilum. Nú dettur þeim ekki í hug að óska eftir afnámi þessara öryggisráðstafana. Árið 1928 stofnuðu sænskir verkamenn til allsherjar mótmæla gegn lögum um vinnudóm og um vinnusamninga. En nú lýsir ritari sænska verkamannasambandsins yfir því í bréfi til nefndarinnar, að eftir nánari kynningu af þeim tvennum lögum og framkvæmd þeirra óski sænskir verkamenn ekki eftir afnámi þeirra. Svo mun einnig reynast um afstöðu aðilja til íslenzkrar vinnulöggjafar, ef við Íslendingar kunnum að notfæra okkur þá þekkingu, sem til er á þessum málum með öðrum þjóðum, og reynum að leysa þau á þann hátt, sem samboðið er þeirri rólegu yfirvegun, sem talin hefir verið einkennandi í fari þessarar þjóðar.

Fylgiskjal I.

Útdrættir úr vinnulöggjöf Danmerkur, Noregs, Svíþjóðar, Bretlands og Frakklands.

Hér fara á eftir lauslegir útdrættir helztu efnisatriða í vinnulöggjöf Danmerkur, Noregs, Svíþjóðar, Bretlands og Frakklands. Norðurlandalögin eru flokkuð þannig, að tilgreind eru í röð lög allra þriggja landanna um hliðstætt efni, t. d. fyrst öll lög um vinnusamninga, þá öll lög um sáttatilraunir í vinnudeilum, þá öll lög um dómstól í vinnudeilum. Er þetta gert til þess, að samanburður sé hægari milli löggjafar hinna einstöku landa. Septembersættin danska er hér tekin með, þótt hún sé ekki lög, heldur samningur.

Septembersættin danska 1899.

Ákvæði hennar eru ekki lög, heldur samningur milli aðilja: Dansk Arbejdsgiver- og Mesterforening og De samvirkende Fagforbund.

1. Aðiljar viðurkenna hvor annan sem samningsaðilja í vinnudeilum.
2. Tillaga um vinnustöðvun skal tilkynnt gagnaðilja 14 dögum áður en vinnustöðvun á að hefjast samkvæmt lögunum, og samþykkt um vinnustöðvun skal tilkynnt á sama hátt 7 dögum áður en vinnustöðvun á að hefjast samkvæmt henni.
3. Samþykkt um vinnustöðvun er því aðeins gild, að hún hafi hlotið $^3/_4$ greiddra atkvæða á fundi, sem vald hefir til bindandi ákvörðunar um vinnustöðvun.
4. Báðir samningsaðiljar skuldbinda sig til þess að styðja ekki á neinn hátt vinnustöðvun, sem hafin er í bága við ákvæði samningsins.
5. Dansk Arbejdsgiver- og Mesterforening og De samvirkende Fagforbund bera ábyrgð á, að samningar, sem þau hafa gert, séu haldnir af meðlimum þeirra.
6. Það er á valdi atvinnurekanda að ákveða fjölda verkamanna og „lede og fordele Arbejdet".
7. Verkstjórum sé ekki skylt að vera í verkamannafélagi.
8. Uppsagnarfrestur vinnusamninga sé minnst þrír mánuðir.
9. Boicotting má ekki eiga sér stað eftir að vinnudeila er útkljáð.

10. Ágreiningi út af samningi skal skotið til gerðardóms, þegar hann verður stofnaður með lögum.

Sænsk lög um vinnusamninga (Kollektivavtal) 22. júní 1928.

1. Vinnusamningar skulu vera skriflegir.
2. Vinnusamningur félags bindur meðlimi þess, fari hann ekki í bága við vinnusamning, sem þeir eru áður bundnir við. Meðlimur losnar ekki við samningsskuldbindingu, þó hann gangi úr félaginu. Sérsamningar milli meðlima, sem fara í bága við aðalsamninginn, eru ógildir.
3. Aðilja vinnusamnings er, meðan samningur er í gildi, bannað að gera vinnustöðvun, blockad, boikott eða þvílikt:
   a. Vegna deilu um gildi samningsins eða skilnings á honum eða vegna deilu um, hvort brotið hafi verið gegn samningnum eða lögum þessum.
   b. Til að fá samningnum breytt.
   c. Til að koma fram ákvörðun, sem á að ganga í gildi eftir að samningstíminn er útrunninn.
   d. Til styrktar aðilja, sem sjálfur hefir gert vinnustöðvun í heimildarleysi.
4. Félag má ekki veita meðlimum sínum aðstoð við ólöglega vinnustöðvun, heldur á að reyna að hindra hana. Gagnákvæði þessu í vinnusamningi er ógilt.
5. Ákveðið er, að þar sem margir aðiljar eru í vinnusamningi og einhverjir þeirra hafa sagt honum upp, geti hinir sent uppsögn innan þriggja vikna eða skemmri tíma, ef uppsagnarfrestur er styttri en 6 vikur.
6. Samningsuppsögn sé skrifleg.
7. Vinnudómurinn getur fellt samning úr gildi, ef hann hefir verið brotinn og mótparturinn óskar eftir.
8. Samningsaðili bætir tjón, sem verður af samningsrofi, einstakur verkamaður þó ekki með hærri upphæð en 200 kr. Við ákvörðun skaðabótanna skal taka tillit til þeirra hagsmuna, sem aðiljar hafa af því, að samningurinn sé haldinn.

I. kafli norsku laganna um vinnudeilur.

1. Verkamanna- og atvinnurekendafélög eru skyldug til að gefa ríkisstjórn og sáttasemjara allar upplýsingar um skipulag sitt, meðlimafjölda o. s. frv.
2. Vinnusamningar skulu vera skriflegir. Staðfest afrit sendist sáttasemjara innan tveggja vikna. Sé ekki annað fram tekið, skoðast samningstíminn 3 ár og uppsagnarfrestur 3 mánuðir. Sé eigi sagt upp eða samið á ný, endurnýjast um eitt ár.
3. Meðlimur losnar ekki við samningsskuldbindingar við úrsögn.
4. Samningar einstakra meðlima eru ógildir, ef þeir fara í bága við aðalsamninginn.
5. Samband eða félag ber ábyrgð á, að meðlimur haldi samning, enda hafi þó ekki reynt að hindra samningsbrot.
6. Sambandi eða félagi er ávallt heimilt að útiloka meðlim, sem brýtur vinnusamning.
7. Við ákvörðun skaðabóta fyrir samningsbrot, ólöglega vinnustöðvun eða boikott skal taka tillit bæði til tjóns og sakar — skaðabætur geta fallið burt.
8. Vinnustöðvun er óheimil út af deilu um skilning eða gildi samnings.
9. Vinnudómurinn getur þó leyft vinnustöðvun, ef fyrri úrskurður hans hefir ekki verið tekinn til greina.
10. Ágreining út af öðru en samningi má ekki útkljá með vinnustöðvun, nema útrunnir séu þeir frestir, sem ákvæðin um sáttatilraunir gera ráð fyrir.
11. Loks eru ýms ákvæði um boikott.

Sænsk lög 28. maí 1920 um sáttatilraunir í vinnudeilum.

1. Konungur skiptir landinu í sáttaumdæmi og skipar einn sáttasemjara í hverju umdæmi.

2. Hlutverk sáttasemjara er:
   a. Að fylgjast með vinnumálum í umdæmi sínu.
   b. Að vinna að lausn vinnudeilna í umdæminu, eftir því sem nánar er fyrir mælt í lögum þessum.
   c. Að aðstoða, ef óskað er, við samningagerðir, sem líklegar eru til að bæta sambúðina milli atvinnurekenda og verkamanna.
3. Rísi vinnudeila alvarlegs eðlis, ber sáttasemjara að setja sig í samband við deiluaðilja, rannsaka tilefni deilunnar, skora á aðilja að framkvæma ekki eða auka vinnustöðvun á meðan á sáttatilraun stendur, kalla deiluaðilja á sáttafund og reyna þar að koma á sáttum milli þeirra.
4. Þótt vinnudeila virðist ekki vera alvarlegs eðlis, ber sáttasemjara samt að leita um sættir, sé þess óskað af vinnuveitanda eða verkalýðsfélagi, sem í er a. m. k. helmingur þeirra verkamanna, sem deilan snertir.
5. Deiluaðiljum er skylt að mæta á fundi, sem boðaður er af sáttasemjara.
6. Liggi vinnustöðvun eigi fyrir og telji aðiljar sáttatilraun þýðingarlausa, skal sáttasemjari eigi leita um sættir nema ástæður breytist.
7. Sáttasemjara ber fyrst og fremst að leggja til grundvallar þau tilboð eða tillögur, er fram koma frá aðiljum sjálfum.
8. Aðiljum er skylt að láta sáttasemjara í té reikninga og hagfræðilegar upplýsingar, sem snerta deiluna, og veita honum aðgang að vinnustöðvum. Sáttasemjari hefir þagnarskyldu.
9. Náist ekki sætt, getur sáttasemjari skorað á aðilja að leggja deiluna í gerðardóm. Skal hann hjálpa til að mynda gerðardóminn, en má ekki vera í honum sjálfur.
10. Ákvæði laganna koma ekki til greina, þar sem sérstök samningsákvæði eru um meðferð deilumála, nema báðir aðiljar óski aðstoðar sáttasemjara og færi líkur að, að hún sé nauðsynleg.
11. Sé um mjög alvarlega deilu að ræða, getur konungur skipað sérstaka sáttanefnd eða nýjan sáttasemjara í málið.
12. Sáttasemjurum ber að senda ráðuneytinu skýrslu um starf sitt, og skal skýrslan gefin út.

Viðauki við sáttasemjaralögin (ný grein, sem er 3. gr.) gekk í gildi 1. okt. 1935. Samkvæmt þessu ákvæði skal tilkynna gagnaðilja og sáttasemjara vinnustöðvun með viku fyrirvara, „dærest giltigt hinder ikke möter". Vanræksla varðar allt að 300 kr. sekt. Mál út af brotum gegn þessu ákvæði eru rekin sem opinber mál fyrir almennum dómstóli.

Dönsk lög 18. janúar 1934 um sáttatilraunir í vinnudeilum.

1. Ráðherra skipar þrjá sáttasemjara til þriggja ára. Starfstími eins sáttasemjara rennur út ár hvert. Skipunin skal gerð eftir tilnefningu hins fasta gerðardóms, enda hafi a. m. k. einn af fulltrúum atvinnurekenda og einn af fulltrúum verkamanna samþykkt tilnefninguna. Ella skipar ráðherrann án tilnefningar.
2. Sáttasemjarar skipta með sér verkum og starfa hver í sínu lagi; þeir gefa ráðherra skýrslu um starf sitt. Sáttasemjarar velja sér formann og halda fundi til að ræða ástandið í vinnumálum almennt. Skylt er að senda þeim afrit af öllum vinnusamningum, sem gerðir eru.
3. Sérhverju félagi atvinnurekenda eða verkamanna er skylt að senda sáttasemjurum afrit af tilkynningum um vinnustöðvun, svo framarlega sem deilan heyrir ekki undir hinn fasta gerðardóm. Félög, sem eru aðiljar að september-samþykktinni, þurfa þó aðeins að senda síðari tilkynninguna, þ. e. tilkynninguna um, að vinnustöðvun hafi verið samþykkt í félagi.
4. Ef sáttasemjari telur hættu á alvarlegri vinnustöðvun, og sáttatilraunir milli aðilja sjálfra, að dómi annars aðilja, eru strandaðar, getur hann af eigin hvöt

eða eftir tilmælum annars aðilja kvatt aðilja til sáttafundar. Aðiljar eru skyldir til að mæta á sáttafundi.

5. Þegar sáttasemjari hefir ákveðið að leita sátta, getur hann hvenær sem er sett það skilyrði fyrir sáttaumleitun af sinni hendi, að vinnustöðvun verði ekki hafin, fyrr en sáttatilraun er lokið. Hann getur þó ekki krafizt, að vinnustöðvun sé frestað lengur en um eina viku, og ekki nema einu sinni í sömu vinnudeilu.
6. Komist sáttasemjari að þeirri niðurstöðu, að málið eða einstök atriði þess sé eigi nægilega (faglega) ljóst aðiljum sjálfum, getur hann neitað að skipta sér af því, þangað til þeir hafa tekið það til fullnægjandi meðferðar að þessu leyti sín á milli.
7. Sáttasemjari getur, þegar hann álítur hentugt, borið fram tillögu til málamiðlunar. Tillöguna má ekki birta fyrr en aðiljar hafa tekið afstöðu til hennar. Áður en hann ber fram tillöguna, skal hann ráðgast við aðilja og fulltrúa frá landssamböndum, sem aðiljar eru meðlimir í.
8. Sáttasemjari ákveður í samráði við aðilja svarsfrest fyrir þá.
9. Sé deilan mjög alvarlegs eðlis, geta sáttasemjararnir ákveðið að vinna allir saman að sáttatilraun.
10. Sáttasemjari getur krafizt þess, að vitnaleiðsla fari fram fyrir hinum fasta gerðardómi, til að slá því föstu, hvernig vinnukjörin hafi verið áður en deilan hófst.
11. Atkvæði skal greiða með eða móti tillögu sáttasemjara eins og hún liggur fyrir. Atkvæðagreiðsla skal vera skrifleg og leynileg. Þegar atkvæðagreiðslu er lokið, skal viðkomandi félag tilkynna sáttasemjara úrslitin, ásamt tölu atkvæðisbærra félagsmanna. Félagið skal svo sem unnt er gera ráðstafanir til, að félagsmenn hafi aðstöðu til að kynna sér efni tillögunnar.
12. Sáttatillaga er felld, við almenna atkvæðagr. (uravstemning), ef meira en 50% greiddra atkvæða eru á móti henni, enda hafi minnst 75% atkvæðisbærra félagsmanna tekið þátt í atkvæðagreiðslunni. Móti hverju 1% af félagsmannatölu, sem þátttakan er undir 75%, þarf mótatkvæðafjöldinn að vera 1% af greiddum atkvæðum hærri. Sé þátttakan undir 25%, telst tillagan samþykkt. Auðir og ógildir seðlar eru ekki teknir til greina.
13. Telji sáttasemjari deilu, þó í fleiri greinum sé en einni, verða aðeins leysta í einu lagi, getur hann ákveðið, að einstakar sáttatillögur séu skoðaðar sem heild og atkvæði greidd um þær í öllum félögum í einu lagi.
14. Þar sem fram fer sumpart almenn atkvæðagreiðsla og sumpart atkvæðagreiðsla á fundi, gilda sérstakar reglur um útreikninginn.
15. Þar sem hlut á að máli bæði atvinnurekendafélagið eða félög utan þess, reiknast atkvæðamagnið í hlutfalli við greidd vinnulaun á síðasta almanaksári.
16. Bannað er að leiða vitni um það, sem lagt hefir verið til eða upplýst á sáttafundum, nema báðir aðiljar samþykki.
17. Brot gegn lögum þessum varða sektum og fangelsi, allt að 3 mánaða.

3. kafli norsku laganna um vinnudeilur (sáttatilraunir).

1. Konungur skipar einn ríkissáttasemjara og auk þess umdæmissáttasemjara í hverju sáttaumdæmi og skiptir landinu í sáttaumdæmi. Ríkissáttasemjari er yfirmaður umdæmissáttasemjaranna.
2. Ríkissáttasemjari á að fylgjast með ástandi vinnumála í landinu og umdæmissáttasemjarar hver í sínu umdæmi.
3. Telji ríkissáttasemjari, að hætta sé á vinnustöðvun, getur hann krafið aðilja um upplýsingar, m. a. um, hvaða kröfur hafi verið gerðar. Hann getur hafið sáttaumleitanir, þó vinnu hafi ekki verið sagt upp, eða falið umdæmissáttasemjara að gera það.
4. Hafi vinnu verið sagt upp vegna ágreinings um kaup eða kjör, skal tafarlaust til-

kynna það ríkissáttasemjara og gagnaðilja. Sé aðili í sambandi, sendist tilkynningin gegnum það.

5. Vinnustöðvun má ekki framkvæma fyrr en uppsagnarfrestur er liðinn og ekki fyrr en 4 virkir dagar eru liðnir síðan ríkissáttasemjara barst tilkynning um, að samningar hafi ekki hafizt, þeim hafi verið slitið eða uppsögnin gerð viðtækari.
17. Telji sáttasemjari vinnudeiluna alvarlegs eðlis, skal hann þegar í stað banna vinnustöðvun, unz sáttatilraun sé lokið. Til þess að bannið hafi gildi, verður það að vera gefið út innan tveggja daga eftir að honum barst tilkynningin.
18. Þó að sáttasemjari hafi eigi bannað vinnustöðvun, getur hann eigi að síður hafið sáttaumleitanir. Sáttasemjari kallar aðilja til fundar.
19. Sáttasemjari hefir vald til vitnaleiðslu og getur krafið aðilja um skýrslur og reikninga.
20. Samkomulagstillögu frá sáttasemjara má eigi birta nema með samþykki hans.
21. Tíu dögum eftir að bann gegn vinnustöðvun er gefið út, getur aðili krafizt, að sáttaumleitunum sé hætt, enda hafi hann mætt á fundum og tekið þátt í sáttaumleitunum.
22. Sáttaumleitunum skal hætt ekki seinna en 4 dögum eftir að krafa um það kom fram.
23. Ef sáttatilraun hefir misheppnazt, getur sáttasemjari birt skýrslu um málið, á þann hátt, sem hann telur heppilegt.
24. Um miðlunartillögu sáttasemjara skal greiða atkvæði eins og hún liggur fyrir. Atkvæðagreiðslan skal vera leynileg og skrifleg.
25. Aðiljar skulu sjá um, að allir atkvæðisbærir félagsmenn hafi aðstöðu til að kynna sér miðlunartillögu áður en atkvæði eru greidd um hana.
26. Að atkvæðagreiðslu lokinni skulu aðiljar strax tilkynna sáttasemjara, hvort miðlunartillaga er samþykkt eða felld. Sé miðlunartillaga felld, skal tekið fram, hve margir hafi greitt atkvæði með og hve margir á móti og hve margir hafi haft atkvæðisrétt um hana.
27. Ef sáttasemjari álítur, að deilu í fleiri en einni grein beri að leysa í einu lagi, getur hann ákveðið sameiginlegar atkvæðagreiðslur um miðlunartillögur.
28. Bannað er að birta hluta af atkvæðagreiðslu áður en heildarniðurstaða er birt.
29. Um atkvæðagreiðslu farmanna getur sáttasemjari sett sérstakar reglur, eftir því sem við á, enda hafi aðiljar ekki sjálfir komið sér saman um hana.
30. Ef aðili fellst á miðlunartillögu eftir að sáttatilraun er lokið, tilkynnir hann það sáttasemjara, sem tilkynnir það gagnaðilja. Ef gagnaðili samþykkir, boðar sáttasemjari til fundar og gengur frá vinnusamningi.
31. Aðiljar í sameiningu geta krafizt, að sáttatilraunir séu teknar upp á ný.

Dönsk lög 4. október 1919.
Um fastan gerðardóm.

1. Gerðardóminn skipa 7 menn, 3 frá verkamönnum, 3 frá atvinnurekendum og formaður, sem er kosinn af hinum 6, eða, ef sú kosning ferst fyrir innan tilskilins tíma, þá af dómsforsetum hæstaréttar og yfirdómanna í Kaupmannahöfn, enda sé hann þá hæstaréttardómari eða yfirdómari.
2. Fáist ekki full tilnefning af hálfu félagsskapar verkamanna eða atvinnurekenda, tilnefnir innanríkisráðherrann dómendur með það fyrir augum, að gætt sé að jöfnu hagsmuna beggja aðilja. A. m. k. formaður og einn fulltrúi frá hvorum aðilja þurfa að vera dómgengir lögfræðingar.
3. Vinnudómurinn tekur til meðferðar:
   a. Brot gegn septembersamþykktinni frá 1899
   b. Brot gegn samningum milli verkamannafélags og atvinnurekenda, ef samningurinn ekki ákveður hið gagnstæða.

c. Hafi verið boðuð vinnustöðvun, sem aðili telur fara í bága við samning, og hafi hann mótmælt innan 5 daga, getur hann kært málið fyrir gerðardómnum.
d. Hafi slík vinnustöðvun verið gerð og sé haldið áfram, þrátt fyrir samning eða gerðardóm, getur aðili höfðað skaðabótamál fyrir gerðardómnum.
e. Aðiljum er heimilt að leggja önnur deilumál fyrir gerðardóminn, ef 5 dómendur samþykkja.
f. Ef félag, sem mál þarf að höfða gegn, er í sambandi, skal málið höfðað gegn sambandinu. Og málið skal einnig höfðað af því sambandi, sem málshöfðandi er í.
g. Hinn brotlegi aðili dæmist í sekt. Sé um tjón að ræða af völdum hans, rennur sektin sem skaðabætur til þess, sem fyrir tjóninu varð, og ákveðst með hliðsjón af því. Ella rennur hún til þess, er málið höfðaði.
h. Almennir dómstólar mega ekki dæma mál, sem heyra undir gerðardóminn. Úrskurði gerðardómsins verður ekki áfrýjað.
i. Formaður dómsins getur leitað um sættir áður en mál er tekið fyrir.

Sænsk lög um vinnudóm, 22. júní 1928.

1. Vinnudóminn skipa 7 menn. Formaður og tveir aðrir dómendur skulu tilnefndir af konungi. Formaður og annar til skulu vera lögfræðingar og hafa reynslu í dómarastarfi. Tveir dómendur skulu skipaðir eftir tillögu frá atvinnurekendum og tveir eftir tillögu frá verkamönnum, þannig, að tilnefndir séu 4 af hvorum aðilja og skipað úr hópi þeirra. Skorti fullkomna tilnefningu aðilja, skipar konungur honum fulltrúa.
2. Vinnudómurinn tekur til meðferðar:
   a. Gildi og skilning vinnusamnings (kollektivavtal).
   b. Brot gegn vinnusamningi eða lögum um vinnusamninga (kollektivavtal).
   c. Afleiðingar af broti gegn vinnusamningi eða áðurnefndum lögum.
3. Samböndin eru málsaðiljar, ef félag er í sambandi, og félög fyrir einstaka meðlimi. Vilji samband eða félag eigi hefja mál, má meðlimur þó gera það.
4. Sektir renna í ríkissjóð.

II. kafli norsku laganna um vinnudeilur 1927, 1931, 1933, 1934.
Arbeidsretten og domstolen for Boikottssaker.

1. Dóminn skipa sjö menn. Formaður og tveir meðdómendur eru skipaðir af konungi. Formaður og annar hinna þurfa að uppfylla skilyrði hæstaréttardómara. Enginn dómandi má vera í stjórn atvinnurekenda- eða verkamannafélags. Tveir dómendur skulu skipaðir eftir tillögu verkamanna og tveir eftir tillögu atvinnurekenda. Tilnefna skal helmingi fleiri en skipa á. Vanti tilnefningu, skal skipað án tilnefningar. Um tilnefninguna eru allýtarlegar reglur, og mörg sambönd geta tekið þátt í henni.
2. Til þess að dómurinn sé ályktunarfær, þarf hann að vera fullskipaður.
3. Vinnudómurinn tekur til meðferðar:
   a. Ágreining um gildi og skilning vinnusamnings og kröfur, sem byggðar eru á vinnusamningi.
   b. Hvort aðilja er leyfilegt að gera vinnustöðvun til að þvinga gagnaðilja til að fara eftir úrskurði vinnudóms.
   c. Ágreining um skilning á sérsamningi, byggðum á vinnusamningi.
   d. Vinnudómurinn dæmir í skaðabætur, sektir og fangelsi.
   e. „Domstolen for boikottsaker" skipa 5 menn, án tilnefningar.
   f. Samböndin eru málsaðiljar.
   g. Mál, sem heyra undir vinnudóminn, verða ekki tekin fyrir af öðrum dómstólum.

h. Hæstiréttur getur skorið úr um það, hvort mál heyri undir vinnudóminn. Að öðru leyti verður úrskurði vinnudóms ekki áfrýjað. Sjá þó 26. gr.

Norsk lög frá 6. júlí 1933 um samningsrétt starfsmanna ríkisins og um stofnun starfsmannadómstóls.

1. Lög þessi ná til allra starfsmanna, sem ráðnir eru hjá ríkinu og fá laun frá hinu opinbera, nema þeir heyri undir lög um vinnudeilur (lög 5. maí 1927). Ef starfsmaður er aðeins launaður að hluta af ríkinu, sker konungur úr því, hvort hann fellur undir þessi lög.
2. Starfsmenn ríkisins hafa rétt til að krefjast, að samningaumleitanir um gildandi launa- og starfskjör verði teknar upp.

   Þennan samningsrétt hafa:
   a. Félög starfsmanna í ákveðinni starfsgrein eða ákveðins hóps innan starfsgreinar.
   b. Sambönd starfsmannafélaga, sem nefnd eru í lið a.
   c. Minnst 50 starfsmenn, sem ekki eru félagsbundnir í starfsmannafélögum. Önnur starfsmannafélög en þau, sem konungur hefir viðurkennt, fá þó ekki samningsrétt.
3. Starfsmannafélög geta því aðeins hlotið viðurkenningu:
   a. Að félagsmenn séu eingöngu núverandi og fyrrverandi starfsmenn ríkisins í viðkomandi starfsgrein.
   b. Að félagið geti talizt fulltrúi yfirgnæfandi meiri hluta starfsmanna innan viðkomandi starfsgreinar eða hóps (Gruppe).
4. Byrja skal á samningaumleitunum innan 14 daga eftir að krafa hefir verið borin fram um það frá réttum aðilja til rétts aðilja.

   Ef ríkið vill breyta launa- eða starfskjörum, skal það áður leita samkomulags um það hjá viðkomandi félagssamtökum starfsmanna ríkisins.
5. a. Ef 14 dagar líða eftir að byrjað hefir verið á samningaumleitunum, getur hvor aðilja sem er krafizt, að samningaumleitunum sé hætt, þrem dögum eftir að slík krafa er lögð fram.
   b. Ef samkomulag næst í samningsnefnd, skal málið lagt svo fljótt sem við verður komið fyrir þá aðilja, sem hafa fullnaðarákvörðunarrétt í málinu.
   c. Ef samkomulag næst ekki, geta fulltrúar ríkisins krafizt, að þeir starfsmenn, sem hagsmuna hafa að gæta, greiði atkvæði um tilboð þau, sem þeir hafa lagt fram. Fulltrúar starfsmanna geta sömuleiðis krafizt, að tilboð þau, sem þeir hafa lagt fram, verði lögð fyrir það ríkisyfirvald, sem hefir endanlegt úrskurðarvald.
6. Í höfuðstað landsins skal setja á stofn starfsmannadóm.

   Í dóminum eiga sæti formaður og 6 meðdómendur.

   Dómstjóri hæstaréttar skipar formann og 4 meðdómendur, til 3 ára í senn, ásamt varamönnum.

   Stjórnardeild sú, sem vinnumálin heyra undir, nefnir einn dómara ásamt varadómara, af þeim, sem hæstiréttur skipar, og viðurkennd sambönd embættis- og sýslunarmanna annan ásamt varadómara.

   Þeir tveir meðdómendur, ásamt varadómurum, sem eftir eru, skulu skipaðir af konungi í hvert einstakt mál, og skal annar þeirra vera starfsmaður í þeirri grein, sem málið fjallar um, og skipaður samkvæmt tillögu viðkomandi aðalsambands starfsmannafélaganna.
7. Dómstóllinn tekur til meðferðar deilur milli ríkisins annarsvegar og áðurnefndra starfsmannasamtaka hinsvegar um skilning og framkvæmd á gildandi launa- og starfskjörum.

   Slíkar deilur verða ekki útkljáðar fyrir öðrum dómstólum.

   Dómstóllinn getur dæmt um kröfur einstakra manna, ef úrskurður um þær byggist á niðurstöðu heildardóms um laun eða starfskjör.

Lög um vinnudeilur frá 5. maí 1927, 12.—26. og 41.—46. gr., taka til þessa dómstóls eftir því, sem ástæða er til.

5. kafli norsku laganna. — Um launagreiðslur, málskostnað og fleira.

1. Kostnað við framkvæmd laganna greiðir ríkissjóður. Þó getur vinnudómurinn dæmt aðilja, annan eða báða, til að endurgreiða ríkissjóði kostnað við málsmeðferðina fyrir dómstólnum.
2. Aðiljar geta fengið málskostnað fyrir vinnudómstólnum tildæmdan eftir sömu reglum og fyrir venjulegum dómstólum. Kostnað við sáttatilraun ber hvor aðili fyrir sig.
3. Ríkissáttasemjari og formaður vinnudóms hafa föst laun. Umdæmissáttasemjarar fá föst laun og þóknun fyrir hverja sáttatilraun. Meðdómendur fá þóknun fyrir hvert mál. Þó má ákveða þeim föst laun.

33. Sáttasemjari getur hvenær sem er skorað á aðilja að taka að nýju upp sáttatilraunir. Skylt er honum að gera það, þegar mánuður er liðinn frá því sáttatilraunum var slitið.
34. Meðferð mála hjá sáttasemjara má áfrýja til hæstaréttar (sbr. 26. gr.); að öðru leyti verður úrskurðum hans ekki áfrýjað.
35. Í lögunum eru settar hliðstæðar reglur um sáttatilraunir í boikottmálum.

Refsiákvæði í Norðurlandalögum.

Í 10. gr. dönsku sáttasemjaralaganna er ákveðið, að brot gegn lögunum varði sektum eða allt að þriggja mánaða fangelsi, nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum.

Það er sérstaklega fram tekið, að refsivert sé að gefa ólöglegar upplýsingar um miðlunartillögur sáttasemjara eða atkvæðagreiðslu, jafnvel þótt slíkar upplýsingar séu birtar í blöðum sem orðrómur (Forelydender).

Sektir samkvæmt þessum ákvæðum renna í ríkissjóð.

Í sænsku lögunum frá 1935 (um tilkynning vinnustöðvunar) varðar vanræksla allt að 300 kr. sekt. Ennfremur eru í vinnudómslögum ákvæði um, að dæma skuli í sektir, þegar dómstóll telur ástæðu til. Og í sáttasemjaralögunum eru ákvæði um að kæra til sektar fyrir brot gegn lögunum um félags- og samningsrétt, 4. gr.

Í norsku lögunum varðar það 5—25 þús. kr. sektum eða allt að þriggja mánaða fangelsi að gera ólöglega vinnustöðvun eða aðstoða við hana, eftir því sem nánar er tiltekið í lögunum.

Brot á þagnarskyldu varðar sektum.

Það varðar einnig sektum að sýna vinnudómi eða sáttasemjara óvirðingu, vanrækja að mæta eða gefa upplýsingar í máli. Í slíkum tilfellum má einnig dæma hlutaðeigandi til að greiða kostnað, sem brot hans veldur.

Óþarfa kærur varða einnig sektum.

Norsk lög um vinnudeilur við Áfengiseinkasöluna og vínútsölurnar (vinmonopolet og samlagene).

1. Deila milli verkalýðsfélags annarsvegar og Áfengiseinkasölunnar og vínútsalnanna hinsvegar um skilning eða gildi vinnusamnings eða um kröfu, sem byggist á vinnusamningi, getur hvor aðili kært fyrir vinnudómstólnum samkvæmt ákvæðum í lögum um vinnudeilur.
2. Deila milli sömu aðilja um kaup og kjör getur hvor aðili krafizt, að sáttayfirvöld, sem sett eru samkvæmt vinnudeilulögunum, taki að sér að leita um sættir í deilunni.

Þegar sátta hefir verið leitað árangurslaust, getur hvor aðili sem er krafizt, að deilumálið sé úrskurðað af gerðardómi.

Þangað til málið hefir verið úrskurðað, gilda sömu kjör og voru áður en deilan hófst.

3. Það er ólöglegt að gera vinnustöðvun hjá Áfengiseinkasölunni og vínútsölunum eða nota boikott eða fremja annan verknað gegn þeim, sem væri brot á vinnusamningi.
4. Setja skal á stofn gerðardóm til að skera úr deilumálum, sem talað er um í 2. lið.
5. Í réttinum eiga sæti formaður, varaformaður og þrír aðrir dómarar.

   Formaður, varaformaður og einn dómari skulu skipaðir af forseta hæstaréttar, en stjórn Áfengiseinkasölunnar og sambandsstjórn vínútsalnanna skal áður gefið tækifæri til að benda á 3 menn hvorri, en dómara og verkamönnum og starfsmönnum hjá Áfengiseinkasölunni skal einnig gefið tækifæri til að benda á þrjá menn hvorum hóp.
6. Í úrskurði gerðardóms skal tekið fram, hve lengi hann á að vera í gildi. Hann má ekki gilda lengur en í 2 ár.
7. Úrskurður gerðardómsins er óáfrýjanlegur og hefir sömu áhrif og vinnusamningur.
8. Það varðar sektum frá kr. 5,00 til kr. 25000,00, eða fangelsi allt að einu ári, eða báðum þessum refsingum samanlagt:
   a. Að taka þátt í að ákveða að byrja á, að halda áfram að styðja eða að viðurkenna vinnustöðvun.
   b. Að hvetja til að byrja á eða halda áfram vinnustöðvun eða safna styrktarfé eða útbýta styrktarfé til að koma af stað eða halda áfram vinnustöðvun.
   c. Að byrja eða halda áfram ólöglegum boikott eða öðru, sem myndi stríða á móti vinnusamningi.

   Í úrskurði má ákveða, að sektir megi innheimta hjá því félagi, sem hinn seki hefir unnið brotið fyrir eða er trúnaðarmaður hjá, nema brotið fari í bága við samþykktir félagsins.
9. Ef vinnuveitandi eða fulltrúi hans gerir vinnustöðvun eða heldur áfram vinnustöðvun, varðar það sektum frá kr. 5,00 til kr. 25000,00, eða fangelsi allt að einu ári. Það varðar sektum frá kr. 5,00 til kr. 25000,00 eða fangelsi allt að þremur mánuðum, ef verkamaður leggur niður vinnu.
10. Það varðar sektum frá kr. 5,00 til kr. 25000,00, eða fangelsi allt að einu ári, eða báðum þessum refsingum samanlagt:
    a. Að hafa áhrif á eða reyna að hafa áhrif á, að einhver missi eða hætti við starf sitt eða sæki ekki um eða fái ekki starf, ef það er gert í þeim tilgangi að koma af stað vinnustöðvun.
    b. Að hvetja til verka, sem talað er um í a-lið.
    c. Að hafa áhrif á eða að reyna að hafa áhrif á, að vinnuveitandi taki þátt í ólöglegri vinnustöðvun eða taki ekki verkamenn í vinnu, sem ólögleg vinnustöðvun kemur niður á, eða geri annað, sem styður ólöglega vinnustöðvun.
    d. Að hvetja til verka, sem talað er um í c-lið.

    Þessi lög gengu í gildi 6. júlí 1933 og áttu að gilda til 1. ágúst 1935. En Nygaardsvold lét framlengja þau með þeim breytingum, að dómarar í gerðardóminn skyldu skipaðir til 3 ára.

Brezk vinnulöggjöf.
Lög 1875, 3. gr.

(Kafli úr lögunum um samsæri og verndun eignarréttar.)

1. Samkomulag eða samtök tveggja eða fleiri manna um úrskurð í sambandi við vinnudeilu skal ekki vera talið samsæri, ef slíkur úrskurður er ekki refsiverður, ef einn maður framkvæmir hann.
2. Ofangreint ákvæði hefir ekki áhrif á lagafyrirmæli um uppþot, ólöglega fundi, friðarspjöll, uppreisn gegn embættismönnum eða brot gegn konungi og ríkinu.

Viðbótarlög 1906.

3. Verk, unnið samkvæmt samningi eða félagsákvæðum tveggja eða fleiri manna, í sambandi við vinnudeilu, er ekki ólöglegt, ef það er það ekki án slíks samnings eða félagsákvæðis.
4. Það er löglegt í sambandi við vinnudeilu, að menn af sjálfsdáðum eða fyrir hönd verklýðsfélags, vinnuveitendafélags eða atvinnurekenda séu í eða við hús, þar sem ákveðinn maður býr, vinnur eða hefir vinnustöð, ef það er aðeins gert til þess á friðsamlegan hátt að gefa upplýsingar eða fá upplýsingar, eða á friðsamlegan hátt að fá mann til að vinna eða hætta að vinna.
5. Verk unnið í sambandi við vinnudeilu skal ekki vera ólöglegt eingöngu vegna þess, að það leiðir af sér, að annar maður brýtur vinnusamning, eða það hefir áhrif á atvinnu eða starf annara manna eða hefir áhrif á rétt annara manna til að ráðstafa fé sínu eða vinnu.
6. Stéttarfélag verður ekki dæmt fyrir hótanir eða þvinganir, sem gerðar hafa verið í þess nafni í sambandi við vinnudeilu.

Brezk lög frá 1919 um rannsóknardóm og gerðardóm í vinnudeilum.

I. KAFLI

1. Setja skal á stofn fastan gerðardóm í vinnudeilum. Vinnumálaráðherra skipar í dóminn. Í dóminn skal skipa óvilhalla menn, fulltrúa fyrir vinnuveitendur, fulltrúa fyrir verkamenn og auk þess eina eða fleiri konur.
   Ráðherra ákveður, til hve langs tíma dómari er skipaður.
2. Forseti dómsins ákveður, hvaða dómari tekur sæti í dóminum til að dæma um hvert ákveðið mál.
3. Ráðherra ákveður í eitt skipti fyrir öll eða í hverju einstöku tilfelli, hver skuli vera forseti dómsins og hverjir deildarformenn í honum. Forseti og deildarformenn skulu vera úr hópi hinna óvilhöllu dómara.
4. Aðili vinnudeilu má tilkynna ráðherra um deiluna. Ráðherra er skylt að taka deiluna til athugunar og gera það, sem hann álítur heppilegast til lausnar henni.
5. Ráðherra getur, ef hann álítur heppilegt og ef báðir aðiljar vinnudeilu samþykkja:
   a. vísað málinu til úrskurðar hins fasta gerðardóms.
   b. vísað málinu til úrskurðar eins eða fleiri manna, sem hann tilnefnir til þess.
   c. vísað málinu til úrskurðar gerðardóms, sem skipaður sé einum eða fleiri mönnum, tilnefndum af viðkomandi vinnuveitendum, og jafnmörgum mönnum tilnefndum af viðkomandi verkamönnum og óvilhöllum formanni, sem tilnefndur skal af ráðherra.
6. Ráðherra má leita álits hins fasta gerðardóms um öll mál, sem snerta eða rísa út af vinnudeilu, vinnudeilum almennt eða einhverri tegund vinnudeilna, eða um önnur mál, sem hann álítur, að leita beri álits gerðadómsins um.
7. Ef fyrir hendi eru sáttadómstólar eða gerðardómstólar í einhverri atvinnugrein, sem settar hafa verið upp samkvæmt samningum milli félaga atvinnuveitenda og verkamanna, sem í er verulegur hluti atvinnurekenda og verkamanna, sem starfa í atvinnugreininni, má ráðherra ekki hafa þá meðferð á málinu, sem lýst er í 5. og 6., nema báðir aðiljar samþykki, fyrr en reynt er, að ekki næst samkomulag fyrir þessum sérstöku dómstólum.
8. Ráðherra getur gert eða heimilað gerðardómnum að búa til reglur um málsmeðferð fyrir dómnum. Þær reglur mega meðal annars innihalda ákvæði um, að vísa megi ákveðnum atriðum til úrskurðar sérstaks meðlims dómsins, ákvæði um, að dómurinn megi skipta sér í eina eða fleiri deildir, og ákvæði um, að aukadómarar, konur eða karlar, megi taka sæti í dómnum til að dómstóllinn

og deildir hans séu starfshæfar, hversu marga dómara sem vantar, og til að hægt sé að gera út um skilning á úrskurði án frekari álitsskjala eða upplýsinga.

9. Ráðherra má gefa út reglugerð um, hvernig málsmeðferð skuli háttað, þegar hann skipar mann eða menn til að gera um málið.
10. Ef dómarar hins fasta gerðardóms verða ekki ásáttir um dómsniðurstöðu, skal málið úrskurðað af formanni.
11. Ef deila er um vinnulaun, vinnutíma eða önnur atriði um vinnukjör, sem ákveðið er um í öðrum lögum en lögum um gerðardóminn, má úrskurður gerðardómsins ekki brjóta í bág við þau lög.

II. KAFLI

12. Ráðherra getur, hvort sem vinnudeila er honum tilkynnt eða ekki, leitað upplýsinga um ástæður til vinnudeilunnar og hvernig samningstilraunir ganga. Ef hann álítur heppilegt, getur hann skipað rannsóknardóm til að rannsaka deiluna. Dómurinn rannsakar deiluna opinberlega eða fyrir lokuðum dyrum, eftir ástæðum. Dómurinn skal gefa ráðherra skýrslu um rannsókn sína.
13. Ráðherra skipar formann rannsóknardóms og til aðstoðar honum eins marga dómara og hann telur ástæðu til.
14. Rannsóknardómur er starfshæfur, hversu marga dómara sem vantar.
15. Ráðherra gefur út reglugerð um starf rannsóknardóms. Skal þar tekið fram um vitnaleiðslur o. fl. Dómnum skal gefið vald til að krefjast skjala, sem hann álítur nauðsynlegt að fá vegna rannsóknarinnar.
16. Rannsóknardómarinn hefir heimild til að taka skýrslur af þeim mönnum, sem hann álítur, að geti gefið upplýsingar um málið. Dómarinn hefir heimild til að láta staðfesta skýrslur eða framburð með eiði.
17. Rannsóknardómarinn getur gefið bráðabirgðaskýrslu hvenær sem hann álítur það nauðsynlegt.
18. Skýrslur rannsóknardóms, svo og skýrslur minni hluta rannsóknardóms, skulu lagðar fyrir báðar deildir þingsins, svo fljótt sem unnt er.
19. Ráðherra má, hvort heldur eftir eða áður en skýrsla er lögð fyrir þingið, birta hana eða einstök atriði hennar. Þó má hvorki ráðherra né dómarinn birta opinberlega upplýsingar, sem dómarinn hefir fengið, ef upplýsingarnar eru ekki fáanlegar annarsstaðar, um einstakt verklýðsfélag eða sérstakt fyrirtæki, nema ritari verklýðsfélagsins eða forstjóri fyrirtækisins samþykki, að upplýsingarnar séu birtar. Einstakir dómarar mega ekki heldur birta slíkar upplýsingar.

Ýms ákvæði.

IV. KAFLI

20. Kostnaður við framkvæmd laganna greiðist úr ríkissjóði.
21. Ráðherra skal öðru hverju gefa þinginu skýrslu um störf sín samkvæmt þessum lögum.

Lög um stéttarfélög (trade unions) frá 1871.

1. Það er ekki ólöglegt að vera meðlimur í stéttarfélagi.
2. Samningar, sem stéttarfélag gerir, eru gildir.
3. Ekki er hægt að fá dóm fyrir né dæmt í skaðabætur fyrir brot á eftirfarandi samningum eða samkomulagi:
   a. Samkomulag milli meðlima stéttarfélags um, hvenær þeir skulu vinna eða ekki vinna, láta vinna eða ekki láta vinna.
   b. Samkomulag um áskriftargjald og sektir til stéttarfélags.

c. Samkomulag um ráðstöfun sjóða stéttarfélags:
   1. til styrktar félagsmönnum.
   2. til styrktar vinnuveitanda eða verkamanni, sem ekki er félagsmaður, ef hann hegðar sér samkvæmt samþykktum eða ákvörðunum félagsins.
   3. eða til að greiða sekt, sem einhver hefir verið dæmdur í.

d. Samningur, sem stéttarfélög gera hvert við annað.

e. Allir samningar, sem gerðir eru til að fullnægja ofangreindum samningum.

Ofangreindir samningar eru þrátt fyrir þetta ákvæði ekki ólöglegir.

Breytingalög frá 1913 banna stéttarfélögum að nota sjóði sína til pólitískrar starfsemi, nema meðlimir hafi sérstaklega greitt atkvæði um það, og skal þá hið pólitíska gjald greitt sérstaklega. Einstakir meðlimir hafa heimild til að neita að greiða í hinn pólitíska sjóð.

Stéttarfélag (trade union) í ensku lagamáli þýðir bæði verkalýðsfélög og vinnuveitendafélög.

Breytingarlög 1927.

Verkfall er ólöglegt:

1. Ef tilgangur þess að einhverju eða öllu leyti er annar en að hafa áhrif á vinnudeilu í þeirri atvinnugrein, sem verkfallsmenn vinna í.
2. Ef gert er ráð fyrir að þvinga ríkisstjórnina annaðhvort beint eða með því að skapa neyð í þjóðfélaginu.
3. Verkbönn eru ólögleg undir sömu kringumstæðum.
4. Það er ólöglegt að byrja á, halda áfram eða styrkja ólöglega vinnustöðvun með peningum.
5. Það varðar sektum að hvetja til ólöglegrar vinnustöðvunar eða á annan hátt að taka þátt í, að hún hefjist eða haldi áfram.

   Það varðar ekki sektum að hætta vinnu eða neita að halda áfram að vinna eða neita vinnu.
6. Það er óheimilt að reka mann úr stéttarfélagi eða skerða rétt hans á nokkurn hátt í félagi, þó að hann hafi neitað að taka þátt í ólöglegri vinnustöðvun.

   Ef maður hefir af þessum ástæðum verið rekinn úr stéttarfélagi, getur hann krafizt skaðabóta, í stað þess að krefjast að hann verði tekinn í félagið aftur.
7. Það er ólöglegt af sjálfsdáðum eða fyrir hönd verkalýðsfélags, vinnuveitendafélags eða vinnuveitanda að vera í eða við hús, sem ákveðinn maður býr í, vinnur í eða hefir vinnustöð í, eða er í af tilviljun, til þess að fá eða gefa upplýsingar eða til að hvetja mann til að vinna eða hætta að vinna, ef það er gert af svo miklum fjölda manna eða á þann hátt, að það sé meiðandi eða til tjóns fyrir fólk í húsinu, eða hindra aðgang að eða frá húsinu, eða það leiðir til óspekta.
8. Það er óleyfilegt, að héraðsstjórnir eða aðrar opinberar stjórnir eða nefndir geri það að skilyrði, að menn fái vinnu, að þeir séu í eða ekki í verkalýðsfélagi.

   Það er óleyfilegt fyrir sömu aðilja að semja þannig, að annarhvor samningsaðilinn skuli taka í vinnu við framkvæmd þess verks, sem um er samið, annaðhvort aðeins félagsbundna verkamenn eða ófélagsbundna verkamenn.

   Samningur, sem gerður er gagnstætt þessu ákvæði, er ógildur.

Emergency Powers Act, 1920.

Ef einhver maður eða hópur manna fremur verknað, sem er þannig lagaður eða svo víðtækur, að hann geti hindrað dreifingu matvara, vatns, eldiviðs eða ljósmetis, eða hindrað samgöngur, eða að verulegur hluti þjóðfélagsins geti fengið lífsnauðsynjar, getur konungur lýst landið í neyðarástandi (a state of emergency).

Yfirlýsing um að landið sé í neyðarástandi gildir ekki lengur en einn mánuð, nema önnur yfirlýsing sé gefin út.

Yfirlýsing skal lögð fyrir þingið strax og hægt er og það kallað saman með 5 daga fyrirvara, ef það á ekki að mæta innan 5 daga frá því yfirlýsing var gefin út.

Meðan yfirlýsing um neyðarástand er í gildi getur konungur látið gera það sem hann álítur nauðsynlegt til að dreifa út vörunni, halda uppi samgöngum og halda uppi reglu og friði.

Reglugerðir, sem konungur gefur út í þessu sambandi, skulu lagðar fyrir þingið, og falla þær úr gildi, ef þingið hefir ekki samþykkt þær innan 7 daga.

Í reglugerðinni má ekki innleiða almenna herskyldu eða þegnskylduvinnu.

Frönsk vinnulöggjöf.

Frönsku lögin um sættir og vinnudóm 31. desember 1936.

(Loi sur les procédures de conciliation et d'arbitrage dans les conflits collectifs du travail).

1. Allar vinnudeilur í iðnaði og verzlun skal leggja fyrir sáttastofnun, eða gerðardóm, ef með þarf, áður en til vinnustöðvunar kemur.

2. Þetta ákvæði nær til yfirstandandi vinnudeilna og ber að hefja vinnu þegar í stað, þegar deila hefir verið tekin til meðferðar samkvæmt lögunum.

3. Gerðardómur skal bindandi vera fyrir báða aðilja, og verður honum eigi áfrýjað. Dómurinn skal rökstuddur og birtur opinberlega.

4. Í samningum (kollektionum) má ákveða, hvernig fyrir skuli koma sáttaumleitunum og gerðardómi. Ella setur ríkisstjórnin með tilskipun reglur um sáttaumleitanir og gerðardóm.

Stjórnartilskipun 16. janúar 1937.

1. Sáttastig eru þrjú og þrennskonar sáttanefndir:
   a. 1. sáttastig (héraðssáttanefnd). Þar er amtmaður (préfet) viðkomandi landshluta formaður, en nefndin að öðru leyti skipuð fulltrúum verkamanna og vinnuveitenda. Náist ekki samkomulag innan 4 daga, skal málinu vísað til 2. sáttastigs.
   b. 2. sáttastig (Commission mixte paritraire de conciliation). Þar skipar hlutaðeigandi ráðherra formann, en nefndin er að öðru leyti skipuð fulltrúum verkamannafélaga og vinnuveitendafélaga. Náist ekki samkomulag innan 4 daga, skal málinu vísað til 3. sáttastigs.
   c. 3. sáttastig (Commission nationale interprofessionnelle de conciliation). Formaður er hlutaðeigandi ráðherra eða fulltrúi hans, en nefndin að öðru leyti skipuð fulltrúum verkamannasambanda og vinnuveitendasambanda. Náist ekki niðurstaða innan 4 daga, skal vísa málinu til gerðardóms.
2. Aðalverkamannasambandið og aðalvinnuveitendasambandið eiga rétt á að tilnefna einn dómara hvort eða senda 15 manna ábendingarlista. Ella tilnefnir ráðherra dómara af hálfu aðilja. Hafi þessir tveir dómarar eigi innan 3 daga annaðhvort komið sér saman um dóm eða tilnefningu eins yfirdómara, skal yfirdómari tilnefndur af forsætisráðherra.

Fylgiskjal II.

Skrá um vinnustöðvanir í ýmsum löndum.
(Samkvæmt skýrslum frá vinnumálaskrifstofu Þjóðabandalagsins.)

Ár	Suður-Afríka:	Vinnu-stöðvanir	Verkamenn, sem misstu vinnu	Tapaðir vinnudagar
1926		3	768	890
1927		12	5158	9126
1928		10	5746	10535
1929		10	2962	„
1930		12	5050	2600
1931		19	6278	54575
1932		„	„	„
	Þýzkaland:			
1926		383	104711	1325309
1927		871	503217	6043698
1928		763	780396	20288211
1929		441	234543	4489870
1930		366	224983	3935977
1931		504	178223	2001978
1932		642	127587	1112056
	Argentína:			
1926		62	15405	251487
1927		56	26888	363492
1928		137	73989	251054
1929		116	53101	543939
1930		127	38299	853219
1931—1932		„	„	„
	Ástralía:			
1926		360	113034	1310261
1927		441	200757	1713581
1928		287	96422	777278
1929		259	104604	4461478
1930		183	54222	1511241
1931		134	37667	245991
1932		„	„	„
	Austurríki:			
1926		204	21943	297684
1927		216	35300	686560
1928		266	38290	658024
1929		226	30446	388336
1930		88	7173	49373
1931		68	10264	132757
1932		„	„	„

Ár		Vinnustöðvanir	Verkamenn, sem misstu vinnu	Tapaðir vinnudagar
	Belgía:			
1926		140	82266	„
1927		186	45071	1658836
1928		192	77785	2254424
1929		168	60557	799117
1930		93	64718	781646
1931		74	23010	399037
1932		63	162693	580670
	Búlgaría:			
1926		3	372	1806
1927		23	2740	57196
1928		21	446	2382
1929		36	20479	378236
1930		15	1600	2581
1931		34	6544	83622
1932		18	1191	7021
	Canada:			
1926		77	23834	266601
1927		74	22299	152570
1928		98	17581	224212
1929		90	12946	152080
1930		67	13768	91797
1931		88	10738	204238
1932		116	23390	255000
	Kína:			
1926		„	„	„
1927		„	„	„
1928		120	213966	3010926
1929		111	68867	751146
1930		87	64130	810102
1931		„	„	„
1932		„	„	„
	Danmörk:			
1926		32	1050	23000
1927		17	2851	119000
1928		11	469	11000
1929		22	1040	41283
1930		37	5349	144000
1931		16	3692	246000
1932		15	5756	87000
	Spánn:			
1926		93	21851	247223
1927		107	70616	1311891
1928		87	70024	771293
1929		96	55576	313065
1930		402	247460	3745360
1931		734	236177	3843260
1932		830	„	„

Ár	Estland:	Vinnu-stöðvanir	Verkamenn, sem misstu vinnu	Tapaðir vinnudagar
1926		14	660	1196
1927		5	218	3067
1928		5	1098	49336
1929		16	1915	6395
1930		7	154	338
1931		3	67	519
1932		5	1110	2549
	Bandarikin:			
1926		1035	329592	„
1927		734	349434	37799394
1928		629	357145	31556947
1929		903	230463	9975213
1930		653	158114	2730368
1931		894	279299	6386183
1932		808	242826	6462973
	Finnland:			
1926		72	10230	386355
1927		79	13368	1528182
1928		71	27226	502236
1929		26	2443	74887
1930		11	1673	12120
1931		1	53	106
1932		3	284	2301
	Frakkland:			
1926		1678	366142	4072163
1927		404	112634	1046019
1928		823	210488	6376675
1929		1217	241040	2764606
1930		1220	324316	„
1931		262	35745	„
1932		„	„	„
	Indland:			
1926		128	186811	1097478
1927		129	131655	2019970
1928		203	506851	31647404
1929		141	532016	12165691
1930		148	196301	2261731
1931		166	203008	2408123
1932		118	128099	1922437
	Stóra Bretland og Norður-Írland:			
1926		323	2734000	162230000
1927		308	108000	1170000
1928		302	124000	1390000
1929		431	533000	8290000
1930		422	307000	4400000
1931		420	490000	6980000
1932		389	379000	6490000

Ár	Ungverjaland:	Vinnustöðvanir	Verkamenn, sem misstu vinnu	Tapaðir vinnudagar
1926		56	9580	51965
1927		84	24803	294941
1928		31	10289	131174
1929		63	15065	149204
1930		35	5770	79596
1931		38	11195	189781
1932		18	4600	26700
	Írska fríríkið:			
1926		57	3455	85345
1927		53	2312	64020
1928		52	2190	54292
1929		53	4533	101397
1930		83	3410	77417
1931		60	5431	310199
1932		70	4222	42152
	Ítalía:			
1926		„	„	„
1927		169	18660	„
1928		77	2999	„
1929		83	3252	„
1930		82	2863	„
1931		„	„	„
1932		„	„	„
	Japan:			
1926		495	67234	722292
1927		383	46672	791599
1928		393	43337	323805
1929		571	77281	678670
1930		900	79791	1049474
1931		984	63305	960774
1932		665	35961	513249
	Lithauen:			
1926		53	5065	63968
1927		95	5273	60267
1928		179	13431	62254
1929		362	26462	45838
1930		38	1547	12077
1931		42	2903	14261
1932		19	4400	22960
	Noregur:			
1926		113	51487	2204365
1927		96	22456	1374089
1928		63	8042	363844
1929		73	4796	196704
1930		94	4652	240454
1931		82	59524	7585832
1932		„	„	„

Ár	Nýja-Sjáland:	Vinnu-stöðvanir	Verkamenn, sem misstu vinnu	Tapaðir vinnudagar
1926		59	6264	47811
1927		38	4476	12485
1928		39	9258	21997
1929		47	7151	25889
1930		38	5467	31669
1931		24	6356	48486
1932		23	9335	108528
	Palestina:			
1926		21	„	8863
1927		20	562	13469
1928		22	886	4379
1929		45	679	8773
1930		22	393	9234
1931		31	1385	6786
1932		47	1300	10060
	Holland:			
1926		212	„	„
1927		230	13500	220500
1928		205	16930	647700
1929		226	21310	990800
1930		212	10970	273000
1931		215	28210	856100
1932		216	32010	1772600
	Pólland:			
1926		590	145493	1422540
1927		635	236552	2483165
1928		776	354498	2787775
1929		510	221673	1071816
1930		330	53136	427127
1931		363	109074	636921
1932		„	„	„
	Rúmenía:			
1926		88	20899	326086
1927		51	6933	58291
1928		57	10801	109745
1929		127	31456	411572
1930		101	17337	180002
1931		71	14473	184593
1932		„	„	„
	Svíþjóð:			
1926		206	52891	1711000
1927		189	9477	400000
1928		201	71461	4835000
1929		180	12676	667000
1930		261	20751	1021000
1931		193	40899	2627000
1932		175	50000	3000000

Ár		Vinnustöðvanir	Verkamenn, sem misstu vinnu	Tapaðir vinnudagar
1926		„	„	„
1927		26	2058	34160
1928		45	5474	98015
1929		39	4661	99608
1930		31	6397	265695
1931		25	4746	73975
1932		38	5083	159154
	Tékkóslóvakía:			
1926		163	49220	734907
1927		208	172043	1466045
1928		282	101517	1728419
1929		230	63564	753205
1930		159	30808	423126
1931		254	49508	498891
1932		311	„	„
	Uruguay:			
1926		5	600	11952
1927		13	4737	53350
1928		3	289	420600
1929		31	2011	90600
1930		8	1361	11100
1931		56	1900	102600
1932		„	„	„
	Jugóslavía:			
1926		„	10979	157485
1927		„	7588	239183
1928		„	5600	117500
1929		„	2246	12897
1930		„	4879	48528
1931		5	1253	14204
1932		4	418	2254

Nd. 140. Frumvarp til laga

um sáttatilraunir í vinnudeilum.

Flm.: Gísli Guðmundsson.

1. gr.

Landinu skal skipt í 4 sáttaumdæmi, sem hér segir:

1. sáttaumdæmi tekur yfir Vestur-Skaftafellssýslu, Vestmannaeyjar, Rangárvallasýslu, Árnessýslu, Gullbringu- og Kjósarsýslu, Hafnarfjörð, Reykjavík, Borgarfjarðarsýslu, Mýrasýslu, Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu og Dalasýslu.

2. sáttaumdæmi tekur yfir Barðastrandarsýslu, Ísafjarðarsýslur, Ísafjörð og Strandasýslu.

3. sáttaumdæmi tekur yfir Húnavatnssýslur, Skagafjarðarsýslu, Eyjafjarðarsýslu, Siglufjörð, Akureyri og Þingeyjarsýslur.

4. sáttaumdæmi tekur yfir Múlasýslur, Seyðisfjörð, Neskaupstað og Austur-Skaftafellssýslu.

2. gr.

Atvinnumálaráðherra skipar fjóra sáttasemjara, 1 í hverju sáttaumdæmi. Sáttasemjari 1. sáttaumdæmis er jafnframt ríkissáttasemjari og skal vera búsettur í Reykjavík. Hinir sáttasemjararnir nefnast undirsáttasemjarar. Þeir skulu vera búsettir í sáttaumdæmum sínum og starfa undir umsjón ríkissáttasemjara.

Ráðherra skipar einn varamann fyrir hvern sáttasemjara.

Sáttasemjarar og varasáttasemjarar skulu skipaðir til þriggja ára.

3. gr.

Sáttasemjarar og varasáttasemjarar skulu skipaðir samkvæmt tilnefningu Félagsdóms. Tilnefning fer þannig fram, að hinir föstu dómarar Félagsdóms tilnefna 3 menn í hvert skipti, sem skipa skal sáttasemjara. Skal einn þeirra skipaður sáttasemjari og annar varasáttasemjari.

4. gr.

Eftir tillögu ríkissáttasemjara getur ráðherra skipað sérstakar sáttanefndir í tilteknum vinnudeilum. Um starfssvið og vald slíkra sáttanefnda fer samkvæmt ákvæðum um ríkissáttasemjara.

5. gr.

Sáttasemjarar skulu vera íslenzkir ríkisborgarar, fjár síns ráðandi og hafa óflekkað mannorð. Þeir mega ekki hafa þá aðstöðu, að líklegt megi telja, að þeir séu vilhallir í málefnum verkamanna eða vinnuveitenda.

6. gr.

Sáttasemjurum ber að fylgjast með horfum og ástandi atvinnulífsins í umdæmum sínum, einkum öllu, sem að vinnukjörum lýtur. Undirsáttasemjurum ber að gefa ríkissáttasemjara árlega, á þeim tíma, sem ríkissáttasemjari tiltekur, skýrslur um athuganir sínar og störf. Ríkissáttasemjara ber að senda atvinnumálaráðuneytinu árlega skýrslu um störf sáttasemjara.

7. gr.

Verkalýðsfélögum, vinnuveitendafélögum og ófélagsbundnum vinnuveitendum er skylt að senda ríkissáttasemjara og undirsáttasemjara í hlutaðeigandi sáttaumdæmi afrit af vinnusamningum, jafnskjótt og þeir eru undirritaðir.

Á sama hátt er skylt að senda afrit af uppsögn vinnusamnings, ásamt greinargerð fyrir uppsögninni, þar sem tilgreindar séu ástæður hennar og þess getið, hverjar kröfur aðili ætlar að gera.

Sé vinnustöðvun samþykkt, skal þegar tilkynna það gagnaðilja og sáttasemjara viðkomandi sáttaumdæmis, sem tilkynnir það ríkissáttasemjara. Tilkynningin skal gerð í símskeyti.

Aðiljum er skylt að gefa sáttasemjara kost á að fylgjast með samningaumleitunum hvenær sem hann óskar eftir því.

8. gr.

Nú er ríkissáttasemjara kunnugt um vinnudeilu, sem ekki heyrir undir úrskurð Félagsdóms, og líkindi eru til, að deilan verði ekki leyst af aðiljum sjálfum, og er honum þá heimilt að taka að sér stjórn samningaumleitana og kalla aðilja til sameiginlegs fundar, hvenær sem hann álítur það heppilegt. Ríkissáttasemjari getur falið undirsáttasemjurum að stjórna samningaumleitunum, hverjum í sínu umdæmi.

9. gr.

Ef aðili tilkynnir ríkissáttasemjara, að samningaumleitanir hafi ekki hafizt eða þeim sé slitið án árangurs og fer fram á, að sáttasemjari taki að sér stjórn samningaumleitana, er sáttasemjara skylt að hefja samningaumleitun þegar í stað.

10. gr.

Sáttasemjarar skulu halda gerðabók; þar skal skrá, hvar og hvenær sáttatilraun fer fram og hverjir eru viðstaddir. Geta skal í aðalatriðum þess, sem fram fer, og greina skjöl, sem fram eru lögð. Ef sátt kemst á, skal skrá hana í gerðabókina og aðiljar rita nöfn sín undir.

11. gr.

Ef sáttasemjara þykir nauðsynlegt, vegna samningaumleitana í vinnudeilu, að fá réttan úrskurð um, hversu högum var háttað um atvinnureksturinn, hefir hann rétt til að krefja aðilja skýrslu um það. Verði aðiljar ekki við þeirri kröfu, eða skýrslur þeirra eru eigi fullnægjandi, eða það er að öðru leyti nauðsynlegt málinu til upplýsingar, skal sáttasemjari krefjast um það vitnaleiðslu hjá Félagsdómi eða hjá almennum dómstólum. Sáttasemjari hefir rétt til að vera viðstaddur vitnaleiðslur og láta bera upp fyrir vitnunum þær spurningar, sem hann telur líklegar til skýringar málinu.

12. gr.

Sáttasemjara er heimilt, hvenær sem er, að bera fram miðlunartillögu. Miðlunartillögu má ekki birta án samþykkis sáttasemjara, fyrr en báðir aðiljar hafa sent svör sín.

Sáttasemjari ákveður, í samráði við fulltrúa aðilja, hvenær atkvæðagreiðsla um miðlunartillögu skuli fara fram.

13. gr.

Miðlunartillagan skal borin undir atkvæði eins og sáttasemjari gekk frá henni, og skal henni svarað játandi eða neitandi. Félög verkamanna og vinnuveitenda skulu sjá um, að atkvæðisbærir félagsmenn geti kynnt sér miðlunartillöguna í heild.

Atkvæðagreiðsla skal vera skrifleg og leynileg og eigi fara fram á félagsfundi, nema sáttasemjari leyfi.

Sáttasemjari ákveður í samráði við aðilja, hve lengi atkvæðagreiðsla stendur yfir.

14. gr.

Strax og atkvæði hafa verið talin, tilkynnir félagið sáttasemjara, hve margir hafi sagt já og hve margir nei og hve margir félagsmenn eru atkvæðisbærir.

Miðlunartillaga sáttasemjara telst felld, ef yfir 50% af greiddum atkvæðum eru á móti henni, enda hafi 75% atkvæðisbærra manna eða meira greitt atkvæði. Móti hverjum einum af hundraði, sem tala greiddra atkvæða lækkar niður fyrir 75%, þarf mótatkvæðafjöldinn að hækka um ½ af hundraði til að fella tillöguna. Ef ekki hafa að minnsta kosti 25% atkvæðisbærra manna greitt atkvæði, telst tillagan samþykkt. Auðir og ógildir seðlar teljast ekki sem greidd atkvæði.

15. gr.

Ef sáttasemjari álítur nauðsynlegt, að deilur í fleiri en einni atvinnugrein séu útkljáðar í einu lagi, getur hann ákveðið í miðlunartillögu, að atkvæðagreiðsla skuli fara fram samtímis í atvinnugreinunum og að samþykkt miðlunartillögu fari eftir samanlögðum tölum greiddra atkvæða og atkvæðisbærra manna í öllum atvinnugreinunum.

Bannað er að birta atkvæðatölur í einstökum félögum eða atvinnugreinum, fyrr en sáttasemjari hefir birt niðurstöðu heildaratkvæðagreiðslu.

16. gr.

Sé samningatilraunum í mikilvægri deilu slitið án árangurs, getur ríkissáttasemjari birt skýrslu um málið á þann hátt, sem hann álítur heppilegast til þess að almenningur fái rétta hugmynd um deiluna.

17. gr.

Ef annarhvor aðilja vill samþykkja miðlunartillögu sáttasemjara eftir að sáttaumleitun hefir verið hætt án árangurs, sendir hann sáttasemjara yfirlýsingu um það. Sáttasemjara ber þegar að láta gagnaðilja vita um yfirlýsinguna. Vilji hann einnig fallast á miðlunartillöguna, sér sáttasemjari um, að aðiljar gangi frá samningum sín á milli.

18. gr.

Eftir að samningaumleitunum sáttasemjara er hætt án árangurs, geta aðiljar hvenær sem er sameiginlega krafizt, að þær verði teknar upp að nýju. Sáttasemjara er einnig heimilt, hvenær sem hann álítur heppilegt, að skora á aðilja að taka þær upp að nýju. Sé mánuður liðinn frá því sáttaumleitunum var hætt og enn hafa ekki náðst samningar, ber sáttasemjara að skora á aðilja að hefja sáttaumleitanir að nýju.

19. gr.

Bannað er að skýra frá eða leiða vitni um, hvað aðiljar hafa lagt til á sáttafundum sáttasemjara, nema báðir aðiljar samþykki.

20. gr.

Kostnað við sáttaumleitanir, þar með talin þóknun til sáttasemjara, greiðist úr ríkissjóði. Atvinnumálaráðherra ákveður laun ríkissáttasemjara og þóknun til undirsáttasemjara.

21. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað. Um leið falla úr gildi lög nr. 55 frá 27. júní 1925, um sáttatilraunir í vinnudeilum.

Greinargerð.

Um 1. og 2. gr.

Lagt er til, að sáttasemjurum verði fjölgað um þrjá og landinu skipt í 4 sáttaumdæmi. Er ætlazt til, að með þessu móti verði auðveldara fyrir sáttasemjara að fylgjast með vinnudeilum og aðdraganda þeirra, og fyrir deiluaðilja að verða aðstoðar hans aðnjótandi. Það er athyglisvert í þessu sambandi, að sáttasemjari, sem nú er aðeins einn, hefir tiltölulega lítil afskipti haft af vinnudeilum í landshlutum fjarri Reykjavík.

Lagt er til, að einn hinna fjögra sáttasemjara sé ríkissáttasemjari og yfirmaður hinna, og starfi þeir að verulegu leyti eftir hans fyrirsögn.

Tilhögun hliðstæð þessari er höfð í Noregi og Svíþjóð. Í Danmörku eru þrír sáttasemjarar, en landinu er ekki skipt í sáttaumdæmi, enda ekki þörf á því vegna þess, hve landið er lítið og samgöngur greiðar.

Um 3. gr.

Ákvæði gildandi laga um tilnefningu sáttasemjara eru flókin og vafasöm í framkvæmd. Hér er lagt til, að sáttasemjarar séu skipaðir samkvæmt tilnefningu Félagsdóms, en í honum eiga fulltrúar aðilja sæti.

Í Danmörku eru sáttasemjarar skipaðir eftir tilnefningu hins fasta gerðardóms. Í Noregi og Svíþjóð án tilnefningar.

Um 4. gr.

Í sænsku sáttasemjaralögunum er ákvæði um, að ef um mjög alvarlega vinnudeilu er að ræða, megi skipa sérstaka sáttanefnd eða nýjan sáttasemjara í málið. Er lagt til, að svipuð ákvæði verði lögtekin hér samkvæmt 4. gr.

Um 5. gr.

Hér eru tekin upp skilyrði til að geta orðið sáttasemjari, og þurfa þau eigi frekari skýringar.

Um 6. gr.

Hér er ákveðið um skyldu sáttasemjara til að fylgjast með horfum og ástandi atvinnulífsins og gefa skýrslu um störf sín.

Um 7. gr.

Þessi grein kveður á um skyldu aðilja til að láta sáttasemjara í té afrit vinnusamninga. Samskonar ákvæði er í gildandi lögum um sáttatilraunir í vinnudeilum. Þá eru aðiljar og skyldaðir til að senda sáttasemjara afrit af uppsögn vinnusamnings og tilgreina ástæður sínar og kröfur. Sé vinnustöðvun samþykkt, er sérstaklega skylt að tilkynna það sáttasemjara og gagnaðilja. Loks er aðiljum gert að skyldu að gefa sáttasemjara kost á að fylgjast með samningaumleitunum, enda þótt hann enn hafi eigi tekið deiluna í sínar hendur.

Í norsku lögunum er ákvæði um að tilkynna samningsuppsögn og að sáttasemjari geti heimtað upplýsingar m. a. um framkomnar kröfur. Í dönsku og sænsku lögunum eru ákvæði um að tilkynna samþykkt vinnustöðvunar. Og sænsku lögin ákveða, að tilkynningin skuli send viku áður en vinnustöðvunin hefst.

Um 8. gr.

Ákvæði þessarar greinar veita ríkissáttasemjara vald til að taka að sér stjórn samningaumleitana, hvenær sem hann álítur það heppilegt. Samskonar ákvæði eru í norsku og sænsku lögunum og sömuleiðis í núgildandi íslenzkum lögum.

Um 9. gr.

Þessi grein er um skyldu sáttasemjara til að hefja samningaumleitanir, ef fram á það er farið af aðilja. Samskonar ákvæði er í sænsku lögunum.

Um 10. gr.

Í þessari grein eru ákvæði um gerðabók sáttasemjara.

Um 11. gr.

Greinin er tekin nærri orðrétt upp úr núgildandi lögum, en bætt inn ákvæði um, að sáttasemjari geti látið vitnaleiðslu fara fram fyrir Félagsdómi. Svipuð ákvæði eru í dönsku og norsku lögunum.

Um 12. gr.

Þessi grein er um heimild sáttasemjara til að bera sjálfur fram miðlunartillögu, ef samkomulag hefir ekki náðst, og um það, hvenær atkvæðagreiðsla skuli fram fara. Bannað er að birta tillöguna án samþykkis sáttasemjara, fyrr en aðiljar hafa svarað henni. Svipuð ákvæði eru í norsku og dönsku lögunum og í núgildandi ísl. lögum. Sænsku lögin gera ekki ráð fyrir miðlunartillögu.

Um 13. gr.

Í þessari grein er fram tekið, hversu atkvæðagreiðsla um miðlunartillögu skuli fram fara, og verkamanna- og vinnuveitendafélögum gert skylt að sjá svo um, að félagsmenn geti kynnt sér efni tillögunnar. Þá er ákveðið, að atkvæðagreiðsla skuli vera skrifleg og leynileg og yfirleitt fara fram á sérstökum kjörstað, en ekki félags-

fundi. Svipuð ákvæði eru í dönsku og norsku lögunum, og einnig núgildandi ísl. lögum.

Um 14. gr.

Í þessari grein er ákveðið, hversu mikill hluti félagsmanna þurfi að greiða atkvæði og hve mikill hluti greiða atkvæði gegn miðlunartillögunni til þess að hún teljist felld. Ákvæði þetta er sett til að tryggja það, að lítill minni hluti félagsmanna geti ekki fellt miðlunartillöguna og þannig orðið orsök vinnustöðvunar, sem meiri hluti félagsmanna er mótfallinn eða kærir sig ekki um.

Reglan um útreikning úrslitanna er hér tekin óbreytt upp úr 7. gr. dönsku sáttasemjaralaganna frá 18. jan. 1934. En hún var þá samþykkt eftir tillögu danska félagsmálaráðherrans, Steincke.

Um 15. gr.

Það getur oft verið heppilegt og jafnvel nauðsynlegt að leysa í einu lagi deilu í fleiri en einni atvinnugrein. Að því lúta ákvæði þessarar greinar. Hliðstæð ákvæði eru í dönsku og norsku sáttasemjaralögunum.

Um 17. og 18. gr.

Í þessum greinum er kveðið á um það, hversu með skuli fara, ef aðiljar vilja ganga að tillögu sáttasemjara, sem áður hefir verið felld, og hvernig sáttatilraunir skuli upp teknar að nýju. Samskonar ákvæði eru í norsku lögunum.

Um 16. gr.

Þegar svo stendur á, að ekki hefir tekizt að fá lausn þýðingarmikillar vinnudeilu, verður það að teljast mikilsvert, að almenningur eigi þess kost að fá sem nákvæmastar og óhlutdrægastar upplýsingar um deiluatriðin og gang málsins í höfuðatriðum. Englendingar leggja mikið upp úr áhrifum almenningsálitsins á sáttavilja deiluaðilja, og Norðmenn hafa tekið ensku löggjöfina til fyrirmyndar, eigi ólíkt því sem hér er gert.

Um 19. gr.

Svipuð ákvæði eru í núgildandi lögum.

Um 20. og 21. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Að öðru leyti vísast til greinargerðar með frumvarpi til laga um Félagsdóm.

Ed. 141. Nefndarálit

um frv. til laga um reiknings- og skuldaskil sparisjóðsins Gullfoss í Hrunamannahreppi.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefir athugað frv. þetta og orðið sammála um að leggja til, að það verði samþykkt, en telur rétt, að á því verði gerðar nokkrar breytingar, sem þó að mestu eru aðeins við orðalag frv. Eru breytingar þessar fluttar á sérstöku þingskjali.

Alþingi, 23. marz 1937.

Sigurjón Á. Ólafsson, form.	Ingvar Pálmason, fundaskr., frsm.	Magnús Guðmundsson.

Ed. 142. Breytingartillögur

við frv. til laga um reiknings- og skuldaskil sparisjóðsins Gullfoss í Hrunamannahreppi.

Frá allsherjarnefnd.

1. Við 2. gr. Greinin orðist svo:
   Stjórn sparisjóðsins skal nú þegar skipta því fé, sem er í sjóði, milli innstæðueigenda, í réttu hlutfalli við innstæður þeirra í sjóðnum.
   Réttur eigandi sparisjóðsbókar telst sá gagnvart sjóðnum, sem samkvæmt bókum hans er talinn eigandi hennar 15. nóv. 1934.
2. Við 4. gr. Greinin orðist svo:
   Stjórn sjóðsins annast innheimtu útistandandi skulda hans, og skal innheimtunni hraðað svo sem kostur er á. Stjórnin skiptir hinu innheimta fé á þeim tímum, sem skiptaráðandinn í Árnessýslu ákveður, milli innstæðueigenda eftir reglum 2. gr.
   Nú er innheimtu lokið og fénu skipt eftir reglum þessara laga, og hafa þá innstæðueigendur tapað þeim hluta innstæðna sinna, sem ekki hefir greiðzt.
   Kostnað við skuldaskil sjóðsins greiðir hann eftir reikningi, sem skiptaráðandi Árnessýslu úrskurðar.

Sþ. 143. Tillaga til þingsályktunar

um afnotagjald útvarpsnotenda.

Flm.: Þorsteinn Þorsteinsson, Jón Ólafsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að gera ráðstafanir til, að árlegt afnotagjald þeirra útvarpsnotenda, sem ekki hafa straumtæki, verði lækkað niður í 20 krónur, og lækkun þessi verði látin ná til afnotagjalds fyrir árið 1937.

Greinargerð.

Nú er tala útvarpsnotenda orðin meira en þrettán þúsund, og munu varla í nokkru landi jafnmargir útvarpsnotendur miðað við fólksfjölda, en aftur á móti er afnotagjaldið hér á landi miklu hærra en í öðrum nálægum löndum. Útvarpið sjálft, ásamt viðtækjaverzluninni, hefir nú mikinn tekjuafgang, og virðist munu hafa framvegis töluverðar tekjur fram yfir gjöld, enda þótt afnotagjöldin lækkuðu alls um rúmar 30000 kr., en því mun sú lækkun nema, sem hér er gert ráð fyrir í þingsályktunartillögunni.

Það þykir vera full ástæða til að bera fram ofanritaða tillögu, því að aðaltilgangur með stofnun útvarpsins var sá, að það yrði fræðslustofnun fyrir almenning og til skemmtunar, en ekki sérstök tekjustofnun fyrir ríkissjóð. Nú er það hvorttveggja, að fátækari útvarpsnotendur til sveita og sjávar fá varla risið undir þeim kostnaði, er útvarpsnotkun leggur þeim á herðar, einkum þeir, er kaupa verða rafhlöður og hleðslu rafgeymanna, og liggur því við borð, að þeir verði að láta viðtæki sín aftur af höndum, og annað hitt, að útvarpsnotendur — að minnsta kosti margir þeirra — höfðu fulla ástæðu til að ætla, að lækkuð yrðu afnotagjöldin undir eins og útvarpsreksturinn færi að bera sig sjálfur. Þá má og gera ráð fyrir, að með lækkun afnotagjaldsins fjölgi útvarpsnotendum örar en ella, og myndi þá tekjuýrnun sú, er af samþykkt tillögunnar leiðir, hverfa að miklu eða öllu leyti.

Á Alþingi 1935 var svipuð þingsályktunartillaga borin fram af okkur framanrituðum flutningsmönnum ásamt tveim öðrum þingmönnum, en þá gert ráð fyrir, að gjaldið lækkaði um 15 krónur. Tillaga sú varð ekki útrædd. Þykir okkur nú líklegra, að tillaga okkar nái fram að ganga, ef ekki er farið fram á meiri lækkun en 10 krónur, og höfum því farið þá leið, þótt við lítum þannig á, að sú lækkun sé allt of lítil.

Nd. 144. Frumvarp til laga

um Byggingarsjóð sveitanna.

Flm.: Jón Sigurðsson, Jón Pálmason, Pétur Ottesen.

1. gr.

Tilgangur sjóðsins er að stuðla að endurbyggingu íveruhúsa í sveitum landsins.

2. gr.

Sjóðurinn er deild í Búnaðarbanka Íslands. Stjórn bankans annast alla stjórn sjóðsins.

3. gr.

Stofnfé sjóðsins er Byggingar- og landnámssjóður eins og hann er nú.

Tekjur sjóðsins eru:

1. Vextir og afborganir af útistandandi lánum.
2. Árlegt framlag úr ríkissjóði, 250 þúsund krónur.
3. Styrkur ríkissjóðs til endurbygginga, 100 þúsund krónur á ári næstu 10 ár.

4. gr.

Byggingarsjóðurinn skal gefa út vaxtabréf, er nefnast **byggingarsjóðsbréf.** Skulu það vera skuldabréf, er hljóða upp á handhafa. Stjórn sjóðsins kveður á um lögun og útlit bréfanna. Fjármálaráðherra og aðalbankastjóri Búnaðarbankans undirskrifa bréfin. Vaxtabréfin skulu gefin út í flokkum, og ákveður stjórn sjóðsins, hvenær hverjum flokki er lokið og nýr stofnaður. Aldrei má vera meira í umferð af vaxtabréfum en nemur sexfaldri upphæð höfuðstóls Byggingarsjóðs sveitanna. Vaxtamiðar, sem komnir eru í gjalddaga, skulu gjaldgengir til lúkningar sköttum og öðrum gjöldum til ríkissjóðs, og skulu gjaldheimtumenn ríkisins innleysa þá, ef þeir hafa fé fyrir hendi, er greiða á í ríkissjóð.

Í fyrsta flokki gefur sjóðurinn út allt að 2 milljónum króna byggingarsjóðsbréfa, er séu undanþegin bæði tekjuskatti og eignarskatti, enda skal eigendum þeirra eigi skylt að telja þau fram til skatts. Vextir bréfanna mega eigi vera hærri en 3½% og söluverð þeirra eigi undir nafnverði. Að öðru leyti fer útgáfa byggingarsjóðsbréfanna eftir reglugerð, er ráðherra setur. Sé þar ákveðið um fjárhæð bréfanna, vexti, gjalddaga vaxtanna og hvernig haga skal auglýsingu um greiðslu þeirra. Þar skal og ákveðið tímatakmark, er innlausn allra vaxtabréfa hvers flokks skal vera lokið, og skal það aldrei vera síðar en 50 árum frá því er flokkurinn var stofnaður.

5. gr.

Leggja skal í varasjóð 25% af tekjuafgangi þeim, sem verða kann samkvæmt árlegum reikningsskilum sjóðsins. Fé varasjóðs má ekki nota til útlána, heldur skal það ávaxta á þann hátt, að handbært sé, eftir því sem nánar verður ákveðið í reglugerð Byggingarsjóðs sveitanna. Af fé varasjóðs skal greiða tap, sem Byggingarsjóður sveitanna kann að verða fyrir vegna útlána.

6. gr.

Til tryggingar vaxtabréfum Byggingarsjóðs sveitanna er:

1. Skuldabréf þau, er hann fær frá lántakendum.
2. Varasjóður Byggingarsjóðs sveitanna.
3. Höfuðstóll Byggingarsjóðs sveitanna.
4. Ábyrgð ríkissjóðs.

Ef taka þarf til tryggginganna, sé það gert í þeirri röð, sem hér er talin.

7. gr.

Lán úr sjóðnum eru eingöngu veitt til byggingar íbúðarhúsa í sveitum með þessum skilyrðum:

1. Að lántakandi sé íslenzkur ríkisborgari og fullveðja.
2. Að hann sanni með síðustu skattaskýrslu sinni, staðfestri af skattanefnd, að hann eigi svo mikil efni sem nauðsynleg eru til búrekstrar á jörðinni, en geti ekki af eigin rammleik reist íbúðarhús á henni.
3. Að hann sanni með vottorði hreppstjóra, að jörðin liggi ekki undir skemmdum af völdum náttúrunnar.
4. Að húsin séu gerð úr varanlegu efni og gerð þeirra innan og utan samþykkt af stjórn sjóðsins.
5. Að húsin séu vátryggð í Brunabótafélagi Íslands.
6. Að sveitarstjórn telji jörðina svo vel í sveit setta, að ráðlegt sé að endurreisa bæjarhús á henni.
7. Að lögð sé fram stutt lýsing á bæjarhúsum umsækjanda, undirrituð af virðingarmönnum Brunabótafélags Íslands.

8. gr.

Lán má veita gegn þessum tryggingum:

1. Gegn hverju því fasteignaveði, er stjórn sjóðsins tekur gilt.
2. Gegn afgjaldskvöð af býlum þeim, er lán er veitt til, enda sé býlið ekki veðsett með 1. veðrétti.
3. Gegn ábyrgð sýslu-, bæjar- eða hreppsfélaga, að áskildu lögmætu samþykki æðri stjórnarvalda.

9. gr.

Lánin veitast með þessum kjörum:

1. Vextir og afborgun lánanna sé ekki yfir 5% af allri lánsupphæðinni í 42 ár.
2. Lán þessi mega nema:
   a. verði aðflutts byggingarefnis, að því leyti sem það er ekki greitt með byggingarstyrk. Þar til telst þó ekki sandur, mór, möl, steinn, torf eða mosi, þótt afla verði utan landareignarinnar.
   b. Allt að ⅔ hlutum af kaupi steinsmiða og trésmiða, er nauðsynlega þurfa að vinna að húsagerðinni.

   Lán þessi mega þó ekki fara yfir 6 þúsund krónur til sama manns.

10. gr.

Lánin greiðir sjóðurinn út í þremur hlutum, þannig: Fyrsta hluta þegar efni til byggingarinnar er allt keypt og komið á staðinn. Annan hlutann þegar byggingin er komin undir þak. Þriðja og síðasta hluta þegar byggingin er fullgerð. Skal hin útborgaða fjárhæð í hvert sinn miðuð við þann útlagða hluta kostnaðar, sem lánshæðin fer eftir samkv. 9. gr.

11. gr.

Stjórn Byggingarsjóðs sveitanna er heimilt að verja árlega á næstu 10 árum allt að 100 þúsund krónum á ári til að styrkja endurbyggingu íbúðarhúsa í sveitum.

12. gr.

Skilyrði fyrir byggingarstyrk eru, að skilríki þau, er lánbeiðandi leggur fram samkv. 7. gr., beri það með sér:

1. Að bóndinn getur ekki staðið straum af nauðsynlegu byggingarláni.
2. Að sannað sé með vottorði hreppstjóra, að húsakynnin séu óhæf til íbúðar vegna hrörnunar, eða með vottorði héraðslæknis, að heimilisfólki sé þar búið heilsutjón.
3. Að jörðin sé í sjálfsábúð eða byggð samkv. lögum nr. 8 1. febrúar 1936. Þegar þessi skilyrði eru fyrir hendi, á hlutaðeigandi rétt á byggingarstyrk, sem svarar helmingi verðs útlends byggingarefnis til byggingarinnar, komins á næstu höfn, þó aldrei yfir 2000 krónur á býli.

Styrkurinn greiðist þegar stjórn sjóðsins hefir fengið fullnaðarreikning yfir byggingarkostnaðinn.

13. gr.

Stjórn sjóðsins setur byggingarfróðan mann til eftirlits því, að bygging, sem lán er veitt til, sé vel af hendi leyst, og er lánþega skylt að hlíta fyrirmælum hans. Kostnað þann, er af eftirlitinu leiðir, greiðir sjóðurinn, en gjalda skal lánþegi sjóðnum 1% af lánsupphæðinni, þá er síðasta útborgun lánsins fer fram.

14. gr.

Skylt er ábúanda að halda vel við byggingum þeim, er lán hefir verið veitt til úr sjóðnum. Trúnaðarmenn sjóðsins, er stjórn hans skipar 2 eða fleiri í hverjum hreppi, skulu hafa eftirlit með viðhaldi bygginganna og tilkynna stjórn sjóðsins, ef því er í einhverju ábótavant.

15. gr.

Byggingarsjóður sveitanna sér þeim, er lán fá úr sjóðnum, fyrir ókeypis teikningum af húsum þeim, sem lán er veitt til, svo og ókeypis leiðbeiningum um allt, er að byggingunum lýtur.

16. gr.

Stjórn Byggingarsjóðs sveitanna hlutast til um, að gefin verði út leiðbeinandi rit um húsagerð í sveitum, með fyrirmyndum og leiðbeiningum fyrir bændur, og er stjórninni heimilt að verja til þess af fé því, er sjóðurinn fær til umráða samkvæmt 3. lið 3. gr.

17. gr.

Nú verða ábúenda- og eigendaskipti með sölu að fasteign, sem stendur í skuld við Byggingarsjóð sveitanna, og er þá enginn kaupsamningur gildur um eignina nema með árituðu samþykki sjóðsstjórnarinnar. Söluverð slíkrar fasteignar má ekki vera hærra en síðasta fasteignamat sýnir, að viðbættu virðingarverði þeirra mannvirkja, er unnin hafa verið frá því, er fasteignamat fór síðast fram.

Sé um leiguábúð að ræða, má eftirgjaldið ekki vera hærra en sem svarar 5% landverðs, að viðbættum 4% húsaverðs, miðað við síðasta fasteignamat, og virðingarverð umbóta, er síðar hafa verið gerðar. Ef fasteign er seld eða leigð hærra en hér segir, fellur lán það, er á eigninni hvílir, í gjalddaga fyrirvaralaust.

18. gr.

Um endurskoðun reikninga Byggingarsjóðs sveitanna, starfsskýrslu o. fl. fer eins og fyrir er mælt í lögum nr. 31 14. júní 1929, um Búnaðarbanka Íslands.

19. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi felld lög nr. 35 7. nóv. 1928, um Byggingar- og landnámssjóð, og breyting á þeim lögum, nr. 54 8. sept. 1931.

20. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1938.

Greinargerð.

Byggingar- og landnámssjóður hefir nú starfað um 8 ára skeið. Sjóðurinn hefir á þessum árum stuðlað allverulega að byggingu íbúðarhúsa í sveitum, ásamt Ræktunarsjóði. Frá þessum tveimur sjóðum er megnið af því lánsfé runnið, er farið hefir til bygginga í sveitum á síðari árum. Samkv. athugunum, er gerðar hafa verið, telst svo til, að sjóðirnir hafi lánað samtals 84 lán á ári að meðaltali síðari árin til íbúðarhúsbygginga í sveitum, en sterkar líkur benda til þess, að endurbyggingarþörf sveitanna sé að minnsta kosti 140—150 íbúðarhús á ári, og að svo muni verða næsta áratuginn.

Af þessu er það augljóst, að þessir sjóðir geta ekki fullnægt þörfum bændanna fyrir nauðsynlegum byggingarlánum með því fjármagni, sem þeir hafa nú yfir að ráða. Síðan byggingar- og landnámssjóður tók til starfa hafa orðið stórfelldar breytingar á efnahag bænda. Margir, er þá voru taldir efnamenn eða góðir bjargálna bændur, eru nú tæplega sjálfbjarga efnalega og hafa orðið að veðsetja jörð og bú. Liggja til þess orsakir, sem flestum eru kunnar og ekki verða raktar hér.

Af þessu hefir leitt, að nú þurfa miklu fleiri bændur en áður hagkvæm lán og aðstoð til þess að koma upp sæmilegum byggingum á jörðum sínum. Gömlu bæirnir í sveitunum halda áfram að hrörna; þeir bíða ekki eftir bættum hag bænda. Við borð liggur, að margar jarðir víðsvegar um land fari í eyði vegna þess, að bæjarhús eru öll komin að falli og eigendur þeirra geta ekki byggt yfir sig viðunandi með þeim lánskjörum, sem nú eru í boði. Ef ekkert verður að gert, fara þessar jarðir smám saman í eyði, en fólkið flyzt í kaupstaðina og bætist þar í hóp atvinnuleysingjanna. Þegar þessar jarðir hafa verið í eyði 1—2 ár, teljast þær til eyðijarða og falla þar með undir ákvæði nýbýlalaganna.

Samkvæmt nýbýlalögunum getur sá, er byggir upp eyðijörð og fullnægir að öðru leyti skilyrðum laganna, fengið allt að 2500 kr. sem beinan byggingarstyrk úr nýbýlasjóði (þ. e. ríkissjóði) til bygginga á jörðinni. Af þessu er það ljóst, að eins og löggjöfinni er nú háttað, er það tvöfalt tjón fyrir ríkið og þjóðarheildina, að byggilegar jarðir leggist í eyði; bændurnir og fjölskyldur þeirra flytja þá allajafnan frá framleiðslustörfum og ríkið verður að leggja fram allmikið fé til að koma aftur upp byggingum á þessum jörðum.

Það er því beinlínis búhnykkur fyrir ríkið að veita þessum bændum byggingarstyrk, er örðugast eiga með að byggja yfir sig, hjá því að láta jarðirnar fara í eyði, og sannast hér sem oftar, að léttara er að styðja en reisa.

Tilgangurinn með þessu frv. er að létta bændum að nokkru þá erfiðleika, er bent hefir verið á hér að framan. Byggingar- og landnámssjóði var upphaflega ætlað að vera lánstofnun bænda og nýbýlamanna. Með stofnun Nýbýlasjóðs er Byggingar- og landnámssjóður leystur frá öllum landnámsstörfum og starfar nú eingöngu sem byggingarsjóður bænda. Í frv. er því lagt til, að nafn hans breytist samkv. því og að sjóðurinn nefnist „Byggingarsjóður sveitanna“. Jafnframt falli burtu öll þau ákvæði, sem eru óþörf eða eiga ekki lengur heima í lögum Byggingar- og landnámssjóðs vegna nýrra lagasetninga.

Aðalnýmæli frv. eru tvö auk nokkurra smærri:

1. Að sjóðnum er heimilað að afla sér ódýrs rekstrarfjár með því að gefa út 3½% vaxtabréf, er séu undanþegin opinberum sköttum. Á þann hátt fengi sjóðurinn meira fé til útlána og gæti því liðsinnt bændum meira en nú er með aðkallandi byggingarlán. Hinsvegar er felld niður 5 millj. kr. lánsheimild til ríkisstjórnarinnar vegna sjóðsins, þar eð reynslan hefir sýnt, að sjóðurinn getur tæplega notfært sér dýrt lánsfé.
2. Að sjóðurinn veiti styrk til íbúðarhúsbygginga í sveitum, þar sem skýrslur bera það með sér, að bóndinn getur ekki byggt án slíkrar hjálpar, og líkur eru til, að jörðin fari í eyði af þeim ástæðum. Jafnframt leggi ríkissjóður í þessu skyni Byggingarsjóði sveitanna 100 þús. kr. á ári næstu 10 ár.

Alþingi hefir nýlega viðurkennt nauðsyn þess að fjölga sjálfstæðum framleiðendum í sveitum með stofnun nýbýla, og ákveðið að leggja árlega til þess 180 þús. kr. úr ríkissjóði. Í framhaldi af þessari stefnu verður þá einnig að vænta þess, að Alþingi telji það ekki síður skyldu sína að leggja fram fé til að viðhalda byggðinni. Hitt væri að byrja á öfugum enda og lítil hagfræði að kappkosta að reisa nýbýli á óræktuðu landi með ríflegum ríkisstyrk, en láta jafnhliða byggilegar jarðir fara í eyði vegna skorts á stuðningi frá því opinbera. Hvortveggja þessi nýmæli voru rædd á Búnaðarþingi nú fyrir skömmu og samþykkt þar með öllum atkvæðum. — Nánar í framsögu.

Nd. 145. Frumvarp til laga

um afnám laga nr. 7 9. jan. 1935, um fiskimatsstjóra.

Flm.: Jón Ólafsson.

1. gr.

Lög nr. 7 frá 9. jan. 1935, um fiskimatsstjóra, skulu úr gildi numin.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Þegar lög um fiskimatsstjóra voru sett á Alþingi 1934, voru mjög skiptar skoðanir um nytsemi embættisins fyrir fiskimatið í landinu, sem þó var talið aðalatriði málsins. Nú hefir sú tveggja ára reynsla, sem þegar er fengin, sýnt og sannað, að fiskimatinu hefir sízt farið fram á þessum árum, heldur hið gagnstæða. Ennfremur hefir fiskimatsstjóri orðið þess valdandi, að fiskimenn, og þar með þjóðin öll hefir beðið stórkostlegt fjárhagslegt tjón af þekkingarleysi hans, og þar af leiðandi skökkum ráðstöfunum, sem ég mun nánar gera grein fyrir við umræðu málsins. Hér er einnig um 12 þús. króna árlegan sparnað að ræða fyrir ríkissjóð.

Nd. 146. Frumvarp til laga

um breyting á lögum um fiskimálanefnd, útflutning á fiski, hagnýtingu markaða o. fl., nr. 120 12. des. 1935.

Flm.: Jón Ólafsson.

1. gr.

Fyrsta málsgrein fyrstu greinar laganna orðist svo:

Ríkisstjórnin skipar þriggja manna fiskimálanefnd. Skipar atvinnumálaráðherra einn mann, en hinir tveir skulu tilnefndir, annar af Fiskifélagi Íslands og hinn af fisksölusamlagi íslenzkra fiskframleiðenda.

Í stað orðanna í upphafi þriðju málsgreinar sömu greinar „Nú vanrækir einhver“ komi: Nú vanrækir annarhvor.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Við að kynna mér störf fiskimálanefndar og afrek þau, er eftir hana liggja, fæ ég ekki betur séð en nægja muni þriggja manna nefnd við þau viðfangsefni, sem nefndin á hverjum tíma hér eftir fær til meðferðar, og rökstyð ég það meðal annars með því, að nú hefir nefndin fengið tveggja ára æfingu við ýms þau mál, sem að líkindum verða viðfangsefni hennar framvegis. Auk þess hefir nú nefndin æfðan skrifstofustjóra, sem um leið er framkvæmdastjóri hennar og annast því öll útlend og innlend viðskipti. Minna má á það, sem raunar allir vita, sem unnið hafa að framkvæmdum, að því meiri mistaka er að vænta, sem fleiri eru við ákvörðun riðnir. Ég get ekki séð, að bankarnir hafi neitt að gera með menn í fiskimálanefnd, ekki heldur Alþýðusamband Íslands, botnvörpuskipaeigendur eða Samband íslenzkra samvinnufélaga, og legg því til, að þeir, sem nú gegna trúnaðarstörfum fyrir alþjóð í fiskimálum, hafi einnig íhlutun um útnefningu í fiskimálanefnd. Sparnaður við þessa breytingu mundi nema 800 kr. á mánuði.

Ed. 147. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 35 1. febr. 1936, um viðauka við l. nr. 78 19. júní 1933, um Kreppulánasjóð.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefir orðið ásátt um að mæla með frv. með þeirri breytingu, að læknishéruð, sem standa í skuld vegna byggingar eða kaupa á læknisbústöðum og sjúkraskýlum, geti notið lána úr sjóðnum. Fyrir því leggur nefndin til, að frv. verði samþ. með þessari

BREYTINGU:

1. málsgr. 2. gr. frv. orðist svo:

Ríkisstjórninni heimilast að fela stjórn Kreppulánasjóðs að nota það, sem eftir er af skuldabréfum Kreppulánasjóðs bæjar- og sveitarfélaga, til:

a) Skuldaskila þeirra sveitarfélaga, sem ekki fengu lán úr sjóðnum á árinu 1936, en senda umsóknir um það fyrir 1. september 1937.

b) Að breyta skuldum læknishéraða, sem þau standa í vegna kaupa eða bygginga á bæði læknisbústað og sjúkraskýli, enda innheimti hlutaðeigandi sýslumenn árgjöldin af lánum þessum með manntalsþingagjöldum og standi skil á þeim til Kreppulánasjóðs. Atvinnumálaráðherra setur reglur um niðurjöfnun gjaldsins í hinum einstöku héruðum, að fengnum tillögum landlæknis.

Umsóknir um lán eftir þessum lið skulu komnar til sjóðsstjórnarinnar fyrir 1. sept. 1937.

c) Að lána það, sem afgangs kann að verða þegar lokið er lánveitingum samkvæmt a- og b-lið þessarar gr., þeim bæjarfélögum, sem á árinu 1936 fengu ekki fullnægjandi afgreiðslu hjá sjóðnum.

Alþingi, 30. marz 1937.

Sigurjón Á. Ólafsson, form., með fyrirvara.	Ingvar Pálmason, fundaskrifari.	Magnús Guðmundsson, frsm.

Ed. 148. Breytingartillaga

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 44 23. júní 1932, um skipun læknishéraða, verksvið landlæknis og störf héraðslækna.

Frá meiri hl. allsherjarnefndar.

Síðasti málsliður 2. gr. orðist svo: Í þessum kaupstöðum skal héraðslækni séð fyrir skrifstofu og aðstoð við skrifstofuhald, ef þörf krefur. Kostnaður af skrifstofuhaldinu greiðist að hálfu úr ríkissjóði og að hálfu úr hlutaðeigandi bæjarsjóði. Þessi ákvæði um skrifstofuhald koma til framkvæmda í Reykjavík nú þegar, þótt ekki verði þar héraðslæknaskipti.

Ed. 149. Breytingartillaga

við frv. til laga um framlenging á gildi ýmsra lagaákvæða um tekjuöflun fyrir ríkissjóð.

Frá Bernh. Stefánssyni.

Við 5. gr. 2. málsgr. Í stað orðanna „svo sem hér segir .... g. Ljósavatnsskarðsvegar allt að 5000“ komi: allt að 260000 krónum, og skal skipting þess fjár ákveðin í fjárlögum.

Ed. 150. Frumvarp til laga

um bæjanöfn o. fl.

Frá allsherjarnefnd.

1. gr.

Ekkert býli utan kaupstaða eða kauptúna má vera nafnlaust.

2. gr.

Í kaupstöðum og kauptúnum skulu hús auðkennd með götunafni og númeri. Þó er eiganda húss heimilt að auðkenna hús sitt jafnframt með öðru nafni, svo og að gefa húsi sínu nafn, þar sem svo hagar til, að húsið verður eigi auðkennt með götunafni og númeri.

3. gr.

Nöfnum á býlum utan kaupstaða og kauptúna, þeim, er talin eru í fasteignabók, má eigi breyta nema að fengnu leyfi ráðherra.

4. gr.

Eigi má taka upp nafn á nýbýli utan kaupstaða eða kauptúna nema með leyfi ráðherra.

5. gr.

Nú vill eigandi húss í kaupstað eða kauptúni gefa húsi sínu nafn samkvæmt 2. gr., eða breyta nafni á því, og skal hann þá afhenda til þinglýsingar yfirlýsingu sína um nafn hússins. Í yfirlýsingunni skal eignin skilgreind svo nákvæmlega, að eigi geti verið vafi á, við hvaða eign er átt. Yfirlýsingunni skulu fylgja skilríki fyrir eignarrétti þess manns, er yfirlýsinguna gefur, að eigninni, svo og meðmæli bæjarstjórnar eða hreppsnefndar með nafninu.

Þinglýsingarvaldsmanni skal heimilt að neita um þinglýsingu nafnsins og banna upptöku þess, ef honum virðist nafnið að einhverju leyti óheppilegt eða afkáralegt. Eigi má taka upp nafn, sem annað hús í sama kaupstað eða kauptúni er nefnt.

6. gr.

Vilji eigandi breyta nafni býlis síns samkvæmt 3. gr. eða taka upp nafn á nýbýli sínu samkvæmt 4. gr., skal hann senda ráðherra beiðni um leyfi til þess. Í beiðninni skal skýrt frá ástæðum til þess, að farið er fram á, að hið eldra nafn býlisins verði lagt niður, og þeim ástæðum, er ráðið hafa vali umsækjanda á hinu nýja nafni. Sé hið nýja nafn dregið af staðháttum, skal þeim staðháttum lýst í umsókninni. Umsókninni skal fylgja vottorð sýslumanns um eignarheimild umsækjanda.

Breytingu á nafni býlis skal eigi leyfa nema sérstakar ástæður mæli með því. Við upptöku nýnefna skal þess gætt, að fylgt sé þeim venjum, sem ráðið hafa nafngjöfum býla hér á landi.

Samnefni á býlum í sömu sýslu má ekki leyfa.

7. gr.

Nú telur ráðherra nafntökunni ekkert til fyrirstöðu, og gefur hann þá út leyfisbréf til nafntökunnar. Leyfisbréfið sendir ráðherra sýslumanni, og ber honum að láta þinglýsa því á næsta manntalsþingi.

Fyrir leyfisbréfið greiðir umsækjandi 25 kr. í ríkissjóð, er sýslumaður innheimtir, auk lögákveðins gjalds fyrir þinglýsingu leyfisins.

Þinglýstu nafni á býli utan kaupstaða eða kauptúna má eigi breyta nema með leyfi ráðherra.

Birta skal árlega í B-deild Stjórnartíðindanna skrá yfir nöfn þau, sem leyft hefir verið að taka upp á árinu, svo skal og, er lög þessi hafa tekið gildi, birta skrá yfir nöfn þau, er leyfð hafa verið á eldri býlum og ekki eru talin í fasteignabók 1932.

8. gr.

Ákvæði 6. og 7. gr. gilda einnig um nöfn á nýbýlum, sem tekin hafa verið upp áður en lög þessi öðlast gildi og eigi eru talin í fasteignabók 1932.

Eigendur skulu hafa sótt um nafnleyfi á slíkum býlum innan 6 mánaða frá gildistöku laga þessara.

9. gr.

Ráðherra skipar 5 manna nefnd, er nefnist örnefnanefnd. Skal álits nefndarinnar leitað um allar umsóknir um leyfi til breytinga á nafni býlis og um upptöku nýs nafns á býli. Nefnd þessi skal og hafa eftirlit með nafnsetningu á landabréfum þeim, sem gefin eru út að tilhlutun ríkisins, og vera landsstjórninni til ráðuneytis um önnur málefni, er varða hverskonar staðanöfn hér á landi.

10. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum, allt að 500 kr., er renna í ríkissjóð. Skulu lögreglustjórar og hreppstjórar hafa eftirlit með því, að þeim sé hlýtt.

Mál út af brotum gegn lögum þessum skal farið með sem almenn lögreglumál.

11. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og falla þá jafnframt úr gildi lög nr. 31 20. okt 1913, um bæjanöfn.

Greinargerð.

Frv. þetta er flutt að beiðni atvinnumálaráðherra, og fylgdu því svo látandi athugasemdir:

Núgildandi lög, nr. 31 20. okt. 1913, um bæjanöfn, eru orðin að ýmsu leyti ófullnægjandi. Sérstaklega vantar öll ákvæði um nöfn á nýbýlum.

Þá þykir og rétt að fella inn í lögin nokkur ákvæði um nöfn á húsum í kaupstöðum og kauptúnum (2. og 4. gr.), svo og að setja nokkru fyllri ákvæði um ástæður umsækjanda fyrir nafnabreytingu býlis (6. gr.).

Rétt þykir í þessu sambandi að lögfesta nefnd þá, „örnefnanefnd", er atvinnumálaráðherra skipaði 3. des. 1935 til þess að afla ábyggilegra upplýsinga um örnefni, bæði rétt heiti og rithátt, til notkunar við landmælingar og uppdráttagerð af landinu. Nefnd þessi hefir starfað síðan aðallega að þessu verkefni, en jafnframt hefir ráðuneytið leitað álits nefndarinnar um umsóknir um nafnabreytingar á býlum.

Fylgiskjal.

VEGAMÁLASTJÓRINN
Reykjavík, 6. marz 1937.

Örnefnanefndin.

Nefnd þessa skipaði atvinnumálaráðherra með bréfi, dags. 3. des. 1935, til þess að afla ábyggilegra upplýsinga um örnefni, bæði rétt heiti og rithátt, til notkunar við landmælingar og uppdráttagerð af landinu.

Þegar á fyrsta fundi nefndarinnar var rætt um verkefni það, sem nefndinni var falið, og þótti mönnum það of þröngt. Eftir nokkrar umræður var próf. Ólafi Lárussyni falið að semja tillögur til breytingar við lög nr. 31 20. okt. 1913, um bæjanöfn á Íslandi, í samræmi við álit nefndarinnar.

Frumvarp þetta liggur nú fyrir, og hefir nefndin falið mér að senda það til ráðuneytisins ásamt greinargerð, með tilmælum um, að ráðuneytinu þóknist að hlutast til um, að það verði borið fram á Alþingi því, er nú situr.

Virðingarfyllst,

Geir G. Zoëga,
formaður.

Til atvinnu- og samgöngumálaráðuneytisins.

Nd. 151. Frumvarp til laga

um ýmsar ráðstafanir til viðreisnar sjávarútveginum

Flm.: Jónas Guðmundsson, Héðinn Valdimarsson, Stefán Jóh. Stefánsson, Emil Jónsson, Finnur Jónsson, Sigurður Einarsson, Páll Þorbjörnsson, Ásgeir Ásgeirsson.

I. KAFLI
Um útflutningsgjald og lántöku fyrir Fiskimálasjóð.

1. gr.

Á tímabilinu frá 1. maí 1937 til 1. maí 1939 skal eigi innheimta útflutningsgjald til ríkissjóðs af saltfiski, verkuðum og óverkuðum, sem út úr landinu er fluttur á þessu tímabili.

2. gr.

Frá 1. janúar 1938 skal útflutningsgjald það af sjávarafurðum, sem í ríkissjóð rennur, renna óskipt til Fiskimálasjóðs. Skal því varið til starfsemi þeirrar, er fiski-

málanefnd hefir með höndum samkvæmt lögum um fiskimálanefnd, útflutning á fiski, hagnýtingu markaða o. fl., og til framlaga og lánveitinga og vaxta- og afborganagreiðslna samkvæmt lögum þessum.

Að tímabili því loknu, er í 1. gr. getur, rennur útflutningsgjald af saltfiski einnig í Fiskimálasjóð.

3. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að ábyrgjast allt að 3 — þriggja — milljóna króna lán, er Fiskimálasjóður tekur til framkvæmda samkvæmt lögum þessum.

Greiðslur vaxta og afborgana af lánum þessum annast Fiskimálasjóður af árlegum tekjum sínum.

Lánin má taka í erlendri mynt.

II. KAFLI
Um lán til togarakaupa.

4. gr.

Atvinnumálaráðherra veitist heimild til að ákveða, að úr Fiskimálasjóði megi veita lán til byggingar eða kaupa á 6 nýtízku botnvörpuskipum, allt að ¼ hluta byggingarkostnaðar eða kaupverðs hvers skips.

5. gr.

Lán samkvæmt 4. gr. má veita:

a. Reykjavíkurkaupstað, eða útgerðarfyrirtæki með takmarkaðri ábyrgð, sem Reykjavíkurbær stofnar eða starfrækir.
b. Öðrum kaupstöðum og kauptúnum, einum sér eða fleirum saman, með eða án þátttöku einstakra manna og félaga, eða útgerðarfyrirtækjum með takmarkaðri ábyrgð, sem stofnuð yrðu og starfrækt af bæjum eða kauptúnum samkvæmt framansögðu, enda eigi bæjar- eða hreppsfélögin meiri hluta stofnfjárframlags eða hlutafjár, ef um félagsútgerð er að ræða.
c. Einstökum mönnum, hlutafélögum og samvinnufélögum, sem sýnt geta skilríki fyrir því, að þeir eða þau geti lagt fram eigi minna en 20% af kaupverði eða byggingarkostnaði skipanna.

Atvinnumálaráðherra staðfestir reglugerðir þeirra fyrirtækja og samþykktir þeirra félaga, sem lán verður veitt, og skal sú staðfesting fara fram á undan lánveitingunni. Þar skal og ákveða um skiptingu arðs í félögunum og hvernig greiðslum til fyrningar og varasjóðs skal fyrir komið.

Álits og tillagna fiskimálanefndar skal leitað um umsóknir þær, er ráðuneytinu berast um lán til togarakaupa.

6. gr.

Trygging fyrir lánum þeim, er veitt verða samkvæmt 5. gr., má vera 2. eða 3. veðréttur í skipum þeim, sem byggð verða eða keypt fyrir lánsfé. Þó má samanlögð upphæð þeirra lána, er á skipunum hvíla á undan veðrétti Fiskimálasjóðs, eigi hærri vera en 65% byggingarkostnaðar eða kaupverðs hjá þeim, sem taldir eru í a- og b-lið 5. greinar, og eigi yfir 55% hjá þeim, sem taldir eru í c-lið sömu greinar. Skip, sem keypt verða samkvæmt lögum þessum, mega eigi eldri vera en 3 ára.

7. gr.

Heimilt er atvinnumálaráðherra að ákveða, að í stað láns til skipakaupa, sem Fiskimálasjóður veitir samkv. 4. og 5. gr., megi sjóðurinn leggja þá upphæð fram sem hlutafé eða stofnfé í fyrirtækið, þegar um er að ræða bæjarútgerðir eða útgerðarfyrirtæki, sem kaupstaðir og kauptún stofnsetja og starfrækja.

III. KAFLI
Um byggingu hraðfrystihúsa.

8. gr.

Atvinnumálaráðherra hlutast til um, að á árinu 1937 verði rannsakað, á hvaða höfnum nauðsynlegt er, að reist verði frystihús, er annazt geti hraðfrystingu og geymslu fiskjar til útflutnings.

Fiskimálanefnd skal falið að hafa rannsókn þessa á hendi og gera tillögur þar um til ríkisstjórnarinnar, svo og í hvaða röð frystihúsabyggingar þessar koma til framkvæmda.

9. gr.

Fiskimálasjóður leggur fram ¼ hluta stofnkostnaðar frystihúsa þeirra, sem reist verða samkvæmt fyrirmælum 8. greinar, og veitir eða ábyrgist lán til þeirra fyrir allt að 60% af stofnkostnaði húsa og véla.

Uppdrætti af frystihúsunum lætur fiskimálanefnd gera og ákveður stærð og gerð húsanna, tegundir frystivéla og annan frystiútbúnað.

Trygging fyrir þeim lánum, er fiskimálasjóður veitir, skal vera fyrsti veðréttur í frystihúsunum með vélum og öllum útbúnaði. Heimilt er fiskimálanefnd að krefjast bakábyrgðar bæjar- eða hreppsfélagsins, þar sem frystihús verður reist, fyrir allt að helmingi þeirrar upphæðar, sem Fiskimálasjóður lánar eða ábyrgist til frystihússins.

10. gr.

Hlunnindi þau, sem um getur í 9. gr., má veita:

a. Hlutafélögum og samvinnufélögum.
b. Bæjarfélögum og hreppsfélögum.

Félög þau, sem talin eru undir a-lið þessarar greinar, skulu, til þess að fá notið hlunninda þeirra, er í 9. gr. segir, uppfylla eftirtalin skilyrði:

1. Félagsmenn mega ekki færri vera en fimmtán.
2. Félögin skulu veita viðtöku sem félagsmönnum öllum útgerðarmönnum og sjómönnum og öðrum þeim, sem búsettir eru á félagssvæðinu og gerast vilja félagsmenn, enda greiði þeir til félagsins gjöld þau, er lög og samþykktir þess áskilja fyrir inngöngu í félagið.
3. Heimili og varnarþing félagsins sé í þeim kaupstað eða hreppi, þar sem félagið reisir frystihús.
4. Bæjar- og sveitarfélög hafa rétt til að gerast meðlimir í félögum þessum, ef þau leggja fram ákveðna upphæð til hlutafjárkaupa eða sem stofnsjóðstillag. Atkvæðisréttur þeirra er hinn sami og annara í hlutafélagi eða samvinnufélagi.
5. Ábyrgð félagsmanna í samvinnufélögum skal vera takmörkuð.
6. Í hlutafélögum, sem stofnuð verða í þessu skyni, má enginn félagsmanna fara með meira en 10% af atkvæðamagni í félaginu á félagsfundi. Í samvinnufélögum fer um atkvæðisrétt félagsmanna eftir samvinnulögum.
7. Atvinnumálaráðherra staðfestir lög og samþykktir félaganna, og skal þar kveða á um skiptingu arðs og tillög til fyrningar og varasjóðs.
8. Að öðru leyti en hér er fram tekið skulu félög þessi stofnuð og starfrækt eftir ákvæðum laga um hlutafélög eða samvinnufélög.

11. gr.

Nú er gott frystihús fyrir á einhverjum þeim stað, sem ákveðið verður, að hraðfrystihús skuli reist á, og má þá veita þeim, er það frystihús á, styrk og lán úr Fiskimálasjóði eftir sömu hlutföllum og í 9. gr. segir, til kaupa á hraðfrystitækjum, stækkunar á frystihúsinu og öðrum þeim kostnaði, er það hefir í för með sér að koma þar fyrir hraðfrystiútbúnaði.

Tryggingar fyrir þeim lánum, er veitt verða samkvæmt þessari grein, eru hrað-

frystitækin og auk þess ábyrgð bæjarstjórnar eða hreppsnefndar, nema eigandi hússins geti sett aðrar tryggingar, er fiskimálanefnd tekur gildar.

Áður en frystihúsum þeim, er um getur í þessari grein, eru veitt hlunnindi þessi, skal, með samningi milli eiganda hússins og fiskimálanefndar, tryggður réttur útgerðarmanna, sjómanna og annara þeirra, er útflutning frosins fiskjar eða fiskiafurða hafa með höndum, til þess að mega geyma þar fisk sinn eins og bezt verður talið henta og við verður komið á hverjum tíma, og við sanngjörnu verði.

Slíkan samning má eiga gera til skemmri tíma en 10 ára.

12. gr.

Hraðfrystihús þau, sem nú eru fullgerð eða eru í byggingu, og fiskimálanefnd hefir styrkt með lánveitingum eða á annan hátt, skulu njóta hlunninda þeirra, er í 9. gr. getur, enda fullnægi þau að öðru leyti ákvæðum laga þessara.

IV. KAFLI

Um fiskimjöls-, síldar- og karfavinnsluverksmiðjur.

13. gr.

Á sama hátt og í 8. gr. segir felur atvinnumálaráðherra fiskimálanefnd að láta á árinu 1937 fram fara, í samráði við stjórn síldarverksmiðja ríkisins, athugun á því, hvar nauðsynlegt er, að reistar verði fiskimjöls-, síldar- og karfavinnsluverksmiðjur, er þó séu eigi stærri en svo, að þær vinni úr 600 málum síldar á sólarhring.

14. gr.

Fiskimálasjóður leggur fram ¼ hluta stofnkostnaðar þeirra fiskimjöls-, síldar- og karfavinnsluverksmiðja, sem reistar verða samkv. 13. gr., og veitir eða ábyrgist lán til þeirra fyrir allt að 40% af stofnkostnaði húsa og véla.

Uppdrætti og kostnaðaráætlanir að verksmiðjunum lætur fiskimálanefnd gera.

Trygging fyrir lánum þeim, er Fiskimálasjóður veitir samkv. þessari grein, skal vera fyrsti veðréttur í verksmiðjunum með öllu, er þeim tilheyrir. Heimilt er fiskimálanefnd að krefjast bakábyrgðar bæjarfélags þess eða hreppsfélags, þar sem slík verksmiðja verður reist, fyrir allt að helmingi þeirrar upphæðar, er Fiskimálasjóður lánar eða ábyrgist til verksmiðjunnar.

15. gr.

Hlunninda þeirra, er í 14. gr. getur, njóta bæjarfélög, hreppsfélög og félög, sem stofnuð verða samkvæmt því, sem fyrir er mælt í 10. gr. laga þessara.

16. gr.

Fiskimjöls- og síldarverksmiðjur þær, sem fyrir eru hér á landi, eða eru í byggingu þegar lög þessi koma til framkvæmda og eigi eru stærri en í 13. gr. segir, eiga rétt á að njóta hlunninda þeirra, er í 14. gr. getur, um framlag að ¼ hluta úr Fiskimálasjóði, enda verði lögum þeirra og reglugerðum að öllu leyti komið í samræmi við ákvæði 10. gr. og önnur fyrirmæli laga þessara, er til þeirra taka.

V. KAFLI

Um niðursuðuverksmiðjur.

17. gr.

Atvinnumálaráðherra hlutast til um, að fiskimálanefnd rannsaki og geri tillögur um, á sama hátt og í 8. gr. segir, hvar heppilegast verði að reisa og reka verk-

smiðjur, er annazt geti niðursuðu á hverskonar fiski, fiskiafurðum, rækjum og öðrum sjávarafla, sem ætla má, að tryggur markaður geti fengizt fyrir erlendis.

18. gr.

Fiskimálasjóður leggur fram ¼ hluta stofnkostnaðar niðursuðuverksmiðja þeirra, sem reistar verða samkv. 17. gr., og veitir eða ábyrgist lán til bygginga og véla og áhaldakaupa, allt að 75% stofnkostnaðar. Trygging fyrir lánum þessum skal vera fyrsti veðréttur í verksmiðjunum með vélum og öllum útbúnaði þeirra, og ábyrgð bæjarfélags eða hreppsfélags, þar sem verksmiðjur þessar verða reistar.

19. gr.

Hlunnindi þau, sem í 18. gr. getur, má veita samvinnufélögum og hlutafélögum, svo og bæjarfélögum og hreppsfélögum, enda samþykki atvinnumálaráðherra samþykktir og lög félaganna og staðfesti reglugerðir þær, er bæjarstjórnir og hreppsnefndir setja um rekstur fyrirtækja þessara.

VI. KAFLI
Um styrk til veiðarfærakaupa.

20. gr.

Atvinnumálaráðherra heimilast að ákveða, að veittir skuli úr Fiskimálasjóði styrkir til kaupa á veiðarfærum, sem lítið eða ekkert eru þekkt eða notuð í einstökum veiðistöðvum, en ætla má, að gætu orðið þar að verulegu gagni.

Styrkur má nema allt að ¼ hluta af kaupverði veiðarfæranna.

21. gr.

Úr Fiskimálasjóði má og veita styrk, að þar til fengnu samþykki atvinnumálaráðherra, til kaupa á veiðarfærum, sem lítið eða ekkert hafa verið reynd eða notuð hér við land áður.

Styrkur til slíkra veiðarfærakaupa má nema allt að helmingi kaupverðs veiðarfæranna.

VII. KAFLI
Um lán til vélbátabygginga.

22. gr.

Atvinnumálaráðherra heimilast að ákveða, að þar til fengnum tillögum fiskimálanefndar, að veita megi úr Fiskimálasjóði lán til skipasmiðs, er hérlendis smíðar báta og skip til fiskiveiða, sem eigi eru stærri en 60 smálestir.

23. gr.

Lán samkvæmt 22. gr. má nema allt að 25% af andvirði skipsins, enda láni skipasmiður skipseiganda fé til jafnlangs tíma og með eigi hærri vöxtum en Fiskimálasjóður tekur. Lán Fiskimálasjóðs sé tryggt með 2. veðrétti í skipinu, enda hvíli ekki á 1. veðrétti meira en 50% af virðingarverði skipsins.

Til tryggingar láni Fiskimálasjóðs til skipasmiðs setur hinn síðarnefndi skuldabréf skipseiganda, að viðbættum öðrum tryggingum, er fiskimálanefnd tekur gildar.

Lán þessi má eigi veita til lengri tíma en 7 ára.

Ráðherra er heimilt að ákveða, að lán samkvæmt þessum kafla skuli vera vaxtalaus.

VIII. KAFLI
Ýms ákvæði.

24. gr.

Framlag það, er Fiskimálasjóður leggur til fyrirtækja þeirra, sem getið er í III., IV. og V. kafla laga þessara, telst hlutafé eða stofnsjóðstillag frá Fiskimálasjóði og veitir fiskimálanefnd eða umboðsmanni hennar sömu réttindi til íhlutunar um stjórn og meðferð málefna fyrirtækjanna og hverjum öðrum hluthafa eða félagsmanni. Eigi getur fiskimálanefnd eða ráðherra endurkrafið framlag Fiskimálasjóðs til fyrirtækja þessara, og eigi heldur selt eign hans í félögunum eða fyrirtækjunum, nema samþykki Alþingis komi til.

25. gr.

Nú stofnsetur og starfrækir bæjarstjórn eða hreppsnefnd fyrirtæki samkvæmt ákvæðum III., IV. og V. kafla laga þessara, og skoðast slíkt fyrirtæki þá sameign Fiskimálasjóðs og bæjarfélags þess eða hreppsfélags, sem í hlut á, og er fiskimálanefnd heimilt að tilnefna einn mann í stjórn fyrirtækisins. Hið sama gildir, ef um framlög er að ræða samkvæmt 7. gr.

26. gr.

Vaxtakjör og lánstíma lána þeirra, sem úr Fiskimálasjóði verða veitt samkvæmt fyrirmælum laga þessara, ákveður atvinnumálaráðherra, að þar til fengnum tillögum fiskimálanefndar.

27. gr.

Heimilt er fiskimálanefnd, að þar til fengnu samþykki ráðherra, að ákveða, að frystihús þau, er framlags hafa notið úr Fiskimálasjóði, skuli þátt taka í sameiginlegri sölu og útflutningi frystra eða kældra fiskiafurða, eftir nánari reglum, sem þar um verða settar af atvinnumálaráðherra.

Sama rétt hefir og stjórn síldarverksmiðja ríkisins til þess að ákveða, að sala á síldar- og karfaafurðum þeirra verksmiðja, sem framlags hafa notið samkvæmt ákvæðum þessara laga, skuli fram fara í sambandi við sölur á afurðum síldarverksmiðja ríkisins.

28. gr.

Heimilt er fiskimálanefnd, að þar til fengnu samþykki atvinnumálaráðherra, að byggja og starfrækja fyrir fé Fiskimálasjóðs hraðfrystihús í Reykjavík, eða kaupa meiri hluta eignarumráða í frystihúsi þar.

Sé um kaup eignar í hlutafélagi að ræða, skal fiskimálanefnd heimilt að fara með atkvæði fyrir allri eign Fiskimálasjóðs á fundum félagsins, án tillits til ákvæða 31. gr. laga nr. 77 27. júní 1921, um hlutafélög.

29. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Síðan 1934, að núverandi ríkisstjórn tók við völdum, hefir Alþýðuflokkurinn unnið að því svo sem tök hafa verið á, að leysa þau viðfangsefni sjávarútvegsins, sem mest voru aðkallandi. Var fyrsta sporið stigið í þá átt með lögunum um fiskimálanefnd, útflutning á fiski, hagnýtingu markaða o. fl., með skipun fiskimálanefndar og fjárframlögum til starfsemi hennar.

Engum getur dulizt, að nú er það tvennt, sem sérstaklega kallar að í útgerðarmálum Íslendinga. Annað er það, að togaraútveginum verði komið á tryggari grundvöll en hann nú starfar á, og að togaraflotinn verði endurnýjaður. Hitt er það, að breyta til um verkunaraðferðir á fiskframleiðslu vorri og koma á ýmiskonar nýbreytni í verkun og framleiðsluháttum.

Útvegun nýrra markaða fyrir saltfisk hefir verið reynd nokkuð að undanförnu og borið nokkurn árangur, þó mikið vanti á, að markaðir hafi fengizt í stað þeirra, sem tapaðir eru. Lokun markaðarins á Spáni og söluörðugleikarnir til Ítalíu sýna oss, að það er hreinn voði fyrir dyrum, ef um nokkurn afla verður að ræða hér næstu árin og saltfiskurinn á að vera aðalframleiðslu- og útflutningsvara þjóðarinnar.

Alþýðuflokkurinn hefir á undanförnum þingum flutt frv. til laga um útgerð ríkis og bæja, en fyrir mótstöðu Framsóknarflokksins í því máli hefir það ekki náð fram að ganga, og því situr enn í sama farinu: skipin eru ekki endurnýjuð og útgerðin á hinum gömlu skipum verður alltaf of dýr. Alþýðuflokkurinn mun nú á þessu þingi bera fram frv. um, að togaraútgerðinni verði komið á fjárhagslega heilbrigðan grundvöll, og samkv. frv. þessu er unnt að hefja endurnýjun togaraflotans.

Að nýbreytni í verkunaraðferðum og annarskonar nýtingu fiskjarins hefir fiskimálanefndin unnið, og er nú þar á ýmsum sviðum fengin nokkur reynsla. Allt bendir til þess, að heillavænlegt geti orðið fyrir okkur Íslendinga að stefna meira að því, að flytja fisk okkar nýjan á markaðina í þeim löndum, sem nær okkur eru en saltfiskneyzlulöndin, og því er sjálfsagt að hefja nú þegar öflugar tilraunir í þá átt.

Frumvarp það, sem hér liggur fyrir, miðar að lausn þessara mála. Eru hér dregnar saman í eina heild ýmsar þær tillögur, er Alþýðuflokkurinn hefir beitt sér fyrir á undanförnum þingum, og ákveðnar reglur settar um lausn þeirra.

Flutningsmönnum frv. er það ljóst, að hagur ríkissjóðs er ekki það góður nú, að um veruleg fjárframlög þaðan geti orðið að ræða. Eru því tillögurnar miðaðar við það, að fiskimálasjóður verði efldur og honum tryggðar fastar tekjur í framtíðinni, en nú þegar séð fyrir láni, svo unnt sé að hefja framkvæmdir í þessum málum strax á þessu ári í stórum stíl.

Skal þá vikið að hinum einstöku köflum frumvarpsins.

Í fyrsta kafla frumv. er gert ráð fyrir, að útflutningsgjald það af saltfiski, sem nú er tekið í ríkissjóð, verði *fellt niður frá 1. maí næstk. Mundi sú niðurfelling* þýða um 200 þús. króna tekjumissi fyrir ríkissjóð samkvæmt reynslunni síðastl. ár, og verður að álítast, að svo mjög hafi saltfiskframleiðslan staðið undir ríkisbúskapnum á undanförnum árum, að ekki sé til of mikils mælzt, að þessi eftirgjöf verði nú gerð á kostnað ríkissjóðs, þó ekki sé á þessu ári séð fyrir tekjum í skarðið.

Þá er gert ráð fyrir því, að frá næstu áramótum renni allt útflutningsgjald af sjávarafurðum í Fiskimálasjóð. Ættu þá tekjur hans árlega að verða um eða yfir ½ milljón króna. Er með því tryggt, að hann getur árlega styrkt verulega margskonar nýbreytni og greitt fyrir útgerð landsmanna með styrkjum og nauðsynlegum lánveitingum.

Til þess að tryggja, að hægt sé nú þegar á þessu ári að hefja framkvæmdir þessara mála í stórum stíl, er ætlazt til, að tekið verði 3 millj. króna lán, eða svo mikið af þeirri upphæð, sem þörf er á nú og á næsta ári.

Fiskimálasjóði er ætlað að greiða vexti og afborganir lána þeirra, er tekin verða. Gerum við ráð fyrir, að lánin verði tekin til langs tíma og með lágum vöxtum, og tryggingar fyrir þeim séu þau fyrirtæki og skip, sem reist verða og keypt fyrir lánsfé.

Með þessari tillögu okkar er höggið um 700 þús. króna skarð í tekjur ríkissjóðs, en við erum fúsir til samvinnu um að bæta úr því. Við viljum hér taka fram, að við teljum, að vel sé kleift að færa útgjöld ríkisins niður um allt að 200 þús. kr. frá því, sem þau nú eru, án verulegrar röskunar, og að hækka megi útsöluverð á áfengi að skaðlausu, og mundi þá ríkissjóði nálega bættur hallinn, sem brottfelling út-

flutningsgjaldsins skapar. Ennfremur má benda á, að nú liggur fyrir Alþingi frv., samið af skipulagsnefnd atvinnumála og flutt af Emil Jónssyni, þm. Hafnarfjarðarkaupstaðar, þar sem gert er ráð fyrir, að lagður verði stighækkandi skattur á álagningu verzlunarfyrirtækja, og mundi hann gefa ríkissjóði verulegar tekjur, ef á væri lagður.

Við erum þannig reiðubúnir til að hafa samvinnu um að tryggja ríkissjóði tekjur í stað útflutningsgjaldsins, sem við leggjum til, að tekið verði í Fiskimálasjóð.

Annar kafli frv. er um lán til togarakaupa. Er þar gert ráð fyrir, að um 1 milljón króna af fé því, sem tekið yrði að láni handa Fiskimálasjóði, megi verja til að byrja endurnýjun togaraflotans.

Það er alltaf að koma betur og betur í ljós, að íslenzki togaraflotinn er orðinn langt á eftir tímanum. Skipin eru yfirleitt of lítil, of illa útbúin og of gangtreg til þess að geta keppt við erlend nýtízku skip. Það er og vitað, að hagur margra togarafélaga er svo slæmur, að þess er ekki hægt að vænta, að þau geti án hjálpar endurnýjað skip sín. Er því gert ráð fyrir, að endurnýjun togaraflotans hefjist nú á þann hátt, að veitt verði lán út á 2. eða 3. veðrétt skipanna, því ætla má, að erlendar skipasmíðastöðvar eða erlendar lánsstofnanir og félög, sem að skipasmíðum standa, mundu lána eða útvega lán gegn 1. og 2. veðrétti í skipunum, ef unnt væri við móttöku skips að greiða 35—45% af kaupverði eða byggingarkostnaði.

Lánin er gert ráð fyrir, að veita megi bæjar- og hreppsfélögum, hlutafélögum, samvinnufélögum og einstökum mönnum, en þess þó krafizt, að eigin framlög séu 10% hærri frá félögum og einstökum mönnum en frá bæjar- og hreppsfélögum, enda mundu bæjar- og hreppsfélög að jafnaði þurfa að taka lán til framlaga sinna, í stað þess að félög og einstaklingar mundu að jafnaði leggja fram eigið fé. Heimilað er, að láni Fiskimálasjóðs megi breyta í óafturkræft framlag, þegar í hlut eiga bæjar- og hreppsfélög eða útgerðarfyrirtæki þeirra.

Í þriðja kafla frv. eru fyrirmæli um frystihúsabyggingar. Skal hraðfrystihúsum komið upp sem fyrst í sem allraflestum verstöðvum landsins, svo skipulagsbundinn útflutningur á frystum fiski geti hafizt. Er þetta nú langsamlega þýðingarmesta málið, sem hrinda þarf af stað vegna smábátaútvegsins, því fyrr en hægt er að selja verulegan hluta alls þess fiskjar, sem framleiddur er hér við land, nýjan á markaði erlendis, er ekki unnt að losna við framleiðslu saltfiskjarins og flytja þannig verzlun landsmanna aftur til þeirra landa, sem okkur er hagkvæmast að skipta við. Er ætlazt til, að frystihúsabyggingar verði styrktar með fjórðungs framlagi og láni eða ábyrgð fyrir allt að 65% af byggingarkostnaði húsanna.

Í fjórða kafla frv. er gert ráð fyrir, að bygging fiskimjölsverksmiðja og smærri síldar- og karfavinnsluverksmiðja verði leyst á sama hátt og bygging hraðfrystihúsanna. Hagnýting síldarinnar, karfans og fiskúrgangsins er stórt fjárhagslegt atriði fyrir margar útgerðarstöðvar á landi hér. Hinsvegar eru miklir örðugleikar því samfara að koma góðri skipun á þessi mál og hrinda þeim í framkvæmd. Er því gert ráð fyrir, að Fiskimálasjóður styðji þessar framkvæmdir, enda verði ekki í þær ráðizt annarsstaðar en þar, sem full þörf er þessara fyrirtækja. Ríkisvaldið hefir nú þegar tekið að sér að standa undir síldariðnaðinum hér á landi, með byggingu og rekstri síldarverksmiðja ríkisins, en þar sem hinar dreifðu og smáu verstöðvar víðsvegar um land geta ekki notið þeirra nema að litlu leyti, teljum við rétt, að á ýmsum stöðum verði smáar verksmiðjur reistar, ef áhugi er fyrir því hjá íbúum þessara veiðistöðva.

Fimmti kafli frv. fjallar um niðursuðuverksmiðjur. Við teljum, að allt bendi til þess, að hér á landi mætti koma á fót niðursuðu á margskonar sjávarafurðum, og þó tilraunir í því efni séu skemmra á veg komnar en ýmislegt annað, sem reynt hefir verið, þá er rétt, að nú þegar verði þetta mál rannsakað svo gaumgæfilega sem unnt er, og verksmiðjum komið á fót í þeim bæjum og kauptúnum, sem vel teljast fallin til þeirrar iðju.

Sjötti kafli frv. er um styrki til veiðarfærakaupa. Er þar gert ráð fyrir, að veita megi styrk til kaupa á veiðarfærum í þeim veiðistöðvum, sem nýbreytni taka upp í veiðiaðferðum. Má hiklaust vænta þess, að héraðabönn við dragnótaveiðum verði afnumin á Alþingi og veiðitími til þeirra lengdur að mun. Er þá ekkert líklegra en menn á þeim stöðum, þar sem dragnótaveiðar eru lítið eða ekkert þekktar, eigi örðugt með að afla sér þessara veiðarfæra, og er þá sjálfsagt, að heimilt sé að styrkja þá til kaupa á þeim. Þó er ekki rétt að binda styrkinn við dragnætur einar, því vel má svo fara, að ýms önnur veiðarfæri, lítið þekkt nú, ryðji sér til rúms í fiskveiðum hér á næstu árum.

Sjöundi kafli frv. er um lán til vélbátakaupa. Er sá kafli samhljóða tillögum þeim, sem Alþýðufl. flutti á síðasta Alþingi, en þó í sambandi við breytingar á lögum um Fiskveiðasjóð Íslands. Líkur eru ekki til, að breytingar verði gerðar á þeim lögum nú á þessu þingi, enda sýnist það ekki nema eðlilegt og sanngjarnt, að Fiskimálasjóður styrki að nokkru endurnýjun bátaflotans eins og togaraflotans.

Í áttunda kafla eru nokkur ákvæði, sem taka til kaflanna á undan. Er þar gert ráð fyrir því, að framlag Fiskimálasjóðs verði skoðað sem hlutafé eða stofnfé í fyrirtækjunum, sem þó sé ekki afturkræft eða seljanlegt nema samþykki Alþingis komi til. Þykir þetta réttara en að veita framlagið skilyrðislaust. Gildir þetta um öll framlög frá Fiskimálasjóði.

Þá er og heimilað, að Fiskimálasjóður megi, að þar til fengnu samþykki ráðherra, kaupa eða byggja hraðfrystihús í Reykjavík og starfrækja það.

Að efni frumvarpsins verður nánar vikið í framsögu.

Viðreisn sjávarútvegsins er það mál, sem íslenzku þjóðinni er nauðsynlegast, að nú sé tekið sem allra föstustum tökum. Fyrir fáum árum var landbúnaðurinn líkt á vegi staddur og sjávarútvegurinn er nú. Þá var hægara um vik að hjálpa með aðstoð ríkissjóðs en nú er, því sjávarútvegurinn var þá ekki lamaður orðinn verulega, og gat því hlaupið undir baggann. En þó nokkuð hafi úr rætzt fyrir landbúnaðinum síðustu árin, er hann þó enn ekki orðinn þess megnugur að veita útgerðinni þann stuðning, er hún nú þarfnast. Þess vegna er ekkert slíkt lagt til í frumvarpi þessu. Hinn kosturinn er valinn, að reyna að láta útveginn reisa sig sjálfan við með því að verja því gjaldi, sem hann, einn allra atvinnuvega, greiðir nú sérstaklega í ríkissjóð — en það er útflutningsgjaldið — til þess að standa undir þeim tilkostnaði, sem nú verður að leggja í til þess að takast megi að rétta við hag útgerðarinnar.

Með flutningi þessa frumvarps leggur Alþýðuflokkurinn fram þær tillögur sínar í útgerðarmálum, sem hann telur allra mest aðkallandi, að komist í framkvæmd nú þegar, og eru svo alhliða, að þær taka til allra greina sjávarútvegsins að einhverju leyti. Atvinnuleysið við sjávarsíðuna og vonleysið, sem nú þegar er víða komið í þá menn, sem útgerð hafa rekið undanfarið, verður ekki minnkað né á brott hrakið á annan veg en með alhliða framkvæmdum og endurskipulagningu útvegsins.

Við flutningsmenn frumvarps þessa leggjum á það höfuðáherzlu, að frumvarp þetta verði afgreitt nú á þessu þingi, og erum fúsir til samstarfs við aðra flokka um lausn þessara mála, ef hún getur orðið í aðalatriðum eins og ráðgert er í frumvarpi þessu.

Nd. 152. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 44 23. júní 1932, um skipun læknishéraða, verksvið landlæknis og störf héraðslækna.

(Eftir 3. umr. í Ed.)

1. gr.

Aftan við 5. gr. laganna bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:

Næst þegar Reykjavíkurhérað og Akureyrarhérað verða veitt, og síðan framvegis, skal aðeins veita þessi héruð læknum, sem eru sérfræðingar í heilbrigðisfræði, enda skal þá ráðherra setja héraðslæknum í þessum héruðum sérstakt erindisbréf, þar sem þeim er gert að hafa að aðalstarfi hin eiginlegu embættisstörf, eftir nánari reglum í erindisbréfinu, jafnframt því sem þeir að meira eða minna leyti eða með öllu eru leystir undan skyldu og sviptir rétti til að stunda almennar lækningar.

2. gr.

Aftan við 6. gr. laganna bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:

Þegar Reykjavíkurhérað eða Akureyrarhérað hafa verið veitt samkvæmt ákvæðum 4. málsgreinar 5. greinar, skulu héraðslæknarnir í þeim héruðum hafa að árslaunum 6000 krónur. Í þessum kaupstöðum skal héraðslækni séð fyrir skrifstofu og aðstoð við skrifstofuhald, ef þörf krefur. Kostnaður af skrifstofuhaldinu greiðist að hálfu úr ríkissjóði og að hálfu úr hlutaðeigandi bæjarsjóði. Þessi ákvæði um skrifstofuhald koma til framkvæmda í Reykjavík nú þegar, þótt ekki verði þar héraðslæknaskipti.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Ed. 153. Breytingartillögur

við frv. til l. um framlenging á gildi ýmsra lagaákvæða um tekjuöflun fyrir ríkissjóð.

Frá Jóni Baldvinssyni.

1. Við 5. gr. I. b. Nýr liður, er verður c:
   Til malbikunar vega í Vestmannaeyjum allt að 5000
2. Við 5. gr. II. Liðina a—g skal orða svo:
   a. Til Suðurlandsbrautar allt að 80000
   b. — Holtavörðuheiðarvegar allt að 30000
   c. — Austurlandsvegar allt að 10000
   d. — Geysisvegar allt að 5000
   e. — vega út frá Akureyri allt að 15000
   f. — Sogsvegar allt að 15000

Nd. # 154. Frumvarp til laga

um menntun kennara.

Frá meiri hluta menntamálanefndar.

I. KAFLI
Um menntaskóla kennara.

1. gr.

Í stað kennaraskólans skal í Reykjavík setja á stofn menntaskóla fyrir kennara, er skiptist í fjóra bekki. Skólinn starfar hliðstætt við lærdómsdeildir menntaskólanna og í sambandi við menntaskólann í Reykjavík, eftir því sem við verður komið.

2. gr.

Tilgangur skólans er að búa nemendur undir kennarastörf og háskólanám í uppeldisvísindum.

3. gr.

Í skólanum skal kenna þessar námsgreinar:

1. Íslenzku og íslenzkar bókmenntir.
2. Dönsku.
3. Ensku.
4. Þýzku.
5. Stærðfræði.
6. Eðlisfræði og efnafræði.
7. Náttúrufræði og heilsufræði.
8. Landafræði.
9. Sögu og félagsfræði.
10. Kristinfræði og siðfræði.
11. Kennslufræði.
12. Kennsluæfingar.
13. Teikning.
14. Skrift.
15. Handavinnu.
16. Söng.
17. Íþróttir.

Hver nemandi skal hafa eina kjörgrein, sem hann velur eigi síðar en í byrjun þriðja námsárs, og leggja stund á garðyrkju eigi skemur en átta vikur.

Í kennslunni skal hafa sérstakt tillit til þess, að nemendur eigi sjálfir að kenna þessar námsgreinar, og að fyrir þeim liggi að stunda uppeldisvísindi við háskóla og síðar að verða leiðtogar barna og unglinga.

4. gr.

Þessi eru almenn inntökuskilyrði í skólann:

1. Að nemandi, sem tekinn er í fyrsta bekk, sé fullra 15 ára, og ári eldri fyrir hverja aðra ársdeild.

2. Að nemandi hafi engan næman kvilla eða önnur lýti, er geri hann óhæfan til kennarastarfs.

3. Að nemandi sé óspilltur að siðferði.

5. gr.

Til þess að vera tekinn í fyrstu ársdeild, þarf nemandi að hafa staðizt gagnfræðapróf, sem svarar til gagnfræðaprófs menntaskólanna og haldið er samkvæmt reglum, er fræðslumálastjórnin setur.

Nú sækja fleiri um inntöku í fyrstu ársdeild en rúmast í einum bekk, og gangi þeir þá fyrir að öðru jöfnu, sem búsettir eru utan kaupstaða, en að öðru leyti skulu einkunnir ráða.

6. gr.

Í hverjum bekk skal halda próf, og er lokapróf fjórða bekkjar stúdentspróf. Ljúka má námi í einstökum námsgreinum í annari og þriðju deild, enda skulu einkunnir í þeim greinum taldar á stúdentsskírteini.

Um prófskilyrði í kjörgrein skal sérstaklega ákveðið í reglugerð.

Hver námsmaður skal áður en að stúdentsprófi kemur sanna með vottorði, að hann hafi unnið algenga erfiðisvinnu í a. m. k. sex mánuði á eigi lengri tíma en fjórum árum.

7. gr.

Utanskólamönnum er heimilt að taka próf inn í allar ársdeildir, enda taki þeir þá og próf í þeim námsgreinum, sem lokið hefir verið í fyrri ársdeildum.

8. gr.

Við skólann skulu vera þrír fastir kennarar, auk skólastjóra, og tveir kennarar í kennsluæfingum. Æfingakennurum er skylt að hafa á hendi kennsluæfingar við háskólann, og háskólakennara í kennslufræðum er einnig skylt að hafa á hendi kennslu í menntaskóla kennara í kennslufræðum.

Skólastjóri og kennarar njóta sömu launa og aðrir menntaskólakennarar.

9. gr.

Menntaskóli kennara og menntaskólinn í Reykjavík skulu hafa samstarf um kennaralið, söfn og húsnæði á þann hátt, sem líklegt er að gefi beztan árangur.

10. gr.

Þegar fé er veitt til þess í fjárlögum, skal koma upp heimavist fyrir menntaskóla kennara og lærdómsdeild menntaskólans í Reykjavík. Nemendur skulu njóta þar ókeypis húsnæðis, ljóss og hita. Utanbæjarnemendur skulu ganga fyrir öðrum um heimavistir.

11. gr.

Ráðuneytið setur reglugerð fyrir menntaskóla kennara, og skal reglugerðin í aðalatriðum vera í samræmi við gildandi lög og reglugerðir menntaskólanna.

II. KAFLI

Um háskólafræðslu í uppeldisvísindum.

12. gr.

Í heimspekideild Háskóla Íslands skal taka upp kennslu í uppeldisvísindum í þeim tilgangi að veita kennurum sem fullkomnasta uppeldismenntun.

13. gr.

Heimspekideild annast menntun barnakennara, gagnfræða- og héraðsskólakennara og mennta- og sérskólakennara í uppeldisvísindum.

Þá skal og halda námskeið í uppeldisfræðum fyrir starfandi kennara, eftir því sem ástæður leyfa.

14. gr.

Þrír háskólakennarar skulu hafa með höndum kennslu í uppeldisvísindum, tveir prófessorar auk núverandi prófessors í forspjallsvísindum og almennri heimspeki.

15. gr.

Kennarar heimspekideildar í uppeldisvísindum semja lestrar- og kennsluáætlanir og reglugerð um kennslu og próf í uppeldisvísindum, sem konungur staðfestir.

16. gr.

Heimspekideild starfar að kennarafræðslunni í náinni samvinnu við aðrar deildir háskólans. Ennfremur skal leita til menntastofnana og aukakennara utan háskólans um kennslu í sérgreinum, þegar þess er þörf.

17. gr.

Hver sá, sem lokið hefir stúdentsprófi við menntaskóla kennara, á rétt til að verða skrásettur nemandi í uppeldisvísindum, og aðrir íslenzkir stúdentar, sem hafa aflað sér, eða afla sér meðan á háskólanámi stendur, menntunar og leikni í þeim greinum, sem sérstaklega eru kenndar í menntaskóla kennara, samkvæmt reglugerð, er þar um verður sett.

Stúdentar frá menntaskóla kennara eiga rétt á að stunda nám í öðrum greinum heimspekideildar og í öðrum deildum háskólans, er þeir fullnægja þeim kröfum, sem hver deild setur um viðbótarnám. Reglugerðir þessar skulu staðfestar af konungi.

Ennfremur hafi þeir kennarar, sem aflað hafa sér fullra kennararéttinda áður en kennsla í uppeldisvísindum var upp tekin við háskólann, rétt til að stunda þar nám í þeirri grein. Háskólakennurunum í uppeldisfræðum er heimilt að veita þeim kennurum, sem þess óska, rétt til að segja sig til prófs í einstökum eða öllum námsgreinum.

18. gr.

Þeir einir hafa rétt til kennaraembætta á Íslandi, sem lokið hafa háskólaprófi í uppeldisvísindum. Þó halda þeir allir kennararéttindum, sem hafa öðlazt þau með öðrum hætti, áður en háskólafræðsla í uppeldisvísindum hófst.

Stúdentspróf frá menntaskóla kennara nægir til farkennararéttinda, þar til öðruvísi er ákveðið af kennslumálaráðherra.

Kennslumálaráðuneytinu er heimilt að veita kennararéttindi þeim íslenzkum mönnum, sem lokið hafa sambærilegu námi við erlenda háskóla, enda komi samþykki háskólakennara í uppeldisvísindum til.

III. KAFLI

19. gr.

I. kafli laga þessara kemur til framkvæmda 20. sept. 1938 um fyrsta bekk, og fellur þá jafnframt niður fyrsta ársdeild kennaraskólans, og síðan annar og þriðji bekkur á sama hátt. Falla þá og úr gildi lög nr. 63 1907, um kennaraskóla í Reykjavík, og breytingar á þeim lögum.

20. gr.

II. kafli laga þessara kemur til framkvæmda 15. september 1942.

Greinargerð.

Kennslumálaráðuneytið hefir sent menntamálanefnd frv. það, sem hér er flutt, en frv. er samið af nefnd, er skipuð var af ráðuneytinu með bréfi, dags. 11. nóv. 1936. Í nefndinni áttu sæti: Ágúst H. Bjarnason prófessor, eftir tilnefningu háskóla-

ráðs, Ásgeir Ásgeirsson fræðslumálastjóri, Freysteinn Gunnarsson skólastjóri kennaraskólans, Ingimar Jónsson skólastjóri, eftir tilnefningu félags héraðsskóla- og gagnfræðaskólakennara, og Sigurður Thorlacius skólastjóri, eftir tilnefningu Sambands íslenzkra barnakennara. Ásgeir Ásgeirsson var formaður nefndarinnar, en ritari var ráðinn dr. Simon Ágústsson með samþykki kennslumálaráðuneytisins.

Nefndin var skipuð samkvæmt ályktun, sem samþykkt var í efri deild Alþingis 1936 og svo hljóðar:

„Efri deild Alþingis skorar á ríkisstjórnina að láta fram fara athugun á því, hversu breyta mætti uppeldi kennara með því að hafa tveggja vetra sérnám í Háskóla Íslands í sálarfræði, uppeldisfræði og kennsluvísindum fyrir kennaraefni, sem hefðu tekið stúdentspróf, með nokkrum öðrum sérstökum undirbúningi fyrir kennarastarfið, og leggja niðurstöðuna fyrir næsta Alþingi.“

Eru hér prentuð á eftir þau skilríki, er fylgdu frumvarpinu frá nefndinni:

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarps um menntun kennara.

Við 1. gr.

Ætlazt er til, að menntaskóli kennara taki við af kennaraskólanum og notist við sama húsnæði, þar til úr verður bætt. Það húsnæði er þó ekki fullnægjandi, þar eð bætt verður við einni ársdeild og auka þarf ýmislega handavinnukennslu frá því, sem verið hefir. En líklegt er, að menntaskólinn í Reykjavík geti látið menntaskóla kennara eftir nægilegt húsrúm til viðbótar, svo ekki komi til beinna útgjalda fyrir ríkissjóð af þeirri ástæðu.

Við 3. gr.

Námsgreinar eru ákveðnar með tilliti til námsefnis í barna- og unglingaskólum, þeirrar leikni og tækni, sem hver kennari þarf að tileinka sér, og þess að gera nemandann hæfan til að stunda háskólanám að loknu stúdentsprófi. Þó tungumálanám verði að takmarka eins og unnt er, vegna annars námsefnis, þá telur nefndin ekki annað fært en að kennd verði bæði enska og þýzka, svo að nemendur geti haft not þýzkra og enskra bókmennta. Það mundi valda miklum erfiðleikum við háskólanámið síðar, ef þessi tungumál væru valfrjáls og annar hópurinn gæti aðeins notið enskra bókmennta og hinn eingöngu þýzkra. — Nemendum er gert að skyldu að hafa sérgrein í þeim tilgangi að beina áhuga að ákveðnum námsgreinum, sem bezt svara til hæfileika þeirra og síðar gætu orðið sérgreinar þeirra við háskólanám.

Við 4. gr.

Aldursskilyrði í fyrsta bekk menntaskólans í Reykjavík er miðað við 13 ára aldur. Þess vegna þykir ekki fært að ákveða lágmarksaldur fyrsta bekkjar í menntaskóla kennara hærri en 15 ár, því annars myndu þeir, sem lokið hafa gagnfræðaprófi á lágmarksaldri, verða að hætta námi um skeið til þess að komast í menntaskóla kennara. Þó er að sjálfsögðu gert ráð fyrir, að nemendur, sem setjast í fyrsta bekk, verði yfirleitt mun eldri. — Það skilyrði verður að setja í þessum skóla, sem ekki tíðkast í öðrum skólum, að nemandi hafi engin þau lýti, er geri hann óhæfan til kennarastarfs.

Við 5. gr.

Hér er miðað við tveggja ára gagnfræðanám, sem ákveðið er í hinni nýju reglugerð menntaskólans í Reykjavík. Er rétt að miða við tveggja ára gagnfræðanám, en ekki þriggja, vegna þess að ætlazt er til, að gagnfræða- og héraðsskólar og aðrir unglingaskólar utan Reykjavíkur verði undirbúningsskólar menntaskóla kennara, þó ekki veiti próf þaðan inngöngurétt.

Við 6. gr.

Það er nýmæli, að atvinnuvottorð séu prófskilyrði, og flestir eða allir íslenzkir kennarar hafa til þessa átt auðvelt með að fullnægja slíku skilyrði. En það gæti breytzt, og kemur þá þetta skilyrði að gagni. Erfiðisvinna á námsárunum hefir hér á landi átt ríkan þátt í að brúa djúpið, sem annarsstaðar hefir myndazt milli menntamanna og annara stétta, og mega slík tengsl sízt missast í kennarastétt, sem starfar í náinni samvinnu við alla alþýðu manna.

Við 8. gr.

Gert er ráð fyrir einum föstum kennara við skólann umfram það, sem verið hefir við kennaraskólann. Þá er og ætlazt til, að samvinna verði milli skólans og heimspekideildar háskólans um kennsluæfingar.

Við 9. gr.

Samstarf skólans við menntaskólann í Reykjavík er báðum skólunum til gagns, enda hafa undanfarið nokkur skipti á kennurum átt sér stað. Með því móti er og tryggara, að kennarar þurfi ekki að kenna annað en sérgreinar sínar.

Við 10. gr.

Það er mikil nauðsyn, að komið verði upp heimavistum fyrir kennaraefni og utanbæjarnemendur menntaskólans í Reykjavík. Nemendum væri að því mikill fjárhagslegur styrkur og einnig væri það til mikils gagns fyrir skólalífið. En ekki telur nefndin fært að gera tillögu um, að heimavistum verði komið upp nú þegar.

Við 11. gr.

Um menntaskólann á Akureyri hafa verið sett lög, en engin reglugerð samkvæmt þeim lögum, en um menntaskólann í Reykjavík gildir reglugerð, en lög hafa aldrei verið sett um hann, og er rétt, að sömu reglur og lög, sem gilda fyrir þessa skóla, gildi og í aðaldráttum fyrir menntaskóla kennara um allt, sem ekki er ákveðið í þessu frv.

Við 14. gr.

Kostnaðaraukinn við að taka upp háskólakennslu í uppeldisvísindum nemur launum tveggja prófessora, auk venjulegs rekstrarkostnaðar.

Við 16. gr.

Háskólinn mun stundum þurfa að leita til annara stofnana um kennslu í sérgreinum barna- og unglingaskólakennara, og veldur það nokkrum aukakostnaði, sem þó er ekki hægt að áætla löngu áður en kennslan byrjar.

Við 17. gr.

Gert er ráð fyrir, að flest kennaraefni muni njóta undirbúningsmenntunar í menntaskóla kennara, en þó er sjálfsagt, að aðrir stúdentar hafi og rétt til háskólanáms í uppeldisvísindum, enda fullnægi þeir viðbótarkröfum, er settar verða, mismunandi fyrir barnakennara, unglingakennara og aðra kennara. — Rétt er að gefa eldri kennurum rétt til að stunda háskólanám í uppeldisvísindum, enda hafi þeir áður sama rétt til að fá kennarastöður og háskólapróf veitir. Í eðli sínu er þetta bráðabirgðaákvæði, því vart verður þessi réttur notaður í mörg ár eftir að háskólafræðslan hefst.

Við 18. gr.

Ætlazt er til, að öll kennararéttindi verði bundin við háskólapróf nema réttindi til að gegna farkennarastarfi. Farkennslan er sérstaks eðlis og hverfandi, þó langt sé enn þar til hún hverfur alveg úr sögunni, og ekki kleift að gera fyllstu kröfur um undirbúningsmenntun þeirra, sem búa við jafnörðugan kost.

Við 19. og 20. gr.

Ekki er ráðlegt að gera þá breytingu, sem í frv. felst, með styttri en hálfs annars árs fyrirvara. Vegna breyttra inntökuskilyrða í menntaskóla kennara frá því sem verið hefir í kennaraskólanum, er nokkur frestur nauðsynlegur. Ef fyrsti bekkur menntaskóla kennara tekur til starfa haustið 1938, þá stenzt á endum, að háskólafræðslan í uppeldisvísindum getur hafizt um það leyti, sem fullvíst má telja, að byggingu hins nýja háskóla verði lokið.

Nefndarálit.

Þjóðin hefir nú um þrjátíu ára skeið búið við svo að kalla óbreytta löggjöf um menntun kennara. Að vísu hefir verið hert á inntökuskilyrðum við kennaraskólann og námið nokkuð aukið og fræðsla fyrir kennara í íslenzkum fræðum verið tekin upp við háskólann, en í megindráttunum gilda enn lögin frá 1907 um kennaraskóla, og þá er talið það, sem fyrir kennaramenntunina hefir verið gert. Á sama tíma, hinum síðustu þrjátíu árum, hafa orðið hinar stórfelldustu breytingar á íslenzku þjóðlífi, svo ekki verður talið óeðlilegt, að menntun kennara sé nú tekin til athugunar.

1. Sveitir.

Það er alkunnugt, hvaða breytingar hafa orðið í sveitum landsins. Hin stærri sveitaheimili voru áður hornsteinar íslenzkrar menningar. Kostir þeirrar menningar byggðust ekki sízt á því, að heimilin voru mannmörg. Heimilin voru sjálfum sér nóg í miklu ríkari mæli en nú þekkist. Heimilisiðnaður og samlestur á vetrum veitti börnum og unglingum hið bezta uppeldi. Og víðast var mannskapur til að kenna börnum það til bókarinnar, sem þá var talið nauðsynlegt. En tímarnir hafa breytzt og kröfurnar aukizt. Um 1907 var breytingunni svo langt komið, að almenn fræðslulög voru sett, bæði vegna sveita og kaupstaða, og lög um kennaraskóla. Var þá alstaðar í sveitum byggt á farkennslu, þar sem opinberri barnafræðslu var haldið uppi, og kröfurnar miðaðar við hana. Frá því 1907 og til þessa dags hafa breytingarnar verið enn stórfelldari. Heimilin eru nú almennt fámennari, og þó sérstaklega að vetrarlagi, en nokkru sinni áður, og heimilisfræðslan því nær alstaðar fallin niður, nema til undirbúnings og hjálpar við farkennsluna. Og að sama skapi hefir óánægjan með farkennslufyrirkomulagið farið vaxandi. Hin ytri skilyrði eru víða óviðunandi. Sveitirnar hafa enn hina sömu yfirburði og áður, að börn og unglingar alast þar upp við útilíf og heimilisstörf, þó heimilisiðnaður sé að mestu úr sögunni. Í því eru fólgnir yfirburðir sveitauppeldisins.

2. Heimavistarskólar.

En þar fyrir verður að gera þá kröfu fyrir hönd sveitaæskunnar, að hún verði ekki útundan um skólafræðslu. Kröfur tímans eru nú meiri en áður, og það er réttlátt, að unglingar standi jafnfætis, þegar út í lífið kemur, hvort þeir eru heldur aldir upp í sveit eða kaupstað. Á síðustu árum hafa risið upp margir heimavistarbarnaskólar í sveitum, og með ári hverju fjölgar umsóknum um styrk til skólabygginga. Flestir heimavistarskólar hafa verið reistir á Suðurlandsundirlendinu og þar er vart nokkurt skólahérað, sem ekki hefir í hyggju að reisa heimavistarskóla svo fljótt sem auðið verður. Úr öðrum byggðum landsins berast nú umsóknir um byggingarstyrki til heimavistarskóla, og er fyrirsjáanlegt, að þeir breiðast óðfluga út, þegar sá fyrsti er kominn í hverju héraði. Enda er reynslan sú, að heimavistarkostnaður fyrir börn er minni en venjulega er búizt við fyrirfram. Þar sem hægt er að leggja mat með börnum að heiman, hefir aðkeyptur kaupstaðamatur ekki reynzt dýrari en um 18 aura á dag fyrir barnið. Í fræðslulögum frá síðasta þingi er líka gert ráð fyrir, að heimavistarskólar verði hið ríkjandi fyrirkomulag barnafræðslunnar í sveitum, og má fullyrða, að barnafræðslan í sveitum muni þá ekki standa að baki barnafræðslu kaupstaðanna. En heimavistarskólarnir heimta umbætur á menntun barnakennara. Sveitamenning framtíðarinnar á mikið undir því, að heimavistar-

barnakennarar hafi sjálfir hlotið það bezta uppeldi og sérmenntun, sem kostur er á að veita.

3. Bæir.

Breytingarnar hafa ekki síður verið stórstígar í þorpum, og þó einkum í kaupstöðum. Þar hefir orðið öll mannfjölgun síðustu áratuga. Alla tíð frá því land byggðist og langt fram á síðustu öld var hér eingöngu sveitamenning. Að þessu leyti höfum vér sérstöðu meðal vestrænna menningarþjóða. Nú er hér að skapast bæjarmenning, sem þó mun ekki ná miklum þroska, nema uppeldi hinna nýju bæjarbúa sé tryggt með opinberum ráðstöfunum. Þessi snögga breyting á aðallega rót sína í auknum og breyttum atvinnuvegum, sjávarútvegi, verzlun og iðnaði, sem vaxið hafa með ótrúlegum hraða. Það hefir hvorki verið næg fyrirhyggja um né unnizt tími til að efla hina nýju bæjarmenningu sem skyldi. Hingað til hefir tilfinnanlega skort á menningar- og uppeldisstofnanir, sem spornað gætu við hættunum. Það er andvaraleysi að treysta til fulls á hina fornu heimilismenning, sem hinir aðkomnu bæjarbúar flytja með sér úr sveitinni. Fyrsta kynslóðin lifir á fornum merg. En börn og unglingar, sem alast upp í bæjum, fylgja ekki foreldrum sínum til daglegra starfa á sama hátt og í sveitinni, og samlífið við jafnaldra utan heimilanna ræður þráfaldlega úrslitum um framtíð barnsins. Það verður ekki hjá því komizt, að kaupstaðarbarnið eigi hálfa giftu undir skólahaldi og öðrum ráðstöfunum, sem bæir og ríki verða að gera í sameiningu til að tryggja uppeldið og framtíð þjóðarinnar. Þessi nauðsyn er nú miklum mun ríkari en þegar hin fyrstu lög voru sett um menntun kennara fyrir þrjátíu árum. Vegna hinna ungu og vaxandi bæja er fullkomin þörf á að bæta svo um menntun kennara, að tryggt sé, að nýmenning þeirra verði ekki ómenning.

4. Nýir skólar.

Hin stórlega breyttu þjóðfélagsskilyrði hafa að sjálfsögðu leitt af sér stofnun ýmsra nýrra skóla, bæði almennra skóla og sérskóla. Er ástæða til að benda sérstaklega á hina almennu unglingafræðslu, sem upp hefir verið tekin að mestu eða öllu leyti eftir að kennaraskólinn var stofnaður og kennaramenntuninni sniðinn stakkur. Mestur hefir þó verið uppgangur unglingaskólanna síðustu sjö árin, eða síðan héraðsskóla- og gagnfræðaskólalögin voru sett. Þá er og haldið uppi föstum og fjölsóttum unglingaskólum í mörgum stærri kauptúnum. En fyrir menntun unglingakennara, héraðsskóla- og gagnfræðaskólakennara, hefir enn ekki verið séð sérstaklega og engin ákveðin skilyrði í lögum fyrir unglingakennarastöðum. Til þessara skóla hafa valizt margir góðir menn, sem ýmist hafa kennaraskólamenntun eða háskólamenntun. Og það má yfirleitt segja um íslenzka barna- og unglingaskólakennara, að þeir sýni lofsverðan áhuga á að leita sér framhaldsmenntunar innanlands, sem þó er af skornum skammti, og erlendis með ærnum kostnaði. En hér er um svo fjölmenna stétt að ræða, að þjóðfélaginu verður ódýrast að sjá fyrir aukinni kennaramenntun innanlands, og svo þýðingarmikla stétt, að þjóðaruppeldið er undir því komið, að menntun hennar og menning sé sem bezt borgið. Kennaramenntunin ræður úrslitum um árangur alls annars skólastarfs.

5. Skólakerfi.

Enda þótt það sé ekki beint hlutverk þessarar nefndar, vill hún benda á það sérstaklega, hversu æskilegt það væri, að meira samræmi væri en nú er í framhaldsnámi unglinga eftir að barnaskólanámi lýkur. En ef koma skyldi á föstu skólakerfi, yrði að taka hverja tegund skóla — aðra en barnaskóla — til athugunar, semja þeim hverjum fyrir sig sérstaka reglugerð með ákveðnum náms- og prófkröfum, og gæta þess, að þeir taki réttilega við hver af öðrum.

Að barnaskólanámi loknu ætti öllum, sem til þess eru færir, að gefast kostur á að ganga í tveggja ára framhaldsskóla (héraðs- eða gagnfræðaskóla), þar sem öll helztu gagnfræði væru kennd, auk ýmissa verklegra fræða. Skyldi síðan nemendum gefinn kostur á að ganga undir gagnfræðapróf hið minna, eftir þeim reglum, er þar

um væru settar af fræðslumálastjórn. Þar með er ekki sagt, að steypa ætti skóla þessa alla í sama mót. Eftir sem áður yrðu þeir að fá að starfa sjálfstætt, hver með sínu sniði, miðað við staðháttu og ýmsar aðstæður. Aðeins yrðu samræmdar kröfurnar um meginatriðin. Gagnfræðapróf þetta veitti síðan nemendum rétt til framhaldsnáms, annaðhvort í einhverskonar sérskóla (iðnskóla, verzlunarskóla, stýrimannaskóla o. s. frv.) eða til inngöngu í lærdómsdeildir menntaskólanna. Ætti gagnfræðanámi hinu minna þar með að vera lokið, svo að ekki þyrfti að taka það upp aftur í ýmsum sérskólum, eins og nú tíðkast.

En ekki er þar með nóg. Hér vantar tilfinnanlega miðskóla, eins og þeir tíðkast um öll Norðurlönd og víðar, fjögra ára skóla, er einnig taki við af barnaskólum, en veiti nemendum meiri almenna menntun en fengizt getur í framhaldsskólum þeim, sem nú eru til hér. Slíkir skólar ættu að draga úr aðsókninni að menntaskólunum, en gera menn hinsvegar færa um að stunda nám við ýmsa sérskóla erlendis, þar sem ekki er heimtuð stúdentsmenntun, en þó allmikil undirbúningsmenntun, meðal annars krafizt tveggja erlendra stórmála (ensku og þýzku). Vísir að slíkum skóla er þegar til hér, þar sem er Gagnfræðaskóli Reykvíkinga. Nemendur frá þeim skóla hafa farið til útlanda og fengið inngöngu í ýmsa sérskóla þar, bæði í Noregi, Danmörku, Þýzkalandi og Englandi. En auka þyrfti námið frá því, sem nú er í þeim gagnfræðaskóla, bæði í erlendum tungum og almennum greinum, einkum stærðfræði, eðlisfræði og náttúrufræði, enda væri það auðvelt, ef slíkir skólar störfuðu í fjóra vetur. Þeim skólum ætti að ljúka með gagnfræðaprófi hinu meira (realexamen).

6. Unglingakennarar.

Það, sem sagt var um algerða vöntun á sérstökum og samstæðum undirbúningi unglingakennara, sýnir einna skýrast, hve ófullnægjandi löggjöfin um menntun kennara er orðin. Unglingakennarar þurfa að sjálfsögðu menntun í uppeldisvísindum, og þá einkum því, sem við kemur því sérstaka aldursstigi, sem þeir fást við, og sérmenntun í kennslugreinum sínum. Launakjör þeirra leyfa ekki langdvalir erlendis við nám, og þá sízt þegar þeir eru setztir að starfi og þurfa að sjá fyrir fjölskyldu. Að þeim undirbúningi búa þeir fyrst og fremst, er þeir fengu á námsárunum, og úr því verður oft ekki bætt síðar, ef ákveðin og hæfileg skilyrði hafa ekki verið sett um undirbúningsnám, áður en þeir taka við starfi. Það er og nauðsynlegt, að allir sæti sömu lágmarksskilyrðum, því sundurleit og misjöfn menntun kennara við sama skóla og á ýmsum stöðum á landinu hlýtur að hindra það, að unglingafræðslan komist í gott horf.

7. Sundurleit kennarastétt.

Þá má og benda á, að við sérskóla og hina æðri skóla, sem einkum njóta háskólamenntaðra manna, eru engin skilyrði um nokkra menntun í uppeldisvísindum fyrir veitingu á kennarastöðum. Allt þetta á sinn þátt í að kljúfa íslenzka kennarastétt og draga úr nauðsynlegu samstarfi skólanna og samhug þeirra manna, sem raunar vinna að einu og sama verki. Háskólagengnir menntaskólakennarar, sem eru sérfræðingar í einni grein, en engrar uppeldisfræðslu hafa notið, snöggsoðnir barnakennarar, sem þó hafa hlotið nokkra fræðslu í uppeldis- og kennslufræði, og unglingakennarar, sem koma úr austri og vestri, er sundurleitur hópur. Hver sú breyting, sem veldur því, að þeir finni, að þeir eru ein stétt, sem vinnur eitt og sama verk, væri til mikilla bóta fyrir allt uppeldisstarf í landinu. Barnið og unglingurinn er sami maðurinn, þó aldurs- og þroskamunur sé á. Og þær stofnanir, sem barnið gengur í gegnum á leið sinni til fullorðinsáranna, eiga að taka hver við af annari eins og hlekkir í einni keðju.

8. Nauðsyn nýrrar kennaramenntunar.

Vegna stórfelldra breytinga, sem orðið hafa á íslenzku þjóðlífi á síðari tímum bæði til sjávar og sveita, vegna vaxandi skólahalds og uppeldisstarfs í landinu og til

þess að koma á auknu samstarfi milli skóla og meðal kennara og uppeldisfræðinga, ber nauðsyn til þess að gera menntun kennara yfirleitt sem fullkomnasta. Núverandi kennaraskóli kom í góðar þarfir og hefir unnið þjóðnýtt starf. En það er hvorttveggja, að nemendur þar hafa yfirleitt haft of litla undirbúningsmenntun og engin tök heldur verið til, á hinum stutta námstíma, að veita þeim góða kennaramenntun, og þó sízt í hagnýtum uppeldisvísindum, sem fleygt hefir fram á síðustu áratugum og eru í rauninni háskólagrein. Til þess hefir bæði skort námstíma og kunnáttu í erlendum málum. Kennarinn er ekki eingöngu fræðari og „heyrari", heldur á hann einnig að vera leiðtogi barna og unglinga, sem kemur þeim til þess þroska, sem þeim er áskapað að geta náð. Kennarinn á og að vera ráðgjafi og leiðbeinandi fjölskyldunnar um uppeldismál. Í allri nútíma uppeldisfræði er lögð rík áherzla á leiðbeininga- og leiðtogastarf kennara, og er það ekki sízt nauðsynlegt hér á landi, nú á tímamótum gamallar og nýrrar menningar. Það verður að vera hvorttveggja, að lengja og bæta undirbúningsnám íslenzkra kennara. Þrjátíu ára gömul skipun þessara mála getur ekki staðizt lengur. Stórfelldar breytingar hafa ekki eingöngu orðið hér á landi á þessu tímabili, heldur einnig um allan hinn menntaða heim. Og víðast hvar erlendis hafa hin miklu umskipti þegar skapað nýja kennaramenntun. Umbætur í skóla- og uppeldismálum hafa aldrei verið hraðstígari en frá því að heimsstyrjöldinni lauk og til þessa dags, og mikið gert á þeim tíma til að tryggja það, að kennarar tileinki sér vísindi sinnar greinar og mótist á námsárunum til þess starfs, að leiða aðra til þroska.

9. Inntökuskilyrði.

Inntökuskilyrði við kennaraskólann hafa undanfarið aukizt í áttina til gagnfræðaprófs, og er nú vafalaust kominn tími til að gera gagnfræðapróf að föstu inntökuskilyrði, á hvern veg sem kennaraskólanum verður að öðru leyti breytt. Gagnfræðamenntunin er almenns eðlis og nauðsynlegur grundvöllur alls sérnáms, og heimtar þó flest sérnám meiri almenna undirbúningsmenntun. Það er bæði hagræði og sparnaður að því að hafa gagnfræðamenntunina sér og aðskilja hana frá allri sérmenntun. Og á námsferli kennaraefna er það sjálfsagt. Gagnfræðamenntun er að verða svo almenn, að hennar verður víða hægt að afla nálægt heimilum og með litlum tilkostnaði. Við báða menntaskólana er enn haldið uppi gagnfræðadeild og sérstakir gagnfræðaskólar eru nú í öllum kaupstöðum, héraðsskólar í sveitum og sæmilegir unglingaskólar í nokkrum kauptúnum. Gagnfræðapróf er að vísu ekki haldið nema í Reykjavík og á Akureyri og nám annara skóla ekki samræmt svo, að próf frá þeim öllum geti gilt sem inntökupróf í sérskóla eða æðri skóla. En með nokkurri viðbót eða námskeiðum fyrir þá, sem áfram halda, má jafna muninn. Eðlilegast er, að eitt gagnfræðapróf væri sett fyrir allt landið og þeim skólum gefin heimild til að halda það, sem sakir kennaravals og annara skilyrða má treysta til að framkvæma það, en að öðru leyti væri öllum gefinn kostur á að þreyta gagnfræðapróf, sem fræðslumálastjórnin setti reglur um. Með því móti væri hinu fyrsta undirbúningsnámi fyrir kennarafræðslu og alla aðra sérfræðslu vel skipað. Er það og tillaga nefndarinnar, að gagnfræðapróf sé gert að skilyrði fyrir inntöku í menntaskóla kennara.

10. Tillaga nefndarinnar.

En auk þess verður að auka allverulega nám kennaraefna frá því, sem verið hefir, í einstökum greinum, sem þeir eiga að kenna síðar, og að stórum mun menntun þeirra í uppeldisvísindum og kennslufræðum. Menntaskóli kennara kemst ekki af með skemmri tíma en lærdómsdeildir menntaskólanna, og uppeldisvísindin er eðlilegast að stunda við háskóla, enda fellur þetta vel saman. Það er því tillaga nefndarinnar, að kennaraskólanum sé breytt í menntaskóla fyrir kennara og að stofnað verði til kennslu í uppeldisvísindum við heimspekideild háskólans.

Um fyrra atriðið, að breyta kennaraskólanum í menntaskóla, er það að segja, að með því er farin sú auðveldasta og ef til vill sú eina leiðin, sem nú er fær að því marki, að kennaraefnin fái stúdentsmenntun til undirbúnings háskólanáminu. Eins og sakir standa, verður að tjalda því, sem til er, og notast við þau híbýli, sem fyrir hendi eru. Enn getur orðið langt að bíða eftir nýjum húsakynnum fyrir þennan og aðra menntaskóla. Og eins og til hagar í menntaskólunum báðum, er það með öllu ógerningur að koma þessum skóla fyrir þar sem sérstakri deild við hlið hinna lærdómsdeildanna.

Hinsvegar er rétt að benda á þann framtíðarmöguleika, að menntaskóli kennara rynni saman við almenna menntaskólann og yrði þriðja lærdómsdeildin þar, en slíkt fyrirkomulag getur ekki komizt á fyrr en gagnfræðanámið verður skilið frá og húsrými er nóg fyrir hendi. Lærdómsdeildirnar þrjár yrðu þá allar undir einni yfirstjórn, en yfir hverja deild mætti skipa sérstakan yfirkennara, er væri sérfróður um allt það, er að þeirri deild lyti sérstaklega. Með slíku fyrirkomulagi myndi sparast fyrst og fremst húsnæði; kennaralið yrði sameiginlegt, sömu söfn og kennslutæki, ennfremur sameiginleg heimavist fyrir utanbæjarnemendur. Sú skipun skólans, sem gert er ráð fyrir í frv., og miðuð er við ástandið eins og það er nú og verður fyrst um sinn, stendur alls ekki í vegi fyrir, að slík samvinna verði upp tekin, þegar skilyrði verða til þess.

11. Séreðli kennaramenntunar.

Til þess liggja margar ástæður, að nauðsynlegt er að hafa sérstaka lærdómsdeild eða sérstakan menntaskóla fyrir kennaraefni. Undir almennt stúdentspróf eru kenndar ýmsar greinar, sem kennurum er ekki sérstök þörf á að nema og ekki má taka tíma til frá öðrum nauðsynlegum undirbúningi kennara. Erlend mál verður að kenna til að gera nemendum mögulegt að stunda háskólanám í sínum fræðum. En til þess nægja Norðurlandamál, þýzka og enska, en latínu og frönsku væri aftur ofaukið vegna annara þarfa, sem ekki má vanrækja. Kennaraefnum er nauðsynlegra en öllum öðrum að iðka teikning, söng og leikfimi. Þau verða og að læra ýmsa handavinnu, sem nauðsynleg er í skólum. Þessum greinum er ekki hægt að fresta þar til háskólinn tekur við. Sá tími, sem háskólanáminu er ætlaður, leyfir það ekki, og hinsvegar næst ekki sú leikni í þessum greinum, sem nauðsynleg er, nema lögð sé stund á þær ár eftir ár og byrjað á ungum aldri. Þá verður og að kenna þær greinar, sem sameiginlegar eru almennum menntaskólum og menntaskóla kennara, með nokkuð öðrum hætti kennaraefnunum, bæði um efnisval og kennsluaðferð, vegna þess að um er að ræða lokanám kennaraefna í þeim greinum, sem þeir eiga sjálfir að kenna síðar. Í skólastarfinu þarf jafnan að hafa annað augað á framtíðarstarfinu, líkt og við sérnám og háskólanám og í ríkari mæli en við almenna menntaskóla. Þegar þar við bætist, að hér er um að ræða undirbúningsnám svo fjölmennrar stéttar, að hvort sem er þyrfti að fjölga bekkjum í öðrum menntaskólum, sem ættu að taka við kennaraefnum, þá er það augljóst, að skylt er frá upphafi að taka tillit til þeirra sérþarfa, sem menntun kennara fylgja. Í þessu sambandi er það ekki fjárhagsatriði, hvort stúdentsmenntuninni er skipt í lærdómsdeildir eftir framtíðarþörfum eða í því fleiri bekki einnar og almennrar stúdentafræðslu. Skipting í stærðfræðideild og máladeild hefir þegar verið upp tekin við báða menntaskólana, og er þó kennarastéttin miklu fjölmennari en þær stéttir, sem stærðfræðideildin hefir verið stofnuð fyrir. Sú breyting, að gera kennaraskólann að menntaskóla fyrir kennara, eykur ekki stúdentaviðkomu miðað við þau störf, sem stúdentanna bíða að loknu námi, heldur dregur hlutfallslega úr. Að loknu gagnfræðaprófi munu margir hverfa yfir í menntaskóla kennara, sem annars hefðu haldið áfram í hinum eldri lærdómsdeildum. Starfsmöguleikum stúdenta að loknu háskólanámi fjölgar um allar kennarastöður landsins.

12. Nýsveinar.

Þá er þess að geta, að nemendur veljast til barna- og unglingakennarastarfs með öðrum hætti en til almenns menntaskólanáms og annara embætta. Kennarastéttin hefir að mestu sótt nýliða sína í sveitir landsins. Námfúsir, ungir menn, sem af eigin hvötum og á eigin kostnað brjótast áfram við skólanám, hafa sótt kennaraskólann. Á þann hátt hefir barnakennarastéttin fengið sína beztu menn, en ekki úr hópi kaupstaðaunglinga, sem að loknu fullnaðarprófi barnafræðslunnar eru settir til framhaldsnáms af foreldrum sínum. Valda nokkru um þau launakjör og starfsskilyrði, sem kennarastéttin á við að búa, en að öðru leyti sú skipun, sem gerð er á menntun kennara. Þessari leið má ekki loka, en hún mundi a. m. k. þrengjast mikið, ef kennaramenntunin væri fengin hinum eldri menntaskólum að öðru óbreyttu. Nemendur í menntaskóla kennara verða yfirleitt nokkuð eldri en nemendur annara lærdómsdeilda, sem aldir eru upp í kaupstað, og m. a. þess vegna heppilegra, að þeir séu sér í deild eða skóla. Þessi uppspretta ungra manna úr sveitum og byggðum landsins mun haldast opin, þó gagnfræðapróf sé gert að inntökuskilyrði, vegna þess hve almenn unglingafræðslan er orðin úti um landið, eins og áður hefir verið getið.

13. Farkennarar.

Þar sem ætlazt er til nokkurs uppeldisfræðilegs náms og kennsluæfinga í menntaskóla kennara, gerir nefndin ráð fyrir, að próf úr honum verði látið nægja farkennurum, a. m. k. fyrst um sinn, þar eð mikill munur er á launakjörum og starfsskilyrðum þeirra og barnakennara við fasta skóla. Gert er ráð fyrir í hinum nýju fræðslulögum, að farkennslan hverfi smám saman úr sögunni á næstu áratugum. Verður því nauðsynlegt fyrst um sinn að gera þessa tilslökun um uppeldisfræðinám farkennara. En hinsvegar er sýnt, að menntun kennarastéttarinnar í heild verður að bæta mikið frá því, sem nú er, ef menning þjóðarinnar á ekki að bíða alvarlegan hnekki, því að uppeldishlutverk barnaskóla og annara uppeldisstofnana, sem fyrir eru eða upp þurfa að koma á næstunni, verður æ víðtækara, margþættara og þýðingarmeira, eftir því sem menningarþarfir fólksins koma betur í ljós.

14. Háskólafræðsla í uppeldisvísindum.

Eftir fjögurra ára menntaskólanám með sérstöku tilliti til framtíðarþarfa kennarans, sem að menningargildi stendur ekki að baki almennu stúdentsnámi, kemur háskólafræðsla í hinum eiginlegu uppeldisvísindum eins og af sjálfu sér. Það væri fásinna að skipa lokanámi kennarans annarsstaðar til sætis. Uppeldisvísindi nútímans eru háskólagrein, og háskóli hefir bezt skilyrði til að vera leiðtogi annara skóla og brautryðjandi í uppeldismálum þjóðarinnar. Fyrir 1918 nutu barna- og unglingakennarar almennt ekki háskólamenntunar nema í Bandaríkjunum og á Englandi. En frá þeim tíma hefir þeim löndum sífellt fjölgað, sem gera háskólanám að skilyrði fyrir kennararéttindum, enda hafa miklar framfarir orðið í sálarfræði og uppeldisvísindum og hagnýting þeirra í uppeldisstarfinu aukizt stórlega, en í þeim efnum hafa háskólarnir haft forustuna. Í þeim löndum, sem ekki hafa enn gert háskólanám að skilyrði fyrir kennararéttindum, hafa þó víða verið settir á stofn kennaraháskólar til að fullnægja þörfum kennara fyrir framhaldsnám og hafa forustu í uppeldismálum, eða kennaraembætti í uppeldisvísindum verið stofnuð við hina eldri háskóla. Sú leið mundi reynast okkar þjóð engu ódýrari en það, sem hér er lagt til, að flytja uppeldisfræðinámið að mestu yfir í háskólann. Kostnaður ríkissjóðs yrði áþekkur, en árangurinn fyrir skólastarfið ósambærilegur. Það er eitt af hinum eðlilegustu viðfangsefnum háskóla, að eiga ríkan þátt í menntun kennara fyrir alla aðra skóla, og hafa forustu um að hagnýta erlend uppeldisvísindi fyrir íslenzka skóla og laga þau eftir íslenzkum háttum og aðstöðu. Uppeldisfræðin er almenn vísindagrein, en skólastarfið er staðbundið.

15. Sálarfræði.

Höfuðviðfangsefni háskólans í þessu sambandi mundi vera hin sálfræðilega og uppeldisfræðilega menntun kennara og þau menningaráhrif, sem háskólanámi fylgja. Fyrst er að telja sálarfræði barna og unglinga. Flestar nýjungar í nútíma uppeldisaðferðum eru að þakka beint og óbeint aukinni þekkingu á sálarlífinu. Kennaraefnin verða að öðlast þekkingu og skilning á sálarlífi barna og unglinga, þeir verða að kynna sér rannsóknaraðferðir barnasálarfræðinnar, svo að þeir geti sjálfir gert sálfræðilegar athuganir á börnum og unglingum. Kennslu- og uppeldisaðferðir verða að vera í samræmi við þroska barnsins á hverju aldursskeiði. Nú eru börn ekki aðeins misjafnlega bráðþroska andlega, heldur eru og skynjunarhæfileikar þeirra, tilfinningalíf, gáfnafar og menningarhneigð með misjöfnum hætti. Þennan mannamun og þau uppeldisáhrif og kennsluaðferðir, sem hæfa bezt, er kennaraefnum nauðsynlegt að þekkja. Þekking á sálarlífi, hæfileikum og hneigðum barnsins vísar uppalandanum hentugustu leiðina til að mennta það.

16. Uppeldisfræði.

Annað höfuðatriði uppeldisvísinda er það, sem í þröngri merkingu orðsins er kallað uppeldisfræði. Hún er aðallega heimspekileg, félagsfræðileg og söguleg. Hin heimspekilega uppeldisfræði fæst aðallega við að meta gildi uppeldisins og marka þá stefnu, sem taka skal í uppeldismálum. En er vér höfum einu sinni sett þetta takmark, sem í hverju einstöku tilfelli ákveðst bæði af þekkingu þeirri, er vér höfum af upplagi og menntunarhæfni barnsins, og þjóðfélagslífi og menningarkröfum, þá verður líka að rannsaka þau ráð og aðferðir, sem henta bezt til að ná takmarki uppeldisins. Þetta er hin eiginlega hagnýta uppeldisfræði. Hún leggur á ráðin um að kenna með sem minnstri fyrirhöfn og sem beztum árangri það, sem vér álítum, að þurfi að læra, sveigja hneigðir, er vér teljum skaðlegar, að hollu markmiði og vekja og þroska aðrar hneigðir, er vér teljum góðar og gagnlegar.

17. Kennslufræði.

Þriðja aðalgrein uppeldisvísindanna er kennslufræðin. Kennaraefni verður að læra að hagnýta sér þekkingu sína við uppeldisstarfið og afla sér kunnáttu og leikni í því að kenna börnum og unglingum á ýmsum aldursskeiðum. Það er rangt að halda, að þekking og kennsluhæfileikar fari alltaf saman. Náttúrlega þarf barnakennarinn að hafa næga kunnáttu í kennslugreinum sínum, því að enginn getur kennt öðrum það, sem hann ekki kann sjálfur. En þetta er ekki nóg. Kennarinn verður þar að auki að þekkja nemendurna og skilja þá og öðlast leikni í að setja námsefnið fram í því formi, sem hæfir börnum með ólíku gáfnafari á hinum ýmsu aldursskeiðum. Þessi kennslufræðilega afstaða kennaranna til nemendanna er aðalatriði, þegar um smábarnakennslu er að ræða. Hin vísindalega framsetning einhverrar fræðigreinar fer ekki saman við hina kennslufræðilegu framsetning hennar fyrr en um fullorðna, þroskaða nemendur er að ræða. Því er engum eins nauðsynleg og barnakennurum sálfræðileg þekking og leikni í því að beita ýmsum kennsluaðferðum. Nefndin leggur því sérstaka áherzlu á kennsluæfingar og ætlar þeim mikið rúm. Ættu þær helzt að fara fram í sérstökum æfingaskóla undir handleiðslu reyndra og góðra barnakennara.

18. Æfing og starf.

Æfing og starfsreynsla verður að haldast í hendur við hina vísindalegu þekkingu. Þótt uppeldisdeild beri að sjálfsögðu að gera vísindalegar rannsóknir og nemendur eigi að hljóta þar vísindalega menntun, þá má ekki miða kennsluna við það, að gera nemendur að vísindamönnum eingöngu, heldur fyrst og fremst að kennurum og leiðtogum æskulýðsins og leiðbeinendum foreldra og almennings um uppeldismál. Hinu uppeldisfræðilega námi kennaraefna við háskólann er ætlaður hinn stytzti tími, sem nægi til þess, að svo megi verða. Þótt kennaraefni hafi lokið há-

skólaprófi í uppeldisfræði, er samt ekki tryggt, að hann sé þegar fær um að starfa sjálfstætt sem kennari. Verður þess sérstaklega að gæta hér, þar sem kennarar eru víðast fáir við hvern skóla og einangraðir eftir að kemur út í kennslustarfið og erfitt að koma við kennslueftirliti. Er því ráðlegt, að kennarar starfi fyrst til reynslu í góðum skóla, þar sem þeir geti notið leiðbeininga sér reyndari kennara.

19. Leiðirnar skiptast.

Í háskólanum skiptast fyrst leiðir kennaraefna. Þó öðrum sé ekki gert að skyldu að sækja menntaskóla kennara en barna- og unglingakennaraefnum, þá er samt líklegt, að flestir væntanlegir kennarar velji þá leiðina, og hvort sem er, þá er leið allra samhliða allt til lokanáms og veldur engum klofningi í skólamálum landsins. En í háskólanum verður að gera mismunandi kröfur, eftir því hverskonar kennarastarf liggur fyrir kennaraefnunum.

20. Barnakennarar.

Barnakennarar þurfa, þó einkennilegt virðist við fyrsta álit, mesta menntun í uppeldisvísindum, að undanteknum sjálfum háskólakennurunum í uppeldisvísindum. Lýðskólakennarar þar næst, og geta þeir um flest fylgzt með barnakennurum í þeirri grein. En til kennara við æðri skóla eru minnstar kröfur gerðar í uppeldisfræðum. Því nær sem dregur því aldursskeiði, sem kennarinn er sjálfur á, því minni áherzlu má leggja á hin sálfræðilegu vísindi, en að sama skapi eykst þörfin á vísindalegu námi í kennslugreinum. Barnakennarar þurfa að vera nokkuð jafnvígir í kennslugreinum, og valda þeim öllum eftir þeim kröfum, sem gerðar eru í barnaskólum. Þó er þeim ætlað í menntaskóla kennara að hafa kjörgrein, er þeir leggi sérstaka áherzlu á, og í háskólanum eina sérgrein, sem þeir séu prófskyldir í. Hver maður hefir gott af að afla sér viðtækari þekkingar í einni grein en öðrum, ekki sízt þegar lífsstarfið togar í áttina til fjölþekkingar með þeim ókostum, er henni fylgja.

21. Unglingakennarar.

Lýðskólakennarar þurfa aftur allmikillar sérfræði í sínum kennslugreinum, og þó venjulega að kenna ekki færri en tvær til þrjár námsgreinar. Því er þeim ætlað mun lengra háskólanám. Eftir því sem háskólinn eflist og starf hans tekur yfir fleiri verksvið, því hæfari verður hann til að fullnægja þessu viðfangsefni. Og þó nokkuð mundi nú á skorta um getu hans til að veita margháttaða sérfræðslu, þá má fastlega gera ráð fyrir, að hann verði að fimm árum liðnum fær um að inna það verkefni af hendi. Háskólinn þarf að verða þjóðskóli, sem sinnir öllum verkefnum þjóðarinnar og notar sér krafta góðra sérfræðinga, sem völ er á við aðrar stofnanir í Reykjavík.

22. Aðrir kennarar.

Um nauðsyn á uppeldisfræðinámi fyrir sérfræðinga, sem stunda kennslu við sérskóla og æðri skóla, getur engum blandazt hugur, og er rétt að gera þar sömu kröfur og nú eru gerðar í flestum menningarlöndum. En um menntun háskólakennaranna í uppeldisvísindum tjáir ekki að setja reglur, heldur verður að treysta á, að hinir hæfustu menn veljist til þess á hverjum tíma. Þar er úr hópi allra kennaramenntaðra manna að velja.

23. Kennsluæfingar.

Nefndinni er það ljóst, að það væri mikill kostur, ef hægt væri að koma upp nýtízku skóla fyrir kennsluæfingar í sambandi við menntaskóla kennara og heimspekideild háskólans, en það mundi kosta mikið fé og verður að bíða betri tíma. Enda má vinna stórfellt gagn með þeim ódýru breytingum, sem nefndin leggur til að gerðar verði á menntun kennara, og notast þó við svipaða æfingakennslu og nú er haldið uppi og aukið samstarf við barnaskólana í Reykjavík. Má og vera, að slíku samstarfi mætti koma svo fyrir, að það yrði til frambúðar. Hefir það sumstaðar gefizt vel með öðrum þjóðum.

24. Kostnaður.

Þær tillögur, sem nefndin hefir gert í frumvarpi sínu, eru mikilsverðar fyrir kennarastéttina og allt skóla- og uppeldisstarf þjóðarinnar, en kostnaðarlitlar fyrir ríkið. Það er ekki á öllum sviðum, sem hægt er að vinna mikið gagn með litlum tilkostnaði. Nota má hús núverandi kennaraskóla að miklu leyti þangað til annað betra er byggt. Kennaraskólinn myndi lengjast um eitt ár frá því, sem nú er, og kostnaðarauki við stofnun „menntaskóla kennara", með fjórum ársdeildum, verður því sem næst kostnaður við rekstur eins bekkjar. Þessi kostnaðarauki kemur þó ekki fram fyrr en liðin eru þrjú ár frá því að breytingin kemst í framkvæmd, því að skólinn verður ekki skipaður fjórum ársdeildum fyrr en á fjórða kennsluári. Um heimspekideild háskólans hefir nefndin áætlað, að bæta þyrfti við tveim prófessorum í uppeldisvísindum, þar eð núverandi prófessor í forspjallsvísindum gæti haft með höndum kennslu í almennri sálarfræði og auk þess annazt kennslu að einhverju leyti í uppeldisvísindum. Sá viðbótarkostnaður kæmi ekki til fyrr en eftir fimm ár. Nú stendur yfir bygging háskóla, og hefir byggingarnefnd í samráði við þessa nefnd ætlað uppeldisfræðikennslunni fullnægjandi húsnæði, sem ætla má að verði tilbúið eigi síðar en kennslan hefst eftir frumvarpi nefndarinnar. Og aðrar þarfir, svo sem endurbætur á skólahúsum, æfingaskóli o. fl., eru jafnríkar hvort sem frumvarp nefndarinnar verður að lögum eða ekki.

Aðalkostnaðaraukinn fellur á þá barna- og unglingakennara, sem búa sig undir kennslustörf. En það hefir verið svo á voru landi, að fátækir og efnilegir menn hafa brotizt áfram við skólanám innanlands, ekki síður en aðrir, og er sá skóli, sem felst í lífsbaráttu hins unga manns, ekki sízt fallinn fyrir þá, sem eiga að verða leiðtogar þjóðarinnar í uppeldismálum í hennar örðugu baráttu. Ekki hefir barnakennarastéttin sjálf talið eftir þann erfiðisauka, því mest fyrir hennar frumkvæði hefir þetta mál verið upp tekið.

25. Fylgiskjöl.

Að öðru leyti vísar nefndin til frumvarps til laga um menntun kennara og þessara fylgiskjala:

1. Tillögur um skipulag, inntökuskilyrði og námsefni í menntaskóla kennara, samdar af nefndinni.
2. Frumvarp til reglugerðar um nám og próf kennaraefna við Háskóla Íslands, samdar af nefndinni.
3. Tillögur um menntun kennara, gerðar síðastliðið haust að tilhlutun fræðslumálastjórnarinnar af dr. Matthíasi Jónassyni.
4. Tillögur fulltrúaþings S. Í. B. 1935, um menntun kennara.

Fylgiskjal I.

Tillögur um skipulag, inntökuskilyrði og námsefni í menntaskóla kennara.

I. KAFLI
Markmið skólans og skipulag.

1. gr.

Það er markmið skólans að veita nemendum almenna menntun til undirbúnings háskólanámi í uppeldisvísindum, svo og að veita þeim nokkra sérmenntun í því, sem snertir uppeldi barna og kennslu. Náminu öllu skal haga svo, að það sé hagnýtur undirbúningur fyrir þá, sem kennslustörf eiga að stunda.

2. gr.

Í skólanum eru fjórar ársdeildir. Hann er jafnt fyrir konur sem karla.

II. KAFLI
Um inntöku nemenda í skólann.

3. gr.

Þessi eru almenn inntökuskilyrði:

1. Að nemandi, sem tekinn er í fyrsta bekk, sé fullra 15 ára um næstu áramót, en nemendur, sem teknir eru í aðra bekki, séu ári eldri fyrir hvern bekk.
2. Að nemandi hafi engan næman kvilla eða sjúkdóm, sem öðrum geti að meini orðið, eða önnur þau lýti, sem geri hann sjálfan síðar óhæfan til kennarastarfa.
3. Að nemandi sé óspilltur að siðferði.

4. gr.

Til þess að verða tekinn í 1. bekk verður nemandi að hafa staðizt inntökupróf, sem samsvarar gagnfræðaprófi menntaskólanna, eða að hafa gagnfræðaprófsskírteini frá þeim skólum. Ef fleiri nemendur standast inntökupróf en hægt er að taka, skulu nemendur búsettir utan kaupstaða að jafnaði ganga fyrir, en að öðru leyti skulu einkunnir ráða.

Skólastjóri úrskurðar um inntöku nemenda í skólann.

5. gr.

Til þess að verða tekinn í aðra bekki skólans verður nemandi að hafa staðizt gagnfræðapróf og árspróf næsta bekkjar fyrir neðan þann, sem hann sækir um inntöku í. Auk þess verður hann að sýna, annaðhvort með prófi eða skilríkjum, sem skólastjóri tekur gild, að hann hafi numið allt það, sem kennt er í þeim bekkjum skólans, sem hann kann að hafa hlaupið yfir.

III. KAFLI
Um kennsluna.

6. gr.

Í skólanum skal kenna þessar námsgreinar:

Íslenzku og íslenzkar bókmenntir, dönsku, ensku, þýzku, stærðfræði, eðlisfræði og efnafræði, náttúrufræði og heilsufræði, landafræði, sögu og félagsfræði, kristinfræði og siðfræði, kennslufræði, kennsluæfingar, teiknun, skrift, handavinnu, söng og íþróttir.

7. gr.

Skipta skal kennslustundum milli námsgreina og bekkja sem næst því, er hér segir:

Kennslugreinar	1. ár	2. ár	3. ár	4. ár	alls
Íslenzka og íslenzkar bókmenntir	5	5	4	4	18
Danska (og sænska)	4	4	„	„	8
Enska	5	5	„	„	10
Þýzka	„	„	5	5	10
Stærðfræði	3	3	3	3	12
Eðlisfræði og efnafræði	„	„	4	4	8
Náttúrufræði (og heilsufræði)	3	3	3	2	11
Landafræði	2	2	„	„	4
Saga og félagsfræði	3	3	3	3	12
Kristinfræði og siðfræði	„	„	2	2	4
Kennslufræði	„	2	2	2	6
Kennsluæfingar	„	„	2	4	6
Teiknun	2	2	2	2	8
Skrift	1	1	„	„	2

Kennslugreinar	1. ár	2. ár	3. ár	4. ár	alls
Handavinna	2	2	2	2	8
Söngur	2	2	2	1	7
Íþróttir	2	2	2	2	8
Samtals	34	36	36	36	

8. gr.

Námsefni og markmið kennslu skal vera sem hér segir:

1. **Íslenzka:** Nemendur skulu öðlast glöggan skilning og ýtarlega þekkingu á sem flestum greinum íslenzkrar tungu og þróun hennar frá landnámsöld. Þeir skulu geta notað hana lýtalaust, bæði í ræðu og riti. Þeir skulu nema allýtarlega íslenzka málfræði, hljóðfræði, beygingafræði og setningafræði, ásamt ágripi af orðmyndunarfræði, og aðalatriði bragfræðinnar. Taka skal tillit til fornmáls og miðmáls, og hafa hliðsjón af skyldum málum, einkum þeim germönsku.

Nemendur skulu lesa vandlega úrval íslenzkra bókmennta í bundnu máli og óbundnu, og skal einkum lögð áherzla á fornbókmenntirnar og bókmenntir eftir 1800. Kosta skal kapps um, að nemendur kynnist sem flestum tegundum ritaðs máls. Til þess að ná því marki, skal einnig láta nemendur hraðlesa langa kafla eða heil rit, og skal þá sérstaklega vekja athygli þeirra á efni þess, sem lesið er, og meðferð höfundanna á því. Einnig skulu þeir þekkja aðaldrætti íslenzkrar bókmenntasögu frá upphafi og fram á vora daga.

Ritgerðir skulu gerðar svo oft sem þurfa þykir til þess, að nemendur verði sæmilega ritfærir, og skulu þær vera um efni við hæfi nemenda, þar á meðal þýðingar úr erlendum málum.

2. **Danska:** Nemendur skulu læra að lesa málið með sæmilegum og áherzluréttum framburði og tala það og rita sæmilega. Þeir skulu lesa svo mikið af dönsku máli, óbundnu og bundnu, að þeir verði vel læsir á nútíðarbókmenntir Dana. Þeir skulu kynnast ýmsum tegundum ritaðs máls, svo að þeir geti orðið læsir á algengar danskar fræðibækur. Jafnframt skulu þeir fræðast um merkustu rithöfunda Dana á seinni tímum. Málfræði skulu þeir læra nokkru ýtarlegri en í gagnfræðaskólum. Skriflegar æfingar skulu þeir gera svo margar, að þeir geti villulítið snúið úr íslenzku á dönsku stuttum kafla, hæfilega þungum, og samið stutta ritgerð á dönsku almenns efnis. Lesa skal a. m. k. eitt danskt rit um uppeldisfræðilegt efni.

Gefa skal nemendum kost á að læra sænskan framburð eða norskan og venjast við að hagnýta sér sænskar bækur og norskar.

3. **Enska:** Nemendur skulu lesa svo mikið af venjulegu ensku nútíðarmáli, aðallega óbundnu máli, að þeir geti kallazt sæmilega læsir á ensku. Þeir skulu og nema góðan framburð og helztu atriði enskrar málfræði. Talæfingar, endursagnir og stíla skulu þeir hafa eftir því, sem við verður komið. Lesa skal a. m. k. eitt rit á ensku um uppeldismál eða kennslu.

4. **Þýzka:** Nemendur skulu lesa svo mikið af ýmislegu þýzku máli, óbundnu og bundnu, að þeir verði sæmilega læsir á almennt nútíðarmál. Þeir skulu læra góðan framburð og aðalatriði þýzkrar málfræði. Ennfremur skal hafa talæfingar, endursagnir eða annað því líkt, eftir því, sem tími vinnst til. Lesa skal á þýzku a. m. k. eitt rit um uppeldismál eða kennslu.

5. **Stærðfræði:** Nemendur skulu læra stærðfræði og æfast í réttri hugsun. Skal fyrst fara rækilega yfir undirstöðuatriði námsefnis gagnfræðaskólanna. Síðan skulu nemendur læra algebru og geometriu og ágrip af hagnýtri stærðfræði.

Ennfremur skulu nemendur læra undirstöðuatriði venjulegrar bókfærslu og kunna að gera yfirlit um efnahag, tap og gróða.

6. **Eðlisfræði og efnafræði:**

I. Eðlisfræði: Nemendur skulu fá nokkra þekkingu á ýmsum helztu lögmálum eðlisfræði, einkum þeim, er styðja náttúrufræðinám. Þeir skulu læra ágrip af

varmafræði og rafmagnsfræði og gera einfaldar mælingar. Þeir skulu og fá fræðslu um helztu aflvélar og rafmagnsvélar.

II. Efnafræði: Nemendur skulu læra um atóm og mólekúl og verða leiknir í að nota táknmál efnafræðinnar um einfaldar efnabreytingar og reikna út þyngdarhlutföll og rúmmálshlutföll. Þeir skulu og læra um eðli efna og efnabreytingar. Kennslan skal styðjast við tilraunir, er nemendur hafi séð eða sjálfir gert, eftir því sem við verður komið.

7. **Náttúrufræði og heilsufræði:** Nemendur skulu kynnast merkustu lögmálum og fyrirbrigðum náttúrunnar og fá skilning á gildi náttúruvísindanna fyrir atvinnuhætti manna og líf. Þeir skulu nema ágrip af: 1) jarðfræði, einkum jarðfræði Íslands, svo og 2) eðlislýsingu lofts og sjávar, hvorttveggja með sérstöku tilliti til Íslands, 3) lífeðlisfræði, með tilliti til heilsufræði, og 4) almennri líffræði. Nemendur skulu hafa lært helztu atriði heilsufræðinnar með hliðsjón af því, sem við kemur hollustuháttum í skólum. Auk þess skulu þeir hafa lært og iðkað að nokkru hjálp í viðlögum.

8. **Landafræði:** Nemendur skulu læra mjög ýtarlega lýsingu Íslands. Því næst skulu þeir læra á sama hátt lýsingu eins af nágrannalöndunum, og skal hún að jafnaði lesin á máli þeirrar þjóðar, sem landið byggir. Loks skal hraðlesin handbók fyrir kennara í almennri landafræði.

9. **Saga og félagsfræði:** Nemendur skulu fá ljóst yfirlit yfir sögu íslenzku þjóðarinnar frá elztu tímum í sambandi við almenna sögu. Þeir skulu og nema almenna mannkynssögu, allmiklu ýtarlegri en í gagnfræðaskólum. Einkum skal lögð áherzla á, að þeir fái glöggan skilning á andlegri, efnalegri og félagslegri þróun og geti rakið helztu söguleg orsakasambönd. Jafnframt skulu þeir kynnast merkustu viðburðum og mönnum, sem dýpst spor hafa markað í sögunni. Í sambandi við það skulu þeir fá yfirlit yfir helztu stefnur í uppeldismálum og vita deili á merkustu skólafrömuðum. Bæði í Íslandssögu og almennri sögu skal einkum lögð áherzla á tímabilið frá miðri 18. öld til vorra daga. Í félagsfræði skulu nemendur fá yfirlit yfir stjórnarskipun Íslands, stjórn sveita og bæja og skipulag atvinnumála, fjármála og félagsmála. Auk þess skulu þeir, eftir því sem tími vinnst til, kynnast stjórnskipun ýmissa annara menningarríkja.

10. **Kristinfræði og siðfræði:** Nemendur skulu hafa yfirlit um bækur biblíunnar, einkum nýja testamentisins, og vita um efni þeirra í aðaldráttum og hafa farið yfir eitt guðspjall með skýringum. Ennfremur skulu þeir vita höfuðdrætti um útbreiðslu kristindómsins og sögu hans, og þó einkum mismunandi trúarskoðanir nútímans innan kristninnar. Í sambandi við það skulu þeir hafa fengið stutt yfirlit um önnur helztu trúarbrögð í heiminum og vita höfuðmun þeirra og kristinnar trúar. Loks skal þeim kennt ágrip af almennri siðfræði.

11. **Kennslufræði:** Nemendur skulu vita um helztu kenningar uppeldisfræðinnar og merkustu skólahreyfingar, aðallega nú á tímum. Þeir skulu hafa kynnzt kennsluaðferðum og öðru því, er kennslu snertir, svo sem efnisvali og efnismeðferð, eftir þroskastigum barnsins. Þeir skulu hafa numið yfirlit um kennslutilhögun í hverri námsgrein, sem kennd er í barnaskólum hér, og hafa kynnt sér helztu gildandi lög og reglur um kennslu og skólamál. Þeir skulu hafa kynnt sér helztu prófaðferðir og lært að semja skýrslur og halda bækur þær, sem í skólum tíðkast.

12. **Kennsluæfingar:** Kennsluæfingar skulu fara fram í sérstökum barnaskóla, þegar þess er kostur. Eigi mega þar vera færri en þrjár deildir, og sé ein þeirra smábarnadeild, en hinar fyrir eldri börn. Sé þess kostur, skal fjölga deildum skólans, unz hann er orðinn fullkominn barnaskóli með öllum ársdeildum.

Kennaraefni öll skulu sækja kennsluæfingar bæði í smábarnakennslu og kennslu eldri barna.

Í æfingastundunum skulu nemendur bæði hlusta á kennslu hjá æfingakennurum og einnig kenna sjálfir undir handleiðslu þeirra. Þeir skulu og vandir við að prófa börnin og gera ýmsar athuganir, sem að gagni mega koma við kennslu.

Ennfremur skal kennaraefnum gefinn kostur á, eftir því sem ástæður frekast leyfa, að heimsækja barnaskóla bæjarins og hlýða þar á kennslu og kynnast skólastarfseminni yfirleitt.

13. **Teiknun:** Nemendur skulu læra að teikna flatarmyndir og margflötunga og öðlast hugmynd um rúmsæi (perspektiv) í sambandi við það. Ennfremur skulu þeir læra um meðferð lita, samsetningu þeirra, afstöðu og áhrif, svo og gerð (komposition) mynda og helztu lögmál um línur og fleti. Auk þess skulu þeir leiknir í að draga upp krítarteikningar á töflu, sem að gagni megi koma við kennslu, svo sem myndir úr dýrafræði, plöntufræði, jarðfræði, átthagafræði og öðrum námsgreinum, sem auðvelt er að styðjast við teikningar til skýringar. Skal þess gætt, að nemendur æfist sem mest í að hagnýta teiknikunnáttu sína á sem flestum sviðum kennslunnar. Sérstaka áherzlu skal leggja á það, að nemendur læri beztu aðferðir við teiknikennslu barna, svo og val verkefna við þeirra hæfi.

14. **Skrift:** Nemendur skulu hafa leikni í að skrifa skýra og læsilega rithönd með sæmilegum hraða. Ennfremur skulu þeir hafa lært helztu aðferðir við skriftarkennslu og undirbúning hennar og hafa leikni í að beita þeim.

15. **Handavinna:** Nemendur skulu hafa lært að iðka þá tegund handavinnu, sem hæfust er til kennslu í barnaskólum á hverjum tíma, og kunna að beita heppilegustu aðferðum við slíka kennslu. Allir nemendur skulu læra þau vinnubrögð, sem notagildi hafa í smábarnakennslu. Að því loknu skulu stúlkur nema hannyrðir, svo sem prjón, saum og handvefnað, en piltar skólasmíði, bæði trésmíði og málmsmíði. Kennslan öll skal miða að því tvennu, að gera nemendurna sjálfa leikna í vinnubrögðunum og hæfa til að kenna þau.

16. **Íþróttir:** Nemendur skulu iðka líkamsæfingar eftir vísindalegu kerfi, svo og íþróttir og leiki, eftir aldri þeirra og þroska. Skal leggja áherzlu á að halda við og efla líkamsþroska nemenda og vekja áhuga og skilning á líkamsrækt og hreinlæti.

Allir nemendur skulu læra sund.

Þeir nemendur, sem kennarapróf vilja taka í leikfimi, verða að geta leikið fyrir allar venjulegar æfingar, skipað fyrir, leiðrétt aðra og stjórnað þeim, og borið skyn á rétta tilhögun æfinga og val þeirra. Þeir skulu og kunna leikreglur og leiki við hæfi barna og geta stjórnað hópleikjum þeirra.

9. gr.

Í verklegu greinunum öllum, teiknun, skrift, handavinnu, söng og í íþróttum, skal ekki aðeins leggja áherzlu á það, að nemendur nái nauðsynlegri kunnáttu og leikni, heldur jafnframt á hitt, að þeir verði sem hæfastir til að kenna þær síðar meir. Skulu þeir því kynnast vandlega kennsluaðferðum og vali verkefna við hæfi barna á mismunandi aldri. Ennfremur skal kenna þeim að athuga og meta gildi þessara námsgreina, bæði notagildi þeirra almennt og svo uppeldisgildi þeirra.

10. gr.

Um önnur atriði, svo sem próf, einkunnagjafir, stjórn skólans, skólatíma o. fl., er ætlazt til, að farið verði sem næst því, sem ákveðið er í reglugerð fyrir lærdómsdeild menntaskólans í Reykjavík, að breyttu því, sem breyta þarf.

Athugasemdir.

Tillögur þessar ná aðallega til þriggja atriða: 1) Skipulags skólans í höfuðdráttum, 2) inntöku í skólann og 3) námsefnis og meðferðar á því.

1. Sú breyting, sem felst í fyrsta atriðinu, er aðallega sú, að í stað núverandi kennaraskóla komi fjögra ára menntaskóli; auk þess mun það leiða af sjálfu sér, að námstími lengist árlega a. m. k. um mánuð, ef þessi skóli á, eins og ráðgert er, að starfa hliðstætt við lærdómsdeildir menntaskólanna.

2. Annað atriðið er um inntöku í skólann. Er þar ráðgert, að inntökuskilyrði séu hin sömu og í lærdómsdeid menntaskólanna, þ. e. gagnfræðapróf eftir tveggja ára nám. Munurinn á þessum kröfum og þeim, sem nú eru gerðar inn í kennaraskólann, eru ekki ýkjamiklar. Og þessum kröfum ætti að vera unnt að fullnægja í héraðs- og gagnfræðaskólunum. Sennilega mundi til þess þurfa sérstök námskeið, en ekki ættu þau að þurfa að rekast á við aðalkennsluna í þeim skólum. Nefndin hefir hugsað sér, að settar verði sérstakar reglur um gagnfræðapróf, þannig að samræmdar verði kröfur undir það, hvar svo sem námið fer fram. Auk þess, sem slíkt gagnfræðapróf veitti réttindi til inntöku í lærdómsdeildir menntaskólanna og í menntaskóla kennara, mundu sjálfsagt ýmsir sérskólar gera það að inntökuskilyrði með tíð og tíma.

Æskilegt væri, að sérstök prófstofnun eða stofnanir hefðu á hendi framkvæmd gagnfræðaprófsins, svo að fullt samræmi næðist. Meðan svo er ekki, verður gagnfræðapróf menntaskólanna og samsvarandi inntökupróf við menntaskóla kennara að koma í þess stað.

3. Nefndin hefir hér gert tillögur um, hverjar námsgreinar skuli kenna og hve mikið í hverri. Borið saman við kennslu í núverandi kennaraskóla er aðalbreytingin sú, að kenna skal bæði ensku og þýzku, í stað annars málsins. Þá er einnig aukin kennsla í mörgum greinum, sérstaklega í íslenzku og stærðfræði. Hinsvegar yrði í þessum skóla minna kennt í uppeldisfræði og kennsluæfingum, enda á háskólinn að taka þar við.

Séu tillögur nefndarinnar aftur á móti bornar saman við reglugerð menntaskólans um námsefni lærdómsdeildanna, kemur í ljós, að munurinn er þrennskonar.

Í fyrsta lagi eru námsgreinar ekki þær sömu. Ber þar mest á því, að latínu og frönsku er sleppt. Í þess stað eru fimm námsgreinar, sem ekki eru kenndar í lærdómsdeildum menntaskólanna, en allar nauðsynlegar kennaraefnum.

Í öðru lagi er mismunandi stundafjöldi ætlaður í þeim greinum, sem sameiginlegar eru, eins og sjá má á meðfylgjandi töflu yfir vikulegan stundafjölda í námsgreinum beggja lærdómsdeilda menntaskólanna og menntaskóla kennara. Í tillögum nefndarinnar er þar farið bil beggja milli máladeildar og stærðfræðideildar. Þannig eru t. d. í menntaskóla kennara áætlaðar fleiri stundir í íslenzku en bæði í máladeild og starðfræðideild, enda er til þess ætlazt, að kennaraefni fái rækilegt yfirlit yfir bókmenntir þjóðarinnar, en færri stundir eru í þýzku en í báðum deildum menntaskólans. Í ensku eru áætlaðar færri stundir en í máladeild, en fleiri en í stærðfræðideild; í stærðfræði fleiri stundir en í máladeild, en færri en í stærðfræðideild o. s. frv.

Í þriðja lagi gerir nefndin ráð fyrir, að allar námsgreinar í þessum skóla verði kenndar með sérstöku tilliti til þess, að nemendurnir eigi síðar að kenna þær sjálfir. Má í því sambandi benda á, hve nauðsynlegt það er, að öll undirstöðuatriði séu lærð sem vandlegast. Sennilegt er, að óhjákvæmilegt reynist að rifja upp sumt af námsefninu undir gagnfræðapróf samhliða framhaldskennslunni. Ennfremur verða kennarar í þessum skóla að geta bent nemendum á mismunandi kennsluaðferðir í námsgreinum sínum, gefið leiðbeiningar um efnisval og meðferð námsgreina fyrir börn og unglinga, og yfirleitt verða þeir að leggja sérstaka áherzlu á allt það, sem hagnýtt geti orðið verðandi kennurum.

Höfuðmunur þessa skóla og almennra menntaskóla verður þá sá, að sleppt er hér þeim námsgreinum (latínu og frönsku), sem ekki teljast nauðsynlegar til undirbúnings háskólanámi kennara, en í þeirra stað um 30 vikulegar stundir í greinum, sem annaðhvort eru ekki kenndar eða mjög lítið í almennum menntaskólum, svo sem teiknun og handavinnu o. fl., sem eru kennaraefnum mjög áríðandi námsgreinar. Ennfremur á kennslan öll í þessum skóla að vera sniðin frá upphafi eftir þörfum verðandi kennara, og svo hagnýt fyrir þá í alla staði sem frekast má verða.

	Máladeild	Stærðfræðid.	Kennarad.
Íslenzka	13	13	18
Danska	6	6	8
Enska	17	8	10
Þýzka	14	13	10
Saga	12	10	12
Kristinfræði	1	1	4
Náttúrufræði	9	11	11
Eðlisfræði	7	21	8
Stærðfræði	10	21	12
Söngur	4	4	7
Leikfimi	12	12	8
Teiknun	2	„	8
Stjörnufræði	„	2	„
Bókfærsla	2	„	„[1]
Franska	11	11	„
Latína	19	4	„
Kennslufræði	„	„	6
Kennsluæfingar	„	„	6
Landafræði	„	„	4
Handavinna	„	„	8
Skrift	„	„	2

Fylgiskjal II.

Frumvarp til reglugerðar um nám og próf kennaraefna við Háskóla Íslands.

Í heimspekideild Háskóla Íslands skal haldið uppi kennslu í uppeldisvísindum, sem hafi það markmið, að veita kennaraefnum, er nám stunda við háskólann, sem allra fullkomnasta uppeldismenntun.

A. Starfssvið og kennslutilhögun.

Í uppeldisdeild ber að kenna:

1. a. Almenna lífeðlisfræði og sálarfræði, sálarfræði barna og unglinga, heilbrigðra, sálsjúkra og vangefinna barna.
   b. Vísindalega og hagnýta uppeldisfræði, sögu uppeldisfræðinnar, sögu uppeldisins, einkum hér á landi, og uppeldislega siðfræði og félagsfræði.
   c. Almenna kennslufræði, aðferðir í einstökum kennslugreinum og kennsluæfingar.
2. Kennslan fer fram í fyrirlestrum, tilraunum og æfingum. Sérstaka áherzlu ber að leggja á sjálfstæða vinnu nemenda.
3. Uppeldisdeild, sem er einn hluti heimspekideildar, starfar í náinni samvinnu við aðrar stofnanir innan háskólans, einkum heimspekideild (norrænudeild), guðfræðideild, atvinnudeild og læknadeild. Ef þörf krefur, er uppeldisdeild heimilt að snúa sér til menntastofnana utan háskólans um fræðslu í þeim greinum, sem ekki eru kenndar í háskólanum.

B. Um menntun kennara.

Uppeldisdeild Háskóla Íslands annast menntun barnakennara, gagnfræða- og héraðsskólakennara og mennta- og sérskólakennara í uppeldisvísindum. Námstími fyrir barnakennara skal vera minnst 4 missiri, fyrir gagnfræða- og héraðsskóla-

1) Að nokkru leyti innifalið í stærðfræði.

kennara minnst 7 missiri, en tveggja missira nám fyrir þá, sem lokið hafa háskólaprófi í einhverri sérgrein, er þeir síðar ætla að kenna í menntaskólum og sérskólum.

Rétt til að innritast í uppeldisdeild háskólans hefir hver sá, sem lokið hefir stúdentsprófi við menntaskóla kennara, eða almennu stúdentsprófi.

Almennir stúdentar verða þó að hafa aflað sér, eða afla sér á námstíma sínum í háskólanum, viðbótarfræðslu, sem svarar til kennarastúdentsprófs, eftir þeim reglum, er þar um verða settar. Ennfremur hafa eldri kennarar rétt til að stunda háskólanám í uppeldisvísindum og segja sig til prófs, ef háskólakennarar leyfa.

I. Barnakennarar.

1. Auk uppeldisvísinda þeirra, sem tilgreind eru undir A, 1. a, b og c, ber nemanda að stunda nám í einni sérgrein, sem kennd er í háskólanum eða háskólinn útvegar kennslu í. Skal hún valin þannig, að hún geti orðið kennslugrein í barnaskóla síðar.
2. Nú bregður nemandi vali námsgreinar, og skal þá hin nýja grein talin gild til prófs, ef hann hefir stundað hana eigi skemur en þrjú missiri.
3. Skylt er nemanda að sækja reglulega fyrirlestra, æfingar og tilraunir, og ákveður kennarinn í hverri námsgrein fyrir sig, í lok hvers missiris, hvort þátttaka nemandans hafi verið fullnægjandi, en viðkomandi kennarar ákveða, hvort missirið skuli teljast fullgilt til undirbúnings prófinu.

II. Gagnfræða- og héraðsskólakennarar.

1. Auk uppeldisvísinda þeirra, sem tilgreind eru undir A, 1. a, b og c, ber nemanda að stunda nám í tveim sérgreinum, sem kenndar eru í háskólanum. Skal ein greinin vera aðalgrein, en hinar aukagreinar.
2. Heimilt er að velja uppeldisvísindi sem aðalgrein. Að öðru leyti ákveður heimspekideild, hvaða greinar megi velja saman.
3. Nú bregður nemandi vali námsgreina, og hefir hann þá rétt að segja sig til prófs, er hann hefir stundað aðalgrein 6 missiri og aukagreinar 5 missiri.
4. Skylt er nemanda að sækja reglulega fyrirlestra, æfingar og tilraunir, og ákveður kennarinn í hverri námsgrein fyrir sig, í lok hvers missiris, hvort þátttaka nemandans hafi verið fullnægjandi, en viðkomandi kennarar ákveða sameiginlega, hvort missirið skuli teljast fullgilt til undirbúnings prófinu.

III. **Sérskóla- og menntaskólakennarar.**

Skylt er þeim mönnum, sem lokið hafa háskólaprófi, hérlendis eða erlendis, og ætla sér að gerast kennarar í prófgreinum sínum við sérskóla eða æðri skóla, og ekki hafa lokið prófi í uppeldisvísindum annarsstaðar, að stunda nám í uppeldisvísindum hér við háskólann minnst tvö missiri.

C. Um æfingaskóla og æfingakennslu handa kennurum.

I. Barnakennarar.

1. Þegar fé er veitt til þess í fjárlögum, skal settur á stofn sérstakur æfingaskóli, þar sem börnum er kennt frá 7—14 ára aldurs. En á meðan ekki er kostur á sérstökum æfingaskóla, fer æfingakennslan fram í þeim barnaskólum, sem völ er á.
2. Í æfingaskólanum skulu grundvallaratriði kennslunnar skýrð fyrir kennaraefnunum í sambandi við kennslufræði þá, sem kennd er við háskólann. Kennaraefnum skal og gefinn kostur á að æfa sig í kennslutilraunum og í kennslu undir handleiðslu reynds kennara.
3. Að loknum almennum kennsluæfingum skal hver kennari stunda kennslustörf um nokkurt skeið undir handleiðslu góðs kennara.

II. Gagnfræða- og héraðsskólakennarar.

1. Kennsluæfingar gagnfræða- og héraðsskólakennaraefna skulu fara fram í gagnfræðaskólum þeim og héraðsskólum, sem til næst.
2. Kennaraefni er ekki skylt að sækja kennsluæfingar 4 fyrstu missirin. En skylt er að þeim tíma loknum að stunda kennsluæfingar a. m. k. tvö missiri og takast sjálfur á hendur kennslu í aðalkennslugrein sinni um nokkurt skeið, undir handleiðslu reynds kennara.
3. Hafi kennaraefni lokið kennsluæfingum þessum á viðunandi hátt, svo sem vottorð æfingakennara vitnar, og að öðru leyti fullnægt kröfum háskólans, hefir hann rétt að segja sig til prófs.

III. Sérskóla- og menntaskólakennarar.

Þau kennaraefni, sem lokið hafa háskólaprófi í einhverri sérgrein, en ekki hafa tekið próf í uppeldisvísindum, skulu stunda kennsluæfingar í sérgrein sinni um nokkurt skeið, í sérskóla eða menntaskóla, undir handleiðslu reynds kennara, og skal hann að því loknu gefa vottorð um kennarahæfileika þeirra.

D. Um próf.

I. Barnakennarar.

1. Að loknu 4 missira námi við Háskóla Íslands hefir kennaraefni rétt til að segja sig til prófs.
2. Prófið hefst með því, að prófdómendur gefa nemanda verkefni til ritgerðar í sálarfræði, uppeldisfræði eða kennslufræði, og skal honum til úrlausnar þessu verkefni ætlaður fjögra til sex vikna tími. Er nemanda heimilt á næstsíðasta námsmissiri sínu að láta í ljós óskir sínar um, hvort úrlausnarefni aðalritgerðar hans sé tekið úr sálarfræði, uppeldisfræði eða kennslufræði.
3. Auk þessarar aðalritgerðar ber nemanda að semja tvær styttri ritgerðir án hjálpargagna (clausur) á 4—6 klukkustundum, og sé annað úrlausnarefnið úr sérgrein hans (t. d. íslenzku eða sögu), en hitt úr uppeldisvísindum.
4. Þegar nemandi hefir skilað ritgerðum sínum, skal hann þreyta munnlegt próf í ofangreindum 4 námsgreinum, á þeim tíma, sem deildin ákveður.
5. Nú hefir nemandi staðizt kennarapróf með því einkunnastigi, sem krafizt er, og hefir hann þá rétt til að starfa sem kennari við barnaskóla ríkisins (sbr. þó ákvæðin um reynslustarf kennara).

II. Gagnfræða- og héraðsskólakennarar.

1. Að loknu 7 missira námi við háskólann hafa kennaraefni gagnfræða- og héraðsskóla rétt til að segja sig til prófs.
2. Auk uppeldisvísinda skulu kennarar þreyta próf í tveim sérgreinum.
3. Próf hefst með því, að prófendur gefa nemanda verkefni til tveggja ritgerða, og skal annað jafnan valið úr uppeldisvísindum, en hitt úr sérgrein hans. Skal nemanda ætlaður til úrlausnar hvors verkefnis hálfur mánuður til þrjár vikur.
4. Auk þessara aðalritgerða skal nemandi þreyta skriflegt próf í þrem námsgreinum, án hjálpargagna (clausur), sex stundir í senn.
5. Þegar nemandi hefir skilað ritgerðum sínum, skal hann þreyta munnlegt próf í aðalnámsgrein sinni og tveim aukagreinum, á þeim tíma, sem deildin ákveður. Einkunnagjöf skal hagað eins og við kennarapróf í norrænum fræðum.
6. Hafi nemandi staðizt skriflegt og munnlegt próf með því einkunnastigi, sem krafizt er, hefir hann öðlazt réttindi til að starfa við gagnfræða- og héraðsskóla ríkisins (sbr. þó ákvæði um reynslustarf kennara).

III. Kennarar sérskóla og menntaskóla.

Kennaraefni, sem lokið hafa fullnaðarprófi í einhverri kennslugrein, sem kennd er hér í sérskólum eða menntaskólum, skulu prófaðir í uppeldisvísindum á þann

hátt, að þeir semja 6 stunda ritgerð án hjálpargagna (clausur) um tiltekið efni. Síðan séu þeir prófaðir munnlega í uppeldisfræði og kennslufræði. Skulu einkunnir gefnar fyrir skriflega og munnlega frammistöðu, en meðaltal þeirra gildir sem prófeinkunn.

E. Um reynslustarf kennara.

1. Kennaraefni barnaskóla, gagnfræða- og héraðsskóla, sem lokið hafa kennaraprófi, skulu, áður en þeir eru skipaðir fastir kennarar, starfa eitt skólaár sem reynslukennarar undir umsjá reynds kennara í góðum skóla.
2. Umsjónarmaður reynslukennara láti, að skólaárinu loknu, fræðslumálastjórninni í té vottorð um kennarahæfileika og ástundun hans.
3. Þyki kennarinn að einhverju leyti ekki hæfur til að starfa sjálfstætt, þykir rétt að fresta skipun hans um óákveðinn tíma.

Fylgiskjal III.

Tillögur um menntun kennara, gerðar að tilhlutun fræðslumálastjórnarinnar.

Eftir dr. Matthías Jónasson.

1. Um menntaskóla handa kennurum.

Stofna skal sérstakan menntaskóla, er búi nemendur undir sérnám við fyrirhugaða uppeldisdeild Háskóla Íslands. Ætti stofnun skólans að fara fram eigi síðar en svo, að hann útskrifaði fyrsta árgang stúdenta jafnsnemma og væntanleg uppeldisdeild tekur til starfa. Skólinn heiti **Menntaskóli kennara,** sé fjögra ára skóli og hafi aðsetur í Reykjavík. Skólinn skal vera heimavistarskóli.

Greinargerð.

Það mun nú orðið almenningi svo ljóst, að óþarft sé að skýra nánar, hve ófullnægjandi menntun barnakennara og lýðskólakennara er. Hún samsvarar á engan hátt þeim kröfum, sem gera verður til almennrar menntunar kennara, en því síður sjálfsögðustu kröfum til uppeldis- og sálfræðilegrar menntunar þeirra. Má öllum vera ljóst, hvílíkur voði og menningarspillir slíkt ástand er þjóðinni. Fyrsta skilyrði þess, að uppeldi barna og unglinga geti náð tilætluðum áhrifum, eru sannmenntaðir kennarar.

Það, sem helzt hefir háð menntun kennara, er tvennt: 1. Nemendur komu svo illa undirbúnir í kennaraskólann, að verja varð mestri vinnu og lengstum tíma til að kenna þeim byrjunaratriði námsgreinanna. — 2. Kennaraskólinn hafði engin tök á því að veita kennaraefnum viðunandi menntun í uppeldis- og sálvísindum. Af hvorutveggja leiddi, að kennarar voru lítt færir í þeim greinum, sem þeim bar að kenna, og höfðu enga verulega uppeldisþekkingu.

Ofanskráð tillaga vill bæta úr hinni brýnu þörf um bætta menntun kennara, með því að veita þeim jafngóða undirbúningsmenntun undir sérnám sitt og stúdentar hafa almennt. Það er ekkert vafamál, að kennaraefni verða að öðlast þá almennu menntun, sem krafizt er til stúdentsprófs, áður en þeir geti að gagni lagt stund á uppeldisvísindi. Á þetta einkum við um oss Íslendinga, sem verðum, hverri menningarþjóð frekar, að leita framandi bókmennta um uppeldi. Auk þess ber að athuga, að Alþingi hefir gert ráðstafanir til, að kennaraefnin fái menntun sína við Háskóla Íslands. Er því stúdentspróf nauðsynlegt fyrir þá sök eina, að háskólinn veitir eigi viðtöku nemendum, sem skortir ákveðna undirbúningsmenntun. Hinsvegar er það ekkert álitamál, að nota beri kennslukrafta háskólans til menntunar kennaraefnum sem öðrum embættismönnum ríkisins.

Ofanskráð tillaga gerir ráð fyrir, að stofnaður verði sérstakur menntaskóli handa kennurum, enda geti ekki talizt heppilegt að fela undirbúningsmenntun þeirra þeim menntaskólum, sem þegar eru. Ber tvennt til þessa: 1. Hvorugur menntaskólanna hefir húsrými til þess að bæta við sig þeim 20—30 nemendum, sem árlega yrði að útskrifa sem kennaraefni handa barnaskólum. Yrði því að byggja skólahús, sem svaraði þessari fjölgun, og myndi því enginn kostnaður sparast, þótt annarhvor menntaskólinn tæki að sér að annast undirbúningsmenntun þessa. 2. Sú menntun, sem stúdentsefni menntaskólanna fá nú, getur á engan hátt talizt heppileg kennaraefnum barnaskóla. Nema stúdentar þar mjög margt, sem barnakennara er allsendis óþarft, en sleppa hinsvegar mörgu, sem má ekki án vera. Af þessu leiðir, að sérstök deild yrði að rísa upp handa kennaraefnum, er hæfist helzt með þriðja, en eigi síðar en með fjórða bekk skólans, þ. e. samtímis máladeild og stærðfræðideild. En þótt þannig yrði stofnuð sérstök deild, myndi hún naumast verða nemendum að jafngóðum notum og sérstakur skóli, en á hinn bóginn gera menntaskólann mun erfiðari og flóknari. Oss Íslendingum getur eigi verið kappsmál að eignast stóra skóla, heldur smáa skóla og ágæta. Þá er og hætt við, ef almennt stúdentspróf yrði gert að skilyrði, að úr hópi stúdenta veldust nokkuð þeir menn, sem mest gangast fyrir skömmum námstíma og sem fyrst vilja komast í stöðu.

Nú kynni einhver að ályktа sem svo, að fjölgun stúdenta væri engan veginn æskileg, og báðir menntaskólarnir myndu þegar útskrifa fleiri stúdenta en þjóðin þyrfti við. Þetta er að vissu leyti rétt, ef miðað er aðeins við þá námsmöguleika, sem háskóli vor gæti boðið nú. En vér verðum að reikna með auknum náms- og starfsmöguleikum, bæði vegna fyrirhugaðrar atvinnudeildar við háskólann og ennfremur vegna þess, að uppeldisdeild mun veita mörgum stúdentum viðtöku, til að búa þá undir starf við héraðs- og gagnfræðaskóla. Er það því þegar ljóst, en mun betur sannast í framtíðinni, að stúdentafjöldinn verður ekki of mikill, þótt stofnaður yrði sérstakur skóli til undirbúningsmenntunar barnakennurum. Þetta ber eigi að skilja svo, að menntaskólarnir eigi að útskrifa ótakmarkaðan fjölda stúdenta. Auðvitað verður slíkt að miðast nokkuð við þarfir þjóðarinnar. En þótt það sé að sjálfsögðu óhæfilegt, að háskólanámi lúki miklu fleiri en þjóðin þarfnast sem starfsmanna, er hinsvegar ekki æskilegt, að tala stúdenta verði svo lág, að leyfa verði sérhverjum aðgang að embættum ríkisins. Auk þess sem það er nauðsynlegt, að ríkið hafi svigrúm til að velja þá hæfustu úr hópnum, verður stúdentsmenntun að teljast góð alþýðumenntun, jafnt körlum sem konum. Er því engin ástæða til, að hverjum stúdent gefist kostur á háskólanámi.

Heppilegt virðist, að menntaskóli kennara verði fjögurra ára skóli, sem veiti viðtöku nemendum héraðs- og gagnfræðaskóla, er hafa aflað sér þeirrar menntunar, er krefjast verður. Samkvæmt lauslegum útreikningum má áætla, að nálægt 20—30 stúdenta þyrfti árlega að útskrifa sem kennaraefni barnaskólanna, og hefði því skólinn 80—120 nemendur. Að sjálfsögðu á skólinn að starfa í Reykjavík, með því að hvergi mun völ jafngóðra kennara. Auk þess virðist æskilegt, að hús núverandi kennaraskóla verði notað handa menntaskóla kennara, unz annað hæfilegt er byggt. Þó verður að álíta nauðsynlegt, að nemendur skólans búi í heimavist. Fyrst og fremst sökum þess, að skólinn getur þannig haft sterkari uppeldisáhrif á þá en ella, en einnig til þess að forðast allt of háan námskostnað, er þorra nemenda yrði erfiður. Þess ber að gæta, að í eigin húsi þyrfti nemendum heimavist vart að verða dýrari í Reykjavík en annarsstaðar á landinu. Með því að núverandi kennaraskóli hefir eigi húsrúm til heimavistar, þyrfti ríkið að láta honum í té hentugt húsrými handa heimavist, ekki allfjarri skólanum. Í framtíðinni ber auðvitað að stefna að því, að byggja fullkomið skólahús með heimavist.

A. Inntökuskilyrði.

1. Nemandi, sem beiðist inntöku í skólann, má eigi vera yngri en 16 ára um næstu áramót. Hann skal annaðhvort hafa lokið prófi við tveggja eða þriggja vetra

gagnfræðaskóla, sem skólastjórn tekur gilda, eða standast inntökupróf menntaskóla handa kennurum. Þó er viss skólasókn ekki óhjákvæmilegt skilyrði þess, að fá að ganga undir inntökupróf.

2. Gagnfræðinga frá skólum, er jafngilda gagnfræðadeildum menntaskólanna, og náð hafa því einkunnarstigi, sem krafizt er til inntöku í efri deild sömu skóla, má án sérstaks prófs taka í annan bekk menntaskóla handa kennurum. Þó skal nemandi ganga undir próf í þýzku, ef hann velur hana sem kjörgrein; sama ákvæði gildir um sænsku.

3. Það er ávallt á valdi stjórnar skólans, hvaða gagnfræðaskóla hún tekur gilda til undirbúningsmenntunar undir 1. eða 2. bekk.

4. Nemendur skólans, er ekki búa hjá nánum aðstandendum í Reykjavík, eru skyldir að búa í heimavist skólans.

5. Fatlaða menn, menn með áberandi líkamslýti eða fráhrindandi kæki, t. d. stam eða annarskonar málhelti, daufa heyrn o. þ. u. l., ætti ekki að taka inn í skólann.

Greinargerð.

Þessi kafli þarf naumast skýringa við. Inntökualdur miðast við það, að æskumenn innan 23 ára hafi eigi öðlazt þann þroska, sem krefjast verður af kennara. Á hinn bóginn hafa fæstir unglingar — allra sízt úr sveitum — innan 15—16 ára aflað sér þeirrar undirbúningsþekkingar, er skólinn verður að krefjast. Eins er það sjálfsagt, að menntaskóli kennara skeri úr um það, hvaða skóla hann telur líklega til að fullnægja þeim kröfum, sem hann gerir um undirbúningsmenntun nemenda. Er það og heppilegast þeim nemendum, sem hafa hug á að komast í skólann. Í öðrum tölulið er átt við gagnfræðinga, sem lokið hafa þriggja ára gagnfræðanámi.

B. Námsgreinar og kennslutilhögun.

1. Námsgreinar skólans eiga fyrst og fremst að miðast við kennslugreinar kennarans síðar. Ber því skólanum einkum að leggja áherzlu á það, sem eru höfuðgreinar í barnaskólum. Í öðru lagi ber að haga vali námsgreina og kennslu þannig, að nemandi verði fær til að afla sér sem beztrar þekkingar um uppeldismál. Ber þessa helzt að gæta við tungumálakennslu, en einnig í þeirri leikni, sem nútíma kennsluaðferðir krefjast, t. d. í teiknun, handavinnu og leikfimi.

2. Sérstaka áherzlu ber að leggja á það, að nemendur vinni sjálfstætt og af eigin hvötum. Námsgreinar skulu því vera svo fáar samtímis sem við verður komið, svo að nemandi eigi þess kost að gefa sig af alhug við námi hverrar einstakrar. Ber frekar að líta á námið sem heild en sem summu hinna ýmsu námsgreina. Námsgreinarnar eiga að mynda hnitmiðað kerfi, sem efli heildræna skapgerð nemenda.

3. Í þessu skyni skal hverjum nemanda heimilt að kjósa sér eina námsgrein, sem annars er kennd í skólanum, og leggja sérstaka stund á hana. Skólastjórn ákveður, hvaða námsgreinar teljast gildar sem kjörgreinar. Kröfur um þekkingu í kjörgrein ber að gera allmiklu hærri en í öðrum námsgreinum. Heimilt er nemanda að breyta vali kjörgreinar, en þó getur slík breyting aldrei upphafið ófullnægjandi einkunn, sem þegar hefir verið gefin.

4. Námsgreinar skólans eru þessar:

a. Íslenzk tunga og íslenzkar bókmenntir,
b. Saga og félagsfræði,
c. Enska eða þýzka,
d. Danska eða sænska,
e. Kristinfræði,
f. Stærðfræði (eðlisfræði, stjörnufræði),
g. Náttúrufræði (efnafræði),
h. Landafræði (veðurfræði),

i. Heilsufræði,
k. Ritleikni og lestrarleikni,
l. Teikning,
m. Handavinna,
n. Söngur.
o. Leikfimi,
p. Frumatriði kennslu og uppeldisfræði.

5. Við samningu lesskrár ber að gæta þess, að sem fæstar námsgreinar séu ætlaðar bekkjum samtímis. Ennfremur skulu 3 stundir á viku (í 2., 3. og 4. bekk) vera auðar, og falla þær til kjörgreina, til viðbótar þeim stundum, sem almennt eru ætlaðar viðkomandi námsgrein.

Greinargerð.

Til skýringar á tillögum um námsgreinar og kennslutilhögun er það að segja, að námið verður fyrst og fremst að miða að því að efla andlegan þroska nemenda sem bezt. Þessu takmarki verður helzt náð á þann hátt, að kenna færri námsgreinar, en krefjast meiri kunnáttu heldur en gert er til stúdentsprófs í almennum menntaskólum. Þessi munur á námstilhögun er með öllu réttmætur og sjálfsagður. Stúdentum menntaskólanna er háskólanámið oftast framhaldsnám í einhverjum þeirra greina, sem þeir námu áður, en þær greinar, sem háskólanámið snertir alls ekki, eru nauðsynlegar til almennrar menntunar. Barnakennarinn aftur á móti verður síðar að **kenna** það, sem hann nam í menntaskóla, án þess að hafa bætt miklu við þekkingarforða sinn í flestum námsgreinum. Hann þarf því að nema allt rækilegar og með sjálfstæðara starfi heldur en almennt er í menntaskólum vorum. Þetta getur hann því aðeins, að námsgreinar séu ekki mjög margar, og einkanlega, að þær séu sem fæstar í senn. Gefst þá nemanda kostur á að leggja sérstaka alúð og ástundun við einstakar námsgreinar, en það veitir honum aftur öruggara sjálfstæði í námi og aukinn þroska.

Um námsgreinar sjálfar er það að segja, að þær eru valdar frá þrennskonar sjónarmiði. 1. Að þær eiga síðar að verða kennslugreinar nemanda. 2. Að nám þeirra veitir nemendum þá leikni og lipurð, sem kennari þarf á að halda. 3. Að nemandi öðlist sem bezt skilyrði til að afla sér þekkingar um uppeldisvísindi. Þriðji liður á einkum við tungumálin, sem auk íslenzku eiga aðeins að vera tvö. Hér er gengið út frá þeirri staðreynd, að fæstir stúdentar nema fleiri en tvö erlend mál til nokkurrar hlítar. En kennurum er það einkar áríðandi, að hafa eitt stórmál fyllilega á valdi sínu, svo að þeir eigi greiðan aðgang að bókmenntum einnar stórþjóðar um uppeldisvísindi. Í tillögunum er aðeins gert ráð fyrir ensku og þýzku sem valfrjálsum stórmálum, enda mun frönsk tunga oss svo fjarskyld, að eigi lærist nema við langdvöl í landinu sjálfu. Má og vel fullyrða, að hver, sem hefir ensku eða þýzku fyllilega á valdi sínu, eigi kost á að kynna sér allar markverðar hreyfingar og nýjungar í uppeldismálum, hvar sem þær gerast í heiminum. Auk þess er gert ráð fyrir, að hver nemandi læri danska eða sænska tungu til hlítar.

C. Um próf.

1. Haldin skulu árlega bekkjarpróf í skólanum. Í þeim námsgreinum, sem skólinn kennir næsta ár, skal aðeins prófa í því, sem kennt var á skólaárinu. Í þeim greinum, sem skólinn lýkur kennslu í, skal fara fram lokapróf, er miðist við það, sem krafizt er, að nemandi hafi lært. Einkunnir við lokapróf í einstökum námsgreinum gilda sem einkunnir til stúdentsprófs, og ber að reikna með þeim, er finna skal aðaleinkunn við stúdentspróf. Kennslumálaráðuneytið skipar prófdómendur við lokapróf og stúdentspróf.

2. Nemandi hefir rétt til að þreyta stúdentspróf, ef hann hefir staðizt öll bekkjarpróf skólans og fullnægt kröfum hans að öðru leyti. Þó er hann skyldur að leggja

fram vottorð, sem sanni, að hann hafi unnið algenga erfiðisvinnu á sjó eða landi að minnsta kosti 8 mánuði á eigi lengri tíma en þrem árum.

3. Stúdentspróf miðast við það, að nemandi hafi jafnmikinn andlegan þroska og krafizt er til burtfararprófs í menntaskólum ríkisins. Einkum ber að leggja áherzlu á það, að nemandi kunni að vinna sjálfstætt, að hugsun hans sé ljós og rökviss, að hann sé fær um að brjóta til mergjar flókin efni og gera grein fyrir skoðun sinni í skýru máli og stuttu. Hann skal kunna góð skil á þeim greinum náttúrufræði, sem kenndar eru við skólann, og kunna að lesa, tala og rita ensku eða þýzku nokkurn veginn rétt og auðveldlega.

4. Við stúdentspróf ber að leggja sérstaka áherzlu á þá leikni, sem kennarastarfið krefst síðar af nemanda. Eru því söngur, teiknun, leikfimi og handavinna að sjálfsögðu prófskyldar greinar við stúdentspróf.

5. Stúdentspróf skal fara fram um svipað leyti og við Menntaskólann í Reykjavík.

Greinargerð.

Að því er viðkemur því skilyrði, að stúdentsefni hafi stundað algenga erfiðisvinnu ákveðinn tíma, má minna á það, að flestir menntamenn þjóðarinnar hafa kynnzt erfiðisvinnu af eigin reynd og eiga henni meðal annars kjarna menntunar sinnar að þakka. Vinnan hefir verið óendanlega sterkur þáttur í uppeldi þjóðarinnar. Hún hefir eflt heilsu og hreysti einstaklingsins og þroskað skilning og samúð meðal hinna ýmsu stétta í landinu. Hún mun ávallt verða vaxandi kynslóðum hollur skóli. Og æskan er ávallt fús til starfa. Hún þarf aðeins að eiga sér örugga leiðtoga. Allir vita, að líkamleg áreynsla er nemendum nauðsynleg eftir langar innisetur og bókalestur. Geta því foreldrar og kennarar unglinganna eigi óskað þeim betri tilbreytingar en hollrar líkamlegrar vinnu undir góðri stjórn. Því að andlegt nám krefst mikillar líkamlegrar hreysti, og er hverjum veilum nemanda hætta búin við það. En íslenzk bernska verður að eignast hrausta, atorkusama og vel menntaða kennara.

Próf er gert ráð fyrir, að haldið verði á líkan hátt og venja er til um stúdentspróf. Þó ber að leggja sérstaka áherzlu á það, að nemandi kunni að vinna sjálfstætt og sé fær um að lúka ákveðnu verkefni upp á eigin eindæmi, svo að viðunandi sé. Er þetta kennaraefnum barnaskóla einkar áríðandi sakir hins skamma háskólanáms, er bíður þeirra. Það er alkunna, hversu mikið veltur á því í háskólanámi, að nemandi kunni þegar tökin á sjálfstæðri vinnu, en hitt mun ekki fátítt meðal stúdenta, bæði íslenzkra og erlendra, að þá skorti kunnáttu í sjálfstæðum vinnubrögðum, er þeir koma fyrst til háskólans, og háir það námi margra. Menntaskóli kennara vill koma í veg fyrir þetta með því að efla námsvilja nemenda sinna og sjálfstæða starfshneigð frá fyrstu byrjun.

„Lokapróf" eru til þess ætluð að gera skólanum auðveldara að kenna ýmsar námsgreinar á skömmum tíma, enda þótt þær beri að taka til greina við stúdentspróf. Má þó lúka námsgrein með öllu á einum vetri eða tveim, og þarf ekki að prófa í henni aftur við stúdentspróf. Er þannig komið í veg fyrir, að starfskröftum nemenda þurfi að sundra með of mörgum námsgreinum samtímis. Hinsvegar er hvöt nemanda í engu skert, að leggja stund á námsgreinar sínar vegna góðra einkunna við stúdentspróf. Þær greinar, sem kenndar verða í menntaskóla kennara, eru allar jafnþýðingarmiklar og jafnréttháar.

II. Um uppeldisdeild við Háskóla Íslands.

Stofna ber við Háskóla Íslands deild fyrir uppeldisvísindi, sem hafi það markmið að veita kennaraefnum allra skóla, er nám stunda við háskólann, sem allra fullkomnasta uppeldismenntun.

A. Starfssvið og kennslutilhögun.

1. Í uppeldisdeild ber að kenna:
   a. Vísindalega og hagnýta uppeldisfræði, sögu uppeldisins, uppeldislega siðfræði og uppeldislega félagsfræði.
   b. Sálfræði barna og unglinga, uppeldislega sálfræði, og um sálarlíf vandræðabarna („abnormal-psychologie").
   c. Kennslufræði, einstakar kennsluaðferðir, kennsluæfingar.
2. Kennslan fer fram í fyrirlestrum, æfingum og sameiginlegum lestri. Sérstaka áherzlu ber að leggja á sjálfstæða vinnu nemenda.
3. Uppeldisdeildin starfar í náinni samvinnu við aðrar stofnanir innan háskólans, einkum norrænudeild, atvinnudeild eða heimspekideild yfirleitt, og einnig læknadeild. Ef þörf krefur, er uppeldisdeild heimilt að snúa sér til menntastofnana utan háskólans um fræðslu í einhverri sérgrein.

Greinargerð.

Uppeldisvísindi nútímans eru svo fjölþætt og flókin, að eigi er unnt að greina hér allt, sem kenna þarf. Jafnframt sögu uppeldisins þarf að flytja sérstaka fyrirlestraflokka um mestu frömuði uppeldismálanna eða halda æfingar um kenningar þeirra. Ber þess að gæta, að nemandi þroskast oft meir við að brjóta til mergjar kenningar eins mikils anda en að hafa yfirborðsþekkingu á margskonar kenningum og stefnum. Auðvitað verður kennaraefni að hafa yfirlit yfir helztu tímabil og tímamót í sögu uppeldisins. Einkum ber þó að leggja mikla stund á það, að kynna nemanda frjóustu uppeldiskerfi nútímans og sýna honum, að hverju leyti þau geta orðið heillavænleg íslenzku uppeldi. Jafnframt verður að kenna siðfræði og félagsfræði, þar sem uppeldisfræðin styðst mjög við greinar þessar.

Annað höfuðatriði er sálfræði barna og unglinga. Hér verður kennarinn — sem að sjálfsögðu á að vera sérfræðingur á þessu sviði — að leiðbeina nemendum til að gera sjálfstæðar sálfræðilegar athuganir, jafnframt sem hann kynnir þeim rækilega kenningar og helztu niðurstöður nútíma sálfræði. Nemendur verða að læra að þekkja höfuð-„typur" barna og þau uppeldisáhrif, sem hverri henta bezt. Það er einkar áríðandi, að kennari kunni að rannsaka næmi hinna ýmsu skilningarvita barnsins og þann minnisstyrk, sem við þau er tengdur, t. d. sjón, heyrn, hreyfi- og þreifiskynjanir, en einnig almennan minnisstyrk, „eidetiskar" gáfur og fleira. Slíkar sérgáfur innan næmisins hafa miklu meiri þýðingu fyrir nám barnsins en kennarar almennt vita. Auk þessa er gert ráð fyrir, að nemendur eigi kost fyrirlestra um almenna sálfræði í heimspekideild.

Þriðja höfuðatriði er kennslufræði. Hér ber einkum að leggja áherzlu á það, að nemandinn læri að beita þeirri þekkingu, sem hann aflar sér. Verður því að kynna nemendum rækilega hinar ýmsu kennsluaðferðir, ræða þær ýtarlega með þeim, svo að skilningur þeirra og sjálfstæð hugsun þroskist sem bezt og auðgist sem mest. Síðan ber kennaranum að sýna nemendum, hverjir eru aðalkostir og gallar þeirra aðferða, sem fjallað var um, en æfa jafnframt með þeim hinar beztu í hagnýtri kennslu. Á hin verklega kennsla að fara fram í æfingaskóla deildarinnar, sem getið er um á öðrum stað. Ríður á miklu, að nemandi fái sem bezta æfingu í að nota þekkingu sína, svo að uppeldisvísindin verði honum eigi þurr fræði, heldur lifandi kunnátta í hagnýtu starfi.

Óhjákvæmilegt skilyrði þess, að uppeldisdeild nái fullum árangri, er það, að kennarar deildarinnar hafi fengið fullkomnustu menntun, sem völ er á í hverri grein. Að vísu má uppeldisfræðingur ekki vera eingöngu sérfræðingur, þ. e. alls ófróður um aðrar greinar uppeldisvísinda en þær, sem hann sjálfur kennir. En uppeldisvísindi nútímans eru of fjölþætt og margbrotin til þess, að einn maður geti haft þau á valdi sínu að fullu. Handa uppeldisdeild myndi þurfa að minnsta kosti þrjá

kennara, er eingöngu kenndu uppeldisvísindi. Ættu þeir þegar frá byrjun að hafa notið ákveðinnar sérmenntunar í aðalgrein sinni.

B. Um menntun barnakennara.

1. Heimspekideild Háskóla Íslands annast menntun barnakennara.

2. Rétt til að starfa sem kennari við barnaskóla hefir sá, er að loknu stúdentsprófi við menntaskóla kennara hefir stundað 5 missira nám í uppeldisvísindum við heimspekideild Háskóla Íslands og lokið hefir fyrirskipuðu kennaraprófi.

3. Auk uppeldisvísinda ber nemanda að stunda nám í tveim greinum, er kenndar eru við háskólann (eða háskólinn útvegar kennslu í). Skal að minnsta kosti önnur þeirra valin þannig, að hún geti orðið kennslugrein í barnaskóla síðar. Yfirleitt ber nemanda að leggja allt kapp á að fullkomna menntun sína sem bezt með því að sækja alla fyrirlestra Háskólans, er honum mættu að notum verða (sbr. II. A,3).

4. Nú bregður nemandi vali námsgreina, og skal þá hver grein fullgild til prófs, er hann hefir stundað eigi skemur en fjögur missiri, enda sé námstími hans eigi skemmri en 6 missiri. Uppeldisfræði og sálfræði eru skyldugreinar frá námsbyrjun.

Skylt er nemanda að sækja reglulega fyrirlestra að minnsta kosti um tvö efni, og einnig æfingar að minnsta kosti um tvö efni (auk kennsluæfinga) hvert missiri, ella skal missirið eigi reiknast sem námstími. Viðkomandi kennari staðfestir með undirskrift sinni þátttöku nemanda.

6. Til kennaraprófs er engin námsgrein gild, sem nemandi hefir eigi sótt fyrirlestra um tvö og æfingar um þrjú ólík efni í.

C. Um menntun lýðskólakennara.

1. Heimspekideild Háskóla Íslands annast menntun lýðskólakennara.

Lýðskólar nefnast tveggja og þriggja ára héraðsskólar og gagnfræðaskólar í sveitum og kaupstöðum.

2. Rétt til að starfa sem kennari við lýðskóla hefir sá, er að loknu stúdentsprófi við menntaskólann í Reykjavík eða menntaskóla norðanlands hefir stundað 7 missira nám við heimspekideild Háskóla Íslands í uppeldisvísindum, og auk þess þrem greinum, er síðar verða kennslugreinar hans, og lokið hefir fyrirskipuðu kennaraprófi.

3. Íslenzk tunga og íslenzkar bókmenntir eru skyldugrein kennaraefnum lýðskóla. Ein grein skal vera *aðalgrein*, en auk þess ber nemanda að stunda tvær *aukagreinar*.

4. Nú velur nemandi uppeldisvísindi sem aðalgrein, og ber honum þá aðeins að stunda tvær greinar sem væntanlegar kennslugreinar, og skoðist þær sem aukagreinar (sjá II G 2). Að öðru leyti ákveður heimspekideild, hvaða greinar megi velja saman.

5. Nú skiptir nemandi um deild eða bregður vali námsgreina, og hefir hann þá rétt til að segja sig til prófs, er hann hefir stundað aðalgrein 6, en aukagrein 4 missiri, enda hafi hann stundað reglulegt nám eigi skemur en 8 missiri.

6. Skylt er nemanda að sækja að minnsta kosti tvo fyrirlestraflokka og tvær æfingar hvert missiri; ella skal missirið eigi reiknast sem námstími. Viðkomandi kennari staðfestir með undirskrift sinni þátttöku nemanda.

Til kennaraprófs skal engin námsgrein gild, sem nemandi hefir sótt minna en tvo fyrirlestraflokka og tvær æfingar í.

Greinargerð.

Það virðist vera eindreginn vilji bæði kennara sjálfra og annara, er um uppeldismál hugsa, að kennaraefni fái sérmenntun sína í háskólanum. Er og háskól-

inn einn fær til að veita þá menntun, er kennarar þurfa að öðlast. Samt getur háskólanám því aðeins komið að fullum notum, að það sé eigi of skammt. Í ofanskráðum tillögum er áætlaður skemmsti tími, sem að verulegum notum mætti verða: 5 missira nám handa kennaraefnum barnaskóla og 7 missira nám handa kennaraefnum lýðskóla undir próf. Eitt missiri er áætlað til prófvinnu nemenda. Yrði þá nám barnaskólakennara þriggja ára, en lýðskólakennara fjögra ára, og er það nokkru skemmri tími en erlendis er krafizt til slíks náms, þar sem uppeldismenntun stendur á háu stigi. Því ber ekki að neita, að þriggja til fjögra ára nám muni valda mörgum nemanda fjárhagslegum erfiðleikum. En á hinn bóginn er sýnt, að núverandi uppeldismenntun kennara er allsendis óviðunandi, og verður henni ekki kippt í lag nema með gagngerðri breytingu, eins og farið er fram á í ofangreindum tillögum. Einnig ber að gæta þess, að stefnuvisst og marksækið nám verður í rauninni ávallt ódýrara og affarasælla en nám, sem að miklu leyti skortir mark og mið. Nokkrir lýðskólakennarar hafa t. d. lokið háskólanámi, en langoftast í greinum, sem voru alls óskyldar uppeldisvísindum, t. d. guðfræði. Slíkir menn hafa um tvennt að velja: annaðhvort að afla sér viðunandi þekkingar um uppeldi, sem auðvitað myndi kosta nýtt háskólanám, eða starfa í skólunum á mjög ófullnægjandi hátt. Hve óviðunandi slíkur „undirbúningur“ undir kennslustarfið er, sést bezt á því, að fjölmarga lýðskólakennara skortir eigi aðeins uppeldismenntun, heldur einnig einföldustu þekkingu í þeim greinum, sem þeir kenna. Af þessum ástæðum og öðrum þvílíkum má hverjum hugsandi manni vera það ljóst, hversu óumflýjanleg nauðsyn umbætur á menntun kennara eru orðnar. Þess má krefjast, þjóðinni að kostnaðarlausu, að hver háskólagenginn kennari við skóla hennar hafi fyrst og fremst lagt stund á uppeldisvísindi og kennslugreinar sínar.

Gert er ráð fyrir tveim prófritgerðum, og til hvorrar ætlaður tveggja mánaða tími. Er þá gengið út frá þeirri staðreynd, að nemandi þroskist mjög við það, að vinna sjálfstætt úr úrlausn ákveðins verkefnis. Mun það almenn reynsla, að samning tveggja ritgerða ásamt rækilegum upplestri fyrir munnlegu prófin séu afarþýðingarmikill þáttur háskólanámsins.

Ætlazt er til, að bæði barnakennarar og lýðskólakennarar nemi við háskólann nokkrar greinar auk uppeldisvísinda. Nám uppeldisvísinda einna saman myndi alls ekki búa nemandann sæmilega undir stöðu sína. Því er gert ráð fyrir, að kennaraefni lýðskólanna stundi þrjár greinar við háskólann, er síðar verða kennslugreinar hans. Er það sjálfsögð krafa, að enginn kenni við lýðskóla neina höfuðgrein, sem hann hefir eigi sjálfur lokið háskólaprófi í. Aftur á móti eru kennslugreinar barnakennarans svo margar, að eigi má ætlast til, að hann hafi stundað þær allar við háskóla. Þessum ástæðum verður menntaskóli kennara þegar að gefa gaum, eins og að ofan var sýnt. En með því að það yrði frá uppeldislegu sjónarmiði að teljast mjög óheppilegt að aðskilja nám kennslugreinanna með öllu frá námi uppeldisvísindanna, er gert ráð fyrir, að kennaraefni barnaskóla nemi við háskólann tvær greinar, auk uppeldisfræði og sálfræði. Ætti kennara að koma slíkt nám að miklum notum, einkum af því, að hann öðlast þá kunnáttu til að afla sér þekkingar í einhverri grein, en einmitt þessi *kunnátta* er kennara meiri virði en nokkuð annað.

Með því að háskólinn er ennþá ekki fær til að veita kennslu í öllum greinum, sem kennaraefni með réttu kynnu að æskja, ætti hann að leita samvinnu við þær menntastofnanir, sem orðið gætu honum til aðstoðar, unz honum vex fiskur um hrygg, t. d. stærðfræðideild menntaskólans í Reykjavík (fyrir stærðfræði og eðlisfræði). Erlend mál ættu lektorar háskólans að kenna, en dýrafræði og landafræði ætti að kenna í sambandi við atvinnudeild háskólans. Hins þarf eigi að geta, að í íslenzkudeild háskólans á þjóðin þá menntastofnun, sem eflt getur þroska hvers nemanda, er hana sækir. Er það og lýðskólakennurum einkar áríðandi, að bera gott skyn á tungu, bókmenntir og sögu þjóðarinnar.

D. Um æfingaskóla og æfingakennslu handa barnakennurum.

1. Í sambandi við uppeldisdeild skal vera æfingaskóli, sem kennir börnum frá 7—14 ára og hafi 7 bekki. Þegar þörf þykir, má breyta honum þannig, að tveggja og þriggja bekkja skólar myndist, svo að nemendum gefist kostur á að kynnast þeim erfiðleikum, sem starf við slíka skóla hefir í för með sér.

2. Í æfingaskólanum skulu grundvallaratriði kennslunnar skýrð fyrir nemendum í sambandi við almenna kennslufræði, sem kennd er við háskólann. Því næst skal nemendum gefinn kostur á að æfa sig við kennslu undir handleiðslu reynds kennara. Sérstök stund skal lögð á að kynna kennaraefnum alla bekki skólans og gera þeim ljósan þann mun á kennsluaðferðum, sem nauðsynlegur er við hin ýmsu aldursskeið.

3. Sýni nemandi, að hann eigi þá hæfileika, sem barnakennsla krefst (æskilegt væri sálfræðilegt próf jafnframt reynslukennslunni), skal hann að afloknum þrem missirum við háskólann sendur til einhvers barnaskóla, þar sem hann kenni einum bekk sex vikur undir handleiðslu valins kennara.

4. Hafi nemandi lokið þessum reynslutíma með viðunandi árangri, sem vottorð umsjónarkennarans sýnir, skal hann semja stutta ritgerð um reynslu sína í skólanum. Ritgerðin afhendist eigi síðar en sex vikum eftir að kennslutíma lauk, og er hún þá prófuð af kennara í kennslufræði. Ef hún er tekin gild og nemandi fullnægir að öðru þeim skilyrðum, sem deildin setur um próf, hefir hann rétt til að segja sig til prófs.

E. Um kennsluæfingar lýðskólakennara.

1. Kennsluæfingar lýðskólakennara skulu eigi fara fram í sérstökum æfingaskóla, heldur í lýðskólum þeim og menntaskólum, sem nemendur ná til.

2. Auk kennara uppeldisdeildar skulu kvaddir úrvalskennarar frá skólum bæjarins sem æfingakennarar. Skal þeim og engum kennurum, er fasta stöðu hafa hjá ríkinu, greidd sérstök þóknun fyrir æfingakennslu, enda skal þeim eigi ætlað meira starf en samræmanlegt er embættisskyldum þeirra.

3. Æfingakennarar sækja með fáeinum nemendum kennslustundir ýmsra skóla og hlýða þar á kennslu. Að lokinni kennslustund skal æfingakennari skýra ýms atriði kennslunnar fyrir nemendum og benda þeim á það, sem betur hefði mátt fara.

4. Eftir að kennaraefni hafa á þennan hátt kynnt sér kennslu eitt missiri, skulu þeir sjálfir takast á hendur kennslu í einstökum stundum undir handleiðslu æfingakennarans. Að lokinni kennslustund ræðir æfingakennari kennsluna við kennaraefnin og bendir á það, sem betur hefði mátt fara.

5. Nemandi tekur ekki þátt í kennsluæfingum fyrr en hann hefir lokið fjögra missira námi, og er hann skyldur að sækja æfingar að minnsta kosti tvö missiri. Æfingakennari vottar þátttöku nemanda með undirskrift sinni.

6. Hafi nemandi lokið kennsluæfingum á viðunandi hátt, sem vottorð æfingakennara vitna, og að öðru leyti fullnægt kröfum skólans, hefir hann rétt til að segja sig til prófs.

Greinargerð.

Uppeldisdeild verður að sjálfsögðu að hafa æfingaskóla, svo að hægt sé að veita kennaraefnum verklega æfingu við kennslu og kenna þeim skólahald. Án slíks æfingaskóla myndi ein höfuðgrein uppeldisvísinda, kennslufræðin, koma að mjög litlum notum. Æfingaskólinn þarf að hafa 7 bekki eða ársdeildir, til þess að kennaraefnin læri að umgangast hvern árgang út af fyrir sig, eins og er í fullkomnum kaupstaðaskólum. En til þess að æfa kennaraefni undir starf í sveitaskólum, verður að breyta skólanum þannig, að tveggja bekkja skólar myndist, svo að nemendum gefist kostur á að kynnast þeim erfiðleikum, er starf slíkra skóla hefir í för með sér. Þess ber að gæta, að enda þótt æfingaskólinn væri fullkominn barnaskóli

með 7 ársdeildum, myndi það eigi leiða til neinna sérstakra útgjalda fyrir ríkið, með því að nú er ekla á skólahúsum, en skólinn hinsvegar tæki við jafnmörgum börnum og samsvaraði húsrými hans.

Með því að kennsla í æfingaskóla nægir ekki til fullkominnar kynningar kennaraefna af skólalífi, er gert ráð fyrir, að nemandi kenni sex vikna tíma í einhverjum barnaskóla undir stjórn og handleiðslu valins kennara. Er þetta atriði einkar áríðandi, bæði til þess að nemandi kynnist skólastarfinu, eins og það er í raun og veru, og jafnframt til þess að efla sjálfstæða starfshvöt hans. Auk þess er sú reynsla, er kennari hefir öðlazt í löngu starfi, byrjanda ávallt mikilsverð, jafnvel þótt kennslustarf beggja byggist á ólíkum grundvallarskoðunum.

Sama gegnir um tillögur þær, er fjalla um kennsluæfingar handa lýðskólakennurum. Aðeins virðist hér sérstakur æfingaskóli óþarfur, enda miklu heppilegra að leita með nemendur til þeirra héraðs-, gagnfræða- og menntaskóla, sem til næst. Hitt er óviðunandi, að nemandi fái enga leiðbeiningu í kennslu, enda er gert ráð fyrir, að hann njóti tilsagnar í kennslufræði við háskólann, og er þá verkleg æfing sjálfsögð, til þess að sú þekking komi að fullum notum.

F. Um próf barnakennara.

1. Að loknu 5 missira námi við Háskóla Íslands hefir kennaraefni rétt til að segja sig til prófs.

2. Kennarapróf skal fara fram í fjórum námsgreinum, er nemandi tilgreinir og deildin tekur gildar; meðal þeirra séu ávallt uppeldisfræði og sálfræði, en auk þess tvær greinar, er nemandi hafi lagt stund á við háskólann (sbr. II. B. 3). Í uppeldisfræði eða sálarfræði og auk þess einni námsgrein annari, er nemandi tilgreinir, ber nemanda að semja alllanga ritgerð, er sýni leikni hans að tileinka sér þekkingu, skipa efni og setja ljóslega fram. Ennfremur ber nemanda að þreyta munnlegt próf í öllum fjórum greinum. Sé ein greinanna erlent mál, ber að krefjast stuttrar ritgerðar án hjálpargagna (clausur).

3. Prófið hefst með því, að prófendur gefa nemanda verkefni til ritgerða í uppeldisfræði eða sálfræði og annari námsgrein, og skal honum til úrlausnar hverju verkefni ætlaður tveggja mánaða tími. Þó má framlengja þennan tíma allt að helmingi, ef nemandi æskir og viðkomandi prófendum þykir þörf.

4. Heimilt skal nemanda að láta í ljós óskir sínar við viðkomandi embættismann háskólans um val prófenda, og einnig við prófendur um efnisval ritgerðanna, en hlíta skal hann þó úrskurði þeirra.

5. Þegar nemandi hefir skilað ritgerðum sínum, skal hann þreyta munnlegt próf í fjórum námsgreinum á þeim tíma, sem deildin ákveður. Sérstök ákvæði eru um próf í hinum einstöku greinum.

6. Nú hefir nemandi staðizt kennarapróf með því einkunnarstigi, sem krafizt er, og hefir hann þá rétt til að starfa sem kennari við barnaskóla ríkisins, samkvæmt ákvæðum um reynslustarf kennara.

G. Um próf lýðskólakennara.

1. Að loknu 7 missira námi við háskólann hafa kennaraefni lýðskóla rétt til að segja sig til prófs.

2. Auk uppeldisfræði og sálfræði skulu kennaraefni þreyta próf í þrem greinum (sbr. II. C, 2). Velji nemandi aðalgrein sína á sviði uppeldisvísindanna, er hann eigi skyldur til að hafa fleiri en tvær aukagreinar, er síðar geti orðið kennslugreinar hans, og þreytir hann því próf aðeins í fjórum greinum (sbr. II. C, 4).

3. Próf hefst með því, að nemanda eru fengin verkefni til tveggja ritgerða, og skal annað ávallt valið af sviði uppeldisvísindanna, en hitt úr aðalgrein nemanda, ef önnur er, annars úr aukagrein. Úrlausnartími skriflegu verkefnanna skal vera hinn sami og hjá kennaraefnum barnaskóla (sbr. II. F. 3).

4. Er nemandi hefir skilað ritgerðum sínum, skal hann þreyta munnlegt

próf samkvæmt ákvæðum II. G, 2. Sé ein grein erlent mál, ber að krefjast stuttrar ritgerðar án hjálpargagna.

5. Hafi nemandi staðizt skriflegt og munnlegt próf með því einkunnarstigi, sem krafizt er, hefir hann öðlazt réttindi til að starfa við lýðskóla ríkisins samkvæmt ákvæðum um reynslustarf kennara.

Greinargerð.

Ofanskráðar tillögur um próf kennaraefna munu naumast þurfa skýringa við. Það leiðir af starfsháttum lýðskóla vorra, að kennaraefni verður að hafa tvær eða þrjár námsgreinar, sem hann getur kennt, en auk þess er frá sjónarmiði almennrar menntunar æskilegt, að námið sé ekki mjög einhliða. Þær greinar, sem lýðskólakennarar þurfa mest að kenna, eru tunga og saga þjóðarinnar, landshættir, dýra- og jurtafræði og stærðfræði. Ennfremur þarf að kenna handavinnu, en heppilegast er að fela slíka kennslu handverksmönnum og hannyrðakonum. Málakennslu við lýðskólana yrðu að annast menn með fullkomnu kennaraprófi í viðkomandi tungu.

III. Um reynslustarf kennara.

1. Kennaraefni barnaskóla og lýðskóla, er lokið hafa prófi, skulu starfa eitt skólaár sem reynslukennarar undir stjórn valinna kennara í góðum skólum. Ef þess er kostur, skulu reynslukennarar starfa í tveim ólíkum skólum á árinu, t. d. kaupstaðaskóla og sveitaskóla.

Reynslukennara skal greiða kaup, er nægi honum til framfæris, miðað við dýrleika þess staðar, er hann starfar á.

3. Reynslukennari skal eigi kenna meir en sem nemi $^2/_3$ hlutum þess stundafjölda, sem ætlaður er föstum kennara.

4. Skólastjórar þeirra skóla, sem reynslukennari starfar við, skulu senda kennslumálaráðuneytinu vottorð um kennsluhæfileika hans og ástundun.

Greinargerð.

Þótt kennaraefni hafi lokið háskólaprófi, er engin sönnun fengin fyrir því, að hann sé þegar fær um að takast á hendur kennslu á eigin spýtur. Hann skortir ennþá æfingu og hagnýta þekkingu, er sjálfstæð kennsla krefst. Því virðist heppilegt, að kennarinn starfi fyrst sem reynslukennari í góðum skóla, þar sem hann getur notið leiðbeininga sér reyndari kennara og lært af þeim. Til þess að kynning reynslukennara af skólunum verði ekki of einhliða, væri æskilegt, að hann starfaði í tveim ólíkum skólum á reynsluári sínu, t. d. kaupstaðaskóla og sveitaskóla. Yrði þó eftir föngum að gæta þess, að láta reynslukennara starfa í fyrirmyndarskólum, svo að hið bezta og þroskaðasta í skólamenningu vorri ynni sér fylgi og breiddist út.

Vitanlega yrði að greiða reynslukennurum kaup, er nægi þeim vel til framfæris, enda afkasta þeir nýtu starfi í þágu ríkisins eins og aðrir kennarar. Ætti reynsluár þetta að vera jafnskylt fyrir barnakennara sem lýðskólakennara, enda hefir þetta fyrirkomulag gefizt vel, hvar sem það hefir verið reynt erlendis. Er þó hjá oss miklu brýnni nauðsyn slíks reynslutíma en hjá öðrum þjóðum, þar sem vér gerum ráð fyrir mjög skömmum námstíma, sem auðvitað veitir nemendum ekki jafnfullkomna menntun á neinu sviði og bezt er við erlenda háskóla. Gæti þessi tilhögun einnig styrkt að því, að á kæmust fastir hættir í skólahögum vorum, sem verða mættu kennurum að miklum styrk, en nú skortir tilfinnanlega. Í skólum vorum þurfa ávallt að samræmast í einhuga samstarfi reynsla hinna eldri og aukin uppeldisþekking hinna yngri kennara.

Til umbóta á samstarfi kennara ætti að stofna starfsfélög meðal þeirra, þar sem þeir hittust og ræddu áhugamál sín. Mætti það einnig verða til eflingar menntun jafnt eldri kennara sem yngri.

Fylgiskjal IV.

Tillögur fulltrúaþings S. Í. B., 1935, um menntun kennara.

Fulltrúaþing Sambands íslenzkra barnakennara 1935 telur brýna nauðsyn, að undirbúningsmenntun kennara verði stórlega bætt frá því, sem nú er. Í því sambandi telur þingið sjálfsagt, að undirbúningsmenntun kennara verði skipulögð á nýjum grundvelli.

Þingið gerir tillögur um eftirfarandi fyrirkomulag:

1. Sett verði á stofn deild í uppeldisvísindum við Háskóla Íslands, svo sem gert er ráð fyrir í lögum um byggingu háskóla 1933.

Allir kennarar við barnaskóla, héraðsskóla og gagnfræðaskóla skulu stunda nám við deild þessa í minnst 2 ár, og sé próf þaðan skilyrði fyrir kennararéttindum.

2. Í stað Kennaraskóla Íslands komi 3 ára menntaskóli, er búi kennaraefni undir nám við uppeldisfræðideild háskólans, og veitir burtfararpróf þaðan aðgang að uppeldisfræðideild háskólans og er skilyrði þess, að nemandinn geti öðlazt kennararéttindi með prófi frá henni.

3. Heimavistir skulu vera bæði við menntaskóla kennara og uppeldisfræðideild háskólans.

4. Öllum þeim kennurum, sem starfandi eru, þegar uppeldisfræðideild háskólans tekur til starfa, skal gert kleift næstu ár eftir að stunda nám við uppeldisfræðideild háskólans a. m. k. 1 ár, og hafi þeir rétt til að ljúka burtfararprófi þaðan.

Greinargerð fyrir tillögunum.

Kennarastéttinni er tvímælalaust ljósara en öllum öðrum nauðsynin á stórlega endurbættum menntunarskilyrðum kennara. Kennarastéttin veit og skilur, að starf hennar er eitt hið allra vandasamasta viðfangsefni í þjóðfélaginu, og að þeir einir, sem hafa mikla æfingu, tækni og þekkingu, geta leyst það vel af hendi. Íslenzku kennararnir hafa margoft látið þennan skilning í ljós á þingum sínum og annarsstaðar í ræðu og riti, og þeir hafa umfram allt sýnt hann í verki, bæði með því að leggja á sig erfiðar námsferðir til annara landa, oft með ærnum kostnaði, og með því að fjölmenna hvað eftir annað á námskeið hér heima.

En það er ekki nóg, að stéttin geri sér þetta ljóst í sinn hóp. Hún þarf einnig, og það sem allra fyrst, að flytja málið opinberlega og bera fram um það ákveðnar tillögur. Það hefir t. d. mikið gildi fyrir virðingu og álit stéttarinnar út á við, að kröfur í þessu máli komi frá henni sjálfri, áður en þær verða háværar meðal almennings. Þá getur það og haft mikla þýðingu fyrir launamálið. Það er að vísu augljóst, að kennararnir eiga réttlætiskröfur til mikilla kjarabóta nú þegar, án tillits til menntunarmálsins, en hitt er jafnótvirætt, að það hlýtur að hafa áhrif á lausn launamálsins, ef sú staðreynd fæst viðurkennd, fyrst af kennarastéttinni sjálfri, og svo öllum almenningi, að til barna- og unglingakennslu þarf jafnmikla undirbúningsmenntun og til þeirra starfa, sem vandasömust hafa verið talin og útheimta mesta kunnáttu.

Við 1. gr. Í lögunum um byggingu háskólans er gert ráð fyrir deild uppeldisvísinda, og í uppdrætti byggingarinnar mun vera ákveðið húsrúm fyrir þessa deild. Það er því fullkomlega tímabært, að kennarastéttin geri sér grein fyrir afstöðu þessarar væntanlegu stofnunar til kennaramenntunarinnar.

Sú leið er vitanlega til, að Kennaraskóli Íslands haldi áfram að starfa og að útskrifa kennara með réttindum eftir sem áður, en að háskóladeildin skapi fáeinum útvöldum, og þá einkum þeim, sem eiga heima í Reykjavík, skilyrði til framhaldsnáms. En sú skipun myndi brátt verða óviðunandi, bæði fyrir kennarastéttina og þjóðfélagið. Hætt er t. d. við því, að uppeldisfræðideild háskólans yrði ekki eins mikill sómi sýndur, ef nemendur yrðu aðeins lítill hluti kennaraefna, og um kennaraskólann gæti það farið svo, að hann yrði ennþá vanræktari af þjóðfélaginu, þegar

möguleikar væru komnir til að bæta upp annarsstaðar sérfræðikennsluna. Við þessu er enn hættara hjá okkur en stærri ríkjum. Og loks er sú mikla hætta, sem bæði kennarastéttinni sjálfri, samtökum hennar og félagsbaráttu og alþýðumenningunni í landinu hlyti að stafa af því, ef nokkur hluti kennaranna fengi réttindi til starfsins með stórum lakari undirbúningsmenntun en almennt væri viðurkennd nauðsynleg.

Samkvæmt því, sem hér er lagt til, myndi allt hið uppeldisfræðilega sérnám kennaraefnanna fara fram í háskóladeildinni og í barnaskólum, sem hafðir væru til tilrauna og kennsluæfinga. Kennslan myndi verða að nokkru leyti verkleg og að nokkru leyti í fyrirlestrum og samtölum. Helztu námsgreinar yrðu ýmsar greinar barnasálarfræði og tilraunauppeldisfræði, þá skólasaga, einkum hin nýrri, yfirlit yfir helztu bækur og tímarit uppeldisvísinda, lífeðlisfræði, líffærafræði, heilsufræði, kennslufræði, bæði einstakra námsgreina og almenn, o. fl. Kennsluæfingar og tilraunir með börn gætu farið fram annaðhvort í sérstökum tilraunaskóla, sem háskóladeildin hefði umráð yfir, eða í barnaskóla bæjarins, einum eða fleiri. Kennsluæfingar ættu að vera miklu lífrænni og hagnýtari, með allt öðru fyrirkomulagi en nú er í kennaraskólanum.

Um ákvæði það, sem hér er sett viðvíkjandi héraðs- og gagnfræðaskólakennurum, er það að segja, að sem stendur er engin námsstofnun eða stofnanir, miðað við menntunarþarfir þessara kennara; myndi því bætt úr brýnni þörf þessara skóla með þeirri tilhögun, sem hér er bent á. En auk þessa náms myndu þessir kennarar sennilega þurfa að nema sérstaklega þær greinar, sem þeir ættu að kenna við skólann.

Við 2. gr. Þar sem í tillögunni er talað um, að í stað Kennaraskóla Íslands komi menntaskóli, þá er um að ræða skóla með allt annari námsskrá og helzt annarsstaðar á landinu. Um leið og hin uppeldisfræðilega sérkennsla er komin að öllu leyti inn í háskólann, þá er kennaraskólinn orðinn allt annar. En auk þess hlýtur kennsla í öðrum greinum að breytast og nýjar greinar að bætast við. Þar sem gera má ráð fyrir, að þessi skóli yrði álíka þungur og þeir menntaskólar, sem fyrir eru, gæti einnig komið til mála, í stað sérstaks skóla, að láta venjulegt stúdentspróf gilda til inntöku í uppeldisfræðideildina. En á móti því mælir margt, meðal annars það, að venjuleg stúdentsmenntun er kennaraefnum óhentug og ófullnægjandi í ýmsum greinum, svo sem eðlisfræði og efnafræði, jurtafræði, landafræði, íþróttum, söngfræði, teiknun, og vantar ýmiskonar handavinnu. Í öllum þessum greinum þyrfti að leggja ýmist meiri eða annarskonar áherzlu en til venjulegs stúdentsprófs. Í íslenzku, ensku, þýzku og norðurlandamálum yrðu kröfurnar sennilega álíka og til stúdentsprófs. Í reikningi mætti vera minni yfirferð, meiri æfing í að búa til og leysa úr dæmum í sambandi við lífið umhverfis, æfing í að gera ýmiskonar statistik með linuritum, að reikna „correllationir“ o. s. frv. Í sögu mætti ef til vill vera minni yfirferð en til stúdentsprófs.

Við inntökupróf í menntaskóla kennara, sem svarar til gagnfræðaprófs, ætti að leggja aðaláherzlu á að bægja burtu hæfileikasnauðu fólki.

Við 3. gr. Það er sjálfsögð krafa, sérstaklega vegna námskostnaðarins, að heimavistir verði bæði við menntaskóla og háskóladeild kennaraefnanna; sennilega yrði hagkvæmast að hafa menntaskólann utan Reykjavíkur, annaðhvort á Akureyri eða á heitum stað í sveit, t. d. á héraðsskólasetri. Á þann hátt ætti námskostnaður ekki að þurfa að fara fram úr 400 kr. á ári, með því verðlagi, sem nú er.

Á það má benda í þessu sambandi, að hús kennaraskólans er mjög lélegt timburhús, enda byggt á lóð annarar stofnunar og hægt að heimta það á brott þaðan hvenær sem er. Það þarf því fyrirsjáanlega áður en varir að byggja nýtt hús yfir kennaraskólann, enda þótt hann haldi áfram að starfa með núverandi fyrirkomulagi.

Við 4. gr. Þessi grein þarf ekki mikilla skýringa við. Það er augljóst mál, hversu æskilegt það væri bæði fyrir kennarana sjálfa og starf þeirra, að sem flestum gæfist kostur á að stunda nám við háskóladeildina, þegar hún kemst á fót. Má telja

víst, að reyndir kennarar hefðu ekki minna upp úr eins árs námi en kennaraefnin læra á tveim árum.

Nd. 155. Lög

um heimild handa atvinnumálaráðherra til þess að veita sjóliðsforingja Pétri Sigurðssyni stýrimannsskirteini á íslenzkum skipum.

(Afgreidd frá Nd. 30. marz).

Samhljóða þskj. 68.

Nd. 156. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 26 1. febr. 1936, um alþýðutryggingar.

Flm.: Stefán Jóh. Stefánsson.

1. gr.

Orðin í 7. gr. 3. málsgr. alþýðutryggingarlaganna: „ríkisins og“ falli burt.

2. gr.

a. Á eftir e-lið 8. gr. laganna komi nýr liður, sem verður f-liður, svo hljóðandi:
Þvotta- og ræstivinna, þ. e. vinna í þvottahúsum, hreingerningar- og ræstivinna í skipum, skólum, verzlunum, stærri skrifstofum, veitingahúsum og samkomuhúsum.

b. Á eftir f-lið sömu gr. komi nýr liður, sem verður g-liður, svo hljóðandi:
g. sendisveinastörf.

c. 6. málsgr. 8. gr. laganna orðist svo:
Nú tekur maður að sér tryggingarskylt verk í ákvæðisvinnu, og ber hann þá ábyrgð á, að verkamennirnir séu tryggðir. Sé tryggingarskylt verk tekið í ákvæðisvinnu af félagsskap eða hóp manna, er verkið vinna, teljast þeir þá og tryggingarskyldir og bera sameiginlega ábyrgð á iðgjaldagreiðslunni.

3. gr.

10. gr. laganna orðist svo:
Valdi slysið meiðslum, skal slysatryggingin greiða bætur sem hér segir:

1. Ef meiðslin valda sjúkleika og vinnutjóni lengur en 10 daga, þá skal greiða þeim, sem fyrir slysinu varð, læknishjálp frá því að slysið vildi til, þar með talin nauðsynleg sjúkrahúsvist, og ¾ hluta lyfja og umbúðakostnaðar utan sjúkrahúss, en að fullu á sjúkrahúsi, svo og dagpeninga frá þeim tíma, er síðar segir, þangað til hann verður vinnufær, eða úrskurður er felldur um varanlega örorku, eða maðurinn deyr, þó ekki lengur en 6 mánuði. Dagpeningar eru 5 kr. á dag; þó mega þeir aldrei fara fram úr ¾ af dagkaupi mannsins við þá atvinnu, er hann hafði þegar slysið varð. Dagpeningar greiðast aldrei fyrir fyrstu 7 dagana eftir að hinn slasaði varð óvinnufær. Frá þeim tíma greiðast dagpeningar, nema hinn tryggði haldi kaupi, sem er að minnsta kosti jafnhátt dagpeningunum, og hefjast dagpeningagreiðslur þá jafnskjótt og kaupgreiðsla fellur niður.
2. Útgerðarmanni skal skylt að tryggja gegn aukaiðgjaldi áhættu þá vegna slysa, sem bótaskyld eru samkvæmt lögum þessum, og hann ber samkv. 27. og 28. gr. laga nr. 41 19. maí 1930, og ber slysatryggingunni þá að greiða slasaða, auk

slysabóta samkv. 1. tölulið greinar þessarar, fullt kaup eða hlut í eina viku frá afskráningardegi að telja.

4. gr.

a. 3. töluliður 11. gr. laganna orðist svo:
3. Barn sem var á framfæri hins látna, og á ekki eftirlifandi foreldri, hlýtur 200 kr. fyrir hvert heilt ár, sem það vantar á að vera fullra 16 ára.

b. 5. tölul. sömu gr. orðist svo:
5. Foreldri hlýtur 500—1500 kr. bætur, eftir því, að hve miklu leyti það naut stuðnings hins látna við fráfall hans.

5. gr.

Aftan við 12. gr. laganna bætist:
Skipverjar teljast í þjónustu útgerðarmanns, þó að þeir taki aflahlut í stað kaups.

6. gr.

a. Á eftir 4. málsgrein 13. gr. laganna komi ný málsgrein, svo hljóðandi:
Áfallin slysatryggingariðgjöld hvíla sem lögveð á skipinu.

b. Í stað „lögreglustjóra ber ... en 12 lestir“ í upphafi 5. málsgr. sömu gr. laganna komi: Lögreglustjóra eða umboðsmanni slysatryggingarinnar ber ... en 12 lestir, nema öðruvísi sé um samið.

7. gr.

a. Aftan við 2. málsgr. 15. gr. laganna komi: Öll iðgjöld til slysatryggingarinnar hafa lögtaksrétt.

b. Í niðurlagi sömu lagagreinar komi ný málsgrein, svo hljóðandi:
Heimilt er slysatryggingunni að taka að sér innheimtu iðgjalda í Reykjavík og nágrenni að nokkru eða öllu leyti.

8. gr.

19. gr. laganna orðist svo:
Eigi hinn tryggði rétt til slysabóta á hendur manni eða stofnun, skal hann, ef hann krefst slysabóta frá slysatryggingunni, framselja henni rétt sinn til bótanna, ef hún óskar þess. Nú greiðast hærri bætur en framlögðum slysabótum nemur, og fær hinn tryggði þá það, sem framyfir er.

9. gr.

23. gr. laganna orðist svo:
Þar, sem sjúkrasamlög eru stofnuð, hefir sérhver maður, karl eða kona, eldri en 16 ára og yngri en 67 ára og búsettur á samlagssvæðinu, rétt og skyldu til að tryggja sig í samlaginu, enda sé hann ekki haldinn af alvarlegum, langvinnum virkum sjúkdómi. Þó hefir sjúkrasamlag heimild til að taka í tryggingu menn eldri en 67 ára, ef þeir sanna með vottorði læknis, sem samlagið hefir tilnefnt, að þeir séu tryggingarhæfir.

10. gr.

Í stað orðanna: „af samlaginu“ í lok 26. gr. laganna komi: úr bæjarsjóði.

11. gr.

a. 1. málsgrein 27. gr. laganna orðist svo:
Í hreppum utan sjúkrasamlagssvæða kaupstaðanna skal fara fram atkvæðagreiðsla um, hvort stofna skuli sjúkrasamlag í hreppnum, ef hreppsnefnd ákveður, eða fimmti hluti kjósenda æskir þess. Hreppsnefnd annast atkvæðagreiðsluna á sama hátt og sveitarstjórnarkosningar. Stofna skal sjúkrasamlag í hreppnum, ef meiri hluti þeirra, sem kosningarrétt hafa í málefnum sveitar-

félaga, greiðir atkvæði með því. Nú næst meiri hluti atkvæða með því að stofna sjúkrasamlag, án þess þó að sá meiri hluti sé meira en helmingur atkvæðisbærra manna í hreppnum, og skal þá fara fram atkvæðagreiðsla á ný innan fjögra vikna, og ræður þá einfaldur meiri hluti greiddra atkvæða úrslitum. Sé fellt að stofna sjúkrasamlag, getur atkvæðagreiðsla ekki farið fram á ný fyrr en að ári liðnu.

b. 3. málsgrein falli burt.

12. gr.

a. 1. töluliður 30. gr. laganna orðist svo:

Almenna læknishjálp hjá tryggingarlækni, þ. e. lækni, sem samlagið hefir samið við, eða tryggingarstofnunin, að fullu á sjúkrahúsi og hjá heimilislækni sjúklingsins, og að ¾ hlutum, ef sjúklingurinn vitjar annars læknis en heimilislæknis síns. Læknishjálp fari fram í viðtalsstofu læknisins, sé sjúklingurinn ferðafær og hægt sé að koma því við.

b. 4. töluliður sömu lagagr. orðist svo:

Sjúkrasamlögum er ennfremur heimilt að tryggja gegn sérstöku iðgjaldi dagpeningagreiðslu til þeirra, sem óvinnufærir eru sökum veikinda. Biðtími skal ákveðinn í samþykktum og má eigi vera skemmri en ein vika frá því hinn tryggði varð óvinnufær eða hætti að taka laun.

c. Í næstsíðustu málsgrein sömu gr. falli burt orðin „dagpeninga í sjúkrasamlögum utan kaupstaða".

13. gr.

2. málsgrein 32. gr. laganna orðist svo:

Í samþykktum sjúkrasamlaga skal setja sérákvæði um iðgjaldaupphæð unglinga á aldrinum 16—21 árs, sem dvelja á heimili efnalausra foreldra og hafa ekki sjálfstæðar tekjur. Skal gefa eftir iðgjöld þessara unglinga að nokkru leyti eða öllu, ef samanlagðar tekjur fjölskyldunnar eru undir vissu lágmarki, sem ákveðið sé í samþykktunum.

14. gr.

Í stað orðanna í 33. gr. laganna „32 vikur" komi: 24 vikur, — og í stað „26 vikur" í sömu grein komi: 12 vikur.

15. gr.

Orðin: „Þó ekki yfir 9 kr. fyrir hvern tryggðan mann." í endi 1. málsgr. 35. gr. laganna falli burt.

16. gr.

2. málsgrein 37. gr. laganna falli burt.

17. gr.

Í stað „veikist", er tvisvar kemur fyrir í 38. gr. laganna, komi á fyrri staðnum: nýtur sjúkrahjálpar, — og á síðari staðnum: notið hennar.

18. gr.

Síðasti málsliður 39. gr. laganna falli burt.

19. gr.

Aftan við 40. gr. laganna komi ný málsgrein:

Aukagjald það, sem útgerðarmaður greiðir eða bæri að greiða samkvæmt þessu, dregst frá sjúkratryggingariðgjaldi hins tryggða fyrir það tímabil, sem ráðningin nær yfir.

Samskonar ákvæði gilda að því er snertir skyldur húsbænda gagnvart hjúum í veikindum þeirra samkvæmt hjúalögunum.

20. gr.

a. Í stað orðanna í 43. gr. laganna „á næsta mánuði að greiða gjaldið.“ komi: á næstu 6 mánuðum að greiða áfallin gjöld.
b. 2. málsgrein sömu lagagreinar falli burt.

21. gr.

Aftan við 49. grein laganna komi ný málsgrein:

Stofnun, félag eða fyrirtæki, sem stofnað hefir fyrir starfsfólk sitt eða meðlimi eftirlaunasjóð, sem veitir sjóðfélögum meiri réttindi til elli- og örorkulífeyris en Lífeyrissjóður Íslands veitir, getur sótt um viðurkenningu Tryggingarstofnunar ríkisins á starfsemi sjóðsins. Þegar sú viðurkenning er fengin, fær sérhver sjóðfélagi frádrátt á lífeyrissjóðsiðgjaldi sínu, sem nemur meðaliðgjaldi til Lífeyrissjóðs Íslands fyrir sjóðfélagann og konu hans á þeim tíma og á sama stað, sem sjóðurinn starfar. Skilyrði fyrir slíkri viðurkenningu eru þó, að sjóðurinn skuldbindi sig til að greiða af iðgjaldaviðlögum hvers sjóðfélaga, sem úr sjóðnum kann að fara, jafnmikla upphæð til Lífeyrissjóðs Íslands, sem hann hefir fengið frádrátt á fyrir hlutaðeigandi sjóðfélaga, ásamt vöxtum.

22. gr.

Aftan við 50. gr. laganna komi ný málsgrein:

Bæjar- og sveitarsjóðir greiða iðgjöld þeirra gamalmenna á aldrinum 60—67 ára, sem ekki hafa neinar skattskyldar tekjur.

23. gr.

Í stað orðsins „Tryggingarstjórn“ í 53. gr. laganna komi: Tryggingarstofnunin.

24. gr.

a. Í stað orðsins „persónuiðgjöldunum“ í 60. gr. laganna komi: iðgjöldunum.
b. Fyrri setning í 2. málsgr. sömu gr. falli burt.

25. gr.

Orðin í 2. málgr. 61. gr. laganna „samkvæmt 49. gr. 2. tölulið“ falli burt.

26. gr.

Önnur málsgr. 62. gr. laganna og til enda greinarinnar falli niður.

27. gr.

Á eftir 71. gr. laganna komi ný grein, sem verður 72. gr., svo hljóðandi:

Stofna skal sérstakan sjóð, Atvinnuleysistryggingarsjóð Íslands, og myndast hann á þann hátt, að allir þeir, er hafa menn í vinnu, sem skylt er að slysatryggja samkv. 8. gr., greiða í sjóðinn ½% af vinnulaunum þeim, sem þeir greiða fyrir hina tryggingarskyldu vinnu. Greiðist gjaldið ársfjórðungslega eftir á, og hefir það lögtaksrétt.

Er sjóður þessi undir stjórn Tryggingarstofnunar ríkisins.

Greinatalan frá og með 72. gr. breytist samkvæmt þessu.

28. gr.

Á eftir 72. gr., er verði 73. gr., komi ný málsgrein:

Atvinnuleysistryggingarsjóður Íslands greiðir framlag til viðurkenndra atvinnuleysissjóða, sem nemur jafnri upphæð og samanlögð framlög ríkis- og bæjarsjóða.

29. gr.

Við 76. gr. laganna, er verði 77. gr., bætist: og ávallt skal stofnun sú, er ávaxtar sjóðina, greiða ársvextina að fullu.

30. gr.

Í stað „150 þúsund“ í 78. gr., er verði 79. gr., komi: 200 þúsund.

31. gr.

Orðin „að frádreginni þeirri upphæð, sem úthlutað hefir verið á því ári af vöxtum ellistyrktarsjóðanna“, í 79. gr. laganna, er verði 80. gr., falli niður.

32. gr.

Aftan við 1. málsgrein 80. gr. laganna, er verði 81. gr., bætist: og hafa misst meira en helming starfsorku sinnar og njóta ekki styrks samkvæmt lögum um ríkisframfærslu sjúkra manna og örkumla. Ennfremur til gamalmenna á aldrinum 60—67 ára, sem áður hafa fengið ellistyrk samkvæmt eldri lögum um ellistyrk.

33. gr.

Á eftir 81. gr. laganna, er verði 82. gr., komi ný grein, sem verði 83. gr., svo hljóðandi:

Úthlutunin fer fram í tvennu lagi:

1. Til þeirra, sem komizt geta af með lægri ellilaun eða örorkubætur en sem nemur hálfum ellilífeyri án þess að fá aðra úthlutun eða framfærslustyrk úr bæjar- eða sveitarsjóði, skal úthluta upphæð þeirri, sem ákveðin er í 84. gr.
2. Til þeirra, sem hærri ellilaun eða örorkubætur þurfa, skal úthluta úr bæjar- eða sveitarsjóði svo miklu, að ætla megi, að að sú úthlutun ásamt því framlagi Lífeyrissjóðs, sem á móti kemur samkv. 86. gr., nægi til framfærslueyris án þess að leita þurfi framfærslustyrks.

34. gr.

Ný grein, er verði 84. gr.:

Upphæð sú, sem úthluta skal á öllu landinu samkvæmt 83. gr. tölulið 1., er vextir ellistyrktarsjóðanna og helmingur af framlagi Lífeyrissjóðs samkvæmt 80. gr. Hvert bæjar- og sveitarfélag hefir til úthlutunar vextina af ellistyrktarsjóði sínum og fær auk þess hluta af lífeyrissjóðstillaginu, og ákveðst hann sem hér segir:

Fyrst eru talin saman lífeyrissjóðsgjöld þau, sem koma frá hverjum þeirra þriggja staða, kaupstöðum, kauptúnum með yfir 300 íbúum og sveitum, og skal hálfu lífeyrissjóðsframlaginu skv. 80. gr. síðan skipt í sömu hlutföllum. Upphæð þeirri, sem þannig lendir í hverjum þessara þriggja flokka, er síðan skipt milli hinna einstöku bæjar- og sveitarfélaga í hlutfalli við tölu gamalmenna eldri en 67 ára á hverjum stað.

35. gr.

Síðari málsgrein 82. gr. laganna, er verði 85. gr., orðist svo:

Í skýrslunni skal tekið fram, hvaða upphæð hefir verið úthlutað til hvers einstaklings samkvæmt 83. gr. tölulið 1, og hvaða upphæð hafi verið úthlutað úr bæjar- eða sveitarsjóði samkvæmt 83. gr. tölulið 2, einnig til hvers einstaklings.

36. gr.

Í stað „upphæðar og árstillags“ í 83. gr. laganna, er verði 86. gr., komi: upphæðar og hálfs árstillags.

37. gr.

Þegar lög þessi hafa öðlazt staðfestingu konungs, skal færa þau inn í meginmál laga nr. 26 1. febr. 1936, um alþýðutryggingar, og gefa þau út svo breytt.

Greinargerð.

Frv. þetta er flutt í samráði við atvinnumálaráðherra og stjórn Tryggingarstofnunar ríkisins.

Breytingartillögur þær við alþýðutryggingarlögin, sem felast í frv. þessu, snerta aðallega þau atriði, sem reynslan hefir sýnt, að helzt þurfi breytinga við. Skal hér í fám orðum gerð grein fyrir þeim helztu.

1. Slysatryggingar.

Við 8. gr. laganna er bætt 2 flokkum af tryggingarskyldri vinnu, ræstingarvinnu, þar sem hún er rekin sem atvinnugrein, og sendisveinastörfum. Báðum þessum starfsgreinum fylgir ekki óveruleg slysahætta, og þykir því rétt að láta tryggginguna ná einnig til þessara starfa.

Í 3. gr. er sú heimild, sem áður var fyrir útgerðarmenn til að tryggja sig fyrir þeirri áhættu vegna slysa, sem þeir bera samkv. sjómannalögunum, gerð að skyldu. Eru engar nýjar byrðar lagðar með þessu á útgerðina, en breytingin ætti að geta verið til hagræðis bæði fyrir sjómenn og útgerðarmenn.

Í 4. gr. er breytt reglunni um dánarbætur til foreldra. Með alþýðutryggingarlögunum var yfirleitt gengið lengra í þá átt en áður var, að taka tillit til ómegðar hins látna og dánarbæturnar auknar til mikilla muna, þegar ómegðin er þung. Hinsvegar var það ætlunin að raska ekki verulega grundvelli þeim, sem iðgjaldagreiðslurnar byggjast á, og varð því að draga úr bótagreiðslum í þeim tilfellum, þegar hinn látni hafði engan á sínu framfæri. Við framkvæmd laganna hefir það þó komið í ljós, að óánægja hefir orðið yfir því, að bætur væru ekki greiddar til foreldra, þegar t. d. ungur, ógiftur maður hefir farizt, og þrátt fyrir það, þó foreldrarnir væru að engu leyti á framfæri hans. Því verður ekki heldur neitað, að í slíkum tilfellum missa foreldrarnir stoð, sem gæti orðið þeim til styrktar í ellinni, og til þess að taka tillit til þessa er breytingartillagan borin fram.

Aðrar breytingartillögur við þennan kafla laganna skýra sig sjálfar.

2. Sjúkratryggingar.

Við þennan kafla laganna hafa verið teknar upp 4 mikilvægar breytingar, sem reynslan hefir sýnt, að eru óhjákvæmilegar:

1. Tryggingarskyldan er afnumin fyrir gamalmenni eldri en 67 ára.
2. Tryggingarskylda og tryggingarréttindi eru afnumin fyrir þá, sem eru haldnir alvarlegum, langvinnum, virkum sjúkdómi, hvort sem þeir dvelja á hælum eða í heimahúsum.
3. Dagpeningatryggingin er gerð að frjálsri tryggingu.
4. Sjúkrahjálp sú, sem samlagi er gert skylt að greiða fyrir einn og sama sjúkdóm, er færð niður í 12 vikur úr 26 vikum og niður í 24 vikur úr 32 vikum fyrir mismunandi sjúkdóma á sama ári.

Um fyrstu breytinguna er það að segja, að töluverðir örðugleikar eru á því að sjúkratryggja gamalmenni, sem komin eru yfir vissan aldur, enda er það óalgengt að taka þau með í venjulegum sjúkratryggingum. Elliárunum fylgir óhjákvæmilega ellihrumleiki, auk áhættunnar fyrir öðrum sjúkdómum, og það er því augljóst, að gamalmennin yrðu þung byrði fyrir samlögin, ef samlögin ættu að bera allan sjúkrakostnað, sem leiðir af venjulegum ellihrumleika. Hinsvegar er hætt við, að það valdi óánægju, ef ellisjúkdómarnir eru undanskildir, og í mörgum tilfellum erfitt að skera úr um það, hvort um ellihrumleika eða bótaskyldan sjúkdóm sé að ræða. Af þessum sökum hefir því þótt réttast að takmarka tryggingarskylduna við 67 ára aldur, en þó þannig, að samlagi er heimilað að taka í tryggingu gamalmenni, þó eldri séu, ef læknisvottorð sýnir, að þau séu tryggingarhæf.

Með annari breytingunni er tekið fram, að þeir, sem haldnir eru langvinnum, alvarlegum, virkum sjúkdómi, séu útilokaðir frá tryggingunni, hvort sem þeir dvelja á sjúkrahúsum eða utan þeirra. Hér er um að ræða menn, sem ekki eru tryggingarhæfir, og getur sjúkratryggingin vitanlega ekki tryggt gegn sjúkdómi,

sem kominn er fram áður en tryggingin hefst. Þurfti að kveða skýrar á um þetta en í lögunum er gert.

Með þriðju breytingunni er dagpeningatryggingin aðskilin frá sjúkratryggingunni. Þessi breyting er sérstaklega nauðsynleg vegna sjúkratrygginganna í Reykjavík. Dagpeningaupphæðin er sem sé lögákveðin í Reykjavík, en þau iðgjöld, sem greiða verður fyrir þá tryggingu, eru svo há, að aðeins örlítill hluti tryggingarskyldra manna hefir séð sér fært að tryggja sér dagpeninga fyrr en eftir svo langan biðtíma (16 vikur), að tryggingin verður af þeim sökum lítils virði. Þess vegna er lagt til hér að aðskilja dagpeningatryggingunga frá sjúkratryggingunni og nema burt skylduna til að tryggja dagpeninga. En jafnframt er gert ráð fyrir, að sjúkrasamlögin gefi kost á dagpeningatryggingu þeim, sem þess óska og sjá sér það fært.

Fjórða breytingin gengur út á það, að færa þann tíma, sem samlag greiðir sjúkrakostnað fyrir, niður í 12 vikur úr 26 vikum fyrir sama sjúkdóm, og í 24 vikur úr 32 vikum fyrir mismunandi sjúkdóma á einu ári. Í sambandi við þetta skal þá fyrst tekið fram, að langflestir sjúkdómar, sem lengur standa en 12 vikur, eru svo langvinnir og alvarlegs eðlis, að þeir heyra réttilega undir lögin um ríkisframfærslu sjúkra manna og örkumla, svo sem berklar, geðveiki o. þ. h., enda gera þau lög ráð fyrir að taka við sjúklingum þeim, sem undir þau falla, þegar sjúkratryggingunni sleppir. Gagnvart þeim tryggðu á því breytingin ekki að geta haft veruleg áhrif, en gerir aðeins það að verkum, að sjúklingar þeir, sem haldnir eru langvinnum sjúkdómum, komast fyrr undir ríkisframfærsluna en ella. En fyrir fjárhag sjúkrasamlaganna hefir breytingin afarmikla þýðingu. Með alþýðutryggingarlögunum er létt af ríkisframfærslunni sjúkrakostnaðinum í fyrstu 26. vikurnar, en sá baggi, sem samlögunum er þar með bundinn, er þeim algerlega ofvaxinn og því óhjákvæmilegt að láta ríkisframfærsluna taka við fyrr en gert er ráð fyrir í lögunum. Og þó tíminn sé færður niður í 12 vikur, er samt stórkostlega létt af ríkisframfærslunni, eins og sýnt skal fram á með nokkrum tölum.

Á Vífilsstöðum og landsspítalanum lágu á árinu 1936 180 sjúklingar úr Reykjavík, en auk þess hefir legið á öðrum sjúkrahúsum og hælum töluverður fjöldi berklasjúklinga úr Reykjavík, svo talan alls verður sjálfsagt töluvert á 3. hundrað, og verður hér reiknað með 250. Af þessum sjúklingum voru 93 lagðir inn á Vífilsstaði fyrir 1. júlí 1936, og er hægt að fylgjast með þeim í 6 mánuði. Af þeim hafa 82 legið lengur en 182 daga, 6 dóu áður en þeir höfðu legið í 182 daga, en 5 lágu skemur, eða að meðaltali 129 daga. Af þessu sést, að það eru undantekningar, ef legutíminn er skemmri en 12 vikur. Með 5 kr. daggjaldi nemur 12 vikna tími sá, sem samlagið kæmi til með að greiða samkvæmt breytingartillögunni, 420 kr. á sjúkling, og ef allir þessir menn hefðu verið sjúkratryggðir fyrstu 12 vikurnar, hefði samlagið því greitt fyrir þá kringum 100 þús. krónur. Þessi tala, sem nær þó aðeins til Reykjavíkur og aðeins til berklasjúklinga, gefur nokkra hugmynd um, hvað samlögin spari ríkissjóði. Skal þess ennfremur getið, að daggjaldið á Kleppsspítalunum hefir nú verið hækkað í 5 kr., svo þar verður einnig veruleg upphæð, sem ríkissjóður fær frá samlögunum, en varð áður að greiða sem ríkisframfærslu.

Af öðrum breytingartillögum við kaflann um sjúkratryggingar eru þessar helztar: Lagt er til, að bæjarsjóðirnir greiði laun sjúkrasamlagsstjórnanna, þar sem það eru bæjarstjórnirnar, sem kjósa samlagsstjórnirnar og ákveða þeim laun (10. gr.).

Skilyrðin fyrir stofnun sjúkrasamlaga í hreppum utan kaupstaða eru rýmkuð (11. gr.). Hefir það komið í ljós sumstaðar þar, sem sjúkrasamlög hafa starfað áður, að ekki hefir verið hægt að fá nýtt samlag stofnað samkv. lögunum, ekki vegna þess, að fylgi vantaði, heldur vegna hins, að ekki hefir tekizt að fá nægja þátttöku í atkvæðagreiðslunni.

Í 13. gr. er hert á heimild þeirri, sem í lögunum er gefin til þess að fella niður iðgjöld atvinnulausra unglinga á heimilum fátækra foreldra.

Í 15. gr. er lagt til, að 9 kr. hámarkið fyrir ríkis- og bæjarstyrk sé fellt burt. Sé þessu hámarki haldið, kemur enginn styrkur á móti iðgjaldi þeirra, sem vilja tryggja sér dagpeninga, og virðist þó ekki síður þörf á að fá framlag fyrir þá tryggingu.

Loks er breytt ákvæðunum um það, á hvern hátt menn, sem fallið hafa úr tryggingu vegna vanskila, geti komizt í trygginguna á ný. Ákvæði laganna um nýjan 6 mánaða biðtíma strax og 2 mánaðargjöld eru ógreidd virðast óþarflega ströng og gætu komið þungt niður, sérstaklega á stöðum, þar sem atvinna liggur niðri yfir haustmánuðina og fram eftir vetri.

Tryggingarstofnun ríkisins gerir ráð fyrir því, að ef samþykktar verða breytingartill. þær, er í frv. felast, um sjúkratryggingarnar, megi *lækka iðgjöld hinna tryggðu í Reykjavík úr 4 kr. á mánuði í 3 kr. og úr 3 kr. í öðrum kaupstöðum í kr. 2.50 á mánuði.*

3. Elli- og örorkutryggingar.

Ýmsar stofnanir, svo sem Landsbankinn, Útvegsbankinn, Reykjavíkurbær o. fl., höfðu stofnað eftirlaunasjóði fyrir starfsmenn sína áður en lögin um alþýðutryggingar gengu í gildi. Veita sjóðir þessir sjóðfélögunum meiri hlunnindi en Lífeyrissjóður Íslands, og hjá flestum þeirra nema eftirlaun það miklu, að sjóðfélagarnir geta aldrei fengið ellilífeyri. Virðist því ekki rétt að heimta af þeim fullt lífeyrissjóðsgjald. Þar sem hinsvegar mikill hluti af tekjum Lífeyrissjóðs kemur fram sem hluti af skattskyldum tekjum, væri það tjón fyrir sjóðinn, ef mörgum mönnum, sem hafa yfir meðaltekjur, væri sleppt við greiðsluskyldu, og er því lagt til, að gefið sé eftir sem svarar meðaliðgjaldi fyrir hvern sjóðfélaga og konu hans, en jafnframt gert að skilyrði, að sjóðurinn fái viðurkenningu Tryggingarstofnunar ríkisins fyrir starfsemi sinni og tryggi það, að Lífeyrissjóður Íslands verði haldinn skaðlaus, ef sjóðfélaginn fer úr sjóðnum og getur þannig eignazt rétt á lífeyri frá L. Í.

Hinar breytingartillögurnar við þennan kafla skýra sig sjálfar, og er breytingartill. við 62. gr. staðfesting á að fella niður þær greinar, sem frestað var framkvæmd á á síðasta þingi.

4. Atvinnuleysistryggingar.

Brtt. við þennan kafla ganga út á það, að afla atvinnuleysissjóðum tekna með framlagi frá atvinnurekendum, sem nemi jafnhárri upphæð og framlög ríkis og bæjarsjóða samanlögð. Fyrirkomulagið er hugsað þannig, að af vinnulaunum í allri vinnu, sem skylt er að slysatryggja, sé greitt ½% í sérstakan sjóð, sem síðan úthluti framlagi til hinna einstöku atvinnuleysissjóða. Hámarksframlag til atvinnuleysissjóða ófaglærðra daglaunamanna nemur nú 12 kr. á ári fyrir hvern tryggðan mann, og er það ½% af 2400 kr. árstekjum. Með þessum meðaltekjum mundi sjóðurinn því hrökkva til, ef allir ófaglærðir daglaunamenn væru tryggðir. Nú er það fyrirsjáanlegt, að það á langt í land, að allir ófaglærðir daglaunamenn séu meðlimir í atvinnuleysissjóðum, og er því reiknað með, að þessi hundraðshluti nægi fyrst um sinn.

5. Ellilaun og örorkubætur.

Við þennan kafla laganna hafa úr tveim áttum komið fram óskir um breytingar. Annarsvegar frá sveitarfélögunum, sem hafa kvartað yfir því, að hreppssjóður þurfi að leggja á móti vöxtum ellistyrktarsjóðanna, og hafa þau óskað eftir því að fá a. m. k. vextina af ellistyrktarsjóði hreppsfélagsins til frjálsrar úthlutunar án framlags úr hreppssjóði á móti. Hinsvegar hafa komið fram raddir um það, að bæjar- eða hreppsfélag, sem vildi það við hafa, gæti notað allt lífeyrissjóðstillagið til þess að létta fátækraframfæri sitt án þess að gamalmenni og öryrkjar bæjarins eða hreppsins fengju nokkuð ríflegri úthlutun en áður var, og hefir úr þeirri átt verið óskað eftir, að skorður væru settar við því. Til þess að verða við báðum þessum óskum er stungið upp á þeirri leið, sem í breytingartillögunum felst.

Eins og nú er, nemur framlag Lífeyrissjóðs tæpum 400 þús. krónum, og ef

fallizt yrði á að hækka framlag ríkissjóðs (í 50 ár) úr 150 upp í 200 þúsund kr. á ári, gæti framlag Lífeyrissjóðs orðið upp undir 500 þús. kr. á ári fyrst um sinn, meðan ellilaunafyrirkomulagið er í fullum gangi, en færi svo minnkandi eftir því, sem lífeyrisgreiðslurnar vaxa. Af þessari upphæð eru ca. 100 þús. kr. vextir af ellistyrktarsjóðunum. Með breytingartill. er stungið upp á að skipta heildarupphæðinni í 2 hluta.

1. Vexti ellistyrktarsjóðanna ca. 100000 kr. Helming af framlagi Lífeyrissjóðs tæp 200000 kr.

2. Hinn helming af framlagi Lífeyrissjóðs tæp 200000 kr.

Fyrri hlutanum sé úthlutað eingöngu til gamalmenna og öryrkja, sem ekki fá neitt úr sveitarsjóði eða bæjarsjóði og komizt geta af með upphæð, sem nemur hálfum lífeyri eða minna, en síðari hlutanum sé úthlutað til þeirra, sem hærri upphæðir þurfa, og leggst það hlutfallslega jafnt á móti tillögum hrepps- og bæjarsjóðanna á líkan hátt og síðastl. ár, án þess þó að vera bundið við nokkra hámarksveitingu til einstaklings.

Fyrri hlutinn mundi þannig svara til veitinga úr ellistyrktarsjóðunum gömlu, en verða ca. 50% hærri (upp undir 300 þúsund). Síðari hlutinn aftur á móti kemur á móti framlögum hrepps- og bæjarfélaganna, eða því, sem annars væri veitt sem framfærslustyrkur.

Nánari fyrirmæli um skiptingu Lífeyrissjóðsframlagsins eru í 84. gr. (sem er ný gr.). Er þar fylgt sömu grundvallarreglum sem gilda um ákvörðun lífeyrissjóðsgjaldanna (sbr. 49. gr.), og virðist það í alla staði eðlilegt. Samkvæmt því er öllu landinu skipt í 3 flokka, kaupstaði, kauptún með yfir 300 íbúum, og sveitir (og minni kauptún). Síðan er þeim helming lífeyrissjóðsframlagsins, sem úthluta á með vöxtum ellistyrktarsjóðanna, skipt í sömu hlutföllum og samanlögð lífeyrissjóðsgjöld í hverjum þessara þriggja flokka nema. Upphæð þeirri, sem þannig lendir í hverjum flokki, er síðan skipt milli hinna einstöku bæjar- eða sveitarfélaga innan flokksins í hlutfalli við tölu gamalmennanna á hverjum stað. Sá höfuðkostur fylgir þessu fyrirkomulagi, að hægt er að ákveða fyrirfram, hvaða upphæð hvert hrepps- og bæjarfélag fær, en það hefir að vonum valdið nokkrum örðugleikum við úthlutunina, að ekki hefir verið hægt að vita fyrirfram, hve miklu lífeyrissjóðsframlagi mætti reikna með, né hvenær það kæmi.

Hinn helmingur lífeyrissjóðsframlagsins úthlutast eftir líkum reglum og gilt hafa, og verður ekki hægt að ákveða hann fyrr en skýrslur hafa borizt af öllu landinu, en í þessu tilfelli gerir þetta ekki svo mikið til, þar sem upphæðir þær, sem veita þarf hverjum einstakling, eru svo háar í þessum flokki, að þær verða hvort sem er greiddar í smápörtum yfir allt árið.

Um aðrar brtt. við þennan kafla skal þess getið, að tryggja þarf, að allir vextir ellistyrktarsjóðanna fáist útborgaðir, en ekki aðeins hálfir vextirnir, eins og verið hefir. Þá eru ennfremur tiltekin nánari skilyrði fyrir að geta hlotið örorkubætur (80. gr.) til samræmis við skilyrðin um veitingu örorkulífeyris (sbr. 52. gr.). Loks er tekin upp heimild sú, sem gerð var með bráðabirgðalögum á síðasta hausti, um það, að gamalmenni á aldrinum 60—67 ára, sem áður nutu ellistyrks, skuli koma til greina við úthlutunina.

Ed. 157. Breytingartillögur

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 35 1. febr. 1936, um viðauka við l. nr. 78 19. júní 1933, um Kreppulánasjóð, og við brtt. á þskj. 147.

Frá Sigurjóni Á. Ólafssyni.

1. Við brtt. 147, a. Í stað „1. sept.“ komi: 1. júlí.
2. Við brtt. 147, b. Í stað „1. sept.“ komi: 1. júlí.
3. Við síðari málsgr. 2. gr. frv. Í stað „1. jan. 1938“ komi: 30. sept. 1937.

Nd. 158. Breytingartillaga

við brtt. á þskj. 136 (Alþýðutryggingar).

Frá Sigurði Einarssyni.

Aftan við tillgr. bætist: svo og presta.

Nd. 159. Frumvarp til laga

um heimild fyrir ríkisstjórnina til síldveiða með botnvörpu á fjörðum inni.

Flm.: Jón Ólafsson, Finnur Jónsson.

1. gr.

Heimilt er ríkisstjórninni, að fengnum tillögum síldarútvegsnefndar, að fela síldarútvegsnefnd að láta gera tilraunir til síldveiði í fjörðum og flóum landsins, með þar til gerðri botnvörpu, og greiðist kostnaður við tilraunir þessar úr ríkissjóði, að svo miklu leyti sem fé er eigi fyrir hendi í sjóði síldarútvegsnefndar.

2. gr.

Sýni það sig við rannsókn, að síldveiði á fjörðum, með veiðarfæri því sem um getur í 1. gr., reynist arðvænleg, getur ríkisstjórnin veitt veiðileyfi síldarverksmiðjueigendum, félögum og einstaklingum þeim, sem hún álítur, að hafi bezt skilyrði til að hagnýta veiðina. Skal um fjölda veiðileyfa á einum og sama firði leitað umsagnar síldarútvegsnefndar.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Það er mál kunnugra manna, að firðir landsins, sérstaklega Austfirðir, fyllist af síld vissa tíma ársins, og þá helzt vetrarmánuðina, en síldin komi ekki á yfirborð sjávarins eða á það grunn, sem hæfilegt er fyrir ádráttarnætur, né vaði uppi og gefi þannig færi á sér til hringnótaveiða. Ennfremur er það vitað, að mikil síldarganga er í Faxaflóa mikinn hluta ársins. Gerði síldarútvegsnefnd nokkrar tilraunir með styrk úr ríkissjóði til að veiða síld þessa í herpinót á síðastliðnu ári, en sú tilraun mistókst, enda var veðurfar mjög óhagstætt. Ennfremur veitti síldarútvegsnefnd einum útgerðarmanni talsverðan styrk til að reyna síldveiðar með botnvörpu. Tilraun sú tókst heldur eigi að þessu sinni, en þar sem vitað er, að mikil síld er veidd í botnvörpu bæði í Eystrasalti og í Norðursjónum, verður að teljast líklegt, að slík veiðiaðferð muni einnig með nægri þekkingu geta tekizt hér við land. Þar eð líklegt má teljast, að hér séu talsverð auðæfi ónotuð, en mjög þrengir nú að sjávarútveginum, virðist ástæða til að ganga úr skugga um, hvort hér er um auðsuppsprettu að ræða eða ímyndun eina, og er frv. þetta þess vegna fram komið.

Nd. 160. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 103 3. maí 1935, um breyting á lögum nr. 72 7. maí 1928, um hvalveiðar.

Flm.: Bergur Jónsson.

1. gr.

1. gr. laganna orðist svo:

Aftan við 2. gr. laganna bætist:

Árin 1938 til 1940 er þó sérleyfishafa heimilt að nota 3 erlend skip til veiðanna, enda séu á þeim skipum eingöngu íslenzkir sjómenn, nema leyfi atvinnumálaráðherra komi til.

2. gr.

2. gr. laganna orðist svo:

Aftan við 3. gr. laganna bætist: Þó er atvinnumálaráðherra heimilt að veita sérleyfishafa undanþágu, til ársloka 1939, frá þeim ákvæðum þessarar greinar, er lúta að hagnýtingu beina, kjöts og innýfla, enda getur ráðherra þá sett sérleyfishafa frekari skilyrði en greinir í lögum nr. 6 1896, til tryggingar gegn tjóni, er leiða kynni af undanþágu frá hagnýtingu hvalleifanna.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

H/f Kópur hefir reist hvalstöð og rekið hvalveiðar frá Suðureyri í Tálknafirði árin 1935 og 1936 samkvæmt undanþáguheimild þeirri, sem felst í lögum nr. 103 3. maí 1935, um breyting á lögum nr. 72 7. maí 1928, um hvalveiðar, og samkvæmt sérleyfi, sem félagið fékk samkvæmt l. nr. 72 7. maí 1928. Félagið hyggst að halda áfram starfsemi sinni, en hefir eigi fjármagn til þess nema undanþáguheimildin til þess að nota erlend skip (norsk) við veiðarnar verði framlengd, svo og undanþága 2. gr. frv. frá hagnýtingu beina, kjöts og innýfla. Er því með frv. þessu farið fram á, að ákvæði 2. gr. fyrrgreindra laga séu framlengd fyrir árin 1938—1940, og ákvæði 3. gr. sömu laga framlengd til ársloka 1939.

Ed. 161. Frumvarp til laga

um ráðstafanir til stuðnings togaraútgerðinni.

Flm.: Jón Baldvinsson, Sigurjón Á. Ólafsson.

I. KAFLI

Um stofnun togaraútgerðarfélags.

1. gr.

Stofna skal, með aðstoð ríkisins, eftir því sem síðar segir í lögum þessum, hlutafélag til að reka togaraútgerð og hverskonar starfsemi, sem rekin er í sambandi við hana, svo sem hagnýtingu, verkun og sölu sjávarafurða og innkaup á vörum til útgerðarinnar. Tilgangurinn með stofnun félagsins er að koma þeim hluta togaraflotans, sem hætta er á, að rekstur ella myndi stöðvast á eða truflast verulega vegna efnahags- og rekstrarafkomu fyrirtækjanna, á sæmilegan fjárhagslegan grundvöll og tryggja áframhaldandi rekstur skipanna á sömu stöðum og undanfarið.

Togaraútgerðarfélagið skal eiga lögheimili og varnarþing í Reykjavík. Sé togari eða togarar, sem eru eign félagsins, gerðir út frá kaupstað eða kauptúni utan Reykjavíkur, skal félagið hafa þar útibú. Heimilt er þó atvinnumálaráðherra að ákveða, að á slíkum stöðum skuli stofna sjálfstæð hlutafélög til togaraútgerðar, í samræmi við ákvæði laga þessara, til þess að yfirtaka togara samkvæmt II. kafla laganna, sem þar hefir áður verið gerður út. Skal slíkt félag kennt við kaupstað þann eða kauptún, sem það á heimili í.

2. gr.

Hlutafé félagsins skal vera eigi minna en sem nemur einum þriðja hluta af matsverði eigna þeirra, sem félagið yfirtekur samkvæmt II. kafla laganna. Upphæð hluta skal vera 100, 500, 1000, 5000 og 10000 krónur. Hlutabréf skulu hljóða á handhafa. Engum hlut fylgja nein sérréttindi.

3. gr.

Hlutafjár skal aflað sem hér segir:

1. Með almennu útboði hlutabréfa.
2. Þeir innlendir skuldheimtumenn, sem eiga rétt til greiðslu af andvirði eigna þeirra, sem félagið yfirtekur samkvæmt II. kafla laga þessara, skulu skyldir að taka hlutabréf í félaginu með nafnverði sem greiðslu á ⅓ hluta af nefndri innieign sinni. Ákvæði þetta tekur þó ekki til kröfu eða afgangs kröfu, sem er undir 1000 krónum.
3. Með framlagi ríkissjóðs. Skal framlag hans nema þeirri upphæð, sem á vantar að hlutafé samkvæmt 1. og 2. lið nemi fullri hlutafjárupphæð samkvæmt 2. gr.

4. gr.

Heimilt er ríkisstjórninni að taka handa ríkissjóði lán, allt að 2 milljónum króna, til greiðslu á hlutafjárframlagi samkvæmt lögum þessum, eða jafngildi þess í erlendri mynt.

Ef ríkisstjórnin telur það hentara, er henni heimilt að gefa út ríkisskuldabréf, er hljóða á handhafa, og má fjárhæð þeirra nema allt að 2 milljónum króna. Vextir af bréfunum skulu vera 4½% á ári. Skulu þau gefin út í einum flokki og skal innleysa eigi minna en 1/20 hluta þeirra á ári hverju, samkvæmt útdrætti, er notarius publicus í Reykjavík framkvæmir, í fyrsta sinn á árinu 1939. Fjármálaráðherra ákveður nánar um gerð bréfanna, fjárhæð þeirra, greiðslu vaxta, innlausn og annað, sem þurfa þykir.

Ofangreind ríkisskuldabréf skulu með nafnverði vera gildur gjaldeyrir til greiðslu á kröfum skuldheimtumanna, sem rétt eiga til greiðslu af andvirði eigna þeirra, sem félagið yfirtekur samkvæmt II. kafla laga þessara. Þó skal enginn skuldheimtumaður skyldur að taka ríkisskuldabréfin sem greiðslu á meira en ⅔ hlutum af nefndri innieign sinni. Skylda þessi nær ekki heldur til kröfu eða kröfuafgangs, sem er undir 1000 krónum.

5. gr.

Heimilt er ríkisstjórninni að selja hlutabréf ríkissjóðs í félaginu, enda skal þá verja andvirði bréfanna til greiðslu á láni eða ríkisskuldabréfum samkv. 4. gr.

6. gr.

Á hluthafafundum skulu engar takmarkanir vera á atkvæðisrétti að því er hlutafé ríkissjóðs snertir.

7. gr.

Atvinnumálaráðherra kallar saman fyrsta aðalfund félagsins. Skal þá setja félaginu samþykktir.

II. KAFLI
Um rannsókn á hag togaraútgerðarfyrirtækja.

8. gr.

Á árinu 1937 skal fara fram rannsókn og mat á því, hvernig varið sé efnahag og rekstrarafkomu íslenzkra togaraútgerðarfyrirtækja. Skal miða matsverð við sölu eigna í frjálsum viðskiptum.

9. gr.

Rannsókn og mat samkvæmt 8. gr. framkvæmir nefnd, skipuð 7 mönnum. Skulu 2 þeirra kosnir hlutfallskosningu af sameinuðu Alþingi, bankaráð Landsbanka Íslands og Útvegsbanka Íslands h/f tilnefna sinn manninn hvort, Alþýðusamband Íslands tilnefnir einn mann og togaraeigendur tilnefna einn, en hinn 7. skal tilnefndur af atvinnumálaráðherra, og sé sá formaður nefndarinnar.

Nefndin skal eiga óhindraðan aðgang að öllum gögnum og skilríkjum, sem nauðsyn ber til vegna matsins.

Þóknun nefndarmanna skal ákveðin af atvinnumálaráðherra og greidd úr ríkissjóði.

10. gr.

Þegar að loknu mati gerir nefndin atvinnumálaráðherra nákvæma grein fyrir starfi sínu og niðurstöðum. Sérstaka skýrslu skal gefa um hvert það togaraútgerðarfyrirtæki, sem að dómi nefndarinnar er svo skuldum hlaðið, að fyrirsjáanlegt sé, að það geti ekki greitt þær að fullu, enda hafi fjárhagur þess versnað síðasta reikningsár, og vanskil orðið af þess hálfu á greiðslum afborgana eða vaxta af skuldum. Um slík fyrirtæki skal nefndin geta þess, hverjar séu aðaleignir þeirra, og hverjum og hve mikið þau skulda. Ennfremur hverjum af eignum þeirra sé heppilegt að hafa eignarrétt á fyrir félag það, sem um ræðir í 1. kafla laganna, í sambandi við framhaldandi útgerðarstarfsemi. Allar slíkar eignir skulu metnar til peningaverðs af nefndinni, hver fyrir sig.

11. gr.

Togaraútgerðarfyrirtæki þau, sem svo er ástatt um sem í 10. gr. segir, skulu tekin til gjaldþrotaskipta, nema þau, að dómi nefndarinnar, hafi sett fullnægjandi tryggingar fyrir skuldum sínum eftir að mat fór fram.

12. gr.

Atvinnumálaráðherra hlutast til um, að nefndin haldi fund með skiptaráðanda og kröfuhöfum þeim, sem rétt eiga til greiðslu af andvirði þeirra eigna, er heppilegt þykir samkvæmt því, er segir í 10. gr., að renni til félags þess, sem um ræðir í I. kafla laganna. Skal þar um það samið, að hið nýja félag yfirtaki nefndar eignir fyrir matsverð nefndarmanna. Þó skulu kröfuhafar eiga kost á því, ef eigendur meiri hluta skuldanna óska þess, að verð eignanna sé metið af dómkvöddum mönnum, og er þeim þá skylt að hlíta því mati. Aðrar eignir fyrirtækjanna ganga til skipta samkvæmt lögum um gjaldþrotaskipti.

13. gr.

Sá hluti af kröfum skuldheimtumanna, sem greiðast skal af eignum þeim, sem hið nýja félag hefir yfirtekið, og ekki er greiddur á þann hátt, sem í 2. tölulið 3. gr. og 4. gr. segir, skal tryggður með veði í hlutaðeigandi eignum, þó þannig, að ekki raskist röð þeirra veða, sem við yfirtökuna hvíldu á eignunum. Afborganir af kröfum þessum er félaginu ekki skylt að greiða fyrr en eftir árslok 1939.

14. gr.

Nefndin hefir á hendi stjórnarstörf í hinu nýja félagi, unz félagsstjórn hefir verið kosin á fyrsta aðalfundi félagsins.

15. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Það er alkunnugt, að allmörg hin síðari ár hafa verið mjög erfið fyrir íslenzka togaraútgerð, eins og raunar fyrir sjávarútveginn allan. Valda þar að sjálfsögðu miklu um hinir almennu örðugleikar á sölu saltfisksins vegna ástandsins í þeim löndum, sem voru aðalmarkaðurinn fyrir þessa vöru, svo sem Spánn og Ítalía. Þótt hin margháttaða nýbreytni í veiði-, sölu- og verkunaraðferðum, sem hafin hefir verið síðustu árin, aukning síldveiðanna og betri hagnýting síldarinnar ásamt öflun nýrra markaða fyrir saltfisk hafi bætt upp að verulegu leyti óviðráðanlega minnkun saltfisksútflutningsins til okkar fornu höfuðmarkaða, þá vantar samt enn mikið á, að það skarð sé fyllt.

En auk þessara meginástæðna eru margar aðrar, sem eiga sinn þátt í því að auka á erfiðleika þessarar útgerðar. Útgerðarfyrirtækin eru mörg algerlega ofhlaðin skuldum og eiga oft löngum stundum allt í óvissu um það, hvort þau fái nægilegt rekstrarfé. Gerir slíkt að sjálfsögðu allar framkvæmdir erfiðar. Stjórn þeirra er í margra höndum og misjafnra, og samvinna milli hinna ýmsu útgerðarfyrirtækja lítil.

Með lögunum um skuldaskilasjóð vélbátaeigenda var vélbátaútveginum veitt mikilsverð hjálp til þess að losna við þær skuldir, sem á honum hvíldu umfram sannvirði eignanna, og komast á sæmilegan fjárhagsgrundvöll. Hliðstæðar ráðstafanir er nauðsynlegt að gera vegna togaraútgerðarinnar, þótt ófært sé með öllu að fara þar sömu leiðir. Þar er um svo óskyld fyrirtæki að ræða, að slíkt væri hvorki eðlilegt né heppilegt. Vélbátaútvegurinn er yfirleitt rekinn þannig, að eigendur bátanna vinna sjálfir að útgerð þeirra á landi og sjó, oft með skylduliði sínu, og myndu því almenn eigendaskipti hafa haft í för með sér stórfellt rask á atvinnulífinu og atvinnumissi og bjargarleysi fyrir fjölda fólks, sem svipt hefði verið starfstækjum sínum og sinna.

Allt öðru máli er að gegna um togaraútgerðarfyrirtækin. Flest þeirra eru eign hlutafélaga, og eru ýmsir hluthafanna sæmilega efnum búnir, þótt fjárhagur fyrirtækjanna sé í kalda koli. Minnstur hluti hluthafanna starfar nokkuð við útgerðina, svo að segja allt starfsfólk fyrirtækjanna á sjó og landi vinnur fyrir kaupi eingöngu, án þess að eiga nokkuð í fyrirtækjunum eða hafa nokkur áhrif á stjórn þeirra og starfsemi. Eigendaskipti á þessum skipum valda því engu raski á atvinnulífinu, ef aðeins er tryggt, að skipin stöðvist eigi, heldur haldi rekstur þeirra áfram. Hinsvegar er enginn efi á því, að ef fyrirtækin lenda í algerðu fjárþroti án þess samtímis séu gerðar ráðstafanir til þess að tryggja áframhaldandi rekstur skipanna, þá hlýtur af því að leiða stórfellda atvinnuminnkun og fjárhagslegt tjón bæði fyrir einstaklingana og þjóðarheildina.

Um ýms íslenzk togaraútgerðarfyrirtæki er það orðið vitanlegt, að þau skortir mjög á að eiga fyrir skuldum, og að þau hafa verið rekin með rekstrartapi undanfarin ár. Mun eigendum sumra fyrirtækjanna vera orðið skylt samkvæmt gjaldþrotaskiptalögunum að framselja fyrirtækin til skiptameðferðar. Þegar svo er komið, er dráttur á uppgerð fyrirtækjanna til ills eins. Af hálfu stjórnenda þeirra er drátturinn lögbrot, en eftir að í óefni er komið reyna þeir að fleyta fyrirtækinu áfram í lengstu lög. Þetta hefir aftur í för með sér sívaxandi skuldaaukningu, til hins mesta tjóns fyrir bankana og aðra lánardrottna. Eru mörg slík dæmi kunn

úr íslenzkri útgerðarsögu, og hin stærstu töp bankanna, sem síðan hafa verið yfirfærð á ríkið, stafa einmitt frá fyrirtækjum, sem hafa verið látin ganga of lengi, eftir að vonlaust var orðið um, að þau gætu rétt við. Er hér um að ræða eina hina mestu og háskalegustu meinsemd í atvinnurekstri og bankastarfsemi þjóðarinnar.

Nú er það vitanlegt, að þegar hag fyrirtækja er svo komið, að vonlaust er orðið um, að þau geti greitt skuldir sínar að fullu, þá er það aðeins tímaspursmál, hvenær þau verða gerð upp. En við venjuleg gjaldþrot verður að jafnaði langvarandi truflun á rekstri atvinnutækja hlutaðeigandi fyrirtækis. Það er því hin mesta nauðsyn vegna alls þess fjölda manna, sem á atvinnu sína og afkomu undir rekstri togaraflotans, að til sé löggjöf, er komi í veg fyrir stöðvun á rekstri togaranna við það, að útgerðarfyrirtækin verða gjaldþrota.

Frumvarp það, sem hér liggur fyrir, er borið fram með framangreind sjónarmið fyrir augum. Samkvæmt því er það tilætlunin að koma þeim hluta togaraflotans, sem nú er ofhlaðinn skuldum, á sæmilega traustan fjárhagsgrundvöll og tryggja áframhaldandi rekstur hans með því að sameina öll skip og nauðsynleg útgerðartæki þeirra togarafyrirtækja, sem ekki geta starfað framvegis á heilbrigðan hátt, í eigu eins útgerðarfélags, er hafi yfir að ráða hlutafé, sem nemi eigi minna en þriðjungi af verðmæti þeirra eigna, sem það yfirtekur og útgerðin þarfnast. Áhvílandi skuldir á eignunum mega því ekki nema meira en í hæsta lagi $^2/_3$ hlutum af verðmæti skipa og annara nauðsynlegra útgerðartækja.

Hlutaféð er ætlazt til, að fengið sé með þeim hætti, að hlutabréfin séu boðin til sölu, og er þess þá sérstaklega að vænta, að bæir og kauptún, sem skipin eru gerð út frá, og ef til vill eitthvað af starfsfólki við útgerðina kaupi hlutabréf, auk þeirra annara, er kynnu að vilja kaupa slík bréf. Ennfremur er til þess ætlazt, að kröfuhafar, sem munu aðallega vera bankarnir, taki greiðslu á ⅓ hluta krafna sinna í hlutabréfum, og að ríkissjóður leggi svo fram það, sem á vantar, að nægilegt hlutafé sé tryggt. Bankarnir, og þar með ríkissjóður, bera í raun réttri nú þegar alla áhættu við rekstur þeirra fyrirtækja, sem ekki eiga fyrir skuldum. Virðist því í alla staði eðlilegra, að þeir, sem hluthafar, ráði stjórn þeirra og starfsháttum, en ekki svokallaðir eigendur, sem ekkert eiga lengur í fyrirtækjunum og því enga áhættu bera, en geta hirt gróðann, ef vel gengur.

Auk þess er það fullvíst, að með því að sameina í eitt stórt félag rekstur þeirra skipa, sem svo er ástatt um sem að framan greinir, má gera reksturinn bæði haganlegri og ódýrari en unnt er þegar skipin eru dreifð á margra hendur. Og slíkt félag myndi miklu fremur en einstaklingar telja sér skylt að taka tillit til hagsmuna þjóðarheildarinnar í starfsemi sinni og rekstri. Með stofnun slíks félags eru þeim fjölda fólks, sem hjá togarafyrirtækjunum vinnur, tryggðir atvinnumöguleikar áfram, þótt núverandi togaraútgerðarfyrirtæki, fleiri eða færri, stöðvist, en þau verða að sjálfsögðu að hlíta landslögum um uppgerð, þegar vonlaust er orðið um, að þau geti staðið í skilum.

Flutningsmenn eru að sjálfsögðu reiðubúnir til þess að ræða um breytingar á einstökum atriðum frv. þessa, ef með því fæst samkomulag um að ná höfuðtilgangi þess: að koma togaraútgerðinni á sæmilega traustan fjárhagsgrundvöll og tryggja heilbrigðan rekstur hennar framvegis með almenningshag fyrir augum. Einnig eru þeir að sjálfsögðu reiðubúnir til þess að benda á leiðir til að sjá ríkissjóði fyrir fé til þess að standa straum af framlögum hans til fyrirtækisins. Má í því sambandi benda á, að láta mun nærri, að kola- og salttollur sá, sem útgerðin nú greiðir, myndi nægja til að standa straum af lántöku þeirri, sem frv. gerir ráð fyrir.

Um einstakar greinir frv. skal þessa getið:

Um 1. gr.

Gert er ráð fyrir því, að við útgerð þeirra togara, sem vegna skulda fyrirtækjanna verða að skipta um eigendur, taki hlutafélag, þar sem ríkið á helming til tvo þriðju hluta hlutabréfanna. Á það er lögð áherzla, að togararnir verði framvegis

gerðir út frá sömu stöðum og áður. Heimilað er að hafa fleiri félög en eitt, ef það þykir heppilegra en að hafa útibú.

Um 2. gr.

Hér er ákveðið, að hlutafé félagsins verði að upphæð minnst jafnt ⅓ hluta matsverðs þeirra eigna, sem félagið yfirtekur til rekstrar. Að öðru leyti hvíla sem veð á eignunum ⅔ hlutar af matsverði þeirra, sbr. 13. gr.

Um 3. gr.

Hér er sagt, hvernig hlutafjár er aflað. Ætlazt er til, að ⅓ þess komi frá skuldheimtumönnum þeim, sem eiga að fá greiðslur af andvirði yfirtekinna eigna. Oftast myndu það vera veðhafar, og nær undantekningarlaust bankar landsins. Þá verða og hlutabréf boðin út, en að öðru leyti leggur ríkissjóður fram hlutaféð.

Um 4. gr.

Hér er ákvæði um það, hvernig ríkið aflar sér fjár til hlutafjárframlags, og þarfnast ekki skýringar.

Um 5.—7. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 8.—9. gr.

Rannsókn og mat samkvæmt þessum greinum á að ná til allra togara landsins. Mat skal einnig fara fram á öllum eignum hlutaðeigandi fyrirtækja.

Um 10.—11. gr.

Þegar svo er ástatt orðið fyrir fyrirtæki, sem lýst er í 10. gr., ber því skylda til samkv. 1. gr. 5. mgr. laga um gjaldþrotaskipti að gefa sig upp til gjaldþrotaskipta. Hér er því ekki verið að skylda menn til þess að framselja bú sín til skipta fram yfir það, sem skylt er eftir núgildandi lögum. Ef atvinnurekandi brýtur nefnda gr. gjaldþrotaskiptalaganna, varðar það hann refsingu eftir 39. gr. sömu laga. Er því full ástæða til þess, að eftirlit sé með því haft af hálfu hins opinbera, að menn brjóti ekki nefnt ákvæði.

Um 12. gr.

Líklegt má telja, að samkomulag verði um yfirtöku eignanna fyrir matsverð nefndarinnar, þar sem vart mun verða við aðra en bankana að eiga. Rétt þykir þó að gefa skuldheimtumönnunum kost á mati dómkvaddra manna.

Um 13. gr.

Kröfur skuldheimtumanna skulu samkv. gr. tryggðar með veði í hlutaðeigandi eignum og standa afborgunarlausar til ársloka 1939. Mundi dráttur á greiðslu andvirðis einnig hafa átt sér stað, ef eignum hefði verið ráðstafað af skiptaráðanda á venjulegan hátt.

Um 14. gr.

Hér er ákveðið, að nefnd sú, sem framkvæmir matið, taki við eignunum og stjórni hinu nýja félagi til bráðabirgða, eða þangað til stjórn hefir verið kjörin á aðalfundi.

Sþ. 162. Tillaga til þingsályktunar

um rannsókn á íslenzkum heilsubrunnum og skilyrðum til hressingarhæla við þá.

Flm.: Magnús Jónsson.

Alþingi felur ríkisstjórninni að láta rannsaka, hvort ekki sé lækningaskilyrði fyrir hendi í íslenzku laugavatni, í líkingu við erlenda heilsubrunna, einkum þar, sem að öðru leyti er sérstaklega hentugt að koma upp hressingarhælum sakir fjölmennis, góðra samgangna, náttúrufegurðar og annars þess, sem laða mætti gesti til dvalar.

Greinargerð.

Það er alkunnugt, að á sumum stöðum erlendis safnast fjöldi fólks saman við volgar uppsprettur, sem talið er, að hafi lækningamátt, bæði með því að neyta vatnsins og baða sig í því. Á þessum sömu stöðum eru svo veittar aðrar þær aðgerðir, sem læknar telja nauðsynlegar til þess, að vanheilt fólk fái bót meina sinna við þessa heilsubrunna.

Land vort er að fáu auðugra en heitum uppsprettum, en ekki mun það hafa verið rannsakað að neinu ráði, hvort hér kynnu að vera fyrir hendi skilyrði slík sem þau, er safna fjölda fólks utan um heilsulindir annarsstaðar. Sýnist það vera nokkurnveginn sjálfsagt, að láta rannsaka þetta, bæði vegna landsins barna sjálfra, og þá einnig ef draga mætti hingað gesti frá öðrum löndum til dvalar við hressandi laugar og fagurt umhverfi. Rannsókn slík sem þessi getur naumast kostað slíkt stórfé, að ekki sé vel á hættandi til þess að ganga úr skugga um svo merkilegt atriði.

Ed. 163. Breytingartillaga

við frv. til l. um framlenging á gildi ýmsra lagaákvæða um tekjuöflun fyrir ríkissjóð.

Frá Þorst. Þorsteinssyni.

Við 5. gr. II. Nýr liður:

c. Til Vesturlandsvegar allt að 12000

Liðatalan breytist samkv. því.

Nd. 164. Lög

um sölu kirkjujarðarinnar Sanda í Þingeyrarhreppi.

(Afgreidd frá Nd. 31. marz).

Samhljóða þskj. 125.

Ed. 165. Frumvarp til laga

um breyting á I. kafla jarðræktarlaga, nr. 101 23. júní 1936.

Flm.: Hermann Jónasson.

1. gr.

Síðari málsgrein 2. greinar laganna falli niður

2. gr.

3. grein laganna orðist svo:

Störf þau, sem Búnaðarfélag Íslands eru falin í lögum þessum, annast búnaðarmálastjóri, með aðstoð ráðunauta og trúnaðarmanna, undir umsjón stjórnar félagsins.

Greini búnaðarmálastjóra og stjórn félagsins á um, hvernig skilja beri lög og reglugerðir um þau mál, er félagið fer með í umboði ríkisvaldsins, má skjóta ágreiningnum til landbúnaðarráðherra, er fellir fullnaðarúrskurð um málið.

3. gr.

Í fyrstu málsgrein 4. greinar laganna falli úr orðið „búnaðarmálastjóra", en í staðinn komi: stjórn Búnaðarfélags Íslands.

4. gr.

6. grein laganna orðist svo:

Hver sá, er njóta vill styrks samkvæmt lögum þessum, verður að vera félagsmaður í búnaðarfélagi þess hrepps eða bæjar, þar sem hann á lögheimili.

Heimilt er þó, með samþykki Búnaðarfélags Íslands, þeim bændum, er vegna landshátta eiga erfitt með að vera í búnaðarfélagi síns hrepps, að vera í búnaðarfélagi næstu sveitar.

5. gr.

7. grein laganna orðist svo:

Kjósa skal til búnaðarþings innan hvers búnaðarsambands. Um kosningarrétt og kjörgengi til búnaðarþings, svo og tölu fulltrúa, fer eins og fyrir er mælt í lögum Búnaðarfélags Íslands.

Greinargerð.

Nýafstaðið búnaðarþing féllst á það daginn sem því var slitið, að breyta lögum Búnaðarfélags Íslands til samræmis við I. kafla hinna nýju jarðræktarlaga á þann hátt, að taka upp í lög Bf. Ísl. ákvæði um, að bændur skuli hafa beinan kosningarrétt til búnaðarþings í stað hinna óbeinu kosninga, sem áður voru í lögum félagsins, og að búnaðarþingsfulltrúum verði fjölgað í samræmi við það, sem ákveðið var í sama kafla jarðræktarlaganna. Hefir búnaðarþingið með þessu fullnægt þeim skilyrðum um breytingar á lögunum, sem þurfti til þess, að Bf. Ísl. gæti tekið að sér framkvæmd jarðræktarlaganna.

Jafnframt hefi ég í samráði við búnaðarþingið ákveðið að bera fram tillögur þær til breytinga á I. kafla jarðræktarlaganna, sem hér liggja fyrir í frumvarpsformi. Eru þessar breytingar studdar af öllum þingmönnum Framsóknarflokksins.

Um 1. gr.

Breytingin er í því fólgin, að fellt er niður ákvæðið um, að val búnaðarmálastjóra sé bundið samþykki landbúnaðarráðherra. Um þetta atriði, sem að vísu er ekki þýðingarmikið, hafa staðið nokkrar deilur. Hefir verið á það bent, að landbúnaðarráðherra hafi í aðstöðu sinni raunverulega það vald, sem í ákvæðinu felst, þó ekki sé orðað í lögum. Og hvað sem því líður, þá er þessa ákvæðis nú ekki lengur þörf,

þegar bændastéttin hefir með beinum kosningarrétti fengið raunverulegt vald yfir Búnaðarfélagi Íslands.

Um 2. gr.

Í greininni felast aðallega breytingar á orðalagi. Í lögum segir nú, að „greini búnaðarmálastjóra og stjórn félagsins á um þau mál, er félagið fer með í umboði ríkisvaldsins, má skjóta ágreiningsatriðinu til landbúnaðarráðherra, er fellir fullnaðarúrskurð um málið. Hér er ætlazt til, að þetta verði orðað svo: „Greini búnaðarmálastjóra og stjórn félagsins á um, hvernig skilja beri lög og reglugerðir um þau mál, er félagið fer með í umboði ríkisvaldsins, má skjóta málinu til landbúnaðarráðherra, er fellir fullnaðarúrskurð um málið.“ En Búnaðarfél. Ísl. fer með öll mál í umboði ríkisvaldsins samkvæmt lögum og reglugerðum, og er þetta því ekki efnisbreyting.

Um 3. gr.

Greinin skýrir sig sjálf. Hér er heldur engin efnisbreyting, því að búnaðarmálastjóri stendur undir stjórn Búnaðarfél. Íslands.

Um 4. gr.

Breytingin er um það, að fella niður útgáfu búnaðarblaðsins Freys og þar með skyldu manna til að vera ársfélagar í Búnaðarfél. Íslands og greiða 3 kr. fyrir búnaðarblaðið. Blaðið Freyr hefir eigi náð æskilegum vinsældum, og skulu ástæður þess eigi raktar. Ég tel því heppilegast að leggja blaðið niður eins og nú er komið, og leggja framkvæmdir í því máli á vald þess búnaðarþings, sem kosið verður með hinu nýja fyrirkomulagi.

Um 5. gr.

Greinin skýrir sig sjálf. Þar er vísað til hinna nýju ákvæða í lögum Búnaðarfél. Íslands, þar sem bændum er, eins og fyrr segir, veittur beinn kosningarréttur til búnaðarþings. Þegar þessi ákvæði eru komin inn í lög Búnaðarfél. Ísl., er óþarft, að þau standi í jarðræktarlögunum.

Það skal tekið fram, að í lög Búnaðarfél. Ísl. hafa, auk ákvæða jarðræktarlaganna, verið tekin upp ákvæði um kosningarrétt og kjörgengi bústjóra og leiðbeinandi manna í þágu landbúnaðarins. Kosningarréttur kauptúnabúa, sem hafa landsnytjar, verður ákveðinn með reglugerð.

Að öðru leyti vísast til breytinganna á lögum Búnaðarfél. Ísl., sem prentaðar eru sem fylgiskjal.

Æskilegt er, að þetta mál geti fengið sem greiðasta afgreiðslu á Alþingi, og að haldið verði utan við það deilum, sem risið hafa um önnur atriði jarðræktarlaganna. Endurskoðun jarðræktarlaganna, svo sem annarar landbúnaðarlöggjafar, á fyrst og fremst heima á því búnaðarþingi, sem kjörið verður með hinu nýja fyrirkomulagi.

Fylgiskjal.

Breytingar á lögum Búnaðarfélags Íslands, frá 23. febrúar 1931.

6. gr. orðist svo:

Hreppabúnaðarfélög, sem vinna saman að landbúnaðarmálum, undir yfirstjórn Búnaðarfélags Íslands, nefnast búnaðarsambönd. Skipta má samböndum þeim, sem nú eru, með samþykki búnaðarþings. Þó skal ekkert þeirra ná yfir minna svæði en sem svarar einu sýslufélagi, og hafa að minnsta kosti 300 kjósendur til búnaðarþings, er skiptin fara fram.

7. gr. laganna orðist þannig:

Hvert búnaðarsamband skal kjósa fulltrúa á búnaðarþing. Tala búnaðarþingsfulltrúa fer eftir tölu kjósenda til búnaðarþings innan hvers sambands, þannig að

kosinn sé 1 fulltrúi fyrir hverja 300 kjósendur, og ennfremur 1 fyrir brot úr þeirri tölu, sé það meira en ⅓ hennar, og jafnmarga til vara. Kosningin gildir til 4 ára. Á búnaðarþingi eiga ennfremur sæti, en ekki atkvæðisrétt, stjórn félagsins og búnaðarmálastjóri. Ráðunautar félagsins eiga þar tillögurétt og málfrelsi. Búnaðarmálastjóri er ekki kjörgengur á búnaðarþing.

8. gr. laganna orðist þannig:

Kosningarrétt og kjörgengi hafa þeir einir, sem eru 21 árs að aldri, eiga lögheimili á hlutaðeigandi sambandssvæði og uppfylla auk þess einhver þeirra skilyrða, sem talin eru upp í eftirtöldum stafliðum:

A. Þeir búendur, er hafa jörð eða jarðarpart, sem metinn er til dýrleika, til eigin afnota.
B. Bústjórar, er annast búrekstur fyrir aðra, þar sem eigendur geta ekki notað réttindi sín sjálfir, eða hafa afsalað sér þeim í hendur bústjóranum.
C. Leiðbeinandi menn, er hafa störf í þágu landbúnaðarins að aðalatvinnu.
D. Aðrir heimilisfeður, er framleiða landbúnaðarafurðir, er þeir hafa lífsframfæri af, að nokkru eða öllu leyti, og nánar verður skilgreint í reglugerð.

Rétt til að bera fram kjörlista hafa minnst 40 kjósendur, og sé listinn lagður fram á aðalfundi búnaðarsambandsins. Sama rétt hefir ¼ hluti fulltrúa á sambandsfundi. Nú er enginn slíkur listi framlagður á sambandsfundi, og skal þá fundurinn koma sér saman um lista. Á hverjum lista skulu vera jafnmargir og kjósa á og jafnmargir til vara. Komi fram fleiri en einn listi, skal viðhöfð hlutfallskosning.

Nú hefir aðeins komið fram einn listi, og úrskurðar þá formaður búnaðarsambands, í lok fundarins, þá, sem á listanum eru og í sömu röð, rétt kjörna búnaðarþingsfulltrúa, þ. e. aðalmenn og varamenn.

Kosning til búnaðarþings skal fram fara í búnaðarfélögum á tímabilinu frá 1. júní til loka októbermánaðar, þó ekki fyrr en 2 mánuðir (60 dagar) eru liðnir frá lokum sambandsfunda hlutaðeigandi sambanda.

Stjórn hlutaðeigandi sambands sér um kosninguna og ákveður kjördag; að öðru leyti fer um undirbúning og framkvæmd kosninga til búnaðarþings eftir ákvæðum reglugerðar, er búnaðarþing setur.

8. gr. laganna verður 9. gr.

9. gr. verður 10. gr. og breytist svo:

Á eftir orðunum „sem stjórnin ákveður“ í 1. málsgrein, komi: Aukabúnaðarþing má halda, þegar stjórn Búnaðarfélagsins telur þess sérstaka þörf, eða meiri hluti fulltrúa óskar þess. Ekki getur aukaþing samþykkt fjárhagsáætlun fyrir félagið.

Í stað orðanna „9 fulltrúar“ í 2. málsgrein, komi: ⅔ hlutar fulltrúa.

Síðari hluti greinarinnar orðist svo:

Á búnaðarþingi skulu kosnir 3 menn í stjórn félagsins, ásamt varamönnum þeirra. Skal hlutfallskosning viðhöfð. Kosning gildir til 4 ára. Á búnaðarþingi skal kjósa einn endurskoðanda innan búnaðarþings og varamann hans. Gildir kosning þeirra til 4 ára. Landbúnaðarráðherra skipar annan endurskoðanda og varamann hans.

21. gr. laganna fellur niður.

Ákvæði til bráðabirgða.

Fyrir októbermánaðarlok 1938 skal fara fram kosning á öllum fulltrúum til búnaðarþings, samkvæmt lögum þessum, enda leggi þá niður umboð sitt þeir fulltrúar, sem kjör hafa til 1940. Stjórn félagsins skal öll kosin á búnaðarþingi 1939.

Breytingar þessar öðlast gildi, þegar staðfest hafa verið lög frá Alþingi 1937, um breytingar á I. kafla jarðræktarlaga, er samþykktar hafa verið á þessu búnaðarþingi.

(Þannig samþykkt á búnaðarþinginu 24. marz 1937.)

Nd. 166. Tillaga til þingsályktunar

um endurbyggingu og viðhald nauðsynlegra húsa á þjóðjörðum.

Flm.: Sigurður Einarsson.

Neðri deild Alþingis ályktar að skora á landbúnaðarmálaráðherra að leggja fyrir næsta Alþingi tillögur um gagngerðar ráðstafanir til endurbyggingar og viðhalds nauðsynlegra húsa á þjóðjörðum.

Greinargerð.

Með lögum nr. 92 23. júní 1936, um jarðakaup ríkisins, er svo kveðið á í 2. gr. stafl. a, að leggja skuli í jarðakaupasjóð ríkisins afgjöld öll af núverandi þjóð- og kirkjujörðum, og er í sömu lögum gerð á um það skipun, hversu fé jarðakaupasjóðs skuli verja. Með þessum ákvæðum er girt fyrir það, að þessu fé megi á neinn hátt verja til umbóta á jörðunum sjálfum, þó að nauðsyn beri til. Er og hvergi annarsstaðar gert ráð fyrir því, að heimilt sé að verja neinu fé til endurbyggingar og nauðsynlegs viðhalds húsa á þjóðjörðum. Eru þær að því leyti verr staddar en kirkjujarðir, að kirkjujarðasjóður hefir oft verið látinn hlaupa undir bagga með aðstoð til húsabóta á þeim, þegar þótt hefir horfa til vandræða eða þess, að jarðir byggðust ekki vegna lélegs húsakosts.

Nú er að vísu svo ákveðið í 9. gr. laga nr. 8 frá 1. febr. 1936, um erfðaábúð og óðalsrétt, að ábúanda, sem hefir jörð í erfðaábúð samkvæmt þeim lögum, skuli heimilt að taka lán með veði í jörðinni til varanlegra húsabóta eða annara umbóta, en aldrei má það lán vera hærra en 50% af fasteignamatsverði landsins. Jafnframt er svo ákveðið, að ákvæði ábúðarlaganna um skyldu til húsabóta gildi eigi að því er snertir þær jarðir, sem samkvæmt þeim lögum byggjast. Nú er hvorttveggja, að þetta skipulag er ekki komið á í einni svipan, og svo hitt, að með þessum ákvæðum eru ábúendum þjóðjarða settir þrengri kostir um nauðsynlegar húsabætur en öðrum leiguliðum, þegar á allt er litið. Má vel svo fara, ef þessu heldur fram, að húsakostur á þjóðjörðum gangi úr sér úr hófi fram, og nokkurt áhyggjuefni, ef ríkið verður í þeim efnum eftirbátur annara landsdrottna. Er þegar svo komið, að ekki verður hjá því komizt, að hið opinbera geri einhverjar ráðstafanir til að koma í veg fyrir slíkt.

Nánar í framsögu.

Nd. 167. Lög

um framlenging á gildi laga nr. 49 7. apríl 1936, um frestun á framkvæmd 2. og 3. málsgreinar 62. gr. laga nr. 26 1. febr. 1936, um alþýðutryggingar.

(Afgreidd frá Nd. 31. marz).

Samhljóða þskj. 105.

Nd. 168. Nefndarálit

um frv. til laga um löggilding verzlunarstaðar í Örlygshöfn í Barðastrandarsýslu.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefir athugað frv. þetta og leggur samhljóða til að það verði samþykkt.

Alþingi, 31. marz 1937.

Héðinn Valdimarsson, form.	Bergur Jónsson, fundaskr., frsm.	Thor Thors.
Garðar Þorsteinsson.	Stefán Jóh. Stefánsson.	

Nd. **169. Frumvarp til laga**

um virkjun Laxár í Suður-Þingeyjarsýslu.

Flm.: Guðbrandur Ísberg.

1. gr.

Bæjarstjórn Akureyrar heimilast að reisa og reka raforkustöð við Laxá í Suður-Þingeyjarsýslu, til þess að vinna úr henni raforku til almenningsþarfa; leggja háspennutaugar til Akureyrar og þeirra staða annara, er ákveðið kann að verða að leiða raforku til frá Laxá, svo og að gera afspennistöðvar og þau mannvirki önnur, er með þarf, til þess að koma orkunni til notenda.

2. gr.

Áður en byrjað er á verkinu skal senda atvinnumálaráðherra frumdrætti að hinum fyrirhuguðu mannvirkjum ásamt lýsingu á þeim. Getur ráðherra krafizt þeirra breytinga á fyrirhugaðri tilhögun verksins, sem nauðsynlegar kunna að þykja að dómi sérfræðinga, vegna almenningshagsmuna.

3. gr.

Ríkisstjórnin ábyrgist lán handa Akureyrarkaupstað til framkvæmda þeirra, er um ræðir í 1.—2. gr., að upphæð allt að 1500000 — einni og hálfri milljón — króna, eða tilsvarandi upphæð í erlendum gjaldeyri, enda samþykki fjármálaráðherra lánskjörin.

4. gr.

Þegar bæjarstjórn Akureyrar hefir reist raforkustöð við „Laxá úr Mývatni“ og tekið hana í notkun, skal virkjunin rekin sem sjálfstætt fyrirtæki með sérstöku reikningshaldi, samkvæmt reglugerð, er atvinnumálaráðherra staðfestir.

5. gr.

Raforkustöðin við Laxá selur rafmagn til Akureyrar. Þá raforku, sem umfram kann að verða þörf notenda í Akureyrarkaupstað á hverjum tíma, er raforkustöðinni skylt að láta í té við stöðvarvegg í orkuverinu og við spennistöðvar á háspennulínum frá Laxá til Akureyrar, til almenningsnota í nærliggjandi héruðum, við kostnaðarverði, að viðbættum 10%. Þetta verð má þó aldrei fara fram úr því, sem greitt er fyrir raforkuna á Akureyri, miðað við afhendingu á sama stað. Skal verð þetta, ef samkomulag næst eigi, ákveðið með mati samkvæmt 147. gr. 1. b. vatnalaganna frá 1923.

6. gr.

Nú óska nærliggjandi héruð að fá meira rafmagn en unnt er að láta þeim í té, af þeirri orku, er við fyrstu virkjun fæst, og er bæjarstjórn Akureyrar þá heimilt, að fengnu samþykki atvinnumálaráðherra, að auka virkjunina svo sem henta þykir, en ríkisstjórnin ábyrgist lán handa Akureyrarkaupstað til þeirra framkvæmda, með sama skilyrði og segir í 3. gr. Skal aukningin framkvæmd jafnskjótt og fé er fyrir hendi, nema gildar ástæður, að dómi ráðherra, hamli.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er samið og flutt eftir beiðni bæjarstjórnar Akureyrar. Það skal þó þegar tekið fram, að bæjarstjórn Akureyrar hefir ekki enn haft frum-

varpið til meðferðar, eins og það liggur hér fyrir, en aðalatriði þess hafa verið rædd við bæjarstjóra Akureyrar, sem auk þess að vera málinu, og allri aðstöðu Akureyrarkaupstaðar, allra manna kunnugastur, er verkfræðingur að menntun. Það skal og tekið fram, að ég hefi ekki borið frumvarpið undir þingmenn þeirra héraða, er hagsmuna hafa að gæta í sambandi við hina fyrirhuguðu virkjun, en það er Eyjafjarðarsýsla og Þingeyjarsýslur. Mundi það tefja málið að bíða eftir umsögn og hugsanlegum breytingartillögum þessara aðilja allra, en rík nauðsyn fyrir hendi að fá málið sem allra fyrst lagt fram á Alþingi, ef þess á að vera nokkur von að fá það afgreitt nú. Hefir því verið að því horfið að leggja frumvarpið fram nú þegar, en jafnframt er óskað samvinnu við fulltrúa þeirra héraða, er frumvarp þetta snertir sérstaklega, um að koma málinu fram, og ber þá að sjálfsögðu að taka fullt tillit til óska þeirra um hugsanlegar breytingar á frumvarpinu frá því, sem nú er, er teljast verða sanngjarnar og hagkvæmar.

Rafveitumál Akureyrar er ekki nýtt mál. Árið 1922 var byggð þar raforkustöð, sem næstum má segja, að þegar í byrjun hafi verið of lítil fyrir bæinn, sem þá hafði ca. 2700 íbúa. Nú eru á Akureyri um 4500 íbúar, og er nú svo komið, að um allmörg ár undanfarið hefir varla verið hægt að segja, að Akureyri hefði rafmagn nema til ljósa, og stundum varla það. Það ræður því af líkum, að mönnum hefir lengi verið ljós þörfin á aukinni raforku, og er nú svo komið, sérstaklega vegna hins hraðvaxandi iðnaðar í bænum, að ekki er aðeins um þörf að ræða, heldur knýjandi nauðsyn, sem ekki verður lengur komizt hjá að bæta úr. Bæjarstjórn Akureyrar er allt þetta fyllilega ljóst. Hún hefir látið auka og endurbæta stöðina, og hún hefir látið verkfræðinga athuga alla hugsanlega möguleika á að auka afl stöðvarinnar, með frekari virkjun Glerár, eða með því að virkja aðrar ár í nærliggjandi sveitum til viðbótar, en athuganir þessar hafa sýnt, að slíkar virkjanir væri engin framtíðarlausn málsins. Var þá horfið að því að leita lengra, til þess að fá örugga og næga orku til þess að fullnægja þörfinni fyrirsjáanlegan tíma. Varð Goðafoss í Skjálfandafljóti fyrstur tekinn til athugunar, enda höfðu framsýnir Akureyringar lengi haldið því fram, að þar væri það fallvatn, sem hefði í upphafi átt að virkja fyrir Akureyri. Voru á árinu 1936 gerðar mælingar við Goðafoss með virkjun fyrir augum, af Árna Pálssyni verkfræðingi, og í byrjun þ. á. lá fyrir áætlun hans um tilhögun og kostnað við virkjun Goðafoss, þar sem gert var ráð fyrir 4000 hestafla stöð, þar af þegar í byrjun fullvirkjuð 2000 hestöfl, en 2000 hestöfl fengin síðar til viðbótar með því að bæta við einni vélasamstæðu, án annars teljandi kostnaðar. Var áætlað, að fyrsta virkjun, 2000 hestöfl, kostaði kr. 1375000,00, en 4000 hestöfl fullvirkjuð kr. 1645000,00, eða rúmar 400 krónur hestaflið, sem telja verður ákaflega ódýrt.

Samtímis því, að gerð var áætlun um virkjun Goðafoss, var einnig gerð áætlun um virkjun Laxár í Suður-Þingeyjarsýslu, svo ganga mætti úr skugga um, hvort fallvatnið væri haganlegra til virkjunar fyrir Akureyri. Er Laxá nokkru fjær Akureyri en Skjálfandafljót, en samt sem áður hefir athugun og áætlun um tilhögun og kostnað við byggingu álíka raforkuvers við Laxá sem fyrirhugað var við Goðafoss, leitt í ljós, að nokkru ódýrara muni reynast að byggja stöðina við Laxá, þar sem aðstaða þar á margan hátt er miklu betri, sérstaklega með tilliti til vatnsmiðlunar, og auk þess getur Laxá, fullvirkjuð, gefið nálega 19000 hestöflum meira en Goðafoss. Hefir af þessum sökum verið að því hallazt að byggja orkuverið við Laxá.

Herra verkfræðingur Árni Pálsson, sem á síðastliðnu ári gerði áætlun um virkjun Goðafoss fyrir bæjarstjórn Akureyrar, hefir nýlega lokið við áætlun um tilhögun og kostnað við virkjun Laxár. Leggur hann til, að áin verði virkjuð nálægt Grenjaðarstað. Hefir verkfræðingurinn í rauninni gert 2 áætlanir um virkjun árinnar þar, aðra, sem hann kallar „tilhögun I“, miðað við 36 m. fallhæð, og hina, „tilhögun II“, miðað við 61 m. fallhæð. „Tilhögun I“ er talin vera mun hagkvæmari, sérstaklega með þeim afbrigðum, er verkfræðingurinn nefnir „tilhögun I a,“ og

eru í því fólgin, að þrýstivatnspípa sé þegar við fyrstu virkjun höfð svo víð, að hún flytji nægilegt vatn, þó vélasamstæðu verði bætt við síðar, sem gera má ráð fyrir að verði tiltölulega fljótt, og afl orkuversins aukið upp í 4000 hestöfl. Eftir þeirri tilhögun fást 2000 hö. fyrir kr. 1375000,00. En við framhaldsvirkjun upp í 4000 hestöfl verður allur kostnaður orkuvers og háspennulínu aðeins kr. 1576000,00, og eru það þau ódýrustu 4000 hö. sem völ er á. Sést það greinilega á samburðartöflu þeirri, er hér fer á eftir og tekin er upp úr virkjunarkostnaðaráætlun hr. Árna Pálssonar. Á eftir þeirri töflu er svo, til frekari skýringar, tekin upp kostnaðaráætlun um byggingu raforkuvers við Laxá (tilhögun I) ásamt broti af greinargerð og niðurlagsályktunum verkfræðingsins, svo og áætlun um tekjur og gjöld hinnar fyrirhuguðu raforkustöðvar við Laxá, miðað eingöngu við sölu raforkunnar á Akureyri, þar sem, í byrjun a. m. k., verður að telja allt í óvissu um tekjur af annari sölu. Loks fylgir kafli úr greinargerð hr. Árna Pálssonar um raforkuþörf Akureyrar, er fylgdi áætlun hans um tilhögun og kostnað við virkjun Goðafoss og prentuð er í „Tímariti verkfræðingafélags Íslands", 4. hefti f. á.

	Tilhögun I	I a	Tilhögun II	Goðafoss
Kostnaður við 2000 hestöfl	1305000	1375000	1410000	1375000
—— — 4000 —	1686000	1576000	1892000	1645000
Kostn. við stöðvarvegg 2000 hestöfl .	393	428	433	496
— — —— 4000 — .	286	258	329	306
— á Akureyri, 2000 hestöfl	652	687	705	675
— - —— 4000 —	421	394	473	401
Hestaflatala með v.b. í + 113,0	20500	20500	32500	
—— — — - + 124,0	25000	25000	37000	
—— — 90 sm. vatnsborðsbreytingu Mývatns	27500	27500	41000	Goðafoss fullvirkj.
Hestaflatala með 200 sm. vatnsborðsbreytingu	31500	31500	46500	12000

A. *Orkuver við Laxá.*

1. Inntak og stífla	92000 kr.		
2. Þrýstivatnspípa, járnbent trépípa, lengd 715 m, d = 1700 mm	180000 —		
3. Vélasalur og áfast rúm fyrir spennubreyta	170000 —		
4. Vélar og háspennubúnaður	204000 —		
5. Íbúðarhús stöðvarstjóra og vélavarða	22000 —	668000 kr.	

B. *Háspennt lína og afspennistöð.*

1. Háspennt lína 54,3 km	388000 —		
2. Afspennistöð á Akureyri	52000 —	440000 —	

C. *Yfirstjórn og vextir.*

1. Yfirstjórn, ýmislegt og ófyrirséð, til viðbótar við það, sem þegar er innifalið í A og B	75000 —		
2. Vextir meðan verkið er í framkvæmd og kostnaður við lántöku	122000 —	197000 —	
		Samtals	1305000 kr.

Það athugist, að kostnaður við kaup á vatnsréttindum er ekki talinn með.

Þegar áætlunarupphæð þessi er borin saman við áætlunarupphæð Goðafossvirkjunar, kr. 1350000, ber að taka til greina verðhækkun, sem orðið hefir á tímabilinu marz—nóvember, en sú verðhækkun nemur fyrir Goðafoss 11000 kr. á háspennulínu og 14000 kr. fyrir vatnsvélar og rafbúnað, eða samtals 25000 krónum.

Verða því 2000 hestöfl úr Laxá raunverulega 70000 krónum ódýrari en 2000 hestöfl úr Goðafossi.

Kostnaður við að bæta við þriðju vélasamstæðu á 2 þús. hestöfl er 381000 kr.

Kostnaður við 4000 hestöfl verður þá 1305000 + 381000 = 1686000 krónur.

Við áætlunarupphæð þessa ber enn á ný að taka tillit til 14—15000 króna verðhækkunar fyrir 2000 hestafla aukningu, en fyrir öll 4000 hestöflin er verðhækkunin 25000 + 15000 = 40000 krónur.

Þegar borinn er saman kostnaður 4000 hestafla frá Goðafossi á 1605000 við 4000 hestöfl úr Laxá á 1686000, verður því raunverulegur mismunur aðeins 41000 krónur, eða sem næst 2,6% af allri áætlunarupphæðinni.

Ef við fyrstu virkjun er gerð þrýstivatnspípa fyrir 4000 hestöfl, 2400 mm að innanmáli, verður kostnaður við slíka pípu 250000 krónur og kostnaður við 2000 hestöfl verður því 1375000 krónur; með tilliti til 25000 króna verðhækkunar, sem að framan er getið, kosta þá 2000 hestöfl með einni pípu, er ég nefni tilhögun I a, raunverulega jafnmikið 2000 hestöflum frá Goðafossi á 1350000 kr.

4000 hestöfl eftir I a fást fyrir 1375000 + 201000 = 1576000 kr., er með tilliti til 45000 króna verðhækkunar, verða raunverulega 74000 krónum ódýrari en 4000 hestöfl frá Goðafossi á 1605000.

Kostnaður á hestafl verður þá þessi:

Tilhögun I:			
2000 hestöfl við stöðvarvegg	393 kr.,	á Akureyri	652 kr.
4000 — — ——	286 —	— —	421 —
Tilhögun I a:			
2000 hestöfl við stöðvarvegg	428 kr.,	á Akureyri	687 kr.
4000 — — ——	258 —	— —	394 —

Öll virkjunarmannvirki við Laxá, stífla og inntak, þrýstivatnspípa og orkuver, eru óvenju einföld í framkvæmd vegna hinnar ágætu aðstöðu; þannig er t. d. stíflan lítið annað en inntaksklefar, er byggja má með því aðeins að veita vatni til í nokkrum hluta farvegar, óvenju lítið þarf að grafa eða sprengja fyrir þrýstivatnspípu, sem að mestu liggur ofanjarðar, og lítið þarf að sprengja fyrir orkuveri, er stendur á sæmilegri klöpp. Í þessu sambandi má og geta þess, að stórflóð koma aldrei í Laxá.

Hér er því fyrir hendi óvenju mikið öryggi í framkvæmd vatnsvirkjunar, og því er ekki að neita, að öryggi er hér meira en við Goðafoss, meðal annars af því þar er um að ræða mikinn gröft og sprengingar miklar fyrir járnbentri rennu, inntaki og orkuveri, samtals 10300 tenm., en aðeins 2600 tenm. við Laxá I a.

Eftir tilhögun I a hefir því Laxá yfirburði yfir Goðafoss, bæði að því er snertir virkjunarkostnað og öryggi við framkvæmd vatnsvirkjunar.

Vegna hinna ágætu miðlunarskilyrða Mývatns, gefur fullvirkjuð 36 m fallhæð eftir tilhögun I, um 31500 hestöfl, en það er talsvert meiri orka en Akureyri, Suður-Þingeyjar- og Eyjafjarðarsýsla hafa þörf fyrir í náinni framtíð, og nær 19000 hestöflum meira en fæst úr Goðafossi fullvirkjuðum.

Að öllu þessu athuguðu virðist Laxá betur til virkjunar fallin fyrir Akureyri en Goðafoss, og virðist hér mjög hagkvæmt að taka til virkjunar 36 m. fallhæð, eftir tilhögun I a (sjá 1.—3. blað), en þar eru áætlanir miðaðar við, að gerð sé þegar við fyrstu virkjun þrýstivatnspípa fyrir 4000 hestöfl, settar upp tvær 1000 hestafla vélasamstæður, en þriðju 2000 hestafla samstæðu bætt við þegar þörf krefur.

Áætlun um rekstrarkostnað fyrir 2000 hestafla orkuver og veitu með 5000 stunda notkunartíma.
Framl. í orkuv. 6250000 kwst., seldar 5000000 kwst.

Tekjur:

1.	Raforka til ljósa (200000 kwst.)	90000 kr.
2.	Raforka til suðu, ca. 10 kr. á mann (640000 kwst.)	45000 —
3.	Götu- og hafnarljós (45000 kwst.)	6500 —
4.	Mælaleiga	7000 —
5.	Hreyfiafl til iðnaðar (1100000 kwst.)	38500 —
6.	Samningsbundin sala og upphitun, ca. 3000000 kwst., til orkuneytenda á Akureyri, í Eyjafjarðarsýslu og Þingeyjarsýslu	83000 —
	Samtals	270000 kr.

Gjöld:

1.	Vextir og afborganir, ca. 8% af 1400000	112000 kr.
2.	Rekstur aflstöðvar og háspennulínu	22000 —
3.	Rekstur bæjarkerfis, framkv.stj., skrifst.kostn. og innheita	35000 —
4.	Viðhald aflstöðvar	6000 —
5.	Viðhald háspennulínu	11000 —
6.	Viðhald bæjarkerfis	12000 —
7.	Árlegar aukningar bæjarkerfis	20000 —
8.	Ýmislegt ófyrirséð	6000 —
	Samtals	224000 kr.

1. liður útgjalda er miðaður við að tekið sé lán til byggingar mannvirkisins, að upphæð 1400000 kr., ennfremur að árlegir vextir og afborgun, samanlagt, sé ákveðin föst upphæð.

Tekjurnar eru miðaðar við 6250000 kwst. framleiðslu í orkuveri, þ. e. 5000 stunda notkun mesta vélaafls, sem þá getur talizt fullnotað, og rekstur allur kominn í eðlilegt horf.

Raforkuþörf Akureyrar og rekstur Rafveitu Akureyrar.

Rafveita Akureyrar tók til starfa haustið 1922 og hefir því nú starfað í full 14 ár, flest árin við ágæta fjárhagslega afkomu.

Þegar rafveitan tók til starfa haustið 1922, hafði hún yfir að ráða 330 hesta vélaafli; var þá íbúatala Akureyrar sem næst 2700 og svaraði þá vélaafl til 76 watt á mann. Var bæjarbúum með því vélaafli séð fyrir nægilegri orku til ljósa og smáiðnaðar, og jafnframt að nokkru leyti séð fyrir orku til suðu, aðallega á sumrin. Öll undanfarin ár hefir íbúatala Akureyrar aukizt nærri jafnt og þétt, svo mjög fljótt kom að því, að vélaafl varð of lítið til að fullnægja orkuþörf bæjarbúa. Var þá árið 1930 bætt í bráð úr brýnustu orkuþörf með því að setja upp 165 hestafla dieselvél, en árið 1935 er íbúatalan orðin 4500 og vélar enn á ný með öllu ófullnægjandi fyrrnefndri orkuþörf, svo ófullnægjandi, að jafnvel mánuðum saman er ekki hægt að láta í té fulla spennu, 220 Volt.

Tafla I og II sýna í aðalatriðum rekstur síðustu 11 ára.

Eins og sjá má af töflu I, hefir orkuframleiðsla aukizt nokkuð jafnt og þétt úr 490000 kwst. í 880000 kwst. á tímabilinu 1925—1935. Tekjur stöðvarinnar hafa aukizt nær því árlega úr 84400 í 144100 kr. á sama tímabili. Til tekna eru hér aðeins taldar þær upphæðir, sem innheimtast á árinu, en óinnheimt gjöld eru ekki talin með.

Hagnýtingartími mesta álags hefir aukizt úr 2800 klst. í 3200 klst. á tímabilinu 1925—1935, við að stöðugt hefir aukizt tala þeirra neytenda, sem skuldbinda sig til að nota ekki raforku um ljósatímann. Þá má og geta þess, að 1927 bætist við

Tafla I.

Ár	Mannfjöldi	Rekstrar-tekjur kr.	Orku-vinnsla kwst.	Mesta álag kw.	Hagnýting-artími mesta álags	Á mann: Tekjur á unna kwst.	Á mann: Mesta álag kwst.	Á mann: Orku-vinnsla kwst.	Á mann: Tekjur kr.	Á mann: Skuldir kr.
1925	3033	84400	490400	175	2800	17	58	162	27,8	142
1926	3050	79025	515500	182	2830	15,3	60	169	26,0	137
1927	3150	82800	569600	171	3330	14,5	54	181	26,1	126
1928	3348	90105	596100	188	3175	15,1	55	181	27,0	113
1929	3613	102265	671800	206	3260	15,2	57	186	28,3	103
1930	3966	112990	752300	237	3180	14,9	60	190	28,3	99
1931	4001	129630	751900	237	3180	17,2	59	188	32,3	88
1932	4069	126800	745800	243	3070	17,0	60	183	31,3	79
1933	4243	132680	775300	243	3190	17,2	57	185	31,5	60
1934	4374	143000	813000	260	3130	17,6	59	186	32,7	55
1935	4503	144100	881200	275	3210	17,9	61	195	31,8	50

stór neytandi, Kristneshælið, er notar mikla orku allan sólarhringinn, en getur þó framleitt orku sína með dieselhreyfli, ef álag Glerárstöðvarinnar verður of mikið.

Af töflu II sést árlegur rekstrarkostnaður. Er þar talið með allt árlegt viðhald, nýjar heimtaugar og aukningar, svo og aukningar og endurbætur á há- og lágspennukerfi bæjarins. Verða því upphæðir þessar nokkuð breytilegar, ef um meiri háttar endurbætur er að ræða. Þannig er t. d. 1930 aukið vélaafl orkuversins um 165 hestöfl, með nýrri vélasamstæðu dieselvélar og rafvélar, eins og að framan var getið. Kostaði sú vélasamstæða um 58000 krónur, en af þeirri upphæð eru greiddar fullar 30000 krónur af fyrri ára rekstrarhagnaði og sú upphæð talin með rekstrarkostnaði þess árs. Ennfremur voru sama ár gerðar miklar umbætur á háspennukerfinu og þannig stofnað til nokkurra skulda, sem greiddar voru af rekstrarhagnaði næstu tveggja ára.

Árlegar greiðslur vaxta og afborgana eru mjög misjafnar, enda oft um að ræða afborganir bráðabirgðalána, er greiða átti á fáum árum. Árið 1933 er lokið greiðslu slíkra lána og í árslok 1935 eru skuldir 224000, er greiða ber á 10 árum.

Bókfærðar eignir eru við sömu árslok 349792 kr., og er verðmæti mæla meðtalið í þeirri upphæð. Árlegur kostnaður við mæla er greiddur af árl. tekjuafgangi, en ekki talinn til rekstrarkostnaðar, svo sem aðrar aukningar.

Tafla II.

Ár	Bókfærðar eignir	Afskrifað	Bókfærðar skuldir	Eignir umfram skuldir	Sala raforku kr.	Mælaleiga kr.	Rekstrar-kostnaður	Vextir og afborganir	Samtals	Tekju-afgangur
1925	435350	41190	432250	3100	79600	4800	33000	43460	76460	7940
1926	419650	61780	417700	1950	73745	5280	34600	43890	78490	535
1927	399100	82370	398920	180	76900	5900	33800	50100	83900	÷1100
1928	378720	102970	378480	240	83865	6240	34700	49000	83700	6405
1929	374930	132540	372310	2620	95450	6815	36700	59630	96330	5935
1930	396140	165680	392190	3950	104440	7750	86200	61950	148150	÷35160
1931	378730	185350	352630	26100	120780	8850	51200	53480	104680	24950
1932	385610	205950	323630	61880	117130	9670	44400	53590	97990	28810
1933	346640	247135	255700	90960	122380	10300	42820	86460	129280	3400
1934	375700	267730	240960	134740	131800	11200	62860	33070	95930	47070
1935	349792	331088	224300	125492	138086	6044	77840	26990	104830	39270

Þegar leystar hafa verið af hendi árlegar vaxtagreiðslur og samningsbundnar afborganir, er árlegur tekjuafgangur nú 40—50000 krónur og fer vafalaust mjög bráðlega fram úr 50000 krónum, við að vaxtagreiðslur minnka árlega, en það þýðir, að Rafveitan getur verið með öllu skuldlaus árið 1939 og haft þá eignir sínar óveðbundnar.

Eins og að framan var getið, fullnægir Rafveitan ekki lengur neytendum sínum, sem nú eru, og hefir þó tæplega færzt annað í fang en sjá bæjarbúum fyrir orku til ljósa, smáiðnaðar og suðu að örlitlu leyti, aðallega á sumrin. Stærri iðnfyrirtækjum, svo sem Gefjuni, frystihúsi K.E.A., svo og öðrum iðnfyrirtækjum K.E.A. og S.Í.S., hefir Rafveita Akureyrar ekki getað séð fyrir hreyfiafli, og eru þau því að mestu rekin með gufuafli eða olíuhreyflum. Á seinni árum hefir risið upp talsverður iðnaður á Akureyri og eykst hröðum skrefum með ári hverju, svo sem ullariðnaður allskonar, gærurotun, sútun, skógerð, mjólkuriðnaður, frystihús o. fl., og er síðustu ára aukning þessara fyrirtækja það mikil, að flest þeirra skortir nú hreyfiafl og verða þau því að fá sér nýjar og stærri gufuvélar eða dieselhreyfla, ef Rafveita Akureyrar getur ekki séð þeim fyrir hreyfiafli.

Er því knýjandi nauðsyn að auka Rafveitu Akureyrar með nýrri virkjun, til að sjá iðnaði fyrir nægilegu hreyfiafli, og það því fremur sem iðnaður Akureyrar er nú orðinn það mikill, að mörg hundruð bæjarbúa lifa eingöngu á iðnaði, svo að vöxtur og viðgangur Akureyrar verður að miklu leyti undir því kominn, að iðnaður fái góð skilyrði til að aukast, en eitt af þýðingarmestu skilyrðum til þess er einmitt ódýrt og hagkvæmt hreyfiafl.

Með þeim iðnaði, sem nú er, nota iðnaðarfyrirtæki K.E.A. og S.Í.S. sem næst 450 hestöfl, með orkuframleiðslu, er samsvarar nokkurn veginn 1050000 kwst. á ári, en annar iðnaður notar sem næst 70000 kwst. á ári, samtals 1120000 kwst. Með tilliti til þess, að iðnaður hefir aukizt mjög á síðustu árum og fyrirsjáanlegt er, að hann eykst á næstu árum, má ætla, að eftir nokkur ár verði orkuþörf til iðnaðar um 50% hærri, þ. e. um 1670000 kwst. sem hreyfiafl til iðnaðar.

Þá liggur og nokkuð beint við að sjá fyrir nægilegri orku til suðu, en til þess þarf að selja orkuna það vægu verði, að menn almennt sjái sér hag í að nota raforku í stað kola, eins og nú á sér stað. Nokkurn kostnað hefir það í för með sér að taka upp notkun raforku til suðu, því til þess þarf ný hitunartæki, sem kosta talsverðar upphæðir, ef þau eru hagkvæm; það hlýtur því að taka nokkur ár fyrir Rafveitu Akureyrar að ná suðumarkaðinum almennt, en þegar að því er komið, að suða við raforku er orðin almenn, má ætla, að til hennar þurfi sem næst eina kwst. á mann á dag, þ. e. 1640000 kwst. á ári, með þeirri íbúatölu, sem nú er, en með tilliti til þess, að íbúatala Akureyrar eykst nokkuð, er hér réttara að áætla, að á næstu árum þurfi 1800000 kwst. til suðu árlega.

Af annari orkuþörf, sem æskilegt er að geta fullnægt, má nefna hitun almennt, en hún fer nú fram með kolum. Er hér átt við hitun íbúðarhúsa,verzlunarhúsa, hitun til iðnaðar, svo sem til mjólkuriðnaðar, brauðgerðarhúsa o. fl. Til að fullnægja slíkri orkuþörf verður raforkan að vera mjög ódýr, má venjulega ekki kosta meira en 1,5—3,0 aura kwst. til að geta keppt við kol, enda má raforkan ekki verða dýrari í notkun en kol.

Þegar hitinn er framleiddur með kolum í stórum eimkötlum, fæst mjög ódýr hiti, og venjulega því ódýrari sem katlarnir eru stærri og fullkomnari og því ódýrari sem kynding nær yfir fleiri tíma sólarhrings. Á Akureyri er þó hvergi um stóra katla að ræða; þeir stærstu katlar, sem þar eru notaðir til iðnrekstrar, svara til 1—200 hestafla gufuvéla og þaðan af minni; katlar í miðstöðvum eru þar allir smáir og með lágri nýtingu kola, eins og á sér stað um flesta minni katla, þegar borið er saman við nýtingu kola í stórum og fullkomnum kötlum.

Í flestum miðstöðvum í húsum er aðeins kynt nokkurn hluta sólarhrings, venjulega 14—16 tíma, og verður því nýting mun minni en þar, sem þarf að kynda nær því allan sólarhringinn. Getur vel komið til greina upphitun á almennum íbúð-

arhúsum, ef Rafveitan getur selt raforku, t. d. á 2,5 aura kwst., en þó því aðeins, að neytandi hafi tæki til rafhitunar af allra fullkomnustu gerð, meðal annars með alsjálfvirkri hitastillingu.

Aftur á móti kemur tæplega til greina rafhitun í venjulegum miðstöðvarkötlum með 2.5 aurum fyrir kwst., nýting orku er þar ekki nægilega góð og verða því kol með núverandi verði (42 kr. tonnið) ódýrari en raforka á 2.5 aura kwst. Verður þetta til þess að hitun með raforku kemur aðallega til greina fyrir nýbyggð hús, er fá sér þá fullkomnustu rafhitunartæki í stað miðstöðvar, og það því fremur sem hitunartæki fyrir rafhitun eru öllu ódýrari en venjuleg miðstöð.

Nokkru hærra verð er hægt að greiða fyrir raforku til hitunar verzlunar- og skrifstofubygginga. Eru þau venjulega hituð 10—11 tíma á sólarhring; nýting kola í miðstöð er því minni en við 14—16 tíma hitun og því hægt að greiða hér raforkuna nokkru hærra verði en til hitunar venjulegra íbúðarhúsa. Mun láta nærri sanni, að neytandi geti hér greitt 3 aura fyrir kwst. með hagnaði, í stað þess að nota kol, þegar fullt tillit er tekið til þess að stofnkostnaður við rafhitunarkerfi er lægri en við miðstöðvarkerfi með kolum, og rafhitunarkerfi þarf mun minni gæzlu en kolamiðstöð.

Við hitaframleiðslu til iðnaðar er nýting kola venjulega nokkru betri en í miðstöðvum íbúðarhúsa. Þó kemur raforka þar fyllilega til greina, sérstaklega þar sem um er að ræða hitun, sem aðeins varir nokkra klukkutíma á sólarhring, t. d. 4—8 klst.; má þar t. d. nefna ofna í brauðgerðarhúsum.

Er nú víða erlendis orðið algengt að nota raforku til hitunar við bökun, og hefir reynsla þar sýnt, að hagur er að því að nota raforku til bökunar á 2,5—3 aura fyrir kwst., og jafnvel þó nokkru hærra væri (miðað við núverandi kolaverð). Má hér einnig nefna hita til notkunar í mjólkurbúum o. fl., sem venjulega varir 6—8 tíma á sólarhring, ætti þar að vera hægt að greiða $1\frac{3}{4}$—$2\frac{1}{4}$ aura fyrir kwst.

Það er næsta erfitt að ætlast á um, hve margar kwst. þarf árlega til upphitunar (án iðnaðar) á Akureyri, meðal annars af því, að hitaþörfin fer nokkuð eftir byggingarháttum, en þó sérstaklega af því, að mjög fáir, eða jafnvel engir bæir eru til, sem hitaðir eru að öllu leyti með raforku. Verður því ekki stuðzt við beina reynslu í þeim efnum.

Víða í Noregi er þó hitun með raforku orðin nokkuð algeng í mörgum hinna stærri bæja, en þó ekki komið lengra en það, að bæirnir eru aðeins hitaðir að nokkru leyti með raforku og að nokkru leyti með kolum, en engir að öllu leyti með raforku. Er það víða af því, að bæirnir hafa ekki yfir að ráða nægilega stórum orkuverum, því ef hitun á að öllu leyti að fara fram við raforku, þarf til þess hlutfallslega mjög stór orkuver, svo stór, að flestum bæjum hefir enn sem komið er verið ofviða að reisa nægilega stór orkuver, er séð geti fyrir allri hitun. Sem dæmi upp á bæ, sem hitaður er að nokkru leyti með raforku, má nefna Þrándheim. Árið 1932—33 varð orkuframleiðsla þar 1763 kwst. á hvern íbúa, með mesta álagi 321 watt á mann, en af þeim 1763 kwst. er talið, að 800 kwst. á mann hafi farið til hitunar. Ef hitun á að fara fram að öllu leyti með raforku, mun til þess þurfa minnst 2500 kwst. á mann á ári, en það svarar sem næst til 11000000 kwst. fyrir Akureyri; með tilliti til vaxtar bæjarins, verður hér reiknað með 13000000 kwst. á ári. Nota verður þó tölu þessa með varfærni, því að bein reynsla liggur ekki fyrir um orkuþörf til hitunar, eins og að framan var getið, þegar hitun fer að öllu leyti fram við raforku.

Til raforku til hitunar í iðnaði við nokkur stærstu iðnfyrirtæki, sem nú eru á Akureyri, þ. e. mjólkursamlagið, gærurotun, ullarþvott Gefjunar, smjörlíkisgerð, brauðgerð o. fl. má áætla 1600000 kwst. á ári, með núverandi framleiðslu, en 1800000 kwst. með tilliti til vaxtar bæjarins.

Til þeirra þarfa, sem að framan hefir verið greint, má því ætla, að á næstu árum verði orkuþörf Akureyrar sem hér segir:

1.	Til ljósa, götulýsingar og hafnar	250000 kwst.
2.	Til suðu	1800000 —
3.	Hreyfiafl	1700000 —
4.	Til hitunar (án iðnaðar)	13000000 —
5.	Orka til hita í iðnaði	1800000 —
		18550000 kwst.

Framleiðsla í orkuveri verður sem næst 25% hærri, þ. e. 23 millj. kwst. á ári, en til að framleiða þá orku þarf, með 5000 stunda notkunartíma (mesta álags), vélafl á 4700 kw = 7500 hestöfl.

Það kemur tæplega til greina, að Akureyri virki þegar í byrjun 7500 hestöfl, því það tekur mörg ár að auka orkusölu úr 880000 kwst. (eins og orkuframleiðsla nú er) í 23 millj. kwst.; orkuverið yrði því ekki fullnotað fyrr en eftir nokkuð mörg ár, og mundi gefa árlegt rekstrartap meðan notkunartími er undir 4—5000 klst. á ári. Verður því að byrja með mun minna orkuveri, og velja stærð þess þannig, að rekstur beri sig þegar á fyrstu rekstrarárum. Sýna rekstraráætlanir hér að aftan, að hæfilegt er að byrja með 2000 hestöflum og láta sér fyrst um sinn nægja að fullnægja orkuþörf til ljósa, suðu og hreyfiafls, og því sem hægt er af orku til hitunar (að ofan talið undir 4—5), en það verður fyrst um sinn ekki nema lítið eitt. Þegar rekstur 2000 hestafla orkuvers fer að gefa tekjuafgang, er sjálfsagt að verja þeim tekjuafgangi til aukningar á orkuveri og framleiðslu, svo að hægt verði sem fyrst að fullnægja orkuþörf til hitunar að miklu leyti.

Ed. 170. Breytingartillögur

við frv. til laga um framlenging á gildi ýmsra lagaákvæða um tekjuöflun fyrir ríkissjóð.

Frá Magnúsi Guðmundssyni.

1. Við 5. gr. II. a. Í stað „70000“ komi: 60000.
2. Við 5. gr. II. g. Á eftir liðnum komi nýr liður, svo hljóðandi:
   Til Stífluvegar 10000

Nd. 171. Nefndarálit

um frumvarp til laga um útrýmingu sels í Húnaósi.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefir athugað frumvarpið og leggur til, að það verði samþykkt með svo hljóðandi

BREYTINGU:

Aftan við 2. gr. bætist orðin: eins og þær eru metnar.

Alþingi, 31. marz 1937.

Bjarni Ásgeirsson, form. — Jón Pálmason, frsm. — Páll Zóphóníasson, fundaskrifari.

Emil Jónsson. — Pétur Ottesen.

Nd. 172. Nefndarálit

um frumvarp til laga um loðdýrarækt og loðdýralánadeild.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefir yfirfarið frumvarp þetta og er á einu máli um að leggja til, að það verði samþykkt með svo hljóðandi

BREYTINGUM:

1. Við 1. gr.
   a. Fyrir orðið „landbúnaðarráðuneyti“ í lok greinarinnar komi: landbúnaðarráðherra.
   b. Aftan við greinina bætist: Enda skal hann hafa yfirumsjón með loðdýraræktinni í landinu.
2. Við 3. gr. Greinin orðist þannig:
   Hver sá, er stunda vill loðdýrarækt eða loðdýraeldi, skal fá til þess leyfi viðkomandi hreppsnefndar eða bæjarstjórnar, enda hlíti hann í öllum greinum ákvæðum laga þessara og reglugerðar, er landbúnaðarráðherra setur um framkvæmd laganna. Nú synjar hreppsnefnd eða bæjarstjórn um leyfi, og skal hún þá láta umsækjanda í té skriflegar ástæður fyrir synjuninni. Getur þá umsækjandi skotið máli sínu til landbúnaðarráðherra, er fellir um það fullnaðarúrskurð, eftir að hafa leitað álits ráðunauts í loðdýrarækt.
3. Við 4. gr. Greinin orðist svo:
   Hreppur hver eða bæjarfélag er sérstakt leyfisumdæmi samkvæmt lögum þessum. Hafa hreppstjórar í hreppum og lögreglustjórar í kaupstöðum eftirlit með því, að hlýtt sé lögum þessum og reglugerð um framkvæmd þeirra, hver í sínu umdæmi. Hafi þeir sjálfir loðdýrarækt eða loðdýraeldi, skipar viðkomandi hreppsnefnd eða bæjarstjórn annan mann til eftirlits með því.
4. Við 5. gr. Greinin falli niður, og greinatala breytist samkvæmt því.
5. Við 7. gr. Fyrir orðið „reglugerðinni“ í endi greinarinnar komi: reglugerð.
6. Við 8. gr. Greinin orðist svo:
   Óheimilt er að geyma loðdýr öðruvísi en í fulltryggum loðdýragirðingum, eða annari öruggri vörzlu. Öll loðdýr skulu flytjast milli garða í öruggu búri. Ef loðdýr eru geymd í aðhaldi, skal skylt að flytja þau í örugga vörzlu eða lóga þeim, hvenær sem hætta þykir á, að dómi hreppsnefndar, að þau kunni að sleppa úr aðhaldinu, svo sem vegna ísalaga.
7. Við 9. gr. Fyrsta málsgrein orðist svo:
   Bannað er að gera loðdýrum í aðhaldi eða loðdýragörðum nokkurt það ónæði að óþörfu, er eigendum verði tjón að.
8. Við 12. gr. Greinin falli niður, og greinatalan breytist samkvæmt því.
9. Við 13. gr. Aftan við greinina bætist: Heimilt er ráðherra að fela Búnaðarfélagi Íslands eða Loðdýraræktarfélagi Íslands umsjón með starfi ráðunautarins.
10. Við 14. gr.
    a. Í stað orðanna „er stofnað er til að tilhlutun landbúnaðarráðuneytisins“ komi: eftir því sem við verður komið.
    b. Aftan við greinina bætist: samkvæmt reglugerð.
11. Við 15. gr. Greinin falli niður, og greinatalan breytist samkvæmt því.
12. Við 17. gr. Greinin orðist svo:
    Um loðdýrasýningar, sýningarsvæði og verðlaunaveitingar sé ákveðið í reglugerð. Er heimilt að ákveða þar að leggja gjöld á loðdýraeigendur vegna sýninganna.
13. Við 18. gr. Greinin falli burt.

14. Við 19. gr. Tvær síðustu málsgreinar í greininni falli burt.
15. Við 21. gr. Síðari málsgrein orðist svo:
Ríkisstjórninni er heimilt að ábyrgjast lán, sem deildin tekur, eða verðbréf, sem hún gefur út til sölu, þó ekki yfir 100 þúsund krónur á næstu 5 árum.
16. Við 22. gr. Orðin „eða 4 þús. kr.“ falli burt.
17. Við 24. gr. Aftan við greinina bætist: Skylt er lántakanda að viðhalda tölu hinna veðsettu dýra, en fækki þeim, skal hann þegar endurgreiða af láninu í hlutfalli við rýrnun veðsins.

Alþingi, 1. apríl 1937.

Bjarni Ásgeirsson, form. Jón Pálmason, frsm. Páll Zóphóníasson, fundaskr.
Pétur Ottesen. Emil Jónsson.

Nd. 173. Tillaga til þingsályktunar

um aukna starfsemi byggingar- og landnámssjóðs.

Frá meiri hluta landbúnaðarnefndar.

Neðri deild Alþingis ályktar að skora á ríkisstjórnina að nota meira en þegar hefir verið gert heimild þá, er felst í 16. gr. laga nr. 35 7. maí 1928, um byggingar- og landnámssjóð, til lántöku fyrir sjóðinn, svo að hann geti betur fullnægt hinni brýnu og aðkallandi þörf á endurbyggingu sveitabæja.

Nd. 174. Breytingartillaga

við brtt. á þskj. 134 (Skuldaskilasjóður vélbátaeigenda).

Frá sjávarútvegsnefnd.

1. tölul. orðist svo:
Við 1. gr.
Aftan við greinina bætast tvær nýjar málsgr., svo hljóðandi:
Því fé, sem eftir verður í sjóðnum, þegar lánveitingum úr honum, samkvæmt 1. málsgr. þessarar greinar og 1. málsgr. 10. gr. laganna, er lokið, skal varið til lánveitinga til þeirra vélbátaeigenda, sem ekki hafa áður fengið lán úr sjóðnum. Lán þessi skulu veitt með sömu skilyrðum og eftir sömu reglum sem í lögunum greinir. Skal veittur hæfilegur frestur til umsókna um lán þessi.
Lánveitingum samkv. þessari grein skal lokið 30. sept. 1937, og skal stjórn sjóðsins, sem skipuð var samkv. ákvæðum 10. gr. laganna, halda áfram störfum til þess tíma.

Ed. 175. Breytingartillögur

við frv. til l. um framlenging á gildi ýmsra lagaákvæða um tekjuöflun fyrir ríkissjóð.

Frá Jóni A. Jónssyni.

Við 5. gr. II.c.
a. Fyrir „2000“ kemur: 10000.
b. Á eftir c-lið kemur nýr liður:
Til þjóðvegarins frá Arngerðareyri til Hólmavíkur 10000

Nd. 176. Tillaga til þingsályktunar

um endurskoðun löggjafarinnar um hlutafélög.

Flm.: Stefán Jóh. Stefánsson, Héðinn Valdimarsson.

Neðri deild Alþingis ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta fram fara, hið allra fyrsta, gagngerða endurskoðun á hlutafélagalöggjöf landsins, með hliðsjón af beztu erlendum fyrirmyndum og íslenzkum staðháttum, og leggja síðan fyrir Alþingi frumvarp til laga um þetta efni.

Greinargerð.

Núgildandi aðallöggjöf um hlutafélög hér á landi eru lög nr. 77 27. júní 1921, um hlutafélög. Reynslan hefir sýnt, að lög þessi eru á margan hátt næsta ófullkomin og úrelt, og framkvæmd þeirra að ýmsu leyti verið mjög ábótavant. Hlutafélögin eru hinsvegar næsta merkilegur þáttur í þjóðfélaginu, er grípur mjög inn í fjármála- og atvinnulíf landsins. Allverulegur hluti af verzlun, iðnaði og útgerð er í höndum hlutafélaga. Þjóðfélagið skiptir því miklu máli, að sem bezt öryggi sé í rekstri hlutafélaganna, og eftirlit ríkisvaldsins með þessari starfsemi verði meira en nafnið eitt. Ber því brýna nauðsyn til þess, að ný og fullkomin löggjöf verði sett um þetta efni, og mun í löggjöf nágrannalandanna vera að finna mörg atriði, er til fyrirmyndar mættu verða nýrri íslenzkri löggjöf um hlutafélög. Sérstaklega skal á það bent, að fullkomin ástæða er til þess að fyrirskipa, að öll hlutafélög, er fara með verulegt fjármagn, skuli birta reikninga sína opinberlega og hafa aðalfundi sína opna. Á mörg önnur merkileg atriði til endurbóta á löggjöfinni og framkvæmd hennar mætti og benda, en nánar verður að því vikið í framsögu.

Ed. 177. Nefndarálit

um frv. til laga um rétt manna til að kalla sig verkfræðinga, húsameistara eða iðnfræðinga.

Frá iðnaðarnefnd.

Nefndin hefir athugað frv. og komizt að þeirri niðurstöðu að mæla með, að það verði samþ.

Alþingi, 1. apríl 1937.

Ingvar Pálmason, form.	Jónas Jónsson, frsm.	Guðrún Lárusdóttir, fundaskrifari.

Nd. 178. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 50 31. maí 1927 og l. nr. 70 28. des. 1934, um gjald af innlendum tollvörutegundum.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin leggur til, að frv. verði samþykkt með svofelldri

BREYTINGU:

Við 1. gr. 4. tölulið:

Í stað „og samskonar drykki, sem ætlaðir eru til drykkjar“ komi: og aðra slíka drykki og vökva.

Alþingi, 31. marz 1937.

Sigfús Jónsson, form. Ásgeir Ásgeirsson, frsm. Gunnar Thoroddsen, fundaskr.

Ólafur Thors. Stefán Jóh. Stefánsson.

Nd. 179. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 41 27. júní 1921, um breyt. á 1. gr. tolllaga, nr. 54 11. júlí 1911.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin leggur til, að frumvarpið verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGUM.

1. Við 1. gr.
   a. Í stað „súkkulaði“ í síðustu línu 13. töluliðs komi: súkkulaðihúð.
   b. Í stað „iðnsúkkulaðihúð“ í 14. tölulið a. komi: iðnsúkkulaði.
2. Við 3. gr. Aftan við greinina bætist: Ennfremur eru úr gildi numdar 2. og 3. málsgr. 2. gr., 3. gr., 1. og 2. málsgr. 4. gr., 5. gr., 6. gr., 12. gr., 14. gr. og 15. gr. tolllaga, nr. 54 11. júlí 1911.

   Ákvæði 5. gr., 6. gr., 7. gr., 2. málsgr. 8. gr., 12. gr. og 14. gr. vörutollslaganna skulu einnig gilda, eftir því sem við á, um gjald samkvæmt 1. gr. þessara laga.

   Gefa skal út heildarreglugerð, þar sem safnað er saman öllum ákvæðum um innflutningstolla, framkvæmd tollheimtu og tollgæzlu.

Alþingi, 31. marz 1937.

Sigfús Jónsson, form., frsm. Gunnar Thoroddsen, fundaskr. Ólafur Thors.

Ásg. Ásgeirsson. Stefán Jóh. Stefánsson.

Nd. 180. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 54 15. júní 1926, um vörutoll.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin leggur til, að frumvarpið verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGUM.

1. Við 1. gr.
   a. Orðin í 3. línu 1. málsgreinar „athugasemd á“ falli burt.
   b. Á eftir orðunum „vörum hingað til lands“ komi: Sé eigi tilgreint á aðalfarmskránni, hvar vara verði flutt úr skipi, ber að greiða vörutollinn á fyrstu höfn, er skipið tekur hér á landi.

2. Við 2. gr.
   a. Málsliðurinn í 9.—13. línu 1. málsgreinar: „Ennfremur ber skipstjóra ... að skýra tollgæzlumanni frá því, hversu mikið það sé“ falli burt.
   b. Í stað orðanna: „Á þeim sé greinilega tilgreint stykkjatal, merki og númer þeirra“ í næstsíðasta málslið 2. málsgreinar komi: Á þeim sé greinilega tilgreint stykkjatal, merki og númer hverrar vörusendingar.
3. Við 3. gr.
   a. Á eftir orðinu „vottorð“ í 4. línu 1. málsgr. komi: upp.
   b. Í stað orðsins „heim“ í 2. línu 5. málsgr. komi: þeim.
   c. Í stað orðsins „hafnarvirði“ í 4. línu 5. málsgr. komi: hafnarvirki.
4. Við 4. gr.
   Aftan við 1. málsgrein bætist: Afgreiðslumenn skipa, sem flytja tollvörur hingað til lands, skulu hafa nægilegt og gott húsrúm fyrir vörur þær, sem teknar eru í land úr skipi. Er gjaldheimtumanni heimilt að banna uppskipun varanna, þar til þessu fyrirmæli er fullnægt að hans dómi. Húsrúm þessi skulu háð umsjón og nákvæmu eftirliti gjaldheimtumanns og umboðsmanna hans. Ákveða má í reglugerð, hvernig umsjón þessari og eftirliti skuli hagað.
5. Við 5. gr.
   a. Á eftir orðunum „að viðlögðum drengskap um“ í 3. línu 1. málsgreinar komi: það.
   b. Í stað orðsins „hefi“ í sömu línu komi: hafi.

Alþingi, 31. marz 1937.

Sigfús Jónsson, form., frsm. Gunnar Thoroddsen, fundaskr. Ólafur Thors, með fyrirvara.
Ásgeir Ásgeirsson. Stefán Jóh. Stefánsson.

Nd. 181. Frumvarp til laga

um breyting á og viðauka við hin almennu hegningarlög.

Flm.: Bergur Jónsson.

1. gr.

81. gr. hegningarlaganna orðist þannig:

Hver sá, sem kunngerir, skýrir frá eða lætur á annan hátt uppi við óviðkomandi menn leynilega samninga, ráðagerðir eða ályktanir ríkisins um málefni, sem heill þess eða réttindi gagnvart öðrum ríkjum eru undir komin, eða hafa mikilvæga fjárhagslega eða viðskiptalega þýðingu fyrir íslenzku þjóðina gagnvart útlöndum, skal sæta hegningarvinnu allt að 16 árum, eða fangelsi við venjulegt fangaviðurværi, ef brot er smávægilegt eða miklar málsbætur eru fyrir hendi.

2. gr.

Sá, sem raskar friði annars manns með því, þrátt fyrir áminningu lögreglunnar, að ásækja hann, ofsækja hann með bréfum eða ónáða hann á annan svipaðan hátt, skal sæta sektum eða fangelsi, allt að 6 mánuðum.

3. gr.

Sá, sem hótar öðrum að fremja hegningarverðan verknað, og hótunin er höfð í frammi með þeim hætti, að hún sé líkleg til þess að vekja hjá þeim, sem hótun er beittur, megnan ótta um líf sitt eða annara, heilsu eða velferð, skal sæta sektum eða fangelsi.

4. gr.

Sé ærumeiðandi aðdróttun borin á mann eða breidd út gegn betri vitund, skal þeim, sem það gerir, hegnt fyrir rógburð með fangelsi.

5. gr.

Málssóknarreglur 225. gr. hegningarlaganna gilda um brot gegn ákvæðum 2. og 4. gr.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frv. þetta er flutt samkvæmt ósk dómsmálaráðherra.

Um 1. gr.

Dómur er nýgenginn í máli, sem höfðað hafði verið á hendur nokkrum mönnum, sem í algerðu heimildarleysi höfðu birt upplýsingar, sem fjármálaráðherra hafði skráð um viðræður, sem hann hafði átt við erlenda menn og vörðuðu fjármál ríkisins. Var niðurstaða dómsins sú, að gildandi hegningarlög vernduðu ekki þau skjöl og skilríki ríkisins, sem væru fjármálalegs eða viðskiptalegs eðlis. Það þykir hinsvegar nauðsynlegt, að slík skjöl og skilríki njóti verndar gegn óheimilli birtingu eða annari löglausri meðferð af hálfu óhlutvandra manna, sem á einn eða annan hátt — og venjulegast óheiðarlega — hafa komizt yfir skjölin. Er nýmæli greinarinnar um ofangreind skjöl, sem er svo að segja orðrétt þýðing á samsvarandi ákvæði í 103. gr. dönsku hegningarlaganna frá 1930, sett hér til að vernda þjóðfélagið fyrir afbrotum af þessu tægi.

Um 2.—4. gr.

Ákvæði þessara greina er viðauki við ákvæði hegningarlaganna um verndun á einkafriði manna og mannorði. Sérstaklega hefir það þótt óviðeigandi, hversu vægum refsingum hefir verið beitt gegn vísvitandi rógburði. Eru greinar þessar einnig settar með hliðsjón af hinum nýju dönsku hegningarlögum, þannig, að 2. gr. svarar til 265. gr. dönsku hegningarlaganna, 3. gr. til 26. gr. og 4. gr. til 268. gr. sömu laga.

Ed. 182. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 14 9. jan. 1935, um síldarverksmiðjur ríkisins.

Frá meiri hluta sjávarútvegsnefndar.

Meiri hluti nefndarinnar fellst á grundvöll þann, sem frv. er byggt á, og mælir með, að það nái fram að ganga, en áskilur sér þó rétt til breytinga á einstökum atriðum þess. Einn nefndarmanna (SÁÓ) er á móti frumvarpinu.

Alþingi, 2. apríl 1937.

Ingvar Pálmason, form., frsm. Jón A. Jónsson.

Nd. 183. Breytingartillaga

við frv. til l. um heimild handa atvinnumálaráðherra til að veita Pan American Airways Company leyfi til loftferða á Íslandi.

Frá atvinnumálaráðherra.

Við 2. gr. 3. Síðari málslið skal orða svo:

Á stöðvum þessum má leyfishafi þó aðeins taka á móti eða senda skeyti (þar með taldar veðurfregnir), sem varða flug flugvéla hans á flugleiðinni um Ísland. nema leyfi póst- og símamálastjóra komi til í hvert skipti.

Nd. 184. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 55 7. maí 1928, um bann gegn dragnótaveiði í landhelgi.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefir rætt þetta mál á nokkrum fundum, og telur hún, að ekki verði hjá því komizt að gera mönnum mögulegt að stunda dragnótaveiðar nokkuð lengur ár hvert og á fleiri stöðum en nú á sér stað.

Sá fiskur, sem aðallega veiðist í dragnótina, er auðseldari og verðmeiri en annar fiskur, sem hér veiðist. Eftirspurnin eftir flatfiski fer vaxandi á sama tíma, sem sala saltfiskjarins, jafnvel við verði, sem tæplega svarar kostnaði, gengur næsta treglega.

Fyrir nefndinni lágu skýrslur, sem Fiskifélag Íslands hefir safnað um dragnótaveiði landsmanna árið sem leið. Samkvæmt þeim hafa á því ári, mismunandi langan tíma, 96 bátar, að meðtöldum trillubátum, stundað dragnótaveiðar. 430 manns hafa tekið þátt í veiðunum, og hefir aflinn numið að verðmæti um 705 þús. krónum.

Í sumar komandi er ráðgert, að dragnótaveiðar verði stundaðar meira en nokkru sinni áður víðsvegar við land, enda batna skilyrði til hagnýtingar aflans eftir því sem hraðfrystihúsum fjölgar í veiðistöðvunum. Samkvæmt skýrslu Fiskifélagsins, er leitaði álits fiskimanna, er stundað hafa veiðarnar, um dragnótaveiðar, eru ummæli þeirra mjög á einn veg. Þeir telja dragnótina yfir höfuð ekki gera usla, svo teljandi sé, eða skaða aðrar fiskiveiðar. Tilkostnaður við þær, bæði hvað veiðarfæri og annan rekstrarkostnað snertir, sé tiltölulega lítill, og veiðarnar yfir höfuð arðsamar, þar sem skilyrði eru fyrir hendi til að koma aflanum á markað. Hlutur háseta hefir í sumum tilfellum reynzt ágætur og í flestum betri en gerist nú á jafnlöngum tíma við þorskveiðar.

Þá hafði nefndinni borizt skjal frá 22 bátaútvegsmönnum í Reykjavík, er telja, að reynslan hafi sannað, að dragnótaveiðarnar eigi fullan rétt á sér, og mælast þeir eindregið til þess, að Alþingi veiti bátum, sem skráðir eru við Faxaflóa, heimild til dragnótaveiða helzt alstaðar við land.

Þegar litið er á þá brýnu þörf, sem á því er að bæta, ef unnt er, afkomuskilyrði bátaútvegsins, virðist það augljóst, að ekki megi lengur torvelda um of viðleitni útvegsmanna til að hagnýta sér þessar veiðar, og eru nefndarmenn því yfirleitt á þeirri skoðun, að nefndinni beri að mæla með töluverðri rýmkun á löggjöfinni um dragnótaveiðar, þótt ekki þyki hinsvegar rétt að ganga eins langt í því efni að öllu leyti eins og gert er í frv. því, sem hér ræðir um, og telur sá af nefndarmönnum, sem jafnframt er annar flutningsmaður greinds frv. (JJós), ekki rétt að gera ágreining við meiri hluta nefndarinnar af þeim ástæðum.

Nefndinni virðist samt sem áður nauðsynlegt að tryggja, eftir því sem unnt er, vernd kolans á hrygningartímabilinu, og ráðfærði hún sig hvað þetta snerti við þá fiskifræðingana dr. Bjarna Sæmundsson og Árna Friðriksson mag.

Breytingartillaga nefndarinnar um lengri friðun að vori til og sumri fyrir Vestur- og Norðurlandi heldur en fyrir Suðurlandi styðst við það álit fiskifræðinganna, að hrygningu kolans sé lokið í hlýja sjónum um miðjan maí, en hinsvegar ekki í kalda sjónum fyrri en um miðjan júní eða seinna.

Þá telur nefndin, að setja verði skorður við því svo sem hægt er, að ungviði sé drepið og þannig gengið á fiskstofninn, og leggur því til, að ráðherra setji með reglugerð ákvæði um möskvastærð á dragnótum í þessu skyni, og ennfremur ákvæði um lágmarksþyngd þess fiskjar, sem veiddur er í dragnót og hafður er til sölu.

Loks vill nefndin taka það fram, að hún telur, að dragnótaveiðar henti bezt hinum smærri vélbátum, enda eigi þeir nú lítinn kost annara arðberandi veiða að sumarlagi, en reynslan hefir sýnt það, að dragnótaveiðar má stunda jafnvel á hinum smæstu fiskibátum, trillubátunum, og einmitt hinum smærri bátum myndu þær rýmkanir á lögunum, sem um ræðir í frv., koma að tiltölulega mestum notum.

Flestir hinna stærri vélbáta stunda nú orðið síldveiðar á sumrum með góðum árangri, en hinir smærri bátar ekki, nema ef til vill reknetaveiðar, sem þó verða ekki stundaðar af minnstu bátunum. Nefndin lítur svo á, að sérstök þörf sé fyrir hendi á því að bæta veiðiskilyrði með dragnótum fyrir þann hluta bátaflotans, sem ekki er hægt að búast við, að stundi síldveiðar að jafnaði. Þessi þörf sé á hinn bóginn ekki brýn hvað síldveiðiskipin snertir eða skip, sem hæfileg eru til síldveiða, að minnsta kosti ekki um síldveiðitímann, og flytur hún breytingartillögu við frv., er fer í þessa átt.

Samkvæmt því, er hér að framan greinir, leggur nefndin til, að frv. verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGUM

1. Við 1. gr. Greinin orðist þannig:
   Fyrri málsgr. 1. gr. laganna orðist svo:
   Innan íslenzkrar landhelgi, á svæðinu frá Eystra-Horni sunnan um land að Straumnesi, skulu veiðar með dragnótum bannaðar ár hvert á tímabilinu frá 1. janúar til 15. maí og frá 1. til 31. desember, og á svæðinu frá Straumnesi austur um land að Eystra-Horni frá 1. janúar til 15. júní og frá 1. til 31. desember. Einnig eru dragnótaveiðar á skipum, sem eru að stærð 35 smálestir brúttó eða meira, bannaðar frá 15. maí til 30. september ár hvert.
2. Við 4. gr. Greinin orðist þannig:
   Í stað 8. gr. laganna komi ný grein, svo hljóðandi:
   Ráðherra setur með reglugerð ákvæði um möskvastærð dragnóta, svo og um lágmarksþyngd þess fiskjar, sem veiddur er í dragnót og hafður er til sölu.

Tveir nefndarmanna, þeir BJ og SK, skrifa undir nefndarálit þetta með fyrirvara, er þeir munu gera grein fyrir undir umræðum um málið.

Alþingi, 2. apríl 1937.

Finnur Jónsson, form.
Bergur Jónsson, fundaskr., með fyrirv.
Jóhann Þ. Jósefsson, frsm.
Sigurður Kristjánsson, með fyrirvara.
Páll Þorbjörnsson.

Ed. 185. Frumvarp til laga

um heimild handa atvinnumálaráðherra til að veita Pan American Airways Company leyfi til loftferða á Íslandi o. fl.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

1. gr.

Atvinnumálaráðherra skal vera heimilt að veita Pan American Airways Company, Bandaríkjunum í Norður-Ameríku, sem í lögum þessum nefnist leyfishafi, leyfi til að halda uppi loftferðum milli Íslands og annara landa, svo og innanlands, til flutninga á mönnum, pósti og varningi fyrir borgun, hvort heldur er með loftförum, sem leyfishafi á, eða hefir til afnota. Verði öðru félagi, einstaklingi eða stofnun veitt einkaleyfi til flutninga á mönnum, pósti eða varningi innanlands, fellur niður réttur leyfishafa til þess samtímis.

2. gr.

Í leyfinu skal ákveða, að leyfishafa skuli heimilt hér á landi:

1. Að gera lendingarstaði fyrir loftför, einn eða fleiri, og að hann þurfi eigi að hlíta því, að aðrir noti þá. Þó skulu lendingarstaðir þessir vera frjálsir til afnota fyrir innlend flugfélög og flugvélar ríkisins gegn þóknun, sem ráðherra ákveður hámark á, ef eigi semst um hana.
2. Að öðlast notkunarrétt eða, að fengnu samþykki atvinnumálaráðherra í hvert sinn, eignarrétt yfir landi undir lendingarstaði, hús, bryggjur, vegi eða önnur mannvirki, er nauðsynleg kunna að vera vegna atvinnurekstrar hans.
3. Að setja á stofn og starfrækja stöðvar fyrir þráðlaust firðtal eða firðritun, enda sé fjöldi, gerð, afl og bylgjulengd stöðvanna samþykkt af atvinnumálaráðherra. Á stöðvum þessum má leyfishafi þó aðeins taka á móti eða senda skeyti (þar með taldar veðurfregnir), sem varða flug flugvéla hans á flugleiðinni um Ísland, nema leyfi póst- og símamálastjóra komi til í hvert skipti.

3. gr.

Atvinnumálaráðherra skal heimilt að láta fram fara lögnám á landi og nauðsynlegum réttindum yfir því, eftir beiðni leyfishafa, til þess að hann geti komið fyrirætlunum sínum í framkvæmd samkvæmt lögum þessum.

4. gr.

Loftför þau, er leyfishafi hefir til afnota, mega hafa og starfrækja áhöld til þráðlausrar firðritunar eða firðtals, og gilda um þessar loftskeytastöðvar samskonar ákvæði og fram eru tekin í 3. lið 2. gr. fyrir stöðvarnar í landi.

5. gr.

Starfræksla loftskeytastöðvanna eftir 2. og 4. gr. skal að öðru leyti á hverjum tíma háð alþjóðafyrirmælum þeim, er íslenzka stjórnin hefir undirritað, svo og lögum, reglugerðum og eftirliti ríkisstjórnarinnar um, að settum fyrirmælum sé fylgt.

6. gr.

Leyfishafi skal vera undanþeginn tekju- og eignarskatti til ríkissjóðs og útsvari til sveitar. Ennfremur skal hann laus við að greiða innflutningsgjöld af efni og tækjum til flugstöðvanna fyrstu 6 ár leyfistímans. Í stað framantalinna gjalda skal hann greiða árlega 5% af brúttó fargjöldum og flutningsgjöldum, sem hann tekur við hérlendis fyrir flutninga til ákvörðunarstaðar innanlands eða utan.

Hundraðsgjaldi af fargjöldum og flutningsgjöldum eftir þessari grein skal skipt eftir ákvörðun atvinnumálaráðherra milli ríkissjóðs og sveitarfélaga þeirra, er leyfishafi hefir flugstöðvar í. Leyfishafi skal árlega fyrir 1. marz senda atvinnumálaráðherra skýrslu um fargjöld og flutningsgjöld, er hann hefir tekið hér á landi undanfarið ár. Skal skýrsla þessi gefin að viðlagðri þeirri ábyrgð, sem íslenzkir gjaldþegnar sæta fyrir ranga eða ófullnægjandi skýrslugjöf til skattanefnda.

Hundraðsgjald það, sem grein þessi ákveður, skal óbreytt standa fyrstu 10 ár leyfistímans, og má þá breyta því með lögum, og síðan á 5 ára fresti, meðan leyfið er í gildi. Að öðru leyti skal fara eftir ákvæðum íslenzkra laga um skattgreiðslur og gjalda til ríkis og héraða.

7. gr.

Leyfið skal gilda í 50 ár frá dagsetningu þess að telja.

8. gr.

Ákveða skal í leyfinu, að fyrstu 15 árin af leyfistímanum skuli engum einstaklingi, sem á ríkisfesti í Bandaríkjunum í Norður-Ameríku, og engu félagi eða stofnun, sem stofnsett er samkvæmt lögum einhvers af fylkjum Bandaríkjanna, öðrum en leyfishafa, heimilt að halda uppi loftferðum milli Íslands og annara landa til flutninga á mönnum, pósti eða varningi fyrir borgun.

9. gr.

Leyfishafa skal vera heimilt að framselja rétt sinn samkvæmt leyfinu, að nokkru eða öllu leyti, félögum, er stofnsett eru samkvæmt lögum einhvers af fylkjum Bandaríkjanna eða Canada, enda sé leyfishafi meðeigandi eða hluttakandi í því félagi.

Að loknum leyfistíma, eða ef leyfishafi eða sá, sem löglega er kominn í hans stað, hættir starfrækslu, er ríkissjóði Íslands áskilinn forkaupsréttur að öllum lóðarréttindum og mannvirkjum leyfishafa hér á landi, eftir mati, sem framkvæmt skal samkv. þágildandi lögum um framkvæmd eignarnáms.

10. gr.

Í málum út af leyfi þessu eða út af atvinnurekstri leyfishafa hér á landi skal leyfishafi hafa varnarþing á Íslandi og hlíta íslenzkum lögum. Leyfishafi skal hafa umboðsmann búsettan hér á landi, er birta megi stefnu og svari til saka fyrir dómi í þessum málum gegn leyfishafa.

11. gr.

Ákveða skal í leyfisbréfinu, að réttur leyfishafa samkvæmt því skuli falla niður, ef ekki verður haldið uppi flugferðum sem hér segir:

a. Á árinu 1937 skal byrja tilraunaflug frá Íslandi til Evrópu. Þó skal atvinnumálaráðherra heimilt að undanþiggja leyfishafa þessu flugi að einhverju eða öllu leyti, enda geri þá leyfishafi grein fyrir nauðsyn slíkrar undanþágu, er ráðherra telur fullnægjandi.
b. Á árinu 1938 skal halda uppi flugferðum að minnsta kosti tvisvar á mánuði fram og aftur milli Íslands og Evrópu um sumartímann, ekki skemur en 2½ mánuð.
c. Á árinu 1939 skal halda uppi að minnsta kosti fjórum flugferðum á mánuði fram og aftur milli Íslands og Evrópu, að minnsta kosti jafnlengi og 1938.
d. Á árunum 1940 og 1941 skal að minnsta kosti halda uppi Evrópuferðum eins og árið 1939, en auk þess skal hefja tilraunaflug til Ameríku.
e. Á árinu 1942 skal komið á föstum flugferðum um Ísland milli Ameríku og Evrópu, og verði þessu flugi síðan haldið áfram. Svo er og réttur leyfishafa niður fallinn, ef skilyrði leyfisbréfsins verða eigi haldin að öðru leyti.

12. gr.

Félagið skal háð ákvæðum íslenzkra laga um eftirlit með loftferðum, þar á meðal öryggisákvæðum, er sett eru eða sett verða vegna ófriðar eða ófriðarhættu.

13. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 186. Nefndarálit

um frv. til l. um framlög ríkisins til endurbygginga á sveitabýlum.

Frá meiri hluta landbúnaðarnefndar.

Nefndin hefir klofnað um afgreiðslu málsins. Minni hlutinn (JónP og PO) vill fresta afgreiðslu þess unz séð verður um fylgi þingsins við frv. til laga um Byggingarsjóð sveitanna, sem nú er nýlega fram komið. Meiri hlutinn álítur hinsvegar, að málið þoli enga bið, og telur líkur til, að unnt sé að koma því áfram á þessu þingi, ef það verður ekki fyrir töfum úr þessu. Einnig hefir meiri hl. n. orðið ásáttur um að koma fram með þingsályktunartill. um aukna starfsemi Byggingar- og landnámssjóðs, sem fram er borin á sérstöku þingskjali. Meiri hl. leggur því til, að frv. verði samþykkt, en ber fram við það eftirfarandi

BREYTINGARTILLÖGU.

Við 1. gr. Á eftir „endurbóta á íbúðarhúsum“ komi: á jörðum.

Alþingi, 2. apríl 1937.

Bjarni Ásgeirsson, form., frsm.	Páll Zóphóníasson, fundaskr.	Emil Jónsson.

Nd. 187. Frumvarp til laga

um breyting á og viðauka við lög nr. 37 1929, um héraðsskóla.

(Eftir 3. umr. í Ed.).

1. gr.

Á eftir „Laugarvatn í Árnessýslu“ í 1. gr. laganna kemur: Reykjanesi í Norður-Ísafjarðarsýslu og Varmahlíð í Skagafirði.

2. gr.

Á eftir 1. málslið 4. gr. laganna koma tveir nýir málsliðir, svo hljóðandi:

Í reglugerð fyrir héraðsskólann í Reykjanesi má kveða svo á, að námstíminn sé ekki yfir þrjá mánuði árlega, en þó skulu próf frá skólanum miðuð við, að nemendur hafi notið kennslu í sex mánuði. Undanþágа þessi gildir þó aðeins til ársloka 1942.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað, og er heimilt að greiða Reykjanesskóla þegar rekstrarstyrk fyrir skólaárið 1936—1937.

Ed. 188. Frumvarp til laga

um reiknings- og skuldaskil sparisjóðsins Gullfoss í Hrunamannahreppi.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

1. gr.

Stjórn sparisjóðsins Gullfoss í Hrunamannahreppi er falið að framkvæma reiknings- og skuldaskil fyrir nefndan sparisjóð, undir umsjá skiptaráðandans í Árnessýslu.

2. gr.

Stjórn sparisjóðsins skal nú þegar skipta því fé, sem er í sjóði, milli innstæðueigenda, í réttu hlutfalli við innstæður þeirra í sjóðnum.

Réttur eigandi sparisjóðsbókar telst sá gagnvart sjóðnum, sem samkvæmt bókum hans er talinn eigandi hennar 15. nóv. 1934.

3. gr.

Ef innstæðueigandi er í skuld við sjóðinn, hvort sem sú skuld er stofnuð af honum sjálfum eða hún fellur á hann fyrir ábyrgð við sjóðinn, þá er hluti af innstæðu hans, eða innstæðan öll að því leyti sem hún hrekkur til, gild borgun upp í slíka skuld, að frádregnum sama hluta, sem aðrir innstæðueigendur verða að þola til niðurfærslu á sínum kröfum, og verður sjóðurinn ekki krafinn um þann hundraðshluta, sem dreginn er frá gagnkröfum samkvæmt framanskráðu.

4. gr.

Stjórn sjóðsins annast innheimtu útistandandi skulda hans, og skal innheimtunni hraðað svo sem kostur er á. Stjórnin skiptir hinu innheimta fé á þeim tímum, sem skiptaráðandinn í Árnessýslu ákveður, milli innstæðueigenda eftir reglum 2. gr.

Nú er innheimtu lokið og fénu skipt eftir reglum þessara laga, og hafa þá innstæðueigendur tapað þeim hluta innstæðna sinna, sem ekki hefir greiðzt.

Kostnað við skuldaskil sjóðsins greiðir hann eftir reikningi, sem skiptaráðandi Árnessýslu úrskurðar.

5. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Ed. 189. Breytingartillögur

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 14 9. jan. 1935, um síldarverksmiðjur ríkisins.

Frá Jóni A. Jónssyni.

I. Við 1. gr. b.
   a. Fyrir „12“ kemur: 9.
   b. Fyrir „Af þeim skulu 9 menn kosnir“ kemur: Skulu þeir kosnir.
   c. Orðin „Hinir 3 skulu tilnefndir ... einn frá hverjum aðilja“ falla niður.
   d. Orðin „og tilnefndir“ falla niður.
   e. Niðurlag 2. mgr., orðin „og tilnefndir af hlutaðeigandi stofnunum“, fellur niður.

II. Við 1. gr. e.
   Orðin „og tilnefning“ falla niður.

III. Við ákvæði til bráðabirgða.
   Orðin „og tilnefning annara fulltrúa ... verður við komið“ falla niður.

Ed. 190. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 99 3. maí 1935, um skuldaskilasjóð vélbátaeigenda.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

1. gr.

5. gr. laga nr. 99 3. maí 1935 orðist þannig:

Lán úr skuldaskilasjóði skulu veitt eigendum vélbáta ekki stærri en 60 smálesta, og skal lánunum varið til þess að ná samningum um nauðsynlegar eftirgjafir skulda og hagkvæmar breytingar á lánskjörum. Ennfremur má veita eigendum línuveiðagufuskipa lán í sama skyni, þó svo, að hin samanlagða lánsupphæð til eigenda línuveiðagufuskipa fari ekki fram úr 250000 krónum. Lánin skulu veitt með þeim skilyrðum og eftir þeim reglum, sem í lögum þessum greinir.

Því fé, sem eftir verður í sjóðnum, þegar lánveitingum úr honum, samkvæmt 1. málsgr. þessarar greinar og 1. málsgr. 10. gr. laganna, er lokið, skal varið til lánveitinga til þeirra vélbátaeigenda, sem ekki hafa áður fengið lán úr sjóðnum. Lán þessi skulu veitt með sömu skilyrðum og eftir sömu reglum sem í lögunum greinir. Skal veittur hæfilegur frestur til umsókna um lán þessi.

Lánveitingum samkv. þessari grein skal lokið 30. sept. 1937, og skal stjórn sjóðsins, sem skipuð var samkv. ákvæðum 10. gr. laganna, halda áfram störfum til þess tíma.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 191. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 21 15. júní 1926, um veitingasölu, gistihúshald o. fl.

Frá allsherjarnefnd.

1. gr.

Á eftir fyrsta málsl. 2. gr. laganna komi nýr málsliður, svo hljóðandi:

Eigi má heldur án slíks leyfis selja fæði eða láta í té gistingu á skipum í höfn til farþega, sem komnir eru á ákvörðunarstað, eða annara óviðkomandi.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Það hefir tíðkazt hér um hríð, að farþegaskip, sem koma í höfn hér á landi, halda farþegum, sem komnir eru á ákvörðunarstað, „í kosti“ um borð meðan skipin dvelja á staðnum, og hafa sum þeirra jafnvel auglýst þetta sem fríðindi. Ástæðulaust með öllu er að leyfa slíkt áfram, þar eð það m. a. er til tjóns eðlilegu gistihúshaldi í landi, enda er slíkt ekki liðið annarsstaðar. — Þótt nærri stappi, að þetta framferði komi í bága við veitingasölulögin frá 1926, þykir þó rétt, eins og frv. fer fram á, að gera þetta ótvírætt.

Nd. 192. Frumvarp til laga

til laga um breyting á lögum nr. 26 1. febr. 1936, um alþýðutryggingar.

Flm.: Gísli Guðmundsson, Bergur Jónsson.

1. gr.

Inn í 11. gr. laganna komi nýr liður, sem verður 6. liður, svo hljóðandi:

Foreldri, þótt eigi hafi verið á framfæri hins látna, er slysið vildi til, hlýtur 500 kr.

Liðatala greinarinnar breytist eftir þessu.

2. gr.

Aftan við 81. gr. laganna bætist:

Hreppsnefndir og bæjarstjórnir (framfærslunefndir) skulu úthluta sérstaklega vöxtum af ellistyrktarsjóði viðkomandi bæjar eða hrepps, og teljast þau ellilaun, sem þannig er úthlutað, hvorki með framlagi Lífeyrissjóðs Íslands né bæjar- eða sveitarsjóðs. Skal þessum ellilaunum úthlutað til 60 ára manna og eldri, sem vænta má, að nægi sú úthlutun til þess að komast hjá því að þiggja framfærslustyrk. Heimilt er að úthluta vöxtum af ellistyrktarsjóði, þótt engin úthlutun hafi fram farið úr bæjar- eða sveitarsjóði.

Greinargerð.

Á nýafstöðnu flokksþingi framsóknarmanna var samþykkt að fela þingmönnum flokksins að beita sér fyrir því á næsta Alþingi, að lögum um alþýðutryggingar verði breytt þannig:

a. Að hvert sveitar- og bæjarfélag fái til úthlutunar árlega vexti af ellistyrktarsjóði sínum, og sé þeim úthlutað sem ellilaunum til 60 ára manna og eldri, sem vænta má, að nægi sú úthlutun til þess að komast hjá því að þiggja framfærslustyrk. Á móti þeirri upphæð þurfi eigi að leggja neitt framlag úr sveitar- og bæjarsjóði.
b. Að foreldri, er missir barn sitt við bótaskylt slys, fái eigi lægri dánarbætur en 500 kr., þótt það hafi eigi verið á framfæri hins látna, er slysið vildi til.

Samkvæmt ofanritaðri ályktun flokksþings framsóknarmanna er þetta frv. flutt.

Sþ. 193. Tillaga til þingsályktunar

um viðbótarfjárveitingu til dýpkunar á Vestmannaeyjahöfn.

Flm.: Jóhann Jósefsson.

Alþingi ályktar að veita Vestmannaeyjakaupstað 18 þúsund króna viðbótarfjárveitingu á þessu ári til dýpkunar á Vestmannaeyjahöfn.

Ástæður.

Á fundi bæjarstjórnar Vestmannaeyja 11. marz þ. á. var samþykkt samkvæmt tillögum hafnarnefndar að fara fram á viðbótarfjárveitingu úr ríkissjóði til dýpkunar Vestmannaeyjahafnar á þessu ári, gegn hæfilegu framlagi frá hafnarsjóði. Nánari ástæður verða greindar í framsögu.

Ed. 194. Breytingartillögur

við frv. til laga um breyting á lögum nr. 14 9. jan. 1935, um síldarverksmiðjur ríkisins.

Frá Ingvari Pálmasyni og Jóni A. Jónssyni.

1. Við 1. gr. c. Fyrir „Ráðherra tilnefnir ... formann hennar“ komi: Nú næst ekki meiri hluti innan verksmiðjustjórnar fyrir kosningu formanns, og tilnefnir ráðherra þá einn úr verksmiðjustjórn sem formann hennar.
2. Við 1. gr. d. Aftan við 1. málsgr. bætist: og setur þeim erindisbréf.
3. Við 2. gr. Fyrir „fjármálaráðherra“ komi: ráðherra.

Ed. 195. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 14 9. janúar 1935, um síldarverksmiðjur ríkisins.

Frá minni hluta sjávarútvegsnefndar.

Nefndin gat ekki orðið sammála um afgreiðslu þessa máls. Meiri hlutinn vill afgreiða það að mestu óbreytt. Enda þótt ég sé mótfallinn frv., þá taldi ég ekki rétt að hraða afgreiðslu þess úr nefndinni, af þeirri ástæðu, að í neðri deild liggur fyrir frv. um síldarverksmiðjur ríkisins, sem eru bráðabirgðalögin frá 12. maí 1936, sem ekki enn hefir verið tekin afstaða til í þeirri deild. Samkvæmt almennri þingvenju tekur sú deild afstöðu til bráðabirgðalaga, þar sem málið er lagt fram, áður en hin deildin blandar sér í afgreiðslu þess. Þess má vænta, að málið verði afgreitt í Nd. í einhverri mynd, og deildinni beri að bíða þeirra úrslita.

Ég legg því til, að deildin afgreiði mál þetta með svo hljóðandi

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Þar sem fyrir neðri deild Alþingis liggur frv. til laga um breyting á lögum nr. 14 9. janúar 1935, um síldarverksmiðjur ríkisins, sem eru bráðabirgðalög, útgefin af atvinnumálaráðherra með samþykki stjórnarflokkanna, og þar með meiri hluta Alþingis, og eru staðfest af konungi 12. maí 1936 og ekki enn hefir verið tekin afstaða til af þeirri þingdeild, sem málið er borið fram í, þá telur deildin ekki rétt að samþykkja frumvarp það, er fyrir liggur, og tekur fyrir næsta mál.

Alþingi, 3. apríl 1937.

Sigurjón Á. Ólafsson.

Ed. 196. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 36 frá 27. júní 1921, um samvinnufélög.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefir athugað frv. þetta og lesið þær breytingar, sem í því felast, saman við lögin frá 1921. Er nefndin sammála um að mæla með, að það verði samþykkt.

Flutningsmaður frv. hefir óskað eftir, að bætt væri nýrri málsgr. inn í 6. gr. frv., og fellst nefndin á það og leggur til, að frv. verði samþykkt með þessari

BREYTINGU.

Við 6. gr. Á eftir b-lið komi nýr liður, c, svo hljóðandi: Á undan síðustu málsgr. sömu greinar komi:

Ef eignatöp eða tekjuhalli hefir orðið hjá félagi og tryggingarsjóðir þess nægja ekki til að greiða töpin eða hallann, og hætta er á, að félagið verði að hætta störfum af þeim orsökum, er félagsfundi eða fulltrúafundi heimilt að ákveða, að stofnsjóðsinnstæður félagsmanna og annara, sem í stofnsjóði eiga, skuli notaðar til greiðslu á töpunum eða hallanum.

Alþingi, 3. apríl 1937.

Sigurjón Á. Ólafsson, form.	Ingvar Pálmason, fundaskr., frsm.	Magnús Guðmundsson.

Ed. 197. Nefndarálit

um frv. til l. um framlenging á gildi l. nr. 90 19. júní 1933, um útflutning á kjöti.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin leggur til, að frv. verði samþykkt.

Alþingi, 3. apríl 1937.

Páll Hermannsson, form., frsm.	Jón Baldvinsson, fundaskr.	Pétur Magnússon.

Ed. 198. Nefndarálit

um frv. til l. um sauðfjárbaðanir.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin mælir með frv., en tveir nefndarmanna (JBald og PM) skrifa þó undir nál. með fyrirvara.

Alþingi, 3. apríl 1937.

Páll Hermannsson, form., frsm.	Jón Baldvinsson, fundaskr., með fyrirv.	Pétur Magnússon, með fyrirv.

Ed. 199. Lög

um heimild handa atvinnumálaráðherra til að veita Pan American Airways Company leyfi til loftferða á Íslandi o. fl.

(Afgreidd frá Ed. 3. apríl).

Samhljóða þskj. 185.

Ed. 200. Nefndarálit

um frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til að taka mjólkurvinnslustöð á leigu.

Frá 1. minni hluta landbúnaðarnefndar.

Ég legg til, að frv. verði samþykkt. Einn nefndarmanna (PM) vill fella frv., en hinn þriðji (JBald) vill ekki taka afstöðu til málsins að svo stöddu.

Alþingi, 3. apríl 1937.

Páll Hermannsson.

Nd. 201. Nefndarálit

um frv. til laga um framlög ríkisins til endurbyggingar á sveitabýlum.

Frá minni hluta landbúnaðarnefndar.

Við höfum ekki getað orðið samferða meiri hluta nefndarinnar um afgreiðslu þessa máls af þeim ástæðum, er nú skal greina.

Við teljum, að í byggingarmálum sveitanna verði eins og nú standa sakir að leggja höfuðáherzluna á eftirgreind atriði:

1. Að sjá bændum fyrir nauðsynlegum hagkvæmum lánum til endurbyggingar varanlegra íbúðarhúsa á jörðum sínum.
2. Að tryggja þeim bændum hæfilegan byggingarstyrk, er ekki geta staðið straum af nauðsynlegum byggingarlánum, svo að jarðir þeirra fari ekki í eyði af þeim sökum.

Í frv. því, er hér um ræðir, er vikizt undir nauðsynina um aukningu á lánsfénu með þeim einkennilega hætti, að það á að lækka um nálega $^1/_5$, eða úr ca. 250 þús. kr. niður í 200 þús. kr. árlegt útlánsfé Byggingar- og landnámssjóðs til húsabygginga í sveitum, þótt vitað sé, að fjöldi bænda sé nú á biðlista, og enn fleiri, sem ekki leita til sjóðsins af því, að þeir vita, að það er tilgangslaust eins og sakir standa.

Að því er snertir síðara atriðið, byggingarstyrkina, þá gerir frv. að vísu ráð fyrir nokkurri úrbót, en setur jafnframt reglur fyrir styrkveitingunni, sem minni hlutinn telur bæði óeðlilegar og ranglátar.

Ásamt 7. landskjörnum þingmanni, Jóni Sigurðssyni, höfum við undirritaðir borið fram hér í deildinni frv. um Byggingarsjóð sveitanna, á þingskj. 144.

Frv. þetta, sem að efni til hefir að baki sér einróma samþykkt nýafstaðins búnaðarþings, teljum við að fullnægi þeim höfuðkröfum, er hent hefir verið á hér að framan: Að auka útlánsfé Byggingar- og landnámssjóð og að ákveða, að ríkið leggi fram 100 þús. kr. á ári sem byggingarstyrk næstu 10 ár án óaðgengilegra kvaða á hendur styrkþegum.

Við leggjum því til, að frv. á þingskj. 72 verði afgreitt með svo hljóðandi

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Þar sem fyrir Alþingi liggur frv. um Byggingarsjóð sveitanna, sem gerir hvorttveggja, að fullnægja í ríkari mæli en hér er lagt til þeirri þörf, sem á því er að veita styrk til húsabygginga á sveitabýlum, og einnig hitt, að auka stórum lánsfé í því skyni, en í því frv., sem nú er til meðferðar, er í því efni tekið með annari hendinni það, sem veitt er með hinni, auk þess sem styrknum fylgja þar óeðlilegar

og ósanngjarnar kvaðir, telur deildin sjálfsagt að leggja það frumvarpið til grundvallar, sem bændastétt landsins má að verulegu gagni koma, og tekur því fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 2. apríl 1937.

Jón Pálmason, frsm. Pétur Ottesen.

Ed. 202. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 10 15. apríl 1928, um Landsbanka Íslands.

Flm.: Bernh. Stefánsson.

1. gr.

Fyrri málsgrein 40. gr. laganna orðist svo:
Nefndarfundur er lögmætur, ef fundinn sækja eigi færri en 8 nefndarmenn.

2. gr.

Við 43. gr. k-lið laganna bætist þessi málsgrein:
Þó má bankaráðið ekki, án þess samþykki landsbankanefndarinnar komi til, gefa einstökum aðilja, hvort sem um einstakling eða félag er að ræða, eftir skuldir við bankann, er nemi yfir kr. 100000,00. Gildir þetta um allar eftirgjafir, þar á meðal um heimild bankans til að greiða atkvæði með tillögu til nauðasamninga, ef eftirgjöf bankans nemur téðri fjárhæð.
Nú telja a. m. k. tveir af bankaráðsmönnunum, að ákvörðun meiri hluta bankaráðsins feli í sér eftirgjafir þær, er getur hér að framan, og geta þeir þá áfrýjað ákvörðun bankaráðsins til landsbankanefndarinnar. Kemur ákvörðun bankaráðsins þá ekki til framkvæmdar, nema landsbankanefndin leggi samþykki sitt á hana.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt samkvæmt beiðni fjármálaráðherra.
Framsóknarflokkurinn hefir ákveðið að beita sér fyrir því, að öll bankalöggjöf landsins verði endurskoðuð, og flytja fulltrúar hans í fjárhagsnefndum þingsins þingsályktunartillögu um það efni. Enda þótt það leiði af því, að allar meiri háttar breytingar á bankakerfi landsins, sem fyrirhugaðar kunni að vera, bíði athugunar slíkrar nefndar, ef skipuð verður, þá eru nokkrar breytingar, sem nauðsynlegar verða að teljast nú þegar og ekki er rétt að láta bíða þangað til milliþinganefnd hefði skilað áliti.
Frumvarp þetta felur í sér tvær breytingar, og verður gerð grein fyrir hvorri um sig.

Um 1. gr.

Það ákvæði er nú í landsbankalögunum, að 10 menn af 15 þurfi að sitja fund í landsbankanefndinni til þess að hann sé lögmætur. Þetta ákvæði getur gert yfirstjórn bankans óstarfhæfa. Það getur mjög auðveldlega komið fyrir, ef ágreiningsmál er til meðferðar, að minni hluti geri nefndina óstarfhæfa með því að mæta ekki á fundum. Engin frambærileg ástæða virðist fyrir því, að fleiri en 8 menn þurfi að vera á fundi til þess að ákvörðun sé lögleg, eins og ráð er fyrir gert í 1. gr.

Um 2. gr.

Samkvæmt 33. gr. laga nr. 10 15. apríl 1928, um Landsbanka Íslands, er yfirstjórn bankans í höndum landsbankanefndar og ráðherra þess, sem fer með bankamál. Bankaráð og framkvæmdarstjórar fara þó með hina daglegu framkvæmd, og er starfsvið þeirra nánar ákveðið í lögunum. Í 41. gr. c-lið nefndra laga er ákveðið, eftir að sérverkefni landsbankanefndar hafa verið skýrð, að nefndinni beri að taka ályktun um önnur mál, sem lögð verða fyrir nefndina samkvæmt lögum þessum eða eftir ósk bankaráðs eða ráðherra.

Samkvæmt þessu er það ljóst, að landsbankanefndin ræður úrslitum þeirra mála, sem þannig er til hennar vísað, og það enda þótt þau séu meðal þeirra mála, sem bankaráði og framkvæmdarstjórunum er annars ætlað að ráða fram úr.

Nefnd sú, sem undirbjó þessi ákvæði landsbankalaganna, skýrir afstöðu landsbankanefndarinnar þannig, að hún sé nánast hliðstæð hluthafafundi í hlutafélögum, þar sem hún sé í raun réttri fulltrúi Alþingis um stjórn bankans, en bankinn sé ríkiseign (sbr. nál. bankanefndar 1925, bls. 30 og bls. 59).

Nú verður það hinsvegar að viðurkennast, að þessi ákvæði gefa ekki næga tryggingu fyrir eðlilegri íhlutun landsbankanefndarinnar um hin stærstu mál. Þetta hefir reynslan sýnt áþreifanlega, — málum hefir yfirleitt ekki verið vísað til landsbankanefndarinnar.

Til þess að tryggja á eðlilegan hátt íhlutun nefndarinnar um sérstök vandamál er því réttast að ákveða nánar í lögunum um vald landsbankanefndarinnar í hinum þýðingarmestu málum. Er því í 2. gr. frumvarps þessa gert ráð fyrir, að ákvarðanir um eftirgjöf skulda hjá hinum stærstu skuldunautum geti ekki öðlazt gildi án samþykkis landsbankanefndarinnar. Eru ákvæði sérstaklega sett um þessi mál vegna þess, að ákvarðanir um meðferð þeirra fyrirtækja, sem ekki eiga fyrir skuldum, eru ein þýðingarmestu og vandasömustu mál, sem til úrlausnar koma í stjórn lánsstofnunar.

Er það og afaráríðandi, að ekki sé of greiður aðgangur að því, að skuldunautar lánsstofnana geti fengið eftirgjafir á skuldum sínum. Bankanefndin, sem undirbjó frumvarp það til bankalaga, sem núgildandi landsbankalög eru að mestu byggð á, leggur á þetta áherzlu í áliti sínu og segir svo m. a.: „Meiri hluti leggur því til, að svo fljótt sem fært þykir að gera breytingar á stjórnarskránni séu teknar upp í stjórnarskrána ákvæði um einkarétt bankans til seðlaútgáfu og ákvæði um, að eigi megi með einföldum lögum skuldbinda bankann til fjárgreiðslu eða eftirgjafa á skuldum gegn vilja bankaráðs og framkvæmdarstjórnar.“ Virðist í alla staði eðlilegt og m. a. í fullu samræmi við þá skoðun, sem hér kemur fram, að til þess að hægt sé að gefa eftir einum aðilja 100000 kr. eða þar yfir, þurfi bæði bankaráð og landsbankanefnd að veita til þess samþykki sitt. Hér við bætist svo sú sterka röksemd, að ríkissjóður hefir lagt fram áhættufé Landsbankans — stofnfé hans — og það er hans eign. Er því af þeirri ástæðu einni sjálfsagt, að eigi séu heimilar ótakmarkaðar eftirgjafir af skuldum án þess að samþykki landsbankanefndar komi til, þar sem hún fer fyrst og fremst með umboð Alþingis í stjórn bankans.

Nd. 203. Frumvarp til laga

um stofnun húsmæðrakennaraskóla Íslands og húsmæðraskóla í Reykjavík eða nágrenni hennar.

Flm.: Pétur Halldórsson, Jakob Möller, Sigurður Kristjánsson.

1. gr.

Í Reykjavík eða nágrenni hennar skal setja á stofn húsmæðraskóla og í sambandi við hann húsmæðrakennaraskóla Íslands.

Húsmæðraskólinn skal veita honum þá kunnáttu, sem nauðsynleg er hverri húsmóður og gerir hana færa um að gegna vel stöðu sinni.

Húsmæðrakennaraskóli Íslands, sem skal vera framhaldsdeild húsmæðraskólans, skal veita honum þá kunnáttu, sem gerir þær færar um að takast á hendur kennslu við húsmæðraskóla landsins eða við störfum, þar sem þörf er á svipaðri kunnáttu.

2. gr.

Skólinn skal hafa aðstöðu til að geta verið heimangönguskóli fyrir nemendur, sem heimili eiga í Reykjavík. Í skólanum skulu vera heimavistir fyrir 40 til 50 nemendur og kennslustofur eftir því sem þörf krefur, ennfremur íbúð fyrir forstöðukonu, fasta kennara og þjónustufólk, svo og annað húsrúm, er nauðsynlegt er slíkum skóla. Skólinn skal byggður eftir uppdrætti, samþykktum af kennslumálaráðuneytinu, að fengnum tillögum forstöðukonu og skólaráðs. Skal skólinn vera búinn öllum nauðsynlegum tækjum til kennslu húsmæðra og húsmæðrakennara.

3. gr.

Skólinn skal hafa til umráða allt að 5 ha. af landi, þar sem hafa má garðyrkju, alifuglarækt og annan búskap, eftir því sem þörf þykir og ástæður leyfa.

4. gr.

Skólanum stýrir forstöðukona, er tekið hefir próf í húsmæðrakennarafræðum. Skal hún skipuð af kennslumálaráðuneytinu, eftir tillögum skólaráðs. Fastir kennarar skulu skipaðir af kennslumálaráðuneytinu, með samþykki forstöðukonu og skólaráðs, en aðra starfsmenn ræður forstöðukona með samþykki skólaráðs. Í skólaráði skulu sitja 3 konur. Skal 1 vera skipuð af kvenfélagasambandi Íslands, 1 af bæjarstjórn Reykjavíkur og 1 af stjórnarráði Íslands, og skal hún vera formaður skólaráðs.

5. gr.

Ríkissjóður leggur fram $^2/_3$ af stofnkostnaði skólans, gegn $^1/_3$ annarsstaðar að. Starfræksla skólans skal kostuð af ríkisfé, og stendur skólinn undir umsjón kennslumálaráðuneytisins, sem setur reglugerð um fyrirkomulag hans, svo og hverjar námsgreinir kenndar séu.

6. gr.

Lög þessi öðlast gildi nú þegar og koma til framkvæmdar, þá er fé hefir verið veitt til stofnunar skólans samkv. 5. gr. hér að framan. Skólaráð og forstöðukonu skal skipa strax og fé hefir verið veitt til stofnunar skólans.

Greinargerð.

Frumvarpið er samið að tilhlutun kvenfélagasambands Íslands, sem hefir látið fylgja því til flutningsmanna eftirfarandi athugasemdir og skýringar.

Þrátt fyrir ýmsar breytingar, sem á seinni árum hafa orðið í þjóðlífinu, stendur sú staðreynd þó óhögguð, að aðalstarf flestra kvenna er húsmóðurstarfið. Það skiptir miklu fyrir þjóðfélagið, að það starf sé vel rækt. Á því veltur að miklu leyti uppeldi hinnar uppvaxandi kynslóðar og hagnýting efna þeirra, er þarf til að fæða og klæða þjóðina. Þetta getur því aðeins farið vel úr hendi, að hinum ungu konum sé gefinn kostur á að afla sér þeirrar menntunar, sem gerir þær hæfar til að leysa starf sitt vel af hendi, bæði í andlegum og verklegum efnum. Þessa fræðslu eiga þær að fá á heimilunum, í barnaskólum og húsmæðraskólum. Skulum vér nú sérstaklega taka húsæðraskólamálið til athugunar.

Það eru nú rúm 60 ár síðan hinn fyrsti kvennaskóli var settur á stofn hér á landi, og 38 ár síðan fyrsti húsmæðraskóli landsins tók til starfa. Síðan þessir skólar hófu göngu sína, hefir mikil breyting orðið á menntamálum kvenna. Konur hafa

fengið aðgang að öllum skólum landsins. Einnig hafa verið stofnsettir margir sérskólar fyrir konur. Það mætti því virðast svo sem eigi væri þörf nýrra skóla til menntunar kvenna. Þetta er þó eigi svo í raun og veru, og skulu hér færð nokkur rök því til sönnunar.

Sem stendur er nú húsmæðrafræðsla veitt í þessum skólum:

Vestfirðir: 1 skóli (á Ísafirði, 2 fjögra mán. námskeið, nemendur samt. 32).

Suðvesturland: 1 skóli (á Staðarfelli, 15 nemendur 7½ mán., 22 stúlkur hafa sótt síðastliðið ár).

Norðurland: 2 skólar (á Blönduósi og Laugum; á Blönduósi eru nú 33 nemendur, átta mán. námskeið. Fyrir næstu ár hafa nú þegar sótt 50 stúlkur. Á Laugum eru 15 nemendur 6 mán. Auk þess sem bráðlega mun verða komið upp skóla í Eyjaf.).

Austurland: 1 skóli (á Hallormsstað, 25 nemendur, 6 mán.).

Suðurland: 1 skóli (Húsmæðradeild kvennaskólans í Reykjavík hefir nú þriggja mán. námskeið, 12 nem. á hvoru).

Auk þess sem hér er greint, hefir verið reynt að bæta úr brýnni þörf með umferðakennslu og stuttum námskeiðum víðsvegar um land.

Eins og séð verður af ofangreindu, munu um 188 nemendur geta notið kennslu í skólum þeim, sem nú eru til. Árið 1930 voru heimili á landinu talin 20976 alls, og skiptast þau þannig: Suðvesturland 9267, Vestfirðir 2450, Norðurland 4934, Austurland 1907, Suðurland 2418. Virðist skýrsla þessi bera með sér, að á Vestur-, Norður- og Austurlandi sé sæmilega séð fyrir húsmæðrafræðslunni. Aftur á móti virðist svo sem löggjafarnir hafi gleymt Suðvesturlandi (a. u. Dalasýslu), Suðurlandi og Reykjavík, þar sem þó eru 9636 heimili og 2526 stúlkur á 15—19 ára aldri, þar af í Reykjavík einni 5574 heimili og 1512 stúlkur á 15—19 ára aldri.

Eins og kunnugt er, hafa íslenzkir húsmæðrakennarar hingað til þurft að sækja menntun sína til útlanda. Nú er það ljóst, að hvert land hefir að einhverju leyti sérstöðu með tilliti til framleiðslu fæðuefna. Er því nauðsynlegt, að húsmæðrakennarar hafi sem víðtækasta þekkingu á innlendri fæðuefnafræði og matargerð, jafnframt því sem tekið er tillit til þeirra nýjunga, sem fram koma, innanlands sem utan, í þessari grein. En til þess að þetta geti orðið, þarf að koma á stofn innlendum skóla fyrir húsmæðrakennara, þar sem þeir geti öðlazt menntun, sem sé á borð við það, sem krafizt er af slíkum kennurum á Norðurlöndum.

Gegnum hendur húsmæðranna fara matvæli og fatnaður, og þar af má telja innlendar búsafurðir og fisk 19 millj. króna virði. En vefnaðarvörur og fatnaður hafa verið flutt til landsins fyrir 8400000 kr. Þar við bætist svo kornvara og nýlenduvörur, sem einnig skipta milljónum.

Þar sem vér höfum nú sýnt fram á þörfina á því að stofnsetja nýjan húsmæðraskóla, virðist oss sjálfsagt, að hann verði byggður þannig, að þar geti verið framhaldsdeild fyrir þær konur, sem vilja fá kennaramenntun í húsmæðrafræðum.

Við samningu laganna höfum vér lagt til grundvallar lög nr. 37 1917, um stofnun húsmæðraskóla á Norðurlandi. Að því er snertir einstakar greinar frumv. viljum vér taka fram það, sem hér segir:

Við 1. gr.

Skóli sá, er hér ræðir um, er ætlazt til, að sé í tveimur deildum, húsmæðraskóli og húsmæðrakennaraskóli. Viljum vér leggja sérstaka áherzlu á, að skóli þessi standi í eða við Reykjavík, bæði með tilliti til vöntunar á húsmæðraskóla þar, og einnig vegna þess, að það er álit vort, að húsmæðrakennaraskólinn hafi hvergi á landinu jafngóð skilyrði til að hagnýta það bezta, sem völ er á hér á landi að því er varðar kennslukrafta, kennsluáhöld og hráefni.

Í húsmæðradeildinni á að kenna öll þau fræði, sem nauðsynleg eru húsmæðrum, hvort heldur er í kaupstöðum eða sveitum. Kennsla sé bæði verkleg og bókleg. Námstímann mætti miða við 5 mánuði, og væri þá hægt að hafa tvö námskeið á ári hverju. Skóla þessum er ætlað sama verkefni og öðrum húsmæðraskólum landsins.

Húsmæðrakennaraskólinn er hugsaður sem sjálfstæð deild, er taki við þeim nemendum, sem fullnaðarpróf hafa tekið í húsmæðradeildinni eða öðrum húsmæðraskólum landsins og vilja afla sér kennaramenntunar. Vér hyggjum, að námstími í skóla þessum þurfi að vera 2 ár. Ætla þyrfti skólanum húsrúm fyrir 10—12 nemendur. Teljum vér sjálfsagt, að þessir nemendur verði alltaf í heimavist. Próf frá skóla þessum veitir aðgang að kennarastöðum við húsmæðraskóla landsins og við verklegar námsgreinir í barnaskólunum. Einnig ættu þær konur, sem slíkt próf hafa tekið, öðrum fremur að sitja fyrir, þegar veittar eru ráðskonustöður við heimavistarskóla, sjúkrahús eða aðrar slíkar stofnanir.

Við 2. gr.

Ætlazt er til, að skóli þessi verði aðallega heimavistarskóli. En sjálfsagt þykir, að hann geti einnig verið heimangönguskóli fyrir stúlkur úr Reykjavík. Ennfremur er ætlazt til, að þar verði haldin stutt námskeið fyrir húsmæður í Reykjavík. Af þeim 50 heimavistum, sem gert er ráð fyrir, verður stöðugt að ætla 10 til 12 fyrir nemendur húsmæðrakennaraskólans.

Til undirbúnings skólans þarf að vanda eftir beztu föngum. Er því gert ráð fyrir, að leitað sé til sérfræðinga í húsmæðrafræðum um fyrirkomulag byggingarinnar og allan útbúnað. Séð skal fyrir því, að skólinn hafi aðstöðu til rannsókna á hagnýtingu ýmsra innlendra fæðuefna og njóti aðstoðar rannsóknarstofnana ríkisins í þeim efnum. Um ýmsar námsgreinir, svo sem heilsu- og lífeðlisfræði, meðferð ungbarna o. fl. mundi skólinn að sjálfsögðu þurfa að njóta styrktar Háskóla Íslands og landsspítalans.

Við 3. gr.

Nauðsynlegt þykir, að skólinn hafi land til umráða. Ætti það að liggja umhverfis skólabyggingarnar, vera í góðu skjóli og vel fallið til ræktunar, einkum garðyrkju og trjárækt. Á skólanum þarf að fara fram garðyrkjukennsla, bæði verkleg og bókleg. Ennfremur kennsla í meðferð mjólkurkúa, svína og alifugla. Allt þetta þarf að vera í sambandi við skólann, — þó í smáum stíl — en starfrækt þannig, að til fyrirmyndar sé, enda ætlazt til, að nemendur taki virkan þátt í þessum störfum.

Við 4. gr.

Gert er ráð fyrir, að ein forstöðukona stýri báðum deildum skólans. Skal hún hafa sér til aðstoðar kennslukonu, er aðallega sér um húsmæðraskólann, svo og aðra kennslukrafta, er þörf er á. Forstöðukonan þarf að hafa mjög góða menntun í öllum þeim greinum, sem að húsmæðrafræðslu lúta, enda sé vandað til annara kennslukrafta. Til umsjónar með skólanum sé skipað skólaráð. Í því sitji konur eingöngu. Það á að vera í ráðum með forstöðukonu um öll vandamál skólans.

Við 5. gr.

Ætlazt er til, að ríkissjóður leggi fram $^2/_3$ af stofnkostnaði skólans, en Reykjavíkurbær eða aðrir $^1/_3$. Þetta ákvæði er í samræmi við lög nr. 37 26. okt. 1917, um stofnun húsmæðraskóla á Norðurlandi. Réttmætt þykir, að Reykjavíkurbær leggi fram ofangreindan hluta af stofnkostnaðinum, þar eð stofnun þessa skóla mundi bæta úr mjög aðkallandi þörf og verða til ómetanlegs gagns fyrir bæinn, beint og óbeint. Hinsvegar er oss fyllilega ljóst, að ríkis- og bæjarsjóður hafa, eins og nú standa sakir, lítið fé til umráða fram yfir brýnustu útgjöld. En vel má þó byrja undirbúning allan þegar á þessu ári. Mundi atvinnubótavinnan verða til meiri nytsemdar á annan hátt en þann, að hún væri látin ganga til undirbúnings byggingar húsmæðraskóla? — Vér vonum fastlega, að ríkisstjórnin og bæjarstjórn Reykjavíkur taki þetta mál til athugunar og komi því til leiðar, að framkvæmdir hefjist sem allra fyrst.

Í reglugerð er ætlazt til, að séu nákvæm ákvæði um alla stjórn og fyrirkomulag skólans, hvernig kennslunni verði hagað og hverjar námsgreinir kenndar séu.

Við 6. gr.

Þarf eigi skýringar að öðru en því, að rétt þykir, að forstöðukona og skólaráð geti verið með í ráðum um allan undirbúning varðandi skólann, þar sem með því má koma í veg fyrir ýmiskonar mistök.

Akureyri, 4. september 1935.

Jónína Sigurðardóttir. Ragnhildur Pétursdóttir. Margrét Friðriksdóttir.

Nd. 204. Tillaga til þingsályktunar

um rannsókn verkefna fyrir unga menn.

Flm.: Bjarni Bjarnason.

Neðri deild Alþingis ályktar að fela ríkisstjórninni að láta fram fara, svo fljótt sem við verður komið, ýtarlega rannsókn á því, á hvern hátt bezt verði ráðið fram úr atvinnuleysi ungra manna í landinu, með það fyrir augum sérstaklega, að starfskraftar þeirra notist í þágu framleiðslunnar og til aukningar varanlegra verðmæta á annan hátt.

Nd. 205. Frumvarp til laga

um eignar- og notkunarrétt jarðhita.

Flm.: Bjarni Bjarnason, Jörundur Brynjólfsson.

1. gr.

Landareign hverri fylgir réttur til umráða og hagnýtingar á hverum og laugum (jarðhita), sem á henni eru, þó með takmörkunum þeim, sem lög þessi tilgreina.

2. gr.

Óheimilt er landeiganda eða umráðamanni að spilla hverum eða laugum á landi sínu, hvort sem það er með ofaníburði, framræslu eða með öðrum hætti, nema það sé talið nauðsynlegt samkvæmt matsgerð, til varnar því landi eða landsnytjum. Óheimilt er hvera- eða landeiganda að breyta að nokkru leyti farveg þess vatns, er hverinn þeytir frá sér, eða afrennsli laugar.

3. gr.

Landeiganda er rétt að hagnýta sér hveri og laugar eins og honum þykir bezt henta til heimilisþarfa, framleiðslu og iðnaðar, sbr. þó 4. gr.

Hann hefir rétt til að stífla frárennsli úr þeim, hlaða bakka um þau, gera garða um þau, ræsa fram ofanjarðar eða neðan án þess hætta stafi af eða veruleg óþægindi fyrir umferð eða spjöll á eign annars manns, sem ekki er skylt að hlíta samkvæmt sérstakri heimild. Skylt er landeiganda að girða umhverfi hvera og lauga, ef sérstök hætta stafar af.

4. gr.

Nú liggja landamerki um hverasvæði, þannig, að einhver hluti hveragufunnar eða loftsins eða laugavatns liggur svo í landareign tveggja eða fleiri landeigenda, að ekki verður aðskilið, þegar hagnýtt er, og skal þá með mati skorið úr því, hvern hlutfallslegan rétt hver jörð hefir til jarðhitaorkunnar.

Ef landeigendur verða ekki ásáttir að öðru leyti um réttindi til hagnýtingar, skal mat skera úr.

Nú vill annar eða einhver jarðeigenda hagnýta hvera- eða laugaorkuna, sem er sameiginleg, en hinn eða hinir ekki, og getur þá sá, er hagnýta vill, notað alla orkuna kauplaust, en mannvirkjum skal hann haga þannig, ef við verður komið, að sá eða þeir, sem ekki taka þátt í verkinu, megi síðar hagnýta sér þann hluta orkunnar, sem hann eða þeir eiga tilkall til, án þess að breyta þurfi mannvirkjum að mun, og kostnað, sem leiðir af slíkri tilhögun, skal sá eða þeir, er síðar koma til, greiða. Nú hagnýtir sá eða þeir, er ekki tóku þátt í mannvirkjagerð, sér síðar orkuna og nota mannvirkin, og skal hann eða þeir þá taka þátt í stofnkostnaði og viðhaldi. Framanskráð ákvæði gilda með afbrigðum eftir atvikum, ef nokkrir landeigendur, þegar um fleiri en tvo er að ræða, vilja hagnýta sér orkuna, en hinn eða hinir ekki. Ef ágreiningur rís um atriði þau, er að framan greinir, sker mat úr.

5. gr.

Nú vill jarðareigandi ekki leggja neinn kostnað fram til hagnýtingar hveraorku á jörðinni, og er þá ábúanda heimilt að hagnýta hana á sinn kostnað, þó þannig, að hann spilli ekki jörðu að neinu leyti. Má því ekki byrja á verkinu fyrr en það hefir verið álitið af matsmönnum og þeir talið það réttmætt.

6. gr.

Landeigandi má ekki undanskilja landareign sinni jarðhitaréttindi, nema með sérstöku leyfi ráðherra. Um kaup á slíkum réttindum fer sem um landkaup.

Þeim, er jarðhitasvæði eiga eða jörð, þar sem hverir eða laugar eru, skal skylt við sölu slíkra eigna að bjóða ríkissjóði þær til kaups áður en þær eru seldar öðrum.

Landbúnaðarráðuneytið skal innan fjögra vikna frá því, er því barst kauptilboðið, segja til, hvort ríkissjóður vill nota forkaupsrétt sinn. Að öðru leyti fer um sölu slíkra eigna og forkaupsrétt eins og fyrir er mælt í lögum nr. 55 15. júní 1926.

7. gr.

Ríkissjóður á rétt á að taka hveraorku jarðar eignarnámi til almenningsafnota.

Ef héraðsstjórn (kaupstaður, sýsla eða hreppur) telur rétt að taka hveraorku einhverrar jarðar til almennra afnota í héraðinu, og fær til þess samþykki ráðherra, þá hefir hún rétt til að taka orkuna eignarnámi, þó þannig, að jarðareigandi eða umráðamaður hafi eftir nægilega hveraorku til nauðsynja sinna, til eigin heimilis- og búsþarfa, nema hann óski heldur endurgjalds í peningum einnig að því leyti. Um eignarnámið fer að öðru leyti eftir lögum nr. 61 14. nóv. 1917.

8. gr.

Nú er hveraorka talin meiri en svo, að hún nægi jarðareiganda einum og héraðsbúum, eftir að fram hefir farið rannsókn sú, sem rætt er um í 10. gr., og hefir ríkið þá rétt til að taka hverina eignarnámi á sama hátt, sem segir í 7. gr.

9. gr.

Þegar búið er að taka hverina eignarnámi, sbr. 7. og 8. gr., eru landeigendur og leiguliðar á því svæði, sem orkan á að koma til afnota, skyldir að þola öll mannvirki, er af notkun leiðir, á löndum sínum og lóðum, svo og láta af hendi land og mannvirki og þola hverskonar afnot af landi, takmarkanir á umráðarétti og óþægindi, sem nauðsynleg eru vegna framkvæmdar verksins, viðhalds þess og starfrækslu, gegn fullu endurgjaldi, sem ákveðið skal með mati, ef samkomulag næst ekki.

10. gr.

Ríkið hefir rétt til að láta rannsaka hveraorku með borun eða á annan hátt, hvar sem er á landi hér. Er landeigandi eða umráðamaður skyldur til að leyfa mönn-

um þeim, er ríkið gerir út í þeim tilgangi, óhindraðan aðgang að landareigninni. Verði landið fyrir einhverjum skemmdum við rannsóknina, eða bíði landeigandi eitthvert tjón af henni, skal það bætt að fullu eftir mati, náist ekki samkomulag. Enga aðstoð er landeigandi eða umráðamaður skyldur að láta í té við rannsóknina, nema fyrir fulla borgun.

11. gr.

Eigendum eða umráðamönnum jarða, þar sem jarðhiti er, eða jarðhitasvæði eiga, er heimilt að leita aðstoðar ríkisins við rannsókn jarðhitans. Skal ríkið veita mönnum slíka aðstoð ókeypis, eftir því sem ástæður leyfa og fé er veitt til þess í fjárlögum. Á sama hátt skal ríkið veita mönnum aðstoð um samning kostnaðaráætlunar um notkun jarðhitans.

12. gr.

Um rafmagnsveitur eða rafstöðvar, sem jarðhita nytja, fer eftir ákvæðum vatnalaga, um raforkuver og veitur, og eftir ákvæðum laga nr. 7 15. júní 1926, um raforkuvirki. Um hitaveitur fer eftir ákvæðum laga þeirra, er á hverjum tíma gilda um öryggi og eftirlit með verksmiðjum og vélum, en að öðru líkt og um vatnsveitur samkvæmt vatnalögum.

13. gr.

Um matsgerðir þær, er getur í lögum þessum, skal fara eftir ákvæðum vatnalaga, nr. 15 frá 1923.

14. gr.

Ákvæði laga, er koma í bága við lög þessi, eru úr gildi felld.

15. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Jarðhiti hér á landi hefir vafalaust mikið verðmæti í sér fólgið fyrir land og lýð. Það varðar þess vegna ekki litlu, á hvern hátt hann verður notaður. Af löggjafarvaldsins hálfu hefir lítið verið gert til þess að greiða fyrir notkun jarðhitans og tryggja það, að þessum hlunnindum verði ekki spillt.

Frumvarp þetta er flutt með það fyrir augum, að tryggja almenningi, eftir því sem hægt er, not þessara verðmæta og vernda þau fyrir því, að þeim verði spillt.

Fyrir nokkrum árum var frumv. um þetta efni flutt á þingi, og í sumum atriðum er efni þessa frumv. svipað, en heildarstefna þess er þó á allt annan veg.

Nánar í framsögu.

Nd. 206. Frumvarp til laga

um breyting á og viðauka við lög nr. 66 27. júní 1921, um fasteignaskatt.

Flm.: Hannes Jónsson.

1. gr.

Fasteignaskattur, er fellur í sýslum landsins, greiðist í sýslusjóð sýslu þeirrar, er fasteignin liggur í, fyrsta sinn 1937. Skatt þennan getur sýslunefnd hækkað að helmingi.

2. gr.

Lögreglustjóri greiðir oddvita sýslunefndar skatt þennan jafnóðum og hann er innheimtur.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frv. samhljóða þessu var flutt á þingunum 1934 og 1935. Engar líkur sýnast fyrir því, að hægt verði á þessu þingi að fá samkomulag um afgreiðslu fullkominnar löggjafar um tekjuöflun sveitar- og bæjarfélaga. En þar sem frv. þetta hefir fengið góðar undirtektir um land allt, og sjáanlegt, að það bætir mikið um frá því sem er, þá sýnist rétt að gera tilraun til að fá ákvæði þess staðfest nú sem bráðabirgðalausn á þessu máli. Að öðru leyti vísast til greinargerðar með frv. 1934, sem er svo hljóðandi:

Þær breytingar á gildandi lögum, sem í frumvarpi þessu felast, eru aðeins tvær. Önnur sú, að fasteignaskattinum er breytt úr því að vera ríkisskattur, í það að vera skattur til sýslusjóða. Hin, að heimild er gefin til þess að hækka hann, ef sýslunefnd vill, þó innan þröngra takmarka.

Hin fyrri þessara breytinga er grundvallarbreyting, og þykir því rétt að fara um hana nokkrum orðum. Það, sem um hana er sagt, á og einnig við hina síðari.

Samkvæmt gildandi lögum er héruðunum veitt talsvert rifleg sjálfstjórn á pappírnum. Og fram til síðustu tíma var kjördæmaskiptingu þannig fyrir komið, að allmikil trygging var fyrir héraðsvaldið, þótt kjördæmaskiptingin í sjálfu sér verði ekki talin liður í sjálfstjórn héraðanna.

Með stjórnarskrárbreytingunni og kosningalögunum nýju var þessu þó allmjög raskað, þannig, að áhrifavald héraðanna á Alþingi er stórum rýrt, og er því ástæða til þess að vera vel á verði um sjálfstjórn héraðanna.

Þeir skattstofnar, sem héruðunum eru ætlaðir og þau mega ekki án vera, hafa stórrýrnað á síðustu árum, enda á þá gengið af ríkisvaldinu. En af þessu leiðir fjárhagsleg vandræði héraðanna, og má svo fara, ef fram er gengið svo sem nú horfir, að héruðin verði allsendis ófær til að inna af hendi skyldur sínar lögum samkvæmt, og þá því fremur með öllu máttvana til þess að gera nokkuð umfram ströngustu lagaskyldur. Er þá svo komið, að héraðsleg sjálfstjórn er að engu orðin, nema á pappírnum, og héraðsstjórnirnar sjálfar ekki annað en sýslunarmenn ríkisvaldsins.

Bændaflokkurinn telur þessa stefnu stórhættulega og þjóðinni til ófarnaðar.

Frumvarpið er því fram borið fyrst og fremst til þess að marka stefnu flokksins í þessu máli, með því að tryggja héruðunum varanlegan tekjustofn, sem ekki verði seilzt inn á af öðrum, og leggja þannig tryggari grundvöll að raunverulegri sjálfstjórn héraðanna, en án fjármagns er hún engin.

Fasteignaskatturinn hefir orðið fyrir valinu, bæði af því, að fasteignir eru taldar eðlilegasti tekjustofn héraðanna, auk skatts af tekjum og eignum, og svo vegna þess, að löggjafinn hefir þegar fengið þær héruðunum í þessu skyni að nokkru leyti (lóða- og húsaskatturinn í ýmsum bæjum, sýsluvegasjóðsskattur).

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir, að skatturinn renni í sýslusjóð, og er það gert sakir þess, að flestar meiri háttar framkvæmdir ná til meira en eins hreppsfélags, og njóta hreppsfélögin því styrks til þeirra úr sýslusjóði.

Þetta frumvarp er að vísu aðeins byrjun á mikilsverðu máli og langt frá því að vera nokkur fullnaðarlausn þess. Fjárhæðin, sem um er að ræða, er einnig lítil, og engan veginn svo að nægi, þótt ekki hafi þótt rétt að fara lengra að sinni.

Samkvæmt síðasta fasteignamati nemur skatturinn því, sem hér segir, og skiptist þannig:

Sýslur:	Landverð		Húsaverð		Skattur
	Matsverð kr.	Skattur kr.	Matsverð kr.	Skattur kr.	samtals kr.
Rangárvalla-	1562600	4687,80	1296000	1944,00	6631,80
Árnes-	3416300	10249,00	3685400	5527,00	15776,00
Gullbringu-	1827000	5481,00	3037100	4555,00	10036,00
Kjósar-	1669300	5007,90	2050100	3075,00	8082,90
Borgarfjarðar-	1645600	4936,80	2336700	3505,00	8441,80
Mýra-	1190900	3572,20	1666500	2499,70	6071,90
Snæf.- og Hnapp.-	1349400	4048,30	1889600	2834,20	6882,50
Dala-	1014800	3044,40	608800	913,00	3957,60
A.-Barð.-	442000	1326,00	321900	482,90	1808,90
V.-Barð.-	574300	1725,00	1216000	1824,00	3549,00
V.-Ísafjarðar-	654700	1964,00	1724700	2587,00	4541,00
N.-Ísafjarðar-	1168500	3505,50	2222000	3333,00	6838,50
Stranda-	665100	1995,30	697400	1046,00	3041,30
V.-Húnavatns-	838000	2514,00	586800	880,00	3394,00
A.-Húnavatns-	1224800	3674,00	1018000	1527,00	5201,00
Skagafjarðar-	1992400	5977,20	1674400	2511,60	8488,80
Eyjafjarðar-	2218000	6654,00	2697100	4045,60	10699,60
S.-Þingeyjar-	1824700	5474,10	2510800	3766,20	9240,30
N.-Þingeyjar-	892000	2676,00	1115400	1673,10	4349,10
N.-Múla-	1617400	4852,20	1240300	1860,00	6712,20
S.-Múla-	1673000	5019,00	3192600	4788,90	9807,90
A.-Skaft.-	500500	1501,50	730300	1095,40	2596,90
V.-Skaft.-	610000	1830,00	706800	1060.20	2890,20
Samtals	30571300	91715,20	38224700	57334,00	149049,20

Ed. 207. Nefndarálit

um frv. til laga um veiting ríkisborgararéttar.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin leggur til, að frv. verði samþ. óbreytt.

Alþingi, 6. apríl 1937.

Sigurjón Á. Ólafsson, form., með fyrirv. | Ingvar Pálmason, fundaskr. | Magnús Guðmundsson, frsm.

Nd. 208. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á 10. gr. tilskipunar um fjárforráð ómyndugra á Íslandi, 18. febr. 1847.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin leggur til, að frv. verði samþykkt.

Alþingi, 5. apríl 1937.

Héðinn Valdimarsson, form. | Garðar Þorsteinsson, frsm. | Bergur Jónsson, fundaskr

Thor Thors. | Stefán Jóh. Stefánsson.

Nd. 209. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 50 31. maí 1927, og lögum nr. 70 28. desember 1934, um gjald af innlendum tollvörutegundum.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Í stað ákvæðanna í 2. gr. laga nr. 50 31. maí 1927, um gjald af innlendum tollvörutegundum, og í 1. gr. laga nr. 70 28. des. 1934, um breyting á þeim lögum, komi svo hljóðandi ákvæði:

Fyrir tollvörutegundir, sem tilbúnar eru hér á landi, skal greiða gjald í ríkissjóð, er miða skal við aðflutningsgjaldið á hverri tollvörutegund eftir tolllögum þeim, er gilda hverju sinni, þannig:

1. Fyrir gosdrykki, ⅓ aðflutningsgjalds.
2. a. Fyrir öl, nema maltöl, ⅓ aðflutningsgjalds.
   b. Fyrir maltöl, ⅙ aðflutningsgjalds.
3. Fyrir óáfeng vín, ½ aðflutningsgjald.
4. Fyrir aldinsöft, límonaðisöft, litað sykurvatn með kjörnum og aðra slíka drykki og vökva, ⅓ aðflutningsgjalds.
5. Fyrir tóbaksvindla og tóbaksvindlinga, ½ aðflutningsgjald.
6. Fyrir kaffibæti og kaffilíki, ⅓ aðflutningsgjalds.
7. Fyrir sætindi, svo sem brjóstsykur, karamellur, lakkrís og lakkrísvörur, mótað sætt marsipan, sykraða ávexti, sætar brenndar möndlur, tyggigúmmí, átsúkkulaði, rjómasúkkulaði, mjólkursúkkulaði (nýmjólkursúkkulaði), undanrennusúkkulaði, súkkulaðihúðað munngæti (t. d. kremsúkkulaði, krókantsúkkulaði, marsipansúkkulaði, núgatsúkkulaði og konfekt), ávaxtasúkkulaði, hnotsúkkulaði, möndlusúkkulaði, rjómasúkkulaðihúð og mjólkursúkkulaðihúð, kókosbollur, „negrakossa“ og rjómalengjur, ½ aðflutningsgjald.
8. Fyrir allar tegundir af hreinu súkkulaði, t. d. suðusúkkulaði, iðnsúkkulaði og súkkulaðihúð, aðrar en þær, sem falla undir 7. tölulið þessarar greinar, ½ aðflutningsgjald.

Verði ágreiningur um það, hvaða vörur skuli taldar og ekki taldar til framangreindra tollflokka, fellir fjármálaráðherra um það fullnaðarúrskurð.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 210. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 41 27 júní 1921, um breyting á 1. gr. tolllaga, nr. 54 11. júlí 1911.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

1. málsgr. 1. gr. laganna orðist svo:

Þegar fluttar eru til landsins eftirtaldar vörur, skal af þeim greiða aðflutningsgjald í ríkissjóð eins og hér segir:

1.	Af allskonar gosdrykkjum	kr.	0.30 af hverjum lítra
2.	Af allskonar öli	—	0.80 — — —
3.	a. Af hvítvíni, rauðvíni, freyðivíni og öðrum svipuðum vínum	—	1.00 — — —

	b. Af kínavíni, madeira, malaga, portvíni, sherry, tokajervíni, vermouth og öðrum svipuðum vintegundum	kr.	2.00	af hverjum		lítra
4.	a. Af vökvum, sem í er vínandi (aethylalkóhól) og aðfluttir eru til eldsneytis og iðnaðar og gerðir ódrykkjarhæfir undir umsjón yfirvalds	—	2.00	—	—	—
	b. Af ilmvötnum og hárlyfjum, sem vínandi er í	—	4.00	—	—	—
	c. Af öðrum áfengum drykkjum og vökvum en þeim, sem falla undir 3., 4. a. og b. og 5. tölulið þessarar greinar,					
	með 47% vínanda að rúmmáli eða minna	—	3.00	—	—	—
	— 47%—71% vínanda af rúmmáli	—	4.00	—	—	—
	— 71% eða meiri hundraðshluta af vínanda	—	5.00	—	—	—
5.	Af áfengum kjörnum, aldinsafa, aldinsöftum, límonaðisöftum, lituðu sykurvatni með kjörnum, óáfengum vínum og öðrum slíkum drykkjum og vökvum, sem ekki eru taldir í öðrum liðum	—	1.50	—	—	—
	Undanþegin þessum tolli er berjakvoða (pulp), sem flutt er til landsins til sultugerðar.					
	Ef vörutegundir þær, sem taldar eru í 1.—5. tölulið hér að framan, eru innfluttar í ílátum, sem rúma minna en lítra, skal greiða sama gjald af hverjum ¾ lítra sem af lítra í stærri ílátum.					
6.	a. Af óunnum tóbaksblöðum	—	4.00	— hverju		kg.
	b. Af allskonar unnu tóbaki, neftóbaki, munntóbaki og reyktóbaki	—	6.40	—	—	—
7.	a. Af tóbaksvindlum	—	16.00	—	—	—
	b. Af tóbaksvindlingum	—	20.80	—	—	—
8.	a. Af óbrenndu kaffi allskonar	—	0.60	—	—	—
	b. Af brenndu kaffi allskonar	—	0.80	—	—	—
9.	Af kaffibæti, kaffilíki hverskonar og kaffilíkisblöndum	—	1.60	—	—	—
10.	Af sykri og sírópi	—	0.15	—	—	—
11.	Af tei	—	1.50	—	—	—
12.	a. Af kakaódufti og kakaómalti	—	0.50	—	—	—
	b. Af kakaóbaunum, brenndum, muldum og ómuldum	—	0.50	—	—	—
	c. Af kakaóbaunum, óbrenndum og ómuldum	—	0.35	—	—	—
13.	Af allskonar sætindum, svo sem brjóstsykri, karamellum, lakkrísi og lakkrísvörum, mótuðu sætu marsipani, sykruðum ávöxtum, sætum brenndum möndlum, tyggigúmmí, átsúkkulaði, rjómasúkkulaði, mjólkursúkkulaði (nýmjólkursúkkulaði), undanrennusúkkulaði, kokosbollum, „negrakossum“ og rjómalengjum, súkkulaðihúðuðu munngæti (t. d. kremsúkkulaði, krókantsúkkulaði, marsipansúkkulaði, núgatsúkkulaði og konfekti), ávaxtasúkkulaði, hnotsúkkulaði, möndlusúkkulaði, rjómasúkkulaðihúð og mjólkursúkkulaðihúð	—	3.00	—	—	—
14.	a. Af öllum tegundum af hreinu súkkulaði (t. d. suðusúkkulaði, iðnsúkkulaði og súkkulaðihúð) öðrum en þeim, sem falla undir 13. tölulið	—	1.50	—	—	—
	b. Af kakaódeigi	—	1.00	—	—	—

Verði ágreiningur um það, hvaða vörur skuli taldar og ekki taldar til framangreindra tollflokka, fellir fjármálaráðherra um það fullnaðarúrskurð.

2. gr.

Til ársloka 1938 er ríkisstjórninni heimilt að innheimta með 25% viðauka aðflutningsgjald það, sem ákveðið er í 1. gr. laga þessara. Undanþegin viðaukanum eru þó sykur, síróp, brennt og óbrennt kaffi, kaffibætir og öl.

3. gr.

Lög nr. 12 3. júní 1933, lög nr. 73 28. des. 1934 og lög nr. 126 31. des. 1935 eru úr gildi numin. Ennfremur eru úr gildi numdar 2. og 3. málsgr. 2. gr., 3. gr., 1. og 2. málsgr. 4. gr., 5. gr., 6. gr., 12. gr., 14. gr. og 15. gr. tolllaga, nr. 54 11. júlí 1911.

Ákvæði 5. gr., 6. gr., 7. gr., 2. málsgr. 8. gr., 12. gr. og 14. gr. vörutollslaganna skulu einnig gilda, eftir því sem við á, um gjald samkvæmt 1. gr. þessara laga.

Gefa skal út heildarreglugerð, þar sem safnað er saman öllum ákvæðum um innflutningstolla, framkvæmd tollheimtu og tollgæzlu.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 211. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 54 15. júní 1926, um vörutoll.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

4. gr. vörutollslaganna orðist svo:

Vörutollinn skal greiða gjaldheimtumanni — tollstjóranum í Reykjavík, sýslumönnum, bæjarfógetum, sérstökum lögreglustjórum í kaupstúnum — þar sem vöru, samkvæmt aðalfarmskrá skipsins, á að flytja úr skipinu, sem flutti vöruna hingað til lands. Sé eigi tilgreint á aðalfarmskránni, hvar vara verði flutt úr skipi, ber að greiða vörutollinn á fyrstu höfn, er skipið tekur hér á landi. Vörutollinn skal ákveða eftir vegnum þunga vörunnar eða rúmmáli, ef um trjávið, tréglugga, téhurðir og húsalista er að ræða, farmskírteini eða farmskrá. Greiða skal vörutoll af vörum, sem skráðar eru í sama farmskrárnúmeri, í einu lagi.

2. gr.

5. gr. vörutollslaganna orðist svo:

Öll þau skip, sem flytja tollskyldar vörur hingað til lands, sem á að setja á land eða umskipa í önnur skip eða farartæki á höfnum inni eða innan íslenzkrar landhelgi, skulu hafa farmskrá (manifest) yfir vörur þessar. Ónauðsynlegt er þó, að settar séu á farmskrá vörur, sem ætlaðar eru skipinu sjálfu, skipverjum eða farþegum til neyzlu í því, venjulegur farangur ferðamanna og farangur skipverja, enda ber skipstjóra að sjá um, að skipverjar hafi ekki meðferðis annan farangur en þann, er þeir þurfa til eigin nota. Leyfi skipstjóri hinsvegar skipverja að hafa á skipi farangur umfram það, sem hér var greint, sbr. 54. gr. sjómannalaganna, ber honum að skýra tollgæzlumanni frá því og hversu mikið það sé. Ennfremur ber skipstjóra að sjá um, að allur farþegafarangur sé skráður á þar til gerða farþegafarangursskrá, sem hann afhendir, undirritaða til staðfestu, tollgæzlumanni á fyrstu höfn, sem sendir hana áfram með skipinu, ef svo hagar til um ferðir skips.

Farmskrá skal frá hverju landi vera samin í minnst 3 samritum, og auk þess samhljóða útdrættir úr farmskránni yfir vörur þær, sem eiga að fara á hverja einstaka höfn. Tvö eintök af aðalfarmskránni skal afhenda gjaldheimtumanni, þar sem skipið hafnar sig fyrst, en hann gætir þess, hvort farmskrár séu samdar og út-

búnar í fyrirskipuðu formi, og sendir hann síðan hagstofunni annað eintakið af aðalfarmskránni með fyrstu ferð, en hitt eintakið af aðalfarmskránni afhendir hann aftur skipstjóra, sem ber að skila því gjaldheimtumanni á síðustu höfn hér á landi, sem skipið flytur vörur til. Sá gjaldheimtumaður sendir síðan fjármálaráðuneytinu sundurgreint eintak af aðalfarmskránni. Útdrættina úr aðalfarmskránni skal afhenda gjaldheimtumanni á hverri höfn, þar sem vörur eiga að fara í land. Aðalfarmskrár og útdrættirnir skulu vélritaðir eða greinilega skrifaðir, svo auðvelt sé að lesa þá. Á þeim sé greinilega tilgreint stykkjatal, merki og númer hverrar vörusendingar, sendandi og viðtakandi, heiti og þungi vörunnar, eða ef um trjávið, tréglugga, tréhurðir og húsalista er að ræða, rúmmál, svo og flutningsgjald. Vörusendingar skulu á skrám og útdráttum tilfærðar í óslitinni töluröð.

Afgreiðslumenn skipa, sem eiga að flytja tollskyldar vörur til Íslands, og skipstjórar þeirra skipa, skulu á síðasta brottfararstað skipsins frá hverju landi, þegar skipið hefir tekið allar vörur, sem þar á að taka, undirrita bæði samritin af aðalfarmskránni, sem ætluð eru fjármálaráðuneytinu og hagstofunni, svo og vottorð ritað á skrárnar um það, að skipið hafi ekki frá hinni tilteknu höfn eða landi tekið aðrar eða meiri vörur til Íslands en þær, sem á aðalfarmskránni eru tilfærðar, að undanteknum þeim, sem ætlaðar eru skipinu sjálfu, skipverjum og farþegum til neyzlu í því. Skipstjórarnir og afgreiðslumennirnir skulu undirrita farmskrársamritin og vottorðin á þau í viðurvist ræðismanns eða annars umboðsmanns ríkisins, ef nokkur er þar á staðnum, annars í viðurvist tollyfirvaldsins, og undirrita þeir einnig til staðfestu. Um gerð og útbúnað farmskráa og greindra vottorða skulu sett nánari ákvæði í reglugerð.

Það varðar skipstjóra sektum, allt að 1000 kr., ef farmskrár fylgja ekki skipi, samdar eins og mælt er fyrir eða ákveðið kann að vera í reglugerð, eða ef vanrækt er að afhenda þær gjaldheimtumanni eða umboðsmanni hans. Ef svo stendur á eða skrám er áfátt, getur gjaldheimtumaður og krafizt þess, að skipstjóri eða afgreiðslumaður riti upp farmskrár og útdrætti, og ef hann telur þess þörf, látið telja vörur upp úr skipinu á kostnað skipseiganda. Annars má gjaldheimtumaður, hvenær sem honum þykir þurfa, láta telja vörur úr skipi, en ekki ber skipseigandi kostnað við það, nema skrár reynist rangar við talninguna.

3. gr.

6. gr. vörutollslaganna orðist svo:

Á fyrstu höfn, sem skip, er hefir meðferðis tollskyldar vörur, sem á að setja á land eða umskipa í önnur skip eða farartæki á höfnum inni eða innan íslenzkrar landhelgi, tekur hér á landi, skal skipstjóri, jafnframt því sem hann afhendir aðalfarmskrár skipsins, undirrita vottorð upp á æru og samvizku undir hegningarábyrgð, sbr. 155. gr. hegningarlaganna, að skipið hafi ekki, síðan það lagði úr tiltekinni erlendri höfn, tekið við vörum eða farangri úr öðrum skipum á leiðinni, og að eigi séu í skipinu aðrar eða meiri tollskyldar vörur en þær, sem tilfærðar eru á aðalfarmskránni, eða þær, sem hann þá samstundis skýrir frá, að ætlaðar séu skipinu sjálfu, skipverjum eða farþegum til neyzlu í því, eða þær, sem skráðar eru á farþegafarangurskrá.

Á hverri höfn, sem skip hafnar sig hér á landi til þess að setja tollskyldar vörur á land, ber skipstjóra að afhenda gjaldheimtumanni útdrátt úr aðalfarmskránni yfir þær vörur, sem eiga að fara til þess staðar, og skriflegt vottorð um það, að til þess staðar verði ekki látnar í land aðrar eða meiri tollskyldar vörur en þær, sem á útdrættinum eru.

Eigi má byrja að afferma skip nema með leyfi gjaldheimtumanns, en slíkt leyfi má eigi veita fyrr en skipstjóri hefir afhent öll framangreind skjöl. Sé afferming byrjuð án leyfis gjaldheimtumanns, varðar það skipstjóra allt að 1000 kr. sekt.

Til þess að fullvissa sig um, að vörur og annar farangur, sem er með skipi, sé

öllum framvísað og rétt frá skýrt fyrir tollgæzlumanni og allt sé tilfært á skjölum, sem skip hafa meðferðis af vörum, er tollgæzlumanni heimilt að leita alstaðar í skipi og í hirzlum og farangri skipverja og farþega, svo og á skipverjum, farþegum og öðrum mönnum, er tollgæzlumanni þykir ástæða til að ætla, að leyni á sér vörum eða hlutum, til að skjóta undan tollgreiðslu, eða sem bannað er að flytja í land. Allt, sem fyrirfinnst af tollvörum og bannvörum við slíka rannsókn, ber að skoða sem ólöglega innfluttar eða tollsviknar vörur. Heimilt er og að flytja farangur ferðamanna, svo og yfirleitt allar vörur, sem fluttar eru hingað til lands, til tollrannsóknar í tollgæzlustöð eða annað geymsluhús þeirra, sem tolleftirlit annast.

Jafnframt því sem tolleftirlitsmönnum er og heimilt að stöðva skip á höfnum inni og utan hafna en innan landhelgi til tollrannsóknar, er þeim og heimilt að banna skipum að leggjast að hafnarvirkjum meðan á tollrannsókn stendur, svo og að afkvía skip, sem lagzt er að bryggju eða öðru hafnarvirki. Heimilt er og að setja tollvörð í hvert það skip, sem nauðsyn telst á að hafa vörð í, svo og að tolleftirlitsmenn fari með skipum hafna á milli til eftirlits, og í þeim tilfellum ber skipstjóra fyrir skipsins hönd ávallt að sjá þeim endurgjaldslaust fyrir fæði á skipinu og fari með því, eftir því sem hæfa þykir fyrir opinbera starfsmenn, sem ferðast í starfserindum. Ennfremur er og tolleftirlitsmönnum heimilt að leita að tollsviknum vörum í skipum og bátum, sem eru við fiskveiðar og í innanlandssiglingum, bifreiðum, vögnum og öðrum flutningstækjum. Heimilt er þeim og að stöðva flutningatækin meðan á tollrannsókn stendur. Nánari ákvæði um tollgæzlu skulu sett í reglugerð, og má ákveða í henni, að enginn megi fara frá eða á skipsfjöl meðan á tollrannsókn stendur, nema með leyfi tollgæzlumanns, svo og að tollgæzlumanni skuli ávallt heimilt að innsigla vistargeymslur skips og aðra staði í skipi, eftir því, sem hann telur nauðsynlegt. Í reglugerðinni má ákveða sektir fyrir brot á henni.

4. gr.

7. gr. tollalaganna orðist svo:

Eigi má án samþykkis gjaldheimtumanns afhenda viðtakendum tollskyldar vörur fyrr en allir tollar eru af þeim greiddir. Brot gegn þessu fyrirmæli varðar sektum, allt að 1000 kr., á hendur skipstjóra eða afgreiðslumanni skipsins, ef hann er þar á staðnum. Auk þess ber skipstjóri eða afgreiðslumaður ábyrgð á greiðslu tollsins af hinum afhentu vörur á sama hátt og segir um viðtakanda í 10. gr. Hafi vörurnar verið afhentar viðtakanda án samþykkis gjaldheimtumanns eða áður en hann hefir fengið kvittun gjaldheimtumanns fyrir því, að gjaldið sé greitt, þá er viðtakandi skyldur til að skýra gjaldheimtumanni eða umboðsmanni hans frá þessu þegar í stað, eða í síðasta lagi innan sólarhrings frá því er hann tók við vörunum, og greiði hann þá gjaldið um leið, ef það er ekki þegar greitt. Vörutollur fellur í gjalddaga, þegar skip það, er vörurnar flytur, hefir hafnað sig þar, sem gjaldið á að greiðast. Ákveða má í reglugerð um meðferð á vörum, sem tollur er þannig fallinn á. Afgreiðslumenn skipa, sem flytja tollvörur hingað til lands, skulu hafa nægilegt og gott húsrúm fyrir vörur þær, sem teknar eru í land úr skipi. Er gjaldheimtumanni heimilt að banna uppskipun varanna, þar til þessu fyrirmæli er fullnægt að hans dómi. Húsrúm þessi skulu háð umsjón og nákvæmu eftirliti gjaldheimtumanns og umboðsmanna hans. Ákveða má í reglugerð, hvernig umsjón þessari og eftirliti skuli hagað.

Verði aðflutningsgjald það, sem greiða ber samkvæmt þessum lögum, hækkað eða lækkað, fellur hækkunin eða lækkunin á allar gjaldskyldar vörur, sem koma til landsins eftir að hin nýju gjaldlög hafa öðlazt gildi.

5. gr.

8. gr. vörutollslaganna orðist svo:

Gjaldheimtumaður hefir vald til, hvenær sem vera skal, að heimta af hverjum manni í umdæmi sínu, er ástæða þykir til að ætla, að fái gjaldskyldar vörur frá út-

löndum, skriflegt vottorð, að viðlögðum drengskap, um það, hvort hann hafi fengið þesskonar vörur, og ef svo er, þá hverjar og hve mikið af þeim og hvað þær hafi kostað.

Ef nokkur tregðast við að gefa þau vottorð, sem um ræðir í þessari grein, má þvinga hann til þess með dagsektum, allt að 60 kr. á dag, og má gjaldheimtumaður ákveða sektirnar í bréfi til viðtakanda.

6. gr.

Aftan við 12. gr. vörutollslaganna bætist:

Þó er ekki skylt að endurgreiða toll, ef lengri tími en eitt ár líður frá því, að varan hefir verið flutt hingað til lands, þar til hún hefir verið flutt úr landinu aftur.

7. gr.

14. gr. vörutollslaganna orðist svo:

Sektir samkvæmt lögum þessum renna í ríkissjóð.

8. gr.

Í stað orðanna „samkv. 6. gr." í 10. gr. vörutollslaganna komi: samkv. 7. gr.

Í stað orðanna „innheimtumaður" í 9. gr. vörutollslaganna og „lögreglustjóri" í 9., 10., 11., 12. og 15. gr. sömu laga komi: gjaldheimtumaður.

9. gr.

Auglýsa skal á skipum, sem annast vöru- og farþegaflutning milli landa, og öðrum stöðum, sem þurfa þykir, útdrátt úr lögum þessum og sérstæðum ákvæðum annara tolllaga og reglugerðum, settum samkvæmt þeim.

10. gr.

Þegar lög þessi hafa fengið staðfestingu konungs, skal fella texta þeirra, laga nr. 4 3. apríl 1928 og laga nr. 130 31. des. 1935 inn í texta laga nr. 54 15. júní 1926 og gefa þau út svo breytt.

11. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 212. Frumvarp til laga

um loðdýrarækt og loðdýralánadeild.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

I. KAFLI
Um loðdýrarækt.

1. gr.

Loðdýr nefnast í lögum þessum öll þau dýr, sem ræktuð eru eða alin vegna verðmætis skinnanna eingöngu eða aðallega. Verði ágreiningur um, hvort einhver dýrategund skuli teljast til loðdýra eða ekki, sker landbúnaðarráðherra úr, enda skal hann hafa yfirumsjón með loðdýraræktinni í landinu.

2. gr.

Loðdýrarækt og loðdýrabú nefnist í lögum þessum, ef loðdýr eru haldin til tímgunar og uppeldis af ræktuðum stofni, en loðdýraeldi, ef dýrin eru alin um

stundarsakir vegna skinnaframleiðslu eingöngu eða aðallega. Loðdýragarður nefnast girðingar og búr, sem loðdýr eru geymd í, en aðhald þar, sem loðdýr eru höfð í ógirtum eyjum.

3. gr.

Hver sá, er stunda vill loðdýrarækt eða loðdýraeldi, skal fá til þess leyfi viðkomandi hreppsnefndar eða bæjarstjórnar, enda hlíti hann í öllum greinum ákvæðum laga þessara og reglugerðar, er landbúnaðarráðherra setur um framkvæmd laganna. Nú synjar hreppsnefnd eða bæjarstjórn um leyfi, og skal hún þá láta umsækjanda í té skriflegar ástæður fyrir synjuninni. Getur þá umsækjandi skotið máli sínu til landbúnaðarráðherra, er fellir um það fullnaðarúrskurð, eftir að hafa leitað álits ráðunauts í loðdýrarækt.

4. gr.

Hreppur hver eða bæjarfélag er sérstakt leyfisumdæmi samkvæmt lögum þessum. Hafa hreppstjórar í hreppum og lögreglustjórar í kaupstöðum eftirlit með því, að hlýtt sé lögum þessum og reglugerð um framkvæmd þeirra, hver í sínu umdæmi. Hafi þeir sjálfir loðdýrarækt eða loðdýraeldi, skipar viðkomandi hreppsnefnd eða bæjarstjórn annan mann til eftirlits með því.

5. gr.

Leyfi skal gefa á þar til gerð eyðublöð, er landbúnaðarráðuneytið gefur út, og gildir leyfið fyrir ákveðna tegund eða tegundir loðdýra, eftir því sem það nánar tilgreinir. Leyfi gildir aðeins í því leyfisumdæmi, sem það er veitt í. Óheimilt er að taka dýr í loðdýragarð eða aðhald fyrr en úttekt hreppstjóra eða lögreglustjóra hefir farið fram og fullnægt er ákvæðum laga þessara og reglugerðar um örugga vörzlu. Að lokinni skoðun er skylt að láta leyfishafa í té skriflega yfirlýsingu um, að örugglega sé um búið. Sama gildir, ef loðdýragarður er fluttur eða stækkaður. Nánari ákvæði um eftirlit hreppstjóra skal setja með reglugerð.

6. gr.

Fyrir skoðun þá á loðdýragörðum og aðhaldi, sem um ræðir í 6. gr., skal leyfishafi greiða hreppstjóra eða lögreglustjóra eftir því, sem tiltekið verður í reglugerð.

7. gr.

Óheimilt er að geyma loðdýr öðruvísi en í fulltryggum loðdýragirðingum, eða annari öruggri vörzlu. Öll loðdýr skulu flytjast milli garða í öruggu búri. Ef loðdýr eru geymd í aðhaldi, skal skylt að flytja þau í örugga vörzlu eða lóga þeim, hvenær sem hætta þykir á, að dómi hreppsnefndar, að þau kunni að sleppa úr aðhaldinu, svo sem vegna ísalaga.

8. gr.

Bannað er að gera loðdýrum í aðhaldi eða loðdýragörðum nokkurt það ónæði að óþörfu, er eigendum verði tjón að.

Í reglugerð skal kveða nánar á um öryggi loðdýraeigenda gegn tjóni, er hljótast kann af ónæði, er loðdýrum er gert í loðdýragörðum eða aðhaldi. Ennfremur á skemmdum á refagörðum eða búrum. Ákveða má sektir og bætur, ef um ásetning eða vítavert kæruleysi er að ræða, nema þyngri refsing liggi við að lögum, svo og hvernig með skuli fara kærumál um þessi efni.

9. gr.

Gangi hundapest eða aðrir næmir sjúkdómar, sem loðdýrum getur stafað hætta af, er landbúnaðarráðherra heimilt að gera ráðstafanir til varnar því, að pestin berist í loðdýragarða eða milli héraða.

10. gr.

Sleppi loðdýr úr vörzlu og náist ekki, skal eigandi eða umráðamaður sæta sektum frá 10—200 kr. fyrir hvert dýr, og greiða skaðabætur, ef sannanlegt tjón hlýzt af. Auk þess má svipta hlutaðeiganda leyfi, ef miklar sakir eru. Sektir samkvæmt þessari grein renna í hlutaðeigandi hrepps- eða bæjarsjóð, en bætur til þess eða þeirra, er tjón bíða.

11. gr.

Landbúnaðarráðherra skipar ráðunaut með sérþekkingu í loðdýrarækt og gefur út erindisbréf handa honum. Skal hann launaður úr ríkissjóði. Heimilt er ráðherra að fela Búnaðarfélagi Íslands eða Loðdýraræktarfélagi Íslands umsjón með starfi ráðunautsins.

12. gr.

Loðdýraræktarráðunauturinn hefir með höndum, án endurgjalds frá loðdýraeigendum, almenna fræðslu og leiðbeiningastarfsemi í loðdýrarækt. Ber honum að ferðast milli loðdýrabúanna og ráðleggja um hinn daglega rekstur heima á görðunum; jafnframt skal hann vera dómari á loðdýrasýningum, eftir því sem við verður komið. Einnig ber honum að hafa yfirumsjón með merkingu loðdýra og ættbókarfærslu samkvæmt reglugerð.

13. gr.

Við athugun og merkingu loðdýra ber að sérmerkja þau loðdýr, sem óhæf teljast til undaneldis. Loðdýr þessi má ekki selja eða láta af höndum til lífs.

14. gr.

Um loðdýrasýningar, sýningarsvæði og verðlaunaveitingar sé ákveðið í reglugerð. Er heimilt að ákveða þar að leggja gjöld á loðdýraeigendur vegna sýninganna.

15. gr.

Ekki má flytja inn loðdýr, nema þau hafi hlotið viðurkenningu á loðdýrasýningu sem hæf undaneldisdýr, og fylgi dýralæknisvottorð hverri innflutningssendingu um ástand og heilbrigði dýranna á útflutningsdegi í heimalandinu og aldur þeirra, enda séu vottorð þessi staðfest af lögreglustjóra eða umboðsmanni hans.

II. KAFLI

Um loðdýralánadeild.

16. gr.

Landbúnaðarráðherra er heimilt að stofna við Búnaðarbanka Íslands útlánadeild, sem nefnist loðdýralánadeild.

17. gr.

Ríkissjóður leggur deildinni til óafturkræft framlag, 10 þúsund krónur árlega á næstu fimm árum. Ríkisstjórninni er heimilt að ábyrgjast lán, sem deildin tekur, eða verðbréf, sem hún gefur út til sölu, þó ekki yfir 100 þúsund krónur á ári á næstu 5 árum.

18. gr.

Loðdýralánadeild veitir lán til þess að stofnsetja loðdýrabú, og mega lánin nema allt að 40% af stofnkostnaði búanna, þó aldrei yfir 2 þús. kr. til hvers einstaks bús. Lán má þó nema allt að 60% af stofnkostnaði og allt að 500 kr. á félagsmann, ef búið er eign félags með samábyrgð minnst 5 manna, enda hafi íbúum eins leyfisumdæmis verið gefinn kostur á að ganga í það og lög þess samþykkt af lána-

deildinni. Lánin greiðast með jöfnum afborgunum á 10 árum, en eru afborgunarlaus fyrstu 2 árin.

19. gr.

Lánin skulu veitt gegn 1. veðrétti í loðdýrabúi lántakenda (loðdýrum og loðdýragarði). Eigi er loðdýrabú veðhæft með færri dýrum en 4

20. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 4. gr. laga nr. 18 4. nóv. 1887 er heimilt að veðsetja loðdýralánadeild tiltekna tölu loðdýra án þess að hin veðsettu dýr séu sérstaklega auðkennd, enda sé og lántakanda óheimilt að veðsetja önnur dýr sín annarsstaðar með 1. veðrétti. Skylt er lántakanda að viðhalda tölu hinna veðsettu dýra, en fækki þeim, skal hann þegar endurgreiða af láninu í hlutfalli við rýrnun veðsins.

21. gr.

Reglur um útlánastarfsemi loðdýralánadeildarinnar setur landbúnaðarráðherra með reglugerð.

III. KAFLI

Almenn ákvæði.

22. gr.

Brot gegn lögum þessum og reglugerðum þeim, er samkvæmt þeim verða settar, varða sektum frá 20—5000 kr., er renna í hlutaðeigandi sýslu- eða bæjarsjóð, þar sem brotið er framið.

23. gr.

Með lögum þessum er úr gildi numinn 2. kafli laga nr. 108 11. ágúst 1933, um refaveiðar og loðdýrarækt, og önnur lagaákvæði, sem koma í bága við lög þessi.

24. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 213. Frumvarp til laga

um friðun hreindýra.

Flm.: Eysteinn Jónsson.

1. gr.

Hreindýr skulu hvarvetna á landi hér friðuð fyrir skotum og öðrum veiðivélum til 1. janúar 1945. Heimilt skal þó að handsama dýr til eldis.

2. gr.

Brot gegn 1. gr. varða 100 kr. sektum í fyrsta sinn fyrir hvert dýr, sem veitt er, en sektir tvöfaldast við hverja ítrekun brots, allt að 400 kr.

3. gr.

Fara skal með mál, er rísa af brotum gegn lögum þessum, sem almenn lögreglumál. Sektir skulu hálfar falla til uppljóstrarmanns, en hálfar í sveitarsjóð heimilissveitar hans.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Lög nr. 33 31. maí 1927, um friðun hreindýra, féllu úr gildi 1. janúar 1935, og hafa hreindýrin eigi verið friðuð frá þeim tíma. Þegar þessi lög voru sett, þótti ástæða til þess að friða hreindýrin, af ótta við, að sá litli stofn, sem til var þá hér á landi, eyddist með öllu. Síðan 1927 hefir hreindýrum eigi fjölgað verulega, svo kunnugt sé, og virðist enn fullkomin ástæða til þess að vernda þau með friðunarlögum.

Frumvarp þetta er samhljóða lögum um friðun hreindýra frá 1927 að öðru leyti en því, að frumvarpið gerir ráð fyrir, að friðun hreindýranna gildi til 1. janúar 1945.

Nd. 214. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 44 23. júní 1932, um skipun læknishéraða, verksvið landlæknis og störf héraðslækna.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefir athugað frv. og leggur til, að það verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 5. apríl 1937.

Héðinn Valdimarsson, form. Thor Thors, frsm. Bergur Jónsson, fundaskr.
Stefán Jóh. Stefánsson. Garðar Þorsteinsson.

Sþ. 215. Nefndarálit

um till. til þál. um meðferð utanríkismála.

Frá utanríkismálanefnd.

Nefndin hefir haldið fund um málið og orðið sammála um að afgreiða það með eftirfarandi

BREYTINGUM.

1. Breytingartillagan á þskj. 71 orðist svo:
   Tillögugreinin orðist þannig:
   Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að undirbúa nú þegar, í samráði við utanríkismálanefnd, þá tilhögun á meðferð utanríkismála, innanlands og utan, sem bezt kann að henta, er Íslendingar neyta uppsagnarákvæðis sambandslaganna og taka alla meðferð málefna sinna í eigin hendur. Tillögur um mál þessi séu síðan lagðar fyrir Alþingi. Allur kostnaður við undirbúning málsins greiðist úr ríkissjóði.
2. Fyrirsögn tillögunnar orðist svo:
   Tillaga til þingsályktunar um meðferð utanríkismála o. fl

Alþingi, 5. apríl 1937.

Bjarni Ásgeirsson, form., frsm. Héðinn Valdimarsson, fundaskr. Ólafur Thors. Jónas Jónsson.
Stefán Jóh. Stefánsson. Magnús Jónsson. Pétur Magnússon.

Ed. 216. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 36 frá 27. júní 1921, um samvinnufélög.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

1. gr.

2. töluliður 3. gr. laganna falli niður, og breytist liðatalan samkv. því.

2. gr.

Aftan við 8. tölulið 5. gr. laganna bætist: Ábyrgð hvers félagsmanns í félögum, sem ræðir um í 2. gr. 1. tölulið, má ekki vera minni en 300 kr., auk innstæðu hans í stofnsjóði. Þó má í félögum, sem eingöngu selja gegn staðgreiðslu, takmarka ábyrgð félagsmanns við stofnsjóðsinnstæðu hans, enda skal þá leggja helming af úthlutuðum tekjuafgangi við stofnsjóðsinnstæðu hans, umfram stofnsjóðstillag skv. 26. gr., unz innstæðan nemur 300 kr.

3. gr.

Á eftir 6. tölulið í 11. gr. laganna komi nýr töluliður, sem verður 7. töluliður, svo hljóðandi:

Hve mikla ábyrgð hver félagsmaður ber á skuldbindingum félagsins.

4. gr.

Aftan við 13. gr. laganna bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:

Sé samþykkt að breyta ábyrgð félagsmanna á skuldbindingum félagsins, skal breytingin þegar tilkynnt til skrásetningar og auglýst í Lögbirtingablaðinu. Ef ábyrgð félagsmanna er minnkuð, fær breytingin ekki gildi um eldri skuldbindingar gagnvart öðrum en nýjum félagsmönnum, fyrr en tvö ár eru liðin frá auglýsingardegi. Ef beiðni um að taka félagið til skipta er afhent skiptaráðanda áður en þessi frestur er liðinn, breytist ábyrgð félagsmanna ekki, nema beiðnin sé afturkölluð eða reynist ekki á rökum byggð.

Ef ábyrgð félagsmanna er aukin, gildir breytingin aðeins gagnvart þeim félagsmönnum, sem samþykkja hana skriflega. Aðalfundi er heimilt að ákveða, að þeir félagsmenn, er eigi samþykkja ábyrgðarhækkun, missi félagsréttindi.

5. gr.

a. Í stað orðanna „1% af viðskiptaveltu“ í 24. gr. laganna komi: 1% af samanlagðri sölu aðkeyptra vara og afurða.
b. Orðin „Vexti af innstæðu skal árlega leggja við höfuðstól“, í sömu grein, falli niður.

6. gr.

a. Orðin í upphafi 25. gr. laganna „Í samþykktum skal ..... sem hafa vörukaup sem aðalverksvið“ falli niður.
b. Þriðja málsgr. sömu greinar orðist svo:

Þegar stofnsjóðseign félagsmanns verður meiri en svo, að nemi árlegri úttekt hans, eins og hún hefir verið að meðaltali 5 næstliðin ár, má greiða það, sem umfram er niður að 300 kr., enda hafi hann ekki skipt við félagið skemur en 15 ár.

c. Á undan síðustu málsgr. sömu greinar komi:

Ef eignatöp eða tekjuhalli hefir orðið hjá félagi og tryggingarsjóðir þess nægja ekki til að greiða töpin eða hallann, og hætta er á, að félagið verði að hætta störfum af þeim orsökum, er félagsfundi eða fulltrúafundi heimilt að ákveða, að stofnsjóðsinnstæður félagsmanna og annara, sem í stofnsjóði eiga, skuli notaðar til greiðslu á töpunum eða hallanum.

7. gr.

Á eftir 25. gr. laganna komi tvær nýjar greinar, sem verða 26. og 27. gr., svo hljóðandi:

a. (26. gr.). Stjórnendur samvinnufélags mega ekki úthluta tekjuafgangi fyrr en:
   1. Fasteignir, áhöld og aðrar eignir félagsins hafa verið afskrifaðar nægilega.
   2. Áskilin gjöld í óskiptilega sjóði félagsins hafa verið greidd.

   Í félögum, sem hafa vörukaup sem verksvið, má ekki greiða tekjuafgang út fyrr en minnst 3% af verði aðkeyptra vara, sem félagsmenn hafa keypt, hefir verið lagt í stofnsjóð.

b. (27. gr.). Ef tvö eða fleiri samvinnufélög óska að sameinast, skal samhljóða ályktun um það efni samþykkt í báðum eða öllum félögunum á tveim lögmætum félagsfundum í röð, og séu henni fylgjandi eigi færri en $^2/_3$ atkvæðisbærra fundarmanna, enda hafi ályktunin í félagi, sem skiptist í deildir, verið borið undir deildarfundi milli félagsfunda og samþykkt af þeim með meiri hluta atkvæða.

   Skrásetning framangreindrar ályktunar er fullnægjandi afsal á eignum hinna einstöku félaga til hins sameinaða félags. Þinglýsingar- og stimpilgjald skal eigi greiða vegna slíkrar eignayfirfærslu.

   Þegar slík ályktun er skrásett, skal afmá nöfn hinna einstöku félaga úr samvinnufélagsskrá. Hin einstöku félög mega skuldskeyta hið sameinaða félag. Réttur kröfuhafa má þó ekki rýrna við það.

8. gr.

Orðin „með samábyrgð“ og orðið „sameiginlegri“ í 26. gr. laganna, sem verður 28. gr., falli niður.

9. gr.

32. gr. laganna, sem verður 34, gr., orðist þannig:

Samvinnufélagi skal slíta, ef ályktun um það er samþykkt af tveim lögmætum félagsfundum í röð og henni eru fylgjandi eigi færri en $^2/_3$ atkvæðisbærra fundarmanna, enda hafi ályktunin í félagi, sem skiptist í deildir, verið borin undir deildarfundi, milli félagsfunda, og samþykkt af þeim með meiri hluta atkvæða.

10. gr.

Á eftir 33. gr. laganna, sem verður 35. gr., komi ný grein, sem verður 36. gr., svo hljóðandi:

Skilanefnd skal birta áskorun til skuldheimtumanna félagsins um að lýsa kröfum sínum fyrir henni, með sama hætti og sömu verkun sem segir í 2. gr. laga nr. 19 frá 4. júní 1924. Þegar skuldir félagsins eru greiddar eða trygging sett og félagsfundur hefir samþykkt fullnaðarreikninga skilanefndar, má greiða félagsmönnum og öðrum, sem eiga í stofnsjóði, stofnsjóðsinnstæður. Stofnsjóðsinnstæður má ekki skuldajafna.

Ágreining um skuldakröfu og stofnsjóðsinnstæður má bera undir skiptarétt þann, er átt hefði að fara með bú félagsins, ef það hefði verið tekið til opinberra skipta.

11. gr.

Aftan við orðin „efnahag félags, er þeir stýra“ í 2. málsgr. 39. gr. laganna, sem verður 42. gr., komi: eða ef þeir brjóta ákvæði 26. gr.

12. gr.

Á eftir 41. gr. laganna, sem verður 44. gr., komi ný grein, sem verður 45. gr., svo hljóðandi:

Félögum, sem skrásett eru eftir þessum lögum, er einum heimilt að hafa orðin „kaupfélag“, „samvinnufélag“, „pöntunarfélag“ eða önnur orð, sem merkja samvinnufélag, í nafni sínu, eða skammstafanir úr þeim orðum.

13. gr.

Þegar lög þessi hafa öðlazt staðfestingu, skal fella meginmál þeirra og laga nr. 22 19. maí 1930 inn í lög nr. 36 27. júní 1921 og gefa þau út svo breytt sem lög um samvinnufélög, að slepptri 42. gr. síðastnefndra laga.

Nd. 217. Frumvarp til laga

um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að fyrirskipa blöndun á þurrmjólk í brauð í brauðgerðarhúsum, og til þess að ákveða hámarksverð á brauði og þurrmjólk.

Flm.: Emil Jónsson.

1. gr.

Í lögum þessum er efni það, sem unnið er úr mjólk með því að þurrka hana, nefnt þurrmjólk. Landbúnaðarráðherra ákveður með reglugerð, hvaða efni skuli vera í feitri þurrmjólk og feitislausri þurrmjólk, svo að fullgild vara sé.

2. gr.

Landbúnaðarráðherra hefir heimild til þess að ákveða með reglugerð, sem samin er í samráði við mjólkursölunefnd og matvælaeftirlit ríkisins, að allt brauð, sem selt er í brauðgerðarhúsum, sé skylt að blanda þurrmjólk, er framleidd sé innanlands, og má ákveða, að þurrmjólkin nemi allt að 1/10 af þyngd þurrefnis brauðsins. Ákveða má, að í stað þurrmjólkur megi nota mjólk, enda samsvari magn hennar og innihald þurrmjólkinni, sem fyrirskipað er, að blandað sé í mismunandi tegundir brauðs.

3. gr.

Nú er eigi til nægileg þurrmjólk eða mjólk í vissum landshlutum, eða sérstakir örðugleikar eru á því að afla þessa, til þess að blanda í brauð, svo sem fyrir er mælt í reglugerð ráðherra, og hefir hann þá heimild til að mæla svo fyrir, að minnka megi magn þurrmjólkur eða mjólkur, er þar sé skylt að blanda í brauð, eða undanþiggja frá blöndun.

4. gr.

Nú hefir landbúnaðarráðherra fyrirskipað þurrmjólkurblöndun í brauð samkvæmt lögum þessum, og hefir hann þá heimild til að ákveða hámarksverð á þurrmjólk, er seld sé frá vinnslustöð til brauðgerðarmanna, og hámarksverð á brauðum.

5. gr.

Landbúnaðarráðherra felur matvælaeftirliti ríkisins að hafa með höndum eftirlit með þurrmjólkurvinnslustöðvum og með því, að ákvæðum reglugerðar, sem gefin er út samkvæmt lögum þessum, sé hlýtt.

Eftirlitsmanni skal jafnan heimilt að taka sýnishorn af brauði eða brauðefni til rannsóknar úr brauðgerðarhúsum. Brauðgerðarmönnum er skylt að veita eftirlitsmanni þær upplýsingar um framleiðsluna, sem hann óskar og starf hans varðar, enda skal honum jafnan heimilt að athuga viðskiptabækur brauðgerðarhúsa.

6. gr.

Engum er heimilt að starfrækja þurrmjólkurvinnslustöð, nema með leyfi landbúnaðarráðherra.

7. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum, frá 100 til 5000 krónu, nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum.

Skal fara með mál út af lögum þessum sem almenn lögreglumál, nema um brot á hegningarlögum sé að ræða.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er samið af skipulagsnefnd atvinnumála, og var upphaflega til ætlazt, að það yrði flutt af landbúnaðarnefnd Alþingis á síðasta þingi (1936). En samkomulag fékkst ekki um það, að nefndin stæði öll að frv., og fórst það því fyrir, að það yrði flutt á því þingi. Er frv. nú flutt eins og skipulagsnefnd gekk frá því, og fara hér á eftir þær athugasemdir, er nefndin gerði um frumvarpið:

Ástæðurnar fyrir flutningi frv. þessa eru einkum tvær. Annarsvegar er tilætlunin að bæta eina aðalfæðutegund landsmanna, án þess að almenningur þurfi að greiða hærra verð fyrir hana, og hinsvegar að auka markað fyrir innlenda framleiðslu, með því að draga að sama skapi úr erlendum fæðutegundum.

Um fyrri ástæðuna er það að segja, að með því að blanda í allskonar brauðtegundir efnum þeim, sem í mjólk eru, er fyrir því séð, að menn fari ekki varhluta af ýmiskonar mikilsverðum næringarefnum, sem líkaminn þarfnast. Er hér sérstaklega átt við mineralefni þau, sem mjólkin er svo auðug af, en hinsvegar hætt við, að þeir fari varhluta af, er lifa við frekar einhæft mataræði. Þykir ekki sérstök ástæða til að rökræða þetta hér, með því að það hefir víða verið útskýrt í prentuðu máli á síðari árum af ýmsum kunnáttumönnum, sem lagt hafa á það ríka áherzlu, að ýmsar hættur gætu verið samfara þeim breytingum, sem orðið hafa á mataræði landsmanna á síðari áratugum, ef eigi sé allrar varúðar gætt.

Um það, hvað markaður fyrir mjólkurafurðir verður aukinn á þennan hátt, fer að sjálfsögðu mjög eftir því, að hverju leyti ríkisstjórnin notar sér þá heimild, sem í lögunum felst um fyrirskipun um blöndun mjólkurefnanna í brauðin. Í frv. er gert ráð fyrir, að heimildin takmarkist af 10% blöndun, miðað við þurrefni brauðsins. Að sjálfsögðu kemur ekki til mála að blanda svo mikilli þurrmjólk í allt brauð. En þetta hámark er sérstaklega við það miðað, að samkv. upplýsingum, sem fengizt hafa hjá brauðgerðarmönnum, er hægt að bæta svo mikilli mjólk í sumar tegundir brauða, að þurrefni mjólkurinnar nemi 10% af þurrefni brauðsins, án þess að um verðhækkun þurfi að vera að ræða. Einkum á þetta við um hveitibrauð. Samkvæmt frásögn brauðgerðarmanna nota þeir nú mjólk í hveitibrauðin, og svara þurrefni þeirrar mjólkur a. m. k. til 5% af þurrefnisþunga brauðsins. Nú tjá þeir jafnframt, að þeir geti tvöfaldað þennan skammt í brauðunum án þess að um verðhækkun þurfi að vera að ræða, sökum þess að sykur og feiti, sem í mjólkinni er, kemur í staðinn fyrir sykur og smjörlíki, sem í brauðin er haft.

Nú má líta svo á, að því nær allt hveiti, sem til landsins flyzt, fari í brauð einhverrar tegundar. Árið 1935 námu innflutningsleyfi fyrir hveiti um 1889000 króna, og er svo til ætlazt, að þetta eigi að nægja fyrir innflutning ársins, enda samsvarar upphæðin nokkurn veginn greiðslum fyrir innflutning síðustu ára, þegar hliðsjón er höfð af mismunandi verði þau ár. Þetta hveiti fer að sjálfsögðu ekki allt í brauðgerðarhús, því að yfirleitt er hveitibrauð bakað á heimilum til sveita. En þó er bersýnilegt, að blöndun þurrmjólkur í brauð frá brauðgerðarhúsum hlýtur að draga svo úr hveitinotkuninni, að nemi allmörgum tugum þúsunda króna.

Upplýsingar frá sömu brauðgerðarmönnum, sem áður hefir verið minnzt á, eru í þá átt, að þurrmjólk, er næmi 1% af þunga rúgbrauðs — þ. e. 2% af þunga þurrefnis brauðsins — mundi ekki þurfa að hækka verð brauðsins, ef verð á þurrmjólkinni verði um 1 kr. á kg. Ef blöndunin yrði til að byrja með á þessa leið, mundi það einnig nema nokkurri lækkun á innflutningi rúgmjöls.

Þurrmjólk sú, er blönduð yrði í aðrar tegundir brauða en franskbrauð og kökur allskonar, yrði sennilega að mestu leyti unnin úr undanrennu (feitilaus þurrmjólk, sbr. 1. gr.). Nú er alkunnugt, að mikil vandkvæði eru á því að notfæra sér undanrennu á mjólkurbúum, og er þó álit kunnáttumanna, að efni hennar séu mjög verðmæt, enda er innihald þurrmjólkur úr undanrennu hið sama og þurrmjólkur úr nýmjólk, að fitunni frádreginni. Mest er nú að því gert að breyta undanrennu í osta, og hefir ostagerð beggja mjólkurbúanna sunnanlands farið mjög vaxandi, en markaður fyrir ostana takmarkaður innanlands, en verðið lágt á erlendum markaði.

Að vísu eru ostar þessir gerðir úr mismunandi feitri mjólk, en bersýnilegt er, að um mjög hagkvæma ráðstöfun er að ræða, þar sem opnuð er leið til þess að breyta undanrennunni í þurrmjólk, sem hefði nokkurnveginn tryggan markað. Þá er þess ennfremur að gæta, að ef framleiðsla smjörs vex, hefir það í för með sér aukna framleiðslu undanrennu og áfa, sem hætt er við, að yrði verðlitil vara, ef ekki væri unnt að breyta henni í þurrmjólk. Í þessu sambandi má geta þess, að í reglugerð mundi að sjálfsögðu verða gert ráð fyrir, að þurrkaðar áfir og mysa mætti vera í þurrmjólk eftir ákveðnum hlutföllum, ef reynslan sýnir, að það sé mögulegt.

Ekki er unnt á þessu stigi málsins að áætla með neinni nákvæmni um það, hve miklu mundi nema aukning sú á markaði fyrir mjólk, sem fengist með ráðstöfunum þessa frv. um þurrmjólkurvinnslu. En benda má á eftirfarandi atriði:

Ætla má, að 125 tonn af þurrmjólk fari í hveitibrauð, sem bökuð eru í brauðgerðarhúsum. Í önnur brauð mundu fara tæp 40 tonn með 1% blöndun í þurrefni brauðsins. Um 40 tonn eru nú flutt inn af þurrmjólk til iðnaðarvinnslu á síðustu árum, og yrði sú framleiðsla innlend. Auk þess mundi að öllum líkindum aukast mjólkurneyzla á skipaflotanum og á þeim stöðum landsins, þar sem nú er erfitt um öflun mjólkur. Þykir því ekki óvarlega áætlað, þótt búizt sé við, að 2 millj. lítra mjólkur þurfi til þessarar framleiðslu.

Eitt mjög mikilsvert atriði í sambandi við þetta mál er það, að allar líkur benda í þá átt, að nota megi jarðhita til mikils sparnaðarauka við vinnslu þurrefnisins. Að sjálfsögðu yrði höfð hliðsjón af því við byggingu þurrmjólkurvinnslustöðvar, enda er sennilegt, að einmitt iðnaður af þessari tegund, þar sem tiltölulega lítið gufuafl mundi nægja, yrði mjög hentugur sem byrjunarfyrirtæki við jarðhitanotkun hérlendis í sambandi við iðnað.

Viðvíkjandi einstökum fyrirmælum frumvarpsins virðist helzt ástæða til þess að drepa á eftirfarandi atriði:

Meðan fyrirkomulag það er að komast á, sem stefnt er að með frv., verða sennilega nokkrir örðugleikar á því að fullnægja þeirri eftirspurn eftir þurrmjólkinni, sem fylgja mundi þessum fyrirmælum, sem telja yrði þó lágmarksfyrirmæli um blöndun í brauð. Er því gert ráð fyrir, að ráðherra megi setja sérstök fyrirmæli um einstaka landshluta, þar sem minnst er um mjólk. En að sjálfsögðu mundu slík ákvæði aðeins gilda um stundarsakir, með því að tiltölulega skammt ætti að verða þangað til þurrmjólkurvinnslan yrði orðin nægilega mikil til þess að fullnægja öllu landinu.

Sjálfsögð afleiðing ráðstafana þessarar tegundar, þar sem löggjafarvaldið ákveður, að nota skuli ákveðna vöru, eru þau fyrirmæli, að landsstjórnin hafi hönd í bagga með verðlagi vörunnar. Og með því að þessi breyting kann í framtíðinni að hafa áhrif á kostnað við framleiðslu brauða, virðist einnig eðlilegt, að landsstjórnin fái tækifæri til þess að meta þann kostnað og ákveða sanngjarnt verð á brauðum.

Ástæðan fyrir fyrirmælum 6. gr. frv., þar sem það er lagt á vald ráðherra, hvar og hverjir skulu fá heimild til þess að reisa þurrmjólkurvinnslustöðvar, er sú sjálfsagða varkárni, að girða megi fyrir það, að eytt sé fé og fyrirhöfn í óþarflega margar stöðvar. Að því verður yfirleitt að miða, að framleiðslufyrirtækjum þessarar teg-

undar sé aðeins komið þar á fót, sem skilyrðin fyrir þau eru bezt, eða þar, sem svo háttar, að önnur hliðstæð starfsemi er óhentugri. Það er t. d. ljóst, að þurrmjólkurvinnslustöðvar á ekki að reisa á þeim stöðum, þar sem nýmjólk verður auðveldlega komið á markað, en hinsvegar eiga þær að vera þar, sem nóg er um mjólk, en flutningur á markað erfiður. En öll skipun slíkra mála er bezt komin hjá landsstjórninni sjálfri.

Máli þessu til fyllri skýringar þykir rétt að birta hér tvö bréf frá dr. Jóni E. Vestdal um íblöndun mjólkurdufts í brauð. Er annað bréfið til skipulagsnefndar og er dagsett 7. maí 1935, en hitt til atvinnumálaráðuneytisins, og er það dagsett 14. okt. 1935.

Fylgiskjal I.

Tillaga mín um íblöndun mjólkurdufts í hveiti og rúgmjöl byggist aðallega á þessum atriðum:

Í mjólk eru, auk vatns, þessi efni:

3,4% fita.
3,5% eggjahvítuefni.
4,6% mjólkursykur.
0,7% míneralefni (sölt).

Þegar mjólkin er ekki notuð ný, eru unnar úr henni mjólkurafurðir. Hingað til hefir hér á landi verið gert úr allri vinnslumjólk smjör, mjólkurostur, skyr og lítið eitt af mysuosti.

Í smjörið notast öll fita mjólkurinnar án þess nokkuð af henni fari til ónýtis.

Eggjahvítuefni mjólkurinnar eru notuð annaðhvort í mjólkurostinn eða skyrið. En þó eru ekki tekin úr mjólkinni öll eggjahvítuefnin, þegar skyr eða ostur er unninn úr henni, heldur verður nokkur hluti þeirra eftir, eða ca. 0,5%.

Þegar búið er að vinna úr mjólkinni smjör og mjólkurost eða skyr, er eftir mysan. Í henni eru enn þessi næringarefni:

ca. 0,5% eggjahvítuefni.
4,6% mjólkursykur.
0,7% míneralefni.

Úr þessari mysu er lítið eitt búið til af mysuosti, að mestu leyti mun hún vera gefin skepnum, eða sérstaklega þó hellt niður. Eins og sést á töflunni, eru enn í henni mikilsverð næringarefni.

Með því framleiðslufyrirkomulagi á mjólk, sem nú er, fer til spillis í mysunni þriðjungur af næringargildi (kalóríugildi) mjólkurinnar, auk þeirra efna, sem mikilsverðust eru fyrir næringu þjóðar vorrar, míneralefnin (söltin), og meira að segja öll míneralefni mjólkurinnar.

Núverandi framleiðslufyrirkomulag er því mjög óhagstætt, þar sem ekki er notaður nema nokkur hluti af þeim verðmætum, sem í mjólkinni eru, og þar að auki ekki notað mikilsverðasta verðmætið.

Osturinn, sem unninn er úr eggjahvítuefnunum, er stöðugt notaður með brauði. Í leitinni að heppilegri næringu gegnum aldaraðir hafa þjóðirnar lært að meta gildi þessarar næringar. Í kornmat fæst lítið af auðmeltanlegum eggjahvítuefnum, sem maðurinn getur ekki verið án; í ostinum aftur á móti er mjög mikið af þessum eggjahvítuefnum. Það er því mjög heppilega samansett fæða, brauð með smjöri og osti.

Auk vítamínanna vantar aðeins eitt í þessa fæðu, til þess að hún sé fullkomlega nægjanleg, þ. e. míneralefnin. Fyrir oss Íslendinga væri mjög mikilsvert að fá þessi míneralefni í þessari aðalfæðutegund þjóðarinnar, brauðinu.

Þess vegna liggur það mjög nærri að hafa með brauðinu ekki einungis fitu og eggjahvítu mjólkurinnar sem smjör og ost, heldur einnig hin önnur efni hennar,

og þá sérstaklega míneralefnin. Og þessu er bezt hægt að ná með því að þurrka undanrennuna og blanda þessu undanrennudufti í mjölið, sem brauðin eru gerð úr. Með því höfum vér stigið spor fram á við til heppilegri samsetningar fæðu vorrar heldur en forfeður vorir höfðu gert.

Og hitt atriðið, sem einnig er mjög mikilsvert: Með þessu móti fer alls ekkert til spillis við vinnslu þessarar dýrmætustu fæðutegundar, mjólkurinnar. Öll næringarefni hennar eru notuð alveg til hlítar.

Aðalfæðutegund þjóðarinnar er brauð og ýmsar brauðvörur, sérstaklega þó þess hluta þjóðarinnar, sem er langstærstur og um leið efnaminnstur. Það er því nauðsynlegt, að þessi fæðutegund hækki ekki um of í verði.

Ég hefi reiknað út, að ef í það rúgmjöl, sem notað er í rúgbrauð, væri blandað 1% af undanrennudufti, þyrfti mesta hækkun á einu rúgbrauði, sem er 1,5 kg., að vera 1,3 aurar, en ef látið væri í það 5% af undanrennudufti, 6,6 aurar. Ef í það hveiti, sem notað er í hveitibrauð, væri blandað 1% af undanrennudufti, þyrfti mesta hækkun að vera 0,5 aurar, og með 5% af undanrennudufti 2,6 aurar. Mestu hækkun, sem þyrfti að verða á ýmsu kaffibrauði, hefi ég ekki getað reiknað út, þar sem ég þekki ekki þyngd þess og samsetningu, en hækkun á því er þó ekki nema lítið brot af hækkun hveitibrauða.

Til þess að þessar vörur hækkuðu ekki svo mikið í verði, að neytendur yrðu að nokkru verulegu leyti varir við það, mundi ég telja heppilegast að blanda í allt rúgmjöl, sem notað væri í brauð, 1% af undanrennudufti, og í allt hveiti, sem notað væri í brauð og kaffibrauð, 5% af undanrennudufti. Mesta hækkun, sem þyrfti að verða á þessum vörum, væri með því móti svo lítilfjörleg, að neytendur mundu vart verða varir við hana.

Þetta er það, sem að neytendum snýr. Nú er ekki úr vegi að athuga þá hlið málsins, sem snertir framleiðendur, og þá sérstaklega framleiðendur mjólkurinnar.

Til að gera sér grein fyrir því, hver áhrif þessi ráðstöfun hefði á framleiðslu mjólkur í landinu, er sem stendur ekki möguleg önnur leið en að athuga innflutning á rúgmjöli og hveiti.

Á þeim stöðum, þar sem brauðgerðarhús eru starfrækt, býr rúmur helmingur þjóðarinnar. Þessi helmingur notar meira en helming af innfluttu rúgmjöli og hveiti, en aftur á móti er ekki allt það rúgmjöl og hveiti, sem neytt er á þessum stöðum, notað í brauðgerðarhúsum. Það virðist vera varlega áætlað að gera ráð fyrir, að helmingur af öllu innfluttu rúgmjöli og hveiti sé notaður í brauðgerðarhúsum alstaðar á landinu.

Fyrst um sinn, meðan korn er ekki malað hér á landi, mun varla vera mögulegt að láta þá fyrirskipun, sem gefa þyrfti út, ná til annars rúgmjöls og hveitis en þess, sem notað væri í brauðgerðarhúsum. Eftirlit með framkvæmdum mundi annars verða allt of umfangsmikið og hæpið, að nokkurntíma væri hægt að framkvæma það svo í lagi væri. Öðru máli væri að gegna, ef allt korn væri malað hér. Þá væri enginn hlutur auðveldari en að fyrirskipa að blanda í allt malað korn, sem til manneldis ætti að nota, ákveðnu magni af undanrennudufti. En fyrst um sinn er ekki því til að dreifa, svo að reiknað verður með því hér á eftir, að undanrennuduft væri notað í allt hveiti og rúgmjöl, sem notað væri í brauðgerðarhúsum alstaðar á landinu, eða í helming af innflutningi þessara korntegunda og 1% í rúgmjöl og 5% í hveiti.

Eftir skýrslum hagstofunnar fyrir árið 1930 hefir innflutningur á allskonar hveiti verið 6219 tonn og meðalverð á hveitimjöli verið kr. 280.00 hvert tonn. Af allskonar rúgi var innflutningurinn sama ár 5012 tonn og meðalverð á rúgmjöli kr. 210.00 hvert tonn. Ef blandað væri í helming alls hveitis 5% af undanrennudufti og í helming alls rúgs 1% af undanrennudufti, þyrfti til þess 180,5 tonn af undanrennudufti á ári. Ef tekið er tillit til fólksfjölgunar, sem orðið hefir síðan 1930, og eins þess, að meira en helmingur íbúa landsins býr á þeim stöðum, þar sem brauðgerðarhús eru starfrækt, mun ekki vera óliklegt, *að til þessarar iblöndunar þyrfti*

ca. tvö hundruð tonn af undanrennudufti á ári, en það samsvarar ca. 2 millj. og 100 þús. lítrum af undanrennu á ári.

Þessir 2,1 millj. lítrar af undanrennu fást úr ca. 2,2 millj. lítrum af nýmjólk. Auk undanrennunnar fæst úr mjólkinni fitan, og ef úr henni væri gert smjör, fengjust um leið ca. 90 tonn af smjöri á ári. Fyrir smjör er rúmur markaður hér og sennilega auðvelt að auka hann enn til muna, sérstaklega þó ef gæði smjörsins væru bætt frá því, sem nú er. En ef ekki væri hægt að selja smjörið beint til neytendanna, þá eru til heimildarlög fyrir því að fyrirskipa íblöndun af smjöri í allt smjörlíki, sem framleitt er. Smjörlíkisframleiðendur hafa af sjálfsdáðum blandað í nokkurn hluta af smjörlíkisframleiðslu sinni 5% af smjöri. En til að fullnægja þeirri þörf fyrir smjör, sem skapast með 5% íblöndun í allt smjörlíki, þarf ca. 60 tonn af því á ári. Með ca. 7% íblöndun af smjöri í allt smjörlíki væri fenginn markaður fyrir allt það smjör, sem úr þessari mjólk fengist.

Það sést því, að markaður fyrir allt það, sem unnið væri úr þessari mjólk, er öruggur, og er það viðbótarmarkaður við þann, sem nú er til fyrir mjólk og mjólkurafurðir. Og ef allt korn væri malað hér á landi, væri fenginn öruggur markaður fyrir 4—5 millj. lítra af undanrennu á ári, og með því móti væri einnig hægt að ná til allra landsmanna með breytt mataræði, því sveitabúar munu ekki vera síður þurfandi fyrir það en kaupstaðabúar.

En ef þessi íblöndun væri framkvæmd, væri um leið sparaður innflutningur á ca. 170 tonnum af hveiti og ca. 30 tonnum af rúgmjöli á ári. Eftir verði því, sem gefið er upp á hagskýrslunum fyrir árið 1930, *væri það gjaldeyrissparnaður fyrir ca. 65 þús. krónur.*

Nýmjólkurduft. Á síðari árum hefir færzt mjög í vöxt hérlend framleiðsla á súkkulaði. Í ýmsar tegundir súkkulaðis, svokallaðar mjólkursúkkulaðitegundir, er notuð þurr nýmjólk. Sennilega væri ekki úr vegi að nota meira af nýmjólkurdufti í súkkulaði en nú er gert.

Þar sem þessi iðnaður er mjög ungur hér, eru engar skýrslur til frá hagstofunni, sem hægt væri að sjá á, hverju innflutningur á nýmjólkurdufti nemur, því allt hefir það hingað til verið flutt inn. En súkkulaðiframleiðendur hér hafa sagt mér, að árlega mundi vera flutt inn ca. 40 tonn af nýmjólkurdufti. *40 tonn af nýmjólkurdufti fást úr ca. 300 þús. lítrum af nýmjólk.* Það verður að teljast undarlegt, að ekki skuli enn hafin framleiðsla á þessu mjólkurdufti, þegar naumast er til nægur gjaldeyrir fyrir brýnustu þarfir.

Eftir upplýsingum frá hagstofunni kostaði mjólkurduftið árið 1933 að meðaltali kr. 1.37 pr. kg. Ef framleitt væri það nýmjólkurduft, sem nú er notað, *sparaðist gjaldeyrir fyrir ca. 55 þús. krónur á ári.*

Ef farið væri eftir þeim tillögum, sem ég nú hefi lýst, væri við það unnið þrennt:

1. Fæða alls almennings mundi batna til stórra muna, fyrst um sinn reyndar einungis þeirra, sem í kaupstöðum búa, en síðar meir vonandi allrar þjóðarinnar.
2. Fenginn væri fyrst um sinn viðbótarmarkaður fyrir 2,5 millj. lítra af mjólk á ári, en síðar sennilega fyrir tæpar 5 millj. lítra.
3. Innflutningur væri sparaður um rúmar 100 þús. krónur árlega.

Mér virðist kostir þessara tillagna vera svo yfirgnæfandi, að sem bráðast ætti að framkvæma þær.

(sign.) Jón E. Vestdal.

Fylgiskjal II.

14. okt. 1935.

Ráðuneytið hefir falið mér að athuga möguleika fyrir vinnslu á þurrmjólk og notkun hennar við bakstur í brauð og kökur samkv. tillögum mínum, sem ég birti í tveim blaðagreinum á síðastliðnu vori, og munnlegu viðtali, sem ég hefi átt við landbúnaðarráðherra og aðra, sem hug hafa á aukinni mjólkurneyzlu samhliða

aukinni mjólkurframleiðslu og um leið víðtækum umbótum á mataræði alls almennings.

Ég hefi nú aflað mér fullnægjandi upplýsinga um framkvæmd þessa máls og mun hér á eftir skýra frá því, sem ég hefi ekki þegar tekið fram í áðurnefndum blaðagreinum.

En það mun ekki vera úr vegi þegar í upphafi að beina athygli ráðuneytisins að því, að með framkvæmd þessa máls er ekki einasta atriðið — og ekki aðalatriðið — að fá aukinn markað fyrir landbúnaðarafurðir unnar úr mjólk, heldur tel ég hitt enn mikilsverðara, að geta bætt um mataræði almennings. Frá þessu hefir verið skýrt allýtarlega áður, og er naumast að svo komnu máli nokkru verulegu við að bæta. En það má ekki gleymast, að þótt nýr markaður fyrir mikið magn af aðalframleiðsluvöru íslenzks landbúnaðar sé geysimikið hagsmunamál fyrir bændur og vel til þess fallið, að menn gleymi öðrum hliðum þess, þá er hitt þó enn mikilsverðara.

Í Þýzkalandi hafa verið framkvæmdar mjög víðtækar tilraunir með framleiðslu mjólkurdufts og notkun þess við bakstur í brauð og kökur.

Framleiðsla mjólkurdufts.

Víðtækustu tilraunirnar með framleiðslu mjólkurdufts hefir próf. dr. W. Mohr í Kiel framkvæmt. Hann hefir rannsakað ekki einungis vélar, sem til þurrmjólkurvinnslu væru heppilegastar, heldur og það mjólkurduft, sem framleitt er með mismunandi tegundum véla og frá ýmsum verksmiðjum.

Til framleiðslu á mjólkurdufti eða undanrennudufti, sem nota á til íblöndunar í ýmsar mjöltegundir eða í súkkulaði, er — samkvæmt viðtali við próf. Mohr — nægjanlegt að nota vélar með tveim völtum, sem upphitaðir eru með gufu, og fer þá öll uppgufun vatnsins í mjólkinni fram á þessum völtum. Duftið, sem fæst með þessu móti, uppfyllir þau skilyrði, sem gera verður til þess við notkun til baksturs. Þó er það ekki að öllu leyti uppleysanlegt í vatni aftur — ca. 60% af mjólkurduftinu eru uppleysanleg — og hefir auk þess orðið fyrir tiltölulega langri og hárri upphitun, sem vart verður við á bragðinu. Á brauðunum gætir þó einskis bragðs vegna þessa undanrennudufts, enda er ekki nauðsynlegt að nota í þau 100% uppleysanlegt duft.

Ég hefi leitað tilboða í vélar af þessari gerð. Haganlegust væru kaup á þeim frá hollenzkri verksmiðju, sem reyndar hefir útibú í Þýzkalandi, en borgunin mundi þó sennilega þurfa að fara fram í hollenzkum gyllinum.

Vélar þessar með öllu tilheyrandi, transportbandi, elevator, myllu o. s. frv. kosta vel innpakkaðar komnar um borð í skip í Rotterdam Hfl. 7750.00 eða eftir núverandi gengi ísl. kr. ca. 24000.00.

Það er tekin ábyrgð á, að vélar þessar þurrki 1000 lítra af nýmjólk eða undanrennu á klukkutíma. Ef tekið er tillit til þess, að mjólkurmagnið, sem vinna ætti úr í þessum vélum, er ekki jafnt allt árið, er ekki óvarlegt að gera ráð fyrir 5—6 stunda notkun til jafnaðar á dag, svo að áætla má, að í þeim verði hægt að vinna úr 2 millj. lítrum af nýmjólk eða undanrennu á ári.

Þess má geta, að notaðar eru nú í Hollandi yfir 100 vélar frá þessari verksmiðju.

Undanskilið þessu tilboði eru tveir mótorar, sem nota þarf við vélarnar, ef þær eiga að vera knúnar með rafmagni, og er annar mótorinn 12, en hinn 3 hestöfl.

Allar vélarnar þurfa um það bil 45 m² gólfflöt.

Aðrar vélar, sem próf. Mohr mælti sérstaklega með, vinna á þann hátt, að fyrst er mjólkin inndömpuð í vakuum 1:3, og síðan er þessi þykkta mjólk þurrkuð til fullnustu á valta. Þar sem ekki þarf að sjóða úr mjólkinni nema lítinn hluta af vatninu á þessum valta, verður mjólkin fyrir lægri hita og mun styttri upphitun í þessum vélum. Árangurinn er líka sá, að þurrmjólkin er fullkomlega uppleysan-

leg í vatni — 100% uppleysanleg — og bragðgóð. Enn einn kostur við þessar vélar er mikill sparnaður á hita við þurrkun mjólkurinnar.

Þetta er ný gerð á vélum við þurrkun á mjólk, og eru þær stöðugt að ryðja sér meir og meir til rúms.

Ég hefi einnig leitað tilboða í þessar vélar. Þar er aðeins um að ræða þýzka verksmiðju.

Verð vélanna með öllu tilheyrandi, transportbandi, elevator, myllu, sigtum, dælum o. s. frv. er frá verksmiðjunni RM 24780.— Innpakning og flutningskostnaður fritt um borð í skip í Hamborg kostar RM 700.—, svo að vélarnar mundu kosta eftir núverandi gengi á þýzkum mörkum um borð í skipi í Hamborg ísl. kr. ca. 46000.—.

Einnig þessar vélar þurrka 1000 lítra af mjólk eða undanrennu á klukkustund.

Ég þykist hafa sýnt fram á kosti og ókosti hvorrar vélategundarinnar um sig, að svo miklu leyti sem nauðsynlegt ætti að vera í bili, og vona ég, að ráðuneytið geti myndað sér skoðun um það, hvor vélategundin mundi verða heppilegri.

Á eitt atriði vildi ég þó enn minnast í þessu sambandi.

Þurrkun á mjólk er einhver bezta aðferðin til að konservera hana, þ. e. a. s. ef geyma á mjólk lengri tíma án þess hún skemmist, er þurrkun á henni ein bezta aðferðin til þess.

Nú mun svo vera háttað, að á ýmsum stöðum, eins og t. d. á öllum íslenzka skipaflotanum, er ekki mögulegt að nota nýmjólk til nokkurra muna, því hún mundi skemmast á einum til tveim dögum. Til þess nú að gera mönnum mögulega mjólkurneyzlu á þessum stöðum, er bezta ráðið að framleiða mjólkurduft, og þegar nota á mjólkina, er duftið leyst upp í vatni. Mjólkurduftið þolir margra mánaða geymslu án þess að skemmast, og sú mjólk, sem fæst við að leysa það upp í vatni, stendur lítið að baki nýmjólk að gæðum.

En til þessa þarf mjólkurduftið að vera fullkomlega uppleysanlegt. Mjólkurduftið, sem framleitt er með þeim vélum, sem fyrst voru nefndar, er ekki nema rúmlega að hálfu leyti uppleysanlegt, og þess vegna ekki nothæft í þessum tilgangi. Aftur á móti er duftið, sem úr síðarnefndu vélunum fæst, að öllu leyti uppleysanlegt, og því mjög hentugt til þessara nota.

Ég vildi því eindregið mæla með, að dýrari vélarnar yrðu keyptar nú í fyrstu, svo þeim mönnum, sem hingað til hefir ekki verið mögulegt að neyta mjólkur, verði nú strax gert það kleift. Ef mjólk eða undanrenna yrði hinsvegar þurrkuð á fleirum en einum stað í landinu — eins og allar líkur virðast benda til að hægt verði að gera, — mundi vera nægjanlegt að nota við þá framleiðslu vélarnar af ódýrari gerðinni, því hægt væri að nota duftið úr þeim eingöngu til blöndunar í mjöltegundir.

Þetta ætti að nægja um framleiðslu mjólkur- og undanrennuduftsins að svo komnu máli. Ég sé ekki ástæðu til að ræða um einstök teknisk atriði fyrr en málið er komið frekar á rekspöl.

Notkun mjólkur- og undanrennudufts.

Það mun ekki ástæða að fjölyrða um notkun mjólkurdufts til þeirra þarfa, sem það nú er notað hér á landi, sem sé í súkkulaði og ýmsan varning úr súkkulaði.

Notkun mjólkurduftsins til að búa til úr því mjólk aftur hefi ég þegar minnzt á, og býst ég við, að þar verði hægt að fá nokkurn markað fyrir það. Auk þess er sennilegt, að það mundi verða töluvert notað til heimilisþarfa, þegar hægt verður að fá það keypt í verzlunum eins og aðra algenga matvöru.

Þessi markaður fyrir mjólkurduft mun þó ætíð verða nokkuð takmarkaður, og er ekki ósennilegt, að hann yrði ca. 60 tonn á ári, en það samsvarar ca. 0,5 millj. lítrum af nýmjólk.

En tillögur mínar gengu í þá átt, að mjólkurdufti yrði blandað í hinar ýmsu

mjöltegundir, sem notaðar eru til manneldis, og þannig bætt fæða alls almennings í landinu.

Gildi þessara ráðstafana frá sjónarmiði matvælavísindanna hefi ég áður lýst ýtarlega, en hér mun vera ástæða til að skýra nokkuð frá þeim tilraunum, sem gerðar hafa verið með bakstur þeirra brauða, sem í var sett undanrennuduft, og frá árangri þeirra tilrauna.

Tilraunir þessar voru gerðar í Þýzkalandi og voru mjög viðtækar. Tilgangurinn með þeim var að ganga úr skugga um,

1. hverskonar undanrenna væri heppilegust í brauðin;
2. hversu mikið af undanrennu væri heppilegt að láta í þau, og
3. hver áhrif íblöndun undanrennuduftsins hefði á brauðin.

Hvað fyrsta atriðinu viðvíkur, þá er súr undanrenna jafnnothæf ósúrri. Súr undanrenna samsvarar að mestu leyti áfunum, en þurrkun áfanna, eins og þær koma úr strokknum, er ekki heppileg, því þá er of mikið í þeim af fitu, en hátt fitumagn í undanrennudufti hefir ill áhrif á geymslu þess. En sé fitan skilin úr áfunum — og á því eru engin vandkvæði —, þá er ekkert því lengur til fyrirstöðu, að þær séu þurrkaðar. Þetta undanrennuduft, sem með því móti fengist, getur komið í staðinn fyrir súrt deig, sem oft er notað við bakstur brauða og gefur þeim gott bragð. Að neutralísera áfirnar er algerlega óþarft, og auk þess mjög óheppilegt.

Mér vitanlega hafa enn ekki verið gerðar tilraunir í þá átt að nota mysuna í þessum tilgangi. Ég býst við, að ekkert muni vera því til fyrirstöðu að nota hana, að minnsta kosti að nokkru leyti. Með því móti væri hægt að nota allt það, sem til fellur við mjólkurvinnsluna, svo að ekki þyrfti að láta neitt fara til ónýtis, og það jafnvel að ýmsu leyti dýrmætustu efni mjólkurinnar.

Við rannsókn á öðru atriðinu komust menn að þeirri niðurstöðu, að í brauðunum þyrfti að vera minnst 2,5% af þurri undanrennu, miðað við þurrefni brauðsins, svo að vart yrði physiologiskra áhrifa hennar. Ekki er fullkomlega rannsakað, hve mest má vera af dufti í brauðunum, enda erfitt að ákveða hámark, því að það yrði að miðast við brauðasmekk manna yfirleitt. Hinsvegar er ekkert því til fyrirstöðu, að í brauðin séu notuð 5% af undanrennudufti.

Hver áhrif þetta hefir á mjólkurframleiðsluna, sést á greinum þeim, sem ég hefi áður ritað um þetta mál.

Þá er þriðja atriðið. Með því að blanda undanrennudufti í brauðin aukast kostir þeirra að öðru leyti en því, sem áður hefir verið á minnzt:

1. Ágætt bragð, sem gera má arómatískt eða súrkennt, ef notað er súrt eða fermenterað duft.
2. Brauðið helzt lengur „nýtt“, þar sem það síður þornar.
3. Lystugt útlit, jafnholóttur skurður brauðsins, slétt, mjúk, fallega lituð skorpa.
4. Komizt verður hjá göllum vegna bakstursins, svo sem að brauðin springi eða klessist.

Við tilraunirnar hefir ennfremur komið í ljós, að undanrennuduftið er jafnnothæft í hvaða brauðategund sem er, og enn hefir það engin áhrif, hvort við baksturinn er notað súrt deig, ger eða önnur hjálparmeðul.

Eins og á þessu sést, eru notkunarmöguleikar undanrennuduftsins mun víðtækari en ég í fyrstu hafði gert ráð fyrir, og þær upplýsingar, sem ég hefi nú skýrt frá um notkun þess, eru svo ótvíræðar, að ekki virðist nokkur ástæða til að hika við að hrinda þessu máli í framkvæmd.

Þessari skýrslu eru auðvitað algerlega óviðkomandi ákvarðanir um það, hvar talið mundi heppilegast að setja niður vélar fyrir vinnslu á mjólkur- og undanrennudufti. Sömuleiðis athuganir og rannsóknir, sem að því lúta, hvort ekki mundi heppilegast að nota til þurrkunarinnar jarðhita í stað kola. Ég vildi einungis beina athygli ráðuneytisins að því, að mjög mikill sparnaður væri auðvitað að notkun

jarðhitans, og mundi sá sparnaður skipta tugum þúsunda á ári, svo að kostnaður við virkjun jarðgufu mætti vera mjög hár, til þess að það borgaði sig ekki.

Skýrslu þessa hefi ég sent í afriti til mjólkursölunefndar og skipulagsnefndar atvinnumála.

(sign.) Jón E. Vestdal.

Til atvinnumálaráðuneytisins.

Nd. 218. Frumvarp til laga

um friðun hreindýra.

Flm.: Hannes Jónsson

1. gr.

Hreinar eru friðhelgir 1. janúar til 1. ágúst og 15. september til 15. október ár hvert. Á öðrum tímum árs má veiða hreintarfa að fengnu sérstöku leyfi, samkv. 4. gr.

2. gr.

Ráðuneytið skipar menn til umsjónar með hreinum og hreinaveiðum, svo marga sem þörf álízt. Þóknun fyrir störf sín fá þeir umsjónarmenn úr ríkissjóði.

3. gr.

Umsjónarmönnum er skylt að gera sér far um að kynna sér allt um viðhald og þrif hreinastofnsins, svo sem tölu dýra af hvoru kyni, lifnaðarhætti dýranna og lífsskilyrði, og orsakir þess, að stofninn hefir ekki vaxið. — Þeir skulu hafa sérstaka gæzlu á, að lögum þessum sé hlýtt og gefa ráðuneytinu einu sinni á ári skýrslu um störf sín og álit.

4. gr.

Umsjónarmönnum er heimilt að gefa leyfi til að veiða fullorðna hreintarfa, ef þeir álíta það óhætt, eða gagnlegt fyrir þrif stofnsins. Leyfi séu skrifleg og gildi til einnar veiðifarar aðeins. Á leyfin skulu skráðar þær reglur og þau takmörk, sem veiðinni eru sett. Algert bann skal lagt við því að skjóta í hreinahópa og leggja við sömu sektir og við leyfislausu drápi hreindýrs.

Umsjónarmaður setur sérstakan eftirlitsmann með hverri veiðiför, ef hann er ekki til eftirlits sjálfur, til að gæta þess, að reglum veiðileyfis sé hlýtt. Leyfishafi kostar það eftirlit, enda er eftirlitsmanni skylt að aðstoða við veiðina.

Fyrir veiðileyfi greiðist 50 krónur, og auk þess 10 krónur fyrir hvert dýr, sem veitt er fram yfir eitt. — Gjaldið rennur í ríkissjóð.

5. gr.

Ráðuneytið setur umsjónarmönnum reglur um störf þeirra, svo og reglur fyrir veiðinni, og ákveður þóknun fyrir föst störf umsjónarmanna. Sérstakur kostnaður við að komast árlega eftir stærð stofnsins og tölu dýra af hvoru kyni greiðist úr ríkissjóði eftir reikningi umsjónarmanns, sem ráðherra samþykkir.

6. gr.

Fyrir hvert dýr skal sá, er brotlegur verður, gjalda 100 króna sekt, sem tvöfaldast við ítrekun brots, allt að 400 krónum. Renna sektirnar að helmingi í sveitarsjóð, þar sem brotið er framið, en hinn helmingurinn til uppljóstrarmanns.

7. gr.

Mál, sem rísa út af lögum þessum, skal farið með sem opinber lögreglumál.

8. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Greinargerð.

Síðustu lögin um friðun hreindýra féllu úr gildi 31. des. 1935. Kunnugir menn telja, að dýrin séu nú í fæsta lagi síðan þau voru alfriðuð fyrir aldarþriðjungi. — Sýnilega hefir hin eftirlitslausa alfriðun ekki náð þeim tilgangi, sem ætlað var og líklegur var, eftir því sem kunnugt er um þrif þeirra fyrst eftir að þau voru flutt til landsins. Er því nauðsynlegt að setja haldkvæmari friðunarákvæði fyrir hreindýrastofninn en þau, sem verið hafa, og er að því stefnt með þessu frumvarpi.

Þar sem hér er um að ræða löggjöf, sem þolir ekki bið, vænti ég þess, að afgreiðslu þessa frumvarps verði hraðað sem mest, og leitað verði afbrigða frá þingsköpum, ef með þarf, til þess að friðunarákvæði verði sett fyrir hreindýrin á þessu þingi.

Nánar í framsögu.

Sþ. 219. Tillaga til þingsályktunar

um innheimtu berklavarnagjalda fyrir 1936.

Flm.: Gísli Sveinsson, Þorsteinn Þorsteinsson, Guðbrandur Ísberg.

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að láta falla niður innheimtu á berklavarnagjöldum sýslu- og bæjarsjóða fyrir árið 1936.

Greinargerð.

Berklavarnagjaldið til ríkissjóðs hefir á undanförnum árum verið með þungbærustu byrðum héraðanna, og hafa af þeim sökum verið bornar fram tillögur á síðustu þingum um lækkun þess eða niðurfelling með öllu. — Með nýrri löggjöf er gjald þetta nú horfið af sýslu- og bæjarsjóðum, frá 1. jan. þ. á., og komið að hluta á hreppssjóðina, sem ekki er heldur sanngjarnt. En að öllu athuguðu má réttmætt kallast, að héruðin verði leyst undan gjaldskyldunni fyrir þetta síðasta ár, enda aðeins fáein, sem þegar hafa gert á því skil (sem þá ættu að fá gjaldið endurgreitt, ef till. yrði samþykkt). Sumar sýslur og kaupstaðir hafa ekki greitt um árabil, og hefir þannig myndazt óhafandi misrétti. — Nánar í framsögu.

Sþ. 220. Breytingartillaga

við till. til þál. um skipun milliþinganefndar til að endurskoða bankalöggjöf landsins o. fl.

Frá Jóni Pálmasyni.

Önnur málsgrein tillgr. orðist þannig:

Jafnframt skal nefndin athuga, hvaða ráðstafanir er nauðsynlegt að gera í sambandi við gengisfall íslenzku krónunnar.

Ed. 221. Breytingartillögur

við brtt. á þskj. 147 (Kreppulánasjóður).

Frá atvinnumálaráðherra.

1. c-liður verði a-liður og orðist þannig:

Að lána þeim bæjarfélögum, sem á árinu 1936 fengu ekki fullnægjandi afgreiðslu hjá sjóðnum, það sem á það kann að vanta.

2. a-liður verði c-liður og aftan við liðinn bætist: eftir því sem bréf sjóðsins hrökkva til.

Ed. 222. Breytingartillaga

við frv. til l. um sauðfjárbaðanir.

Frá Þorst. Þorsteinssyni.

Aftan við 5. gr. frumvarpsins komi ný málsgrein, svo hljóðandi:

Heimilt er landbúnaðarráðherra að endurgreiða sauðfjáreigendum þeim, er tvíbaðað hafa fé sitt nú í vetur, verð baðlyfs í aðra þá böðun, og verði það greitt af fé því, sem veitt er í núgildandi fjárlögum til útrýmingarböðunar.

Sþ. 223. Tillaga til þingsályktunar

um framkvæmd laga nr. 11 9. jan. 1935, um gjaldeyrisverzlun o. fl.

Flm.: Jakob Möller, Jóhann Jósefsson.

Alþingi skorar á ríkisstjórnina:

1. Að breyta 3. gr. starfsreglna gjaldeyris- og innflutningsnefndar á þann veg, að nefndin hafi ótvíræð fyrirmæli um að veita öllum verzlunarfyrirtækjum innflutningsleyfi eftir föstum kvóta, sem miðist eingöngu við innflutning þessara fyrirtækja ákveðið ár eða árabil, svo að kaupmenn og kaupfélög geti útvegað viðskiptamönnum sínum vörur í sama hlutfalli og var áður en innflutningshöftin voru sett, þó þannig, að tekið sé tillit til þeirra iðnaðar- og verzlunarfyrirtækja, sem síðan hafa verið stofnuð.
2. Að leggja fyrir gjaldeyris- og innflutningsnefnd:
   a. að birta þegar í byrjun hvers árs áætlun yfir innflutning þann, sem veita á á árinu, og að hafa áætlun þessa svo greinilega, að hver innflytjandi geti sjálfur séð, hve mikinn innflutning hann á að fá á því tímabili, sem áætlunin nær yfir, samkvæmt skýrslu sinni til gjaldeyris- og innflutningsnefndar yfir fyrri innflutning.
   b. að taka við samningu áætlunarinnar tillit til vöruflokkaskiptingar innflutningsins undanfarin 10 ár, og ennfremur að leita álits Verzlunarráðs Íslands og Sambands íslenzkra samvinnufélaga á henni áður en hún verður birt og kemur til framkvæmda.
3. Að veita heimild til, að Verzlunarráð Íslands og Samband íslenzkra samvinnufélaga skipi trúnaðarmenn, er taki við og athugi kærur, er fram kunna að koma frá innflytjendum út af úthlutun innflutningsleyfa, enda veitist þessum trúnaðarmönnum aðgangur að öllum gögnum og upplýsingum gjaldeyris- og innflutningsnefndar varðandi úthlutunina.
4. Að hlutast til um, að úthlutun bankanna á gjaldeyri til greiðslu á andvirði innfluttra vara verði á hverjum tíma í sem réttustum hlutföllum við úthlutun innflutningsleyfa, þannig að jafnt gangi yfir alla þá innflytjendur, sem leyfi hafa fengið.

Greinargerð.

Fyrirmæli greindra laga um framkvæmd þeirra eru mjög ónákvæm, og ráðherra er að mestu í sjálfsvald sett, hvernig þeim er beitt gagnvart þegnum þjóðfélagsins.

Samkvæmt lögunum hefir fjármálaráðherra sett gjaldeyris- og innflutningsnefnd starfsreglur, sem mikla óánægju hafa vakið. Auk þess er kvartað undan framkvæmd laganna yfirleitt. Er því nauðsynlegt, meðan lög þessi eru í gildi, að séð verði um, að framkvæmd þeirra verði réttlát.

Fyrir því þykir hlýða, að Alþingi kveði nokkru nákvæmar á um framkvæmd laganna.

Nánar í framsögu.

Ed. 224. Nefndarálit

um frv. til laga um verðlag á almennum nauðsynjavörum.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefir athugað frv. og mælir með, að það verði samþykkt.

Einn nefndarmanna (MG) áskilur sér rétt til að bera fram breytingartillögur og skrifar því undir með fyrirvara.

Alþingi, 6. apríl 1937.

Sigurjón Á. Ólafsson, form., frsm.	Ingvar Pálmason, fundaskr.	Magnús Guðmundsson, með fyrirv.

Nd. 225. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 14 9. janúar 1935, um síldarverksmiðjur ríkisins.

Frá minni hl. sjávarútvegsnefndar.

Nefndin hefir athugað frv., en eigi orðið ásátt um afgreiðslu þess. FJ og PÞ leggja til, að frv. verði samþykkt óbreytt. BJ kvaðst eigi samþykkur því, að afgreiða málið til hv. deildar að svo komnu, en SK og JJós eru frv. andvígir.

Alþingi, 6. apríl 1937.

Finnur Jónsson, form., frsm.	Páll Þorbjörnsson.

Sþ. 226. Tillaga til þingsályktunar

um ríkisábyrgð fyrir kaupfélag Flateyjar í Flatey til þess að koma upp frystihúsi.

Flm.: Sigurður Einarsson.

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að ábyrgjast fyrir kaupfélag Flateyjar í Flatey á Breiðafirði allt að 18 þúsund króna lán, gegn þeim tryggingum, sem ríkisstjórnin metur gildar, til þess að koma upp frystihúsi í Flatey.

Greinargerð.

Skammt frá Flatey, við Bjarnareyjar og víðar um Breiðafjörð, eru einhver beztu flyðrumið á Íslandi, svo og frá fornri tíð gott útræði. En mjög hefir það verið eyjabúum og íbúum við norðanverðan Breiðafjörð til mikils óhagræðis, að frystihús er ekkert til á Flatey, hvorki til beitugeymslu né til að hagnýta aflann og varðveita unz honum yrði komið á markað. Sama máli gegnir og um kjötvarðveizlu, en nú eiga bændur við norðanverðan Breiðafjörð ekki annars kost en að salta allt kjöt sitt til útflutnings.

Á fundi, sem verklýðsfélagið í Flatey hélt fyrir nokkrum dögum, var samþykkt einróma áskorun til Alþingis um að greiða fyrir þessu máli, og kunnugt er mér um það, að slík er afstaða ekki einungis verkamanna og sjómanna í Flatey, heldur og bænda úr nálægum hreppum. Liggur áskorun verklýðsfélagsins frammi hér á Alþingi.

Kaupfélag Flateyjar í Flatey hefir undanfarið beitt sér fyrir þessu máli og telur sig hafa bolmagn til þess að hrinda þessu nauðsynjamáli áleiðis, ef það fengi ábyrgð þá, er hér er farið fram á, og mælir öll sanngirni með því, að svo verði gert. Hér er ekki um bein fjárútlát að ræða, en hinsvegar mikilsverða fyrirgreiðslu, sem þessu héraði er hin brýnasta þörf á. Hér er og gert ráð fyrir því, að ríkisstjórnin sjái svo um með tryggingum þeim, er hún tekur fyrir ábyrgðinni, að ríkissjóði sé engin fjárhagsleg hætta búin af þessari ráðstöfun.

Ég vil sem ennþá frekari rök fyrir þessari tillögu geta þess, að þilskipaútvegur í Flatey hefir nú að kalla má lagzt niður. Leiðir tvennt af því. Annarsvegar mikla erfiðleika og atvinnuleysi verkafólks á staðnum, hinsvegar það, að menn reyna nú eftir föngum að afla sér báta og viðráðanlegri tækja en þilskipa. En undirstaða þess, að mönnum geti orðið atvinnubót að því, er sú, að frystihús sé til á staðnum.

Nánar í framsögu.

Nd. 227. Tillaga til þingsályktunar

um endurskoðun fuglafriðunarlaga.

Flm.: Bjarni Ásgeirsson, Bergur Jónsson, Gísli Guðmundsson.

Neðri deild Alþingis ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta fara fram endurskoðun á lögum nr. 59 frá 10. nóv. 1913, um friðun fugla og eggja, og leggja fyrir næsta þing frv. um það efni.

Greinargerð.

Fuglafriðunarlögin eru nú bráðum orðin aldarfjórðungsgömul og þarfnast á ýmsan hátt gagngerðrar endurskoðunar. Meðal annars væri full ástæða til að taka til athugunar hina algerðu friðun álfta og álftareggja, þar sem nú hefir sannast m. a.:

1. að friðunin hefir haft það í för með sér, að álftunum hefir fjölgað svo ört í góðærum, að þær hafa stráfallið hundruðum eða þúsundum saman í einstökum héruðum í hörðum vetrum.
2. að þær hafa, þegar fjölgunin er mest, reynzt hinn mesti vágestur í engjum og beitilöndum bænda í sumum sveitum.
3. að sannanir hafa fengizt fyrir því, að þær leggjast á uppfæðing lax og silungs og hafa reynzt hinn mesti vargur í sumum veiðiám og vötnum.
4. að þær hafa sumstaðar lagzt á sauðfé bænda og orðið því að tjóni.

Virðist geta komið til mála að binda friðun þeirra við heimild einstakra héraða til að ófriða þær vissan hluta árs, svo að fjölgun þeirra verði haldið í skefjum í þeim héruðum, þar sem þær gera mestan usla. Rjúpur eru nú alfriðaðar nema í 2½

mánuð, frá 15. okt. til 1. janúar, og geta orðið alfriðaðar ár og ár í senn samkv. stjórnartilskipun. Virðist það þó einsætt, sé leyft að veiða rjúpur á annað borð, að það sé um rýmri tíma að ræða en lögin segja til, þegar t. d. rjúpnamergð er mikil og markaður góður fyrir þá vöru, því að dæmin sýna það ljóslega, að þegar rjúpunni fækkar mest, þá stafar það alls ekki af manna völdum, heldur öðrum óviðráðanlegum ástæðum. Þá má og benda á það, að sumir þeirra fugla, sem nú eru ófriðaðir með öllu, eins og t. d. súlur, sefandir og toppandir, eru tiltölulega óskaðlegir, en fæð þessara fugla gerir ólíklegt, að það geti verið til nokkurra verulegra nytja fyrir veiðimenn að leyfa, að þeim sé eytt t. d. yfir varptímann. Ennfremur má þess geta, að valir eru nú ófriðaðir allt árið, en sú fuglategund er orðin mjög sjaldgæf. Þá skal að lokum vakin athygli á því, að vel getur komið til greina að friða ýmsa fugla án þess að egg þeirra séu friðuð með öllu.

Nánar í framsögu.

Ed. 228. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 37 19. maí 1930, um skráning skipa.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefir athugað frv. þetta og leggur til, að það verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGUM.

1. Frvgr. verði 1. gr., og á henni verði þessar breytingar:
   a. Fyrir „fjármálaráðuneytinu“ (í 3. línu) og „Fjármálaráðuneytið“ (í 8. línu) kemur: skipaskráningarstofunni og Skipaskráningarstofan.
   b. Á eftir orðunum „lög þessi ganga í gildi“ kemur nýr málsliður: Einkaréttur til skipsheitis fellur úr gildi fimm árum eftir að skip hefir fallið út af skipaskrá og eigandi heitisins ekki endurnýjað það á öðru skipi.
2. Á eftir frvgr. koma tvær nýjar greinar, svo hljóðandi:
   a. (2. gr.) 1. málsgr. 11. gr. laganna orðist svo:
      Nú telur skráningarstofan skip réttilega skráð, og tekur hún þá skipið á aðalskipaskrá. Ef skipið er yfir 30 smálestir brúttó, gefur skipaskráningarstjóri út þjóðernis- og skráningarskírteini handa skipinu, en mælingarbréf fyrir minni skip. Fari skip, sem er minna en 30 smálestir brúttó milli Íslands og annara landa, skal þjóðernis- og skráningarskírteini gefið út handa því.
   b. (3. gr.) Lög þessi öðlast þegar gildi.

Alþingi, 7. apríl 1937.

Ingvar Pálmason, form., frsm.	Sigurjón Á. Ólafsson, fundaskr.	Jón A. Jónsson.

Ed. 229. Nefndarálit

um frv. til l. um ráðstafanir vegna búfjársjúkdóma.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin mælir með því, að frv. verði samþ.

Einn nefndarmanna (JBald) mætti ekki á fundi, þegar ákvörðun var tekin um málið.

Alþingi, 7. apríl 1937.

Páll Hermannsson, form., frsm.	Pétur Magnússon.

Nd. 230. Breytingartillaga

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 26 1. febr. 1936, um alþýðutryggingar (þskj. 25).

Flm.: Pétur Ottesen.

Á eftir 2. gr. frv. kemur ný grein (3. gr.), svo hljóðandi (og breytist greinatala samkv. því):

Aftan við 27. gr. laganna kemur ný málsgrein, svo hljóðandi:

Nú sýnir atkvæðagreiðsla, að kauptún óskar ekki að stofna sjúkrasamlag í hreppnum samkvæmt þessum lögum, og á hreppurinn þá kröfu á að fá styrk úr ríkissjóði eftir þeim reglum, sem settar voru í lögum nr. 103 19. júní 1933, um sjúkrasamlög, enda sé haldið uppi sjúkrasamlagi í kauptúninu eftir reglum þeirra laga.

Sþ. 231. Tillaga til þingsályktunar

um raforkuveitur frá Sogslínunni.

Flm.: Ólafur Thors, Pétur Ottesen, Gunnar Thoroddsen.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að hraða sem allra mest rannsókn og undirbúningi löggjafar um raforkuveitur frá Sogslínunni til Akraness, Borgarness, Keflavíkur og annara sjávarþorpa á Reykjanesskaga, og leggja frumvarp um það fyrir Alþingi þegar að þeim undirbúningi loknum.

Nd. 232. Breytingartillögur

við frumv. til l. um loðdýrarækt og loðdýralánadeild.

Frá landbúnaðarnefnd.

1. Við 8. gr. Fyrsta málsgr. orðist svo: Bannað er að gera loðdýrum í aðhaldi eða loðdýragörðum nokkurt það ónæði, er eigendum verður tjón að, enda séu dýrin geymd svo fjarri alfaraleiðum, að ekki hljótist ónæði af umferðinni.
2. Við 10. gr. Greinin orðist þannig:
   Sleppi loðdýr úr vörzlu og náist ekki, skal eigandi eða umráðamaður sæta sektum frá 2—200 kr. fyrir hvert dýr, og greiða skaðabætur, ef sannanlegt tjón hlýzt af. Auk þess má svipta hlutaðeiganda leyfi, ef miklar sakir eru. Þessi ákvæði taka þó ekki til þess, ef sannað er, að dýr hafi sloppið af óviðráðanlegum orsökum, svo sem vegna skemmda af óveðrum o. s. frv. Sektir samkvæmt þessari grein renna í hlutaðeigandi hrepps- eða bæjarsjóð.
3. Við 13. gr. Greinin orðist svo:
   Loðdýraræktarfélag Íslands ákveður í samráði við loðdýraræktarráðunaut, hverjar tegundir loðdýra skuli merktar og ættbókfærðar.
   Rétt til að fá loðdýr sín merkt löggiltu merki og ættbókfærð hafa þeir einir, sem eru meðlimir Loðdýraræktarfélags Íslands.
4. Við 18. gr. Annar málsliður orðist þannig: Lán má þó nema allt að 60% af stofnkostnaði og allt að 500 kr. á félagsmann, ef búið er félagseign minnst 5 manna, enda standi þeir allir í sameiginlegri ábyrgð fyrir láninu.

Ed. 233. Frumvarp til laga

um viðauka við lög nr. 85 frá 23. júní 1936, um meðferð einkamála í héraði.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

1. gr.

Aftan við 27. gr. laga nr. 85 frá 23. júní 1936 bætist ný málsgr., svo hljóðandi:

Sækjandi greiðir til bráðabirgða ferðakostnað og dagpeninga og gjald fyrir sáttatilraun og úrskurð samkvæmt b-lið 1. málsgr. 21. gr., og verjandi fyrir úrskurð samkv. a-lið sömu málsgr., en í sátt og úrskurði skal að lokum kveða á um það, hvern þátt verjandi og sækjandi eftir a-lið 1. málsgr. 21. gr. skuli taka í greiðslum þessum.

2. gr.

Aftan við 82. gr. laganna komi ný málsgr., svo hljóðandi:

Víxilmál og tékka má sækja í þinghá þar, sem greiðslustaður víxilsins eða tékkans er. Nú er víxill eða tékki, sem út hefir verið gefinn erlendis, innheimtur hér á landi í víxilmáli eða tékka, og má þá mál höfða á varnarþingi þess, er innheimtir, ef banki er eða sparisjóður eða sá hefir skuldheimtu að atvinnu sinni.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 234. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 35 1. febrúar 1936, um viðauka við lög nr. 78 19. júní 1933, um Kreppulánasjóð.

(Eftir 3. umr. í Ed.).

1. gr.

1. gr. laga nr. 35 1. febrúar 1936 verði svo hljóðandi:

Ríkisstjórninni er heimilt að ákveða, að stjórn Kreppulánasjóðs gefi út handhafaskuldabréf að upphæð allt að 1½ milljón kr., og teljast þau til skuldabréfaflokks þess, er í 8. gr. segir, sem þannig má verða allt að 3 milljónum kr. að upphæð.

Trygging fyrir skuldabréfum þessum er sú sama og segir í 8. gr.

Skuldabréfum þessum má verja til lánveitinga handa hreppsfélögum landsins og fyrirtækjum þeirra, öðrum en atvinnufyrirtækjum, til þess að ná hagkvæmum samningum um skuldir hreppsfélaga, sem eru stofnaðar fyrir 1. janúar 1936, þar með taldar fátækraskuldir milli sveitarfélaga og skuldir við sjúkrahús og heilsuhæli. Bréfin skulu vera gildur gjaldeyrir með nafnverði gagnvart innlendum lánardrottnum eða skuldareigendum til greiðslu hverrar þeirrar skuldar, sem eldri er, og ekki tryggð með fasteignarveði, handveði eða ríkisábyrgð. Sama gildir um greiðslu víxla, sem gefnir hafa verið út eftir 1. janúar 1936, ef skuldin hefir upphaflega verið stofnuð fyrir þann tíma. Til greiðslu skulda, eldri en frá 1. janúar 1933, eru bréf þessi fullgildur gjaldeyrir á sama hátt og skuldabréf, sem gefin eru út samkvæmt lögum nr. 78 19. júní 1933.

Um gerð og fjárhæð skuldabréfa þeirra, sem ræðir um í þessari grein, gilda ákvæði 8. gr.

2. gr.

Ríkisstjórninni heimilast að fela stjórn Kreppulánasjóðs að nota það, sem eftir er af skuldabréfum Kreppulánasjóðs bæjar- og sveitarfélaga, til:

a) Skuldaskila þeirra sveitarfélaga, sem ekki fengu lán úr sjóðnum á árinu 1936, en senda umsóknir um það fyrir 1. september 1937.

b) Að breyta skuldum læknishéraða, sem þau standa í vegna kaupa eða byggingar á bæði læknisbústað og sjúkraskýli, enda innheimti hlutaðeigandi sýslumenn árgjöldin af lánum þessum með manntalsþingagjöldum og standi skil á þeim til Kreppulánasjóðs. Atvinnumálaráðherra setur reglur um niðurjöfnun gjaldsins í hinum einstöku héruðum, að fengnum tillögum landlæknis.

Umsóknir um lán eftir þessum lið skulu komnar til sjóðsstjórnarinnar fyrir 1. sept. 1937.

c) Að lána það, sem afgangs kann að verða þegar lokið er lánveitingum samkvæmt a- og b-lið þessarar gr., þeim bæjarfélögum, sem á árinu 1936 fengu ekki fullnægjandi afgreiðslu hjá sjóðnum.

Meðan lánveitingar þessar fara fram skal stjórn sjóðsins skipuð eins og segir í 1. mgr. 15. gr. l. nr. 35 1936, og skal þeim lokið eigi síðar en 1. jan. 1938.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. 235. Frumvarp til laga

um sauðfjárbaðanir.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

1. gr.

Þrifaböðun skal árlega fara fram á öllu sauðfé á landinu á tímabilinu frá 1. nóvember til 15. janúar.

2. gr.

Skyldur er hver umráðamaður sauðfjár að framkvæma rækilega böðun á öllu því sauðfé, sem hann hefir undir höndum, og hlíta eftirliti því og öðrum fyrirmælum, sem getur um í 4. gr. Landbúnaðarráðuneytið gefur út reglur til leiðbeiningar um baðanir, og skulu hreppsnefndir og bæjarstjórnir gæta þess, að reglunum sé fylgt.

3. gr.

Hreppsnefndir og bæjarstjórnir skulu, hver í sínu umdæmi, hlutast til um, að allir fjáreigendur í hreppum eða kaupstöðum hafi pantað næg baðlyf í sauðfé sitt svo snemma, að böðun geti farið fram samkvæmt fyrirmælum þessara laga, sem og að nothæf baðtæki séu til á hverju heimili.

4. gr.

Hreppsnefndir í hverjum hreppi og bæjarstjórnir í kaupstöðum skipa fyrir um, hvenær baða skuli innan þess tímatakmarks, er til er tekið í 1. gr., og hafa eftirlit með, að allir baði. Skulu þær í þessu skyni skipa eftirlitsmann eða eftirlitsmenn, er skoði fé allt í hreppnum eða kaupstaðnum á þeim tíma, sem dýralæknir telur heppilegast, og kynni sér heilbrigði þess, þar á meðal sérstaklega, hvort nokkurs staðar verður vart við fjárkláða. Verði eftirlitsmaður kláða var einhversstaðar í umdæminu, skal hann tafarlaust tilkynna það hreppsnefnd eða bæjarstjórn, sem þá skal þegar gera ráðstafanir til, að hið kláðasjúka og grunaða fé verði einangrað og tvíbaðað á þann hátt, sem dýralæknir telur fullnægjandi til útrýmingar kláðans, sem og að fjárhús verði sótthreinsað svo sem hann telur fært og nauðsynlegt. Verði eftirlitsmaður annars var einhvers sjúkdóms, sem grunsamlegt þykir, að geti verið fjárkláði eða annar hættulegur sjúkdómur, skal dýralækni þegar gert aðvart um það, svo úr því verði skorið, hver sjúkdómurinn er, og ráðstafanir gerðar gegn skaða af honum.

Eftirlitsmenn þeir, sem um ræðir í 3. gr. laga nr. 90 3. maí 1935, skulu hafa glöggar gætur á því, að hreppsnefndir og bæjarstjórnir hafi nægilegt eftirlit með því, að sauðfjárbaðanir fari fram, svo að sem fyllstum notum komi. Hreppsnefndum og bæjarstjórnum ber að gefa þessum eftirlitsmönnum skýrslur um fjárkláða, sem vart hefir orðið við í umdæmi þeirra.

5. gr.

Eftirlitsmönnum þeim, sem um ræðir í 4. gr. 1. mgr., greiðist hæfileg þóknun fyrir starf þeirra úr sveitarsjóði eða bæjarsjóði. Að öðru leyti greiðir umráðamaður sauðfjárins allan kostnað af hinum venjulegu þrifaböðum. Þurfi að tvíbaða fé vegna fjárkláða, greiðir ríkissjóður andvirði baðlyfja í annað baðið, hvort sem það er samhliða hinni almennu þrifaböðun eða á öðrum tímum árs, svo og flutningsgjald undir þau á viðkomustaði strandsiglingaskipanna, kostnað við geymslu þeirra og afhendingu, en þangað vitji fjárhafar þeirra á sinn kostnað og greiði annan kostnað af böðuninni.

Heimilt er landbúnaðarráðherra að endurgreiða sauðfjáreigendum þeim, er tvíbaðað hafa fé sitt nú í vetur, verð baðlyfs í aðra þá böðun, og verði það greitt af fé því, sem veitt er í núgildandi fjárlögum til útrýmingarböðunar.

6. gr.

Nú verður kind sjúk með þeim hætti, að kláði kann að vera, og skal þá sá, er kindina hefir undir hendi, tafarlaust segja eftirlitsmanni frá því, enda einangri fjárhafi kindina þangað til gengið hefir verið úr skugga um það, hvort um kláða er að ræða, og þá nauðsynlegar ráðstafanir gerðar til lækningar á henni.

7. gr.

Nú fyrirskipar stjórnarráðið baðanir á sauðfé til útrýmingar fjárkláða á stærri eða minni svæðum samkvæmt lögum nr. 90 3. maí 1935, og skal þá framkvæmd þessara laga frestað á því svæði, sem útrýmingarböðun fer fram, svo lengi sem þurfa þykir og stjórnarráðið ákveður.

8. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum, frá 10—500 kr., sem renna í sveitarsjóð, þar sem brotið er framið. Skal farið með þau mál sem almenn lögreglumál.

9. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 58 30. nóvember 1914, um sauðfjárbaðanir, og önnur ákvæði, sem fara kunna í bága við lög þessi.

Sþ. 236. Tillaga til þingsályktunar

um bætur vegna brunaslysa í Keflavík.

Flm.: Héðinn Valdimarsson, Stefán Jóh. Stefánsson, Sigurður Einarsson.

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að greiða á yfirstandandi ári allt að 5000 kr. til þeirra, sem urðu fyrir tjóni vegna brunaslysa í Keflavík á jólunum 1935. Þriggja manna nefnd, sem skipuð sé hreppstjóra, héraðslækni og fulltrúa frá verkalýðs- og sjómannafélaginu í Keflavík, úthluti fénu.

Greinargerð.

Á jólum 1935 kviknaði í jólatré á jólatrésskemmtun í samkomuhúsinu í Keflavík. Brann húsið niður og fórust þegar 4 börn og fullorðnir í brunanum, en fjöldi

varð fyrir brunasárum, og lágu sumir lengi, en aðrir dóu síðar af sárum. Sumir eru enn rúmliggjandi. Af þessu hafa margir beðið mikið fjárhagstjón, auk þeirra þjáninga og harma, sem þessi atburður hefir haft í för með sér.

Fjölmennur fundur í Keflavík í febrúar síðastl. bar fram áskorun til Alþingis þess efnis, að ríkið veitti 5000 kr. til skaðabóta út af bruna þessum, og er þess að vænta, að enginn ágreiningur verði út af tillögu um bætur vegna þessa mikla og óvenjulega slyss. Oddviti hreppsins upplýsti á fundinum, að ógreiddur sjúkrakostnaður næmi um 5000 kr.

Sþ. 237. Tillaga til þingsályktunar

um nýja útgáfu af lagasafni.

Flm.: Jónas Jónsson, Stefán Jóh. Stefánsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að gera ráðstafanir til þess, að hið allra fyrsta komi ný útgáfa af lagasafni (gildandi lögum íslenzkum) frá 1931, þar sem fellt verði niður það, sem þá er úr gildi gengið af íslenzkum lögum, en bætt við nýjum lögum, og að öðru leyti athugað um endurbætur á formi og tilhögun lagasafnsins.

Greinargerð.

Árið 1932 kom út fyrsta útgáfa af lagasafni (gildandi lögum íslenzkum 1931). Rit þetta, sem í daglegu tali oft er nefnt „lögbókin“, hefir átt miklum vinsældum að fagna, og mun það vera að mestu leyti uppselt. Þetta lagasafn er hin nauðsynlegasta bók, ekki einungis fyrir alla þá, er fást við lögfræðileg efni, heldur einnig fyrir allan þorra manna, er fást við embættisstörf eða sýslanir eða hverskonar atvinnurekstur. En þó að ekki séu liðin nema fá ár frá því að lagasafnið kom út, er það þegar orðið nokkuð úrelt. Leursteypan að ritinu er öll geymd, og verður því miklum mun ódýrara að gefa það út að nýju.

Þar sem hér er því að ræða um hið nauðsynlegasta rit, sem bæði er næstum uppselt og allverulega úrelt, ber brýna nauðsyn til þess að fá nýja útgáfu af lagasafninu. Þess vegna er þingsályktunartillaga þessi flutt.

Nd. 238. Frumvarp til laga

um breyt. á lögum nr. 3 1935, um verkamannabústaði.

Flm.: Jakob Möller, Pétur Halldórsson, Sigurður Kristjánsson.

1. gr.

Fyrsta málsgr. 4. gr. laganna orðist svo:

Byggingarsjóður veitir lán til byggingarfélaga, sem reist eru á samvinnugrundvelli og að öðru leyti fullnægja skilyrðum 6. gr. þessara laga.

2. gr.

Þriðja málsgrein sömu greinar laganna orðist svo:

Nú eru fleiri en eitt byggingarfélag stofnuð í kaupstað eða kauptúni, og veitir byggingarsjóður þá félögunum lán í hlutfalli við meðlimatölu þeirra, ef svo er ástatt, að ekki er unnt að fullnægja lánsþörf þeirra hvers um sig.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi nú þegar.

Greinargerð.

Til þess að náð verði tilgangi laganna um verkamannabústaði um aukningu bygginga í kaupstöðum og kauptúnum, virðist brýn þörf á að auka áhugann fyrir því, að hlunnindi þau, sem almenningi er með lögunum gerður kostur á að verða aðnjótandi, komi sem flestum að notum. Þetta er mjög torveldað með því, að lánveitingar byggingarsjóðs eru bundnar við aðeins eitt byggingarfélag á hverjum stað, og virðist því einsætt, að gera beri þá breytingu á lögunum, sem í frv. felst. Verður nánari grein gerð fyrir því í framsögu.

Nd. 239. Lög

um reiknings- og skuldaskil sparisjóðsins Gullfoss í Hrunamannahreppi.

(Afgreidd frá Nd. 7. apríl).

Samhljóða þskj. 188.

Nd. 240. Tillaga til þingsályktunar

um ráðstöfun á bæjarstæði Ingólfs Arnarsonar fyrir þjóðminjasafn, eða aðra opinbera byggingu, o. fl.

Flm.: Ásgeir Ásgeirsson, Jakob Möller, Stefán Jóh. Stefánsson, Bergur Jónsson.

Neðri deild Alþingis ályktar að skora á ríkisstjórnina:

1. Að leita samvinnu við bæjarstjórn Reykjavíkur um rannsókn á því, hvað kosta mundi að taka til opinberrar ráðstöfunar, með samningum, forkaupsréttarákvæðum eða eignarnámi, svæðið vestanhalt við Aðalstræti í Reykjavík, þar sem ætla verður, að Ingólfur Arnarson hafi reist bæ sinn.
2. Rannsóknin sé miðuð við það:
   a. að tekið verði allt eða mestallt svæðið milli Túngötu, Aðalstrætis, Brattagötu og Garðastrætis; svo og kirkjustæðið austan Aðalstrætis, eftir því sem ástæða þætti til.
   b. að svæðið verði algerlega friðað sem fyrst, eða nokkur hluti þess, enda sé stefnt að því að gera síðar meir nákvæmar rannsóknir á sögulegum minjum á svæði þessu, og jafnóðum, að því leyti sem nauðsyn kann að vera að gera jarðrask á svæðinu.
3. Að láta athuga, hvernig vegleg framtíðarbygging fyrir þjóðminjasafn Íslands, eða önnur opinber bygging, t. d. ráðhús fyrir Reykjavík, væri bezt sett á þessum stað, og hvernig að öðru leyti mætti ganga frá þessu svæði á viðeigandi hátt, í samræmi við söguhelgi staðarins og framtíðarskipulag Reykjavíkur á þessum slóðum.
4. Að láta einnig rannsaka, í nánara samráði við bæjarstjórn Reykjavíkur, hvað kosta mundi og hversu henta þætti að taka á sama hátt allt svæðið norður að Vesturgötu fyrir opinberar byggingar og til endurbygginga eftir nýju skipulagi.
5. Að láta rannsaka sérstaklega, hvort hentugra væri, að hús þau, sem nú eru á þessum svæðum, væru látin standa að einhverju eða öllu leyti, meðan þau endast, eða hvort hagfelldara væri að rífa þau sem fyrst og ráðstafa lóðunum til nýrra, varanlegra bygginga eftir hagkvæmu skipulagi.

6. Að leggja niðurstöður rannsóknarinnar og væntanlegar tillögur fyrir næsta Alþingi.

Greinargerð.

Engin menningarþjóð önnur mundi vera eins tómlát og Íslendingar hafa verið um það, að í sjálfum miðbænum í höfuðborg okkar er bæjarstæði hins fyrsta og frægasta landnámsmanns á Íslandi. Hvarvetna annarsstaðar mundi hafizt handa til að halda uppi minningunni um slíkt á fagran og viðeigandi hátt. Þetta ber að gera, ekki einasta fyrir óbornar kynslóðir þjóðarinnar sjálfrar, heldur og vegna útlendra gesta, sem hingað koma, til þess að vekja athygli þeirra og áhuga fyrir sögu lands og þjóðar. Hér við bætist, að enginn landnámsmanna er íslenzku þjóðinni eins hugfólginn og kær eins og Ingólfur Arnarson; þjóðin hefir litið á hann sem einskonar allsherjar ættföður sinn og hinn raunverulega og ógleymanlega upphafsmann að byggð landsins.

Reykvíkingar sýndu á sínum tíma minningu Ingólfs mikinn sóma, þegar Iðnaðarmannafélagið í Reykjavík gekkst fyrir því, með nokkurri almennri þátttöku, að reist var á Arnarhóli hin fagra Ingólfsstytta eftir Einar Jónsson.

Höfuðtilgangurinn með þessari tillögu er sá, að gæta þeirrar söguhelgi, sem allri þjóðinni, og Reykjavík einnig sérstaklega, er skylt að vernda í sambandi við minninguna um landnám Ingólfs.

Hinsvegar er hin hagnýta hlið þessa máls. Skipulag Reykjavíkur á þessum slóðum er svo bágborið og úr sér gengið, að bót verður á að ráða sem allra fyrst. Bæinn vantar einnig hentug svæði fyrir opinberar byggingar. 4. liður till. miðar einkum að því, að ríkið og Reykjavíkurbær gætu hér tekið höndum saman um þjóðlegt menningarmál öðrum þræði, en hinsvegar aðkallandi nauðsynjamál í framkvæmdum Reykjavíkurbæjar.

5. liður till. lýtur að því, að vel gæti svo reynzt, að hagfelldara væri fjárhagslega að ryðja sem fyrst allmikinn hluta þess svæðis, sem till. fjallar um (sbr. einkum 5. lið), og ráðstafa til nýrra bygginga. Allt þetta þarf að athuga vandlega. T. d. tók bæjarstjórnin í Osló allstórt svæði, þar sem lóðir voru dýrar, en byggingar gamlar, ruddi það fyrir nýtt ráðhús að nokkru leyti, en skipulagði það, sem af gekk, fyrir nýtízkubyggingar og seldi, og mun hafa orðið allverulegur fjárhagslegur hagnaður af þeirri ráðstöfun.

Flutningsmenn vilja benda á það sem hentuga leið, að sett yrði nefnd, með samkomulagi, en fyrir forgöngu ríkisstjórnarinnar, til þess að rannsaka þetta mál, og tilnefni ráðherra einn mann, bæjarstjórn Reykjavíkur einn og skipulagsnefnd (sbr. l. nr. 55 1921) einn. Gert er ráð fyrir, að slík nefnd starfi kauplaust, en gögn þau, sem nefndin þyrfti einkum að byggja rannsókn sína á, munu vera tiltæk í skrifstofum Reykjavíkurbæjar og öðrum opinberum stofnunum.

Þess er og vænzt, ef tillagan nær samþykki, að ríkisstjórn og bæjarstjórn Reykjavíkur hindri byggingar og mannvirki á svæði þessu, þar til rannsókn er lokið og ákvarðanir teknar.

Ed. 241. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 14 9. jan. 1935, um síldarverksmiðjur ríkisins.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

1. gr.

Í stað 4. gr. laganna komi 6 nýjar greinar, svo hljóðandi:

a. Yfirstjórn síldarverksmiðja ríkisins er í höndum verksmiðjuráðs og ráðherra

þess, er fer með útvegsmál. Stjórn verksmiðjanna annast að öðru leyti þriggja manna verksmiðjustjórn.

b. Verksmiðjuráðið er skipað 12 mönnum. Af þeim skulu 9 menn kosnir af sameinuðu Alþingi, með hlutfallskosningu. Skal kosning ætíð fara fram á Alþingi því, er fyrst kemur saman eftir hverjar almennar alþingiskosningar, eigi síðar en 2 vikum eftir þingsetningu. Hinir 3 skulu tilnefndir af Alþýðusambandi Íslands, Fiskifélagi Íslands og Sambandi íslenzkra samvinnufélaga, einn frá hverjum aðilja.

Kjörtími þessara manna er hinn sami og þeirra, sem þingkjörnir eru. Varamenn, sem taka sæti í forföllum aðalmanna, skulu kosnir og tilnefndir á sama hátt og aðalmenn, og koma þeir í stað aðalmanna eftir þeirri röð, er þeir hafa verið kosnir á listunum og tilnefndir af hlutaðeigandi stofnunum.

Verksmiðjuráðsfulltrúar fá endurgoldinn ferðakostnað, ef einhver er, en hafa ekki að öðru leyti laun fyrir störf sín.

c. Verksmiðjuráðið kýs, með hlutfallskosningu, 3 menn í stjórn verksmiðjanna og aðra 3 til vara. Kosning þessi gildir þar til mánuði eftir að nýtt verksmiðjuráð hefir verið kosið. Laun verksmiðjustjórnar ákveður ríkisstjórnin, að fengnum tillögum verksmiðjuráðs. Nú næst ekki meiri hluti innan verksmiðjustjórnar fyrir kosningu formanns, og tilnefnir ráðherra þá einn úr verksmiðjustjórn sem formann hennar.

d. Verksmiðjustjórnin ræður framkvæmdarstjóra, einn eða tvo. Skulu þeir ráðnir með 6 mánaða uppsagnarfresti af beggja hálfu. Ákveður hún starfssvið þeirra og laun og setur þeim erindisbréf.

Stjórn verksmiðjanna hefir aðsetur og varnarþing á Siglufirði, og skulu stjórnarnefndarmennirnir vera þar búsettir eða hafa þar fast aðsetur þann hluta ársins, sem verksmiðjurnar eru reknar.

Til að skuldbinda verksmiðjurnar þarf undirskrift tveggja stjórnarnefndarmanna. Framkvæmdarstjóri annast sölu afurðanna í samráði við stjórn verksmiðjanna. Hann hefir prókúruumboð fyrir verksmiðjurnar og skuldbindur þær eftir reglum um prókúru, að svo miklu leyti sem öðruvísi er eigi ákveðið.

e. Sá þingkjörni verksmiðjuráðsmaður, sem flest atkvæði hefir fengið, boðar verksmiðjuráðið til fundar svo fljótt sem því verður við komið, eftir að kosning og tilnefning hefir farið fram. Skal þar kjósa forseta og varaforseta ráðsins, og gildir sú kosning fyrir kjörtímabilið. Forseti boðar ráðið til funda svo oft sem nauðsyn krefur, þó eigi sjaldnar en tvisvar á ári. Rita skal í fundabók stutta skýrslu um það, er gerist á fundunum, svo og allar ályktanir verksmiðjuráðsins. Fundur er lögmætur þá er meira en helmingur fulltrúa er mættur.

f. Störf verksmiðjuráðs eru þessi:

a. Að kjósa 3 menn í verksmiðjustjórn samkv. 7. gr. (c-liður 1. gr. frv.).

b. Að kjósa, með hlutfallskosningu, 3 menn til að endurskoða reikninga verksmiðjanna og 3 til vara, til eins árs í senn, og ákveða laun þeirra.

c. Að úrskurða reikninga verksmiðjanna.

d. Að gera ályktanir um önnur mál, sem lögð verða fyrir verksmiðjuráðið samkv. lögum þessum eða eftir ósk verksmiðjustjórnar eða ráðherra.

2. gr.

Á eftir 6. gr. laganna komi ný grein, svo hljóðandi:

Nú er ákveðið, að verksmiðjurnar kaupi hráefni af framleiðendum með föstu verði, og ákveður þá verksmiðjustjórnin verðið í samráði við verksmiðjuráðið. Verði ágreiningur milli verksmiðjustjórnar og verksmiðjuráðs um, hversu hátt verðið skuli vera, sker ráðherra úr.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Kosning 9 manna í verksmiðjuráð fer fram á því þingi, sem samþykkir þessi lög, og tilnefning annara fulltrúa í verksmiðjuráðið svo fljótt sem því verður við komið.

Ed. 242. Frumvarp til laga

um loðdýrarækt og loðdýralánadeild.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

I. KAFLI
Um loðdýrarækt.

1. gr.

Loðdýr nefnast í lögum þessum öll þau dýr, sem ræktuð eru eða alin vegna verðmætis skinnanna eingöngu eða aðallega. Verði ágreiningur um, hvort einhver dýrategund skuli teljast til loðdýra eða ekki, sker landbúnaðarráðherra úr, enda skal hann hafa yfirumsjón með loðdýraræktinni í landinu.

2. gr.

Loðdýrarækt og loðdýrabú nefnist í lögum þessum, ef loðdýr eru haldin til tímgunar og uppeldis af ræktuðum stofni, en loðdýraeldi, ef dýrin eru alin um stundarsakir vegna skinnaframleiðslu eingöngu eða aðallega. Loðdýragarður nefnast girðingar og búr, sem loðdýr eru geymd í, en aðhald þar, sem loðdýr eru höfð í ógirtum eyjum.

3. gr.

Hver sá, er stunda vill loðdýrarækt eða loðdýraeldi, skal fá til þess leyfi viðkomandi hreppsnefndar eða bæjarstjórnar, enda hlíti hann í öllum greinum ákvæðum laga þessara og reglugerðar, er landbúnaðarráðherra setur um framkvæmd laganna. Nú synjar hreppsnefnd eða bæjarstjórn um leyfi, og skal hún þá láta umsækjanda í té skriflegar ástæður fyrir synjuninni. Getur þá umsækjandi skotið máli sínu til landbúnaðarráðherra, er fellir um það fullnaðarúrskurð, eftir að hafa leitað álits ráðunauts í loðdýrarækt.

4. gr.

Hreppur hver eða bæjarfélag er sérstakt leyfisumdæmi samkvæmt lögum þessum. Hafa hreppstjórar í hreppum og lögreglustjórar í kaupstöðum eftirlit með því, að hlýtt sé lögum þessum og reglugerð um framkvæmd þeirra, hver í sínu umdæmi. Hafi þeir sjálfir loðdýrarækt eða loðdýraeldi, skipar viðkomandi hreppsnefnd eða bæjarstjórn annan mann til eftirlits með því.

5. gr.

Leyfi skal gefa á þar til gerð eyðublöð, er landbúnaðarráðuneytið gefur út, og gildir leyfið fyrir ákveðna tegund eða tegundir loðdýra, eftir því sem það nánar tilgreinir. Leyfi gildir aðeins í því leyfisumdæmi, sem það er veitt í. Óheimilt er að taka dýr í loðdýragarð eða aðhald fyrr en úttekt hreppstjóra eða lögreglustjóra hefir farið fram og fullnægt er ákvæðum laga þessara og reglugerðar um örugga vörzlu. Að lokinni skoðun er skylt að láta leyfishafa í té skriflega yfirlýsingu um, að örugglega sé um búið. Sama gildir, ef loðdýragarður er fluttur eða stækkaður. Nánari ákvæði um eftirlit hreppstjóra skal setja með reglugerð.

6. gr.

Fyrir skoðun þá á loðdýragörðum og aðhaldi, sem um ræðir í 6. gr., skal leyfishafi greiða hreppstjóra eða lögreglustjóra eftir því, sem tiltekið verður í reglugerð.

7. gr.

Óheimilt er að geyma loðdýr öðruvísi en í fulltryggum loðdýragirðingum, eða annari öruggri vörzlu. Öll loðdýr skulu flytjast milli garða í öruggu búri. Ef loðdýr eru geymd í aðhaldi, skal skylt að flytja þau í örugga vörzlu eða lóga þeim, hvenær sem hætta þykir á, að dómi hreppsnefndar, að þau kunni að sleppa úr aðhaldinu, svo sem vegna ísalaga.

8. gr.

Bannað er að gera loðdýrum í aðhaldi eða loðdýragörðum nokkurt það ónæði, er eigendum verður tjón að, enda séu dýrin geymd svo fjarri alfaraleiðum, að ekki hljótist ónæði af umferðinni.

Í reglugerð skal kveða nánar á um öryggi loðdýraeigenda gegn tjóni, er hljótast kann af ónæði, er loðdýrum er gert í loðdýragörðum eða aðhaldi. Ennfremur á skemmdum á refagörðum eða búrum. Ákveða má sektir og bætur, ef um ásetning eða vítavert kæruleysi er að ræða, nema þyngri refsing liggi við að lögum, svo og hvernig með skuli fara kærumál um þessi efni.

9. gr.

Gangi hundapest eða aðrir næmir sjúkdómar, sem loðdýrum getur stafað hætta af, er landbúnaðarráðherra heimilt að gera ráðstafanir til varnar því, að pestin berist í loðdýragarða eða milli héraða.

10. gr.

Sleppi loðdýr úr vörzlu og náist ekki, skal eigandi eða umráðamaður sæta sektum frá 2—200 kr. fyrir hvert dýr, og greiða skaðabætur, ef sannanlegt tjón hlýzt af. Auk þess má svipta hlutaðeiganda leyfi, ef miklar sakir eru. Þessi ákvæði taka þó ekki til þess, ef sannað er, að dýr hafi sloppið af óviðráðanlegum orsökum, svo sem vegna skemmda af óveðrum o. s. frv. Sektir samkvæmt þessari grein renna í hlutaðeigandi hrepps- eða bæjarsjóð.

11. gr.

Landbúnaðarráðherra skipar ráðunaut með sérþekkingu í loðdýrarækt og gefur út erindisbréf handa honum. Skal hann launaður úr ríkissjóði. Heimilt er ráðherra að fela Búnaðarfélagi Íslands eða Loðdýraræktarfélagi Íslands umsjón með starfi ráðunautarins.

12. gr.

Loðdýraræktarráðunauturinn hefir með höndum, án endurgjalds frá loðdýraeigendum, almenna fræðslu og leiðbeiningastarfsemi í loðdýrarækt. Ber honum að ferðast milli loðdýrabúanna og ráðleggja um hinn daglega rekstur heima á görðunum; jafnframt skal hann vera dómari á loðdýrasýningum, eftir því sem við verður komið. Einnig ber honum að hafa yfirumsjón með merkingu loðdýra og ættbókarfærslu samkvæmt reglugerð.

13. gr.

Loðdýraræktarfélag Íslands ákveður, í samráði við loðdýraræktarráðunaut, hverjar tegundir loðdýra skuli merktar og ættbókfærðar.

Rétt til að fá loðdýr sín merkt löggiltu merki og ættbókfærð hafa þeir einir, sem eru meðlimir Loðdýraræktarfélags Íslands.

14. gr.

Um loðdýrasýningar, sýningarsvæði og verðlaunaveitingar sé ákveðið í reglugerð. Er heimilt að ákveða þar að leggja gjöld á loðdýraeigendur vegna sýninganna.

15. gr.

Ekki má flytja inn loðdýr, nema þau hafi hlotið viðurkenningu á loðdýrasýningu sem hæf undaneldisdýr, og fylgi dýralæknisvottorð hverri innflutningssendingu um ástand og heilbrigði dýranna á útflutningsdegi í heimalandinu og aldur þeirra, enda séu vottorð þessi staðfest af lögreglustjóra eða umboðsmanni hans.

II. KAFLI
Um loðdýralánadeild.

16. gr.

Landbúnaðarráðherra er heimilt að stofna við Búnaðarbanka Íslands útlánadeild, sem nefnist loðdýralánadeild.

17. gr.

Ríkissjóður leggur deildinni til óafturkræft framlag, 10 þúsund krónur árlega á næstu fimm árum. Ríkisstjórninni er heimilt að ábyrgjast lán, sem deildin tekur, eða verðbréf, sem hún gefur út til sölu, þó ekki yfir 100 þúsund krónur á ári á næstu 5 árum.

18. gr.

Loðdýralánadeild veitir lán til þess að stofnsetja loðdýrabú, og mega lánin nema allt að 40% af stofnkostnaði búanna, þó aldrei yfir 2 þús. kr. til hvers einstaks bús. Lán má þó nema allt að 60% af stofnkostnaði og allt að 500 kr. á félagsmann, ef búið er félagseign minnst 5 manna, enda standi þeir allir í sameiginlegri ábyrgð fyrir láninu. Lánin greiðast með jöfnum afborgunum á 10 árum, en eru afborgunarlaus fyrstu 2 árin.

19. gr.

Lánin skulu veitt gegn 1. veðrétti í loðdýrabúi lántakenda (loðdýrum og loðdýragarði). Eigi er loðdýrabú veðhæft með færri dýrum en 4.

20. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 4. gr. laga nr. 18 4. nóv. 1887 er heimilt að veðsetja loðdýralánadeild tiltekna tölu loðdýra án þess að hin veðsettu dýr séu sérstaklega auðkennd, enda sé og lántakanda óheimilt að veðsetja önnur dýr sín annarsstaðar með 1. veðrétti. Skylt er lántakanda að viðhalda tölu hinna veðsettu dýra, en fækki þeim, skal hann þegar endurgreiða af láninu í hlutfalli við rýrnun veðsins.

21. gr.

Reglur um útlánastarfsemi loðdýralánadeildarinnar setur landbúnaðarráðherra með reglugerð.

III. KAFLI
Almenn ákvæði.

22. gr.

Brot gegn lögum þessum og reglugerðum þeim, er samkvæmt þeim verða settar, varða sektum frá 20—5000 kr., er renna í hlutaðeigandi sýslu- eða bæjarsjóð, þar sem brotið er framið.

23. gr.

Með lögum þessum er úr gildi numinn 2. kafli laga nr. 108 11. ágúst 1933, um refaveiðar og loðdýrarækt, og önnur lagaákvæði, sem koma í bága við lög þessi.

24. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. 243. Breytingartillögur

við frv. til l. um sauðfjárbaðanir.

Frá Þorst. Þorsteinssyni.

1. Við 5. gr. Síðari málsgr. fellur niður.
2. Aftan við frv. bætist:

Bráðabirgðaákvæði.

Heimilt er landbúnaðarráðherra að endurgreiða sauðfjáreigendum þeim, er tvíbaðað hafa fé sitt veturinn 1936—1937, verð baðlyfs í aðra þá böðun, og verði það greitt af fé því, sem veitt er í fjárlögum 1937 til útrýmingarböðunar.

Nd. 244. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 11 9. jan. 1935, um gjaldeyrisverzlun o. fl.

Frá minni hluta fjárhagsnefndar.

Nefndin hefir ekki getað orðið sammála um afgreiðslu málsins. Minni hl. (ÓTh og GTh) mælir með, að frv. verði samþykkt óbreytt. Meiri hl. mun gera grein fyrir sinni aðstöðu í sérstöku áliti.

Alþingi, 7. apríl 1937.

Ólafur Thors, frsm. Gunnar Thoroddsen.

Nd. 245. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 40 19. júní 1933, um breyt. á l. nr. 23 15. júní 1926, um bæjargjöld í Vestmannaeyjum.

Frá fjárhagsnefnd.

Meiri hl. nefndarinnar (SigfJ, ÓTh og GTh) mælir með, að frv. verði samþ. óbreytt. Tveir nefndarm. (ÁÁ og StJSt) voru ekki viðstaddir, þegar málið var afgreitt.

Alþingi, 7. apríl 1937.

Sigfús Jónsson, form., með fyrirvara. Ólafur Thors, frsm. Gunnar Thoroddsen.

Ed. 246. Breytingartillaga

við frv. til l. um veiting ríkisborgararéttar.

Frá Sigurjóni Á. Ólafssyni.

2. liður falli burt.

Nd. 247. Nefndarálit

um frv. til l. um viðauka við l. nr. 121 12. des. 1935, um fiskimálanefnd, útflutning á fiski, hagnýtingu markaða o. fl.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefir athugað frv. og leggur til, að það verði samþykkt með eftirfarandi þessari málsgrein.

BREYTINGU.

Við 1. gr. Aftan við gr. bætist: Refsiákvæði fyrri málsgreinar nær eigi til brota á

Alþingi, 8. apríl 1937.

Finnur Jónsson, form., frsm.	Páll Þorbjörnsson, fundaskr.	Jóhann Þ. Jósefsson, með fyrirv.
Sigurður Kristjánsson, með fyrirv.	Bergur Jónsson.	

Nd. 248. Nefndarálit

um frv. til l. um hafnargerð á Þórshöfn.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefir athugað frv. og leggur til, að það verði samþykkt. Einstakir nefndarmenn áskilja sér rétt til þess að koma með brtt. við frv.

Alþingi, 8. apríl 1937.

Finnur Jónsson, form., með fyrirvara.	Bergur Jónsson, fundaskr., frsm.	Sigurður Kristjánsson.
Jóhann Þ. Jósefsson.	Páll Þorbjörnsson.	

Ed. 249. Breytingartillaga

við frv. til l. um klaksjóð, heimild fyrir ríkisstjórnina til að reisa klakstöðvar og til leigunáms í því skyni.

Frá Jóni Baldvinssyni, Jónasi Jónssyni og Pétri Magnússyni.

Við 4. gr.
a-lið skal orða svo: veiðiréttindi í Grímsá í Borgarfirði.

Sþ. 250. Tillaga til þingsályktunar

um bætur vegna ofviðristjóns í Flateyjarhreppi og Suðurfjarðahreppi.

Flm.: Sigurður Einarsson.

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að greiða á yfirstandandi ári allt að 2500 krónur til þeirra, sem urðu fyrir tjóni af ofviðri í Flateyjarhreppi 19. nóv.

síðastliðinn, og jafnmikla upphæð til þeirra, sem urðu fyrir tjóni af sama ofviðri í Suðurfjarðahreppi. Hreppsnefnd úthluti fénu á hvorum stað í hlutfalli við tjón það, er menn hafa beðið.

Greinargerð.

Hreppstjóri Flateyjarhrepps skýrir mér svo frá, að í ofviðri því, sem hér ræðir um, hafi 7 „trillu"báta og 8 árabátar skemmzt að meira eða minna leyti, og sé skaðinn lágt metinn á 3500 krónur. Þó að hér sé ekki um stóra upphæð að ræða, þá er þess að gæta, að hér eiga fátækir menn í hlut, sem mjög eiga erfitt með að bæta sér þennan skaða, en lífsbjörg þeirra og atvinna hinsvegar í beinni hættu, ef þeir geta ekki haldið bátum sínum í nothæfu ástandi. Á einu býli í Eyjahreppi, Sviðnum, er mér t. d. tjáð, að skemmzt hafi allir bátar og sumir eyðilagzt með öllu, og má nærri geta, hvílíkt áfall það er fátækum mönnum, er ekki komast bátlausir frá bæ sínum, að verða fyrir slíku.

Sama máli gegnir um Suðurfjarðahrepp. Ofviðrið olli þar bæði manntjóni og tjóni á bátum. Nemur sá skaði miklu meiri upphæð en þeirri, sem hér er farið fram á. Hér er aðeins farið fram á nokkra aðstoð til þeirra, sem harðast hafa orðið úti.

Ég vil leyfa mér að vænta þess, að háttvirt Alþingi sjái sér, samkvæmt fyrri venju sinni og fordæmi, fært að bregðast drengilega við nauðsyn þessara manna og samþykkja framanritaða tillögu til þingsályktunar um þennan styrk þeim til handa, er hér hafa orðið fyrir svo þungum búsifjum. Fjárhæð sú, sem hér ræðir um, dregur ríkissjóð ekki tilfinnanlega, en getur hinsvegar riðið baggamuninn um afkomumöguleika þeirra, sem fyrir tjóninu hafa orðið og ekki megna af eigin rammleik að bæta sér það.

Nd. 251. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 112 18. maí 1935, um hæstarétt.

Flm.: Jónas Guðmundsson, Gunnar Thoroddsen, Bjarni Ásgeirsson.

1. gr.

1. töluliður 6. gr. orðist svo: Hafa lokið embættisprófi í lögum.

2. gr.

1. töluliður 13. gr. hljóði svo: Lokið embættisprófi í lögum.
4. töluliður sömu gr. falli burt.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frv. þetta er að efni til hið sama og brtt., er við fluttum á þingi 1935 við frv. til l. um breyt. á l. um hæstarétt. Frv. er flutt að tilhlutun nokkurra lögfræðinga og fylgdi því eftirfarandi greinargerð, sem fylgir hér lítið breytt, þó að einstakir flm. séu ekki samþykkir henni í öllum atriðum.

Með frv. þessu er lagt til, að niður falli munur sá um réttindi til að verða hæstaréttardómari og flytja mál fyrir hæstarétti, sem hæstaréttarlögin gera nú á þeim mönnum, sem hafa hlotið 1. og 2. einkunn við embættispróf í lögum. Ástæður fyrir því, að flm. frv. þykir rétt að fella burtu úr lögunum ákvæði þau, sem hér að lúta, eru þær, sem hér segir:

1. Greinarmunur á 1. og 2. einkunnar mönnum, eins og sá, sem hér ræðir um,

er algert einsdæmi í íslenzkri löggjöf. Við hinar deildir háskólans, svo sem og við alla sérskóla landsins, veitir fullnaðarpróf próftaka fullkomin atvinnuréttindi á viðkomandi sviði, án tillits til þess, hvort hann hefir hlotið hátt eða lágt próf. Virðist þó, ef svo stæði á, að einkunnir frá prófborði gætu talizt öruggur mælikvarði á þekkingu manna og starfhæfni, sem meiri nauðsyn væri að gera slíkan greinarmun annarsstaðar, t. d. á starfssviði lækna. — Að þetta er ekki gert, stafar m. a. af því, að það er gengið út frá því sem sjálfsögðu, að hinir aðrir sérskólar og fakultet útskrifi ekki aðra en þá, sem talið er, að hafi hlotið nægilega kunnáttu til að gegna því starfi, sem nám viðkomanda lýtur að.

2. Væntanlega hefir það vakað fyrir löggjafanum með umræddum ákvæðum hæstaréttarlaganna að tryggja hinum vandasömustu lögfræðistörfum beztu kraftana, sem völ væri á. En honum virðist hafa missýnzt um leiðina til að ná því marki, og einnig missýnzt um það, hvaða lögfræðistörf eru vandasömust og ábyrgðarmest. — Málflutningur fyrir hæstarétti er t. d. í flestum tilfellum vart meiri raun heldur en málflutningur fyrir undirrétti, enda fara afdrif mála fyrir hæstarétti mestmegnis eftir því, hvernig þau hafa verið sótt og varin fyrir undirrétti. — Ef prófhæð væri að treysta sem óskeikulum mælikvarða á hæfni manna, ætti 2. einkunnar lögfræðingum því ekki síður að vera fyrirmunað að flytja mál þar. — En fyrst og fremst ætti þá að skjóta loku fyrir það, að þeir gætu orðið sýslumenn og bæjarfógetar eða gegnt lögreglustjóra- og lögmannsembætti í Reykjavík. Það er auðsætt, að ekki ber að gera hærri kröfur um lagaþekkingu til hæstaréttarmálflutningsmanna en til hértaldra embættismanna.

3. Eins og sýnt hefir verið hér að framan, hafa umrædd ákvæði hæstaréttarlaganna ekki við nein rök að styðjast. Hitt þarfnast ekki langrar útlistunar, hversu ranglát þau eru í garð þeirra manna, sem hafa, af einni eða annari orsök, ekki náð 1. einkunn við lagaprófið, og hvílíkum atvinnuspjöllum þau valda þeim. — Lögfræðingur, sem ekki hefir rétt til að flytja mál fyrir hæstarétti, getur, hversu slyngur sem hann er, aldrei orðið samkeppnisfær í málflutningi við þá, sem þann rétt hafa. Ástæðan til þess er sú, að menn telja yfirleitt heppilegast, að sami maður flytji hvert mál fyrir báðum réttum. Lögfræðingi, sem fyrirmunað er að flytja mál fyrir hæstarétti, er þess vegna undir flestum kringumstæðum einnig fyrirmunað að flytja það fyrir undirrétti. Að minnsta kosti á þetta við um allan þorra hinna stærri mála. — Nú er það vitað, að málflutningur er það starf, sem meiri hluti lögfræðinga verður að reisa mestmegnis á atvinnuvonir sínar. Þar er eins og á flestum öðrum sviðum athafnalífsins orðin hörð samkeppni. Það, sem á að ráða úrslitum í þeirri samkeppni, er hæfni og dugnaður, en ekki sérréttindi, sem óþörf og óréttlát lagaákvæði veita nokkrum hluta þessarar stéttar.

Sem dæmi um það, hvort hægt hefir verið fyrr eða síðar að marka hæfni og dugnað íslenzkra lögfræðinga af einkunn þeirra frá prófborði, má minna á nöfn eftirtalinna manna, er hafa hlotið 2. einkunn í lögum, en samt reynzt allir ágætir lögfræðingar og gegnt ýmsum ábyrgðarmestu lögfræðistörfum í þjóðfélaginu: Vigfús Einarsson, skrifstofustjóri, Oddur Hermannsson, skrifstofustj., Guðmundur Sveinbjörnsson, skrifstofustj., Gustav A. Jónasson, skrifstofustj., Gísli Sveinsson, sýslumaður, Magnús Gíslason, sýslumaður, Sigurður Eggerz, bæjarfógeti, Jón H. Sveinbjörnsson, konungsritari, Sveinn Björnsson, sendiherra, Guðmundur Ólafsson hæstaréttarmálflutningsmaður, Lárus Fjeldsted, hæstaréttarmálflutningsmaður, Einar Benediktsson, skáld, Hannes Hafstein, ráðherra.

Sumir hafa talið umræddum sérréttindum það til ágætis, að þau væru mikilsverð hvöt fyrir nemendur í lagadeild til að stunda vel námið. — Um þessa ástæðu er það m. a. að segja, að væri þetta markmið fyrrnefndra lagaákvæða, þá ættu þau ekki heima í hæstaréttarlögunum, heldur í lögum um Háskóla Íslands. Og sjálfsagt væri þá að setja í lög samskonar ákvæði um sérréttindi til handa öðrum 1. einkunnar kandidötum, ef á annað borð væri litið svo á, að háskólinn þarfnist slíkra spora á nemendur sína.

Í þessu sambandi er rétt að benda á reynslu, er virðist fengin fyrir því, hver áhrif þessi sérréttindi hafa haft á einkunnagjafir í lagadeild háskólans.

Samkv. athugun, er fram hefir farið, hafa, frá árinu 1919, er hæstaréttarlögin bundu einhver mikilsverðustu atvinnuréttindi lögfræðinga við 1. einkunn, og til ársins 1926, útskrifazt úr lagadeild alls 39 lögfræðingar, þar af 21 með 2. einkunn, eða rúmur helmingur. Þetta hlutfall mun vera nokkuð í samræmi við það, er áður tíðkaðist. Á tímabilinu frá 1927 til 1937 hafa útskrifazt úr deildinni alls 70 kandidatar, en þar af aðeins 11 með 2. einkunn.

Nú er fyrir hendi bæði þessi tímabil sama hvöt fyrir nemendur deildarinnar til þess að keppa eftir 1. einkunn. — Af hverju stafar þá þessi mikli munur? — Er ekki auðsætt, að prófessorar lagadeildar hafa smátt og smátt, viljandi eða óviljandi, leiðzt til þess að hækka einkunnagjafir í deildinni, vitandi um þau atvinnuspjöll, er nemendur þeirra verða fyrir, ef þeir ekki fá 1. einkunn. — En ef umrædd ákvæði hæstaréttarlaganna leiða til slíks, þá er um leið girt fyrir, að þau nái tilgangi sínum.

Um þá réttarbót, sem 2. einkunnar lögfræðingar fengu að nafninu til með hæstaréttarlögunum frá 1935, virðist óþarft að ræða. Skilyrði, sem þar er sett fyrir því, að þeir geti öðlazt rétt til að starfa við hæstarétt, eru þannig úr garði gerð, að sú réttarbót mun í reyndinni ekki verða annað en pappírsgagn.

Að lokum skal bent á það, að frumvarp þetta er samhljóða áliti, sem samþykkt var á fundi Málflutningsmannafélags Íslands, er var haldinn 18. marz 1935, og síðan var sent Alþingi.

Sþ. 252. Tillaga til þingsályktunar

um rannsókn á surtarbrandsnámunni að Gili í Hólshreppi.

Flm.: Jón Auðunn Jónsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta framkvæma rannsókn á vinnslumöguleikum surtarbrandsnámunnar að Gili í Hólshreppi og heimilar henni að greiða kostnað við rannsóknina úr ríkissjóði.

Greinargerð.

Hreppsnefnd Hólshrepps hefir sent mér erindi Jóns J. Fannbergs um málið, sem hún hefir í einu hljóði samþykkt að senda mér til fyrirgreiðslu. Ég tel mikla nauðsyn á, að rannsakað verði sem fyrst, hvað kosta mundi að vinna eldsneyti úr þessari námu, og ef til vill fleirum. Eftir því útliti, sem nú er hér í álfunni, má búast við, að svo geti að borið, fyrr en varir, að erfitt verði að fá nauðsynleg kol til landsins. Nú síðustu árin hafa nálega engar birgðir verið til í landinu af þessari vöru. Jafnvel hefir nú á þessu ári verið svo ástatt, að minna en mánaðarbirgðir hafa verið í sumum stöðum, svo sem í Reykjavík.

Það virðist því í mesta máta tímabært að rannsaka, hvort svarað geti kostnaði að vinna þetta innlenda eldsneyti, svo og á hvern hátt hagkvæmast yrði að vinna það.

Erindi J. J. Fannbergs er svo hljóðandi:

Á stríðsárunum var unnið allmikið í landinu að surtarbrands- eða kolatekju, aðallega á Tjörnesi, í Stálfjalli, í Botni í Súgandafirði og hjá Gili í Hólshreppi. Í námunni í Gili í Hólshreppi var unnið allmikið á árunum 1916—1918 af Ísafjarðarkaupstað að $^2/_3$ hlutum og Hólshreppi að $^1/_3$ hluta. Verulegt tap varð á rekstrinum, enda var aðstaða öll og tilhögun þannig, að önnur gat niðurstaðan ekki orðið.

Í Traðarhyrnu, fjalli, sem liggur norðan við Bolungavík, er surtarbrandslagið í 300 metra hæð yfir sjávarfleti, en laginu hallar niður eftir því sem sunnar dregur. Og þegar komið er að botni Syðridalsins, er lagið komið niður í ca. 140 metra yfir sjávarmál. Náman liggur þar sunnanvert við Gilsá um 5,4 km. frá brimbrjótnum í Bolungavík. Aðstaða öll til vinnslunnar er þar hin ákjósanlegasta. Aðliðandi halli frá námunni stutta vegalengd niður að höfninni. Engir klettar eða torfærur við námuna. Surtarbrandslagið svo að segja á yfirborðinu, svo ekki þarf að grafa djúp námugöng, eins og víða tíðkast erlendis. Aðstaðan til þess að koma frá ónýtum greftri hin ákjósanlegasta, og loks aflmikill lækur rétt við námuopið.

Fyrir 20 árum var enginn vegarspotti til fram að námunni. Nú er unnið árlega að lagningu bílfærs vegar fram Syðridalinn, sem að sögn er ætlað að liggja skammt frá námunni áleiðis yfir Hnífsdalsheiði. Allir flutningar voru þá svo erfiðir, að engin tök voru á að koma framleiðslunni á markaðinn nema með óhemju kostnaði. Eftir að vegurinn er kominn, mundi það ekki þurfa að kosta nema sáralítið að koma framleiðslunni á markaðinn. Sjálf vinnsluaðferðin var þannig, að mest var unnið með handmeitlum og hjökkum, en ef sprengt var, þá var borað fyrir sprengingunum með brjóstborum. Afköstin urðu því lítil. Með borunarvélum og öðrum nýtízkutækjum og nægu af sprengiefni mundi útkoman verða allt önnur. Loks vantaði þá alla faglega þekkingu til þess að stjórna verkinu, nema allra síðast að fenginn var sænskur maður um tíma til leiðbeiningar, og gekk verkið þá betur.

Í námunni eru 1 eða 2 lög af surtarbrandi, og mun þykkt þeirra samanlagt nema yfir 1 metra og stundum allt að 2 metrum. Ef eðlisþungi surtarbrandsins er gerður 2,00, vegur hver teningsmetri 2 tonn, og koma því 2 til 4 tonn af surtarbrandi á hvern fermetra í gólfi námuganganna. Með því að nota 2 tonna bíla við flutninginn niður að höfninni, hella í þá úr „tip"-vögnum um leið og flutt er út úr námunni, og síðan aftur af bílnum niður í flutningabátinn við brimbrjótinn, þá mundi auðvelt að flytja hvert tonn til skips fyrir 2 krónur, eða jafnvel 1,50. Á hvern teningsmetra yrði flutningskostnaðurinn því 3—4 krónur. Sé gert ráð fyrir, að kolatonnið jafngildi 2 tonnum eða 1 teningsmetra af surtarbrandi, og að surtarbrandurinn *megi* kosta 20 krónur kominn um borð, eða 40 krónur fyrir hvern teningsmetra af surtarbrandi, þá má framleiðslan í námunni kosta 36—37 krónur á teningsmetra. Sýnist ekki fráleitt að hugsa sér, að 2 menn með góð vinnslutæki í höndum geti unnið að meðaltali 1 teningsmetra á dag báðir saman, ef þeir njóta leiðsagnar stjórnanda, sem vit hefir á verkinu. En sé það hægt, þá væri þarna um góða, trygga atvinnu að ræða. Væri þá sjálfsagt að framleiða í námunni að minnsta kosti allt það eldsneyti, sem notað er í nærliggjandi kaupstað og kauptúnum.

Í II. árgangi, bls. 25, og III. árgangi, bls. 16, í Tímariti verkfræðingafélags Íslands er skýrsla um hitagildi kolanna úr Stálfjalli, og sýnir hún, að hitagildi kolanna er um það bil helmingur móts við hitagildi góðra enskra kola. Eftir fenginni reynslu mun óhætt mega fullyrða, að hitagildi surtarbrandsins úr Gilsnámunni er það mikið, að betra er til eldsneytis 2 tonn af honum en 1 af kolum. Það kviknar vel í honum og hann logar vel og brennur svo að segja öskulaust, gefur skarpan hita, ekki síður en góð kol, en brennur fyrr upp og er þar af leiðandi ódrýgri.

Eftir því sem lengra hefir verið grafið inn, hefir surtarbrandurinn orðið betri og lögin þykkari. Nokkru áður en hætt var 1918 færði forstjóri námunnar kunningja sínum á Ísafirði, Jóni P. Ólafssyni snikkara, stykki úr námunni, á stærð við mannshöfuð, og segir Jón mér, að hann hafi ekki getað annað séð en hér væri um góð útlend kol að ræða. Mun stykki þetta hafa verið tekið síðast, er þeir voru að hætta vinnslu í námunni um vorið. Síðan hefir hún legið óhreyfð. Þó svo kunni að vera, að hér sé ekki hreint og beint um kolanámu að ræða, sem mér er þó næst að halda, þá er áreiðanlega hægt að vinna þarna gott eldsneyti með viðráðanlegum kostnaði án nokkurs verulegs stofnkostnaðar.

Fyrsta sporið virðist vera, að sérfróður maður sé fenginn til þess að athuga staðhætti og stjórna tilraunagreftri í námunni. Þyrfti það væntanlega ekki að kosta

óviðráðanlega mikið fé, en mundi gefa úrskurð um mjög þýðingarmikið atriði í atvinnumálum þjóðarinnar. Leyfi ég mér því að vænta þess, að skipulagsnefnd atvinnumála taki málið á sínar herðar og láti rannsókn í því fara fram strax á yfirstandandi ári.

Virðingarfyllst.

Jón J. Fannberg.

Nd. 253. Frumvarp til laga

um framlög ríkisins til endurbyggingar á sveitabýlum.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Heimilt er að verja allt að 50000 krónum af fé því, er ríkið leggur árlega til byggingar- og landnámssjóðs, sem ófafturkræfu framlagi til endurbygginga eða endurbóta á íbúðarhúsum á jörðum í sveit, enda séu þær í sjálfsábúð, eða heimilt að byggja þær í erfðaábúð samkvæmt lögum um erfðaábúð og óðalsrétt.

2. gr.

Fé þetta má veita þegar svo stendur á og eftir þeim reglum, er hér segir:

a. Að bæjarhús jarðarinnar séu að dómi læknis og hreppstjóra óhæf til íbúðar, svo ætla megi, að heilsu manna geti stafað tjón af.
b. Að ábúandi sé ekki fær um að endurreisa bæjarhúsin af eigin rammleik, að dómi nýbýlanefndar ríkisins.
c. Jarðir í sjálfsábúð koma hér aðeins til greina, þegar fasteignamat bæjarhúsa er undir 1000 kr.
d. Jarðir í erfðaábúð koma því aðeins til greina, að fasteignamat landsins sé eigi hærra en 5000 krónur.
e. Framlagið til hvers einstaks býlis má vera 500—1500 krónur, þó aldrei meira en ⅓ hluti kostnaðar.

3. gr.

Nýbýlastjórn ríkisins ákveður, hverjar jarðir skuli verða aðnjótandi framlags þess til bygginga, er um ræðir í lögum þessum, og ákveður upphæðina á hverja jörð. Getur hún krafizt allra þeirra upplýsinga, sem nauðsynlegar eru í því sambandi, og sett þau skilyrði um byggingarnar, er hún telur þurfa, til að tryggja, að þær komi að sem fyllstum notum.

4. gr.

Verðmæti það, er fyrir framlag þetta stendur í byggingunni, skal á hverjum tíma meta sér í fasteignamati. Skal það vera ófafturkræft, vaxtalaust fylgifé jarðarinnar, sem undanþegið er eignarskatti, og má hvorki selja það né veðsetja.

5. gr.

Heimilt er landbúnaðarráðherra að setja með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda árið 1937, en falla úr gildi árið 1950.

Ed. 254. Lög

um breyting á lögum nr. 99 3. maí 1935, um skuldaskilasjóð vélbátaeigenda.

(Afgreidd frá Ed. 8. apríl).

Samhljóða þskj. 190.

Nd. 255. Frumvarp til laga

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja jörðina Grísartungu í Stafholtstungnahreppi.

Flm.: Pétur Ottesen, Páll Zóphóníasson.

1. gr.

Ríkisstjórninni heimilast að selja Borgarhreppi í Mýrasýslu jörðina Grísartungu í Stafholtstungum í sömu sýslu, ásamt hálfum Víðidal öllum, sem Svignaskarð átti áður.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Jörð sú, sem hér um ræðir, liggur inni í fjallalandi Borgarhrepps og skiptir því í tvennt. Er því mjög æskilegt, að Borgarhreppur geti eignazt þessa jörð. Grísartunga er að fasteignamati metin á 2000 kr. (landverð), og Staðartunga, sem nýlega var látin í makaskiptum fyrir hálfan Víðidal allan, er metin á 700 kr.

Sþ. 256. Tillaga til þingsályktunar

um raforkuveitu frá Sogsvirkjuninni.

Flm.: Jörundur Brynjólfsson, Bjarni Bjarnason.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að undirbúa löggjöf um raforkuveitu frá Sogsvirkjuninni til byggðarinnar við Ölfusárbrú og til Eyrarbakka og Stokkseyrar og þeirra sveitabýla, er álízt að til greina geti komið, og leggja frumvarp um þetta efni fyrir næsta Alþingi.

Greinargerð.

Ætlun okkar flutningsmanna þessarar þingsályktunartillögu var að flytja frumvarp á þessu þingi um raforkuveitu frá Sogsvirkjuninni til kauptúnanna austanfjalls. En sakir þess, að fram til þessa hefir undirbúningur þessa máls staðið yfir, og er að vísu ekki til fulls lokið enn, þá höfum við ekki átt þess kost.

Kostnaðaráætlun yfir raforkuveitu til þessara kauptúna má nú telja fullgerða, og langt er komið með áætlun um fjárhagslega afkomu fyrirtækisins. Aðeins vantar upplýsingar um nokkur atriði, er varða áætlun um rekstrarafkomuna, en innan skamms fást þær upplýsingar.

Nú mun Alþingi senn slitið, svo ekki gefst kostur á lagasetningu um þetta efni að þessu sinni. Hinsvegar er auðvelt að hafa frumvarp um þetta mál tilbúið fyrir næsta þing, ef ríkisstjórnin lætur undirbúa það.

Fólkinu í þessum sveitum er hin brýnasta nauðsyn á að fá raforkuna í þjónustu sína eins fljótt og mögulegt er. Hefir það hinn mesta áhuga fyrir þessu máli. Oddvitar sveitanna, Eyrarbakka-, Sandvíkur- og Stokkseyrarhrepps, héldu sameiginlegan fund í fyrra mánuði og óskuðu þess eindregið, að við gerðum ráðstafanir til þess, að hægt væri að hefjast handa um framkvæmdir þessa máls hið allra fyrsta.

Við undirbúning frumvarps um þetta mál og til ákvörðunar um, hvaða leið verði hagfelldust því til skjótrar lausnar, væntum við þess eindregið, að hafðir verði með í ráðum oddvitar áður nefndra sveita.

Sþ. 257. Tillaga til þingsályktunar

um að láta rannsaka orsakir til framkvæmdaleysis allmargra bænda landsins í jarðrækt.

Flm.: Jón Ólafsson.

Sameinað Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta fram fara rannsókn á því, hverjar séu orsakir þess, að allmikill fjöldi bænda landsins hefir ekki notfært sér þau fríðindi, sem þeir hafa átt kost á samkvæmt jarðræktarlögunum. Skal meðal annars athuga, að hve miklu leyti eftirfarandi atriði, hvert fyrir sig, eiga hér hlut í:

1. Nægileg áveitulönd.
2. Nytjar af veiði í sjó eða vötnum.
3. Óhagstæður leigumáli.
4. Fátækt og úrræðaleysi.

Að lokinni þessari rannsókn skal ríkisstjórnin, í samráði við Búnaðarfélag Íslands — ef rannsókn leiðir í ljós, að hér sé fátækt og úrræðaleysi um að kenna — leggja fyrir Alþingi tillögur til góðrar úrlausnar þessu vandamáli. Kostnaður við rannsókn málsins greiðist úr ríkissjóði, að svo miklu leyti sem starfsmenn Búnaðarfélagsins ekki anna rannsókninni.

Greinargerð.

Í áliti og tillögum skipulagsnefndar atvinnumála er sagt, að 496 grasbýli á landinu hafi engar jarðabætur unnið frá því jarðræktarlögin gengu í gildi til og með árinu 1935. Á sama tímabili hafa 753 býli fengið að meðaltali 4—5 krónur á ári fyrir unnar jarðabætur. Enn eru 2141 býli, sem hafa fengið árlega 25 kr. að meðaltali hvert. Þessar tölur sýna, að á meira en helmingi allra grasbýla á landinu hafa mjög litlar jarðabætur verið unnar, þrátt fyrir fríðindi þau, er jarðræktarlögin bjóða.

Skipulagsnefndin hefir enga tilraun gert til að sýna þær orsakir, sem valda hinum mjög svo litlu framkvæmdum í jarðrækt, og er það þó aðalatriði, ef hugsað er til þess að hrinda jarðræktinni meira til framkvæmda en hingað til hefir verið gert. Í jarðræktarlögunum nýju er að vísu gerð tilraun til að bæta hlut þessara manna með auknum jarðabótastyrk. Sú aukning nemur 20% hækkun frá því, sem bændur hafa átt við að búa hingað til. En engin ástæða er til að ætla, að þessi 20% styrkhækkun muni valda straumhvörfum í jarðræktinni, og sé gert ráð fyrir sömu meðaltalsræktun og framar getur, mundu 753 býli fá 0,90 hærri ársstyrk en áður, 2141 býli 5 krónum hærri árlegan styrk.

Ég sé ekki betur en þetta sé með öllu ófullnægjandi, og því verði að leita annara ráða, ef bæta á kjör hinna smærri bænda með aukinni jarðrækt og býlin gerð svo úr garði, að lífvænlegt sé á þeim hvað ræktað land snertir.

Samkvæmt jarðamatinu 1932 eru töluvert á þriðja þúsund grasbýli á landinu, sem hafa minna en þrjá hektara ræktaðs lands, og töðufengur á allflestum býlunum

ekki nema 30 kaplar af ha. Sé nú ekki um því betri engjar að ræða á slíkum býlum, verður ekki séð, að skilyrði séu á þeim til lífvænlegrar áhafnar og þar af leiðandi sæmilegrar afkomu.

Fasteignamatið frá 1932 sýnir ennfremur ljóslega ástand það, sem ríkir í landinu um verðmæti bændabýlanna. 4487 býli, eða 78% af öllum býlum landsins, eru að fasteignamati undir tíu þúsund krónum, og er það minna en sæmileg fjölskylduíbúð í kaupstöðum. Ekki verður því móti mælt, hve ófullnægjandi byggingar margra býla eru, bæði fyrir menn og skepnur, og ber að leita allra ráða til endurbóta á því sviði. En aðalatriðið er þó það, að á hverju býli séu skilyrði fyrir lífvænlegan bústofn, sem gæti og staðið straum af kostnaði við sæmileg húsakynni, en það er grasnytin ein, sem til þess er treystandi, og virðist því óumflýjanleg nauðsyn að leggja meiri og almennari áherzlu á jarðræktina hér eftir en hingað til hefir verið gert.

Tilgangurinn með þessari tillögu er sá, að fá með rannsókn úr því skorið, hverjar séu orsakir til hinna slælegu framkvæmda í jarðræktinni, sem raun ber vitni um, og ennfremur að fá því til vegar komið, að hafizt verði sem fyrst handa um meiri ræktun á smábýlum, með stuðningi ríkisins.

Nd. 258. Nefndarálit

um frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til síldveiða með botnvörpu á fjörðum inni.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefir athugað málið og leggur til, að frv. verði samþykkt.

Alþingi, 9. apríl 1937.

Finnur Jónsson, form., frsm. Bergur Jónsson, fundaskr. Sigurður Kristjánsson.
Jóhann Jósefsson. Páll Þorbjörnsson.

Nd. 259. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 103 3. maí 1935, um breyt. á l. nr. 72 7. maí 1928, um hvalveiðar.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefir athugað málið og leggur til, að frv. verði samþykkt.

Alþingi, 9. apríl 1937.

Finnur Jónsson, form. Bergur Jónsson, fundaskr., frsm. Jóhann Jósefsson.
Páll Þorbjörnsson. Sigurður Kristjánsson

Nd. 260. Frumvarp til laga

um sauðfjárbaðanir.

(Eftir 3. umr. í Ed.).

1. gr.

Þrifaböðun skal árlega fara fram á öllu sauðfé á landinu á tímabilinu frá 1. nóvember til 15. janúar.

2. gr.

Skyldur er hver umráðamaður sauðfjár að framkvæma rækilega böðun á öllu því sauðfé, sem hann hefir undir höndum, og hlíta eftirliti því og öðrum fyrirmælum, sem getur um í 4. gr. Landbúnaðarráðuneytið gefur út reglur til leiðbeiningar um baðanir, og skulu hreppsnefndir og bæjarstjórnir gæta þess, að reglunum sé fylgt.

3. gr.

Hreppsnefndir og bæjarstjórnir skulu, hver í sínu umdæmi, hlutast til um, að allir fjáreigendur í hreppum eða kaupstöðum hafi pantað næg baðlyf í sauðfé sitt svo snemma, að böðun geti farið fram samkvæmt fyrirmælum þessara laga, sem og að nothæf baðtæki séu til á hverju heimili.

4. gr.

Hreppsnefndir í hverjum hreppi og bæjarstjórnir í kaupstöðum skipa fyrir um, hvenær baða skuli innan þess tímatakmarks, er til er tekið í 1. gr., og hafa eftirlit með, að allir baði. Skulu þær í þessu skyni skipa eftirlitsmann eða eftirlitsmenn, er skoði fé allt í hreppnum eða kaupstaðnum á þeim tíma, sem dýralæknir telur heppilegast, og kynni sér heilbrigði þess, þar á meðal sérstaklega, hvort nokkurs staðar verður vart við fjárkláða. Verði eftirlitsmaður kláða var einhversstaðar í umdæminu, skal hann tafarlaust tilkynna það hreppsnefnd eða bæjarstjórn, sem þá skal þegar gera ráðstafanir til, að hið kláðasjúka og grunaða fé verði einangrað og tvíbaðað á þann hátt, sem dýralæknir telur fullnægjandi til útrýmingar kláðans, sem og að fjárhús verði sótthreinsað svo sem hann telur fært og nauðsynlegt. Verði eftirlitsmaður annars var einhvers sjúkdóms, sem grunsamlegt þykir, að geti verið fjárkláði eða annar hættulegur sjúkdómur, skal dýralækni þegar gert aðvart um það, svo úr því verði skorið, hver sjúkdómurinn er, og ráðstafanir gerðar gegn skaða af honum.

Eftirlitsmenn þeir, sem um ræðir í 3. gr. laga nr. 90 3. maí 1935, skulu hafa glöggar gætur á því, að hreppsnefndir og bæjarstjórnir hafi nægilegt eftirlit með því, að sauðfjárbaðanir fari fram, svo að sem fyllstum notum komi. Hreppsnefndum og bæjarstjórnum ber að gefa þessum eftirlitsmönnum skýrslur um fjárkláða, sem vart hefir orðið við í umdæmi þeirra.

5. gr.

Eftirlitsmönnum þeim, sem um ræðir í 4. gr. 1. mgr., greiðist hæfileg þóknun fyrir starf þeirra úr sveitarsjóði eða bæjarsjóði. Að öðru leyti greiðir umráðamaður sauðfjárins allan kostnað af hinum venjulegu þrifaböðum. Þurfi að tvíbaða fé vegna fjárkláða, greiðir ríkissjóður andvirði baðlyfja í annað baðið, hvort sem það er samhliða hinni almennu þrifaböðun eða á öðrum tímum árs, svo og flutningsgjald undir þau á viðkomustaði strandsiglingaskipanna, kostnað við geymslu þeirra og afhendingu, en þangað vitji fjárhafar þeirra á sinn kostnað og greiði annan kostnað af böðuninni.

6. gr.

Nú verður kind sjúk með þeim hætti, að kláði kann að vera, og skal þá sá, er kindina hefir undir hendi, tafarlaust segja eftirlitsmanni frá því, enda einangri fjár-

hafi kindina þangað til gengið hefir verið úr skugga um það, hvort um kláða er að ræða, og þá nauðsynlegar ráðstafanir gerðar til lækningar á henni.

7. gr.

Nú fyrirskipar stjórnarráðið baðanir á sauðfé til útrýmingar fjárkláða á stærri eða minni svæðum samkvæmt lögum nr. 90 3. maí 1935, og skal þá framkvæmd þessara laga frestað á því svæði, sem útrýmingarböðun fer fram, svo lengi sem þurfa þykir og stjórnarráðið ákveður.

8. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum, frá 10—500 kr., sem renna í sveitarsjóð, þar sem brotið er framið. Skal farið með þau mál sem almenn lögreglumál.

9. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 58 30. nóvember 1914, um sauðfjárbaðanir, og önnur ákvæði, sem fara kunna í bága við lög þessi.

Bráðabirgðaákvæði.

Heimilt er landbúnaðarráðherra að endurgreiða sauðfjáreigendum þeim, er tvíbaðað hafa fé sitt veturinn 1936—1937, verð baðlyfs í aðra þá böðun, og verði það greitt af fé því, sem veitt er í fjárlögum 1937 til útrýmingarböðunar.

Nd. 261. Frumvarp til laga

um heimild fyrir hreppsfélög til þess að stofna byggingarsjóði í sveitum.

Flm.: Þorbergur Þorleifsson, Gísli Guðmundsson.

1. gr.

Heimilt er hreppsfélögum að stofna byggingarsjóði fyrir bændur, og takmarkast starfssvið sjóðanna alltaf af hreppamörkum. Skal heiti hinna einstöku sjóða dregið af nafni viðkomandi hrepps.

2. gr.

Verksvið byggingarsjóða er að veita bændum hagkvæm og ódýr lán til þess að reisa íbúðar- og peningshús.

3. gr.

Nú vilja menn stofna byggingarsjóð í hreppi, og skal þá sveitarstjórn boða til almenns sveitarfundar, með nægum fyrirvara, og leggja fyrir hann uppkast að samþykkt um byggingarsjóð fyrir hreppinn. Atkvæðisrétt á fundinum hafa allir bændur.

Fundur er lögmætur, ef helmingur þeirra, er atkvæðisrétt hafa, mæta á fundi, sem boðað hefir verið löglega til. Sé fundur lögmætur og nái uppkastið samþykki $^2/_3$ hluta atkvæðisbærra fundarmanna, skal stofna byggingarsjóð, og er samþykktin bindandi fyrir alla sveitarbúa. Samþykkt sveitarfundarins skal aftur leggja fyrir hreppsnefnd til endanlegrar samþykktar. Samþykki hreppsnefnd gerðir sveitarfundarins, sendir hún atvinnumálaráðuneytinu samþykktina til staðfestingar. Sé samþykktin felld í hreppsnefnd, skal þegar bera hana undir annan sveitarfund, sem sé boðaður á sama hátt og fyrri fundurinn. Samþykki sá fundur að stofna byggingarsjóð, telst hann stofnaður, enda þótt samþykki hreppsnefndar komi ekki til. Sendir hreppsnefnd síðan samþykktina til staðfestingar, eins og fyrr greinir.

4. gr.

Byggingarsjóður nýtur árlegs styrks úr ríkissjóði, sem svarar 4 krónum á hvern íbúa hreppsins. Hreppssjóður greiðir að minnsta kosti jafnt á móti. Nú er sveit aðeins hluti úr hreppi, er þá heimilt, að tillagi sveitarsjóðs til byggingarsjóðs sé jafnað niður á íbúa sveitarinnar, þá sem gjaldskyldir eru til sveitarsjóðs, eftir sömu reglum og útsvörum, enda greiði þá ríkissjóður eigi hærra framlag en 4 kr. á hvern íbúa sveitarinnar. Byggingarsjóðir, sem stofnaðir verða samkvæmt 1. gr., skulu tilkynna ráðherra stofnunina fyrir 1. apríl, og öðlast þeir þá rétt til framlags úr ríkissjóði samkvæmt lögum þessum frá næstu áramótum á eftir.

5. gr.

Í stjórn byggingarsjóðs skulu vera 3 menn, 2 kosnir á hreppsfundi, en 1 tilnefndur af hreppsnefnd, til þriggja ára í senn. Stjórnin skiptir sjálf með sér verkum. Einnig skulu kosnir á hreppsfundi 2 endurskoðendur til þriggja ára í senn. Stjórn sjóðsins getur tekið þóknun fyrir starf sitt, sem þó má ekki fara fram úr 300 kr. á ári.

6. gr.

Byggingarsjóður skal jafnan vera í handbæru fé í peningastofnunum með ríkissjóðsábyrgð, að svo miklu leyti sem honum er ekki varið til útlána.

7. gr.

Byggingarsjóður lánar fé til þess að reisa íbúðar- og peningshús, er nauðsynleg teljast og við koma búrekstri bænda. Þó skulu lán til íbúðarhúsa ávallt sitja í fyrirrúmi fyrir lánum til peningshúsa. Þeir bændur skulu ganga fyrir um lánveitingar úr sjóðnum, sem leiða gild rök að því fyrir stjórn sjóðsins, að þeir geti ekki fengið lán hjá öðrum lánsstofnunum. Lán til eins manns mega ekki fara fram úr 5000 kr., og fyrstu 10 árin ekki fram úr 3000 kr. til eins manns.

8. gr.

Lán úr byggingarsjóði skulu veitt gegn fyrsta veðrétti í byggingum þeim, sem lánað er til, og mega nema allt að 85% virðingarverðs bygginganna fullgerðra. Lánin skulu veitt affallalaust og endurgreiðast með jöfnum afborgunum á allt að 20 árum. Auk þess greiði lánþegi sem svarar einu árgjaldi til viðbótar fyrir vexti.

9. gr.

Teikningar þær, sem hús þau eru gerð eftir, sem byggingarsjóður lánar til, skulu samþykktar af teiknistofu byggingar- og landnámssjóðs, og er teiknistofunni skylt að láta teikningar og aðrar upplýsingar í té ókeypis, ef þess er óskað.

10. gr.

Atvinnumálaráðuneytið gefur út reglugerð um störf byggingarsjóða í sveitum. Þar skal meðal annars ákveða, hvernig og á hvaða hátt eftirliti skuli hagað með þeim byggingum, sem reistar verða fyrir lán úr sjóðum þessum.

11. gr.

Nú telja menn ekki lengur þörf á, að byggingarsjóðurinn sé aukinn. Skal þá boða til hreppsfundar á sama hátt og segir í 3. gr. Sé samþykkt á sama hátt, að tillög í sjóðinn hætti, eins og til hans var stofnað, hætta framlög frá ríki og hreppssjóði.

12. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frv. þetta var flutt á síðasta Alþingi. Er aðeins 8. gr. nokkuð breytt. Frv. fylgdu þá eftirfarandi athugasemdir og skýringar.

„Það virðist vera af flestum viðurkennt, að það sé ekki æskilegt, að sveitirnar tæmist meir af fólki en orðið er. Eitt af frumskilyrðum þess, að það fólk, sem enn er eftir í sveitunum, megi haldast þar við, er það, að byggingarmálum sveitanna sé komið í gott horf.

Á næstu árum er óhjákvæmilegt að endurbyggja bæina í tugatali í hverri einustu sveit á landinu. Eins og hagur sveitanna er nú, og líkindi eru til, að hann verði í næstu framtíð, er það sýnilegt, að yfirleitt munu bændur ekki geta ráðizt í húsabyggingar, nema fá hagkvæm lán til þess. Lánsstofnanir þær, sem bændur eiga aðgang að í þessu skyni, eru: Ræktunarsjóðurinn og byggingar- og landnámssjóður. Þessar lánsstofnanir geta nokkuð hjálpað, en ekki nægilega. Lánbeiðnirnar hrúgast nú upp hjá þessum lánsstofnunum sveitanna, en tiltölulega lítið hægt að afgreiða. Mun þetta innan skamms hafa í för með sér alvarlegar afleiðingar, sem hljóta að leiða til þess, að Alþingi verður að taka málið að sér og finna leið til þess að gera bændum kleift að endurbyggja hina hrynjandi bæi. Í þessu frumv. er bent á leið til að leysa þetta knýjandi nauðsynjamál án mikilla fjárframlaga frá ríkinu. Það er talið, að í sveitunum séu um 50 þús. manns, þar með talin nokkur kauptún, sem ekki eru sérstakir hreppar. Þegar þau eru frá talin, mun ekki fjarri sanni, að íbúar sveitanna séu allt að 45 þúsund. Þótt byggingarsjóðir yrðu stofnaðir í öllum sveitum landsins, yrðu fjárframlög ríkisins — samkvæmt því, sem frumv. gerir ráð fyrir — ekki yfir 180 þús. kr. á ári. Verði ekkert gert í þessum málum meir en búið er, munu margar fjölskyldur úr sveitunum flosna upp á næstu árum og flytja í kaupstaðina og bætast þar við í atvinnuleysingjahópinn. Afleiðingin af þessu öllu verður svo sú, samkvæmt því ástandi, sem ríkjandi er, að fjárveitingavaldið mun telja sig knúið til þess að auka fjárframlag til svonefndra atvinnubóta, og er þar fljótt að koma í hverjar 100 þúsundirnar, eins og reynslan sýnir. Þarf ekki að lýsa því, hvort muni vænlegra til þjóðþrifa, að verja nokkurri upphæð úr ríkissjóði til þess að tryggja framtíð fólksins á hinni grænu gróandi jörð, eða fleygja álíka upphæð eða meira í arðlitla atvinnubótavinnu handa þessu sama fólki á mölinni við sjóinn, og byggja þar yfir það, með lánsfé, sem tekið er af veltufé atvinnuveganna í landinu."

Ed. 262. Lög

um framlenging á gildi laga nr. 90 19. júní 1933, um útflutning á kjöti.

(Afgreidd frá Ed. 9. apríl).

Samhljóða þskj. 59.

Nd. 263. Frumvarp til laga

um klaksjóð, heimild fyrir ríkisstjórnina til að reisa klakstöðvar og til leigunáms í því skyni.

(Eftir 3. umr. í Ed.).

1. gr.

Ríkisstjórnin skal stofna sjóð, er nefnist klaksjóður og varið skal til þess að standast rekstur klakstöðva, sem reistar kunna að verða samkvæmt lögum þessum.

2. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að innheimta klaksjóðsgjald, er nemi 3 aurum á kg. af laxi, sem veiddur er hérlendis og seldur á innlendum eða erlendum markaði. Klaksjóðsgjald, ásamt 5000 króna tillagi úr ríkissjóði árlega í næstu fimm ár, og tekjur af sölu laxaseiða frá klakstöðvum ríkisins, rennur í klaksjóð.

Nú stundar fiskiræktarfélag laxaklak á fullnægjandi hátt, að dómi veiðimálastjóra, og greiðist þá eigi klaksjóðsgjald af veiði félagsmanna.

3. gr.

Ríkisstjórninni skal heimilt að reisa a. m. k. tvær klakstöðvar, og skal hvor eða hver stöð geta framleitt allt að 2,5 millj. laxaseiða. Skal minnst 10% af árlegri seiðaframleiðslu stöðvanna látið í ár þær og vötn, sem stofnveiðin er úr. Að jafnaði skulu seiðin látin í vötnin að réttri tiltölu við stofnveiðina úr þeim.

4. gr.

Vegna stofnveiða til klakstöðva þeirra, er ræðir um í 3. gr., skal ríkisstjórninni heimilt að taka á leigu að einhverju leyti eða öllu:

a. veiðiréttindi í Grímsá í Borgarfirði.
b. veiðiréttindi í Laxá úr Mývatni og í Reykjadalsá í Þingeyjarsýslu.

Takist ekki hagkvæmir samningar, að dómi ríkisstjórnarinnar, um leigu á veiðiréttindum, er um ræðir í a- og b-lið, skal ríkisstjórninni heimilt að taka slík réttindi leigunámi um 10 ára skeið. Um framkvæmd leigunámsins skal farið eftir ákvæðum laga nr. 61 frá 1917, um framkvæmd eignarnáms.

5. gr.

Heimilt skal að veiða til klakstöðvanna á hvern þann hátt og á hverjum þeim tíma, sem henta þykir.

6. gr.

Ríkisstjórninni skal heimilt að verja allt að 16000 kr. til byggingar og útbúnaðar klakstöðva þeirra, sem um er rætt í 3. gr. Rekstrarkostnaður klakstöðvanna greiðist úr klaksjóði. Nægi tekjur klaksjóðs eigi til, greiðist mismunurinn úr ríkissjóði.

7. gr.

Klakstöðvar ríkisins skulu selja fiskiræktar- og veiðifélögum laxaseiði fyrir eigi meira verð en 8 kr. þúsundið flutt í á þá, sem seiðin eru ætluð í. Heimilt er að selja öðrum en fiskiræktar- og veiðifélögum laxaseiði frá klakstöðvum ríkisins. Landbúnaðarmálaráðherra setur reglugerð um starfrækslu klakstöðvanna og um sölu og flutning seiðanna.

8. gr.

Nú verða tekjur klaksjóðs meiri en svo, er þarf til þess að greiða rekstrarkostnað af klakstöðvum þeim, sem rætt er um í 3. gr., og skal þá verja tekjuafganginum til stofnunar nýrra klakstöðva og rekstrar þeirra.

9. gr.

Ríkisstjórninni skal heimilt að setja reglugerð um innheimtu á gjaldi því, sem rætt er um í 2. gr.

10. gr.

Með brot gegn 2. gr. skal farið eftir almennum ákvæðum tolllaga. Fyrir brot gegn lögum þessum og reglugerð, settri samkvæmt þeim, skal annars refsað með sekt, allt að kr. 1000.00, ef þyngri refsing liggur ekki við að öðrum lögum.

11. gr.

Með mál út af brotum á lögum þessum og reglugerð, settri samkvæmt þeim, skal farið sem almenn lögreglumál.

12. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 264. Nefndarálit

um frv. til l. um byggingu húsa til að hraðfrysta fisk.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefir athugað frv. JJós og SK vilja láta samþykkja það, en eru fúsir til samninga um breytingartillögur, ef fram kunna að koma undir umræðum, svo fremi þær skerði ekki meginatriði þess eða tilgang.

FJ og PÞ eru meðflmenn að frv. á þskj. 151 um þetta sama efni. Telja þeir það frv. að ýmsu leyti ýtarlegra og vilja athuga um möguleika til, að það frv. nái samþykki Alþingis, en munu að öðrum kosti bera fram breytingartill. við þetta frv. undir umræðum.

BJ telur sig ekki hafa fullmarkaða afstöðu til frv., en vill styðja þá stefnu, er í því kemur fram.

Alþingi, 9. apríl 1937.

Finnur Jónsson, form.	Jóhann Þ. Jósefsson, frsm.	Bergur Jónsson, fundaskr.
Sig. Kristjánsson.	Páll Þorbjörnsson.	

Nd. 265. Lög

um breyting á lögum nr. 35 1. febrúar 1936, um viðauka við lög nr. 78 19. júní 1933, um Kreppulánasjóð.

(Afgreidd frá Nd. 9. apríl).

Samhljóða þskj. 234.

Nd. 266. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 55 7. maí 1928, um bann gegn dragnótaveiði í landhelgi.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Fyrri málsgr. 1. gr. laganna orðist svo:

Innan íslenzkrar landhelgi, á svæðinu frá Eystra-Horni sunnan um land að Straumnesi, skulu veiðar með dragnótum bannaðar ár hvert á tímabilinu frá 1. janúar til 15. maí og frá 1. til 31. desember, og á svæðinu frá Straumnesi austur um land að Eystra-Horni frá 1. janúar til 15. júní og frá 1. til 31. desember. Einnig eru dragnótaveiðar á skipum, sem eru að stærð 35 smálestir brúttó eða meira, bannaðar frá 15. maí til 30. september ár hvert.

2. gr.

Í stað „5000—10000 gullkróna“ í 3. gr. laganna komi: 2500—5000 gullkróna.

3. gr.

Síðasti málsl. 6. gr. laganna („Aldrei má þó“ og til enda) falli niður.

4. gr.

Í stað 8. gr. laganna komi ný grein, svo hljóðandi:

Ráðherra setur með reglugerð ákvæði um möskvastærð dragnóta, svo og um lágmarksþyngd þess fiskjar, sem veiddur er í dragnót og hafður er til sölu.

5. gr.

Síðari málsl. 9. gr. laganna falli niður.

6. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað. Jafnframt eru úr gildi numin lög nr. 52 19. júní 1933 og lög nr. 15 1935.

7. gr.

Þegar lög þessi hafa öðlazt staðfestingu konungs, skal færa þau inn í meginmál laga nr. 55 7. maí 1928 og gefa þau út svo breytt.

Ed. 267. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 37 19. maí 1930, um skráning skipa.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

1. gr.

3. gr. laganna orðist svo:

Fjármálaráðuneytið hefir yfirumsjón með mælingu skipa og skrásetningu.

Nú vill eigandi skips tryggja sér, að önnur skip verði eigi samnefnd skipi hans, og skal hann þá senda beiðni um það skipaskráningarstofunni, sem getur heimilað nafntökuna. Sama er um einkarétt skipseigenda til reykháfsmerkja og annara einkenna á skipum, þar á meðal sérfána. Er bannað að nota skipanöfn eða einkenni, sem einkaréttur hefir verið veittur til samkvæmt framansögðu, eða svo lík þeim nöfnum og einkennum, að villum geti valdið. Þó mega haldast óbreytt nöfn skipa, sem skrásett hafa verið áður en lög þessi ganga í gildi. Einkaréttur til skipsheitis fellur úr gildi fimm árum eftir að skip hefir fallið út af skipaskrá og eigandi heitisins ekki endurnýjað það á öðru skipi. Skipaskráningarstofan heldur skrá yfir nöfn og einkenni skipa, sem einkaréttur hefir verið veittur til, og sendir lögreglustjórum landsins tilkynningar um hver áramót um breytingar, sem orðið hafa á skránni og viðauka við hana. Brot gegn einkarétti til skipanafna og einkenna varða sektum samkvæmt 24. gr.

Heimilt er ráðuneytinu að fela skipaskoðunarstjóra ríkisins að framkvæma öll þau daglegu störf, sem að endurskoðun, mælingu skipa og skrásetningu þeirra lýtur. Skal í því skyni sett á stofn sérstök deild við skipaskoðunarstofuna, sem nefnist Skráningastofa ríkisins.

Skipaskoðunarstjóra skal heimilt að taka nauðsynlega aðstoð í þessu skyni, og greiðist kostnaður við hana úr ríkissjóði af skrifstofufé skipaskoðunarinnar.

2. gr.

1. málsgr. 11. gr. laganna orðist svo:

Nú telur skráningarstofan skip réttilega skráð, og tekur hún þá skipið á aðal-

skipaskrá. Ef skipið er yfir 30 smálestir brúttó, gefur skipaskráningarstjóri út þjóðernis- og skráningarskírteini handa skipinu, en mælingarbréf fyrir minni skip. Fari skip, sem er minna en 30 smálestir brúttó milli Íslands og annara landa, skal þjóðernis- og skráningarskírteini gefið út handa því.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. 268. Breytingartillögur

við frv. til l. um ráðstafanir vegna búfjársjúkdóma.

Frá Þorsteini Þorsteinssyni.

1. Við 2. gr. Í stað orðanna „Fyrir þessar ferðir skulu hverjum dýralækni greiddar kr. 500,00 á ári úr ríkissjóði í ferðakostnað“ komi: Fyrir þessar ferðir skal hverjum dýralækni greiddur ferðakostnaður úr ríkissjóði, eftir reikningi, allt að kr. 500,00 á ári.
2. Við 3. gr. Í stað orðanna „en heildarskýrsluna skal birta í búnaðarriti“ komi: en heildarskýrsluna skal birta í því búnaðarriti, er Búnaðarfélag Íslands gefur út.
3. Við 6. gr. Í stað orðanna „samkvæmt 4. og 5. gr.“ komi: samkvæmt 1., 4. og 5. gr.
4. Á eftir 8. gr. komi ný grein, svo hljóðandi:

   Sektir samkvæmt lögum þessum skulu renna í sýslusjóð, þar sem brotið er framið.

   Mál þau, er rísa kunna út af brotum gegn lögum þessum, skal farið með sem opinber lögreglumál.

Sþ. 269. Tillaga til þingsályktunar

um styrk til hraðfrystihúsa fyrir fisk.

Flm.: Ingvar Pálmason, Bergur Jónsson.

Alþingi ályktar, að greiða skuli úr fiskimálasjóði styrk til þess að reisa hraðfrystihús fyrir fisk, ¼ stofnkostnaðar á þeim stöðum, sem samkvæmt áliti ríkisstjórnar og fiskimálanefndar virðist mest nauðsyn fyrir hendi. Þau hraðfrystihús, sem reist hafa verið á 2 síðustu árum, skulu verða styrks þessa aðnjótandi. Ennfremur skorar Alþingi á ríkisstjórnina að veita aðstoð sína til lánaútvegana til hraðfrystihúsa þeirra, sem styrkja ber samkvæmt framansögðu.

Greinargerð.

Tvö frv., sem innihalda samskonar ákvæði og farið er fram á í þessari tillögu, ásamt fleiru, liggja nú fyrir Nd. Alþingis, en bæði eru þau svo stutt á veg komin, að ætla má, að hvorugt þeirra nái fram að ganga á þessu þingi, sérstaklega þar sem þau bæði, og þó einkum annað þeirra, hafa einnig ákvæði inni að halda, sem valdið geta ágreiningi, sem tafið geti framgang þeirra. Er því þingsályktunarleiðin sú eina, sem vænta má, að borið geti árangur að þessu sinni. Þar sem það virðist ljóst af framkomnum frv. um þetta efni, að fyrir hendi sé þingvilji um styrkveitingu til bygginga hraðfrystihúsa, þá flytjum við þessa þingsályktunartillögu í því trausti, að þann veg náist nokkur lausn þessa nauðsynjamáls þegar á þessu þingi.

Sþ. 270. Nefndarálit

um till. til þál. um varnir fyrir sjávargangi í Vestmannaeyjum.

Frá fjárveitinganefnd.

Þingsályktunartillögu þessari var vísað til nefndarinnar, og hefir hún verið þar til athugunar um nokkurt skeið ásamt bréfi um þetta efni, sem nefndinni hefir borizt frá vitamálastjóra. Leggur nefndin til, að tillagan verði samþykkt með þessari

BREYTINGU.

Tillögugreinin orðist svo:

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta á næsta sumri hefja rannsókn og aðgerðir, eftir því sem þörf krefur, til þess að koma í veg fyrir frekari skemmdir af sjávargangi á Eiðinu í Vestmannaeyjum.

Alþingi, 10. apríl 1937.

Bjarni Bjarnason, form.	Sig. Einarsson, fundaskr.	Pétur Ottesen, frsm.
Jónas Guðmundsson.	Jón Sigurðsson.	Þorbergur Þorleifsson.
Bernh. Stefánsson.	Þorsteinn Þorsteinsson.	Jakob Möller.

Ed. 271. Breytingartillaga

við frv. til laga um húsmæðrafræðslu.

Frá Guðrúnu Lárusdóttur.

Við 7. gr. Á eftir „vefnaður“ komi: vélprjón.

Nd. 272. Lög

um breyting á 10. gr. tilskipunar um fjárforráð ómyndugra á Íslandi, 18. febr. 1847.

(Afgreidd frá Nd. 10. apríl).

Samhljóða þskj. 20.

Nd. 273. Lög

um breyting á lögum nr. 44 23. júní 1932, um skipun læknishéraða, verksvið landlæknis og störf héraðslækna.

(Afgreidd frá Nd. 10. apríl).

Samhljóða þskj. 152.

Sþ. 274. Nefndarálit

um till. til þál. um sjómælingar og rannsóknir fiskimiða.

Frá fjárveitinganefnd.

Fjárveitinganefnd hefir leitað álits sjávarútvegsnefnda beggja deilda um tillöguna, og hafa þær báðar mælt einróma með því, að hún verði samþykkt. Mælir fjárveitinganefnd með því, að tillagan verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGU.

Síðari málsgrein tillögunnar orðist svo:
Heimilast ríkisstjórninni að nota varðskipið Þór við rannsóknir þessar, og greiðist kostnaðurinn að jöfnu úr ríkissjóði og fiskimálasjóði.

Alþingi, 10. apríl 1937.

Bjarni Bjarnason, form.	Jakob Möller, frsm.	Sig. Einarsson, fundaskr.
Þorbergur Þorleifsson.	Bernh. Stefánsson.	Pétur Ottesen.
Þorsteinn Þorsteinsson.	Jón Sigurðsson.	Jónas Guðmundsson.

Nd. 275. Breytingartillaga

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 55 7. maí 1928, um bann gegn dragnótaveiði í landhelgi.

Frá Thor Thors.

Við 1. gr. Aftan við greinina bætist:
Á Breiðafirði og Faxaflóa skulu dragnótaveiðar þó aðeins heimilar skipum, sem skrásett eru innan lögsagnarumdæma, er að þeim liggja, öðrumhvorum eða báðum.

Nd. 276. Frumvarp til laga

um ráðstafanir vegna búfjársjúkdóma.

(Eftir 3. umr. í Ed.).

1. gr.

Árlega skal safna skýrslum um búpeningssjúkdóma. Skýrslum þessum skulu dýralæknar safna með aðstoð hreppstjóra, hvers í sínum hreppi. Búendur skulu á vor- og hausthreppaskilum gefa hreppstjóra upplýsingar um sjúkdóma í búfé sínu. Landbúnaðarráðuneytið leggur til eyðublöð undir skýrslurnar.

2. gr.

Dýralæknum landsins skal skylt að ferðast einu sinni á ári um allt læknisumdæmi sitt og safna skýrslum hjá hreppstjórum og aðstoða þá við skýrslugerðina, ef þörf krefur. Fyrir þessar ferðir skal hverjum dýralækni greiddur ferðakostnaður úr ríkissjóði, eftir reikningi, allt að kr. 500,00 á ári. Skulu dýralæknarnir hafa lokið að safna skýrslum þessum fyrir 30. ágúst ár hvert.

3. gr.

Eftir að dýralæknir hefir safnað skýrslum um búfjársjúkdóma í sínu umdæmi, ber honum að semja heildarskýrslu fyrir umdæmið og senda hana ekki síðar en 15. september til landbúnaðarráðuneytisins, sem þá lætur vinna úr skýrslunum heildarskýrslu fyrir allt landið, eftir því sem nánar má ákveða í reglugerð, en heildarskýrsluna skal birta í því búnaðarriti, er Búnaðarfélag Íslands gefur út.

4. gr.

Nú drepst skepna eða skepnur skyndilega, svo að grunsamlegt sé, að hættulegur sjúkdómur bæði mönnum og skepnum geti verið á ferðinni, og skal þá tafarlaust tilkynna dýralækni í hlutaðeigandi héraði, er gerir nauðsynlegar öryggisráðstafanir svo fljótt sem unnt er.

5. gr.

Nú kemur upp faraldur í búpeningi í einhverju héraði, og skal það þá tilkynnt hlutaðeigandi dýralækni, sem tilkynnir það landbúnaðarráðuneytinu, ef faraldurinn að hans áliti er grunsamlegur um dauðsföll og smitun.

Landbúnaðarráðherra ákveður þá, að fengnum upplýsingum og í samráði við dýralækni, hvaða ráðstafanir skuli gerðar.

6. gr.

Kostnaður sá, er leiðir af ráðstöfunum þeim, sem gerðar eru samkvæmt 1., 4. og 5. gr. laga þessara, greiðist úr ríkissjóði.

7. gr.

Heimilt skal landbúnaðarráðherra að gera hverskonar nauðsynlegar ráðstafanir, þegar skæðir húsdýrasjúkdómar brjótast út. Þó skal hann leita álits eins eða fleiri dýralækna um slíkar ráðstafanir.

8. gr.

Brot gegn lögum þessum varða 10—500 króna sektum, nema þyngri refsing liggi við að öðrum lögum.

9. gr.

Sektir samkvæmt lögum þessum skulu renna í sýslusjóð, þar sem brotið er framið.

Mál þau, er rísa kunna út af brotum gegn lögum þessum, skal farið með sem opinber lögreglumál.

10. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 277. Breytingartillaga

við frv. til l. um bæjanöfn o. fl.

Frá Páli Zóphóníassyni.

Við 7. gr. 2. málsgrein skal orða svo:

Fyrir leyfisbréf um breytingu á nafni býlis samkvæmt 3. gr. greiðir umsækjandi 25 kr. í ríkissjóð, en fyrir leyfisbréf til þess að taka upp nafn á nýbýli 10 kr. Sýslumaður innheimtir gjaldið, auk lögákveðins gjalds fyrir þinglýsingu leyfisins.

Nd. 278. Breytingartillaga

við brtt. á þskj. 275 (Dragnótaveiðar).

Frá Ásgeiri Ásgeirssyni.

Aftan við till. bætist: Á svæðinu frá Gilsfjarðarbotni vestur um og allt í Hrútafjarðarbotn skulu dragnótaveiðar einnig aðeins heimilar skipum, sem skrásett eru í lögsagnarumdæmum á Vestfjörðum.

Ed. 279. Frumvarp til laga

um bæjanöfn o. fl.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

1. gr.

Ekkert býli utan kaupstaða eða kauptúna má vera nafnlaust.

2. gr.

Í kaupstöðum og kauptúnum skulu hús auðkennd með götunafni og númeri. Þó er eiganda húss heimilt að auðkenna hús sitt jafnframt með öðru nafni, svo og að gefa húsi sínu nafn, þar sem svo hagar til, að húsið verður eigi auðkennt með götunafni og númeri.

3. gr.

Nöfnum á býlum utan kaupstaða og kauptúna, þeim, er talin eru í fasteignabók, má eigi breyta nema að fengnu leyfi ráðherra.

4. gr.

Eigi má taka upp nafn á nýbýli utan kaupstaða eða kauptúna nema með leyfi ráðherra.

5. gr.

Nú vill eigandi húss í kaupstað eða kauptúni gefa húsi sínu nafn samkvæmt 2. gr., eða breyta nafni á því, og skal hann þá afhenda til þinglýsingar yfirlýsingu sína um nafn hússins. Í yfirlýsingunni skal eignin skilgreind svo nákvæmlega, að eigi geti verið vafi á, við hvaða eign er átt. Yfirlýsingunni skulu fylgja skilríki fyrir eignarrétti þess manns, er yfirlýsinguna gefur, að eigninni, svo og meðmæli bæjarstjórnar eða hreppsnefndar með nafninu.

Þinglýsingarvaldsmanni skal heimilt að neita um þinglýsingu nafnsins og banna upptöku þess, ef honum virðist nafnið að einhverju leyti óheppilegt eða afkáralegt. Eigi má taka upp nafn, sem annað hús í sama kaupstað eða kauptúni er nefnt.

6. gr.

Vilji eigandi breyta nafni býlis sins samkvæmt 3. gr. eða taka upp nafn á nýbýli sínu samkvæmt 4. gr., skal hann senda ráðherra beiðni um leyfi til þess. Í beiðninni skal skýrt frá ástæðum til þess, að farið er fram á, að hið eldra nafn býlisins verði lagt niður, og þeim ástæðum, er ráðið hafa vali umsækjanda á hinu nýja nafni. Sé hið nýja nafn dregið af staðháttum, skal þeim staðháttum lýst í umsókninni. Umsókninni skal fylgja vottorð sýslumanns um eignarheimild umsækjanda.

Breytingu á nafni býlis skal eigi leyfa nema sérstakar ástæður mæli með því.

Við upptöku nýnefna skal þess gætt, að fylgt sé þeim venjum, sem ráðið hafa nafngjöfum býla hér á landi.

Samnefni á býlum í sömu sýslu má ekki leyfa.

7. gr.

Nú telur ráðherra nafntökunni ekkert til fyrirstöðu, og gefur hann þá út leyfisbréf til nafntökunnar. Leyfisbréfið sendir ráðherra sýslumanni, og ber honum að láta þinglýsa því á næsta manntalsþingi.

Fyrir leyfisbréf um breytingu á nafni býlis samkvæmt 3. gr. greiðir umsækjandi 25 kr. í ríkissjóð, en fyrir leyfisbréf til þess að taka upp nafn á nýbýli 10 kr. Sýslumaður innheimtir gjaldið, auk lögákveðins gjalds fyrir þinglýsingu leyfisins.

Þinglýstu nafni á býli utan kaupstaða eða kauptúna má eigi breyta nema með leyfi ráðherra.

Birta skal árlega í B-deild Stjórnartíðindanna skrá yfir nöfn þau, sem leyft hefir verið að taka upp á árinu, svo skal og, er lög þessi hafa tekið gildi, birta skrá yfir nöfn þau, er leyfð hafa verið á eldri býlum og ekki eru talin í fasteignabók 1932.

8. gr.

Ákvæði 6. og 7. gr. gilda einnig um nöfn á nýbýlum, sem tekin hafa verið upp áður en lög þessi öðlast gildi og eigi eru talin í fasteignabók 1932.

Eigendur skulu hafa sótt um nafnleyfi á slíkum býlum innan 6 mánaða frá gildistöku laga þessara.

9. gr.

Ráðherra skipar 5 manna nefnd, er nefnist örnefnanefnd. Skal álits nefndarinnar leitað um allar umsóknir um leyfi til breytinga á nafni býlis og um upptöku nýs nafns á býli. Nefnd þessi skal og hafa eftirlit með nafnsetningu á landabréfum þeim, sem gefin eru út að tilhlutun ríkisins, og vera landsstjórninni til ráðuneytis um önnur málefni, er varða hverskonar staðanöfn hér á landi.

10. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum, allt að 500 kr., er renna í ríkissjóð. Skulu lögreglustjórar og hreppstjórar hafa eftirlit með því, að þeim sé hlýtt.

Mál út af brotum gegn lögum þessum skal farið með sem almenn lögreglumál.

11. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og falla þá jafnframt úr gildi lög nr. 31 20. okt 1913, um bæjanöfn.

Sþ. 280. Nefndarálit

um till. til þál. um rannsókn á íslenzkum heilsubrunnum og skilyrðum til hressingarhæla við þá.

Frá fjárveitinganefnd.

Nefndin mælir með, að tillagan verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 12. apríl 1937.

Bjarni Bjarnason, form., frsm. Sig. Einarsson, fundaskr. Jón Sigurðsson. Jakob Möller.

Pétur Ottesen. Þorbergur Þorleifsson. Jónas Guðmundsson.

Þorst. Þorsteinsson. Bernh. Stefánsson.

Ed. 281. Frumvarp til laga

um breyting á lögum um meðferð og sölu mjólkur og rjóma, nr. 1 1935.

Flm.: Pétur Magnússon, Þorsteinn Briem.

1. gr.

Orðið „þurrmjólk“ í niðurlagi 1. gr. laganna falli burt.

2. gr.

Síðasti málsl. 3. gr. laganna orðist þannig:

Mjólkursölunefnd ákveður verðuppbætur, og skal það gert á þann veg, að sama verð sé greitt fyrir mjólkina til allra mjólkurbúa á verðjöfnunarsvæðinu, komna á sölustað, innan svæðisins, án tillits til þess, hvort mjólkin er notuð til neyzlu eða til vinnslu.

3. gr.

Á eftir 3. gr. komi ný grein, er verður 4. gr., svo hljóðandi:

Til þess að standast verðuppbætur þær, er greiða skal samkv. 3. gr., skal, auk verðjöfnunargjalds á neyzlumjólk, afla fjár í verðjöfnunarsjóðinn svo sem hér segir:

1. Af öllu innfluttu kjarnfóðri skal greiða innflutningsgjald, er renni í verðjöfnunarsjóð, og nemi það 5 aur. á hvert kg. Ráðherra setur með reglugerð nánari reglur um innheimtu þess og skiptingu milli mjólkurbúa. Rísi ágreiningur um, hvort vara teljist til kjarnfóðurs, fellir ráðherra úrskurð um það.

   Ef flytja verður inn kjarnfóður vegna harðinda og fóðurskorts, er ráðherra heimilt að undanþiggja það innflutningsgjaldi.
2. Landbúnaðarráðherra heimilast að ákveða, að öll brauð, sem seld eru frá brauðsöluhúsum á verðjöfnunarsvæðinu, skuli blönduð að tilteknum hundraðshluta með mjólk eða mjólkurdufti (þar með talin mysa eða mysuduft). Ákveður hann jafnframt, eftir tillögum mjólkurverðlagsnefndar, verð á þeirri mjólk (mjólkurmysu) eða þurrmjólk, sem notuð er á þennan hátt. Sú verðhækkun, sem á mjólkinni verður fyrir þessa notkun, eftir mati mjólkursölunefndar, rennur óskipt í verðjöfnunarsjóð.

   Ef tekjur verðjöfnunarsjóðs hrökkva eigi til verðuppbóta samkv. 3. gr., skal það, sem á vantar, greitt úr ríkissjóði. Ef hinsvegar verður tekjuafgangur, er heimilt að lækka verðjöfnunargjaldið samkv. 2. gr., þó ekki fyrr en sjóðurinn er orðinn svo hár, að hann nemi síðasta árs útgjöldum.

4. gr.

Á eftir 13. gr. komi ný gr., svo hljóðandi:

Ríkisstjórnin skal hlutast til um, að reist verði þurrmjólkurstöð á hentugum stað, og veitist stjórninni heimild til að láta stöðina njóta styrks á sama hátt og mjólkurbú hafa notið, og jafnframt til að ábyrgjast lán til byggingarinnar.

Greinargerð.

Þegar mjólkurlögin voru sett 1934, var talið, að nálægt $^2/_3$ hlutar af þeirri mjólk, er framleidd var til sölu á verðlagssvæði Reykjavíkur, væru seldir sem nýmjólk, rjómi og skyr. Afgangurinn fór til smjör- og ostagerðar. Þriggja aura verðjöfnunargjald á seldan mjólkurlítra gerði því ca. 6 aur. uppbót á hvern lítra af vinnslumjólk. Nú eru þessi hlutföll mjög breytt. Eins og nú standa sakir er talið, að álíka mikið af mjólk fari til smjör- og ostagerðar og selt er í Reykjavík og Hafnarfirði. En þó má gera ráð fyrir, að þessi hlutföll breytist enn frekar á næstu árum. Auk hins

eðlilega vaxtar mun fjárpestin mikla í Borgarfirði, sem nú er talið að einnig sé farin að stinga sér niður á Suðurlandsundirlendinu, án efa leiða til stórum aukinnar mjólkurframleiðslu. Þegar þessa er gætt, virðist auðsætt, að jafnvel þó verðjöfnunargjaldið á neyzlumjólkina væri hækkað verulega frá því, sem nú er, þá mundi það þó hrökkva skammt til að bæta upp vinnslumjólkina í líkingu við það, sem upphaflega var til ætlazt. Hinsvegar þykir eigi líklegt, að mjólkurframleiðslan þoli verulega verðlækkun á næstu árum.

Í frv. þessu er lagt til, að verðjöfnunargjald á neyzlumjólk sé látið haldast hið sama og verið hefir, en auk þess sé aflað fjár í verðjöfnunarsjóðinn með tolli á innflutt kjarnfóður og með því að fyrirskipa blöndun mjólkurdufts í brauð, sem seld eru frá brauðsöluhúsum á verðjöfnunarsvæðinu.

Um kjarnfóðurtollinn er það að segja, að í frv. er gert ráð fyrir, að hann sé lagður á allt kjarnfóður, sem til landsins er flutt. Flm. er ljóst, að nokkurs tvímælis orkar að skattleggja það kjarnfóður, sem notað er utan verðjöfnunarsvæðisins, og mundu þeir því fúsir til að taka til athugunar undanþágur frá tolli á þeim hluta vörunnar. Hinsvegar mun mikill meiri hluti hins innflutta kjarnfóðurs vera notaður í Reykjavík og nærsveitum hennar. Vel má vera, að tollhækkunin leiddi til nokkuð minnkaðs innflutnings, en af því leiddi þá einnig minnkuð mjólkurframleiðsla, og er eigi ólíklegt, að það gæti vegið sig upp. Innflutningur kjarnfóðurs á árinu 1935 er talinn tæpl. 4600 smál.

Þá er í frv. lagt til, að ráðherra sé heimilað að ákveða með reglugerð, að öll brauð, sem seld eru frá brauðsöluhúsum á verðjöfnunarsvæðinu, skuli blönduð með mjólk eða mjólkurdufti, þar með talin mysa og mysuduft, og er ætlazt til, að hann jafnframt ákveði verð á þeirri mjólk, sem notuð er til brauðagerðar. Er að sjálfsögðu ætlazt til, að verðið sé sett svo hátt, að undanrenna (og mysa) gefi mun hærra verð en með því að nota hana til ostagerðar. Sá hagnaður, sem af þessu yrði, þykir eðlilegt, að renni óskiptur í verðjöfnunarsjóð, og komi þannig að jöfnum notum fyrir alla, sem framleiða mjólk til vinnslu innan verðjöfnunarsvæðisins. Vitanlega yrði eigi komizt hjá að reisa mjólkurþurrkunarstöð, og þykir líklegt, að heppilegast væri að reisa hana í sambandi við Mjólkurbú Ölfusinga. Ætti hún að njóta styrks á sama hátt og mjólkurbú. Um þetta efni liggja að öðru leyti fyrir allýtarlegar upplýsingar í skýrslu dr. Jóns E. Vestdals.

Í frv. er gert ráð fyrir, að sama verð sé greitt fyrir mjólkina til allra mjólkurbúa á verðjöfnunarsvæðinu. Nokkur munur getur eigi að síður orðið á verði til framleiðenda. Veltur sá mismunur annarsvegar á flutningskostnaði til búanna og til sölustaðar, en hinsvegar á rekstri þeirra. Vegna ákvæðisins um jafnaðargreiðsluna þykir óhjákvæmilegt að heimila greiðslu úr ríkissjóði í verðjöfnunarsjóð, ef aðrir tekjustofnar hrökkva eigi til. Hinsvegar er hér eigi verið að binda ríkissjóði þunga fjárhagsbagga. Ráðherra hefir í hendi sinni að ákveða verð á mjólk til brauðagerðar og getur hagað þeirri ákvörðun að nokkru eftir því, hverjar tekjur þykir nauðsynlegt að tryggja verðjöfnunarsjóðnum. Vitanlega er þó ekki ætlazt til, að það verð sé sett svo hátt, að neytendur séu beittir ósanngirni. En ef það kæmi í ljós, að eigi fengjust nægar tekjur í verðjöfnunarsjóð á þann hátt, sem hér er á bent, yrði að leita fleiri úrræða.

Nánari grein verður gerð fyrir frv. í framsögu.

Sþ. 282. Tillaga til þingsályktunar

um ráðstöfun nokkurs hluta atvinnubótafjár.

Flm.: Jón A. Jónsson.

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að greiða, án tillags frá hlutaðeigandi sveitarfélagi, af atvinnubótafé því, sem veitt er í fjárlögum ársins 1937, til sjó-

manna, ráðinna upp á hlut af afla á þorskveiðum og kolaveiðum, á bátum frá Bolungavík, Hnífsdal og Álftafirði í Norður-Ísafjarðarsýslu, það sem kann að skorta á, að þeir hafi haft að meðaltali 150 króna mánaðarhlut á tímabilinu frá 1. apríl til 1. september 1937, enda fari hlutaskipti fram eftir sömu reglum, sem gilt hafa undanfarnar vertíðir, og skipverjar ekki fleiri á bát hverjum en venja er.

Ástæður.

Nú undanfarin þrjú ár hefir afli brugðizt alveg óvenjulega, svo að árshlutir sjómanna munu að meðaltali hafa þessi nefndu ár verið um 400 krónur. Það sem af er yfirstandandi ári er ástandið engu betra.

Nú er svo ástatt á þeim stöðum, sem tillagan fjallar um, að ekki er hægt að stunda aðra atvinnu, nema þá óarðbæra atvinnubótavinnu. Hinsvegar veita fiskveiðarnar mikla atvinnu í landi og ríkissjóði og hreppsfélögum margskonar tekjur, og gefa mikinn erlendan gjaldeyri í þjóðarbúið umfram það, sem fer til kaupa á erlendum vörum til útgerðarinnar.

Það mun öllum ljóst, að sjómenn (hlutarmenn) geta ekki með neinu móti komizt af með þær tekjur, sem að framan er greint, þegar svo gengur um fleiri ára skeið. Þess vegna er það engan veginn ósanngjarnt, að þeir nú geri lágmarkskröfur um tryggingu yfir nokkurra mánaða skeið, eins örpíndir og þessir menn eru eftir undanfarandi vandræðaástand.

Útgerðarmenn hafa í nokkrum tilfellum tryggt sjómönnum lágmarkshlut stuttan tíma, en nú er svo komið, að útgerðarmenn eru þess ekki megnugir að greiða eða tryggja sjómönnum lágmarksgreiðslu þá, sem hér er farið fram á, því þeir hafa undantekningarlaust tapað svo á útgerðinni á nefndu tímabili, að þeir eru eignalausir, eða þá því sem næst. Hinsvegar verð ég að telja, að það sé ólíkt skynsamlegra að verja einhverju af því fé, sem veitt er til atvinnubóta, til þess að styðja að framleiðslustarfsemi, ekki síst þegar svo stendur á, að ekki verður haldið uppi framleiðslustarfseminni, vegna óvenjulegra fyrirbrigða, á einhverjum tíma. Þessi tillaga felur ekki í sér neitt fordæmi um beinan styrk ríkissjóðs til þessa atvinnurekstrar, heldur er hér farið fram á, að einhver hluti þess fjár, sem úr ríkissjóði er veitt til atvinnubóta, verði, ef þetta vandræðaástand heldur áfram á nefndum stöðum, veittur sem stuðningur til þeirra verkamanna — sjómanna, sem vinna fyrir hlut, — sem um áraskeið hafa haft langminnstar tekjur allra vinnandi manna á þessum stöðum.

Um það, hvert framlag ríkissjóðs yrði af þessari ráðstöfun, er ekki hægt að fullyrða með vissu, en eftir því, sem verið hefir undanfarin ár, mundi þetta ná til um 180 skipverja á tímabilinu 1. apríl til 15. júní og um 100 frá 15. júní til 1. september. Væri svo, að meðalhlutir yrðu 75 krónur á mánuði, gæti þetta orðið 40—50 þús. krónur. Verði ekkert gert til úrbóta, má óhætt fullyrða, að styrkur til þessara manna og annara, sem atvinnu mundu missa við það, yrði langt um meiri, og er þá ekki talið það tap á erlendum gjaldeyri og öðrum verðmætum, sem stöðvun fiskveiðanna á nefndum stöðum hefði í för með sér.

Nd. 283. Lög

um breyting á lögum nr. 36 frá 27. júní 1921, um samvinnufélög.

(Afgreidd frá Nd. 12. apríl).

Samhljóða þskj. 216.

Ed. 284. Lög

um löggilding verzlunarstaðar í Örlygshöfn í Barðastrandarsýslu.

(Afgreidd frá Ed. 12. apríl).

Samhljóða þskj. 83.

Ed. 285. Lög

um rétt manna til að kalla sig verkfræðinga, húsameistara eða iðnfræðinga.

(Afgreidd frá Ed. 12. apríl).

Samhljóða þskj. 120.

Ed. 286. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 30 19. júní 1922 (Skemmtanaskattur).

Frá menntamálanefnd.

Menntamálanefnd hefir athugað frv. og leggur til, að það verði samþykkt.

Alþingi, 12. apríl 1937.

Jónas Jónsson, form.	Guðrún Lárusdóttir, fundaskr., frsm.	Páll Hermannsson.

Nd. 287. Nefndarálit

um frv. til l. um kaup á hlutabréfum í Útvegsbanka Íslands h/f.

Frá minni hl. fjárhagsnefndar.

Nefndin gat eigi orðið á einu máli um afgreiðslu þessa frv. Tveir nefndarmenn (SigfJ og StJSt) eru andvígir frv., tveir (ÁÁ og ÓTh) voru ekki á fundi, þegar málið kom fyrir.

Ég get hinsvegar fyllilega fallizt á rök þau, er fram hafa komið fyrir þessu frv. Sparifjáreigendur þeir, sem lofuðu helmingi innstæðufjár sins í Íslandsbanka til viðreisnar bankanum, hafa orðið mjög hart úti, og mesta misrétti milli þeirra og hinna, er ekkert lögðu á sig og fengu því allt sitt, er Útvegsbankinn var stofnaður. Þegar tillit er haft til þess, að margir þessara sparifjáreigenda voru efnalitlir menn, sem ekkert áttu annað en þetta sparifé, er það hið mesta sanngirnismál, að hlutur þeirra sé réttur af ríkisvaldinu.

Ég legg því til, að frv. verði samþykkt.

Alþingi, 12. apríl 1937.

Gunnar Thoroddsen.

Nd. 288. Lög

um breyting á I. kafla jarðræktarlaga, nr. 101 23. júní 1936.

(Afgreidd frá Nd. 12. apríl).

Samhljóða þskj. 165.

Nd. 289. Breytingartillögur

við brtt. á þskj. 275 (Dragnótaveiðar).

I. Frá *Ásgeiri Ásgeirssyni.*
Í stað „Á Breiðafirði“ komi: Á Breiðafirði sunnanverðum.

II. Frá *Gísla Guðmundssyni.*
Á eftir orðunum „Á Breiðafirði og Faxaflóa“ bætist inn í tillöguna: og þar sem héraðabönn eru í gildi við gildistöku þessara laga.

III. Frá *Páli Zóphóníassyni, Jóni Sigurðssyni, Jóni Pálmasyni* og *Hannesi Jónssyni.*
Aftan við tillöguna bætist: Á svæðinu milli Gunnólfsvíkurfjalls og Dalatanga eru dragnótaveiðar þó einungis heimilaðar skipum, sem skrásett eru í Norður-Múlasýslu.

Á svæðinu milli Hrútafjarðarbotns og Almenningsnafar skulu dragnótaveiðar einungis heimilaðar skipum, sem skrásett eru í Húnavatns- og Skagafjarðarsýslum.

IV. Frá *Jónasi Guðmundssyni* og *Eysteini Jónssyni.*
Við tillöguna bætist: Ennfremur eru dragnótaveiðar óheimilar á svæðinu frá Langanesi að Eystra Horni öðrum skipum en þeim, sem skrásett eru í Múlasýslum, Neskaupstað og Seyðisfjarðarkaupstað.

Nd. 290. Breytingartillaga

við brtt. á þskj. 289, IV. (Dragnótaveiðar).

Frá Þorbergi Þorleifssyni.

Aftan við tillöguna bætist: Og á svæðinu frá Eystrahorni að Skeiðarárósum skulu dragnótaveiðar aðeins leyfilegar skipum og bátum, sem skrásett eru í Austur-Skaftafellssýslu.

Nd. 291. Breytingartillaga

við brtt. á þskj. 278 (Dragnótaveiðar).

Frá Garðari Þorsteinssyni og Guðbrandi Ísberg.

Aftan við till. bætist: Á svæðinu frá Hrútafjarðarbotni til Langaness skulu dragnótaveiðar einnig aðeins heimilar skipum, sem skrásett eru í lögsagnarumdæmum á því svæði.

Ed. 292. Breytingartillögur

við frv. til l. um veiting ríkisborgararéttar.

Frá allsherjarnefnd.

Á eftir 4. lið komi 2 nýir liðir, svo hljóðandi:

5. Jónas Jónasson, verzlunarmaður í Reykjavík, fæddur á Íslandi, en hefir misst íslenzkan ríkisborgararétt.
6. Júlíana Matthildur Isebarn, ungfrú í Reykjavík, fædd í Noregi.

Ed. 293. Nefndarálit

um frv. til l. um viðauka við l. nr. 85 frá 23. júní 1936, um meðferð einkamála í héraði.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin leggur til, að frv. verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 13. apríl 1937.

Sigurjón Á. Ólafsson, form.	Magnús Guðmundsson, frsm.	Ingvar Pálmason, fundaskr.

Ed. 294. Nefndarálit

um frv. til l. um tekjur bæjar- og sveitarfélaga.

Frá meiri hl. allsherjarnefndar.

Nefndin hefir rætt frv. þetta á allmörgum fundum, en ekki getað orðið sammála um afgreiðslu þess. Meiri hluti nefndarinnar (IngP og MG) mælir með frv., en áskilur sér rétt til að bera fram breytingartillögur eða greiða atkvæði með slíkum tillögum, ef fram koma. Einn nefndarmanna (SÁÓ) er andvígur aðalefni frv. og skilar sennilega sérstöku áliti.

Alþingi, 13. apríl 1937.

Ingvar Pálmason, fundaskr., frsm.	Magnús Guðmundsson.

Ed. 295. Breytingartillaga

við frv. til l. um loðdýrarækt og loðdýralánadeild.

Frá Páli Hermannssyni.

Við 13. gr. Aftan við greinina bætist: Við athugun og merkingu loðdýra ber að sérmerkja þau loðdýr, sem óhæf teljast til undaneldis. Loðdýr þessi má ekki selja eða láta af höndum til lífs.

Sama gildir um ómerkt loðdýr, sem heimilt er að merkja.

Sþ. 296. Tillaga til þingsályktunar

um raforkuveitu til Hafnarfjarðar og um undirbúning á öðrum raforkuveitum.

Frá atvinnumálaráðherra.

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni:

1. að ábyrgjast gagnvart Reykjavíkurkaupstað, ef hann tekur að sér að koma upp raforkuveitu til Hafnarfjarðar, til þess að veita þangað háspenntri raforku frá Sogsvirkjuninni og að starfrækja veituna til bráðabirgða, að þeim, sem síðar kynni að hljóta rétt til orkuflutnings á þessu svæði, verði gert skylt, er hann hefir öðlazt réttinn, að taka við línunni ásamt tilheyrandi mannvirkjum og endurgreiða Reykjavíkurkaupstað útlagðan kostnað, að frátalinni eðlilegri fyrningu, enda sé þá Reykjavíkurkaupstað skylt að afhenda þeim aðilja línuna. Á sama hátt sé ríkissjóði heimilt að taka við línunni og Reykjavíkurkaupstað skylt að láta hana af hendi, ef ríkisstjórnin óskar þess.

   Ríkisstjórnin gerir þá samninga, sem þörf er á, við Reykjavíkurkaupstað og Hafnarfjarðarkaupstað um afnot af Vífilsstaðalínunni og um önnur atriði, sem til greina koma í þessu sambandi, og skal ríkisstjórninni heimilt, ef eigi takast samningar um þessi efni, að leggja sjálf línuna og starfrækja hana.
2. að verja fé til nauðsynlegra undirbúningsrannsókna á raforkuveitum út frá Sogsvirkjuninni sunnanlands og virkjun Laxár úr Mývatni norðanlands og á raforkuveitum einstakra kauptúna, þar sem brýn nauðsyn er orðin á að láta framkvæma nýjar virkjanir, aukningar eða endurbætur, enda verði kostnaður af rannsóknum þessum talinn til stofnkostnaðar raforkuveitnanna og endurgreiðist ríkissjóði þegar þær verða gerðar.

Greinargerð.

Þingsályktunartillaga þessi er flutt að fengnum tillögum rafmagnseftirlits ríkisins og raforkumálanefndar þeirrar, sem skipuð var í byrjun þessa árs samkvæmt lögum nr. 28 23. júní 1932, um undirbúning á raforkuveitum til almenningsþarfa.

Af þeim aðallínum út frá Sogsvirkjuninni, sem ráðgerðar eru, er Hafnarfjarðarlínan sú, sem mest kallar að, bæði sökum þeirrar nauðsynjar, sem kaupstaðnum er á mikilli og ódýrri orku, og vegna þess, að hér er um mikilsverðan markað að ræða fyrir orku Sogsvirkjunarinnar. Er hin mesta nauðsyn, að línan til Hafnarfjarðar verði gerð þegar á þessu ári þannig, að hún geti tekið til starfa í byrjun næsta árs.

Raforkumálanefnd var m. a. fengið það verkefni, að gera tillögur til löggjafar um tilhögun á stjórn og eignarumráðum raforkuveitna um Suðvesturlandið. Raforkumálanefnd mun að vísu hraða störfum sínum svo sem unnt er, og mun gera sér far um að hafa skilað áliti og tillögum um þessi efni svo snemma, að þær geti komið fyrir næsta Alþingi, enda þótt það kunni að koma saman síðar á þessu ári. En nefndinni er ógerlegt að skila áliti svo snemma, að unnt sé að afgreiða lög um þessi efni á því þingi, sem nú situr. Mundi þetta væntanlega verða þess valdandi, að lína til Hafnarfjarðar kæmist ekki upp á þessu ári, nema sérstakar ráðstafanir verði gerðar.

Ríkissjóður á nú háspennulínu, sem liggur frá Elliðaárstöð til Vífilsstaða, og væri þá hugsanleg sú leið, að ríkissjóður léti á sinn kostnað leggja viðbót við þá línu áfram til Hafnarfjarðar, starfræki hana til bráðabirgða, þar til öðruvísi yrði ákveðið um eignarumráð þeirrar veitu, kaupi raforku af Sogsvirkjuninni við Elliðaárnar og selji rafveitu Hafnarfjarðarkaupstaðar hana í aðveitustöð við kaupstaðarmörkin. Hefir verið gerð áætlun um slíka bráðabirgðaveitu, og er áætlunarupphæðin um 80000 krónur, miðað við verðlag, sem nú er á erlendu efni.

En svo sem kunnugt er, var ekki í fjárlögum þessa árs veitt neitt fé í þessum tilgangi, og er því ekki heimild til fyrir ríkisstjórnina að koma upp og starfrækja

raforkuveitu til Hafnarfjarðar. Hefir því verið athugað, hvort komið gæti til mála, að Reykjavíkurkaupstaður annaðist um að koma upp háspennulínu til Hafnarfjarðar og starfrækja hana til bráðabirgða, enda yrði kaupstaðnum tryggt, að þegar öðruvísi skipast um þessi mál, verði því fyrirtæki, sem þá tæki að sér orkuflutning á þessu svæði, gert að taka að sér línuna með tilheyrandi mannvirkjum, Reykjavíkurkaupstað að skaðlausu. Hefir raforkumálanefnd gert fyrirspurn til bæjarráðs Reykjavíkur um þetta, og hefir það samþykkt fyrir sitt leyti að mæla með því, að Reykjavíkurkaupstaður leggi þessa línu til bráðabirgða, ef það er nauðsynlegt til þess að hún komist upp þegar á þessu ári, enda náist samningar um afnot af Vífilsstaðalínu, svo og um önnur atriði, sem til greina koma í þessu sambandi, og fullnægt sé þeim skilyrðum, sem kaupstaðurinn telur sig verða að setja til tryggingar því, að hann hafi ekki fjárhagslegt tjón af lagningu og rekstri línunnar.

Eins og kunnugt er, hafa verið gerðar frumáætlanir um nokkrar helztu raforkuveitur út frá Sogsvirkjuninni, og auk þess fullnaðarmælingar og uppdrættir Hafnarfjarðarveitu. Er nú talið nauðsynlegt að halda þessum undirbúningi áfram og gera einnig fullnaðarmælingar og uppdrætti af hinum línunum, til þess að forðast að standi á þeim undirbúningi, þegar ákveðið hefir verið að ráðast í framkvæmd verksins. En mælingar að slíkum línum er ekki hægt að gera nema að sumri til, og er ekki hægt að koma línunni upp fyrr en á næsta sumri eftir að mælingin fór fram. Í þessu sambandi skal tekið fram, að aðalveitur út frá Sogsvirkjuninni, auk rafmagnsveitu Reykjavíkur, yrðu: 1. Veita frá Ljósafossi um Selfoss til Eyrarbakka og Stokkseyrar og austur um Rangárvallasýslu til Vestmannaeyja. 2. Veita frá Elliðaám um Hafnarfjörð til Keflavíkur og annara sjávarþorpa á Reykjanesskaga. 3. Veita frá aðallínunni í Mosfellssveit um Kjalarnes yfir Hvalfjörð til Akraness og Borgarness.

Sýslunefndir Eyjafjarðar- og S.-Þingeyjarsýslu hafa báðar sent erindi til ríkisstjórnarinnar, þar sem þess er farið á leit, að hún láti athuga og gera áætlanir um raforkuveitu um sýsluna út frá hinni fyrirhuguðu virkjun Laxár úr Mývatni handa Akureyrarkaupstað. Jafnframt hefir frá bæjarstjóra Siglufjarðarkaupstaðar komið beiðni um, að athugað verði, hvort ekki kynni að reynast hagkvæmara, að Akureyri og Siglufjarðarkaupstaður ásamt báðum sýslunum væru saman um eina stóra virkjun og sameiginlega raforkuveitu, heldur en að hvor kaupstaðurinn sé með sína virkjun út af fyrir sig. — Hér er um að ræða tvær stórar og allþéttbýlar sýslur, sem liggja að tveimur kaupstöðum. Í sýslunum eru auk þess nokkur allstór kauptún. Það er fyrirfram sjáanlegt af öllum staðháttum, að raforkumál beggja sýslnanna og kaupstaðanna hljóta í framtíðinni að verða meira og minna samtvinnuð. Þannig hefir t. d. Suður-Þingeyjarsýsla gnægð af virkjanlegu vatnsafli, en fólksfjöldinn hinsvegar og þéttbýlið meira í Eyjafjarðarsýslu, og þar liggja báðir kaupstaðirnir, en í þeirri sýslu er lítið um hentugt vatnsafl. Næst á eftir Suðvesturlandinu liggur enginn annar landshluti eins vel við stórri samveitu og samvirkjun eins og þessar tvær sýslur, að kaupstöðunum meðtöldum. Það er því full ástæða til, að raforkuveitumál þessa landshluta verði tekin til athugunar í heild. Nú hafa þegar verið gerðar áætlanir um virkjanir helztu fallvatna, sem til greina koma á þessu svæði. Er þá næst fyrir hendi að rannsaka og gera áætlanir um raforkuveitur um héruðin og að athuga, hvernig samvinnu milli þeirra í þessum málum skuli háttað. Hinar fyrstu áætlanir um þessar raforkuveitur má gera að mestu eftir uppdráttum herforingjaráðsins danska, þannig að litlu eða engu þurfi að kosta til mælinga.

Loks eru nokkrir staðir, sem liggja fjarri báðum þessum veitusvæðum og ekki er að vænta, að komist í samband við stærri samveitur, en þar sem hinsvegar er orðin hin brýnasta nauðsyn á aukinni og ódýrri raforku. Reynslan hefir sýnt, að þar sem þannig stendur á, hættir sveitarfélögunum einatt til að vanrækja undirbúningsrannsóknir, sökum þess, hve takmarkað fé þau hafa með höndum, þar til í eindaga er komið með undirbúninginn, og er þá venjulega ráðizt í framkvæmd verksins án hans, en af því hljótast ýms mistök. Er því full nauðsyn til þess, að ríkið veiti sveitarfélögum stuðning til hinna nauðsynlegu undirbúningsrannsókna. Nú er

þetta að vísu mál, sem raforkumálanefndin væntanlega mun taka til athugunar og gera tillögur um, en tilgangurinn með þessu atriði þingsályktunartillögunnar er, að leita heimildar til þess að láta nú þegar undirbúningsrannsóknir fara fram á þeim stöðum, þar sem ríkisstjórnin telur, að þess sé orðin brýn þörf.

Sþ. 297. Tillaga til þingsályktunar

um ríkisábyrgð á láni til virkjunar Laxár í Suður-Þingeyjarsýslu.

Flm.: Guðbrandur Ísberg.

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að ábyrgjast fyrir Akureyrarkaupstað allt að 1500000 króna lán, eða samsvarandi upphæð í erlendri mynt, til virkjunar Laxár í Suður-Þingeyjarsýslu, gegn þeim tryggingum, er ríkisstjórnin metur gildar.

Greinargerð.

Fyrir fjárhagsnefnd neðri deildar liggur nú frv. til laga um virkjun Laxár í Suður-Þingeyjarsýslu, og hefði að öllu leyti verið æskilegt, að það frumvarp hefði náð fram að ganga.

En þar sem almennt er talið víst á Alþingi og í blöðum stjórnarflokkanna, að nú sé liðið mjög að þinglokum, er ástæða til að óttast, að framangreint frumvarp nái ekki fram að ganga. Hinsvegar er hér um svo mikið nauðsynjamál Akureyrarkaupstaðar að ræða, að ekki þykir forsvaranlegt að láta allt málið daga uppi, ef annars væri nokkur kostur, og er því þingsályktunartillaga þessi borin fram til þess, ef unnt væri, að fá ábyrgðarheimild frumvarpsins samþykkta, eina sér, nú þegar á þessu þingi.

Nd. 298. Breytingartillaga

við brtt. á þskj. 275 (Dragnótaveiðar).

Frá Gísla Guðmundssyni.

Aftan við brtt. bætist:

Á sérhverju því svæði, þar sem héraðsbann er í gildi við gildistöku þessara laga, skulu dragnótaveiðar aðeins heimilar skipum, sem skrásett eru í þeim lögsagnarumdæmum, er að svæðinu liggja.

Ed. 299. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 50 31. maí 1927 og l. nr. 70 28. des. 1934, um gjald af innlendum tollvörutegundum.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin leggur til, að frv. verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 13. apríl 1937.

Jón Baldvinsson, form.	Bernh. Stefánsson, fundaskr., frsm.	Magnús Jónsson, með fyrirv.

Ed. 300. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 41 27. júní 1921, um breyt. á 1. gr. tolllaga, nr. 54 11. júlí 1911.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin leggur til, að frv. verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 13. apríl 1937.

Jón Baldvinsson, form.	Bernh. Stefánsson, fundaskr., frsm.	Magnús Jónsson.

Sþ. 301. Tillaga til þingsályktunar

um laun talsímakvenna.

Flm.: Ásgeir Ásgeirsson, Einar Árnason, Hannes Jónsson, Héðinn Valdimarsson. Sigurður Kristjánsson.

Alþingi ályktar að heimila póst- og símamálastjórninni að láta talsímakonur taka laun í sama launaflokki og 2. fl. skrifarar. Launagreiðsla samkvæmt þessu skal gilda frá 1. jan. þessa árs, og teljast þjónustuár talsímakvenna, eins og þau voru 1. jan. síðastl., þeim til aldursuppbótar í hinum nýja launaflokki.

Greinargerð.

Talsímakonum eru nú ætluð 1200 kr. byrjunarlaun, er hækka um 200 kr. annaðhvert ár upp í kr. 1800.00. Verða hámarkslaun þeirra nú alls ca. kr. 2800.00 á ári með uppbótum. Þær uppbætur, sem þessi launaflokkur hefir fengið, eru í engu samræmi við aukningu dýrtíðarinnar síðan launalögin gengu í gildi, og sízt þegar þess er gætt, sem alvitað er, að laun þessi voru á sínum tíma miðuð við það, að til þessa starfa veldust dætur efnaðra manna og embættismanna, sem ekki gerðu starfið að lífsstarfi og ekki þyrftu að greiða til heimilis síns fyrir fæði og húsnæði. Á síðari árum hefir þetta algerlega breytzt. Nú veljast einmitt aðallega fátækari stúlkur til þessa starfa, verða oft ekki einungis að sjá fyrir sér sjálfar, heldur líka oft og tíðum fyrir öldruðum foreldrum, öðru eða báðum. Þá fjölgar þeim óðum, hér sem erlendis, sem gera þetta starf að lífsstarfi og verða því að búa sig undir það fjárhagslega, að mæta ellinni.

2. fl. skrifurum eru ætluð 2200 kr. hámarkslaun, eða 400 kr. + dýrtíðaruppbót hærri laun en talsímakonum. Þó verður ekki séð, að starf 2. fl. skrifara sé það vandasamara eða útheimti þeim mun meira undirbúningsnám en starf talsímakvenna, að ástæða sé til, að svo mikill munur sé gerður á þeim störfum í launagreiðslum.

Nd. 302. Breytingartillaga

við frv. til l. um viðauka við l. nr. 121 12. des. 1935, um fiskimálanefnd, útflutning á fiski, hagnýtingu markaða o. fl.

Frá Jóhanni Jósefssyni og Sigurði Kristjánssyni.

Við 1. gr. Framan við 2. málsgr. bætist:

Við úthlutun útflutningsleyfa er fiskimálanefnd skylt að gæta hins fyllsta réttlætis.

Sþ. 303. Tillaga til þingsályktunar

um ráðstafanir vegna atvinnulausra unglinga.

Frá Sigurði Einarssyni.

Alþingi skorar á ríkisstjórnina:

að láta fara fram skráning atvinnulausra unglinga á aldrinum 14 til 20 ára.

að halda uppi vinnunámskeiðum fyrir atvinnulausa unglinga og atvinnubótum með líku sniði og verið hefir.

að sjá um, að haldið sé uppi vinnumiðlun fyrir unglinga.

að styrkja ýmsa gagnsamlega starfsemi meðal atvinnulausra unglinga, sem haldið er uppi af bæjar- eða sveitarfélögum.

að styrkja á komandi hausti námskeið fyrir kennara og verkstjóra, sem starfa við vinnunámskeið.

að undirbúa fyrir næsta þing löggjöf um víðtækar ráðstafanir vegna atvinnuleysis unglinga.

Kostnaður, sem leiðir af þessum ráðstöfunum, greiðist úr ríkissjóði, allt að 15 þús. kr., auk þess atvinnubótafjár, sem varið er í þessum tilgangi.

Greinargerð.

Þingsályktunartill. þessi er borin fram með því að sýnt er, að frv. til l. um ráðstafanir vegna atvinnulausra unglinga (þskj. 42) nær ekki fram að ganga á þessu þingi. Menntamálanefnd er þegar klofin í því máli, og almennt talið, að skammt muni til þingslita. En þetta mál, atvinnuleysi ungra manna, er þannig vaxið, að það þolir enga bið. Það má teljast alveg nauðsynlegt, að ríkisstjórnin hafi í höndum rýmri heimild til þess að láta það mál til sín taka en hún hefir nú, og úr því gæti þessi þingsályktunartillaga bætt, ef samþykkt yrði, á meðan ekki fæst heildarlöggjöf um allt þetta mál.

Nd. 304. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á og viðauka við l. nr. 37 1929, um héraðsskóla.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin hefir orðið ásátt um að leggja til, að frv. þetta verði samþykkt óbreytt, en vill um leið taka fram, að hún ætlast til, að héraðsskólinn á Núpi í Dýrafirði missi einskis í um lofuð stofnfjárframlög Norður-Ísafjarðarsýslu. Að óreyndu er að vísu ekki ástæða til að óttast um vanefndir, en kennslumálastjórnin hefir þó í hendi sér, í sambandi við 3. gr. frv., að tryggja Núpsskólanum eldri stofnfjárloforð, þrátt fyrir þá breytingu, sem hér er gerð á héraðsskólalögum.

Alþingi, 14. apríl 1937.

Ásg. Ásgeirsson, form., með fyrirvara.	Sig. Einarsson, fundaskr., með fyrirv.	Gísli Sveinsson, frsm.
Pétur Halldórsson.	Bjarni Bjarnason.	

Ed. 305. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 55 7. maí 1928, um bann gegn dragnótaveiði í landhelgi.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Jafnvel þó tveir nefndarmanna, þeir IngP og JAJ, hafi verið andstæðir því að leyfa frekari dragnótaveiðar í landhelgi en heimild var til samkv. l. nr. 55 1928, þá telja þeir, að eins og afkomu minni mótorbáta útgerðarinnar nú er komið, verði að gefa þeim, sem þá atvinnu stunda, tækifæri til þess að stunda þessar veiðar, sem fullt útlit er fyrir, að gefa muni sæmilega afkomu. Nefndin vill leggja áherzlu á, að reglugerð sú, sem um getur í 4. gr., verði sett jafnframt og lögin ganga í gildi, því það er skoðun nefndarinnar, að með því sé að mestu fyrirbyggt, að kolastofn minnki verulega. Loks vill nefndin vekja athygli á því, að þar sem í 1. gr. frv. er nefnt „Straumnes", er átt við Straumnes við Ísafjarðardjúp, norðan Aðalvíkur.

Nefndin er sammála um að leggja til, að frv. verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 14. apríl 1937.

Ingvar Pálmason, form.	Sigurjón Á. Ólafsson, fundaskr.	Jón A. Jónsson, frsm.

Sþ. 306. Tillaga til þingsályktunar

um að gera Bolungavíkurhöfn að öruggu skipalægi.

Flm.: Sigurður Kristjánsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta rannsaka, hvað kosta muni að fullgera svo hafnarmannvirkin í Bolungavík í Hólshreppi, að öruggt sé fyrir skip allt að 1000 smálestir að liggja þar við landfestar. Rannsókn þessi sé gerð með það fyrir augum, að ríkissjóður láti framkvæma verk þetta á sinn kostnað að öllu leyti.

Greinargerð.

25 ár eru liðin síðan byrjað var á hafnargerð í Bolungavík í Hólshreppi. Til hafnarbótanna hefir verið varið **hálfri milljón króna,** og hefir allt þetta fé farið í eitt einasta mannvirki, brimbrjótinn, sem nú er 152,6 m. á lengd. Þó er hafnarbót þessi ekki fullkomnari en það, að ekki geta þar legið togarar við landfestar, nema logn sé veðurs og ýfulaus sjór.

Af fjárhæð þessari hefir ríkissjóður lagt fram kr. 209935.00. En hreppurinn hefir lagt fram kr. 290065.00.

Stórfelldar misfellur hafa orðið á byggingu brimbrjótsins. Virðist til nýbyggingar hans hafa farið aðeins ca. kr. 140000.00, en til aðgerða og endurbóta um kr. 360000.00. Sýnir þetta ljósar en nokkuð annað, hver fádæma mistök hafa orðið á byggingu þessa mannvirkis.

Ríkið hefir frá öndverðu áskilið sér skilyrðislausan rétt til að hafa á hendi yfirstjórn þessa verks. Verður því að líta svo á, að ríkið beri að langmestu leyti ábyrgð á þeim misfellum, sem orðið hafa. Er það eitt til dæmis um það, hversu til hafnarbóta þessara hefir verið kastað höndunum af hálfu ríkisins, að víkin hefir aldrei verið mæld.

Það eru hin mestu undur, að einn hreppur með um 800 íbúa skuli hafa látið

af mörkum nær 300 þús. kr. í þetta mannvirki. Mundi og hreppsnefnd aldrei hafa komið slíkt til hugar, ef hún hefði ekki verið teygð út í það fet fyrir fet með áætlunum, sem ekki stóðust, og hinum tíðu skemmdum, sem ekki varð komizt hjá að bæta.

Hreppurinn er svo stórskuldugur orðinn vegna þessa mannvirkis, sem verður honum þó að tiltölulega litlu gagni, að þess er engin von, að hann geti lagt fram meira fé, né á nokkurn hátt tekið þátt í kostnaði við að fullgera það. Hinsvegar virðist ekki geta til mála komið, að ríkið láti mannvirki, sem kostað hefir hálfa milljón króna, grotna niður aftur ófullgert, án þess að verða nokkrum að liði. — Liggur því ekki annað fyrir en að ríkið láti ljúka þessu verki á einhvern þann hátt, er fullnægi þörf þorpsins, og kosti það verk að öllu leyti. Verður og ekki annað sagt en að ríkið sleppi þó vel gagnvart hreppnum, því öllum, sem mál þetta rannsaka, hlýtur að verða ljóst, að ríkið stendur í stórkostlegum óbættum sökum við hreppinn. Munu þess engin dæmi hér á landi, að sveitarfélag hafi verið jafnhart leikið af ríkinu eins og þessi elzta og frægasta verstöð Íslands að fornu og nýju.

Það, sem gerzt hefir, er í stuttu máli þetta: Ríkið ákveður, hvernig mannvirkið skuli vera, og áskilur sér yfirstjórn þess. Síðan koma kostnaðaráætlanir svo háar, að hreppurinn leggur með hálfum huga út í kostnaðinn. En áætlanirnar standast hvergi nærri, og fer verkið stundum 50—100% fram úr áætlun, og hreppurinn verður að teygja sig lengra og lengra. Svo hrynur það, sem gert er, stundum eftir nokkra mánuði, stundum eftir nokkra daga. Aðgerð verður ekki umflúin, og hreppurinn neyðist til að ganga lengra í framlögum en honum er stætt.

Hreppsbúar Hólshrepps hafa í þessu máli sýnt alveg dæmalausa þrautseigju og þolinmæði gagnvart ríkinu. En eins og áður segir, hafa þeir sumpart ekki átt þess kost að snúa aftur og sumpart hefir barátta þeirra verið háð vegna vissunnar um það, að framtíð sveitarfélagsins veltur að langmestu leyti á því, hvernig hafnarmálið leysist. Allt ber því að þeim sama brunni, að ríkið verður að ljúka verkinu á sinn kostnað. Og verður þá að byrja á því, sem gera átti fyrir 25 árum: Að rannsaka hafnarskilyrðin og leggja grundvöll að verkinu með fullkomnum áætlunum.

Fylgiskjal I.

Brimbrjóturinn í Bolungavík.

Skrá yfir framkvæmdir á árunum 1911—1936.

1911 Garðurinn lagður 31 m. frá landi. Kostnaður: 10490.00 kr.
1914 Framlenging: 29 m. Kostnaður: 31070.75 kr.
1915 Framlenging: 20,0 m. Kostnaður ca. 15500.00 kr.
1916 Endurbætur. Kostnaður ca. 12500.00 kr.
1918 Endurbætur. Kostnaður: 5899.16 kr.
1919 Endurbætur. Kostnaður: 27860.89 kr.
1922 Endurbætur og 10 m. framlenging. Kostnaður: 59905.29 kr.
1923 Endurbætur. Kostnaður: 21463.22 kr.
1926 Endurbætur. Kostnaður: 12657.92 kr.
1927 Steinnökkvinn lagður í framhaldi brjótsins. Framlenging: 57,0 m. Kostnaður: 42564.22 kr.
1928 Endurbætur. Kostnaður: 1990.57 kr.
1929 Endurbætur. Kostnaður 18031.52 kr.
1930 Endurbætur. Kostnaður: 7303.41 kr.
1932 Endurbætur. Kostnaður: 6527.18 kr.
1934 Endurbætur. Kostnaður: 29966.95 kr.
1935 Endurbætur og framlenging 5,6 m. Kostnaður: 124014.59 kr.
1936 Endurbætur. Kostnaður: ca. 72000 kr.

Reykjavík, 9. apríl 1937.

Th. Krabbe.

Fylgiskjal II.

Greiðslur ríkissjóðs vegna brimbrjótsins í Bolungavík 1910—1936.

1910	Greitt	1000.00
1912	—	1000.00
1914	—	10000.00
1915	—	10000.00
1916	—	14516.08
1918	—	5899.16
1919	—	27860.89
1922	—	10000.00
1923	—	20000.00
1926	—	16000.00
1927	—	5000.00
1928	—	17500.00
1929	—	13757.48
1931	—	3651.70
1932	—	3750.00
1934	—	20000.00
1936	—	30000.00
	Samtals kr.	209935.31

Allur kostnaður við mannvirkið er við árslok 1936 um 500000 kr. Þar af hefir ríkissjóður greitt 209935.31 kr., en um 290000 kr. hafa verið lagðar fram annarsstaðar frá, þar með eru taldir ógreiddir reikningar frá 1935 og 1936, um 15000.00 kr.

Reykjavík, 9. apríl 1937.

Th. Krabbe.

Fylgiskjal III.

VITAMÁLASTJÓRINN

Reykjavík, 10. apríl 1937.

Herra alþingismaður Sigurður Kristjánsson.

Samkvæmt ósk yðar, herra alþingismaður, sendi ég yður hér með yfirlit yfir kostnaðinn við brimbrjótinn í Bolungavík á árunum 1910—1936, svo og skrá yfir greiðslur ríkissjóðs við þetta mannvirki á sama árabili.

Eins og yfirlitin bera með sér, hefir kostnaðurinn allur orðið fram til síðustu áramóta um 500000 kr., og hafa þar af verið greiddar úr ríkissjóði kr. 209935.31, en þess ber að gæta, að á fjárlögum 1937 eru veittar 30000 kr. til verksins, og fjárlagafrumvarpið 1938 gerir ráð fyrir 10000 kr. lokafjárveitingu. Sé það meðtalið, verður tillag ríkissjóðs alls kr. 249935.31, sem er sem allra næst hálfur byggingarkostnaður.

Úr því að tiðrætt hefir verið um það, hve mannvirki þetta hefir orðið dýrt, og vitamálastjórninni kennt um það, vil ég benda á, að það, sem aðallega veldur því, að verkið hefir orðið svo kostnaðarsamt, er, að í upphafi skorti tæki til vinnunnar, en sérstaklega hin mikla yfirsjón, sem hreppsnefndin gerði 1927 með því að sökkva steinnökkvanum í framhaldi brjótsins án þess að styrkja hann á neinn hátt áður. Var það gert þvert á móti ráðum og tillögum skrifstofunnar og þrátt fyrir mótmæli hennar. Kostnaðurinn við það varð 1927 kr. 42564.22, en þar við bættust síðan 1935—1936, þegar nökkvinn, eins og fyrirsjáanlegt var, var að leysast upp, um 150000 kr. til þess að bjarga höfninni frá óbætanlegum skemmdum. Er því óhætt að telja, að þetta hafi hleypt kostnaðinum fram að óþörfu um ca. 100000 kr.

Um mannvirkið sjálft vil ég segja það, að ekki sé annað sjáanlegt heldur en að það sé nú fullkraust og í góðu standi. En enginn vafi er á því, að mikil þörf er á að

stækka höfnina með því að framlengja garðinn og skipuleggja allt hafnarsvæðið, svo að þar myndist veruleg höfn fyrir allskonar útgerð. — Fyrsta sporið er vitanlega að gera fullkomna mælingu á höfninni og þar til heyrandi botnrannsóknir. En ég er ekki í neinum vafa um, að í Bolungavík séu teknisk góð skilyrði fyrir þýðingarmikla útgerðarhöfn.

Th. Krabbe.

Nd. 307. Breytingartillaga

við brtt. á þskj. 302 (Fiskimálanefnd).

Frá Ólafi Thors.

Tillagan orðist svo:

Útflutningsleyfum á þeim ísfiski, sem heimilt er að selja á þýzkum markaði mánuðina september, október og nóvember árlega, skal skipt hlutfallslega jafnt, miðað við skipaeign, milli þeirra togaraeigenda, er um slík leyfi sækja, og skulu hin stærri skip fá nokkru rýmri útflutning en smærri skipin.

Ed. 308. Breytingartillaga

við frv. til laga um veiting ríkisborgararéttar.

Frá Bernh. Stefánssyni.

Á eftir 4. lið komi nýr liður, svo hljóðandi:

5. Andris Valderhaug, bakari, Dalvík, fæddur í Noregi.

Nd. 309. Lög

um breyting á lögum nr. 37 19. maí 1930, um skráning skipa.

(Afgreidd frá Nd. 14. apríl).

Samhljóða þskj. 267.

Ed. 310. Breytingartillaga

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 30 19. júní 1922 (Skemmtanaskattur).

Frá Jóni Baldvinssyni.

Aftan við 1. gr. bætist: eða samkomur verklýðsfélaga.

Ed. 311. Breytingartillögur

við frv. til laga um tekjur bæjar- og sveitarfélaga.

Frá Magnúsi Guðmundssyni.

I. kafli verði svo hljóðandi og breytist kafla- og greinatalan samkvæmt því:

I. KAFLI

Um fasteignaskatt og tekju- og eignarskatt.

1. gr.

Þær tekjur, sem hér greinir, renna í bæjar- og sveitarsjóði frá 1. jan. 1938:

a. Fasteignaskattur samkvæmt lögum nr. 66 27. júní 1921.
b. 25% af tekju- og eignarskatti eins og hann er ákveðinn á hverjum tíma.

Innheimtumenn ríkisins gera bæjar- og sveitarfélögum skil fyrir sköttum þessum, eftir reglum, sem atvinnumálaráðherra setur, enda rennur árlega jafnmikið til hvers bæjarfélags og sveitar og þaðan var greitt.

Nd. 312. Nefndarálit

um frv. til laga um atvinnubótavinnu og kennslu ungra manna.

Frá 1. minni hluta menntamálanefndar.

Fyrir menntamálanefnd liggja tvö frv. um þetta efni, á þskj. 39 og 42.

Við undirritaðir nefndarmenn höfum, eftir að nefndin hefir haft bæði frv. til athugunar, orðið sammála um að leggja til, að frv. á þskj. 39 verði lagt til grundvallar og afgreiðslu málsins í deildinni, og að mæla með því, að frv. nái fram að ganga. Þetta frv. fer fram á að heimila bæjarstjórnum að halda uppi sérstakri atvinnubótavinnu fyrir unga menn ásamt kennslu, og hefir þetta verið reynt hér í Reykjavík á síðustu árum og gefið góða raun.

Frv. gerir ráð fyrir, að ríkissjóður leggi fram helming kostnaðar við framkvæmdir þessar á móti bæjarsjóðum, og virðist þetta sanngjarnt.

Alþingi, 12. apríl 1937.

Pétur Halldórsson, frsm. Gísli Sveinsson.

Nd. 313. Þingsályktun

um aukna starfsemi byggingar- og landnámssjóðs.

(Afgreidd frá Nd. 14. apríl).

Samhljóða þskj. 173.

Nd. 314. Þingsályktun

um endurskoðun löggjafarinnar um hlutafélög.

(Afgreidd frá Nd. 14. apríl).

Samhljóða þskj. 176.

Nd. 315. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 43 19. júní 1933, um stjórn vitamála og um vitabyggingar.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefir athugað málið og leggur til, að það verði samþykkt.

Alþingi, 14. apríl 1937.

Finnur Jónsson, form., frsm. Bergur Jónsson, fundaskr. Jóhann Þ. Jósefsson.
Páll Þorbjörnsson. Sig. Kristjánsson.

Nd. 316. Breytingartillaga

við brtt. á þskj. 307 (Fiskimálanefnd).

Frá Bjarna Ásgeirssyni.

Aftan við tillögugreinina bætist:
Með togurum ber að telja hér mótorvélskip, sem eru yfir 250 tonn.

Ed. 317. Frumvarp til jarðræktarlaga.

Flm.: Þorsteinn Briem, Pétur Magnússon, Magnús Guðmundsson.

I. KAFLI
Um stjórn ræktunarmála.

1. gr.

Atvinnumálaráðuneytið (landbúnaðarráðherra) hefir á hendi æðstu stjórn allra ræktunarmála.

2. gr.

Búnaðarfélag Íslands hefir á hendi umsjón með framkvæmd þeirra ræktunarmála, sem lán eða styrkur er veittur til samkvæmt lögum þessum, enda sé skipulag þess og starfsreglur í samræmi við ákvæði laganna.

3. gr.

Störf þau, sem Búnaðarfélagi Íslands eru falin í lögum þessum, annast búnaðarmálastjóri með aðstoð ráðunauta og trúnaðarmanna undir umsjón stjórnar félagsins.

Greini búnaðarmálastjóra og stjórn félagsins á um, hvernig skilja beri lög og reglugerðir um þau mál, er félagið fer með í umboði ríkisvaldsins, má skjóta ágreiningnum til landbúnaðarráðherra, er fellir fullnaðarúrskurð um málið.

4. gr.

Hvert búnaðarsamband ræður trúnaðarmann (og fleiri en einn, ef nauðsyn krefur) í samráði við stjórn Búnaðarfélags Íslands, er hafi á hendi leiðbeiningar, mælingar, skýrslugerð og eftirlit með þeim framkvæmdum, sem styrktar eru samkvæmt lögum þessum, undir yfirstjórn Búnaðarfélags Íslands.

Búnaðarfélag Íslands gefur ráðunautum og trúnaðarmönnum erindisbréf samkvæmt lögum þessum. Búnaðarmálastjóri hefir eftirlit með því, að trúnaðarmenn ræki vel störf sín. Skal hann í því skyni fela ráðunautum Búnaðarfélags Íslands að athuga úttekt og mælingar þeirra umbóta, er styrks njóta, eftir því sem þurfa þykir. Ráðunautarnir skulu gefa skriflega skýrslu um athuganir sínar í hvert sinn.

Telji Búnaðarfélag Íslands, að starfi trúnaðarmanns sé í einhverju ábótavant, getur það óskað þess, að þegar sé úr því bætt, og ef miklar sakir eru, skal vikja honum frá starfi.

Greiðslur fyrir störf sín fá trúnaðarmenn frá búnaðarsamböndunum, eftir reglum, sem Búnaðarfélag Íslands setur í samráði við þau.

5. gr.

Í hverjum hreppi eða bæjarfélagi skal vera eitt búnaðarfélag. Heimilt er þó, að í hreppi séu tvö búnaðarfélög, ef sérstakar ástæður mæla með því og Búnaðarfélag Íslands samþykkir.

Stjórn búnaðarfélaga skal skylt að halda skýrslur og reikninga, eftir því sem stjórn Búnaðarfélags Íslands ákveður. Samrit af skýrslum þessum og reikningum skal senda hlutaðeigandi búnaðarsambandi.

6. gr.

Hver sá, er njóta vill styrks samkvæmt lögum þessum, verður að vera félagsmaður í búnaðarfélagi þess hrepps eða bæjar, þar sem hann á lögheimili. Heimilt er þó, með samþykki Búnaðarfélags Íslands, þeim bændum, er vegna landshátta eiga erfitt með að vera í búnaðarfélagi síns hrepps, að vera í búnaðarfélagi næstu sveitar.

7. gr.

Kjósa skal til búnaðarþings innan hvers búnaðarsambands. Um kosningarrétt og kjörgengi til búnaðarþings, svo og um tölu fulltrúa, fer eins og fyrir er mælt í lögum Búnaðarfélags Íslands.

8. gr.

Nú kýs Búnaðarfélag Íslands að hætta umsjón með framkvæmd þessara laga, og skal þá landbúnaðarráðherra sjá um framkvæmd þeirra á þann hátt, sem hann telur bezt henta, unz önnur skipun er þar á gerð.

II. KAFLI

Um styrk til jarðræktar og húsabóta.

9. gr.

Til framkvæmda þeirra í jarðrækt og húsabótum, sem taldar eru í þessari grein, skal greiða styrk úr ríkissjóði sem hér segir:

I. a.	Þvaggryfjur, alsteyptar úr járnbentri steinsteypu	kr. 10,00	á m^3
b.	— alsteyptar með vel tyrfðu járnþaki	— 5,50	—
c.	Áburðarhús, alsteypt	— 7,00	—
d.	— steypt með járnþaki	— 5,00	—
e.	— og safnþrær úr öðru efni	— 1,50	—
f.	Haugstæði með steyptu undirlagi og 1 m. veggjum	— 3,00	á m^2
II. a.	Skurðir, dýpt 1 metri og grynnri	— 1,70	á 10 m^3
b.	— dýpt 1 metri til 1,5 metra	— 2,00	—
c.	— dýpt yfir 1,5 metra	— 2,50	—
d.	Lokuð grjótræsi, dýpt 1,1 metri og dýpri	— 2,50	á 10 m
e.	Viðarræsi	— 2,00	—
f.	Hnausaræsi	— 1,00	—
g.	Pípuræsi	— 2,50	—

III. a. Þaksléttur í nýrækt	kr.	2,00	á 100 m²
b. Græðisléttur í nýrækt	—	1,70	—
c. Sáðsléttur í nýrækt, eins árs jarðvinnsla	—	2,00	—
d. — í nýrækt, tveggja ára jarðvinnsla	—	2,50	—
e. — í nýrækt, þriggja ára jarðvinnsla	—	3,00	—
f. Þaksléttur í túni	—	2,00	—
g. Græðisléttur í túni	—	1,70	—
h. Sáðsléttur í túni, eins árs jarðvinnsla	—	2,00	—
i. — í túni, tveggja ára jarðvinnsla	—	2,50	—
j. — í túni, þriggja ára jarðvinnsla	—	3,00	—
k. Endurræktun í túni, sem ekki er unnið skv. d, e, i eða j-lið	—	1,00	—
l. Matjurtagarðar og sáðreitir úr óræktuðu landi eða þýfðu túni	—	2,00	—
m. Grjótnám úr sáðreitum og túni	—	1,00	á m³
IV. Girðingar um tún og sáðreiti:			
a. Gaddavírsgirðing fjárheld 1,10 m. og hærri	—	2,00	á 10 m
b. Vírnetsgirðing, 6 strengja net með 1 gaddavírsstreng	—	2,50	—
c. — 5 strengja net með 2 gaddavírsstrengjum	—	2,50	—
d. Girðingar úr öðru efni, fjárheldar	—	2,00	—
V. a. Þurrheyshlöður steyptar með steinþaki eða járnþaki	—	1,50	á m³
b. — úr öðru efni með járnþaki	—	0,75	—
c. Votheyshlöður úr járnbentri steinsteypu með járnþaki	—	5,00	—
d. — úr ójárnbentri steinsteypu með járnþaki	—	3,00	—
e. — úr öðru efni með járnþaki	—	0,75	—

Ekki veitist styrkur út á minni þurrheyshlöður en 50 m³ að rúmmáli fyrir neðan ris.

Styrkur til haugstæða veitist því aðeins, að til sé nægilega stór safnþró fyrir kúaþvag á býlinu.

Þar, sem grjót er verðmætt til sölu, greiðist eigi styrkur fyrir grjótnám.

10. gr.

Af styrk þeim, sem talinn er í 9. gr., renna 5% til hlutaðeigandi búnaðarfélags til sameiginlegra félagsþarfa.

11. gr.

Nú hefir jörð eigi kúgæfan heyskap af véltæku túni eða áveitulandi, sem svarar fóðurgildi meðaleftirtekju 6 ha. túns að dómi Búnaðarfélags Íslands, og greiðist ábúanda hennar þá 20% uppbót á styrk fyrir framræslu til túnræktar og fyrir sáðsléttur á árunum 1937—1947, þar til náð er greindu marki.

Ákvæði þetta nær aðeins til jarða samkvæmt skilgreiningu 1. greinar ábúðarlaga, nr. 87 19. jan. 1933, og er uppbótin því skilyrði bundin, að allur frágangur verksins, um framræslu og jarðvinnslu og annað, sé fullkominn að dómi Búnaðarfélags Íslands.

12. gr.

Hámarksstyrkur til hvers býlis má nema:

Til byggingar safngryfja og haughúsa allt að kr. 2000,00
og til þurrheyshlöðubygginga kr. 750,00.

Hámarksstyrkur á ári til jarðræktar fyrir hvert lögbýli, sem fengið hefir innan við 6000 kr. í styrk til ræktunar, má nema allt að kr. 600,00.

Nú hefir býli fengið 6000 krónur í styrk til jarðræktar, og má árshámarkið þá nema allt að 300 krónum.

Hámarksákvæði þessi taka ekki til votheyshlöðubygginga eða framræslu.

Hámarksstyrkur á ári til einstaklinga, er eigi hafa lögbýli til ábúðar og fengið hafa innan við 3000 kr. í styrk til ræktunar, má nema allt að 300 krónum.

Hafi maður, sem eigi hefir lögbýli til ábúðar, fengið 3000 kr. í jarðræktarstyrk, má styrkurinn nema allt að 150 kr. á ári.

Nú er jörð skipt í tvö eða fleiri lögbýli, og skiptist þá upphæð þess styrks, er hún hefir fengið samkvæmt 9. og 11. grein, milli býlanna eftir mati trúnaðarmanns Búnaðarfélags Íslands, og fer þá um framhaldsstyrk til hvers býlis samkvæmt því mati.

Séu býli sameinuð í ábúð eins manns, skal leggja saman jarðabótastyrk þann, er þau hafa notið, og veitist þeim síðan styrkur sem eitt býli væri.

13. gr.

Enginn styrkur greiðist til jarðræktar á landi, sem ætla má, að tekið verði á næstu 20 árum eftir að verkið var unnið til lóða undir hús, fiskreiti eða annars þess, sem ekki á skylt við jarðrækt.

14. gr.

Ríkissjóður greiðir Búnaðarfélagi Íslands árlegt framlag til kerfisbundinna jarðvegsrannsókna og tilrauna í hverri grein jarðræktarinnar og í þeim jarðvinnsluaðferðum, er þar að lúta, og skal framlag þetta ákveðið í fjárlögum, að fengnum tillögum tilraunaráðs Búnaðarfélags Íslands.

Skal miða reglur um gerð og tilhögun styrkhæfra jarðabóta við niðurstöður tilraunanna, eftir því sem fært þykir á hverjum tíma.

15. gr.

Þeir ábúendur þjóðjarða og kirkjujarða, sem ekki eiga kost á ábúð samkvæmt lögum nr. 8 1. febr. 1936, um erfðaábúð og óðalsrétt, eða óska eigi að taka ábúð samkvæmt þeim lögum, mega vinna jarðarafgjaldið af sér með þeim jarðabótum, sem styrktar eru samkvæmt 9. gr., og reiknast þær þeim til afgjaldsgreiðslu tvöfalt hærra en nemur þeim styrk, er þeim ella bæri eftir 9. og 11. grein.

Með jarðarafgjaldi telst í þessu sambandi afgjald eftir allar landsnytjar og hlunnindi, sem jörðu fylgja, þó metið sé sérstaklega. Um jarðabótastyrk til leiguliða á greindum jörðum fer að öðru leyti eftir ákvæðum laga þessara.

III. KAFLI
Um félagsræktun.

16. gr.

Rétt eiga menn að stofna félag um:

a. Að útvega land og framkvæma á því félagsræktun til stofnunar nýbýla eða samvinnubyggða.
b. Að útvega íbúum kaupstaða eða kauptúna og sveitaþorpa land til ræktunar og framkvæma félagsræktun á því, enda sé tryggt, að dómi hreppsnefndar eða bæjarstjórnar, að hver félagsmaður geti fengið sinn hluta af ræktunarlandinu til eigin nota til eignar eða á erfðaleigu.
c. Að koma á sameiginlegum ræktunarframkvæmdum á landi tveggja eða fleiri lögbýla, þar sem aðstaða við framræslu lands eða jarðvinnslu gerir félagsræktun æskilega, að dómi Búnaðarfélags Íslands.

Jarðræktarfélög, sem ekki geta heyrt undir a-, b- og c-lið þessarar greinar, skulu því aðeins njóta þess réttar, er 17. gr. áskilur þessum félögum, að þau hafi eignarumráð eða varanleg leiguliðanot á landi til ræktunar, að í samþykkt sé ákveðin aðstaða hvers einstaks félagsmanns til ræktunarinnar, og að Búnaðarfélag Íslands mæli með því, að félögunum sé veittur sá réttur.

17. gr.

Þau félög, sem stofnuð eru samkvæmt þeim tilgangi, er í 16. gr. getur, og fullnægja að öðru leyti skilyrðum laga þessara, skulu njóta styrks fyrir hvern félagsmann samkv. ákvæðum 9. gr. þessara laga.

18. gr.

Þeir, er hafa ákveðið að stofna félag samkvæmt 16. grein, skulu á stofnfundi setja því samþykkt.

Í samþykkt skulu vera ákvæði um:

a. Nafn félagsins, heimilisfang þess og varnarþing.
b. Markmið félagsins og fyrirhugaðar framkvæmdir.
c. Atkvæðisrétt á félagsfundum, vald og verksvið félagsfunda, skilyrði fyrir lögmæti þeirra og hvenær aðalfund félagsins skuli halda ár hvert.
d. Hvernig stjórn skuli skipuð og vald hennar í félagsmálum, svo og um kosningatilhögun og kjörtímabil.
e. Hverjar landareignir félagið hafi til umráða, ef fengnar eru, svo eigi verði um villzt.
f. Reikninga, bókhald félags og endurskoðun.
g. Sjóðstofnanir og heimildir til lántöku.
h. Ábyrgð meðlima vegna skuldbindinga félagsins.
i. Breytingar samþykkta, viðauka þeirra og félagsslit og hvernig eignum félagsins skuli ráðstafað.

Samþykkt félags skal vera staðfest af atvinnumálaráðuneytinu, að fenginni umsögn Búnaðarfélags Íslands.

19. gr.

Ræktunarfélög, stofnuð samkvæmt ákvæðum þessara laga, skulu skrásett. Atvinnumálaráðuneytið ákveður, að fengnum tillögum Búnaðarfélags Íslands, hvernig skrásetning skuli haga, og lætur gera eyðublöð undir tilkynningar til skrásetningar.

20. gr.

Nú er félag stofnað samkvæmt ákvæðum þessa kafla, en nauðsynlegt þykir vegna félagsræktunarinnar, að dómi Búnaðarfélags Íslands, að gera framræsluskurði, eða annað jarðrask á landi jarðar utanfélagsmanns, og skal félaginu þá heimilt að láta vinna verkið, enda fari um framkvæmd þess og bætur eftir ákvæðum vatnalaga.

21. gr.

Nú þykir hreppsnefnd hætta á, að þau ræktunarlönd, er í 16. gr. getur, komist við eigendaskipti á fárra manna hendur, svo að þrengist um ræktunarlönd fyrir aðra hreppsbúa, og getur hún þá fyrir hönd hreppsins krafizt forkaupsréttar á löndunum, á sama hátt og lög mæla fyrir um forkaupsrétt á jörðum.

Bæjarstjórnir í kaupstöðum hafa og sama rétt að því er tekur til ræktunarlanda innan lögsagnarumdæmis kaupstaðar.

IV. KAFLI

Um verkfærakaupasjóð.

22. gr.

Greiða skal árlega úr ríkissjóði til verkfærakaupasjóðs kr. 80000,00. Upphæð þessi skiptist milli allra hreppabúnaðarfélaga, að hálfu eftir lögbýlafjölda og að hálfu eftir tölu jarðabótamanna í búnaðarfélögunum ár hvert.

Sú upphæð, er sjóði hvers hreppsbúnaðarfélags ber samkvæmt því, er að ofan getur, skal vera séreign hvers félags.

23. gr.

Tilgangur sjóðsins er að létta undir með bændum, einstökum eða fleirum í félagi, svo og búnaðarfélögum til að eignast vélar og verkfæri, sem í 1.—4. lið 24. gr. getur. Heimilt er og að veita kvenfélögum styrk úr sjóðnum til kaupa á áhöldum, sem tilgreind eru í 3. lið 24. gr.

24. gr.

Heimilt er að leggja fram fé úr sjóðnum til kaupa á:

1. Hestaverkfærum til jarðyrkju, forardælum, verkfærum til grjótnáms, svo og vélum og verkfærum vegna garðyrkju og kornræktar.
2. Heyvinnuvélum, svo sem sláttuvélum, rakstrarvélum, snúnings- og múgavélum.
3. Tóvinnuvélum til heimilisiðnaðar, svo sem handspunavélum, prjónavélum og vefstólum.
4. Dráttarvélum með tilheyrandi verkfærum, svo og minni skurðgröfum.

Styrkurinn nemi allt að helmingi af kaupverði þeirra verkfæra, er talin eru í 1. og 2. tölulið þessarar greinar, en allt að ⅓ af kaupverði vélanna eða verkfæranna, sem talin eru í 3. og 4. tölulið.

Skulu þeir bændur jafnan ganga fyrir um styrkveitingu, sem áður hafa fengið minnstan styrk.

25. gr.

Styrkur til kaupa á dráttarvélum og skurðgröfum veitist aðeins búnaðarfélögum, einu eða fleirum í félagi.

Er styrkurinn þessum skilyrðum bundinn:

1. Að Búnaðarfélag Íslands telji áhöldin félaginu nauðsynleg.
2. Að áður sé fullnægt beiðnum um styrk á þeim verkfærum, er í 1.—3. lið 24. gr. getur.
3. Að kaupin hafi verið samþykkt á almennum fundi í hlutaðeigandi félagi eða félögum.
4. Að félagið tryggi sér nauðsynleg hús yfir áhöldin, starfræki þau og selji þau ekki til einstakra manna eða félaga, nema með samþykki félagsfundar og Búnaðarfélags Íslands.

26. gr.

Umsóknir um styrk úr sjóðnum skal senda stjórn hlutaðeigandi búnaðarfélags, sem ritar þær, ásamt áliti sínu, í gerðabók félagsins, og sendir þær svo, ásamt umsögn sinni, til Búnaðarfélags Íslands, sem fellir fullnaðarúrskurð um umsóknirnar og útvegar verkfærin.

27. gr.

Nú er fé fyrir hendi í verkfærakaupasjóði, og er þá Búnaðarfélagi Íslands heimilt að veita þeim búnaðarfélögum, er þess hafa sérstaklega þörf, lán úr sjóðnum til verkfærakaupa. Upphæð lánsins má nema allt að tveggja síðustu ára tillagi til hlutaðeigandi búnaðarfélags úr sjóðnum. Lánin skulu að fullu endurgreidd á næstu tveim árum.

28. gr.

Reikningshald verkfærakaupasjóðs og innheimtu lána hans annast Búnaðarfélag Íslands, og lætur það hverju búnaðarfélagi árlega í té samrit af viðskiptum þess við sjóðinn. Reikningar sjóðsins skulu endurskoðaðir af endurskoðendum Búnaðarfélags Íslands.

V. KAFLI
Um vélasjóð.

29. gr.

Ríkið kaupi, starfræki og geri tilraunir með vélknúnar jarðræktarvélar og skurðgröfur, sem ætla má, að hæfi hérlendum staðháttum, að dómi Búnaðarfélags Íslands.

30. gr.

Ríkið greiði vélasjóði nú þegar 50000 krónur.

Skoðast þetta sem stofnfé sjóðsins, ásamt núverandi eignum hans.

Auk þess greiðir ríkissjóður vélasjóði rekstrarframlag, sem ákveðið skal árlega í fjárlögum.

31. gr.

Heimilt er að verja nokkru af stofnfé sjóðsins til útlána vegna vélakaupa í þágu landbúnaðarins. Setur landbúnaðarráðuneytið reglur um lánastarfsemi sjóðsins, að fengnum tillögum Búnaðarfélags Íslands.

Því, sem ekki er varið til útlána af stofnfé sjóðsins, skal einungis varið til kaupa á vélum þeim, sem í 29. gr. getur, og til starfrækslu þeirra, meðan tilraunir standa yfir.

32. gr.

Kaup á stórum skurðgröfum til tilrauna skulu því aðeins gerð, að þörf sé á þeim til meiri háttar framræslu og þurrkunar, að dómi Búnaðarfélags Íslands.

Nú reynist skurðgrafa nothæf, og skal þá ríkissjóður kaupa hana af vélasjóði.

33. gr.

Búnaðarfélag Íslands hefir umsjón og eftirlit með skurðgröfum ríkisins, en atvinnumálaráðuneytið setur reglur um starfrækslu þeirra, að fengnum tillögum Búnaðarfélags Íslands.

Búnaðarfélag Íslands annast kaup á vélum og skurðgröfum fyrir vélasjóð og sér um, að þær verði reyndar til hlítar.

34. gr.

Landþurrkunar- og áveitufélag, sem stofnað er samkvæmt fyrirmælum vatnalaga, nr. 15 20. júní 1923, 4. og 8. kafla, hefir rétt til að fá eina eða fleiri af skurðgröfum ríkisins lánaðar, svo fljótt sem ástæður leyfa, enda hagi svo til, að hentugt sé að nota þar skurðgröfu, að dómi Búnaðarfélags Íslands.

Ríkið lánar skurðgröfurnar án endurgjalds, greiðir allan kostnað af flutningi þeirra milli vinnustaða og felur Búnaðarfélagi Íslands umsjón með rekstri og viðhaldi þeirra.

35. gr.

Af kostnaði þeim, er leiðir af starfrækslu skurðgrafanna, þar með talið nauðsynlegt viðhald þeirra, varahlutir og vátrygging, greiðir ríkissjóður $\frac{1}{3}$, en $\frac{2}{3}$ skulu landeigendur leggja fram sjálfir, eða útvega, um leið og verkið er framkvæmt.

Verk þau, sem styrkt eru af ríkinu á þennan hátt, njóta ekki styrks samkvæmt II. kafla þessara laga.

36. gr.

Allar nothæfar vélar sjóðsins, aðrar en þær, er í 32. gr. getur, skal félögum eða einstaklingum gefinn kostur á að eignast með sanngjörnu verði.

37. gr.

Búnaðarfélag Íslands hefir á hendi reikningshald vélasjóðs. Reikningar sjóðsins skulu endurskoðaðir af endurskoðendum Búnaðarfélags Íslands.

VI. KAFLI

Um búferlaflutning.

38. gr.

Búnaðarfélag Íslands felur trúnaðarmönnum sínum að athuga og gefa skýrslur um þær jarðir, sem þeir telja, að séu í sérstaklega mikilli hættu fyrir jarðspjöllum, svo sem sandfoki, skriðufalli, jökulhlaupi eða landbroti o. s. frv.

Ennfremur skulu þeir gefa skýrslur um þær jarðir, sem liggja mjög illa við samgöngum, eða eru sérlega óhægar til búrekstrar.

39. gr.

Nú þykir Búnaðarfélagi Íslands skýrslur trúnaðarmanna bera það með sér, að jarðir séu sérstaklega athugaverðar sem framtíðarbýli, og skal það þá fela einhverjum starfsmanni sínum, ásamt trúnaðarmanni hlutaðeigandi búnaðarsambands og formanni búnaðarfélags hlutaðeigandi hrepps, að rannsaka ýtarlega ásigkomulag umræddra jarða og allt það, er þeir telja, að máli skipti, eftir nánari fyrirmælum Búnaðarfélags Íslands.

Skýrslur nefndarinnar skal senda hlutaðeigandi hreppsnefnd og sýslunefnd til umsagnar. Leita skal og umsagnar vegamálastjóra og póst- og símamálastjóra um, hvort æskilegt megi telja, að byggð sé haldið við á jörðum þessum vegna gistingar fyrir ferðamenn, eða síma- eða vegaeftirlits.

40. gr.

Telji Búnaðarfélag Íslands, að loknum þessum rannsóknum og að fengnu áliti þeirra aðilja, er í 39. gr. getur, að jörð eða býli geti ekki talizt byggilegt til frambúðar, skal það leggja málið fyrir ráðherra, sem ákveður, hvort veita skuli framvegis styrk samkv. II. kafla laga þessara til umbóta á jörðinni.

Ekki má þó svipta jörð ræktunarstyrk gegn tillögum hreppsnefndar og sýslunefndar.

41. gr.

Þegar ábúandi þeirrar jarðar, sem svipt hefir verið jarðabótastyrk samkvæmt 40. gr., flytur burt á aðra jörð eða stofnar nýbýli og jörðin leggst í eyði, er honum rétt að láta úttektarmenn meta hús hans á jörðinni til söluverðs. Nú reynist mat þetta undir fasteignamatsverði húsanna, og greiðir ríkissjóður þá ábúanda verðmuninn. Vilji ábúandi reisa nýbýli, skal ríkissjóður og gefa honum kost á nægilegu landi, að dómi Búnaðarfélags Íslands, til afgjaldslausrar lífstíðarábúðar.

Nú fellur ábúandinn eða ekkja hans frá innan 30 ára frá því, er hann tók nýbýlislandið til ábúðar, og skal þá sá niðji hans eða erfingi, er tekur við ábúð þess, hafa landið afgjaldslaust það sem eftir er tímans.

Að öðru leyti fer um ábúð og leigu á landinu eftir lögum nr. 8 1. febrúar 1936, um erfðaábúð og óðalsrétt.

VII. KAFLI

Um erfðaleigulönd.

42. gr.

Bæjarstjórnir í kaupstöðum og hreppsnefndir í kauptúnum, sem eru sérstök sveitarfélög, skulu áður en eitt ár er liðið frá því að lög þessi öðlast gildi, láta fara fram endurskoðun á leigumála allra ræktunarlóða í opinberri eign, sem leigðar hafa verið á erfðaleigu innan takmarka umdæmisins. Skulu þeir færðir til samræmis við ákvæði laga þessara, eftir því sem við verður komið, samkvæmt reglum, er Búnaðarfélag Íslands setur.

43. gr.

Búnaðarfélag Íslands getur falið bæjarstjórnum í kaupstöðum og hreppsnefndum í kauptúnum að gefa skýrslur um land það, sem að áliti þeirra liggur bezt við til ræktunar innan takmarka kaupstaðarins eða kauptúnsins, og eigi eru líkur til, að á þurfi að halda til byggingarlóða eða annara framkvæmda en ræktunar. Þegar þjóðjörð eða kirkjujörð liggur að landi kaupstaðar eða kauptúns, ná þessi ákvæði einnig til hennar. Skýrslum þessum skulu fylgja þær upplýsingar, sem Búnaðarfélag Íslands tiltekur.

44. gr.

Að fengnum skýrslum þeim, er í 43. gr. getur, gerir Búnaðarfélag Íslands, eins fljótt og verða má, uppdrátt af landinu og tillögur um skipulag til ræktunar og hagnýtingar þess.

Afrit af uppdrætti með tillögum um lagning vega og framræslukerfis (vatnsæða) og skiptingu landsins, svo og tillögur um fyrirkomulag ræktunar og hagnýtingar þess, sendir Búnaðarfélag Íslands bæjarstjórn eða hreppsnefnd.

45. gr.

Nú er land, sem hæft er til ræktunar, í námunda við kaupstað, kauptún eða þorp, og íbúana skortir land til þeirra afnota, og skal þá hlutaðeigandi bæjarstjórn eða hreppsnefnd hlutast til um að fá landið.

Nú takast ekki samningar um kaup eða leigu á landinu, og getur ráðuneytið þá veitt bæjarstjórn eða hreppsnefnd heimild til að taka landið leigu- eða eignarnámi, ef Búnaðarfélag Íslands telur það nauðsynlegt og mælir með því. Fer um framkvæmd þess samkvæmt lögum nr. 61 14. nóv. 1917, um framkvæmd eignarnáms.

Nú er landið í öðrum hreppi, eða utan lögsagnarumdæmis kaupstaðarins, og verður það þá ekki tekið eignarnámi án samþykkis hlutaðeigandi hreppsnefndar, nema sérstök lagaheimild komi til.

46. gr.

Heimild sú til eignarnáms, sem gefin er í 45. gr., nær ekki til þess lands, sem eigandi eða ábúandi hefir ræktað, né til þess lands, sem eigandi hefir léð öðrum til ræktunar, eigi heldur til þess hluta af óræktuðu en ræktanlegu landi, sem að dómi Búnaðarfélags Íslands er eiganda eða ábúanda nauðsynlegt að taka til ræktunar, svo tryggð sé aðstaða þeirra til búrekstrar framvegis á jörðinni.

Eigi nær eignarnámsheimildin heldur til þess lands, sem fornminjar eru á, eða sérstök náttúruprýði, sem skylt er að vernda.

47. gr.

Lönd, sem tekin eru til ræktunar samkvæmt 45. gr., skulu seld á erfðaleigu. Þegar leigusamningur er gerður, skulu metin þau verðmæti, er leigusali á í leigulandi og umbótum á því, þegar það er afhent leigutaka, enda samþykki Búnaðarfélag Íslands matið. Skal árgjald vera 3% af afgjaldsskyldu verðmæti leigusala á landinu. Nú gerir leigusali síðar umbætur á því á sinn kostnað, og má hann þá leggja á leigutaka árlegt mannvirkjagjald, er má nema allt að 5% af matsverði mannvirkjanna.

Með umbótum á landi teljast í þessu efni girðingar, framræsluskurðir og önnur mannvirki vegna ræktunarinnar, að svo miklu leyti sem leigutaki hefir þeirra not, að dómi Búnaðarfélags Íslands.

Réttur til erfðaleiguábúðar á löndum þessum erfist samkvæmt lögum nr. 8 1. febr. 1936, III. kafli 24. gr., um erfðaábúð og óðalsrétt, með þeim takmörkunum, er segir í lögum þessum.

48. gr.

Um erfðaleigulönd skal jafnan gerður skriflegur samningur, og er leigutaka skylt að láta þinglýsa honum á sinn kostnað.

Í erfðaleigusamningi skulu meðal annars felast þessi ákvæði:

1. Stærð og lega erfðaleigulands, enda fylgi samningnum uppdráttur af landinu, eða tilvísun í tölumerki á uppdrætti í vörzlum hreppsnefndar eða bæjarstjórnar.
2. Á hve löngum tíma landið skuli fullræktað. Hvernig mannvirkjum skuli við haldið og hverjum vítum vanefndir varða.
3. Hvert sé frumverð landsins samkvæmt 47. gr., þegar landið er leigt.
4. Um réttindi og skyldur leiguhafa samkvæmt 49.—52. gr. laga þessara.

49. gr.

Í erfðaleigusamningi, samkvæmt 47. og 48. gr., skal áskilið, að leiguhafa sé skylt að láta af hendi erfðaleigurétt sinn að nokkru eða öllu leyti, ef nota þarf landið undir opinber mannvirki ríkis, hrepps eða bæjarfélags, svo og til sundurskiptingar í byggingarlóðir, til fiskreita eða annars atvinnurekstrar en ræktunar. En greiða skal þá leiguhafa fyrir leiguréttindi sín, svo og fyrir kostnað hans við ræktun og mannvirki á landinu, að frádreginni fyrningu, og skal hvorttveggja fara eftir mati, nema öðruvísi semji.

Nú krefst ríki eða leigusali meira af landinu en ¼ hluta þess, og getur leiguhafi þá krafizt, að allt landið verði tekið með þeim mannvirkjum, sem á því eru, eftir mati.

50. gr.

Með þeim takmörkunum, sem felast í 48. og 49. gr., getur leigutaki selt rétt sinn og veðsett. Þó má hann aldrei veðbinda leigulandið fyrir hærri fjárhæðum en sem nemur verðmæti þeirra mannvirkja, er hann á á landinu.

51. gr.

Land, sem tekið er til ræktunar eftir fyrirmælum þessa kafla, skal leigutaki rækta á eigi lengri tíma en 10 árum, enda sé a. m. k. tíundi hluti ræktunarmannvirkjanna unninn á ári hverju að meðaltali, nema gildar ástæður hamli, að dómi Búnaðarfélags Íslands. Að öðrum kosti fellur landið aftur til eiganda, enda greiði leigusali þá leiguhafa helming af framlögðum ræktunarkostnaði eftir mati, að frádreginni fyrningu.

52. gr.

Erfðaleigulönd þessi má einungis nota til jarðræktar, að undanskildu svæði, sem þarf til íbúðarhúss, útihúsa og peningshúsa leigutaka.

Hreppsnefnd eða bæjarstjórn setur, í samráði við Búnaðarfélag Íslands, reglur um framræslu og viðhald ræktunarmannvirkja á erfðaleigulöndum, og er leiguhafa skylt að fylgja þeim. Nú vanrækir leiguhafi að fylgja settum reglum í þessu efni, og getur leigusali þá látið bæta úr því á kostnað leiguhafa, ef honum þykir nauðsynlegt vegna afnota annara af nærliggjandi leigulöndum. Gjöld, er af því leiðir, má taka lögtaki.

53. gr.

Nánari reglur um erfðaleigulönd skal setja með sérstakri reglugerð, er ráðherra gefur út, að fengnum tillögum frá Búnaðarfélagi Íslands.

VIII. KAFLI

Almenn ákvæði.

54. gr.

Sá, er segir Búnaðarfélagi Íslands eða trúnaðarmanni þess vísvitandi rangt til um framkvæmdir og gerð þeirra mannvirkja, er styrks eiga að njóta samkv. II. og III. kafla, eða brýtur að öðru leyti ákvæði þessara laga í einhverju því, er verulegu máli skiptir, skal sæta sektum frá 10—500 krónum, og ef það er gert í eigin hagsmunaskyni, má þyngja refsinguna um helming.

Brjóti trúnaðarmaður eða annar starfsmaður Búnaðarfélags Íslands þær reglur, er honum eru settar í erindisbréfi vegna þessara laga, eða fari ekki eftir fyrirmælum laga þessara eða reglugerðar, skal hann sæta sömu refsingu er að ofan getur, nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum.

Með mál út af brotum á þessari grein skal farið sem almenn lögreglumál.

55. gr.

Ráðherra gefur út reglugerð um nánari fyrirmæli um framkvæmd laga þessara, að fengnum tillögum Búnaðarfélags Íslands.

56. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og eru jafnframt úr gildi numin jarðræktarlög nr. 101 23. júní 1936, svo og önnur þau lagafyrirmæli, er koma í bága við lög þessi.

Greinargerð.

Jarðræktarlögin voru upphaflega til þess sett að auka þjóðarauðinn með nýju landnámi og jafna aðstöðumuninn í atvinnulífi þjóðarinnar.

Aðrar aðalatvinnugreinar þjóðlífsins, sjávarútvegur og iðnaður, höfðu þá öðlazt aðstöðu til þess að færa sér í nyt þá stórauknu tækni, sem aðrar þjóðir höfðu aflað sér í þeim atvinnugreinum. Þær gátu því þá ekki aðeins veitt þeim atvinnurekendum sjálfum meiri tekjur og arð til greiðslu vaxta og afborgana af lánum, heldur og greitt starfsfólkinu hærri laun, a. m. k. að krónutali. Hinsvegar höfðu sveitirnar nær enga aðstöðu til þess að taka vélar og nýtízkutækni í sína þjónustu, vegna þess að landið var í rauninni ónumið í nútíma skilningi. En það hefir hvergi annarsstaðar tekizt einni og sömu kynslóð að nema land að fullu, þ. e. að gera hvorttveggja samtímis að rækta landið og reisa þar nauðsynleg hús við hæfi nútímans án opinberrar aðstoðar. Í margra augum gáfu þær atvinnugreinir, sem reknar voru í margmenninu, einnig af öðrum ástæðum glæsilegri vonir um bætt lífskjör.

Þessi stórfelldi aðstöðumunur landbúnaðarins gagnvart öðrum atvinnugreinum stefndi því beint til þess, að landbúnaðinum blæddi út.

Manntalið frá 1920 sýndi ljóslega, hvert stefndi, því að þá hafði búendum og öðrum framfærendum af landbúnaði fækkað úr 20819 manns 1910 um 5448 manns, niður í 15371, eða um fullan ¼ á einum áratug, að búendum í bæjum og kauptúnum meðtöldum.

Sveitabændum og því fólki, sem í sveitum lifir, fækkaði að vísu eigi svo ört. Árið 1910 eru 57719 manns, eða 67,8% af landsfólkinu, í sveitum, en 1920 eru þar 54245 manns, eða 57% af þjóðinni, og er því hlutfallsleg fækkun sveitafólksins tæpur sjöttungur.

Þetta sýnir, að bændum og öðrum framfærendum af landbúnaði hefir á þessu árabili mest fækkað í bæjum og kauptúnum, eða meðal þeirra, sem áttu hægast um valið milli landbúnaðar og annara atvinnugreina.

Hinsvegar hefir tryggðin til föðurtúna og óhægari aðstaða til umskipta haldið sveitabændunum betur við sinn fyrri atvinnuveg.

Árið 1930 hefir búendum og öðrum framfærendum af landbúnaði fjölgað aftur upp í 17459 manns, eða um 2088 manns frá 1920. Hinsvegar hefir mannfjöldi í sveitum minnkað úr 54245 niður í 50475, eða um 3770 manns á sama tímabili.

Sýnir það ekki aðeins, hve þeir menn, sem landbúnað stunda, hafa orðið að draga við sig launað starfsfólk, heldur og, að þessi fjölgun framfærenda af landbúnaði er mestöll í bæjum og kauptúnum, og munu flestir þeirra þá styðjast við önnur störf jafnframt, svo sem daglaunavinnu og fiskveiðar.

Ef treysta má því, er segir í greinargerð fyrir frv. til núgildandi jarðræktarlaga, þá hefir styrkur samkv. II. kafla jarðræktarlaganna, árin 1924—1934, numið í sveitum og smáþorpum um 3,4 milljónum samtals. Á sama tíma hefir styrkur fyrir jarðabætur í öðrum kauptúnum og í kaupstöðunum numið alls um 660 þús. kr., eða um 19,4% af öllum styrk til sveitanna og smáþorpanna.

Að því er næst verður komizt er túnastærð kaupstaða og kauptúna um 3600 ha., eða um 11¼% af allri túnastærð landsins. En þar af hafa um 2500 ha., eða um 69,4%, verið ræktaðir síðan jarðræktarlögin 1923 gengu í gildi.

Öll nýrækt landsmanna á þessu tímabili er um 10400 ha., en þar af er um 25%

í kaupstöðum og kauptúnum. Kemur þá í ljós, að nýræktin, sem er 69,4% af túnastærð kaupstaða, er aðeins 7900 ha., eða 27,8% af allri túnastærð í sveitum.

Virðist mega draga af þessu þá ályktun, að jarðræktarstyrkurinn hafi valdið meiri straumhvörfum í ræktun til sjávar en sveita, og því komið framfærendum af landbúnaði í kaupstöðum og kauptúnum að tiltölulega enn meiri notum en sveitabændum yfirleitt. Liggja til þess ýmsar orsakir: Hægari markaðsaðstaða, og aðstaða um leiðbeiningar og félagsstarf, og þó einkum stór aðstöðumunur um notkun vinnuvéla og vinnukraft, og um tekjur af annari atvinnu.

Hin mikla ræktun út frá bæjum og þorpum hefir aukið þjóðarauðinn og bætt lífskjör fjölda manna við sjávarsíðuna að miklum mun, einkum nú á kreppuárunum. En ef ræktunin hefði vaxið tiltölulega jafnmikið til sveita og við sjó, ætti túnasléttuninni að vera nálega lokið og nýræktin meira en tvöföld við það, sem hún nú er.

Það er þá ljóst, að sveitirnar hafa ekki haft fjárhagslega aðstöðu til þess að nota sér almennt jarðræktarstyrkinn að tiltölu við kaupstaði og kauptún. Með jarðræktarlögunum hefir að vísu tekizt að draga mjög úr þeirri blæðingu sveitanna, sem orðið hefði ella. En það hefir ekki tekizt að stöðva þá blæðingu. Enn er árleg mannfækkun í sveitunum, þrátt fyrir mikla mannfjölgun þjóðarinnar allrar.

Hversu sjávarþorp og kaupstaðir eru við því búnir að taka við fólksfjölgun frá sveitunum, auk sinnar eigin eðlilegu fjölgunar, má m. a. ráða af hinum síhækkandi atvinnuleysingjaskýrslum. Og þótt þar sé um ýmsa möguleika að ræða til aukningar í iðnaði og sumum greinum sjávarútvegs, þá mun þykja allvel á haldið, ef sú aukning gerir meira en að veita þeim mönnum, er þar vaxa upp árlega til viðbótar, nægilega atvinnu.

Vegna sjálfra bæjanna og kauptúnanna og vegna þjóðarheildarinnar allrar þarf því að vinna kappsamlegar, eigi aðeins að því, að blæðing sveitanna stöðvist, heldur og að þær fái haldið sem mestu af því fólki, sem þar vex upp. En til þess þarf sú framleiðsla, sem þar er stunduð, fyrst og fremst að geta borið full vinnulaun, bæði framleiðendum sjálfum og starfsfólki þeirra. Til þess eru tvær leiðir. Önnur er verðhækkun afurðanna. Hin er lækkun framleiðslukostnaðar. Eftir þessum leiðum báðum þarf að stefna að markinu. Og mun þá hin síðari meira á voru valdi og öruggari til frambúðar.

Ef litið er á nauðsyn þess að lækka framleiðslukostnað landbúnaðarafurða, verður kostnaðurinn við öflun heyjanna fyrst fyrir augum. Verður þá ekki komizt framhjá þeirri staðreynd, að heyöflun á ræktuðu landi gefur eigi þann arð yfirleitt, er svari fullum vinnulaunum við heyskap og hirðingu búfjár. Er það staðfest af þeirri reynslu, að fjöldi bænda, jafnvel á allstórum jörðum, neyðist til að vera einyrkjar allt árið, af því að búskapurinn fær á engan veg borið sig ella. Af búreikningum, sem búreikningaskrifstofa ríkisins hefir haft til meðferðar úr einu af hinum beztu útheyskaparhéruðum landsins, kemur í ljós, hver munur er á vinnukostnaði við heyöflun á túni og útslægjum jafnvel í góðsveitunum. Samkvæmt þeim búreikningum hefir vinnukostnaður á heyhest (100 kg.) verið þessi að meðaltali:

	1933	1934
Taða	kr. 2,26	2,49
Úthey	— 2,61	2,81

Ef gert er ráð fyrir, að 3 útheyshestar séu að fóðurgildi á móti hverjum 2 töðuhestum, þá verður vinnukostnaður á sama fóðurgildi rúmlega 70% meiri á útslægjum en túni. Mun það láta nærri almennt, þegar flæðiengjar og aðrar afburðaslægjur eru frá teknar. En á fjölda jarða verður munur á fóðurgildi og vinnukostnaðarmunur enn meiri, þó þess sé ekki gætt, hve afurðir búfjárins eru yfirleitt miklu tryggari með töðugjöf.

Ræktunin verður því stórlega að aukast, og hinn lakari útslægjuheyskapur að minnka eða hverfa að sama skapi.

Öll tún á landinu eru talin 32000 ha. Þar af 3600 ha. í kaupstöðum, en 28400 ha. í sveitum. Þar sem um 70% af kaupstaðatúnum eru nýrækt og þar er minna horft í áburðarkaupin, má þar gera ráð fyrir meiri uppskeru. Og mun því töðufall af sveitatúnum ekki ná 1 milljón hestburða alls, miðað við búnaðarskýrslur frá árinu 1935.

Allur útheyskapur landsmanna er nú um 1 milljón hestburða, og er sá heyskapur allur í sveitunum. Mun það vel í lagt, að fjórðungur þess heymagns sé af áveituengjum, eða öðrum engjum svo grasgóðum, að arð gefi fram yfir vinnulaun. Þá eru eftir 750 þúsund hestburðir heys af svo lélegum slægjum, að engan arð gefa, og jafnvel tap, ef vinna þarf að þeirri heyöflun með aðkeyptum vinnukrafti.

Um s. l. aldamót mun túnastærð á landinu hafa verið um 17800 ha. Jarðabótaskýrslur bera með sér, að um 9400 ha., eða meira en helmingur þeirra túna, er til voru um aldamót, eru enn ósléttuð. Nokkuð af þeim túnum er að vísu slétt frá náttúrunnar hendi. En fullyrða má, að eigi sé minna af fyrstu túnasléttum aldarinnar orðið þýft aftur. Veldur þar um ónóg framræsla og eðlileg vankunnátta í byrjun um vinnsluaðferðir og viðhald.

Um s. l. aldamót er meðaltöðufengur talinn um 30 hestburðir af ha., og mun sízt að vænta meiri töðufengs almennt af þeim hluta túnanna, sem enn er þýfður, þótt meðaleftirtekja af öllum túnum landsins sé nú um 40 hestburðir af ha. Verður eftirtekjan af þýfðu túnunum þá um 280 þús. hestburðir alls.

Nú mun mjög orka tvímælis, hvort þessi hluti túnanna gefur arð, ef miðað er að öllu við aðkeypta vinnu. Skársta túnþýfið mun gefa arð sem svarar vinnulaunum, en hið lakara ekki, ef allur kostnaður er með talinn.

Af þeim 2 milljónum heyhesta, sem aflað er árlega í sveitum landsins, er þá um 1 milljón hesta, eða helmingur, fenginn af lélegum útslægjum og þýfðu túni, sem vart borgar full vinnulaun, miðað við aðkeyptan vinnukraft.

Fullt kaup fyrir vinnu sína fær þá meðalbóndinn og skyldulið hans aðeins meðan verið er að nytja það af túnunum, sem fullræktað er. En um helming allra heyja og meira verður meðalbóndinn að afla með undirmálskaupi fyrir sjálfan sig og skyldulið sitt. Má það ljóst vera, að framleiðslukostnaður fær eigi lækkað meðan svo er. Eitt hið allra fyrsta, sem vinna þarf að, er því að auka það land, sem gefur full vinnulaun. Er þá fyrst fyrir að fullsléttа túnin, sem þegar eru til.

Með núgildandi jarðræktarlögum er í þessu efni sporið stigið aftur á bak, þar sem styrkurinn fyrir túnasléttur er lækkaður, jafnvel hjá þeim, sem minnst hafa áður ræktað og versta hafa aðstöðu. Úr þessu er hin mesta nauðsyn að bæta nú þegar. Og er það ein ástæðan til þess, að þetta frv. er flutt.

Hér er því lagt til, að styrkur fyrir allar sæmilega vandaðar túnasléttur verði eigi lægri en hann áður var, og jafnframt gert ráð fyrir hækkun frá því, sem var áður, á styrk á fullunnar og vandaðar sáðsléttur, en styrkur fyrir sáðsléttur með eins árs jarðvinnslu aftur lækkaður að sama skapi. Sú reynsla er m. a. staðfest af hinum merku tilraunum Ræktunarfélags Norðurlands, að sáðsléttur gefa stórum mun betri arð en aðrar sléttur. Sýna tilraunir Ólafs Jónssonar í Ræktunarstöðinni við Akureyri, að með sama áburðarmagni gefur sáðslétta úr óræktarmóa ⅓ meiri eftirtekju en þakslétta og ⅕ meira en græðislétta á 2.—4. ári, ef notaður er tilbúinn áburður, en tæpum ²⁄₇ meira en þakslétta og rúmum ²⁄₇ meira en græðislétta, ef venjulegur áburður er notaður. Sáðslétta úr túnþýfi gefur hinsvegar með tilbúnum áburði ⁵⁄₁₁ meiri uppskeru en þakslétta og tæplega ⁴⁄₁₁ meira en græðislétta á 2.—4. ári með sama áburði. Með venjulegum áburði gerir sáðsléttan ¼ betur en þaksléttan og ³⁄₈ betur en græðisléttan, þó í túni sé.

Kostnaðarmunur er hinsvegar allverulegur á sáðsléttu og græðisléttu, og er því lagt til, að nokkur hluti þess aukakostnaðar komi fram í styrk, þegar um sáðsléttur með þriggja ára jarðvinnslu er að ræða.

Því meiri arð gefur ræktunin, því betur endist hún og því minni er áburðarþörfin, sem framræslan er meiri og jörðin oftar unnin. En hingað til hefir enginn munur verið á gerður í styrk, hvort um eins árs eða fleiri ára jarðvinnslu á sáðsléttu væri að ræða. Þetta er hvorki sanngjarnt né heppilegt fyrir ræktun landsins. Er því lagt til, að styrkurinn fari stighækkandi fyrir hverja ársjarðvinnslu. Má þá sá í flagið höfrum eða byggi meðan á ræktuninni stendur, eða rófum eða jarðeplum, og fæst þá matjurtagarðastyrkur strax, en afgangurinn þegar sáðsléttan er fullunnin.

Menn gætu litið svo á, að þar sem sýndir eru þvílíkir yfirburðir sáðsléttuaðferðarinnar fram yfir aðrar sléttunaraðferðir, þá beri eingöngu að styrkja þá aðferð. Þetta er þó eigi lagt til. Í töðugóðum túnum og beztu valllendismóum smáþýfðum getur græðisléttunaraðferðin átt rétt á sér, einkum meðan menn hafa eigi almennt vanizt sáðsléttunaraðferðinni til hlítar.

Jafnvel þaksléttunaraðferðin getur sumstaðar komið til greina, þegar hægt er að vinna að ofanafristuninni af heimilismönnum á þeim tíma, er ekkert annað kallar að og annari jarðræktarvinnu verður ekki við komið. Er því lagt til, að fyrir hana verði veittur sami styrkur sem veittur var eftir eldri jarðræktarlögunum.

Hinsvegar þykir sjálfsagt að örva menn sem mest til að gera vandaðar sáðsléttur, með því að sú vinnsluaðferð á án efa framtíðina fyrir sér, eigi sízt er oss lærist betur að nota sáðskipti eins og aðrar þjóðir.

Jafnframt þykir réttmætt að veita þeim bændum, sem áður hafa notað ódýrari túnasléttunaraðferð og því ekki náð fullum árangri af ræktuninni, styrk til að endurbæta tún sín með fullkominni endurræktun. Er því lagt til að veita styrk fyrir slíka endurræktun, svo að sá styrkur ásamt fyrri styrk nemi samtals þeim styrk, sem er veittur fyrir sáðsléttur.

En jafnhliða því, sem frv. þetta gerir ráð fyrir hækkun á styrk fyrir túnasléttun upp í það, sem áður var, og meiri hækkun fyrir vönduðustu sáðsléttur nar, er hér stefnt að því að skapa straumhvörf í ræktunarframkvæmdum á þeim býlum, þar sem ræktunin er skemmst komin. Er því lagt til, að á næstu 10 árum verði veittur 20% viðbótarstyrkur fyrir vandaðar sáðsléttur til þeirra býla, er hafa minni kúgæfan heyskap af véltæku túni eða áveituengi en sem svarar meðaleftirtekju af 6 ha. túni, að dómi Búnaðarfélags Íslands.

Enn er ræktun sveitanna eigi lengra komið en svo, að í flestum sauðfjársveitum a. m. k. mundi það kallast meðaljörð, er hefði 6 ha., eða 19 dagsláttna fullræktað véltækt tún, og nægilegt beitiland, þó aðrar slægjur væru lítilfjörlegar eða litlar. Er því með þessu ákvæði að því stefnt, að hvert byggilegt kot fái orðið að meðaljörð, eftir þeim mælikvarða, sem nú er víðast, en njóti síðan venjulegs styrks til frekari umbóta.

Er þá til þess ætlazt, að er bóndinn fær aflað þessara kúgæfu heyja af véltæku landi, þá gefi heyskapurinn honum meiri tíma afgangs til framhaldsræktunar. Verður sú ræktun þá frekar unnin í heimavinnu manna og hesta, svo að sá áfanginn ætti að verða bóndanum léttari, sem eftir er þangað til hann getur framfleytt öllum þeim búpeningi, er fjölskylda hans þarf til framfæris, á heyjum af véltæku landi. En að því verður að stefna, að svo verði sem víðast.

Ýmsir munu líta svo á, sem réttara mundi að miða þennan viðbótarstyrk við fóðurþörf ákveðinnar tölu búpenings á hverjum stað, en hún er sem vitað er mjög misjöfn í héruðum og jafnvel í sömu sveit.

En hvorttveggja er, að vandhæfi mundi á að setja um það reglu fyrir hvert býli, þar sem jafnan „veldur hver á heldur“ og að oft hafa hinar beztu beitarjarðir og fóðurléttustu þá galla, er vega þar fullkomlega á móti, svo sem erfiðari fénaðarferð, lakari aðstöðu til samgangna og þar af leiðandi einhæfari markaðsskilyrði.

Hinsvegar eru jarðsæld og góðir landkostir svo mikil verðmæti, að rétt er að veita mönnum aðstöðu til að nota þau gæði landsins sem önnur. Og hefir því þótt

réttmætt og raunar sjálfsagt mál, að landkostasveitirnar fram til fjalla og úti á annesjum fengju a. m. k. að þessu leyti sama rétt til að njóta sinna gæða sem þær sveitir, er meira hafa úr býtum borið í vegaframlögum og annari aðstöðu.

Fela verður trúnaðarmönnum að gera jafnóðum og þarf þær mælingar, er leiðir af þessu ákvæði, þar til fullkomnar túnamælingar hafa fram farið.

Næst þegar túnamælingar fara fram þarf og að mæla fyrir nauðsynlegri framræslu túna og bezta túnefnis, og jafnframt þurfa uppdrættirnir að sýna í aðaldráttum jarðvegsástand túnanna, svo að hafa megi til stuðnings við jarðræktarleiðbeiningar. En allt þetta er svo mikið mál og krefst svo mikils undirbúnings, að eigi þykir fært að bera fram um það frv. að þessu sinni.

En um leið og styrkur til ræktunar er hækkaður þykir ekki verða hjá því komizt að lækka nokkuð árshámark ræktunarstyrks til hvers býlis. Er þó styrkur til framræslu og votheyshlöðubygginga undanþeginn hámarksákvæðum, svo að framræslukostnaðurinn fæli menn síður frá að taka frjóefnaríkasta landið til ræktunar og til að jafna aðstöðu milli jarða, er hafa mismunandi framræsluþörf, og að því er tekur til votheyshlöðubygginga að skapa eigi misrétti milli héraða, er hafa mjög ólíka þörf fyrir votheyshlöður vegna veðráttu.

Þá hefir og þótt rétt að setja með hámarksákvæðum o. fl. skorður við því, að um of þrengist um ræktunarlönd fyrir verkamenn í kaupstöðum vegna þess, að einstakir menn leggi þar undir sig of stór ræktunarlönd.

Áburðurinn er grundvallarskilyrði allrar ræktunar. Hina brýnu áburðarþörf má nokkuð marka af því, að þrátt fyrir viðskiptahömlur og gjaldeyrisvandræði hefir innfluttur áburður numið um 450 þús. kr. hin síðari ár, og mun þó áburðarþörfinni alls ekki hafa verið fullnægt sem vera þurfti, ef fé hefði verið fyrir hendi til meiri áburðarkaupa.

Þessi áburðarkaup gætu hinsvegar minnkað að mun, ef hirðing heimafengins áburðar kæmist í það lag, sem vera á, því að búfénaðurinn framleiðir næga fosfórsýru og kalí til viðhalds allri þeirri ræktun, sem nú er í landinu, og $^2/_3$ þess köfnunarefnis, sem ræktun landsmanna þarfnast.

Geymslurúm fyrir nautpeningsáburð landsmanna hefir verið varlega áætlað um 300000 m.^{3} og fyrir annan áburð er áætlað, að þurfi um 60000 m.^{3}, eða 360000 m.^{3} samtals, og mun sízt of í lagt. Þar af hefir í árslok 1935 verið byggt um 140000 m.^{3}, eða um 38,8% af því, sem nú þarf.

En þess ber að gæta, að í þessu efni hafa sumar sýslur dregizt mjög aftur úr, svo að 8 sýslur eru fyrir neðan 20%, og ein jafnvel neðan við 10%.

Þótt sýnt sé, hver þörf er bráðra umbóta í þessu efni, þykir samt eigi fært að þessu sinni að hækka styrk fyrir aðrar áburðargeymslur en safnþrær, og er hann hækkaður í frv. þessu um kr. 0,50 — kr. 1,50 á m.^{3} eftir gerð.

Í fáu er ræktun vorri eins tilfinnanlega áfátt sem um nægilega **framræslu.** Áburðurinn og frjóefni jarðvegsins sjálfs notast því illa. Töðufall og fóðurgildi verður miklum mun minna, og jarðabæturnar endast verr.

Árin 1921—1933 hefir aðeins 28,5% af nýræktinni verið framræst, og af öllu ræktuðu landi er aðeins um 7% ræst fram. Svo rammt kveður að víða, að allmikill hluti töðunnar getur ekki talizt kúgæft afurðafóður, vegna ónógrar framræslu.

Á þennan lið ræktunarinnar verður því að leggja hina mestu áherzlu. Og það því fremur, sem íslenzkt mýrlendi hefir að dómi kunnáttumanna ýmsa mikilsverða kosti til ræktunar fram yfir mýrlendi nágrannalandanna, sem svo miklu er kostað til framræslu á. Í jarðvegsdjúpu mýrlendi eigum vér það ræktunarland, sem minnstu þarf að kosta til áburðar á, ef nógu vel er ræst fram.

Er því í frv. þessu lagt til, að styrkur fyrir opna skurði verði hækkaður um 50

aura á hverja 10 m.³ og styrkur fyrir lokræsi um 30—80 aura á hverja 10 m. eftir gerð.

Vegna hinnar brýnu nauðsynjar landsmanna að verða sjálffærir um framleiðslu garðávaxta, hefir þótt rétt að hækka styrk fyrir **matjurtagarða** um 20 aura á hverja 100 m.² Og til að ýta undir menn um **kornyrkjutilraunir** er öðrum sáðreitum ætlaður sami styrkur.

Eigi þykir rétt að sleppa allri flokkun **girðinga**, svo sem gert er í gildandi jarðræktarlögum. Munu netgirðingar með 1—2 strengjum yfir vera um fimmtungi dýrari en venjulegar gaddavírsgirðingar, þó þeim sé nú ætlaður sami styrkur. Er gaddavírnum þar gert of hátt undir höfði samanborið við kostnað, og eigi síður ef litið er á þær girðingar frá sjónarmiði mannúðarinnar, þar sem fénaður fer mikið um. Hefir því þótt rétt að miða styrkveitingu fyrir þessar tvær gerðir girðinga meir við stofnkostnað en gert er nú í lögum, og er því styrkur fyrir vírnetsgirðingar færður í frv. þessu upp í það, sem hann var áður en hin nýju jarðræktarlög voru sett.

Fátt léttir meir starf einyrkjans vetur og sumar en **hlöður** yfir heyfenginn. Og í vangæfri heyskapartíð geta hlöður yfir þurrhey og vothey verið bjargráð.

Hér er því lagt til, að styrkur fyrir þurrheyshlöður sé hækkaður um 25—50 aura á m.³ og fyrir steyptar votheyshlöður ójárnbentar um 50 aura á m.³, en allmiklu meira, ef um vönduðustu gerð er að ræða.

Jafnframt er lagt til, að á vel gerðar votheyshlöður úr öðru efni sé og veittur nokkur styrkur. Getur verið rétt að styrkja þá gerð votheystófta, þar sem eigi hafa enn verið tök á að skipa svo vel peningshúsum sem nauðsynlegt er, svo og þar sem illt er um steypuefni, eða efnahagur leyfir eigi dýrari gerð.

Með því að eigi hafa á undanförnum þingum fengizt samþykkt lög um alhliða tilraunastarfsemi í þágu landbúnaðarins, er lagt til í þessu frv., að lögbundið verði árlegt framlag til Bf. Ísl. til kerfisbundinna jarðvegsrannsókna og tilrauna í hverri grein jarðræktarinnar og í þeim jarðvinnsluaðferðum, er þar að lúta, og séu reglur um gerð og tilhögun styrkhæfra jarðabóta miðaðar við niðurstöður tilraunanna á hverjum tíma.

Eru framhaldstilraunir í þessu efni svo mikið grundvallaratriði í ræktunarmálum landsins, að sjálfsagt þykir, að sett séu ákvæði um þetta í jarðræktarlögum, meðan eigi fást sett lög um alhliða tilraunastarfsemi í þágu landbúnaðarins.

Þá eru í þessu frv. numin burtu þau ákvæði gildandi jarðræktarlaga, sem skerða sjálfsforræði Búnaðarfél. Íslands. Ennfremur þau ákvæði II. kafla laganna, er mestri óánægju valda meðal bændanna. Þykir þetta eigi þurfa skýringa.

Í frv. þessu eru nokkru fyllri ákvæði um félagsræktun en nú eru í lögum. Ennfremur um verkfærakaupasjóð og vélasjóð.

Reynt er í frv. þessu að tryggja betur áhrifarétt sveitar- og héraðsstjórna um, hvort jörð skuli svipt jarðræktarstyrk.

Loks eru í frv. sett ýmis ákvæði um erfðaleigulönd, til samræmis við þá reynslu, sem fengizt hefir hin síðustu ár.

Flm. eru að sjálfsögðu reiðubúnir til samvinnu um öflun tekna, eða sparnað á öðrum útgjöldum ríkissjóðs, til móts við þann útgjaldaauka, er tillögur frv. hafa í för með sér.

Athugasemdir um einstakar greinar.

Um I. kafla.

Um 1.—8. gr.

Við kafla þennan eru gerðar þær breytingar, sem samþykktar voru einróma á síðasta búnaðarþingi, og þurfa þær væntanlega ekki skýringa.

Um II. kafla.

Um 9. gr.

Til gleggra yfirlits yfir þær breytingar á jarðræktarstyrk, er felast í frv. þessu frá því, sem nú er eða áður hefir verið, er hér gerður samanburður á styrk fyrir einstakar ræktunarframkvæmdir samkvæmt eldri jarðræktarlögunum og þeim, er nú gilda, og samkv. tillögum frv.

Er í tillögum þessum að mestu fylgt frv. 1. flutningsmanns á undanförnum þingum (sjá Alþt. 1936, A. þskj. 40, bls. 264—269), en meiri hluti búnaðarþings bar svipaðar tillögur fram á síðasta búnaðarþingi.

Samanburður á styrk samkv. eldri jarðræktarlögum og þeim, er nú gilda, og samkv. tillögum frv.

	Eftir eldri jarðr.lögum	Eftir þeim lögum er nú gilda	Eftir frv.
I. a. Þvaggryfjur alsteyptar úr járnbentri steinsteypu..	7,50 á m^3	8,50 á m^3	10,00 á m^3
b. — steyptar með vel tyrfðu járnþaki	5,00 -	5,00 -	5,50 -
c. Áburðarhús alsteypt.....	6,00 -	7,00 -	7,00 -
d. — steypt með járnþaki	5,00 -	5,00 -	5,00 -
e. — — og safnþrær úr öðru efni.....	1,50 -	1,50 -	1,50 -
f. Haugstæði með steyptu undirlagi og 1 m. veggjum	»	3,00 -	3,00 á m^2
II. a. Skurðir, dýpt 1 metri og grynnri.....	1,11 á 10 m^3	1,20 á 10 m^3	1,70 á 10 m^3
b. — 1 metri til 1,5 metra (1,3 m. áður).	1,25 -	1,50 -	2,00 -
c. — — yfir 1,5 metra (1,3 m. áður).....	1,66 -	2,00 -	2,50 -
d. Lokuð grjótræsi, dýpt 1,1 metri og dýpri	1,66 á 10 m	1,70 á 10 m	2,50 á 10 m
e. Viðarræsi — — —	1,11 -	1,20 -	2,00 -
f. Hnausræsi — —	0,55 -	0,70 -	1,00 -
g. Pípuræsi — —	1,66 -	2,00 -	2,50 -
III. a. Þaksléttur í nýrækt	2,00 á 100 m^2	1,60 á 100 m^2	2,00 á 100 m^2
b. Græðisléttur í nýrækt	1,66 -	1,40 -	1,70 -
c. Sáðsléttur í nýrækt, eins árs jarðvinnsla	2,50 -	2,50 -	2,00 -
d. — - tveggja ára jarðvinnsla.....	2,50 -	2,50 -	2,50 -
e. — - þriggja ára jarðvinnsla.....	2,50 -	2,50 -	3,00 -
f. Þaksléttur í túni.....	2,00 -	1,40 -	2,00 -
g. Græðisléttur í túni	1,66 -	1,25 -	1,70 -
h. Sáðsléttur í túni, eins árs jarðvinnsla.....	2,50 -	2,50 -	2,00 -
i. — - tveggja ára jarðvinnsla.....	2,50 -	2,50 -	2,50 -
j. — - þriggja ára jarðvinnsla.....	2,50 -	2,50 -	3,00 -
k. Fullkomin endurræktun í túni, sem ekki hefir verið unnið skv. III. d, e, i eða j lið. Þó eigi hærri en svo, að áður veittur styrkur og endurræktunarstyrkurinn nemi styrk fyrir þriunnar sáðsléttur af beztu gerð	0	0	1,00 -
l. Matjurtagarðar og sáðreitir úr órækt uðu landi eða þýfðu túni.....	1,66 -	1,80 -	2,00 -
m. Grjótnám úr sáðreitum og túni	1,00 á m^3	1,00 á m^3	1,00 á m^3
IV. Girðingar um tún og sáðreiti:			
a. Gaddavírsgirðing, fjárheld 1,10 metra og hærri ...	2,00 á 10 m	2,00 á 10 m	2,00 á 10 m
b. Vírnetsgirðing, 6 strengja net með 1 gaddavírsstreng	2,50 -	2,00 -	2,50 -
c. — 5 strengja net með 2 gaddavírs-strengjum	2,50 -	2,00 -	2,50 -
d. Girðingar úr öðru efni, fjárheldar og jafngildar 6 strengja gaddavírsgirðingu	2,00 - 2,50 -	2,00 -	2,00 -
V. a. Þurrheyshlöður steyptar með steinþaki eða járnþaki	1,00 á m^3	1,00 á m^3	1,50 á m^3
b. — úr öðru efni	»	0,50 -	0,75 -
c. Votheyshlöður úr járnbentri steinsteypu með járnþaki	1,66 -	2,50 -	5,00 -
d. — úr ójárnbentri steinsteypu með járn-þaki	1,66 -	2,50 -	3,00 -
e. — úr öðru efni með járnþaki.....	0	0	0,75 -

Ber samanburðartaflan með sér, að aðaláherzlan er lögð á að hækka styrk fyrir túnasléttur upp í það, sem hann áður var, og að styðja sem bezt að framræslu, sem mjög hefir verið vanrækt til þessa.

Nýmæli er það að veita styrk til endurræktar á túnum og nýrækt, sem ekki hefir verið unnin með fullkominni aðferð, svo að samtals nemi styrk fyrir vel gerða sáðsléttu.

Jafnframt er í styrkveitingum meir miðað við vöndun jarðvinnslu og frágang verksins en áður. Verður að fela trúnaðarmönnum nákvæmt eftirlit í því efni, og eiga reglur þar að lútandi heima í reglugerð.

Þá er og lagt til að hækka styrk til betri hirðingar á verðmætustu efnum áburðarins.

Loks er lagt til, að styrkur til hlöðubygginga, einkum til votheysverkunar, verði hækkaður. Réttmætt þykir og að veita nokkurn styrk fyrir votheyshlöður úr öðru efni en steinsteypu Er þar þrennt haft í huga: 1. Að eigi er minnst ástæða til þess, að þeir fái styrksins notið, sem fátækastir eru og eigi hafa efni eða aðstöðu til að gera þær steyptar. 2. Að víða er eigi komin sú skipun á byggingar peningshúsa, að rétt sé að einbinda styrkinn nú þegar við steinsteypu. 3. Að víða gæti hentað að hafa votheyshlöður smærri og fleiri, en allar jafnvíðar, og fara síðan að dæmi ýmsra erlendra búhölda, að steypa eigi votheyshlöður í fullri hæð, heldur hafa efsta hlutann, allt að 2 metra, úr flekum, er setja megi saman og taka burt þegar sigið er, og nota þannig sömu flekana á margar steyputóftir. Er það sparnaður bæði fyrir bændur og ríkissjóð.

Einsætt er, að veita eigi styrk fyrir grjótnám, þar sem grjót er verðmætt til sölu, svo sem sumstaðar er í kaupstöðum.

Um 10. gr.

Þarf eigi skýringa.

Um 11. gr.

Hér er stefnt að því að jafna aðstöðu býlanna innbyrðis, með það fyrir augum að auðvelda svo fyrsta og erfiðasta ræktunaráfangann, að hægra verði um meiri umbætur síðar.

Þess er vænzt, að nýbýli í sveit geti, þegar nýbýlastyrk sleppir, komizt í tölu jarða samkv. skilgreiningu ábúðarlaga, og nái uppbótarstyrkur því einnig til þeirra.

Sjálfsagt þykir, að það sé skilyrði fyrir uppbót á styrk, að fullkomlega sé vandað bæði til undirbúnings á ræktunarlandinu og sjálfrar ræktunarinnar.

Um 12. gr.

Þar sem þess má vænta, að sumar þær sveitir, sem miður eru fallnar til sauðfjárræktar, snúi sér að nautgriparækt eingöngu, þykir rétt að hækka nokkuð hámarksstyrk til áburðargeymslna.

Eigi þykir rétt að setja hámark á styrk til votheyshlöðubygginga. Jafnar það aðstöðu þurrviðra- og votviðrahéraða. Tilraunir sýna og, að fóðra má að miklum hluta á votheyi, ef brýn er þörf.

Þar sem stefnt er að ákveðnu marki um ræktað land hverrar jarðar, en framræsluþörf er mjög misjöfn, þykir eigi rétt að binda styrk til hennar við ákveðna fyrirfram tiltekna upphæð, og er því lagt til, að hámarksákvæðin taki ekki til hennar. Hinsvegar er árshámark til annara ræktunarframkvæmda bundið við 600 kr. á býli, þar til býli hefir fengið 6000 kr. styrk.

Þá þykir og rétt að binda þann styrk, sem býli fær þar umfram, við 300 kr. árshámark.

Svo getur staðið á, t. d. er bóndi vill rækta land til undirbúnings fjölbýlis á jörð sinni handa óuppkomnum börnum, að eigi sé réttmætt að svipta jörð hans öllum rétti til framhaldsstyrks, þó að allmikið hafi þegar verið ræktað. Þykir því réttara að lækka heldur árshámarkið verulega, svo sem hér er lagt til.

Eigi þykir réttmætt, að hver einstaklingur í kaupstað hafi jafnan rétt fyrir sig **einan og hvert býli,** sem hver bóndinn situr fram af öðrum. Og með því að það er fremur tilgangur frv. að styrkja þá kaupstaðabúa, sem hafa stopula atvinnu, til þess að geta haft nokkra ræktun sér til stuðnings og þægilegra og hollara viðurværis, heldur en hitt, að stuðla að stórbúskap á dýru kaupstaðarlandi, þá er hér til varúðar lagt til, að árshámark sé hálfu lægra hjá slíkum einstaklingum en á lögbýlum. Því að venjulega ræktendur í kaupstöðum skiptir það ekki máli, þó að þeir fái ekki hærri ræktunarstyrk á ári en sem svarar styrk fyrir 1 ha.

Um 13. gr.

Þarf eigi skýringa.

Um 14. gr.

Þar sem svo margt er enn ónumið í íslenzkri jarðvegsfræði og ræktunaraðferðum, þykir nauðsyn að tryggja sem bezt framhaldstilraunir á því sviði, og miða allar reglur um gerð og tilhögun jarðabóta við niðurstöður þeirra tilrauna á hverjum tíma.

Tilraunaráð Búnaðarfélags Íslands var stofnað á síðasta búnaðarþingi, og virðist einsætt, að því sé ætlaður árlegur styrkur í fjárlögum til þeirra tilrauna, sem gerðar verða á vegum þess.

Um 15. gr.

Lagt er til, að þeir ábúendur þjóðjarða og kirkjujarða, sem eigi óska að taka ábúð samkvæmt erfðaábúðarlögum, hafi sama rétt sem þeir, er þess eiga ekki kost. En þar sem styrkurinn hækkar verulega, er haldið sömu hlutföllum sem nú eru.

Um III. kafla.

Rétt þykir að setja ýmis nánari ákvæði um félagsræktun en nú eru í lögum, svo sem um formlega stofnun ræktunarfélaga, samþykktir þeirra og staðfestingu á þeim. Þá hefir og þótt rétt að setja ákvæði um íhlutunarrétt sveitar- og bæjarstjórna, er sérstaklega stendur á. Ennfremur um aðstöðu ræktunarfélags til annara aðilja, er lönd eiga að því landi, sem tekið er til félagsræktunar.

Um 16. gr.

Sveitar- og bæjarstjórnir þykja vegna kunnugleika og annarar aðstöðu sjálfsagðar aðili um að gæta þess, að tryggður sé sá réttur einstakra félagsmanna, er í b-lið getur.

Rétt þykir, að í þessum kafla séu ákvæði, er taki til annarar félagsræktunar en þeirrar, sem bundin er við sameiginleg eignar- eða leiguumráð á landi, m. a. vegna nauðsynlegra ákvæða um afstöðu til annara aðilja (sbr. 20. gr.).

Um 17. gr.

Þarf eigi skýringa.

Um 18. gr.

Rétt þykir að setja ákvæði um samþykktir ræktunarfélaga og að þær séu staðfestar af ráðuneytinu.

Um 19. gr.

Vegna þeirra ræktunarfélaga, sem í miklar framkvæmdir kunna að ráðast, þykir rétt, að félögin séu skrásett.

Um 20. gr.

Rétt þykir, að fram sé tekið, að um þessi efni fari eftir ákvæðum vatnalaganna.

Um 21. gr.

Sveitar- og bæjarstjórnir eru sjálfkjörnir aðiljar, ef hætta þykir á, að ræktunarlönd þau, er í 16. gr. getur, geti við eigendaskipti komizt í fárra manna hendur, svo

að þrengist um ræktunarlönd fyrir aðra hrepps- eða bæjarbúa, og er því lagt til, að um þessi lönd gildi sömu ákvæði sem um forkaupsrétt á jörðum.

Um IV. kafla.

Við IV. kafla eru þessar breytingar helztar:

1. Fé verkfærakaupasjóðs skiptist milli hreppabúnaðarfélaga að hálfu eftir lögbýlafjölda, en að hálfu eftir tölu jarðabótamanna í búnaðarfélögum.
2. Styrkhæfum verkfærum fjölgað.
3. Heimilað að veita kvenfélögum styrk til tóvinnuvélakaupa.
4. Ákvæði sett um, að þeir búnaðarfélagar skuli jafnan ganga fyrir um styrkveitingar, er áður hafa fengið minnstan styrk.
5. Ákvæði um, að verkfæri til heimavinnu að ræktun, heyskap og tóvinnu gangi fyrir stærri verkfærum um styrkveitingu.

Um 22. gr.

Í kaupstöðum hafa menn þegar aflað sér þeirra jarðræktarvéla, sem mest eru notaðar. Hinsvegar henta ýmis heimilisverkfæri, svo sem hestaverkfæri, þar miður og eru lítt eða ekki notuð, nema þar, sem einn maður eða fleiri afla sér þeirra til að skapa sér sérstaka atvinnu með þeim í vinnu hjá öðrum, svo sem plægingarmenn við plægingu matjurtagarða, og þeir, er taka að sér vélslátt fyrir aðra sem atvinnu.

Einstaklingunum verður þar of dýrt að eiga sjálfir verkfærin, þó styrk fái, af því að notin verða svo lítil hjá hverjum vegna landsmæðar hjá hverjum einum. Fé hefir því safnazt fyrir frá ári til árs í verkfærakaupasjóði hjá sumum kaupstaðabúnaðarfélögum án þess að koma að notum, vegna aðstöðunnar.

Verkfærakaupaþörfin fer því hlutfallslega minnkandi í kaupstöðunum, þó að ræktun haldi þar áfram að aukast.

Í sveitum verða hinsvegar jafnan erfiðleikar á að eiga heimavinnuverkfæri í félagi. En þörfin á þeim vex eftir því, sem fleiri býli ræktast.

Og þar sem tilgangur sjóðsins hefir frá upphafi verið sá, „að létta undir með bændum", þykir það nær tilganginum að miða við tölu lögbýla en félagatölu, sem ekki er einu sinni bundin við neinar landsnytjar eða þátttöku í ræktun.

Er hér því lagt til, að hlutdeild hvers búnaðarfélags í fé verkfærakaupasjóðs fari að hálfu eftir tölu lögbýla og að hálfu eftir tölu jarðabótamanna ár hvert, en ekki að nokkru eftir félagatölu, eins og nú er í lögum.

Um 23. gr.

Réttmætt þykir að heimila, að kvenfélögum sé veittur styrkur til tóvinnuvélakaupa, og eru þar einkum hafðar í huga handspunavélar, sem vel hentar, að menn eigi í félagi. Mun þá eigi lakar lánast um fjáröflun til vélakaupanna og félagsnotkun þeirra síðar, að slík sameign sé í höndum kvenfélaga en búnaðarfélaga.

Að sjálfsögðu tekur 26. gr. til þessa ákvæðis.

Um 24. gr.

Auk þeirra verkfæra og véla, sem styrkur er nú veittur til að lögum, er og lagt til, að styrkur verði veittur til kaupa á verkfærum til grjótnáms, forardælum og múgavélum.

Að því mun geta komið í búnaðarfélögum, þar sem hver bóndi vinnur árlega að jarðabótum, að hver þeirra um sig hafi fengið 400 kr., eða hámarksstyrk samkv. gildandi lögum, til verkfærakaupa, þó enn bætist við séreign félagsins í verkfærakaupasjóði, enda mun þá, með verkfæraverði nú, vanta um 700 kr. til, að hver bóndi hafi fengið þann styrk, sem heimilt er að veita til kaupa á heimavinnuverkfærum samkv. gildandi lagaheimild, ef eigi væri svo bundið hámarkið.

Líklegt má og telja, að eitthvað af þeim verkfærum, sem ungur bóndi kaupir í byrjun búskapar, geti, m. a. vegna framfara í tækni og vélagerð, talizt ónothæft áður en hann hættir búskap, þó að verið hafi á sínum tíma af fullkomnustu gerð.

Þykir því eðlilegra, að í stað hámarksákvæðis þess, sem nú er í lögum, komi almennt ákvæði um, að þeir bændur skuli jafnan ganga fyrir um styrkveitingar til verkfærakaupa, er áður hafa fengið minnstan styrk. Verður að treysta Bf. Ísl. um eftirlit í því efni, og geta nánari ákvæði um það átt heima í reglugerð.

Um 25. gr.

Þykir rétt að styðja að því, að jarðabótavinnan geti að sem mestu leyti orðið heimavinna manna og hesta með verkfærum, sem heimilið á og gripið verður til þegar bezt hentar. Er því ætlazt til, að þau verkfærakaup gangi um styrkveitingar fyrir öðrum dýrari félagsverkfærum, sem orðið hafa sumum búnaðarfélögum allfjárfrek um rekstur og viðhald, m. a. vegna hinna dýru og erfiðu milliflutninga, þar sem eigi er því betri aðstaða.

Um 26.—28. gr.

Þurfa eigi skýringa.

Um V. kafla.

Þar sem eigi verður komizt hjá miklum halla af kaupum á nýjum vélum til tilrauna og af starfrækslu þeirra meðan á tilraununum stendur, þykir eigi verða hjá því komizt að ætla vélasjóði nokkurt rekstrarfé í fjárlögum

Um 29.—37. gr.

Þurfa eigi skýringa.

Um VI. kafla.

Búferlaflutningur að opinberri tilhlutan tekur svo mjög inn á atvinnusvið þeirra bænda, er fyrir verða, að gæta verður allrar varúðar áður en þau ráð eru tekin. Verður að treysta sveitarstjórnum bezt til að gæta réttar einstaklinga og heildar í því efni, og því þykir rétt að veita sveitar- og héraðsstjórnum meira vald um þessi mál en nú er í lögum.

Það þykir og sanngjarnt, að ábúandi jarðar, sem svipt hefir verið jarðabótastyrk, fái nokkru meiri bætur en nú er í lögum fyrir skaða sinn, og þó einkum meiri tryggingu fyrir því, að fjölskylda hans fái fremur upp borið kostnað hans við stofnun nýbýlis, ef hann sjálfur fellur fljótlega frá eftir stofnun þess.

Um 38. gr.

Þarf eigi skýringa.

Um 39. gr.

Þar sem nauðsynlegt getur verið, að haldið sé við byggð á afskekktum jörðum vegna gistingar fyrir ferðamenn eða vegna síma- og vega-eftirlits, þykir rétt, að leitað sé álits vegamálastjóra og póst- og símamálastjóra, áður til þess er stofnað, að jörð sé lögð í eyði að opinberri tilhlutan.

Af sömu ástæðum m. a. þykir og rétt, að málið komi einnig til umsagnar sýslunefndar áður en felldur er fullnaðarúrskurður.

Um 40. gr.

Það getur skipt lítið sveitarfélag svo miklu, ef stefnt er til eyðingar eins eða fleiri býla innan hreppsins, að eigi þykir fært, að jörð sé svipt jarðræktarstyrk gegn tillögum hreppsnefndar og sýslunefndar.

Um 41. gr.

Lagt er til, að ríkissjóður greiði að fullu mismun fasteignamatsverðs og söluverðs að mati úttektarmanna, ef lægra er. Þykir rétt, að úttektarmenn meti, því að

fara má í kringum núgildandi ákvæði. Rétt þykir, að kveðið sé á um, að hvers dómi nýbýlisland skuli vera nægilegt, og ætti Bf. Ísl. að vera þar um réttur dómari.

Sýnt er, að fjölskylda ábúanda ber skarðan hlut, ef hann fellur frá, er hann hefir stofnað nýbýlið og kona hans er dáin eða má eigi við bú haldast. Er því lagt til, að niðji hans njóti sama réttar það sem eftir er þess tíma, er ætla má, að lífstíðarábúð taki að jafnaði.

Um VII. kafla.

Í þessum kafla eru allmargar breytingar frá því, sem nú er í lögum. Miða sumar þeirra að því að tryggja rétt heildarinnar, svo sem um rétt bæja og kauptúna til leigulands, sem síðar þarf á að halda undir byggingarlóðir, ef byggð vex örar en fyrir varð séð. Aðrar breytingar lúta hinsvegar að því að styrkja aðstöðu einstakra ræktenda, t. d. ef leiguhafi ræktunarlands fær eigi af einhverjum ástæðum ræktað það, sem tilskilið er á ári hverju.

Þá hefir og þótt ástæða til að setja nánari ákvæði um nokkur þau atriði, er reynsla síðari ára í þessu efni gefur tilefni til, svo sem um viðhald ræktunarmannvirkja á erfðaleigulöndum og rétt sveitar- og bæjarstjórna, ef vanefndir verða.

Um 42. gr.

Það er meginhugsun kafla þessa, að ræktunarlönd þau í kauptúnum og kaupstöðum, sem eigendur ekki rækta sjálfir, komist í eign hrepps eða bæjarfélags til sundurskiptingar á erfðaleigu. Og er hreppsnefndum og bæjarstjórnum veitt sérstök aðstaða til þess að festa sér slík lönd, ef þau eru í einstaklingseign og fást eigi leigð til ræktunar á erfðaleigu með góðum kjörum. Þykir því rétt að miða fyrirmæli þessarar greinar við þau ræktunarlönd, sem í opinberri eign eru, enda mundi ella of nærri gengið ákvæðum stjórnarskrárinnar, a. m. k. á meðan ekki eru sett almenn lagaákvæði um hámarksleigu á jörðum, lóðum og lendum.

Um 43.—44. gr.

Þurfa eigi skýringa.

Um 45. gr.

Rétt þykir, að um heimild bæjar- og sveitarstjórna til að taka land leigu- eða eignarnámi til ræktunar séu fyrirmælin hliðstæð ákvæðum 81. gr. vatnalaganna, þannig að heimild frá ráðherra þurfi til leigu- eða eignarnáms í hvert sinn, þegar Búnaðarfélag Íslands telur nauðsyn bera til.

Varhugavert þykir að gefa slíka almenna eignar- eða leigunámsheimild, ef landið er í öðrum hreppi eða lögsagnarumdæmi og hreppsnefnd þar mótmælir. Gæti þar verið of opin leið til að ganga á rétt annara sveitarfélaga, og þykir því rétt, að þar verði sérstök lagaheimild að koma til í hvert sinn.

Um 46. gr.

Það gæti leitt til óafsakanlegs misréttis, ef gefin væri ótakmörkuð eignar- eða leigunámsheimild á öllu landi jarða í nánd við kauptún eða kaupstaði, svo að ábúendur þeirra væru ef til vill alveg sviptir atvinnuaðstöðu sinni. Þykir því eigi rétt, að hin almenna eignarnáms- og leigunámsheimild nái lengra en svo, að ábúanda eða eiganda slíkrar jarðar sé eftir sem áður tryggð aðstaða til búrekstrar framvegis á jörðinni, að dómi Bf. Ísl., en ella verði sérstök lagaheimild að koma til.

Um 47. gr.

Sjaldnast mundi liggja fyrir fasteignamat á hverri skák, þegar gera þarf erfðaleigusamning. Verður því að fara fram sérstakt mat á landinu, er getur verið mismunandi eftir legu, væntanlegum framræslu- eða grjótnámskostnaði og öðrum aðstöðumun milli skáka innbyrðis, er eigi kemur fram í hinu almenna fasteigna-

mati. Virðist því sérstakt mat í hvert sinn eða á samskonar löndum verða réttlátastur mælikvarði við ákvörðun afgjalds.

Þar sem hrepps- og bæjarfélög munu að jafnaði verða að taka lán til ræktunarmannvirkja á erfðaleigulöndum, þykir ekki fært að setja hámark mannvirkjagjalds lægra en 5%, sbr. vexti Ræktunarsjóðs, enda mundi óvíða að vænta stórra framlaga af þeirra hendi ella.

Um 48. gr.

Þarf eigi skýringa.

Um 49. gr.

Rétt þykir, að leiguhafa sé gert að skyldu í upphafi að láta erfðaleiguland af hendi, ef byggð vex svo, að nauðsyn sé á landinu til sundurskiptingar í byggingarlóðir; ella gæti óeðlileg verðhækkun af hlotizt. En tryggja verður leiguhafa jafnframt endurgjald fyrir leiguréttindi og kostnað við ræktun og önnur mannvirki betur en nú er í lögum.

Um 50. gr.

Þarf eigi skýringa.

Um 51. gr.

Staðið getur svo á, að leiguhafi geti eigi eitthvert ár ræktað 1/10 erfðaleigulands síns, vegna sjúkdóms eða annara óviðráðanlegra atvika það ár, og tekur þetta einkum til verkamanna og annara, sem minnst hafa efnin.

Er þá ósanngjarnt, að leiguhafi missi fyrir það erfðaleiguréttinn bótalaust, eins og nú er í lögum. Auk þess verður vandaðri fullnaðarræktun oft vart við komið fyrr en á 3.—4. ári. Þykir því rétt að miða við, að 1/10 ræktunarmannvirkjanna sé unninn á ári hverju að meðaltali, þegar framræsla, grjótnám og annar undirbúningur er meðtalinn. Heimilað er og málskot til Búnaðarfélags Íslands.

Þá þykja það og allharðir kostir, ef leiguhafi hefir lagt í mikinn kostnað, að leigusali greiði honum alls ekkert fyrir unnin mannvirki, ef hann er sviptur réttindum sínum. Þykir því ekki mega minna vera en að leiguhafi fái endurgreiddan helming ræktunarkostnaðar, að frádreginni fyrningu, ef leiguréttur inn er af honum tekinn.

Um 52. gr.

Allvíða er mjög áfátt viðhaldi ræktunarmannvirkja á erfðaleigulöndum, einkum framræsluskurða. Geta vanefndir í því efni eigi aðeins valdið leiguhafanum sjálfum tjóni, heldur og öðrum, er lönd eiga í nánd.

Er því nauðsyn að tryggja rétt hreppsnefnda og bæjarstjórna til aðgerða á kostnað leiguhafa, ef eigi verður á annan veg ráðin bót á.

Um 53. gr.

Þarf eigi skýringa.

Um VIII. kafla

Um 54. gr.

Eigi þykir ástæða til að setja hér refsiákvæði um brot starfsmanna Búnaðarfél. Íslands gegn öðrum reglum, sem þeim eru settar í erindisbréfi, en þeim, sem settar eru vegna laga þessara, og er því lagt til, að þessu sé breytt.

Um 55.—56. gr.

Þurfa eigi skýringa.

Ed. 318. Nefndarálit

um frv. til l. um tekjur bæjar- og sveitarfélaga.

Frá minni hl. allsherjarnefndar.

Nefndin varð ósammála um afgreiðslu þessa máls. Meiri hlutinn hefir lýst afstöðu sinni á þskj. 294, svo langt sem hún nær. Minni hlutinn telur útilokað, að málið verði afgreitt á yfirstandandi þingi, þar sem kunnugt er, að innan þingflokkanna eru mjög skiptar skoðanir um, hvaða tekjuöflunarleiðir fara skuli handa bæjum og sveitarfélögum umfram þá skattstofna, er þeir nú ráða yfir. Samkv. frv. er bent á þrjár leiðir:

1. 15% aðflutningsgjald umfram það, sem nú er, á allar helztu lífsnauðsynjar almennings.
2. 10% af nettóhagnaði verzlunarstofnana ríkisins.
3. 1% af andvirði seldrar framleiðslu síldarverksmiðja ríkisins.

1. og 3. er ég mótfallinn.

15% gjaldið eykur dýrtíð á nauðsynjum almennings, sem sjálfsagt er að komast hjá. 1% skattur á ríkisverksmiðjurnar er tekinn af útvegsmönnum og sjómönnum, er við þær skipta, enda er þessu gjaldi ætlað að koma að notum þeim bæjar- og sveitarfélögum, þar sem verksmiðjurnar eru reknar. Tekjuauki eftir frv. er áætlaður 825 þús., og skiptingu þess milli bæjar- og sveitarfélaga er þann veg háttað samkvæmt því, að sýnt þykir, að bæjarfélögin beri þar skarðan hlut. Um þörfina fyrir nýjan skattstofn handa bæjar- og sveitarfélögum má einnig deila; en í því sambandi má benda á ráðstöfun Alþingis 1936 um Kreppulánasjóð bæjar- og sveitarfélaga, sem öll bæjarfélög og 82 sveitarfélög hafa notið góðs af.

Ýmsar aðrar ráðstafanir hafa verið gerðar, sem smátt og smátt verka á þann veg, að hin raunverulega útgjaldabyrði bæjar- og sveitarsjóðanna hlýtur að minnka, og þá sérstaklega fyrir sveitarfélögin. Í því sambandi má nefna lögin um alþýðutryggingar, sem hafa það markmið að gera einstaklinginn fjárhagslega sjálfstæðan, þótt hann verði fyrir óviðráðanlegum óhöppum af völdum sjúkdóma, slysa o. s. frv. Það verður því að teljast neyðarúrræði af hálfu löggjafarvaldsins, að leggja nú nýja skattabyrði á nauðsynjavörur almennings, sem vitandi vits kemur harðast niður á þeim, sem af litlu eða engu hafa að taka. Sú leið, sem nú er farin í skattaálögum handa bæjum og sveitum, að leggja á eftir efnum og ástæðum, er sú rétta, og hefir hún gilt um langt skeið í landinu. Hrökkvi það ekki til fyrir óumflýjanlegum útgjöldum, sem fyrir getur komið, er um ýmsar leiðir að ræða til tekjuöflunar án þess að skattleggja nauðsynjar almennings, t. d. skatt af fasteignum, er eingöngu rynni til bæja og sveita, skatt af skemmtunum, rekstur kvikmyndahúsa, verðhækkunarskattur af lóðum og lendum o. s. frv.

Að öllu þessu athuguðu tel ég, að mál þetta þurfi meiri íhugunar með en orðið er, og vilji þjóðarinnar um setning slíkrar löggjafar og þeirrar, er fyrir liggur, sé ekki fyrir hendi.

Alþingi, 14. apríl 1937.

Sigurjón Á. Ólafsson.

Nd. 319. Breytingartillögur

við frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja jörðina Grísartungu í Staðholtstungnahreppi.

Frá Páli Zóphóníassyni.

1. 1. gr. orðist svo:

Ríkisstjórninni heimilast að selja Borgarnes- og Borgarhreppi í Mýrasýslu jörðina Grísartungu í Staðholtstungnahreppi, ásamt hálfum Víðidal öllum,

sem áður var eign Svignaskarðs, eða landsvæði því, er kallað er Staðartunga og áður lá undir Stafholt, ef ekki verða makaskipti á Staðartungu og hálfum Viðidal öllum.

Lágmarkssöluverð skal vera fasteignarmatsverð, og skal hvorttveggja selt með því skilyrði, að löndin séu notuð til upprekstrar, en ekki ábúðar.

2. 2. gr. orðist svo:

Dómkvaddir menn skulu meta þá teknarýrnun, sem Stafholtstungnahreppur verður fyrir við það, að ábúð leggst niður á Grísartungu, og skal Borgarnes- og Borgarhreppur bæta Stafholtstungnahreppi að fullu þann tekjumissi.

3. 2. gr. verði 3. gr.

Nd. 320. Nefndarálit

um frv. til laga um skipting á fasteignaveðslánum.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefir athugað frumvarpið og leggur til, að það verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGUM.

1. Við 1. gr. Í stað orðanna „þegar skipta á jörð í fleiri sjálfstæð býli“ komi: þegar skipta á jörð í tvö eða fleiri sjálfstæð býli.
2. Við 2. gr. Í stað orðanna „eftir að skipti fara fram“ komi: eftir að mats var óskað.
3. Við 4. gr. Á eftir orðunum „enda skal“ komi: að dómi hlutaðeigandi lánsstofnunar.

Alþingi, 15. apríl 1937.

Sigfús Jónsson, form., frsm. Gunnar Thoroddsen, fundaskr. Ásg. Ásgeirsson.
Ólafur Thors. Stefán Jóh. Stefánsson.

Nd. 321. Breytingartillaga

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 14 9. janúar 1935, um síldarverksmiðjur ríkisins (þskj. 14).

Frá Gísla Guðmundssyni.

Aftan við frv. bætist ný gr., sem verður 5. gr., svo hljóðandi:
Lög þessi falla úr gildi 31. desember 1937.

Ed. 322. Nefndarálit

um frv. til l. um hafnargerð á Þórshöfn.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefir athugað frv. og borið það saman við hin yngri hafnarlög, sem afgreidd hafa verið frá Alþingi. Leggur nefndin til, að frv. verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 15. apríl 1937.

Ingvar Pálmason, form., frsm. Sigurjón Á. Ólafsson, fundaskr. Jón A. Jónsson.

Nd. 323. Nefndarálit

um frv. til l. um friðun hreindýra.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin leggur til, að frv. verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 14. apríl 1937.

Bjarni Ásgeirsson, form. Páll Zóphóníasson, fundaskr. Pétur Ottesen, frsm.
Jón Pálmason. Emil Jónsson.

Nd. 324. Frumvarp til laga

um útrýmingu sels í Húnaósi.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Veiðifélag Vatnsdalsár skal hafa einkarétt til að útrýma sel úr Húnaósi. Ræður stjórn félagsins mann eða menn til starfans.

2. gr.

Presturinn í Steinnesi fái bætur fyrir missi heimatekna vegna selveiði í Húnaósi. Ríkissjóður greiði bæturnar eins og þær eru metnar.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. 325. Nefndarálit

um frv. til laga um útrýmingu sels í Húnaósi.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin leggur til, að frv. verði samþykkt. Á fund vantaði JBald.

Alþingi, 15. apríl 1937.

Páll Hermannsson, form. Pétur Magnússon, frsm.

Nd. 326. Breytingartillaga

við till. til þál. um rannsókn verkefna fyrir unga menn.

Frá Gunnari Thoroddsen.

Tillgr. orðist svo:

Neðri deild Alþingis ályktar að kjósa með hlutfallskosningu nefnd þriggja manna til þess að framkvæma ýtarlega rannsókn á atvinnuleysi ungra manna í

landinu og orsökum þess, og gera tillögur um, á hvern hátt bezt verði ráðið fram úr því. Skal nefndin m. a. miða tillögur sínar við það, að unglingarnir hljóti verklega og bóklega kennslu og verði fyrir hollum uppeldisáhrifum, að stofnað verði til sjálfboðavinnu við þjóðnytjaverk, og að ráðstafanir vegna atvinnulausra unglinga dragi sem minnst úr atvinnumöguleikum fullfíða manna.

Nefndin sé ólaunuð.

Ed. 327. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 103 3. maí 1935, um breyt. á l. nr. 72 7. maí 1928, um hvalveiðar.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefir athugað frv. og telur eftir atvikum rétt að mæla með frv. óbreyttu. Hinsvegar leggur nefndin áherzlu á, að lögunum sé framfylgt til hins ýtrasta, sérstaklega ákvæðinu um, að íslenzkir sjómenn hafi atvinnu á skipunum og að strangt eftirlit sé haft með því, að hvalleifar, sem ekki eru hagnýttar, séu fluttar burt á þann stað, að þær valdi ekki tjóni búpeningi manna eða óhollustu fólki því, er við verksmiðjuna vinnur eða býr í námunda við hana. Nefndin hefir ástæðu til að ætla, að fulls öryggis hafi ekki verið gætt í þessu efni á þeim tveimur árum, sem verksmiðjan hefir starfað, og leggur því áherzlu á, að úr þessu verði bætt framvegis.

Alþingi, 15. apríl 1937.

Ingvar Pálmason, form.	Sigurjón Á. Ólafsson, fundaskr., frsm.	Jón A. Jónsson.

Ed. 328. Nefndarálit

um heimild fyrir ríkisstjórnina til síldveiða með botnvörpu á fjörðum inni.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin er sammála um, að fullkomin nauðsyn sé til að athuga og gera tilraunir um slíkan veiðiskap sem þann, er frv. fer fram á, og mælir með því, að það verði samþykkt.

Nánar í framsögu.

Alþingi, 15. apríl 1937.

Ingvar Pálmason, form.	Sigurjón Á. Ólafsson, fundaskr., frsm.	Jón A. Jónsson.

Ed. 329. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 21 15. júní 1926, um veitingasölu, gistihúshald o. fl.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefir athugað frv. og leggur til, að það verði samþ. óbreytt.

Alþingi, 15. apríl 1937.

Sigurjón Á. Ólafsson, form., frsm.	Ingvar Pálmason, fundaskr.	Magnús Guðmundsson.

Nd. 330. Nefndarálit

við frv. til l. um virkjun Laxár í Suður-Þingeyjarsýslu.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefir orðið ásátt um að mæla með því, að frv. verði samþykkt. SigfJ, ÁÁ og StJSt áskilja sér rétt til að bera fram breytingartill. við frv.

Alþingi, 14. apríl 1937.

Sigfús Jónsson, form. Gunnar Thoroddsen, fundaskr. Ólafur Thors, frsm.

Stefán Jóh. Stefánsson. Ásg. Ásgeirsson.

Nd. 331. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. um Landsbanka Íslands, nr. 10 15. apríl 1928.

Frá minni hl. fjárhagsnefndar.

Nefndin hefir ekki getað orðið sammála um afgreiðslu frv. Meiri hl. nefndarinnar (GTh, ÓTh og SigfJ) er frv. andvígur. Við, sem orðið höfum í minni hl. í nefndinni, leggjum til, að frv. verði samþykkt, en áskiljum okkur að bera fram eða vera með breytingartill. við einstök atriði frv.

Alþingi, 15. apríl 1937.

Stefán Jóh. Stefánsson, frsm. Ásg. Ásgeirsson.

Nd. 332. Nefndarálit

um frv. til l. um skiptameðferð á búi h/f Kveldúlfs í Reykjavík.

Frá minni hl. fjárhagsnefndar.

Einstök atriði frv. hafa ekki verið rædd í nefndinni, og hefir því ekki komið til athugunar neitt samkomulag um breyt. á frv. Frá meiri hl. nefndarinnar (GTh, ÓTh og SigfJ) mun koma tillaga til afgreiðslu málsins með rökstuddri dagskrá. Ég er þeirri tillögu mótfallinn, en legg til, að frv. verði samþykkt.

Alþingi, 15. apríl 1937.

Stefán Jóh. Stefánsson.

Sþ. 333. Þingsályktun

um meðferð utanríkismála o. fl.

(Afgreidd frá Sþ. 15. apríl).

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að undirbúa nú þegar, í samráði við utanríkismálanefnd, þá tilhögun á meðferð utanríkismála, innanlands og utan, sem

bezt kann að henta, er Íslendingar neyta uppsagnarákvæðis sambandslaganna og taka alla meðferð málefna sinna í eigin hendur. Tillögur um mál þessi séu síðan lagðar fyrir Alþingi. Allur kostnaður við undirbúning málsins greiðist úr ríkissjóði.

Nd. 334. Tillaga til þingsályktunar

um hafnarbætur á Raufarhöfn.

Flm.: Gísli Guðmundsson, Finnur Jónsson.

Neðri deild Alþingis ályktar að fela ríkisstjórninni að láta á næsta sumri rannsaka möguleika til hafnarbóta á Raufarhöfn og gera áætlun um kostnað við þær.

Greinargerð.

Mikil þörf væri á, sérstaklega vegna síldveiðiflotans, að gera ýmsar umbætur á höfninni á Raufarhöfn. Kemur þar til greina dýpkun á hluta hafnarinnar o. fl. Enn þá liggur þó ekki fyrir fullnægjandi rannsókn um, á hvern hátt hafnarbótunum yrði bezt fyrir komið eða um kostnað við þær, og er nauðsynlegt, að slík rannsókn fari fram sem allra fyrst. — Nánar í framsögu.

Ed. 335. Lög

um bæjanöfn o. fl.

(Afgreidd frá Ed. 15. apríl).

Samhljóða þskj. 279.

Nd. 336. Breytingartillaga

við frv. til laga um virkjun Laxár í Suður-Þingeyjarsýslu.

Frá Stefáni Jóh. Stefánssyni og Ásgeiri Ásgeirssyni.

Í stað orðanna „Ríkisstjórnin ábyrgist“ í upphafi 3. gr. frv. komi: Ríkisstjórninni er heimilt að ábyrgjast.

Nd. 337. Breytingartillögur

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 43 19. júní 1933, um stjórn vitamála og um vitabyggingar.

Frá Thor Thors.

Við 1. gr.

1. Framan við greinina bætist:
   Á eftir orðunum „Á Búðahrauni ... ljósviti“ í 9. gr. laganna komi: Við Grundarfjörð ... ljósviti.
2. Stafliðirnir breytist samkv. þessu.

Nd. 338. Frumvarp til laga

um varnir gegn útbreiðslu borgfirzku sauðfjárveikinnar.

Frá landbúnaðarnefnd.

1. gr.

Landbúnaðarráðherra hefir yfirstjórn varnarráðstafana þeirra, er um getur í lögum þessum. Hann skipar framkvæmdarstjóra, er stjórni vörnunum, og varamann hans.

Sýslunefndir velja einn mann hver fyrir sína sýslu, er sé framkvæmdarstjóra til aðstoðar um framkvæmd varnanna í þeirri sýslu, enda hafi hann á hendi umsjón þeirra undir stjórn framkvæmdarstjóra, þar á meðal ráðningu varðmanna innan sýslu og eftirlit með starfi þeirra.

2. gr.

Framkvæmdarstjóra er heimilt að láta fara fram rannsókn á heilbrigði sauðfjár hjá öllum sauðfjáreigendum í landinu, eftir því sem honum þykir þörf á. Þá skulu og hreppstjórar, hver í sínum hreppi, tilkynna framkvæmdarstjóra, ef vart verður við veiki í sauðfé í hreppnum, er teljast megi grunsamleg.

3. gr.

Nú telur hreppstjóri, að líkur séu fyrir, að borgfirzka fjárpestin sé á einum eða fleiri bæjum á þeim svæðum, sem ráðstafanir eru gerðar til að verja, og er honum þá heimilt, ef ekki fæst um það samkomulag við fjáreiganda, að láta slátra kind eða kindum, til þess að fá úr því skorið við rannsókn, hvort um sé að ræða borgfirzku fjárveikina eða ekki. Greiða skal úr ríkissjóði bætur fyrir slíkar kindur, allt að verðlagsskrárverði, ef ástæður mæla með, að dómi framkvæmdarstjóra.

4. gr.

Til varnar gegn útbreiðslu fjárpestarinnar skal girða með fimmþættri gaddavírsgirðingu, eða jafngildri girðingu úr öðru efni, að dómi framkvæmdarstjóra:

a. Á mörkum milli Mýra- og Dalasýslu annarsvegar og Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu hinsvegar, þó þannig, að Hörðudalur verði, eftir því sem við verður komið, Snæfellsnessýslu megin við girðinguna.
b. Milli Hvammsfjarðar og Hrútafjarðar.
c. Milli Gilsfjarðar og Bitrufjarðar.
d. Frá ósum Andakílsár í Geitlandsjökul og úr þeirri girðingu í Þingvallagirðinguna með álmu í Hvalfjörð.
e. Frá Norðurá neðst í Norðurárdal og í Hrútafjörð.
f. Milli afrétta Borgfirðinga og Húnvetninga.

Til að koma í veg fyrir fjársamgöngur skal ennfremur setja verði eins og hér segir:

Milli Hofsjökuls og Langjökuls, og meðfram Eystri Héraðsvötnum, Jökulsá eystri, Blöndu, Þjórsá, Brúará, Hvítá í Árnessýslu og Sogi. Nú þykir eigi öruggt, að heftar verði samgöngur sauðfjár með varðmönnum eingöngu á þessum svæðum, og er þá framkvæmdarstjóra heimilt að láta setja þar upp girðingar, eftir því sem nauðsyn ber til.

Ennfremur skal hafa varðmenn meðfram þeim girðingum, sem um getur í a.—f.-lið þessarar greinar, og við hlið á þjóðvegum og brýr hvarvetna þar, sem það hefir þýðingu fyrir varnirnar. Ennfremur skal hafa varðmenn meðfram þeim girðingum, er komið verður upp samkvæmt 5. og 6. gr. Tölu varðmanna ákveður framkvæmdarstjóri í samráði við trúnaðarmenn sýslnanna.

5. gr.

Hreppsnefndirnar í öllum hreppum og hreppshlutum í Mýrasýslu, vestan Norðurár í Vestur-Húnavatnssýslu og Austur-Húnavatnssýslu skulu hver út af fyrir sig eða fleiri í sameiningu koma upp girðingum til að geyma í sjúkt og grunað fé, svo fljótt sem unnt er vorið 1937. Þegar talað er um sjúkt og grunað fé í lögum þessum, er átt við fé á þeim bæjum, sem borgfirzku sauðfjárveikinnar hefir orðið vart.

Veita skal úr ríkissjóði til slíkra girðinga 40 aura styrk á lengdarmetra, ef um nýjar girðingar er að ræða, en ella minna, eftir tillögu framkvæmdarstjóra, enda samþykki hann girðingarstæði, gerð girðingar og annað, er að því lýtur.

Að öðru leyti greiðist kostnaður við þessar girðingar úr sveitarsjóði eða sveitarsjóðum, ef fleiri en einn hreppur eru um girðinguna í samlögum.

6. gr.

Árnessýslu, Gullbringu- og Kjósarsýslu, Reykjavík, Hafnarfirði, Borgarfjarðarsýslu sunnan Andakílsár, Dalasýslu og Skagafjarðarsýslu skal skylt að koma upp, þegar eftir að lög þessi hafa öðlazt gildi, að minnsta kosti einni girðingu fyrir hverja sýslu og kaupstað, til þess að setja í og geyma allt sjúkt og grunað fé, sem vart verður við innan sýslunnar eða kaupstaðarins.

Sýslunefndir og bæjarstjórnir skulu velja land fyrir girðingar þessar í samráði við framkvæmdarstjóra.

Girðingar þessar skulu styrktar með framlagi úr ríkissjóði samkvæmt ákvæðum 5. gr., en að öðru leyti greiðist kostnaðurinn við þær úr viðkomandi sýslu- eða bæjarsjóði. Heimilt er sýslunefnd og bæjarstjórn að jafna þeim kostnaði niður á sauðfjáreigendur eftir fjártölu, og skal gjaldið innheimt á manntalsþingum.

Um gerð þessara girðinga gilda ákvæði 4. gr.

Ef til er í sýslunni eða kaupstaðnum girðing, sem sýslunefnd eða bæjarstjórn hefir umráð yfir, og að dómi framkvæmdarstjóra má nota í þessu skyni, þá eru þessir aðiljar þar með leystir undan skyldunni um það að koma upp nýjum girðingum. Nú þykir hentara, að Reykjavík og Hafnarfjörður séu í félagi við Gullbringu- og Kjósarsýslu með girðingu, og er það þá heimilt.

Nú kemur í ljós, að dómi framkvæmdarstjóra, að þörf er á slíkum girðingum í fleiri sýslum og kaupstöðum en hér hafa verið taldir, og gilda þá um þær framkvæmdir sömu reglur sem að framan greinir.

7. gr.

Framkvæmdarstjóri getur, ef honum þykir nauðsyn bera til eða betur henta, breytt legu girðinga þeirra, er um getur í 4. gr.

8. gr.

Heimilt er að leggja girðingar þær, sem um getur í 4. gr., um lönd einstakra manna og afrétti, eftir því sem framkvæmdarstjóri telur haganlegast.

Nú næst ekki samkomulag við landeiganda um land undir girðingar þær, sem um getur í 5. og 6. gr., og er þá ríkisstjórninni heimilt, að fengnum tillögum framkvæmdarstjóra, að taka land í þessu skyni leigunámi fyrir hönd viðkomandi hreppsnefnda eða sýslunefnda, og fer þá um leigunámið eftir ákvæðum laga nr. 61 14. nóv. 1917, um framkvæmd eignarnáms.

9. gr.

Nú hafa bændur á einstökum bæjum á svæðinu milli Andakílsár í Borgarfirði og Norðurár í Mýrasýslu, einir sér eða fleiri í félagi, aðstöðu til, að dómi framkvæmdarstjóra, að einangra fé sitt í girðingum, enda sé fé þeirra enn ósýkt, og njóta þeir þá styrks úr ríkissjóði til girðinga, allt að 25 aurum á metra, miðað við kostnað við að koma upp nýrri girðingu. Sama gildir um styrk til að koma upp girðingu til geymslu fjár þeirra bænda í Sandvíkur- og Eyrarbakkahreppum í Árnessýslu, sem undanfarið hafa rekið fé sitt á Grímsnesafrétt.

10. gr.

Nú kemur veikin upp á þeim svæðum, sem ráðstafanir eru gerðar til að hefta útbreiðslu veikinnar á samkvæmt lögum þessum, og skal viðkomandi hreppstjóri þá sjá um, að fé á þeim bæjum, sem veikin kemur upp á, sé tafarlaust einangrað, og er hreppstjóra, þegar svo er ástatt, heimilt um stundarsakir að ráða mann til að gæta fjárins, enda fer um kostnað þann, sem af því leiðir, sem um kostnað við verði.

Hreppstjóri tilkynnir þegar framkvæmdarstjóra, hversu ástatt er, en framkvæmdarstjóri leggur fyrir viðkomandi sýslunefnd eða bæjarstjórn að sjá um, að annaðhvort verði gert, að fénu verði komið út af því svæði, sem ráðstafanir eru gerðar til að verja, eða það geymt í girðingu, samkv. 6. gr.

11. gr.

Nú hefir rannsókn leitt í ljós, að borgfirzka sauðfjárveikin er komin á heimili, og skal þá þegar merkja allt fé á heimilinu greinilega með sterkum bláum lit á horn eða haus, enda er öðrum óheimilt að nota þennan lit til að merkja með sauðfé.

12. gr.

Hreppstjórar skulu sjá um, að haft sé strangt eftirlit með því í réttum að hausti, að allar veikar kindur, er þar koma fyrir, séu tafarlaust einangraðar.

13. gr.

Flutningur sauðfjár yfir varnarlínur þær, er um getur í 4. gr., er bannaður, nema samþykki framkvæmdarstjóra komi til.

14. gr.

Framkvæmdarstjóra er heimilt að ráðstafa fé á afrétti og í heimahögum, ef nauðsyn ber til vegna varnanna.

15. gr.

Leyni fjáreigandi veiki í sauðfé sínu, skal hann sæta sektum eftir lögum þessum.

16. gr.

Nú neitar fjáreigandi, að skoðun fari fram á fé hans, og er hreppstjóra þá heimilt að láta framkvæma skoðun á hans kostnað.

17. gr.

Hreppstjórar skulu, hver í sínum hreppi, hafa eftirlit með því, að ákvæðum þessara laga sé hlýtt.

18. gr.

Allur kostnaður við girðingar og verði, sbr. 4. gr., greiðist að $^3/_5$ hlutum úr ríkissjóði og þeim hluta bjargráðasjóðs, sem er sameign allra landsmanna, $^3/_{10}$ af hvorum aðilja, en $^2/_5$ sé jafnað niður á alla sauðfjáreigendur í landinu, að undanteknum þeim, sem búa í Mýra- og Borgarfjarðarsýslum á svæðinu milli Andakílsár og Norðurár, og þeim hreppum, sýslum eða sýsluhlutum og kaupstöðum, sem koma upp girðingum samkvæmt 5. og 6. gr.

Landbúnaðarráðuneytið jafnar gjaldi þessu árlega niður eftir síðasta fjárframtali á þau sýslufélög, eða hluta úr sýslufélögum, er þátt taka í greiðslunni, en þó ekki hærri fjárhæð á ári hverju en sem svarar 10 aurum á kind. Sýslumenn jafna gjaldinu milli hreppa eftir sömu reglu, og innheimta það með sýslusjóðsgjöldum. Hreppsnefndum er í sjálfsvald sett, hvort þær jafna gjaldi þessu niður á fjáreigendur, eða hvort þær greiða það beint úr sveitarsjóði.

19. gr.

Landbúnaðarráðherra er heimilt að gera hverja þá ráðstöfun, er hann álítur nauðsynlega til að hindra útbreiðslu veikinnar og útrýma henni, og er honum heimilt að verja í þessu skyni fé úr ríkissjóði eftir því, sem hann telur nauðsynlegt.

Ríkisstjórninni er heimilt, eftir því sem þörf krefur, að taka lán til að greiða kostnað þann, er leiðir af framkvæmd þessara laga, að því leyti sem hann er ekki greiddur úr bjargráðasjóði. Sá hluti kostnaðarins, sem héruðunum ber að greiða, sbr. 18. gr., endurgreiðist ríkissjóði með þeim hætti, er þar segir.

20. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum, allt að 10000 kr., og skal með mál út af slíkum brotum farið sem almenn lögreglumál.

21. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er samið af landbúnaðarnefnd, og er það byggt á gögnum þeim, sem fyrir nefndina voru lögð af nefnd þeirri, sem ráðherra skipaði til að gera tillögur um varnir gegn útbreiðslu borgfirzku fjárveikinnar.

Í framsögu verður gerð grein fyrir málinu í heild.

Nd. 339. Nefndarálit

um frv. til l. um einkaleyfi til hampspuna.

Frá minni hl. sjávarútvegsnefndar.

Nefndin hefir athugað málið, og vilja þrír nefndarmenn leggja til, að frv. nái fram að ganga. JJós mun skila sérstöku nefndaráliti. Tveir nefndarmenn (SK og BJ) voru eigi viðstaddir afgr. málsins, en undirritaðir leggja til, að frv. verði samþ. með eftirfarandi

BREYTINGUM.

1. Við 1. gr. Greinin orðist svo:
   Ríkisstjórninni heimilast að veita h/f Hampiðjunni, Reykjavík, einkaleyfi hér á landi um næstu 10 ár, frá 1. janúar 1938 að telja, til þess að vélkemba og spinna hampgarn allskonar úr óunnum hampi, enda hafi það komið fullkomnum spunavélum upp fyrir 1. apríl 1938.
2. Við 4. gr. Greinin orðist svo:
   Ráðherra setur með reglugerð nánari fyrirmæli um framkvæmd laga þessara, meðan einkaleyfistíminn varir, svo sem um hámark þess ágóða, sem greiða má hluthöfum af hlutafé, og um eftirlit með verðlagi á framleiðslu h/f Hampiðjunnar. Skal þeim, er hann setur til að framkvæma slíkt eftirlit, heimill aðgangur að bókum og skjölum félagsins, enda fer um þagnarskyldu eftirlitsmanns eins og um þagnarskyldu sýslunarmanna.
   Brot gegn lögum þessum eða reglugerð, er sett kann að verða samkvæmt þeim, varða sektum frá 50—5000 króna, og fer um mál út af þeim að hætti almennra lögreglumála.

Alþingi, 15. apríl 1937.

Finnur Jónsson, form.	Páll Þorbjörnsson, frsm.

Nd. 340. Breytingartillaga

við frv. til l. um breyting á og viðauka við l. nr. 37 1929, um héraðsskóla.

Frá Sigurði Einarssyni.

Við 1. gr.
Orðin „og Varmahlíð í Skagafirði“ falli brott.

Nd. 341. Breytingartillögur

við frv. til l. um breyting á og viðauka við l. nr. 37 1929, um héraðsskóla.

Frá Sigurði Einarssyni.

Við 1. gr. Greinin orðist svo:
Á eftir „Laugarvatni í Árnessýslu“ í 1. gr. laganna komi: Reykjanesi í Norður-Ísafjarðarsýslu, Varmahlíð í Skagafirði og Reykhólum í Reykhólasveit.

Ed. 342. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 14 9. janúar 1935, um síldarverksmiðjur ríkisins.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

1. gr.

1. málsgrein 4. gr. laga nr. 14 9. janúar 1935, orðist þannig:
Stjórn síldarverksmiðja ríkisins skal skipuð þrem mönnum, sem atvinnumálaráðherra tilnefnir til þriggja ára í senn, í fyrsta sinn þó aðeins til ársloka 1937. Á sama hátt skipar ráðherra þrjá varamenn í stjórnina til jafnlangs tíma. Ráðherra skipar formann og varaformann stjórnarinnar.

2. gr.

Í stað orðsins „þrír“ í 3. málsgr. sömu lagagreinar komi: tveir.

3. gr.

Í stað orðsins „þriggja“ í niðurlagi 4. málsgreinar sömu lagagreinar komi: tveggja.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og skipar ráðherra stjórn síldarverksmiðja ríkisins samkvæmt þeim þegar eftir gildistöku þeirra. Fellur þá jafnframt niður umboð allra núverandi stjórnarnefndarmanna.

5. gr.

Lög þessi falla úr gildi 31. desember 1937.

Ed. 343. Frumvarp til laga

um viðauka við lög nr. 121 12. desember 1935, um fiskimálanefnd, útflutning á fiski, hagnýtingu markaða o. fl.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

1. gr.

Á eftir 14. gr. laganna komi ný grein svo hljóðandi:

Brot gegn lögum þessum og reglugerðum, settum samkvæmt þeim, skulu sæta meðferð almennra lögreglumála, og varða sektum, allt að 200000 krónum, nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum.

Andvirði ísfisks, sem fluttur er út umfram veitt útflutningsleyfi, skal renna í Fiskimálasjóð og greiðast beint til hans af banka þeim, sem umráð hefir hér yfir andvirðinu. Getur atvinnumálaráðherra eftir ástæðum varið því, að meira eða minna leyti, til þess að bæta öðrum útflytjendum, sem sannanlega hafa orðið fyrir tapi af hinum ólöglega útflutningi, tjón það, er þeir hafa þannig orðið fyrir. Sé aðeins um smámuni að ræða, sem flutt hefir verið út umfram leyft fiskmagn og ætla má, að ekki hafi af ásettu ráði verið farið fram yfir hið leyfða, getur ráðherra heimilað, að allt andvirðið verði greitt útflytjanda. Refsiákvæði fyrri málsgreinar nær eigi til brota á þessari málsgrein.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Sþ. 344. Nefndarálit

um tillögu til þingsályktunar um skipun milliþinganefndar til að endurskoða bankalöggjöf landsins o. fl.

Frá meiri hluta fjárveitinganefndar.

Meiri hluti nefndarinnar getur eftir atvikum mælt með því, að tillagan verði samþ., en um brtt. þá, er fyrir liggur á þskj. 220, og aðrar brtt., sem fram kunna að koma, áskilja einstakir nefndarmenn sér óbundin atkvæði. Einn nefndarmanna, JG, skrifar undir álitið með fyrirvara og mun við umræður málsins gera nánari grein fyrir honum.

Alþingi, 16. apríl 1937.

Bjarni Bjarnason, form.	Bernh. Stefánsson, frsm.	Jónas Guðmundsson, með fyrirv.
Jón Sigurðsson.	Pétur Ottesen.	Jakob Möller.
Þorst. Þorsteinsson.	Þorbergur Þorleifsson.	

Ed. 345. Breytingartillaga

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 41 27. júní 1921, um breyt. á 1. gr. tollaga, nr. 54 11. júlí 1911.

Frá fjárhagsnefnd.

Við 3. gr. Orðin „Ennfremur eru úr gildi numdar 2. og 3. málsgr.“ o. s. frv. til enda greinarinnar skulu falla niður.

Sþ. 346. Nefndarálit

um till. til þál. um skipun milliþinganefndar til þess að endurskoða bankalöggjöf landsins.

Frá minni hl. fjárveitinganefndar.

Undirritaður minni hluti hefir ekki getað fallizt á, að samþykkja beri þessa þáltill., og greinir til þess eftirfarandi rök.

Það er almennt vitað, að tillagan er borin fram til þess að tefja fyrir því, að frumvarp það, er Alþýðuflokksmenn í neðri deild bera fram um breyting á lögum um Landsbanka Íslands (þskj. 96), nái fram að ganga. Nefnd þessi mundi væntanlega verða að starfa eitt eða tvö ár. Á meðan er þess ekki að vænta, að jafnvel hinar bráðnauðsynlegustu breytingar yrðu gerðar á bankalöggjöf landsins, því gera má ráð fyrir, að andstæðingar slíkra breytinga vitnuðu jafnan til endurskoðunar bankalaganna, er nú stæði yfir. Er og ekki allfjarri að ætla, að ýmsar ráðstafanir, sem Landsbanki Íslands hefir verið látinn gera nú nýlega með samþykki tveggja þingflokka, Framsóknarflokksins og Sjálfstæðisflokksins, hafi orðið þess valdandi, að flutningsmönnum þessarar tillögu hafi þótt hentugt að skapa þá gröf fyrir tillögur þær um breytingar á bankalöggjöfinni, sem fram kynnu að koma, sem þessi nefndarskipun mundi reynast.

Hinsvegar vill undirritaður minni hluti leggja hina mestu áherzlu á það, að ný skipun bankamálanna á ýmsum sviðum þolir enga bið. Alþýðuflokkurinn hefir þar gert grein fyrir stefnu sinni með þremur frv., sem fyrir Alþingi liggja nú. Annarsvegar frv. um seðlabanka Íslands (þskj. 99) og frv. um breyting á lögum um Landsbanka Íslands (þskj. 96), hinsvegar frv. til laga um iðnlánasjóð (þskj. 95). Á bak við fyrsta frv. liggur eins ýtarleg rannsókn á vænlegustu úrlausnarleiðum til að skipa seðlabankamálinu eins og gera má ráð fyrir, að fyrirhuguð milliþinganefnd geti innt af hendi. Á bak við frv. um breyting á landsbankalögunum stendur nokkuð glögg reynsla síðustu ára og ber þess ótvíræðan vott, að breyting sú, sem þar er ráðgerð á lögum um Landsbanka Íslands, þolir enga bið. Frv. um iðnlánasjóð er tilraun til þess að skapa banka fyrir yngsta stóratvinnuveg þjóðarinnar.

Að öllu þessu athuguðu álítur undirritaður minni hl. tillögu þá, er hér liggur fyrir, gagnslausa og jafnvel til ills eins, með því að aðrar leiðir og nærtækari liggja þegar fyrir því Alþingi, er nú situr, sem sjálfsagt virðist að leggja til grundvallar lausn þessara mála. Legg ég því til, að tillagan verði felld.

Alþingi, 16. apríl 1937.

Sigurður Einarsson.

Ed. 347. Lög

um viðauka við lög nr. 85 frá 23. júní 1936, um meðferð einkamála í héraði.

(Afgreidd frá Ed. 16. apríl).

Samhljóða þskj. 233.

Ed. 348. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 43 19. júní 1933, um stjórn vitamála og um vitabyggingar.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

1. gr.

a. Á eftir orðunum „Á Búðahrauni ... ljósviti" í 9. gr. laganna komi: Við Grundarfjörð ... ljósviti.

b. Á eftir orðunum „Á Glettinganesi ... hljóðviti“ í sömu lagagrein komi: Á Brimnesi við Seyðisfjörð ... ljósviti.
c. Á eftir orðunum „Á Seley ... hljóðviti“ í sömu lagagrein komi: Á Hafnarnesi ... ljósviti, endurbygging.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 349. Frumvarp til laga

um skipting fasteignaveðslána.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Þegar skipta á jörð í tvö eða fleiri sjálfstæð býli milli eigenda, eða byggja á nýbýli úr landi jarðar, skal, ef óskað er, meta hvernig heildar-fasteignarmatsverð fasteignarinnar skiptist á hin einstöku býli.

2. gr.

Við matsgerð þessa skal ekki meta þau mannvirki, er unnin hafa verið á jörðinni eftir að mats var óskað.

3. gr.

Mat það, sem um ræðir í 1. og 2. gr., skal framkvæmt af úttektarmönnum hlutaðeigandi hrepps. Matskostnað greiða eigendur í hlutfalli við verðmæti hvers býlis, eftir því sem metið er, og skal um matskostnað farið eftir lögum nr. 64 14. nóv. 1917, um laun hreppstjóra og aukatekjur.

4. gr.

Nú hefir mat farið fram samkvæmt fyrirmælum 1.—3. gr., og er þá peningastofnunum skylt, sé þess óskað af eigendum býlanna, að skipta fasteignaveðslánum, er á fasteigninni hvíla, hlutfallslega jafnt á hin einstöku býli, eftir verðmæti þeirra, samkvæmt mati því, er að ofan getur, enda skal, að dómi hlutaðeigandi lánsstofnunar, trygging fyrir fasteignaveðslánum þessum ekki lakari en áður, og veðhæfi eignarinnar og veðréttur í engu lakari en áður en skipti fóru fram.

5. gr.

Kostnað þann, er leiðir af skiptingu lánanna, svo sem þinglestur, greiða lántakendur, en engin afföll skal þeim reikna af hinum nýju lánum.

6. gr.

Ákvæði laga, er koma í bága við lög þessi, eru úr gildi felld.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 350. Nefndarálit

um frv. til l. um skiptameðferð á búi h/f Kveldúlfs í Reykjavík.

Frá meiri hluta fjárhagsnefndar.

Samkomulag hefir ekki náðst í nefndinni um afgreiðslu frumvarpsins. Einn nefndarmanna (StJSt) mun leggja til, að frv. verði samþykkt, annar (ÁÁ) er mót-

fallinn frumvarpinu og tillögum meiri hlutans. Hinsvegar er meiri hluti nefndarinnar frumvarpinu mótfallinn og leggur til, að það verði afgreitt með svo hljóðandi

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Með frumvarpi þessu er lagt til, að farið verði inn á þá braut, að Alþingi taki sér vald til þess að fyrirskipa skiptameðferð á ákveðnu fyrirtæki, h/f Kveldúlfi, þrátt fyrir það, þó vitað sé, að fyrir liggur hjá lánardrottnum félagsins — bönkunum — lausn á skuldamáli Kveldúlfs. Ennfremur er vitað, að félag þetta hefir fengið loforð fyrir láni til þess að byggja síldarverksmiðju á Hjalteyri, og verður að teljast rétt, að leyfi sé veitt til byggingar þessarar, af þeirri stærð, sem lánið hrekkur til. — Af framangreindum ástæðum álítur deildin, að frumvarp þetta sé óréttmætt, og tekur fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 16. apríl 1937.

Sigfús Jónsson, form., frsm.	Gunnar Thoroddsen, fundaskr.	Ólafur Thors.

Nd. 351. Lög

um breyting á og viðauka við lög nr. 37 1929, um héraðsskóla.

(Afgreidd frá Nd. 16. apríl).

Samhljóða þskj. 187.

Sþ. 352. Tillaga til þingsályktunar

um takmörkun á gjaldeyri til áfengis- og tóbakskaupa.

Flm.: Pétur Ottesen, Gunnar Thoroddsen, Guðrún Lárusdóttir.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að draga í verulegum mæli úr innkaupum áfengis og tóbaks, svo að eigi þurfi vegna gjaldeyriseyðslu í því skyni að hefta innflutning á ýmsum lífsnauðsynjum landsmanna.

Greinargerð.

Það mun láta nærri, að í einkasölum ríkisins hafi verið selt áfengi og tóbak fyrir um 7 milljónir króna árið sem leið, enda ekki takmarkaður gjaldeyrir til innkaupa á þessum vörum, þó orðið hafi að draga mjög úr innflutningi ýmsra lífsnauðsynja sökum vöntunar á gjaldeyri.

Þá þarf ekki að lýsa því, hversu slík gegndarlaus áfengis- og tóbaksnautn, sem þessar tölur bera vott um, bitnar hatrammlega á andlegri og líkamlegri heilbrigði þjóðarinnar og öllum hennar velfarnaði, svo að frá því sjónarmiði væri það enginn smáræðisávinningur, að dregið yrði úr innflutningi þessara háskalegu nautnavara.

Ed. 353. Breytingartillögur

við frv. til l. um loðdýrarækt og loðdýralánadeild.

Frá Páli Hermannssyni.

1. Við 6. gr. Í stað „í 6. gr.“ komi: í 5. gr.
2. Við 13. gr.
   a. Síðari málsgr. falli burt.

b. Aftan við fyrri málsgr. komi tvær nýjar málsgr., svo hljóðandi:
Dýr af þeim tegundum er óheimilt að selja eða láta á annan hátt af höndum til lífs, nema loðdýraræktarráðunautur eða fulltrúi hans hafi metið þau hæf til undaneldis.
Við athugun og merkingu loðdýra ber að sérmerkja þau loðdýr, sem óhæf teljast til undaneldis.

3. Á eftir 13. gr. komi ný gr. (14. gr.), svo hljóðandi:
Rétt hafa menn til að fá loðdýr sín merkt löggiltu sérmerki eiganda, þó þeir einir, sem eru meðlimir í loðdýraræktarfél. Íslands.
Greinatala breytist samkv. atkvgr.

Nd. 354. Þingsályktun

um ráðstöfun á bæjarstæði Ingólfs Arnarsonar fyrir þjóðminjasafn, eða aðra opinbera byggingu, o. fl.

(Afgreidd frá Nd. 16. apríl).

Samhljóða þskj. 240.

Nd. 355. Nefndarálit

um frv. til laga um viðauka við lög nr. 26 1. febrúar 1936, um alþýðutryggingar.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndinni hafa borizt 4 frv. til breytinga á lögum um alþýðutryggingar (þskj. 11, 25, 156 og 192), sem ekki hefir unnizt tími til að ganga frá, sérstaklega þar sem sum þessara frv. hafa að geyma margar og stórvægilegar breyt. á alþýðutryggingalögunum. Og þar sem óvíst má telja, að unnt verði á þessu þingi að gera verulegar breytingar á lögum þessum, þá telur nefndin rétt að afgreiða nú þegar frv. á þskj. 11, og leggur því til, að frv. þetta verði samþykkt.

Alþingi, 15. apríl 1937.

Héðinn Valdimarsson, form. Stefán Jóh. Stefánsson, frsm. Thor Thors.
Garðar Þorsteinsson.

Nd. 356. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 26 1. febrúar 1936, um alþýðutryggingar (þskj. 156).

Frá minni hl. allsherjarnefndar.

Til nefndarinnar hefir verið vísað 4 frv. um breytingar á alþýðutryggingalögunum (þskj. 11, 25, 156 og 192). Nefndin í heild hefir ekki athugað frv. þessi verulega, en allir nefndarmenn munu telja nauðsynlegt að gera breytingar á lögunum, en hafa ekki getað komið sér saman um allsherjarbreytingar. Við teljum, að leggja beri frv. á þskj. 156 til grundvallar fyrir breytingum á alþýðutryggingalögunum, en ekki hefir náðst um það samkomulag í nefndinni. En til þess að reyna að koma máli þessu áleiðis, leggjum við til, að frv. á þskj. 156 verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGU.

Í stað „10. gr. laganna orðist svo", í upphafi 3. gr. frv., komi: Í stað 1. töluliðs 10. gr. laganna komi tveir nýir töluliðir, þannig: (2. tölul. verði 3. tölul.).

Alþingi, 15. apríl 1937.

Héðinn Valdimarsson, form. Stefán Jóh. Stefánsson, frsm.

Nd. 357. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 26 1. febr. 1936, um alþýðutryggingar.

Frá minni hl. allsherjarnefndar.

Nefndinni hafa borizt fjögur frv. um breytingar á alþýðutryggingalögunum, en henni hefir eigi unnizt tími til afgreiðslu þeirra. Við álítum nauðsynlegar breytingar á þessari löggjöf, og teljum rétt að leggja til grundvallar frv. það, sem hér liggur fyrir og flutt er af sjálfstæðismönnum.

Aðalbreytingar þær, sem þetta frv. gerir á löggjöfinni, eru þessar:

1. Lagfærð eru ákvæðin um dánarbætur eftirlifandi hjóna og foreldra.
2. Gjaldskylda til ellitrygginga er miðuð við 60 ára aldur, í stað 67 ára.
3. Ellilaunum skal úthlutað við 65 ára aldur; þó skulu þeir, sem orðnir voru 60 ára, er lögin komu í gildi, eiga rétt til ellilauna.
4. Gjöld til ellitrygginganna eru lækkuð úr 6 og 7 krónum niður í 5 krónur í kaupstöðum og kauptúnum, og úr 5 krónum niður í 3 krónur alstaðar annarsstaðar. Ennfremur greiðist aðeins ½ af hundraði af skattskyldum tekjum, í stað 1% eftir lögunum.
5. Vextir ellistyrktarsjóða hreppanna skulu teljast sem framlag sveitarfélaganna, og úthlutast sveitarstjórnum, en lífeyrissjóður leggi fullt á móti.
6. Lífeyrissjóður embættismanna og barnakennara skulu halda sér sem sjálfstæðar stofnanir.

Allar þessar breytingar teljum við æskilegar og nauðsynlegar, enda er vitað, að mikill hluti þjóðarinnar er þeim eindregið fylgjandi. Við teljum ennfremur nauðsynlegar frekari breytingar á sjúkratryggingunum, og munum við síðari umræður málsins bera fram breytingartillögur þar að lútandi.

Alþingi, 16. apríl 1937.

Thor Thors, frsm. Garðar Þorsteinsson.

Sþ. 358. Nefndarálit

um till. til þingsályktunar um fjárhagslegan stuðning ríkissjóðs við síldarverksmiðjuna á Norðfirði.

Frá fjárveitinganefnd.

Nefndin leggur til, að till. verði afgreidd með svofelldri

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Með því að afgreiða þetta mál á þann hátt, sem gert er ráð fyrir í tillögu til þingsályktunar á þingskj. 40, er skapað fordæmi, sem ekki er víst að hægt verði að

uppfylla gagnvart öðrum fyrirtækjum, sem líkt stendur á fyrir, og þar sem fyrir þinginu liggja till. (á þingskj. 151) um lagasetningu um þetta efni, sýnist eðlilegast, að beðið verði eftir ákvörðun þingsins um lausn þessara mála. Virðist því ekki ástæða fyrir Alþingi að gera ályktun um þetta mál að þessu sinni, og tekur þingið fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 16. apríl 1937.

Bjarni Bjarnason, form., frsm.	Jónas Guðmundsson, með fyrirv.	Sigurður Einarsson, fundaskr., með fyrirv.
Pétur Ottesen.	Þorst. Þorsteinsson.	Jakob Möller.
Jón Sigurðsson.	Bernh. Stefánsson.	Þorbergur Þorleifsson.

Sþ. 359. Tillaga til þingsályktunar

um stuðning af hálfu ríkisins til þess að koma upp rækjuniðursuðuverksmiðju á Bíldudal.

Frá Sigurði Einarssyni.

Sameinað Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni:

1. að leggja fram á þessu ári 6000 kr. til þess að reisa rækjuniðursuðuverksmiðju á Bíldudal.
2. að ábyrgjast 10000 kr. lán í sama skyni.

Greinargerð.

Fyrir nokkru lagði ég fram á Alþingi tillögur, sem fara í sömu átt og þessi þáltill., með það fyrir augum, að þær á sínum tíma kæmu til meðferðar í fjárveitinganefnd. Fylgdi þeim tillögum rækileg greinargerð manna úr héraðinu ásamt loforðum um framlög til verksmiðjunnar. Síðan hefi ég að því unnið að leita þessum tillögum fylgis og stuðnings, en undirtektir fram að þessu verið nokkuð daufar, nema hjá þingmönnum Alþýðuflokksins. Nú hefir þm. Barðstrendinga, Bergur Jónsson, lýst yfir því í útvarpsræðu á Alþingi, að sjálfsagt væri að styðja Bílddælinga til þess að koma upp rækjuniðursuðuverksmiðju, og var á honum að heyra, að ekki stæði á þeim stuðningi, ef tillaga þar um kæmi fram.

Sé svo, að þetta beri að skilja á þá leið, að á bak við þessa yfirlýsingu þm. Barðstrendinga standi óskipt fylgi Framsóknarflokksins eða meiri hluta hans, hlýt ég að fagna því, og vil þá ekki láta á því standa að bera málið fram, með því að augljóst er, að það gæti flýtt mjög fyrir málinu, ef það gæti orðið afgreitt með þáltill. á þessu þingi, heldur en að bíða afgreiðslu fjárlaga, sem líklegt má telja, að dragist fram á haust. En sé hinsvegar svo, að þm. Barðstrendinga hafi ekki verið að vísa á stuðning flokks síns í þessu nauðsynjamáli Bílddælinga, þá er málið þrátt fyrir þessa þingsályktunartillögu enn á sama stigi og áður, þannig að það verður að bíða næsta þings. En ástæða sýnist til að vænta þess, að gefinni yfirlýsingu þingmanns Barðstrendinga, Bergs Jónssonar, að til þess þurfi ekki að koma.

Sþ. 360. Breytingartillögur

við tillögu til þingsályktunar um aukningu landhelgisgæzlu Íslendinga og um það, að Ísland taki að öllu leyti í sínar hendur gæzlu fiskveiða í íslenzkri landhelgi.

Flm.: Finnur Jónsson, Héðinn Valdimarsson, Stefán Jóh. Stefánsson, Páll Zóphóníasson.

1. Aftan við till. bætist nýr töluliður, svo hljóðandi:
   Þar sem þm. Norður-Ísfirðinga, Jón Auðunn Jónsson, hefir orðið sannur að

sök um að njósna um varðskip ríkisins og senda upplýsingar um ferðir þeirra til togara, en hann hefir ekki sjálfur séð sóma Alþingis með því að leggja niður þingmennsku, né heldur flokkur hans, Sjálfstæðisflokkurinn, með því að knýja hann til þess, ályktar Alþingi að lýsa því yfir, að það telur ósamboðið virðingu Alþingis, að það sitji menn, er hafa gerzt sekir um slík afbrot, sem jafnvel mörgum afbrotum fremur eru þingmönnum sérstaklega ósamboðin.

2. Aftan við fyrirsögn till. bætist: o. fl.

Sþ. 361. Tillaga til þingsályktunar

um dánarbætur.

Flm.: Páll Þorbjörnsson, Finnur Jónsson.

Alþingi felur ríkisstjórninni að leggja fyrir Tryggingarstofnun ríkisins að greiða foreldrum þeirra einhleypra manna, er farizt hafa af slysförum síðan lögin um alþýðutryggingar gengu í gildi, 3000 krónur í dánarbætur fyrir hvern mann.

Greinargerð.

Áður en lögin um alþýðutryggingar komu til framkvæmda greiddi Slysatryggingin foreldrum einhleypra manna dánarbætur að upphæð 3000 krónur. Með breytingunum, sem urðu á slysatryggingarlögunum við gildistöku alþýðutryggingarlaganna, breyttist þetta, svo að í framkvæmdinni hafa nokkrir menn fallið óbættir. Í lagafrumvörpum, sem liggja nú fyrir þinginu, kemur það fram, að þetta beri að leiðrétta. Sýnilegt er, að þau lagafrumvörp munu ekki verða útrædd á þessu þingi, og þess vegna berum við þessa þingsályktunartillögu fram.

Nánar í framsögu.

Nd. 362. Þingsályktun

um endurskoðun fuglafriðunarlaga.

(Afgreidd frá Nd. 7. apríl).

Samhljóða þskj. 227.

Nd. 363. Þingsályktun

um rannsókn verkefna fyrir unga menn.

(Afgreidd frá Nd. 17. apríl).

Neðri deild Alþingis ályktar að kjósa með hlutfallskosningu nefnd þriggja manna til þess að framkvæma ýtarlega rannsókn á atvinnuleysi ungra manna í landinu og orsökum þess, og gera tillögur um, á hvern hátt bezt verði ráðið fram úr því. Skal nefndin m. a. miða tillögur sínar við það, að unglingarnir hljóti verklega og bóklega kennslu og verði fyrir hollum uppeldisáhrifum, að stofnað verði til sjálfboðavinnu við þjóðnytjaverk, og að ráðstafanir vegna atvinnulausra unglinga dragi sem minnst úr atvinnumöguleikum fulltíða manna.

Nefndin sé ólaunuð.

Ed. 364. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 18 25. jan. 1934, um kosningar til Alþingis.

Frá allsherjarnefnd.

1. gr.

Aftan við 14. gr. laganna komi ný málsgrein, svo hljóðandi:

Nú fara kosningar fram á tímabilinu frá 15. til 22. júní, og skal þá kjósa eftir kjörskrá, sem samin er í febrúar það sama ár.

2. gr.

Aftan við 2. mgr. 19. gr. laganna bætist nýr málsliður, svo hljóðandi:

Heimilt er ráðherra að stytta frest þennan eða fella hann alveg niður.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt eftir ósk dómsmálaráðherra. Verður skýrt frá tilefni frumvarpsins í framsögu.

Nd. 365. Nefndarálit

um frv. til l. um verðlag á almennum nauðsynjavörum.

Frá minni hluta allsherjarnefndar.

Nefndin hefir ekki getað komið sér saman um afgreiðslu málsins, en minni hlutinn telur nauðsynlegt, að það nái fram að ganga á þessu þingi, og leggur til, að frv. verði samþykkt óbreytt. Einn nefndarmaður (BJ) hefir ekki tekið afstöðu til málsins.

Alþingi, 17. apríl 1937.

Héðinn Valdimarsson, form., frsm. Stefán Jóh. Stefánsson.

Nd. 366. Nefndarálit

um frv. til l. um einkaleyfi til hampspuna.

Frá öðrum minni hluta sjávarútvegsnefndar.

Ég hefi ekki getað orðið samferða að öllu leyti þeim minni hl. nefndarinnar, sem hefir gefið út nefndarálitið um þetta frv. á þingskj. 339.

Ég tel hampiðjuna mjög þarft fyrirtæki og vil ekki torvelda það, að hún nái þeim þroska, sem eðlilegur er og gagnlegur fyrir alþjóð.

Samkvæmt breytingartill. minni hl. nefndarinnar á skilyrðislaust eftirlit af hálfu hins opinbera að vera skilyrði fyrir því einkaleyfi, er um ræðir. Ég tel þetta eftirlit því aðeins nauðsynlegt, að rökstuddar kvartanir frá félagsskap útgerðarmanna liggi fyrir um of hátt verðlag á framleiðslu h/f Hampiðjunnar.

Samkvæmt þessu mun ég flytja á sérstöku þskj. breytingartill. við breytingartill. á þskj. 339.

Alþingi, 17. apríl 1937.

Jóhann Þ. Jósefsson.

Nd. 367. Breytingartillaga

við brtt. á þskj. 339 (Hampspuni).

Frá Jóhanni Jósefssyni.

Við 2.

Breytingartillagan orðist svo:

4. gr. frv. orðist þannig:

Nú berast ráðherra rökstuddar kvartanir frá félagsskap útgerðarmanna yfir of háu verðlagi á framleiðslu einkaleyfishafa, og skal hann þá með reglugerð ákveða nánar um framkvæmd laga þessara, þannig að tryggt sé, svo sem unnt er, að verðlag framleiðslunnar sé á hverjum tíma í samræmi við heimsmarkaðsverð á sömu vörum.

Sþ. 368. Breytingartillaga

við till. til þál. um að láta rannsaka orsakir til framkvæmdaleysis allmargra bænda landsins í jarðrækt.

Frá Páli Zóphóníassyni.

Á eftir orðunum „úrræðaleysi um að kenna“ komi: eða óhagkvæmum leigumála eða ábúð.

Sþ. 369. Breytingartillaga

við till. til þál. um styrk til hraðfrystihúsa fyrir fisk.

Frá Thor Thors.

Aftan við tillgr. bætist: og ef nauðsyn krefur, að ábyrgjast lán til þeirra.

Sþ. 370. Breytingartillaga

við till. til þál. um ríkisábyrgð á láni til virkjunar Laxár í Suður-Þingeyjarsýslu.

Frá Finni Jónssyni.

Tillgr. orðist svo:

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni:

1. Að ábyrgjast fyrir Akureyrarkaupstað allt að 1500000 króna lán, eða samsvarandi upphæð í erlendri mynt, til virkjunar Laxár í Suður-Þingeyjarsýslu, þó ekki yfir 85% af kostnaði, gegn þeim tryggingum, er ríkisstjórnin metur gildar.
2. Að ábyrgjast fyrir rafveitu Ísafjarðarkaupstaðar og Eyrarhrepps allt að 250000 króna lán, eða samsvarandi upphæð í erlendri mynt, til viðbótar ca. 500 þús. kr. ábyrgð, þó ekki yfir 85% af kostnaði, gegn þeim tryggingum, er ríkisstjórnin metur gildar.

Nd. **371. Frumvarp til laga**

um breyting á lögum nr. 41 27. júní 1921, um breyting á 1. gr. tollaga, nr. 54 11. júlí 1911.

(Eftir 3. umr. í Ed.).

1. gr.

1. málsgr. 1. gr. laganna orðist svo:

Þegar fluttar eru til landsins eftirtaldar vörur, skal af þeim greiða aðflutningsgjald í ríkissjóð eins og hér segir:

1.	Af allskonar gosdrykkjum	kr.	0.30	af hverjum	lítra
2.	Af allskonar öli	—	0.80	— —	—
3.	a. Af hvítvíni, rauðvíni, freyðivíni og öðrum				
	b. Af kínavíni, madeira, malaga, portvíni, sherry, tokajervíni, vermouth og öðrum svipuðum víntegundum	—	2.00	— —	—
4.	a. Af vökvum, sem í er vínandi (aethylalkóhól) og aðfluttir eru til eldsneytis og iðnaðar og gerðir ódrykkjarhæfir undir umsjón yfirvalds	—	2.00	— —	—
	b. Af ilmvötnum og hárlyfjum, sem vínandi er í	—	4.00	— —	—
	c. Af öðrum áfengum drykkjum og vökvum en þeim, sem falla undir 3., 4. a. og b. og 5. tölulið þessarar greinar,				
	með 47% vínanda að rúmmáli eða minna	—	3.00	— —	—
	— 47%—71% vínanda af rúmmáli	—	4.00	— —	—
	— 71% eða meiri hundraðshluta af vínanda	—	5.00	— —	—
5.	Af áfengum kjörnum, aldinsafa, aldinsöftum, límonaðisöftum, lituðu sykurvatni með kjörnum, óáfengum vínum og öðrum slíkum drykkjum og vökvum, sem ekki eru taldir í öðrum liðum	—	1.50	— —	—
	Undanþegin þessum tolli er berjakvoða (pulp), sem flutt er til landsins til sultugerðar.				
	Ef vörutegundir þær, sem taldar eru í 1.—5. tölulið hér að framan, eru innfluttar í ílátum, sem rúma minna en lítra, skal greiða sama gjald af hverjum ¾ lítra sem af lítra í stærri ílátum.				
	b. Af allskonar unnu tóbaki, neftóbaki, munntóbaki og reyktóbaki	—	6.40	— —	—
6.	a. Af óunnum tóbaksblöðum	—	4.00	— hverju	kg.
	ómuldum	—	0.50	— —	—
7.	a. Af tóbaksvindlum	—	16.00	— —	—
	b. Af tóbaksvindlingum	—	20.80	— —	—
8.	a. Af óbrenndu kaffi allskonar	—	0.60	— —	—
	b. Af brenndu kaffi allskonar	—	0.80	— —	—
9.	Af kaffibæti, kaffilíki hverskonar og kaffilíkisblöndum	—	1.60	— —	—
10.	Af sykri og sírópi	—	0.15	— —	—
11.	Af tei	—	1.50	— —	—
12.	a. Af kakaódufti og kakaómalti	—	0.50	— —	—
	b. Af kakaóbaunum, brenndum, muldum og				
	c. Af kakaóbaunum, óbrenndum og ómuldum	—	0.35	— —	—
13.	Af allskonar sætindum, svo sem brjóstsykri, karamellum, lakkrísi og lakkrísvörum, mótuðu sætu marsipani, sykruðum ávöxtum, sætum brenndum				

	möndlum, tyggigúmmí, átsúkkulaði, rjómasúkkulaði, mjólkursúkkulaði (nýmjólkursúkkulaði), undanrennusúkkulaði, kokosbollum, „negrakossum“ og rjómalengjum, súkkulaðihúðuðu munngæti (t. d. kremsúkkulaði, krókantsúkkulaði, marsipansúkkulaði, núgatsúkkulaði og konfekti), ávaxtasúkkulaði, hnotsúkkulaði, möndlusúkkulaði, rjómasúkkulaðihúð og mjólkursúkkulaðihúð	kr.	3.00	af hverju	kg.
14. a.	Af öllum tegundum af hreinu súkkulaði (t. d. suðusúkkulaði, iðnsúkkulaði og súkkulaðihúð) öðrum en þeim, sem falla undir 13. tölulið	—	1.50	—	—
b.	Af kakaódeigi	—	1.00	—	—

Verði ágreiningur um það, hvaða vörur skuli taldar og ekki taldar til framangreindra tollflokka, fellir fjármálaráðherra um það fullnaðarúrskurð.

2. gr.

Til ársloka 1938 er ríkisstjórninni heimilt að innheimta með 25% viðauka aðflutningsgjald það, sem ákveðið er í 1. gr. laga þessara. Undanþegin viðaukanum eru þó sykur, síróp, brennt og óbrennt kaffi, kaffibætir og öl.

3. gr.

Lög nr. 12 3. júní 1933, lög nr. 73 28. des. 1934 og lög nr. 126 31. des. 1935 eru úr gildi numin.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 372. Frumvarp til laga

um loðdýrarækt og loðdýralánadeild.

(Eftir 3. umr. í Ed.).

I. KAFLI
Um loðdýrarækt.

1. gr.

Loðdýr nefnast í lögum þessum öll þau dýr, sem ræktuð eru eða alin vegna verðmætis skinnanna eingöngu eða aðallega. Verði ágreiningur um, hvort einhver dýrategund skuli teljast til loðdýra eða ekki, sker landbúnaðarráðherra úr, enda skal hann hafa yfirumsjón með loðdýraræktinni í landinu.

2. gr.

Loðdýrarækt og loðdýrabú nefnist í lögum þessum, ef loðdýr eru haldin til timgunar og uppeldis af ræktuðum stofni, en loðdýraeldi, ef dýrin eru alin um stundarsakir vegna skinnaframleiðslu eingöngu eða aðallega. Loðdýragarður nefnast girðingar og búr, sem loðdýr eru geymd í, en aðhald þar, sem loðdýr eru höfð í ógirtum eyjum.

3. gr.

Hver sá, er stunda vill loðdýrarækt eða loðdýraeldi, skal fá til þess leyfi viðkomandi hreppsnefndar eða bæjarstjórnar, enda hlíti hann í öllum greinum ákvæðum laga þessara og reglugerðar, er landbúnaðarráðherra setur um framkvæmd lag-

anna. Nú synjar hreppsnefnd eða bæjarstjórn um leyfi, og skal hún þá láta umsækjanda í té skriflegar ástæður fyrir synjuninni. Getur þá umsækjandi skotið máli sínu til landbúnaðarráðherra, er fellir um það fullnaðarúrskurð, eftir að hafa leitað álits ráðunauts í loðdýrarækt.

4. gr.

Hreppur hver eða bæjarfélag er sérstakt leyfisumdæmi samkvæmt lögum þessum. Hafa hreppstjórar í hreppum og lögreglustjórar í kaupstöðum eftirlit með því, að hlýtt sé lögum þessum og reglugerð um framkvæmd þeirra, hver í sínu umdæmi. Hafi þeir sjálfir loðdýrarækt eða loðdýraeldi, skipar viðkomandi hreppsnefnd eða bæjarstjórn annan mann til eftirlits með því.

5. gr.

Leyfi skal gefa á þar til gerð eyðublöð, er landbúnaðarráðuneytið gefur út, og gildir leyfið fyrir ákveðna tegund eða tegundir loðdýra, eftir því sem það nánar tilgreinir. Leyfi gildir aðeins í því leyfisumdæmi, sem það er veitt í. Óheimilt er að taka dýr í loðdýragarð eða aðhald fyrr en úttekt hreppstjóra eða lögreglustjóra hefir farið fram og fullnægt er ákvæðum laga þessara og reglugerðar um örugga vörzlu. Að lokinni skoðun er skylt að láta leyfishafa í té skriflega yfirlýsingu um, að örugglega sé um búið. Sama gildir, ef loðdýragarður er fluttur eða stækkaður. Nánari ákvæði um eftirlit hreppstjóra skal setja með reglugerð.

6. gr.

Fyrir skoðun þá á loðdýragörðum og aðhaldi, sem um ræðir í 5. gr., skal leyfishafi greiða hreppstjóra eða lögreglustjóra eftir því, sem tiltekið verður í reglugerð.

7. gr.

Óheimilt er að geyma loðdýr öðruvísi en í fulltryggum loðdýragirðingum, eða annari öruggri vörzlu. Öll loðdýr skulu flytjast milli garða í öruggu búri. Ef loðdýr eru geymd í aðhaldi, skal skylt að flytja þau í örugga vörzlu eða lóga þeim, hvenær sem hætta þykir á, að dómi hreppsnefndar, að þau kunni að sleppa úr aðhaldinu, svo sem vegna ísalaga.

8. gr.

Bannað er að gera loðdýrum í aðhaldi eða loðdýragörðum nokkurt það ónæði, er eigendum verður tjón að, enda séu dýrin geymd svo fjarri alfaraleiðum, að ekki hljótist ónæði af umferðinni.

Í reglugerð skal kveða nánar á um öryggi loðdýraeigenda gegn tjóni, er hljótast kann af ónæði, er loðdýrum er gert í loðdýragörðum eða aðhaldi. Ennfremur á skemmdum á refagörðum eða búrum. Ákveða má sektir og bætur, ef um ásetning eða vítavert kæruleysi er að ræða, nema þyngri refsing liggi við að lögum, svo og hvernig með skuli fara kærumál um þessi efni.

9. gr.

Gangi hundapest eða aðrir næmir sjúkdómar, sem loðdýrum getur stafað hætta af, er landbúnaðarráðherra heimilt að gera ráðstafanir til varnar því, að pestin berist í loðdýragarða eða milli héraða.

10. gr.

Sleppi loðdýr úr vörzlu og náist ekki, skal eigandi eða umráðamaður sæta sektum frá 2—200 kr. fyrir hvert dýr, og greiða skaðabætur, ef sannanlegt tjón hlýzt af. Auk þess má svipta hlutaðeiganda leyfi, ef miklar sakir eru. Þessi ákvæði taka þó ekki til þess, ef sannað er, að dýr hafi sloppið af óviðráðanlegum orsökum, svo sem vegna skemmda af óveðrum o. s. frv. Sektir samkvæmt þessari grein renna í hlutaðeigandi hrepps- eða bæjarsjóð.

11. gr.

Landbúnaðarráðherra skipar ráðunaut með sérþekkingu í loðdýrarækt og gefur út erindisbréf handa honum. Skal hann launaður úr ríkissjóði. Heimilt er ráðherra að fela Búnaðarfélagi Íslands eða Loðdýraræktarfélagi Íslands umsjón með starfi ráðunautarins.

12. gr.

Loðdýraræktarráðunauturinn hefir með höndum, án endurgjalds frá loðdýraeigendum, almenna fræðslu og leiðbeiningastarfsemi í loðdýrarækt. Ber honum að ferðast milli loðdýrabúanna og ráðleggja um hinn daglega rekstur heima á görðunum; jafnframt skal hann vera dómari á loðdýrasýningum, eftir því sem við verður komið. Einnig ber honum að hafa yfirumsjón með merkingu loðdýra og ættbókarfærslu samkvæmt reglugerð.

13. gr.

Loðdýraræktarfélag Íslands ákveður, í samráði við loðdýraræktarráðunaut, hverjar tegundir loðdýra skuli merktar og ættbókfærðar.

Dýr af þeim tegundum er óheimilt að selja eða láta á annan hátt af höndum til lífs, nema loðdýraræktarráðunautur eða fulltrúi hans hafi metið þau hæf til undaneldis.

Við athugun og merkingu loðdýra ber að sérmerkja þau loðdýr, sem óhæf teljast til undaneldis.

14. gr.

Rétt hafa menn til að fá loðdýr sín merkt löggiltu sérmerki eiganda, þó þeir einir, sem eru meðlimir í loðdýraræktarfélagi Íslands.

15. gr.

Um loðdýrasýningar, sýningarsvæði og verðlaunaveitingar sé ákveðið í reglugerð. Er heimilt að ákveða þar að leggja gjöld á loðdýraeigendur vegna sýninganna.

16. gr.

Ekki má flytja inn loðdýr, nema þau hafi hlotið viðurkenningu á loðdýrasýningu sem hæf undaneldisdýr, og fylgi dýralæknisvottorð hverri innflutningssendingu um ástand og heilbrigði dýranna á útflutningsdegi í heimalandinu og aldur þeirra, enda séu vottorð þessi staðfest af lögreglustjóra eða umboðsmanni hans.

II. KAFLI

Um loðdýralánadeild.

17. gr.

Landbúnaðarráðherra er heimilt að stofna við Búnaðarbanka Íslands útlánadeild, sem nefnist loðdýralánadeild.

18. gr.

Ríkissjóður leggur deildinni til óafturkræft framlag, 10 þúsund krónur árlega á næstu fimm árum. Ríkisstjórninni er heimilt að ábyrgjast lán, sem deildin tekur, eða verðbréf, sem hún gefur út til sölu, þó ekki yfir 100 þúsund krónur á ári á næstu 5 árum.

19. gr.

Loðdýralánadeild veitir lán til þess að stofnsetja loðdýrabú, og megi lánin nema allt að 40% af stofnkostnaði búanna, þó aldrei yfir 2 þús. kr. til hvers einstaks bús. Lán má þó nema allt að 60% af stofnkostnaði og allt að 500 kr. á félagsmann, ef búið er félagseign minnst 5 manna, enda standi þeir allir í sameiginlegri

ábyrgð fyrir láninu. Lánin greiðast með jöfnum afborgunum á 10 árum, en eru afborgunarlaus fyrstu 2 árin.

20. gr.

Lánin skulu veitt gegn 1. veðrétti í loðdýrabúi lántakenda (loðdýrum og loðdýragarði). Eigi er loðdýrabú veðhæft með færri dýrum en 4.

21. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 4. gr. laga nr. 18 4. nóv. 1887 er heimilt að veðsetja loðdýralánadeild tiltekna tölu loðdýra án þess að hin veðsettu dýr séu sérstaklega auðkennd, enda sé og lántakanda óheimilt að veðsetja önnur dýr sín annarsstaðar með 1. veðrétti. Skylt er lántakanda að viðhalda tölu hinna veðsettu dýra, en fækki þeim, skal hann þegar endurgreiða af láninu í hlutfalli við rýrnun veðsins.

22. gr.

Reglur um útlánastarfsemi loðdýralánadeildarinnar setur landbúnaðarráðherra með reglugerð.

III. KAFLI

Almenn ákvæði.

23. gr.

Brot gegn lögum þessum og reglugerðum þeim, er samkvæmt þeim verða settar, varða sektum frá 20—5000 kr., er renna í hlutaðeigandi sýslu- eða bæjarsjóð, þar sem brotið er framið.

24. gr.

Með lögum þessum er úr gildi numinn 2. kafli laga nr. 108 11. ágúst 1933, um refaveiðar og loðdýrarækt, og önnur lagaákvæði, sem koma í bága við lög þessi.

25. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 373. Breytingartillaga

við frv. til l. um klaksjóð, heimild fyrir ríkisstjórnina til að reisa klakstöðvar, og til leigunáms í því skyni.

Frá Pétri Ottesen.

Við 4. gr. Greinina skal orða svo:

Vegna stofnveiða til klakstöðva þeirra, er ræðir um í 3. gr., skal ríkisstjórninni heimilt að taka á leigu að einhverju leyti eða öllu veiðiréttindi í Laxá úr Mývatni og í Reykjadalsá í Þingeyjarsýslu.

Takist ekki hagkvæmir samningar, að dómi ríkisstjórnarinnar, um leiguna, skal ríkisstjórninni heimilt að taka veiðiréttindin leigunámi um 10 ára skeið. Um framkvæmd leigunámsins skal farið eftir ákvæðum laga nr. 61 frá 1917, um framkvæmd eignarnáms.

Ed. 374. Frumvarp til laga

um klaksjóð, heimild fyrir ríkisstjórnina til að reisa klakstöðvar og til leigunáms í því skyni.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

1. gr.

Ríkisstjórnin skal stofna sjóð, er nefnist klaksjóður og varið skal til þess að standast rekstur klakstöðva, sem reistar kunna að verða samkvæmt lögum þessum.

2. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að innheimta klaksjóðsgjald, er nemi 3 aurum á kg. af laxi, sem veiddur er hérlendis og seldur á innlendum eða erlendum markaði. Klaksjóðsgjald, ásamt 5000 króna tillagi úr ríkissjóði árlega í næstu fimm ár, og tekjur af sölu laxaseiða frá klakstöðvum ríkisins, rennur í klaksjóð.

Nú stundar fiskiræktarfélag laxaklak á fullnægjandi hátt, að dómi veiðimálastjóra, og greiðist þá eigi klaksjóðsgjald af veiði félagsmanna.

3. gr.

Ríkisstjórninni skal heimilt að reisa a. m. k. tvær klakstöðvar, og skal hvor eða hver stöð geta framleitt allt að 2,5 millj. laxaseiða. Skal minnst 10% af árlegri seiðaframleiðslu stöðvanna látið í ár þær og vötn, sem stofnveiðin er úr. Að jafnaði skulu seiðin látin í vötnin að réttri tiltölu við stofnveiðina úr þeim.

4. gr.

Vegna stofnveiða til klakstöðva þeirra, er ræðir um í 3. gr., skal ríkisstjórninni heimilt að taka á leigu að einhverju leyti eða öllu veiðiréttindi í Laxá úr Mývatni og í Reykjadalsá í Þingeyjarsýslu.

Takist ekki hagkvæmir samningar, að dómi ríkisstjórnarinnar, um leiguna, skal ríkisstjórninni heimilt að taka veiðiréttindin leigunámi um 10 ára skeið. Um framkvæmd leigunámsins skal farið eftir ákvæðum laga nr. 61 frá 1917, um framkvæmd eignarnáms.

5. gr.

Heimilt skal að veiða til klakstöðvanna á hvern þann hátt og á hverjum þeim tíma, sem henta þykir.

6. gr.

Ríkisstjórninni skal heimilt að verja allt að 16000 kr. til byggingar og útbúnaðar klakstöðva þeirra, sem um er rætt í 3. gr. Rekstrarkostnaður klakstöðvanna greiðist úr klaksjóði. Nægi tekjur klaksjóðs eigi til, greiðist mismunurinn úr ríkissjóði.

7. gr.

Klakstöðvar ríkisins skulu selja fiskiræktar- og veiðifélögum laxaseiði fyrir eigi meira verð en 8 kr. þúsundið flutt í á þá, sem seiðin eru ætluð í. Heimilt er að selja öðrum en fiskiræktar- og veiðifélögum laxaseiði frá klakstöðvum ríkisins. Landbúnaðarmálaráðherra setur reglugerð um starfrækslu klakstöðvanna og um sölu og flutning seiðanna.

8. gr.

Nú verða tekjur klaksjóðs meiri en svo, er þarf til þess að greiða rekstrarkostnað af klakstöðvum þeim, sem rætt er um í 3. gr., og skal þá verja tekjuafganginum til stofnunar nýrra klakstöðva og rekstrar þeirra.

9. gr.

Ríkisstjórninni skal heimilt að setja reglugerð um innheimtu á gjaldi því, sem rætt er um í 2. gr.

10. gr.

Með brot gegn 2. gr. skal farið eftir almennum ákvæðum tolllaga. Fyrir brot gegn lögum þessum og reglugerð, settri samkvæmt þeim, skal annars refsað með sekt, allt að kr. 1000.00, ef þyngri refsing liggur ekki við að öðrum lögum.

11. gr.

Með mál út af brotum á lögum þessum og reglugerð, settri samkvæmt þeim, skal farið sem almenn lögreglumál.

12. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Sþ. 375. Þingsályktun

um sjómælingar og rannsóknir fiskimiða.

(Afgreidd frá Sþ. 17. apríl).

Alþingi felur ríkisstjórninni að láta halda áfram sjómælingum og rannsóknum fiskimiða í nánd við Ísland á næsta sumri.

Heimilast ríkisstjórninni að nota varðskipið Þór við rannsóknir þessar, og greiðist kostnaðurinn að jöfnu úr ríkissjóði og fiskimálasjóði.

Sþ. 376. Þingsályktun

um varnir fyrir sjávarágangi í Vestmannaeyjum.

(Afgreidd frá Sþ. 17. apríl).

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta á næsta sumri hefja rannsókn og aðgerðir, eftir því sem þörf krefur, til þess að koma í veg fyrir frekari skemmdir af sjávargangi á Eiðinu í Vestmannaeyjum.

Sþ. 377. Þingsályktun

um rannsókn á íslenzkum heilsubrunnum og skilyrðum til hressingarhæla við þá.

(Afgreidd frá Sþ. 17. apríl).

Samhljóða þskj. 162.

Ed. 378. Lög

um breyting á lögum nr. 50 31. maí 1927 og lögum nr. 70 28. desember 1934, um gjald af innlendum tollvörutegundum.

(Afgreidd frá Ed. 17. apríl).

Samhljóða þskj. 209.

Ed. 379. Lög

um breyting á lögum nr. 55 7. maí 1928, um bann gegn dragnótaveiði í landhelgi.

(Afgreidd frá Ed. 17. apríl).

Samhljóða þskj. 266.

Ed. 380. Lög

um útrýmingu sels í Húnaósi.

(Afgreidd frá Ed. 17. apríl).

Samhljóða þskj. 324.

Ed. 381. Lög

um hafnargerð á Þórshöfn.

(Afgreidd frá Ed. 17. apríl).

Samhljóða þskj. 32.

Nd. 382. Frumvarp til laga

um breyting á áfengislögum, nr. 33 9. jan. 1935.

Flm.: Pétur Ottesen.

1. gr.

9. gr. laganna orðist svo:

Í öllum þeim kaupstöðum, þar sem nú eru áfengisútsölur, skal, þegar meiri hluti bæjarstjórnar eða ¼ hluti kjósenda í hlutaðeigandi kaupstað krefst þess, fara fram atkvæðagreiðsla kosningabærra manna í kaupstaðnum um það, hvort útsölunni skuli haldið áfram. Einfaldur meiri hluti atkvæða ræður þá úrslitum.

Ríkisstjórninni er heimilt að setja á stofn nýja útsölustaði áfengis, en þó aðeins í kaupstöðum eða kauptúnum. Áður en útsala er sett á stofn, skal fara fram atkvæðagreiðsla kosningabærra manna í því sýslu- eða bæjarfélagi, sem í hlut á, og þarf ⅗ hluta greiddra atkvæða til þess að útsala sé leyfð.

Hafi verið samþykkt með atkvæðagreiðslu að stofna nýja útsölu áfengis, eða halda eldri útsölu áfram, skal fara fram atkvæðagreiðsla um hana á ný að fjórum árum liðnum. Einfaldur meiri hluti atkvæða ræður úrslitum.

Nú hefir verið fellt með atkvæðagreiðslu að stofna útsölu — eða samþykkt að hætta skuli við eldri útsölu — samkvæmt framansögðu, og getur atkvæðagreiðsla þá ekki farið fram á ný fyrr en að fjórum árum liðnum. Þarf þá enn ⅗ atkvæða til þess að útsala sé leyfð.

2. gr.

a. Aftan við fyrri málsgr. 17. greinar laganna bætist: svo og í áætlunarbifreiðum, þar sem einstök sæti eru seld.
b. Orðin „nema leyfi lögreglustjóra komi til“ í niðurlagi síðari málsgr. sömu gr. laganna falla burt.

3. gr.

Aftan við 25. grein laganna bætist:

Lögreglustjóra er skylt að verða við tilmælum áfengisvarnarnefndar um nægjanlegt lögregluefirlit á opinberum samkomum. Heimilt er dómsmálaráðherra eða lögreglustjóra að veita áfengisvarnarnefndum lögregluvald í málum út af brotum á áfengislögunum á opinberum samkomum.

Greinargerð.

Afnám bannlaganna hefir tvímælalaust leitt hina mestu ógæfu yfir þjóðina. Hið takmarkalausa vínflóð, sem þá var veitt yfir landið, hefir komið fjölda manna á kaldan klaka og vonarvöl, og því lengur sem slíkt ástand helzt, því meira afhroð geldur allur manndómur og menning þjóðarinnar. Upplýsingar þær um ástandið í áfengismálum á síðastl. ári, sem hér fara á eftir, hefir áfengismálaráðunautur Friðrik Á. Brekkan látið mér í té:

„Árið 1936 hefir Áfengisverzlun ríkisins og útsölur hennar selt áfengi fyrir 3235703.00 krónur — og skiptist það þannig niður á hina einstöku útsölustaði:

Reykjavík 2343090.00 (þar af á hótel Borg 112703.00 kr.).
Akureyri 229154.00.
Siglufirði 227629.00.
Vestmannaeyjum 152952.00.
Hafnarfirði 144478.00.
Ísafirði 86304.00.
Seyðisfirði 52230.00.

Við að bera þessar tölur saman við tölurnar frá árinu 1935 kemur það í ljós, að um nokkra lækkun er að ræða — eða 150858.00 krónur fyrir allt landið. Þetta er að vísu ekki mikið, en þó nokkuð. Mestur munur er á sölunni í Hafnarfirði, eða 11000.00 kr. lægra en árið 1935. Þá hefir lækkun átt sér stað í Vestmannaeyjum, um 24000, í Reykjavík rúmlega 50000 (þar af rúml. 20000 á hótel Borg) og lítilsháttar á Akureyri. Aftur á móti hefir mjög mikil hækkun átt sér stað á Ísafirði, rúml. 25000, á Seyðisfirði, rúml. 12500, og ofurlítil hækkun á Siglufirði.

Af þessari lækkun, sem orðið hefir á árinu, er þó — því miður — tæplega hægt að draga þá ályktun, að bindindissemi landsmanna hafi raunverulega aukizt sem því nemur. Fyrir það fyrsta hefir salan aukizt tiltölulega mjög mikið á tveim stöðum, og virðist það benda á ört vaxandi áfengisnautn á þessum stöðum og þar í grennd.

Vissulega ber ekki að neita því, að tala félagsbundinna bindindismanna hefir hækkað talsvert á árinu, einkum í G.-T.-reglunni í kaupstöðum og kauptúnum, og má gera ráð fyrir, að það hafi nokkur áhrif einnig út frá sér á aðra, en það sýnir sig þó tæplega fyrr en eftir nokkuð lengri tíma, ef sá vaknandi bindindisáhugi, sem nú virðist vera að glæðast, getur haldizt við og aukizt. — Þá virðist mega ráða af þeim upplýsingum, sem fengizt hafa úr sveitum víðsvegar á landinu, að þar hafi — að minnsta kosti allvíða — borið lítið á áfengisnautn á árinu, og heldur minna en árinu á undan.

Það er aftur á móti eftirtektarvert, að á fyrstu mánuðum ársins 1936 virtist lækkunin benda í þá átt, að hún yrði mun meiri í heild sinni en heildarniðurstöðurnar sýna um áramót — m. ö. o., áfengisnautnin hefir vaxið aftur síðar á árinu — og þá sérstaklega yfir sumarmánuðina (þetta er t. d. mjög áberandi á Siglufirði). Það mun því mega setja þessa lækkun, sem orðið hefir, að einhverju leyti í samhand við hina mjög rýru vertíð í fyrra og þar af leiðandi peningaleysi manna í millum.

Nokkru meiri hugmynd um hina raunverulegu áfengisnautn gefur það, ef litið er á, hversu mikið áfengismagnið er, sem selt er.

Samkvæmt skýrslu, sem Áfengisverzlun ríkisins hefir látið mér í té fyrir árið 1935 (hlutföllin verða mjög svipuð 1936), seldi verzlunin á því ári fyrir 3386695.00

kr. En það var að áfengismagni svarandi til 104133 lítrum af hreinum spíritus (100%). Í hlutfalli við íbúatölu landsins verður það að teljast mjög ískyggileg áfengisneyzla fyrir þá, sem hafa áfengi um hönd (því má nefnilega ekki gleyma í þessu sambandi, að draga verður frá mjög mikinn hluta af íbúatölunni, sem alls ekki kemur til greina hvað snertir áfengisnautn).

Af eftirfarandi tölum sést það bezt, hversu ískyggilegt ástandið raunverulega er:

Langmest er selt af sterkum drykkjum — þ. e. þeim, sem hafa styrkleika 30% alkohol og þar yfir, eða samtals 233572 lítr. — Reiknað með 100% styrkleika er það ekki minna en 96759 lítr.

Af vínum („Spánarvínum") með styrkleika 20% og þar undir, er selt 45118 lítr., en það nemur ekki meiru en 7374 lítr. reiknað með 100% styrkleika — eða aðeins örlítið brot af hinni eiginlegu áfengisneyzlu. Af þessu sést, að neyzla léttra vína lýtur algerlega í lægra haldi borið saman við sterku drykkina.

Langmest er keypt af brennivíni — þeirri tegund, sem alþýða manna hefir gefið nafnið „svartidauði" — styrkleiki 40% — seldir 138883 lítr. Þá kemur whisky — styrkleiki 43% — seldir 47591 lítr., ákavíti — styrkleiki 42% — 20064 lítr. Önnur teg. ákav. — styrkleiki 46% — 5739 lítr. — og romm — styrkleiki 57% — 3444 lítr.

Að lítratölu er þannig selt af þessum 5 sterkustu tegundum einum langsamlega mestur hluti alls áfengis — vínin meðtalin.

Þegar litið er á vínin sérstaklega, verða hlutföllin nokkuð svipuð. Það eru sterkustu tegundirnar, sem mest eru keyptar. Af veikustu tegundinni, sem nafngreind er í skýrslunni (Rínarvín — styrkleiki 8%) er ekki selt nema 540 lítr.

Þessar tölur tala mjög skýrum aðvörunarorðum til þjóðarinnar. Þær sýna, að það eru ekki „borðvínin" svonefndu, sem sótzt er eftir, heldur sterkasta áfengið, og benda því ótvírætt í þá átt, að áfengisnautn manna hér á landi sé að verulegu leyti sprottin af hreinni drykkjuhneigð. Enda kemur það heim við ýmislegt fleira, sem athugað hefir verið í sambandi við áfengisnautn hér þessi síðustu ár, eins og t. d. það álit, sem dr. Helgi Tómasson lét uppi í opinberum fyrirlestri s.l. haust, um öra fjölgun króniskra alkoholista hér í bænum síðan farið var að selja sterka drykki hér í ársbyrjun 1935. Við það má bæta ýmsum einkennum, sem athugulir menn geta séð daglega hér í samkvæmislífinu og á götum úti.

Það getur ekki orkað tvímælis, að það, sem hér kemur í ljós, sé mjög mikið íhugunarefni fyrir ráðandi menn í þjóðfélaginu, og reyndar fyrir alla, sem hugsa vilja um þjóðaruppeldi og þjóðarvelgengni almennt."

Um breytingarnar, sem í frv. þessu felast, þykir rétt að taka þetta fram:

Um 1. gr.

1. Eins og 9. gr. laganna er nú, gefst öllum sýslufélögum og bæjarfélögum landsins kostur á, að íbúarnir láti vilja sinn í ljós með atkvæðagreiðslu, áður en ríkisstjórn er leyfilegt að setja á stofn áfengisútsölur. Þetta er eðlilegt og sjálfsagt, í samræmi við venjulegar lýðræðishugmyndir. Þess vegna er það líka hrapallegt ósamræmi, sem í því felst, að 7 kaupstöðum landsins er gert lægra undir höfði í þessu en öllum öðrum. Þeir eiga samkvæmt ákvæðum greinarinnar að una því, að þar séu áfengisútsölur, og geta aldrei látið vilja sinn í ljós um þær. Þetta eru kaupstaðirnir, sem vitanlega hafa goldið mest afhroð vegna áfengissölunnar ávallt síðan vínbanninu var aflétt með „Spánarsamningnum" svonefnda.

Eins og kunnugt er, voru vínútsölur á þessum stöðum áður en núgildandi áfengislög urðu til, og jafnkunnugt er það, að þessar útsölur voru settar á stofn á þann hátt frá byrjun, að þeim var þröngvað upp á íbúana með valdboði, að þeim forspurðum og í óþökk þeirra flestra. Þetta var þá, og hefir jafnan síðan verið varið með því, að það hafi verið ráðstafanir, sem orðið hafi að gera vegna „Spánarsamningsins".

Nú liggur það í augum uppi, að þessi rök eru með breytingu áfengislaganna fallin úr gildi, eins og reyndar grundvöllurinn undir öllum „Spánarsamningnum", þar

sem hann vitanlega var byggður á forsendum, sem nú eru alls ekki lengur fyrir hendi. Enda mun flestum geta komið saman um, að síðan áfengislögunum var breytt hafi ekkert sérstakt tillit verið hægt að taka til þess samnings að því er snertir verzlun með áfengi hér á landi.

Þá má benda á það, að upprunalega voru það aðeins létt vín, sem selja mátti í útsölum áfengisverzlunarinnar, en hjá því varð ekki komizt til þess að uppfylla ákvæði samningsins. En það getur eins og nú er komið með engu móti réttlætt það misrétti, sem lögin beita kaupstaðina, þar sem sterku drykkjunum (sem nú eru langmest seldir) var bætt við að þeim forspurðum.

Það er því ekki nema eðlilegt og sjálfsagt, að kaupstaðirnar, sem í upphafi urðu fyrir þeirri óhamingju, að það varð að þröngva upp á þá vínútsölum, séu nú látnir njóta fulls jafnréttis í atkvgr. um þær við aðra landsmenn, og það er ekki heldur nema eðlilegt, þó krafizt sé, að þeir fái jafnrétti. Enda er það vitað, að á bak við þá kröfu standa ekki einungis félagsbundnir bindindismenn kaupstaðanna og alls landsins, heldur líka fjöldinn allur af öðru fólki, sem hrýs hugur við þeim voða, sem þjóðinni stafar af vínnautninni. Hefir Alþingi nú borizt fjöldi áskorana úr kaupstöðum um það, að þessu oki verði af létt.

2. Það er einnig fullkomlega lýðræðiskrafa, þegar farið er fram á að breyta ákvæðum greinarinnar í því efni, að leyfð sé atkvæðagreiðsla á ný að fjórum árum liðnum um útsölu, sem samþykkt hefir verið að stofna. Það geta engin lýðræðisrök mælt með því, að íbúum bæjar- eða sýslufélags, sem einu sinni hefir leyft áfengisútsölu, gefist aldrei tækifæri til að losna við hana aftur.

3. Það hefir þótt rétt að miða tímabilið á milli atkvæðagreiðslna ávallt við fjögur ár — eins og venjuleg kjörtímabil.

Um 2. gr.

Viðbótin við 17. gr. laganna er í raun og veru alveg sjálfstæð og sprottin af þeirri hættu, sem stafað getur af, ef einstaklingum er leyft að neyta áfengis í þeim bifreiðum, sem breytingin fjallar um. Hafi bifreiðarstjóri engin lagaákvæði að styðjast við, getur hann ekki fullkomlega verndað sjálfan sig og farartækið fyrir þeirri hættu, sem stafar af ölvuðum farþegum, né heldur aðra farþega fyrir þeim óþægindum, sem af þeim stafa. — Á það má benda, að víðast hvar í nágrannalöndum okkar eru ströng ákvæði til verndar farþegum og til öryggis farartækinu. Þá þykir og rétt að fella niður úr greininni ákvæðið um, að lögreglustjóri geti leyft áfengisveitingar í félagsherbergjum. Þvert á móti ber að sporna við því svalli og sukki, sem af slíkum veitingum leiðir, svo sem frekast eru föng á.

Um 3. gr.

Viðbótin við 25. gr. laganna er sprottin af hinni brýnu þörf, sem er á lögreglueftirliti með opinberum samkomum, því svo má heita, að um það sé nú samhljóða krafa um land allt. Hinsvegar mundi víðast vera úr þessu bætt, ef áfengisvarnarnefndirnar fengju vald það, sem breytingin fer fram á — og mundi það víða vera heppilegasta lausn þess máls. Um leið mundu nefndirnar fá stórum bætta aðstöðu til þess að halda uppi almennri reglu og koma í veg fyrir lögbrot, sem þær nú eiga mjög erfitt með. Allan kostnað, sem af þessum auknu störfum nefndanna leiddi, yrði að greiða sem annan lögreglukostnað.

Nd. 383. Breytingartillögur

við frv. til l. um virkjun Laxár í Suður-Þingeyjarsýslu.

Frá Sigfúsi Jónssyni.

1. Við 3. gr. Greinin falli burt, og greinatalan breytist samkvæmt því.
2. Við 6. gr. Orðin í 1. málsgr.: „en ríkisstjórnin ábyrgist lán handa Akureyrarkaupstað til þeirra framkvæmda með sama skilyrði og segir í 3. gr.“ falli burt.

Ed. 384. Nefndarálit

um frv. til laga um viðauka við lög nr. 121 12. desember 1935, um fiskimálanefnd, útflutning á fiski, hagnýtingu markaða o. fl.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefir athugað frv. og leggur til, að það verði samþykkt. Einn nefndarmanna skrifar undir með fyrirvara og mun bera fram breytingartillögu við frv.

Alþingi, 19. apríl 1937.

Ingvar Pálmason, form.	Sigurjón Á. Ólafsson, fundaskr., frsm.	Jón A. Jónsson, með fyrirv.

Ed. 385. Breytingartillaga

við frv. til l. um viðauka við l. nr. 121 12. des. 1935, um fiskimálanefnd, útflutning á fiski, hagnýtingu markaða o. fl.

Frá Jóni A. Jónssyni.

Við 1. gr. Aftan við greinina komi ný málsgr., svo hljóðandi:
Áður en leyfi er veitt til útflutnings ísfiskjar í togurum, skal fiskimálanefnd leita umsagnar stjórnar félags ísl. botnvörpuskipaeigenda og fara sem mest eftir tillögum félagsstjórnarinnar.

Ed. 386. Breytingartillaga

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 18 25. jan. 1934, um kosningar til Alþingis.

Flm.: Pétur Magnússon.

Við 1. gr. Greinin orðist þannig: Í stað orðanna „23. júní það ár til 22. júní næsta ár á eftir“, í 14. gr. laganna, komi: 15. júní það ár til 14. júní næsta ár á eftir.

Nd. 387. Nefndarálit

um frv. til l. um verðlag á almennum nauðsynjavörum.

Frá meiri hluta allsherjarnefndar.

Á þskj. 365 er fram komið nefndarálit frá minni hl. allshn. (HV og StJSt) um þetta mál, og segir þar, að nefndin hafi ekki komið sér saman um afgreiðslu þess. Sannleikurinn er þó sá, að málið hefir aldrei verið tekið fyrir á nefndarfundi, en utan fundar höfum við TT og GÞ hinsvegar skýrt meðnefndarm. okkar frá, að við teldum, að mál þetta þyrfti nánari athugunar við, og meðundirritaður BJ telur sig ekki hafa verið boðaðan á neinn fund um þetta mál, en hinsvegar hefir verið óskað eftir því við hann símleiðis, að hann samþykkti nefndarálit minni hl., en hann hinsvegar tilkynnt, að hann sæi sér ekki fært að taka svo flausturslega afstöðu til málsins.

Meiri hl. nefndarinnar telur því rétt, áður en mál þetta er afgreitt, að það fái rækilega athugun í nefnd, og að fengnar séu umsagnir þeirra stofnana, sem mál þetta snertir sérstaklega, svo sem Verzlunarráðs Íslands, Sambands ísl. samvinnufélaga o. fl. — Hinsvegar er ljóst, að komið er svo nærri þingslitum, að ekki getur unnizt tími til að fá slíka umsögn á meðan þetta þing situr, og ber því meiri hl. n. fram svo hljóðandi

RÖKSTUDDA DAGSKRÁ:

Með því að mál þetta hefir enga athugun fengið í nefnd, og með því að rétt þykir að fá um málið nauðsynlegar umsagnir þeirra stofnana, er bezt bera skyn á það, og þar eð nauðsynleg athugun málsins getur ekki farið fram á þessu þingi, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 19. apríl 1937.

Garðar Þorsteinsson, frsm. Bergur Jónsson, fundaskr. Thor Thors.

Ed. 388. Lög

um breyting á lögum nr. 43 19. júní 1933, um stjórn vitamála og um vitabyggingar.

(Afgreidd frá Ed. 19. apríl).

Samhljóða þskj. 348.

Ed. 389. Lög

um breyting á lögum nr. 103 3. maí 1935, um breyting á lögum nr. 72 7. maí 1928, um hvalveiðar.

(Afgreidd frá Ed. 19. apríl).

Samhljóða þskj. 160.

Ed. 390. Lög

um heimild fyrir ríkisstjórnina til síldveiða með botnvörpu á fjörðum inni.

(Afgreidd frá Ed. 19. apríl).

Samhljóða þskj. 159.

Ed. **391. Lög**

um breyting á lögum nr. 21 15. júní 1926, um veitingasölu, gistihúshald o. fl.

(Afgreidd frá Ed. 19. apríl).

Samhljóða þskj. 191.

Ed. **392. Lög**

um breyting á lögum nr. 14 9. janúar 1935, um síldarverksmiðjur ríkisins.

(Afgreidd frá Ed. 19. apríl).

Samhljóða þskj. 342.

Ed. **393. Lög**

um klaksjóð, heimild fyrir ríkisstjórnina til að reisa klakstöðvar og til leigunáms í því skyni.

(Afgreidd frá Ed. 19. apríl).

Samhljóða þskj. 374.

Nd. **394. Lög**

um breyting á lögum nr. 41 27. júní 1921, um breyting á 1. gr. tollaga, nr. 54 11. júlí 1911.

(Afgreidd frá Nd. 19. apríl).

Samhljóða þskj. 371.

Nd. **395. Lög**

um loðdýrarækt og loðdýralánadeild.

(Afgreidd frá Nd. 19. apríl).

Samhljóða þskj. 372.

Nd. **396. Breytingartillögur**

við frv. til l. um varnir gegn útbreiðslu borgfirzku sauðfjárveikinnar.

Frá landbúnaðarnefnd.

1. Við 4. gr.
   a. Í stað orðanna „fimmþættri gaddavírsgirðingu eða jafngildri girðingu úr öðru efni“ í 1. málsgr. greinarinnar komi: öruggri, fjárheldri girðingu.
   b. e- og f-liður falli burt.
   c. Í stað þeirra komi nýr liður, er verði e-liður, svo hljóðandi: Milli Hofsjökuls og Langjökuls.
   d. Orðin „Milli Hofsjökuls og Langjökuls og“ í upphafi 9. málsgr. falli burt.
2. Við 5. gr. Greinin orðist þannig:
   Til varnar frekari útbreiðslu veikinnar í Mýrasýslu vestan Norðurár, Miðdalahreppi og Haukadalshreppi í Dalasýslu, Bæjarhreppi í Strandasýslu og

Húnavatnssýslum vestan Blöndu skal framkvæmdarstjóra heimilt, í samráði við hlutaðeigandi sýslufulltrúa, að setja upp aðalvarnargirðingar, er kostaðar séu á sama hátt og girðingar þær, er um getur í 4. gr., þar sem hann telur haganlegast, enda hafi hann þá fulla tryggingu fyrir, að sjúkt og grunað fé sé einangrað í heimalöndum eða sérstökum girðingum í viðkomandi héruðum.

Veita skal úr ríkissjóði til einangrunargirðinga 40 aura styrk á hvern lengdarmetra, ef um nýjar girðingar er að ræða, en ella minna, eftir tillögum framkvæmdarstjóra, enda samþykki hann girðingarstæði, gerð girðinga og annað, er að því lýtur.

Að öðru leyti greiðist kostnaður við þessar girðingar úr sveitarsjóði eða sveitarsjóðum, ef fleiri en einn hreppur eru um girðinguna í samlögum.

3. Við 6. gr.
   a. Í stað „og Skagafjarðarsýslu“ í fyrstu málsgrein komi: Austur-Húnavatnssýslu austan Blöndu og Skagafjarðarsýslu.
   b. Á eftir orðunum „eftir fjártölu“ í þriðju málsgr. komi: eða með öðrum sýslusjóðsgjöldum.
4. Við 9. gr. Aftan við greinina bætist nýr málsliður, svo hljóðandi: Verði ekki settar upp aðalvarnargirðingar þær, sem um getur í 5. gr., er heimilt að veita einstökum bændum á því svæði styrk samkv. þessari grein.
5. Við 11. gr. Aftan við greinina komi:
   Heimilt er framkvæmdarstjóra að fyrirskipa merkingu á sauðfé á öllum sýktum og grunuðum svæðum, og er þá öðrum óheimilt að nota samskonar merki á fé sitt.
6. Við 19. gr. Fyrri málsgr. gr. orðist svo:
   Landbúnaðarráðherra er heimilt, eftir tillögum framkvæmdarstjóra, að gera hverja þá ráðstöfun, er hann álítur nauðsynlega til að hindra útbreiðslu veikinnar og útrýma henni, þar á meðal ráðstafa sjúku og grunuðu fé, ef eigi næst samkomulag á annan hátt, og greiða eigendum bætur fyrir, eftir mati dómkvaddra manna.

Sþ. 397. Tillaga til þingsályktunar

um stuðning til síldarútvegsmanna til útgerðar á næsta sumri.

Flm.: Ólafur Thors, Sigurður Kristjánsson, Pétur Ottesen, Jóhann Jósefsson, Thor Thors.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að hlutast til um, að síldarútvegsmenn hljóti fjárhagslegan stuðning til útvegunar veiðarfæra og annara nauðsynja til síldarútgerðar á næsta sumri.

Ástæður.

Eins og nú horfir við, er nauðsynlegt, að stuðlað sé að því eftir megni, að þeir, sem gera vilja út á síld í sumar, fái aðstöðu til þess, og telja flutningsmenn, að réttmætt sé, að ríkisvaldið stuðli að því eftir megni.

Nú er svo ástatt um marga skipaeigendur, að þeir eiga erfitt með að afla sér veiðarfæra og annars til þessa atvinnurekstrar, þótt þeir eigi ráð á skipakosti, og miðar tillagan að því að ráða bót á þeim vandkvæðum útvegsmanna.

Nánar í framsögu.

Nd. 398. Frumvarp til laga

um virkjun Laxár í Suður-Þingeyjarsýslu.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Bæjarstjórn Akureyrar heimilast að reisa og reka raforkustöð við Laxá í Suður-Þingeyjarsýslu, til þess að vinna úr henni raforku til almenningsþarfa; leggja háspennutaugar til Akureyrar og þeirra staða annara, er ákveðið kann að verða að leiða raforku til frá Laxá, svo og að gera afspennistöðvar og þau mannvirki önnur, er með þarf til þess að koma orkunni til notenda.

2. gr.

Áður en byrjað er á verkinu skal senda atvinnumálaráðherra frumdrætti að hinum fyrirhuguðu mannvirkjum ásamt lýsingu á þeim. Getur ráðherra krafizt þeirra breytinga á fyrirhugaðri tilhögun verksins, sem nauðsynlegar kunna að þykja að dómi sérfræðinga, vegna almenningshagsmuna.

3. gr.

Þegar bæjarstjórn Akureyrar hefir reist raforkustöð við „Laxá úr Mývatni“ og tekið hana í notkun, skal virkjunin rekin sem sjálfstætt fyrirtæki með sérstöku reikningshaldi, samkvæmt reglugerð, er atvinnumálaráðherra staðfestir.

4. gr.

Raforkustöðin við Laxá selur rafmagn til Akureyrar. Þá raforku, sem umfram kann að verða þörf notenda í Akureyrarkaupstað á hverjum tíma, er raforkustöðinni skylt að láta í té við stöðvarvegg í orkuverinu og við spennistöðvar á háspennulínum frá Laxá til Akureyrar, til almenningsnota í nærliggjandi héruðum, við kostnaðarverði, að viðbættum 10%. Þetta verð má þó aldrei fara fram úr því, sem greitt er fyrir raforkuna á Akureyri, miðað við afhendingu á sama stað. Skal verð þetta, ef samkomulag næst eigi, ákveðið með mati samkvæmt 147. gr. 1. b. vatnalaganna frá 1923.

5. gr.

Nú óska nærliggjandi héruð að fá meira rafmagn en unnt er að láta þeim í té af þeirri orku, er við fyrstu virkjun fæst, og er bæjarstjórn Akureyrar þá heimilt, að fengnu samþykki atvinnumálaráðherra, að auka virkjunina svo sem henta þykir. Skal aukningin framkvæmd jafnskjótt og fé er fyrir hendi, nema gildar ástæður, að dómi ráðherra, hamli.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 399. Þingsályktun

um hafnarbætur á Raufarhöfn.

(Afgreidd frá Nd. 19. apríl).

Samhljóða þskj. 334.

Sþ. 400. Þingsályktun

um að láta rannsaka orsakir til framkvæmdaleysis allmargra bænda landsins í jarðrækt.

(Afgreidd frá Sþ. 19. apríl).

Sameinað Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta fram fara rannsókn á því, hverjar séu orsakir þess, að allmikill fjöldi bænda landsins hefir ekki notfært sér þau fríðindi, sem þeir hafa átt kost á samkvæmt jarðræktarlögunum. Skal meðal annars athuga, að hve miklu leyti eftirfarandi atriði, hvert fyrir sig, eiga hér hlut í:

1. Nægileg áveitulönd.
2. Nytjar af veiði í sjó eða vötnum.
3. Óhagstæður leigumáli.
4. Fátækt og úrræðaleysi.

Að lokinni þessari rannsókn skal ríkisstjórnin, í samráði við Búnaðarfélag Íslands — ef rannsókn leiðir í ljós, að hér sé fátækt og úrræðaleysi um að kenna eða óhagkvæmum leigumála eða ábúð — leggja fyrir Alþingi tillögur til góðrar úrlausnar þessu vandamáli. Kostnaður við rannsókn málsins greiðist úr ríkissjóði, að svo miklu leyti sem starfsmenn Búnaðarfélagsins ekki anna rannsókninni.

Sþ. 401. Þingsályktun

um raforkuveitu til Hafnarfjarðar og um undirbúning á öðrum raforkuveitum.

(Afgreidd frá Sþ. 19. apríl).

Samhljóða þskj. 296.

Sþ. 402. Þingsályktun

um laun talsímakvenna.

(Afgreidd frá Sþ. 19. apríl).

Samhljóða þskj. 301.

Ed. 403. Frumvarp til laga

um varnir gegn útbreiðslu borgfirzku sauðfjárveikinnar.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

1. gr.

Landbúnaðarráðherra hefir yfirstjórn varnarráðstafana þeirra, er um getur í lögum þessum. Hann skipar framkvæmdarstjóra, er stjórni vörnunum, og varamann hans.

Sýslunefndir velja einn mann hver fyrir sína sýslu, er sé framkvæmdarstjóra til aðstoðar um framkvæmd varnanna í þeirri sýslu, enda hafi hann á hendi umsjón þeirra undir stjórn framkvæmdarstjóra, þar á meðal ráðningu varðmanna innan sýslu og eftirlit með starfi þeirra.

2. gr.

Framkvæmdarstjóra er heimilt að láta fara fram rannsókn á heilbrigði sauðfjár hjá öllum sauðfjáreigendum í landinu, eftir því sem honum þykir þörf á. Þá

skulu og hreppstjórar, hver í sínum hreppi, tilkynna framkvæmdarstjóra, ef vart verður við veiki í sauðfé í hreppnum, er teljast megi grunsamleg.

3. gr.

Nú telur hreppstjóri, að líkur séu fyrir, að borgfirzka fjárpestin sé á einum eða fleiri bæjum á þeim svæðum, sem ráðstafanir eru gerðar til að verja, og er honum þá heimilt, ef ekki fæst um það samkomulag við fjáreiganda, að láta slátra kind eða kindum, til þess að fá úr því skorið við rannsókn, hvort um sé að ræða borgfirzku fjárveikina eða ekki. Greiða skal úr ríkissjóði bætur fyrir slíkar kindur, allt að verðlagsskrárverði, ef ástæður mæla með, að dómi framkvæmdarstjóra.

4. gr.

Til varnar gegn útbreiðslu fjárpestarinnar skal girða með öruggri, fjárheldri girðingu, að dómi framkvæmdarstjóra:

a. Á mörkum milli Mýra- og Dalasýslu annarsvegar og Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu hinsvegar, þó þannig, að Hörðudalur verði, eftir því sem við verður komið, Snæfellsnessýslu megin við girðinguna.
b. Milli Hvammsfjarðar og Hrútafjarðar.
c. Milli Gilsfjarðar og Bitrufjarðar.
d. Frá ósum Andakílsár í Geitlandsjökul og úr þeirri girðingu í Þingvallagirðinguna með álmu í Hvalfjörð.
e. Milli Hofsjökuls og Langjökuls.

Til að koma í veg fyrir fjársamgöngur skal ennfremur setja verði eins og hér segir:

Meðfram eystri Héraðsvötnum, Jökulsá eystri, Blöndu, Þjórsá, Brúará, Hvítá í Árnessýslu og Sogi. Nú þykir eigi öruggt, að heftar verði samgöngur sauðfjár með varðmönnum eingöngu á þessum svæðum, og er þá framkvæmdarstjóra heimilt að láta setja þar upp girðingar, eftir því sem nauðsyn ber til.

Ennfremur skal hafa varðmenn meðfram þeim girðingum, sem um getur í a.—f.-lið þessarar greinar, og við hlið á þjóðvegum og brýr hvarvetna þar, sem það hefir þýðingu fyrir varnirnar. Ennfremur skal hafa varðmenn meðfram þeim girðingum, er komið verður upp samkvæmt 5. og 6. gr. Tölu varðmanna ákveður framkvæmdarstjóri í samráði við trúnaðarmenn sýslnanna.

5. gr.

Til varnar frekari útbreiðslu veikinnar í Mýrasýslu vestan Norðurár, Miðdalahreppi og Haukadalshreppi í Dalasýslu, Bæjarhreppi í Strandasýslu og Húnavatnssýslum vestan Blöndu skal framkvæmdarstjóra heimilt, í samráði við hlutaðeigandi sýslufulltrúa, að setja upp aðalvarnargirðingar, er kostaðar séu á sama hátt og girðingar þær, er um getur í 4. gr., þar sem hann telur haganlegast, enda hafi hann þá fulla tryggingu fyrir, að sjúkt og grunað fé sé einangrað í heimalöndum eða sérstökum girðingum í viðkomandi héruðum.

Veita skal úr ríkissjóði til einangrunargirðinga 40 aura styrk á hvern lengdarmetra, ef um nýjar girðingar er að ræða, en ella minna, eftir tillögum framkvæmdarstjóra, enda samþykki hann girðingarstæði, gerð girðinga og annað, er að því lýtur.

Að öðru leyti greiðist kostnaður við þessar girðingar úr sveitarsjóði eða sveitarsjóðum, ef fleiri en einn hreppur eru um girðinguna í samlögum.

6. gr.

Árnessýslu, Gullbringu- og Kjósarsýslu, Reykjavík, Hafnarfirði, Borgarfjarðarsýslu sunnan Andakílsár, Dalasýslu, Austur-Húnavatnssýslu austan Blöndu og Skagafjarðarsýslu skal skylt að koma upp, þegar eftir að lög þessi hafa öðlast gildi,

að minnsta kosti einni girðingu fyrir hverja sýslu og kaupstað, til þess að setja í og geyma allt sjúkt og grunað fé, sem vart verður við innan sýslunnar eða kaupstaðarins.

Sýslunefndir og bæjarstjórnir skulu velja land fyrir girðingar þessar í samráði við framkvæmdarstjóra.

Girðingar þessar skulu styrktar með framlagi úr ríkissjóði samkvæmt ákvæðum 5. gr., en að öðru leyti greiðist kostnaðurinn við þær úr viðkomandi sýslu- eða bæjarsjóði. Heimilt er sýslunefnd og bæjarstjórn að jafna þeim kostnaði niður á sauðfjáreigendur eftir fjártölu eða með öðrum sýslusjóðsgjöldum, og skal gjaldið innheimt á manntalsþingum.

Um gerð þessara girðinga gilda ákvæði 4. gr.

Ef til er í sýslunni eða kaupstaðnum girðing, sem sýslunefnd eða bæjarstjórn hefir umráð yfir, og að dómi framkvæmdarstjóra má nota í þessu skyni, þá eru þessir aðiljar þar með leystir undan skyldunni um það að koma upp nýjum girðingum. Nú þykir hentara, að Reykjavík og Hafnarfjörður séu í félagi við Gullbringu- og Kjósarsýslu með girðingu, og er það þá heimilt.

Nú kemur í ljós, að dómi framkvæmdarstjóra, að þörf er á slíkum girðingum í fleiri sýslum og kaupstöðum en hér hafa verið taldir, og gilda þá um þær framkvæmdir sömu reglur sem að framan greinir.

7. gr.

Framkvæmdarstjóri getur, ef honum þykir nauðsyn bera til eða betur henta, breytt legu girðinga þeirra, er um getur í 4. gr.

8. gr.

Heimilt er að leggja girðingar þær, sem um getur í 4. gr., um lönd einstakra manna og afrétti, eftir því sem framkvæmdarstjóri telur haganlegast.

Nú næst ekki samkomulag við landeiganda um land undir girðingar þær, sem um getur í 5. og 6. gr., og er þá ríkisstjórninni heimilt, að fengnum tillögum framkvæmdarstjóra, að taka land í þessu skyni leigunámi fyrir hönd viðkomandi hreppsnefnda eða sýslunefnda, og fer þá um leigunámið eftir ákvæðum laga nr. 61 14. nóv. 1917, um framkvæmd eignarnáms.

9. gr.

Nú hafa bændur á einstökum bæjum á svæðinu milli Andakílsár í Borgarfirði og Norðurár í Mýrasýslu, einir sér eða fleiri í félagi, aðstöðu til, að dómi framkvæmdarstjóra, að einangra fé sitt í girðingum, enda sé fé þeirra enn ósýkt, og njóta þeir þá styrks úr ríkissjóði til girðinga, allt að 25 aurum á metra, miðað við kostnað við að koma upp nýrri girðingu. Sama gildir um styrk til að koma upp girðingu til geymslu fjár þeirra bænda í Sandvíkur- og Eyrarbakkahreppum í Árnessýslu, sem undanfarið hafa rekið fé sitt á Grímsnesafrétt. Verði ekki settar upp aðalvarnargirðingar þær, sem um getur í 5. gr., er heimilt að veita einstökum bændum á því svæði styrk samkv. þessari grein.

10. gr.

Nú kemur veikin upp á þeim svæðum, sem ráðstafanir eru gerðar til að hefta útbreiðslu veikinnar á samkvæmt lögum þessum, og skal viðkomandi hreppstjóri þá sjá um, að fé á þeim bæjum, sem veikin kemur upp á, sé tafarlaust einangrað, og er hreppstjóra, þegar svo er ástatt, heimilt um stundarsakir að ráða mann til að gæta fjárins, enda fer um kostnað þann, sem af því leiðir, sem um kostnað við verði.

Hreppstjóri tilkynnir þegar framkvæmdarstjóra, hversu ástatt er, en framkvæmdarstjóri leggur fyrir viðkomandi sýslunefnd eða bæjarstjórn að sjá um, að annaðhvort verði gert, að fénu verði komið út af því svæði, sem ráðstafanir eru gerðar til að verja, eða það geymt í girðingu, samkv. 6. gr.

11. gr.

Nú hefir rannsókn leitt í ljós, að borgfirzka sauðfjárveikin er komin á heimili, og skal þá þegar merkja allt fé á heimilinu greinilega með sterkum bláum lit á horn eða haus, enda er öðrum óheimilt að nota þennan lit til að merkja með sauðfé.

Heimilt er framkvæmdarstjóra að fyrirskipa merkingu á sauðfé á öllum sýktum og grunuðum svæðum, og er þá öðrum óheimilt að nota samskonar merki á fé sitt.

12. gr.

Hreppstjórar skulu sjá um, að haft sé strangt eftirlit með því í réttum að hausti, að allar veikar kindur, er þar koma fyrir, séu tafarlaust einangraðar.

13. gr.

Flutningur sauðfjár yfir varnarlínur þær, er um getur í 4. gr., er bannaður, nema samþykki framkvæmdarstjóra komi til.

14. gr.

Framkvæmdarstjóra er heimilt að ráðstafa fé á afrétti og í heimahögum, ef nauðsyn ber til vegna varnanna.

15. gr.

Leyni fjáreigandi veiki í sauðfé sínu, skal hann sæta sektum eftir lögum þessum.

16. gr.

Nú neitar fjáreigandi, að skoðun fari fram á fé hans, og er hreppstjóra þá heimilt að láta framkvæma skoðun á hans kostnað.

17. gr.

Hreppstjórar skulu, hver í sínum hreppi, hafa eftirlit með því, að ákvæðum þessara laga sé hlýtt.

18. gr.

Allur kostnaður við girðingar og verði, sbr. 4. gr., greiðist að $^3/_5$ hlutum úr ríkissjóði og þeim hluta bjargráðasjóðs, sem er sameign allra landsmanna, $^3/_{10}$ af hvorum aðilja, en $^2/_5$ sé jafnað niður á alla sauðfjáreigendur í landinu, að undanteknum þeim, sem búa í Mýra- og Borgarfjarðarsýslum á svæðinu milli Andakílsár og Norðurár, og þeim hreppum, sýslum eða sýsluhlutum og kaupstöðum, sem koma upp girðingum samkvæmt 5. og 6. gr.

Landbúnaðarráðuneytið jafnar gjaldi þessu árlega niður eftir síðasta fjárframtali á þau sýslufélög, eða hluta úr sýslufélögum, er þátt taka í greiðslunni, en þó ekki hærri fjárhæð á ári hverju en sem svarar 10 aurum á kind. Sýslumenn jafna gjaldinu milli hreppa eftir sömu reglu, og innheimta það með sýslusjóðsgjöldum. Hreppsnefndum er í sjálfsvald sett, hvort þær jafna gjaldi þessu niður á fjáreigendur, eða hvort þær greiða það beint úr sveitarsjóði.

19. gr.

Landbúnaðarráðherra er heimilt, eftir tillögum framkvæmdarstjóra, að gera hverja þá ráðstöfun, er hann álítur nauðsynlega til að hindra útbreiðslu veikinnar og útrýma henni, þar á meðal ráðstafa sjúku og grunuðu fé, ef eigi næst samkomulag á annan hátt, og greiða eigendum bætur fyrir, eftir mati dómkvaddra manna.

Ríkisstjórninni er heimilt, eftir því sem þörf krefur, að taka lán til að greiða kostnað þann, er leiðir af framkvæmd þessara laga, að því leyti sem hann er ekki greiddur úr bjargráðasjóði. Sá hluti kostnaðarins, sem héruðunum ber að greiða, sbr. 18. gr., endurgreiðist ríkissjóði með þeim hætti, er þar segir.

20. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum allt að 10000 kr., og skal með mál út af slíkum brotum farið sem almenn lögreglumál.

21. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Sþ. 404. Tillaga til þingsályktunar

um greiðslu hluta andvirðis selds áfengis til bæjarsjóðs Siglufjarðar.

Flm.: Garðar Þorsteinsson.

Alþingi ályktar að heimila fjármálaráðherra að greiða til bæjarsjóðs Siglufjarðar, til nauðsynlegra útgjalda hans, 15% af brúttó-andvirði selds áfengis frá útsölu áfengisverzlunar ríkisins á Siglufirði, yfir tímabilið 1. jan. 1937 til 31. des. sama ár.

Ástæður.

Með því að nú er séð, að ekki verða afgreidd á þessu þingi frv. um tekjuaflanir fyrir kaupstaði, er tillaga þessi borin fram, til þess að bæta að litlu leyti úr fjárhagsörðugleikum Siglufjarðar. Sala áfengis á Siglufirði nam s. l. ár 227 þús. kr.

Ed. 405. Lög

um skipting fasteignaveðslána.

(Afgreidd frá Ed. 20. apríl).

Samhljóða þskj. 349.

Ed. 406. Lög

um friðun hreindýra.

(Afgreidd frá Ed. 20. apríl).

Samhljóða þskj. 213.

Ed. 407. Lög

um viðauka við lög nr. 26 1. febrúar 1936, um alþýðutryggingar.

(Afgreidd frá Ed. 20. apríl).

Samhljóða þskj. 11.

Ed. 408. Lög

um framlög ríkisins til endurbyggingar á sveitabýlum.

(Afgreidd frá Ed. 20. apríl).

Samhljóða þskj. 253.

Ed. 409. Lög

um viðauka við lög nr. 121 12. desember 1935, um fiskimálanefnd, útflutning á fiski, hagnýtingu markaða o. fl.

(Afgreidd frá Ed. 20. apríl).

Samhljóða þskj. 343.

Nd. 410. Lög

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að taka mjólkurvinnslustöð á leigu.

(Afgreidd frá Nd. 20. apríl).

Samhljóða þskj. 18.

Nd. 411. Breytingartillaga

við frv. til l. um breyt. á og viðauka við hin almennu hegningarlög.

Frá Gunnari Thoroddsen.

Á eftir 1. gr. frv. komi ný grein, svo hljóðandi:

Hver sá, sem af ásettu ráði sýnir fána Íslands óvirðingu í orði eða verki, skal sæta sektum eða fangelsi.

Sþ. 412. Breytingartillaga

við till. til þál. um bætur vegna brunaslysa í Keflavík.

Frá Ólafi Thors.

Tillögugreinin orðist þannig:

Alþingi heimilar ríkisstjórninni að greiða á yfirstandandi ári allt að 5000 kr. til Keflavíkurhrepps, til greiðslu á eftirstöðvum þess kostnaðar, er leitt hefir af brunaslysunum í Keflavík hinn 30. desember 1935.

Til vara: Í stað „héraðslækni“ í tillgr. komi: sýslumanni.

Sþ. 413. Þingsályktun

um bætur vegna brunaslysa í Keflavík.

(Afgreidd frá Sþ. 20. apríl).

Alþingi heimilar ríkisstjórninni að greiða á yfirstandandi ári allt að 5000 kr. til Keflavíkurhrepps, til greiðslu á eftirstöðvum þess kostnaðar, er leitt hefir af brunaslysunum í Keflavík hinn 30. desember 1935.

Sþ. 414. Breytingartillaga

við till. til þál. um dánarbætur.

Frá Stefáni Jóh. Stefánssyni.

Tillögugreinin orðist þannig:

Alþingi felur ríkisstjórninni að hlutast til um, að stjórn Tryggingarstofnunar ríkisins greiði foreldrum þeirra einhleypra manna, er farizt hafa af slysförum síðan lögin um alþýðutryggingar gengu í gildi, svo háar dánarbætur sem 11. gr. alþýðutryggingarlaganna frekast leyfir.

Sþ. 415. Breytingartillaga

við brtt. á þskj. 414 (Dánarbætur).

Frá Garðari Þorsteinssyni.

Á eftir orðunum „einhleypra manna“ bætist: eða systkinum, séu foreldrar dánir.

Sþ. 416. Þingsályktun

um nýja útgáfu af lagasafni.

(Afgreidd frá Sþ. 20. apríl).

Samhljóða þskj. 237.

Sþ. 417. Þingsályktun

um skipun milliþinganefndar til að endurskoða bankalöggjöf landsins o. fl.

(Afgreidd frá Sþ. 20. apríl).

Samhljóða þskj. 104.

Sþ. 418. Breytingartillaga

við till. til þál. um greiðslu hluta andvirðis selds áfengis til bæjarsjóðs Siglufjarðar.

Frá Jóhanni Jósefssyni.

Tillögugreinin orðist svo:

Alþingi ályktar að heimila fjármálaráðherra að greiða til bæjarsjóða Siglufjarðar og Vestmannaeyja, til nauðsynlegra útgjalda þeirra, 15% af brúttó-andvirði selds áfengis frá útsölum áfengisverzlunar ríkisins á Siglufirði og í Vestmannaeyjum, yfir tímabilið 1. jan. 1937 til 31. des. sama ár.

Sþ. 419. Viðaukatillögur

við brtt. á þskj. 415 (Dánarbætur).

Frá Gísla Guðmundssyni.

1. Aftan við brtt. bætist:
   Ennfremur lýsir Alþingi yfir þeim skilningi sínum á ákvæðum laganna, að ekki beri að telja úthlutaða vexti af ellistyrktarsjóðum hreppa og kaupstaða með framlagi Lífeyrissjóðs Íslands móti framlögum bæjar- og sveitarsjóða til ellilauna, og beri sveitar- og bæjarstjórnum réttur til að ráðstafa þessum vöxtum eins og áður, án tillits til úthlutunar ellilauna að öðru leyti.
2. Aftan við fyrirsögn till. bætist: o. fl.

Ed. 420. Lög

um virkjun Laxár í Suður-Þingeyjarsýslu.

(Afgreidd frá Ed. 20. apríl).

Samhljóða þskj. 398.

Ed. 421. Lög

um varnir gegn útbreiðslu borgfirzku sauðfjárveikinnar.

(Afgreidd frá Ed. 20. apríl).

Samhljóða þskj. 403.

Nd. 422. Lög

um breyting á lögum nr. 18 25. jan. 1934, um kosningar til Alþingis.

(Afgreidd frá Nd. 20. apríl).

Samhljóða þskj. 364.

Sþ. 423. Þingsályktun

um dánarbætur o. fl.

(Afgreidd frá Sþ. 20. apríl).

Alþingi felur ríkisstjórninni að hlutast til um, að stjórn Tryggingarstofnunar ríkisins greiði foreldrum þeirra einhleypra manna, er farizt hafa af slysförum síðan lögin um alþýðutryggingar gengu í gildi, svo háar dánarbætur sem 11. gr. alþýðutryggingarlaganna frekast leyfir.

Ennfremur lýsir Alþingi yfir þeim skilningi sínum á ákvæðum laganna, að ekki beri að telja úthlutaða vexti af ellistyrktarsjóðum hreppa og kaupstaða með framlagi Lífeyrissjóðs Íslands móti framlögum bæjar- og sveitarsjóða til ellilauna, og beri sveitar- og bæjarstjórnum réttur til að ráðstafa þessum vöxtum eins og áður, án tillits til úthlutunar ellilauna að öðru leyti.

Sþ. 424. Nefndaskipun 1937

(51. löggjafarþing).

I.
Fastanefndir.

A.
Í sameinuðu þingi.

1. Fjárveitinganefnd:

Bjarni Bjarnason, formaður,
Pétur Ottesen,
Jónas Guðmundsson,
Jón Sigurðsson,
Þorbergur Þorleifsson,
Þorsteinn Þorsteinsson,
Sigurður Einarsson, fundaskrifari,
Bernharð Stefánsson,
Jakob Möller.

Til hennar vísað:

1. Frv. til fjárlaga fyrir árið 1938 (1*).
   Nefndarálit kom ekki.
2. Till. til þál. um undirbúning raforkuveitu fyrir Vestmannaeyjar (33).
   Nefndarálit kom ekki.
3. Till. til þál. um sjómælingar og rannsóknir fiskimiða (34, n. 274).
   Frsm.: Jakob Möller.
4. Till. til þál. um fjárhagslegan stuðning ríkissjóðs við síldarverksmiðjuna á Norðfirði (40, n. 358).
   Frsm.: Bjarni Bjarnason.
5. Till. til þál. um varnir fyrir sjávarágangi í Vestmannaeyjum (45, n. 270).
   Frsm.: Pétur Ottesen.
6. Till. til þál. um skipun milliþinganefndar til að endurskoða bankalöggjöf landsins o. fl. (104, n. 344 (meiri hl.) og 346 (minni hl.)).
   Frsm. meiri hl.: Bernharð Stefánsson.
   Frsm. minni hl.: Sigurður Einarsson.
7. Till. til þál. um ríkisábyrgð fyrir strigaverksmiðju og rafveitu á Eskifirði (113).
   Nefndarálit kom ekki.
8. Till. til þál. um afnotagjald útvarpsnotenda (143).
   Nefndarálit kom ekki.
9. Till. til þál. um rannsókn á íslenzkum heilsubrunnum og skilyrðum til hressingarhæla við þá (162, n. 280).
   Frsm.: Bjarni Bjarnason.

---

*) Tölurnar innan sviga tákna númer á þingskjölum, og eru ekki talin önnur þingskjalanúmer en þau, sem málið bar, þá er því var til nefndar vísað, svo og þau, er nefndarálit (skammstafað: n.) hlutu. Sama er um mál, er nefndirnar flytja.

Fastanefndir Sþ.: Fjárveitinga-, utanríkismála- og kjörbréfanefndir. — *Ed.:* Fjárhagsnefnd.

10. Till. til þál. um viðbótarfjárveitingu til dýpkunar á Vestmannaeyjahöfn (193).
Nefndarálit kom ekki.
11. Till. til þál. um ríkisábyrgð á láni til virkjunar Laxár í Suður-Þingeyjarsýslu (297).
Nefndarálit kom ekki.
12. Till. til þál. um ráðstöfun nokkurs hluta atvinnubótafjár (282).
Nefndarálit kom ekki.
13. Till. til þál. um innheimtu berklavarnagjalda fyrir 1936 (219).
Nefndarálit kom ekki.

2. Utanríkismálanefnd:
Bjarni Ásgeirsson, formaður,
Ólafur Thors,
Héðinn Valdimarsson, fundaskrifari,
Magnús Jónsson,
Jónas Jónsson,
Pétur Magnússon,
Stefán Jóh. Stefánsson.
Til hennar vísað:
Till. til þál. um meðferð utanríkismála (46, n. 215).
Frsm.: Bjarni Ásgeirsson.

3. Kjörbréfanefnd:
Bergur Jónsson, formaður,
Pétur Magnússon,
Stefán Jóh. Stefánsson, fundaskrifari,
Gísli Sveinsson,
Einar Árnason.
Ekkert mál bar undir nefndina.

B.

Í efri deild.

1. Fjárhagsnefnd:
Jón Baldvinsson, formaður,
Magnús Jónsson,
Bernharð Stefánsson, fundaskrifari.
Til hennar vísað:
1. Frv. til l. um breyt. á l. nr. 56 31. maí 1927, um skemmtanaskatt og þjóðleikhús (7).
Nefndarálit kom ekki.
2. Frv. til l. um bráðabirgðabreyting nokkurra laga (5).
Nefndarálit kom ekki.
3. Frv. til l. um framlenging á gildi ýmsra lagaákvæða um tekjuöflun fyrir ríkissjóð (2, n. 101).
Frsm.: Bernharð Stefánsson.
4. Frv. til l. um einkaleyfi til að flytja út hrafntinnu og selja hana á erlendum markaði (67).
Nefndarálit kom ekki.
5. Frv. til l. um framlenging á gildi l. um verðtoll og bráðabirgðaverðtoll (6, n. 102).
Frsm.: Bernharð Stefánsson.

6. Frv. til l. um breyt. á l. nr. 10 15. apríl 1928, um Landsbanka Íslands (202).
Nefndarálit kom ekki.
7. Frv. til l. um breyt. á l. nr. 50 31. maí 1927 og l. nr. 70 28. des. 1934, um gjald af innlendum tollvörutegundum (209, n. 299).
Frsm.: Bernharð Stefánsson.
8. Frv. til l. um breyt. á l. nr. 41 27. júní 1921, um breyt. á 1. gr. tolllaga, nr. 54 11. júlí 1911 (210, n. 300).
Frsm.: Bernharð Stefánsson.
9. Frv. til l. um breyt. á l. nr. 54 15. júní 1926, um vörutoll (211).
Nefndarálit kom ekki.

2. Samgöngumálanefnd:
Sigurjón Á. Ólafsson, formaður,
Jón Auðunn Jónsson,
Jónas Jónsson, fundaskrifari.
Til nefndarinnar var engu máli vísað.
Nefndin flutti:
Frv. til l. um heimild handa atvinnumálaráðherra til að veita Pan American Airways Company leyfi til loftferða á Íslandi o. fl. (85).
Frsm.: Sigurjón Á. Ólafsson.

3. Landbúnaðarnefnd:
Páll Hermannsson, formaður,
Pétur Magnússon,
Jón Baldvinsson, fundaskrifari.
Til hennar vísað:
1. Frv. til l. um varnir gegn útbreiðslu sauðfjárveiki (15).
Nefndarálit kom ekki.
2. Frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til að taka mjólkurvinnslustöð á leigu (18, n. 200 (1. minni hl.)).
Frsm. 1. minni hl.: Páll Hermannsson.
Nefndarálit kom ekki frá öðrum nefndarhlutum.
3. Frv. til l. um breyt. á l. um bændaskóla, nr. 51 19. maí 1930 (35).
Nefndarálit kom ekki.
4. Frv. til l. um klaksjóð, heimild fyrir ríkisstjórnina til að reisa klakstöðvar og til leigunáms í því skyni (64).
Nefndarálit kom ekki.
5. Frv. til l. um húsmæðrafræðslu (77).
Nefndarálit kom ekki.
6. Frv. til l. um ráðstafanir vegna búfjársjúkdóma (84, n. 229).
Frsm.: Páll Hermannsson.
7. Frv. til l. um breyt. á l. nr. 31 14. júní 1929, um Búnaðarbanka Íslands (88).
Nefndarálit kom ekki.
8. Frv. til l. um sauðfjárbaðanir (90, n. 198).
Frsm.: Páll Hermannsson.
9. Frv. til l. um breyt. á l. nr. 78 19. júní 1933, um kreppulánasjóð (89).
Nefndarálit kom ekki.
10. Frv. til l. um framlenging á gildi l. nr. 90 19. júní 1933, um útflutning á kjöti (59, n. 197).
Frsm.: Páll Hermannsson.
11. Frv. til l. um útrýmingu sels í Húnaósi (324, n. 325).
Frsm.: Pétur Magnússon.

12. Frv. til l. um loðdýrarækt og loðdýralánadeild (242).
Nefndarálit kom ekki.
13. Frv. til l. um framlög ríkisins til endurbyggingar á sveitabýlum (253).
Nefndarálit kom ekki.

4. Sjávarútvegsnefnd:
Ingvar Pálmason, formaður,
Jón Auðunn Jónsson,
Sigurjón Á. Ólafsson.
Til hennar vísað:
1. Frv. til l. um breyt. á l. nr. 99 3. maí 1935, um skuldaskilasjóð vélbátaeigenda (16, n. 51).
Frsm.: Ingvar Pálmason.
2. Frv. til l. um breyt. á l. nr. 43 19. júní 1933, um stjórn vitamála og um vitabyggingar (48, n. 122).
Frsm.: Ingvar Pálmason.
3. Frv. til l. um breyt. á l. nr. 93 3. maí 1935, um eftirlit með skipum (58).
Nefndarálit kom ekki.
4. Frv. til l. um breyt. á l. nr. 14 9. jan. 1935, um síldarverksmiðjur ríkisins (124, n. 182 (meiri hl.) og 195 (minni hl.)).
Frsm. meiri hl.: Ingvar Pálmason.
Frsm. minni hl.: Sigurjón Á. Ólafsson.
5. Frv. til l. um breyt. á l. nr. 37 19. maí 1930, um skráning skipa (107, n. 228).
Frsm.: Ingvar Pálmason.
6. Frv. til l. um ráðstafanir til stuðnings togaraútgerðinni (161).
Nefndarálit kom ekki.
7. Frv. til l. um hafnargerð á Þórshöfn (32, n. 322).
Frsm.: Ingvar Pálmason.
8. Frv. til l. um breyt. á l. nr. 55 7. maí 1928, um bann gegn dragnótaveiði í landhelgi (266, n. 305).
Frsm.: Jón Auðunn Jónsson.
9. Frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til síldveiða með botnvörpu á fjörðum inni (159, n. 328).
Frsm.: Sigurjón Á. Ólafsson.
10. Frv. til l. um breyt. á l. nr. 103 3. maí 1935, um breyt. á l. nr. 72 7. maí 1928, um hvalveiðar (160, n. 327).
Frsm.: Sigurjón Á. Ólafsson.
11. Frv. til l. um viðauka við l. nr. 121 12. des. 1935, um fiskimálanefnd, útflutning á fiski, hagnýtingu markaða o. fl. (343, n. 384).
Frsm.: Sigurjón Á. Ólafsson.

5. Iðnaðarnefnd:
Ingvar Pálmason, formaður,
Guðrún Lárusdóttir, fundaskrifari,
Jónas Jónsson.
Til hennar vísað:
Frv. til l. um rétt manna til að kalla sig verkfræðinga, húsameistara eða iðnfræðinga (120, n. 177).
Frsm.: Jónas Jónsson.

6. Menntamálanefnd:
Jónas Jónsson, formaður,
Guðrún Lárusdóttir, fundaskrifari,
Páll Hermannsson.

Til hennar vísað:

1. Frv. til l. um breyt. á l. um Háskóla Íslands, nr. 21 1. febr. 1936 (55).
   Nefndarálit kom ekki.
2. Frv. til l. um viðauka við l. nr. 37 1929, um héraðsskóla (76, n. 128).
   Frsm.: Jónas Jónsson.
3. Frv. til l. um sérstaka sókn í Laugarnesskólahverfi (118).
   Nefndarálit kom ekki.
4. Frv. til l. um breyt. á l. nr. 30 19. júní 1922 [Skemmtanaskattur] (53, n. 286).
   Frsm.: Guðrún Lárusdóttir.

7. *Allsherjarnefnd:*
   Sigurjón Á. Ólafsson, formaður,
   Magnús Guðmundsson,
   Ingvar Pálmason, fundaskrifari.

Til hennar vísað:

1. Frv. til l. um breyt. á 10. gr. tilsk. um fjárforráð ómyndugra á Íslandi, 18. febr. 1847 (20, n. 65).
   Frsm.: Ingvar Pálmason.
2. Frv. til l. um heimild handa atvinnumálaráðherra til þess að veita sjóliðsforingja Pétri Sigurðssyni stýrimannsskirteini á íslenzkum skipum (12, n. 56).
   Frsm.: Sigurjón Á. Ólafsson.
3. Frv. til l. um breyt. á l. nr. 78 23. júní 1936, um ríkisframfærslu sjúkra manna og örkumla (27).
   Nefndarálit kom ekki.
4. Frv. til l. um drykkjumannahæli (44).
   Nefndarálit kom ekki.
5. Frv. til l. um uppeldisheimili fyrir vangæf börn og unglinga (49).
   Nefndarálit kom ekki.
6. Frv. til l. um reiknings- og skuldaskil sparisjóðsins Gullfoss í Hrunamannahreppi (19, n. 141).
   Frsm.: Ingvar Pálmason.
7. Frv. til l. um sölu kirkjujarðarinnar Sanda í Þingeyrarhreppi (37, n. 108).
   Frsm.: Magnús Guðmundsson.
8. Frv. til l. um tekjur bæjar- og sveitarfélaga (81, n. 294 (meiri hl.) og 318 (minni hl.)).
   Frsm. meiri hl.: Ingvar Pálmason.
   Frsm. minni hl.: Sigurjón Á. Ólafsson.
9. Frv. til l. um breyt. á l. nr. 35 1. febr. 1936, um viðauka við l. nr. 78 19. júní 1933, um kreppulánasjóð (110, n. 147).
   Frsm.: Magnús Guðmundsson.
10. Frv. til l. um breyt. á l. nr. 36 frá 27. júní 1921, um samvinnufélög (123, n. 196).
    Frsm.: Ingvar Pálmason.
11. Frv. til l. um verðlag á almennum nauðsynjavörum (127, n. 224).
    Frsm.: Sigurjón Á. Ólafsson.
12. Frv. til l. um veiting ríkisborgararéttar (100, n. 207).
    Frsm.: Magnús Guðmundsson.
13. Frv. til l. um viðauka við l. nr. 85 frá 23. júní 1936, um meðferð einkamála í héraði (233, n. 293).
    Frsm.: Magnús Guðmundsson.

14. Frv. til l. um breyt. á l. nr. 21 15. júní 1926, um veitingasölu, gistihúshald o. fl. (191, n. 329).
Frsm.: Sigurjón Á. Ólafsson.

Nefndin flutti:

1. Frv. til l. um breyt. á l. nr. 44 23. júní 1932, um skipun læknishéraða, verksvið landlæknis og störf héraðslækna (69).
Frsm.: Magnús Guðmundsson.
2. Frv. til l. um framlenging á gildi l. nr. 49 7. apríl 1936, um frestun á framkvæmd 2. og 3. málsgreinar 62. gr. laga nr. 26 1. febr. 1936, um alþýðutryggingar (105).
Frsm.: Sigurjón Á. Ólafsson.
3. Frv. til l. um bæjanöfn o. fl. (150).
Frsm.: Sigurjón Á. Ólafsson.
4. Frv. til l. um breyt. á l. nr. 18 25. jan. 1934, um kosningar til Alþingis (364).
Frsm.: Sigurjón Á. Ólafsson.

C.
Í neðri deild.

1. Fjárhagsnefnd:

Sigfús Jónsson, formaður,
Ólafur Thors,
Stefán Jóh. Stefánsson,
Gunnar Thoroddsen, fundaskrifari,
Ásgeir Ásgeirsson.

Til hennar vísað:

1. Frv. til l. um breyt. á l. nr. 41 27. júní 1921, um breyt. á 1. gr. tollaga, nr. 54 11. júlí 1911 (4, n. 179).
Frsm.: Sigfús Jónsson.
2. Frv. til l. um breyt. á l. nr. 50 31. maí 1927 og l. nr. 70 28. des. 1934, um gjald af innlendum tollvörutegundum (3, n. 178).
Frsm.: Ásgeir Ásgeirsson.
3. Frv. til l. um framlenging á gildi l. um verðtoll og bráðabirgðaverðtoll (6, n. 66).
Frsm.: Ásgeir Ásgeirsson.
4. Frv. til l. um breyt. á l. nr. 54 15. júní 1926, um vörutoll (8, n. 180).
Frsm.: Sigfús Jónsson.
5. Frv. til l. um breyt. á l. nr. 11 9. jan. 1935, um gjaldeyrisverzlun o. fl. (22, n. 244 (minni hl.)).
Frsm. minni hl.: Ólafur Thors.
Nefndarálit kom ekki frá meiri hl.
6. Frv. til l. um landaura og verðlagsskrár (26).
Nefndarálit kom ekki.
7. Frv. til l. um kaup á hlutabréfum í Útvegsbanka Íslands h/f (63, n. 287 (minni hl.)).
Frsm. minni hl.: Gunnar Thoroddsen.
Nefndarálit kom ekki frá meiri hl.
8. Frv. til l. um breyt. á l. nr. 40 19. júní 1933, um breyt. á l. nr. 23 15. júní 1926, um bæjargjöld í Vestmannaeyjum (74, n. 245).
Frsm.: Ólafur Thors.
9. Frv. til l. um fasteignamat (80).
Nefndarálit kom ekki.

Fastanefndir Nd.: Fjárhags-, samgöngumála- og landbúnaðarnefndir.

10. Frv. til l. um tímabundna heimild handa rafmagnsveitu Reykjavíkur til innflutnings og sölu á rafmagnstækjum (121).
Nefndarálit kom ekki.
11. Frv. til l. um skiptameðferð á búi h/f Kveldúlfs í Reykjavík (97, n. 332 (minni hl.) og 350 (meiri hl.)).
Frsm. minni hl.: Stefán Jóh. Stefánsson.
Frsm. meiri hl.: Sigfús Jónsson.
12. Frv. til l. um breyt. á l. um Landsbanka Íslands, nr. 10 15. apríl 1928 (96, n. 331 (minni hl.)).
Frsm. minni hl.: Stefán Jóh. Stefánsson.
Nefndarálit kom ekki frá meiri hl.
13. Frv. til l. um tekjur bæjar- og sveitarfélaga (112).
Nefndarálit kom ekki.
14. Frv. til l. um skipting fasteignaveðslána (135, n. 320).
Frsm.: Sigfús Jónsson.
15. Frv. til l. um virkjun Laxár í Suður-Þingeyjarsýslu (169, n. 330).
Frsm.: Ólafur Thors.
16. Frv. til l. um seðlabanka Íslands (132).
Nefndarálit kom ekki.
17. Frv. til l. um breyt. á og viðauka við l. nr. 66 27. júní 1921, um fasteignaskatt (206).
Nefndarálit kom ekki.
18. Frv. til l. um gengisskráningu (78).
Nefndarálit kom ekki.

2. Samgöngumálanefnd:
Gísli Guðmundsson, formaður,
Gísli Sveinsson,
Finnur Jónsson, fundaskrifari,
Jón Ólafsson,
Þorbergur Þorleifsson.
Til nefndarinnar var engu máli vísað.

3. Landbúnaðarnefnd:
Páll Zóphóníasson, fundaskrifari,
Jón Pálmason,
Emil Jónsson,
Pétur Ottesen,
Bjarni Ásgeirsson, formaður.
Til hennar vísað:
1. Frv. til l. um bændaskóla (54).
Nefndarálit kom ekki.
2. Frv. til l. um framlenging á gildi l. nr. 90 19. júní 1933, um útflutning á kjöti (59, n. 82).
Frsm.: Páll Zóphóníasson.
3. Frv. til l. um framlög ríkisins til endurbyggingar á sveitabýlum (72, n. 186 (meiri hl.) og 201 (minni hl.)).
Frsm. meiri hl.: Bjarni Ásgeirsson.
Frsm. minni hl.: Jón Pálmason.
4. Frv. til l. um loðdýrarækt og loðdýralánadeild (75, n. 172).
Frsm.: Jón Pálmason.
5. Frv. til l. um útrýmingu sels í Húnaósi (94, n. 171).
Frsm.: Jón Pálmason.

6. Frv. til l. um breyt. á l. nr. 1 7. jan. 1935, um meðferð og sölu mjólkur og rjóma o. fl. (103).
   Nefndarálit kom ekki.
7. Frv. til l. um lágmarksverð á sauðakjöti í innanlandssölu (138).
   Nefndarálit kom ekki.
8. Frv. til l. um byggingarsjóð sveitanna (144).
   Nefndarálit kom ekki.
9. Frv. til l. um friðun hreindýra (213, n. 323).
   Frsm.: Pétur Ottesen.
10. Frv. til l. um friðun hreindýra (218).
    Nefndarálit kom ekki.
11. Frv. til l. um sauðfjárbaðanir (260).
    Nefndarálit kom ekki.
12. Frv. til l. um ráðstafanir vegna búfjársjúkdóma (276).
    Nefndarálit kom ekki.
13. Frv. til l. um klaksjóð, heimild fyrir ríkisstjórnina til að reisa klakstöðvar og til leigunáms í því skyni (263).
    Nefndarálit kom ekki.
14. Frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja jörðina Grísartungu í Stafholtstungnahreppi (255).
    Nefndarálit kom ekki.
15. Frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að fyrirskipa blöndun á þurrmjólk í brauð í brauðgerðarhúsum og til þess að ákveða hámarksverð á brauði og þurrmjólk (217).
    Nefndarálit kom ekki.

    Nefndin flutti:

    Frv. til l. um varnir gegn útbreiðslu borgfirzku sauðfjárveikinnar (338).
    Frsm.: Páll Zóphóníasson.

    Meiri hl. nefndarinnar flutti:

    Till. til þál. um aukna starfsemi byggingar- og landnámssjóðs (173).
    Frsm.: Emil Jónsson.

4. Sjávarútvegsnefnd:

Finnur Jónsson, formaður,
Jóhann Jósefsson,
Bergur Jónsson, fundaskrifari,
Sigurður Kristjánsson,
Páll Þorbjörnsson.

Til hennar vísað:

1. Frv. til l. um vátryggingarfélög fyrir vélbáta (17).
   Nefndarálit kom ekki.
2. Frv. til l. um viðauka við l. nr. 121 12. des. 1935, um fiskimálanefnd, útflutning á fiski, hagnýtingu markaða o. fl. (9, n. 247).
   Frsm.: Finnur Jónsson.
3. Frv. til l. um breyt. á l. nr. 55 7. maí 1928, um bann gegn dragnótaveiði í landhelgi (24, n. 184).
   Frsm.: Jóhann Jósefsson.
4. Frv. til l. um breyt. á l. nr. 14 9. jan. 1935, um síldarverksmiðjur ríkisins (14, n. 225 (minni hl.)).
   Frsm. minni hl.: Finnur Jónsson.
   Nefndarálit kom ekki frá meiri hl.
5. Frv. til l. um talstöðvar í íslenzkum skipum (29).
   Nefndarálit kom ekki.

6. Frv. til l. um afnám útflutningsgjalds af sjávarafurðum (30).
Nefndarálit kom ekki.
7. Frv. til l. um fiskveiðasjóð Íslands (31).
Nefndarálit kom ekki.
8. Frv. til l. um hafnargerð á Þórshöfn (32, n. 248).
Frsm.: Bergur Jónsson.
9. Frv. til l. um rekstrarlánafélög (50).
Nefndarálit kom ekki.
10. Frv. til l. um breyt. á l. nr. 99 3. maí 1935, um skuldaskilasjóð vélbátaeigenda (62, n. 117).
Frsm.: Bergur Jónsson.
11. Frv. til l. um heimild handa atvinnumálaráðherra til þess að veita sjóliðsforingja Pétri Sigurðssyni stýrimannsskírteini á íslenzkum skipum (68, n. 106).
Frsm.: Páll Þorbjörnsson.
12. Frv. til l. um útgerðarsamvinnufélög (86).
Nefndarálit kom ekki.
13. Frv. til l. um breyting á l. nr. 46 19. maí 1930, um fiskveiðasjóð Íslands (87).
14. Frv. til l. um breyt. á l. nr. 43 19. júní 1933, um stjórn vitamála og um vitabyggingar (126, n. 315).
Frsm.: Finnur Jónsson.
15. Frv. til l. um einkaleyfi til hampspuna (114, n. 339 (1. minni hl.) og 366 (2. minni hl.)).
Frsm. 1. minni hl.: Páll Þorbjörnsson.
Frsm. 2. minni hl.: Jóhann Jósefsson.
Önnur nefndarálit komu ekki fram.
16. Frv. til l. um breyt. á l. nr. 104 23. júní 1936, um atvinnu við siglingar á íslenzkum skipum (111).
Nefndarálit kom ekki.
17. Frv. til l. um byggingu húsa til að hraðfrysta fisk (119, n. 264).
Frsm.: Jóhann Jósefsson.
18. Frv. til l. um breyt. á l. nr. 103 3. maí 1935, um breyt. á l. nr. 72 7. maí 1928, um hvalveiðar (160, n. 259).
Frsm.: Bergur Jónsson.
19. Frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til síldveiða með botnvörpu á fjörðum inni (159, n. 258).
Frsm.: Finnur Jónsson.
20. Frv. til l. um afnám l. nr. 7 9. jan. 1935, um fiskimatsstjóra (145).
Nefndarálit kom ekki.
21. Frv. til l. um breyt. á l. nr. 14 9. jan. 1935, um síldarverksmiðjur ríkisins (241).
22. Frv. til l. um ýmsar ráðstafanir til viðreisnar sjávarútveginum (151).
Nefndarálit kom ekki.

Nefndin flutti:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 37 19. maí 1930, um skráning skipa (107).
Frsm.: Finnur Jónsson.

5. Iðnaðarnefnd:

Bjarni Ásgeirsson,
Guðbrandur Ísberg,
Emil Jónsson, fundaskrifari,

Sigurður Kristjánsson,
Páll Zóphóníasson, formaður.

Til hennar vísað:

1. Frv. til l. um framkvæmd viðgerða á íslenzkum skipum (28).
   Nefndarálit kom ekki.
2. Frv. til l. um rétt manna til að kalla sig verkfræðinga, húsameistara eða iðnfræðinga (41, n. 91).
   Frsm.: Emil Jónsson.
3. Frv. til l. um iðnlánasjóð (95).
   Nefndarálit kom ekki.

Nefndin flutti:

Frv. til l. um einkaleyfi til hampspuna (114).
Frsm.: Páll Zóphóníasson.

6. Menntamálanefnd:

Ásgeir Ásgeirsson, formaður,
Pétur Halldórsson,
Sigurður Einarsson, fundaskrifari,
Gísli Sveinsson,
Bjarni Bjarnason.

Til hennar vísað:

1. Frv. til l. um atvinnubótavinnu og kennslu ungra manna (39, n. 312 (1. minni hl.)).
   Frsm. 1. minni hl.: Pétur Halldórsson.
   Nefndarálit kom ekki frá öðrum nefndarhlutum.
2. Frv. til l. um ráðstafanir vegna atvinnulausra unglinga (42).
   Nefndarálit kom ekki.
3. Frv. til l. um breyt. á l. nr. 30 19. júní 1922 [Skemmtanaskattur] (53, n. 130).
   Frsm.: Sigurður Einarsson.
4. Frv. til l. um breyt. á og viðauka við l. nr. 37 1929, um héraðsskóla (187, n. 304).
   Frsm.: Gísli Sveinsson.
5. Frv. til l. um húsmæðrakennaraskóla Íslands og húsmæðraskóla í Reykjavík eða nágrenni hennar (203).
   Nefndarálit kom ekki.

Meiri hl. nefndarinnar flutti:

Frv. til l. um menntun kennara (154).
Frsm.: Ásgeir Ásgeirsson.

7. Allsherjarnefnd:

Héðinn Valdimarsson, formaður,
Thor Thors,
Bergur Jónsson, fundaskrifari,
Garðar Þorsteinsson,
Stefán Jóh. Stefánsson.

Til hennar vísað:

1. Frv. til l. um breyt. á l. nr. 35 1. febr. 1936, um viðauka við l. nr. 78 19. júní 1933, um kreppulánasjóð (13, n. 47).
   Frsm.: Bergur Jónsson.
2. Frv. til l. um reiknings- og skuldaskil sparisjóðsins Gullfoss í Hrunamannahreppi (19, n. 60).
   Frsm.: Thor Thors.

Fastanefndir Nd.: Allsherjarnefnd.

3. Frv. til l. um viðauka við l. nr. 85 frá 23. júní 1936, um meðferð einkamála í héraði (21, n. 98).
   Frsm.: Stefán Jóh. Stefánsson.
4. Frv. til l. um að heimila í viðeigandi tilfellum aðgerðir á fólki, er koma í veg fyrir, að það auki kyn sitt (10).
   Nefndarálit kom ekki.
5. Frv. til l. um breyt. á l. nr. 26 1. febr. 1936, um alþýðutryggingar (25, n. 357 (minni hl.)).
   Frsm. minni hl.: Thor Thors.
   Nefndarálit kom ekki frá meiri hl.
6. Frv. til l. um viðauka við l. nr. 26 1. febr. 1936, um alþýðutryggingar (11, n. 355).
   Frsm.: Stefán Jóh. Stefánsson.
7. Frv. til l. um vinnudeilur (36).
   Nefndarálit kom ekki.
8. Frv. til l. um sölu kirkjujarðarinnar Sanda í Þingeyrarhreppi (37, n. 61).
   Frsm.: Héðinn Valdimarsson.
9. Frv. til l. um Raufarhafnarlæknishérað (52).
   Nefndarálit kom ekki.
10. Frv. til l. um byggingarsamvinnufélög (73).
    Nefndarálit kom ekki.
11. Frv. til l. um breyt. á 10. gr. tilsk. um fjárforráð ómyndugra á Íslandi, 18. febr. 1847 (20, n. 208).
    Frsm.: Garðar Þorsteinsson.
12. Frv. til l. um löggilding verzlunarstaðar í Örlygshöfn í Barðastrandarsýslu (83, n. 168).
    Frsm.: Bergur Jónsson.
13. Frv. til l. um framlenging á gildi l. nr. 49 7. apríl 1936, um frestun á framkvæmd 2. og 3. málsgreinar 62. gr. laga nr. 26 1. febr. 1936, um alþýðutryggingar (105, n. 133 (minni hl.)).
    Frsm. minni hl.: Garðar Þorsteinsson.
    Nefndarálit kom ekki frá meiri hl.
14. Frv. til l. um breyt. á framfærslulögum, nr. 135 31. des. 1935 (93).
    Nefndarálit kom ekki.
15. Frv. til l. um breyt. á l. nr. 44 23. júní 1932, um skipun læknishéraða, verksvið landlæknis og störf héraðslækna (152, n. 214).
    Frsm.: Thor Thors.
16. Frv. til l. um beyt. á og viðauka við hin almennu hegningarlög (181).
    Nefndarálit kom ekki.
17. Frv. til l. um breyt. á l. nr. 26 1. febr. 1936, um alþýðutryggingar (156, n. 356 (minni hl.)).
    Frsm. minni hl.: Stefán Jóh. Stefánsson.
    Nefndarálit kom ekki frá meiri hl.
18. Frv. til l. um verzlunarráðuneyti, utanríkisverzlun og eftirlit með verðlagi (131).
    Nefndarálit kom ekki.
19. Frv. til l. um breyt. á l. nr. 26 1. febr. 1936, um alþýðutryggingar (192).
    Nefndarálit kom ekki.
20. Frv. til l. um eignar- og notkunarrétt jarðhita (205).
    Nefndarálit kom ekki.
21. Frv. til l. um félagsdóm (139).
    Nefndarálit kom ekki.

22. Frv. til l. um sáttatilraunir í vinnudeilum (140).
Nefndarálit kom ekki.
23. Frv. til l. um verðlag á almennum nauðsynjavörum (127, n. 365 (minni hl.) og 387 (meiri hl.)).
Frsm. minni hl.: Héðinn Valdimarsson.
Frsm. meiri hl.: Garðar Þorsteinsson.

Nefndin flutti:

1. Frv. til l. um veiting ríkisborgararéttar (100).
Frsm.: Thor Thors.
2. Frv. til l. um breyt. á l. nr. 21 15. júní 1926, um veitingasölu, gistihúshald o. fl. (191).
Frsm.: Thor Thors.

D.
Vinnunefndir.

Auk framantalinna nefnda skipuðu formenn fastanefnda, forseti og fyrri varaforseti eina nefnd í hvorri deild, *vinnunefnd.*

Vinnunefndir gerðu skrá um fundastaði og fundatíma fastanefnda, er fjölrituð var og útbýtt meðal þingmanna.

Sþ. 425. Erindaskrá 1937

(51. löggjafarþing).

— *Raðað eftir stafrófsröð* —

Aaberg, Henry, sjá Ríkisborgararéttur 1.
Aberystwyth, sjá Alþjóðafundur.
Aðalsteinn Sigmundsson, sjá Fræðslumál 2.
Afgjöld af jarðeignum ríkissjóðs.
1. Skýrsla umboðsmanns um afgjöld af eignum ríkissjóðs í Eyrarbakkahreppi árið 1936. (Db. 69, X).
2. Yfirlit umboðsmanns um heildartekjur ríkissjóðs af Stokkseyrartorfunni árið 1935. Bréf 12. nóv. 1936. (Db. 69, XI).

Afmæli Magnúskirkju Eyjajarls. Borgarritarinn í Kirkjuvogi býður forseta Alþingis til hátíðarhaldanna þar í bæ 29.—30. júlí 1937 í tilefni af 800 ára afmæli Magnúskirkju Eyjajarls. Bréf 12. jan. 1937. (Db. 30).
Afturelding, verkalýðsfélagið, sjá: Hafnir og 11, Vatnsveitur 5, Vegamál 7.
Akrahreppur, 17 bændur í, sjá Vegamál 27.
Akureyrarspítali, sjá Sjúkrahús 4.
Akureyri, sbr. Áfengis- og 2, Rafveitur 1—4, Ríkisábyrgðir 1.
Akureyri, borgarafundur á, sjá Rafveitur 4.
Akureyri, bæjarstjórn, sjá: Rafveitur 1, Ríkisábyrgðir 1, Tekjustofnar handa 1.
Alþjóðafundur um grasræktar- og landbúnaðarmál. Atv.- og samgmrn. sendir fjvn. erindi Péturs Þ. Einarssonar, Höskuldsstöðum, dags. 8. marz 1937, þar sem hann sækir um 1700 kr. styrk til að sækja alþjóðafund um grasræktar- og landbúnaðarmál, sem haldinn verður í Aberystwyth í Wales í júlímánuði 1937. 1 fskj. Bréf 22. marz 1937. (Db. 369).
Alþýðukveðskapur, sbr. Ritstyrkur 5.
Alþýðutryggingar, sbr. Tryggingarmál.
Andrés Johnson rakari, sjá Ásbúðarsafnið.
Anna Guðmundsdóttir, frú, sjá Lífeyrissjóður embættismanna 1.
Arkitektafélag Íslands, sjá Verkfræðingar, húsameistarar 1.
Arnarfjörður, sjá Dragnótaveiðar 5.
Arnarstapahöfn, sjá Vikurnám 3.
Atvinna við siglingar.
1. Stjórn sjómannafélags Reykjavíkur mótmælir frv. til l. um breyt. á l. nr. 104 23. júní 1936, um atvinnu við siglingar á íslenzkum skipum. Bréf 23. marz 1937. (Db. 353).
2. Farmanna- og fiskimannasamband Íslands skorar á Alþingi að fella sama frv., svo og að setja engin lög, er farmannastéttina varða, án þess að leita áður umsagnar sambandsins. Bréf 24. marz 1937. (Db. 376).

Atvinnubótafé.
1. Hreppsnefnd og sjómannafélag Súðavíkurhrepps skora á Alþingi að samþykkja þáltill. Jóns Auðuns Jónssonar alþm. um ráðstöfun nokkurs hluta atvinnubótafjár. Símskeyti 18. apríl 1937. (Db. 475).
2. 166 sjómenn, verkamenn og aðrir borgarar í Bolungavík skora á Alþingi að samþ. sömu till. Símskeyti 19. apríl 1937. (Db. 477).
3. Hreppsnefnd Eyrarhrepps skorar á Alþingi að samþykkja sömu till. Símskeyti 19. apríl 1937. (Db. 478).

Atvinnubætur, sjá Atvinnumál 1, 3.

Atvinnulausir unglingar, sjá Námskeið og.
Atvinnuleysisnefnd Dagsbrúnar, sjá: Atvinnumál 3—4, Okur og 2, Útgerð ríkis og, Viðgerðir íslenzkra 2.
Atvinnuleysistryggingar. Fundur um atvinnuleysismálið og alþýðutryggingarnar, haldinn í Reykjavík 14. febr. 1937, skorar á Alþingi að setja viðunandi lög um atvinnuleysistryggingar á kostnað ríkis og atvinnurekenda. Bréf 15. febr. 1937. (Db. 110). — Sbr. Tryggingarmál.
Atvinnumál.
1. Fundur um atvinnuleysismálið og alþýðutryggingarnar, haldinn í Reykjavík 14. febr. 1937, skorar á Alþingi að auka svo framlag til verklegra framkvæmda og atvinnubóta, að minnst 1000 manns verði tryggð föst vinna fram yfir það, sem nú er. Bréf 15. febr. 1937. (Db. 110).
2. Nefnd sú, er kosin var á almennum stjórn- og héraðsmálafundi að Búðum í Fáskrúðsfirði 27. des. 1936, til þess að athuga bjargráðamöguleika fyrir Búðakauptún og nágrenni, skorar á stjórn og þing að gera öflugar ráðstafanir til styrktar bátaútveginum og gerir ákveðnar tillögur í því efni. Bréf ódags. (Db. 128).
3. Atvinnuleysisnefnd verkamannafélagsins Dagsbrúnar sendir Alþingi till., sem samþ. voru á fundi n. 10. febr., um að skora á Alþingi að hækka að verulegum mun framlag til atvinnubóta á árinu 1937. Bréf 1. marz 1937. (Db. 181).
4. Sama n. sendir Alþingi till., sem samþ. voru á fundi n. 10. febr. 1937, um að skora á Alþingi að setja lög til að koma í veg fyrir, að starfsmenn ríkis og bæja geti ráðið konur sínar eða börn á skrifstofur eða til annara starfa, sem þeim er falin umsjá með. Bréf 1. marz 1937. (Db. 181).
5. Vegamálastjóri sendir fjvn. afrit af bréfi sínu til atv.- og samgmrn., dags. 31. marz, þar sem hann gerir þá till., að heimilað sé að verja fé á þessu ári úr ríkissjóði til vegavinnu fyrir námspilta. Bréf 31. marz 1937. (Db. 383).

Sbr. ennfr. Námskeið og.
Auðkúluhreppur, 16 menn í, sjá Dragnótaveiðar 5.
Auðshaugur, sjá Símamál 3.
Austur-Húnavatnssýsla, sbr. Þingmálafundargerðir.
Axel Kristjánsson, sjá Verkfræðingar, húsameistarar 3.
Áfengis- og bindindismál.
1. Dóms- og kirkjumálaráðuneytið sendir fjvn. erindi bindindisfélags íþróttamanna, dags. 12. marz, þar sem það sækir um 1500 kr. styrk. Bréf 15. marz 1937. (Db. 269).
2. Ráðunauturinn í áfengismálum sendir Alþingi erindi frá áfengisvarnarnefnd Siglufjarðar, kvenfélaginu Von, verkakvennafélagi Siglufjarðar, verkamannafélaginu Þrótti og st. Framsókn nr. 187 á Siglufirði, þar sem félög þessi fara þess á leit við Alþingi, að það breyti áfengislöggjöfinni á þá leið, að kaupstöðum sé veittur sami réttur og öðrum lögsagnarumdæmum til að ákveða sjálfir, hvort áfengisútsala skuli leyfð innan þeirra vébanda, til vara að heimila að loka áfengisútsölunni á Siglufirði frá 1. júní til 1. okt. árlega og senda þangað sérstakan mann yfir þessa mánuði til að aðstoða bæjarfógetann þar um meðferð allra áfengislagabrota. — Ennfremur sendir ráðunauturinn Alþingi erindi svipaðs efnis frá áfengisvarnarnefnd Akureyrarkaupstaðar og umdæmisstúkunni nr. 5 á Akureyri. Bréf 10. apríl 1937. (Db. 445).

Áfengismálaráðunautur, sjá Áfengis- og 2, Sjómannaheimili 1.
Áfengistekjur. Bæjarstjórinn í Vestmannaeyjum sendir Alþingi ályktun bæjarstjórnarinnar þar, samþ. á fundi 11. marz 1937, um að skora á Alþingi að hlutast til um, að helmingur tekna áfengisverzlunarinnar renni í bæjarsjóð. Bréf 12. marz 1937. (Db. 267).

Áfengisvarnarnefnd Akureyrar, sjá Áfengis- og 2.
Áfengisvarnarnefnd Ísafjarðar, sjá Barnaheimili 6, Drykkjumannahæli 1.
Áfengisvarnarnefnd Siglufjarðar, sjá Áfengis- og 2.
Áfengisverzlun ríkisins, sjá Hótel Borg.
Ágúst B. Jónsson, bóndi, sjá Sauðfjársjúkdómar 1.
Álar, sbr. Vegamál 1.
Álftafjörður, sbr. Vegamál 12.
Álftafjörður — Djúpavogur, bílvegur, sjá Vegamál 32.
Árni B. Björnsson, gullsmiður, sjá Pressað silfur.
Árni Friðriksson, fiskifræðingur, sjá Friðun.
Árni Friðriksson, sjá Sjúkrastyrkur og 1.
Árni G. Þóroddsson, fyrrum fiskimatsmaður, sjá Eftirlaun og 38.
Árni Ólafsson, rithöfundur, sjá Listfræðsla.
Árni Sigurðsson, prestur, sjá Ritstyrkur 2.
Árný Filippusdóttir, húsmæðrakennari, sjá Húsmæðrafræðsla.
Ásabrú, sjá Brúargerðir 2.
Ásbúðarsafnið. Andrés Johnson rakari í Hafnarfirði býður landinu safn sitt, Ásbúðarsafnið, gegn ákveðnum skilyrðum. Bréf 10. apríl 1937. (Db. 459).
Ásgeir Ásgeirsson, alþm., sjá: Dragnótaveiðar 2, Hafnir og 4, Vegamál 23, Örnefnasöfnun 2.
Ásgeir Ó. Einarsson, dýralæknir, sjá Dýralækningar 4.
Ásgeir Þ. Ólafsson, dýralæknir, sjá Dýralækningar 1.
Áslaug Gunnarsdóttir, sjá Tollamál 1.
Ásmundur Gíslason, prestur, sjá Eftirlaun og 1.
Ásmundur Guðmundsson, próf., sjá Ritstyrkur 2.
Ásólfsstaðir, sbr. Vegamál 4.
Áveitutilraunir. Stjórn Búnaðarfélags Íslands sendir landbn. Nd. ályktun búnaðarþingsins 1937 út af áskorun frá aðalfundi flóaáveitufélagsins, 10. febr. 1936, um áveitutilraunir. Bréf 23. marz 1937. (Db. 343).

Bakkaá, sjá Brúargerðir 5.
Bakkadalur, íbúar í, sjá Hafnir og 15.
Bakkafjarðarflói, 24 útgerðarmenn við, sjá Dragnótaveiðar 3.
Bakkafjarðarvegur, sjá Vegamál 31.
Bakkasel, búendur í, sjá Gistingarstyrkur 1.
Bakki, sjá Hafnir og 15.
Bakki—Sveinseyri, ný símalína, sjá Símamál 2, 4.
Baldur, flóabáturinn, sjá Strandferðir 3.
Barðastrandarhreppur, kjósendur í, sjá: Símamál 3, Vegamál 18—19.
Barðaströnd—Patreksfjörður, nýr vegur, sjá Vegamál 16—19.
Barðstrendingar, sjá: Símamál 5, Vegamál 15. -- Sbr. einnig Vegamál 18—19.
Barnaheimili.
1. Páll Þorbjörnsson alþm. fer þess á leit, að Alþingi veiti 2000 kr. til dagheimilis fyrir börn í Vestmannaeyjum. Bréf ódags. (Db. 94).
2. Barnavinafélagið Sumargjöf sækir um 6000 kr. styrk til þess að starfrækja tvö dagheimili í Reykjavík. 1 fskj. Bréf 3. marz 1937. (Db. 215).
3. Mæðrastyrksnefndin í Reykjavík sækir um 2000 kr. styrk til að starfrækja sumarheimili fyrir mæður og börn. Bréf 24. marz 1937. (Db. 360).
4. Barnaverndarráð Íslands og barnaverndarnefnd Reykjavíkur beina þeim tilmælum til fjvn., að barnaheimili séu ekki styrkt af ríkinu fyrr en reglur hafa verið settar um starfsemi þeirra, en setning slíkra reglna sé nú í undirbúningi. Bréf 20. apríl 1937. (Db. 479).
5. Umsögn barnaverndarráðs um frv. til l. um uppeldisheimili fyrir vangæf börn og unglinga. Bréf 24. marz 1937. (Db. 389).

6. Sameiginlegur fundur barnaverndarnefndar og áfengisvarnarnefndar á Ísafirði beinir þeirri áskorun til Alþingis, að það geri nú þegar ráðstafanir til þess, að byggt verði hæli fyrir vandræðabörn. Bréf 25. febr. 1937. (Db. 204).
Barnakennarar, sjá Samband íslenzkra.
Barnavernd.
1. Dóms- og kirkjumálaráðuneytið sendir fjvn. erindi barnaverndarráðs, dags. 11. nóv. 1936, þar sem það fer fram á, að veittar verði 20 þús. kr. til barnaverndar á árinu 1938. Bréf 21. des. 1936. (Db. 11).
2. Dóms- og kirkjumálaráðuneytið sendir fjvn. erindi barnaverndarráðs og barnaverndarnefndar Reykjavíkur, dags. 31. des. 1936, varðandi barnaverndarstarfsemi og fjárframlög til hennar. Bréf 8. marz 1937. (Db. 233).
Barnaverndarnefnd Ísafjarðar, sjá: Barnaheimili 6, Drykkjumannahæli 1.
Barnaverndarnefnd Reykjavíkur, sjá: Barnaheimili 4, Barnavernd 2.
Barnaverndarráð Íslands, sjá: Barnaheimili 4—5, Barnavernd 1—2.
Bálfararfélag Íslands, sjá Bálstofa.
Bálstofa. Bálfararfélag Íslands sækir um 10 þús. kr. styrk til þess að koma upp bálstofu í Reykjavík. 1 fskj. Bréf 27. febr. 1937. (Db. 162).
Bátaábyrgðarfélag Vestmannaeyja, sjá Vátryggingarfélög fyrir 4.
Beinamjöls- og síldarverksmiðja.
1. Verksmiðjufélag Hríseyjar fer þess á leit, að Alþingi heimili félaginu að byggja á þessu eða næsta ári síldar- og beinamjölsverksmiðju í Hrísey, svo og að félaginu verði veitt ríkisábyrgð á 80 þús. kr. láni. 2 fskj. Bréf 4. marz 1937. (Db. 284).
2. Hreppsnefnd Hríseyjarhrepps mælir með því, að Verksmiðjufélagi Hríseyjar verði veitt leyfi til þess að reisa beinamjöls- og síldarverksmiðju í Hrísey og að ríkisstj. verði heimilað að ábyrgjast allt að 80 þús. kr. lán til sama fyrirtækis. Bréf 4. marz 1937. (Db. 282).
3. Verkalýðsfélag Hríseyjar skorar á Alþingi að veita Verksmiðjufélagi Hríseyjar leyfi til þess að byggja og starfrækja beinamjöls- og síldarbræðslu í Hrísey. Bréf 4. marz 1937. (Db. 283).
4. Útgerðarmannafélag Hríseyjar mælir með því, að Verksmiðjufélagi Hríseyjar verði veitt leyfi til að byggja beinamjöls- og síldarverksmiðju í Hrísey, svo og ríkisábyrgð á 80 þús. kr. láni. Bréf 4. marz 1937. (Db. 287).
Benjamín Sigvaldason, þjóðsagnaritari, sjá Ritstyrkur 1.
Benedikt Bergmann, sjá Námsstyrkur 1.
Bergmann, sjá Benedikt.
Bergsteinn Kristjánsson, sjá Örnefnasöfnun 1.
Bergur Jónsson, alþm., sjá: Bókasöfn og 2, 5, Brúargerðir 4, Frystihús 1—3, Hafnir og 5, 8, 15, Læknisvitjanastyrkur, Símamál 1—3, Strandferðir 2, Sundlaugar og 1, Vegamál 18—19, 21—22.
Bergur Jónsson, fyrrum fiskimatsmaður, sjá Eftirlaun og 38.
Berklakostnaður.
1. Bæjarstjórinn í Vestmannaeyjum sendir Alþingi ályktun bæjarstjórnar þar, samþ. á fundi 11. marz 1937, um að skora á Alþingi að hlutast til um, að berklavarnagjaldið til ríkissjóðs verði fellt niður og allur lækningakostnaður berklasjúklinga greiddur af ríkinu. Bréf 12. marz 1937. (Db. 267).
2. Systir María Victoria priorinna ber sig upp undan því f. h. St. Jósefsspítala í Reykjavík, að daggjöld berklasjúklinga hafi verið ákveðin of lág, og óskar leiðréttingar Alþingis á því. Bréf 15. febr. 1937. (Db. 62).
Bernharð Stefánsson, alþm., sjá: Hafnir og 3, Tekjustofnar 3.
Beruneshreppur, íbúar í, sjá Héraðsskólar 2.
Bessastaðahreppur, mjólkurframleiðendur í, sjá Meðferð og sala 2.
Bindindisfélag íþróttamanna, sjá Áfengis- og 1.

Bindindisfélög í skólum, sjá Samband.
Bíldudalur.
1. Verkalýðsfélagið Vörn á Bíldudal skorar á þing og stjórn að hlutast til um, að ríkið taki Bíldudal nú þegar til umráða. Bréf 21. febr. 1937 (Db. 153).
2. 84 íbúar á Bíldudal skora á Alþingi að láta ríkið kaupa Bíldudalseignina og hefja þar einhvern atvinnurekstur. Bréf 27. marz 1937. (Db. 406).

Sbr. einnig: Rækjuniðursuðuverksmiðja 2, Ríkisábyrgðir 5.
Bíldudalur—Dufansdalur, ný símalína, sjá Símamál 2.
Bíldudalur—Patreksfjörður, nýr vegur, sjá Vegamál 20.
Biósýningar, sjá Bókasöfn og 1.
Bjarni Ásgeirsson, alþm., sjá Samband borgfirzkra.
Bjarni Guðjónsson, myndskeri, sjá Myndlist 1.
Bjarni Jónsson, húsmaður, sjá Eftirlaun og 2.
Bjarni Jósefsson, efnafræðingur, sjá Utanfararstyrkur 1.
Bjarni Þorkelsson, skipasmiður, sjá Eftirlaun og 3.
Björgunarskip, sjá Bygging.
Björn Rögnvaldsson, trésmíðameistari, sjá Bændaskólar 2.
Blindravinafélag Íslands. Vilmundur Jónsson landlæknir sendir fjvn. erindi Blindravinafélags Íslands, dags. 16. marz 1937, þar sem félagið fer fram á, að því verði látin í té 2 símatæki handa blindum mönnum, og mælir landlæknir eindregið með beiðninni. Bréf 18. marz 1937. (Db. 294).
Blóma- og trjáræktarfélag Ísfirðinga, sjá Garðrækt 3.
Bogi Ólafsson, menntaskólakennari, sjá Enska.
Bolungavík, 166 sjómenn, verkamenn og aðrir borgarar í, sjá Atvinnubótafé 2.
Bolungavík, sjá Hafnir og 1.
Bolungavík—Ísafjörður, þjóðvegurinn, sjá Vegamál 24.
Borgarfjarðarsýsla, bændafundir í, sjá Sauðfjársjúkdómar 2.
Borgarhreppur, hreppsnefnd, sjá Skemmtanaskattur 3.
Borgfirzkar konur, sjá Samband.
Bókasafn Bílddælinga, stjórn, sjá Bókasöfn 5.
Bókasöfn og lestrarfélög.
1. Dóms- og kirkjumálaráðuneytið sendir fjvn. bréf stjórnarnefndar ríkisspítalanna, dags. 16. okt., ásamt erindi frá sjúklingum á Kristneshæli, dags. 26. ágúst, þar sem þeir sækja um styrk til bókasafns hælisins og til talmyndatækja og biósýninga. Bréf 21. des. 1936. (Db. 10).
2. Bergur Jónsson, alþm., sendir Alþingi erindi stjórnar Lestrarfélags Patrekshrepps, dags. 30. jan., þar sem félagið óskar eftir styrk úr ríkissjóði, og telur hann æskilegt, að styrkurinn næmi eigi minna en 300 kr. Bréf 24. febr. 1937. (Db. 134).
3. Sigurður Einarsson alþm. fer þess á leit, að Alþingi veiti 300 kr. styrk til Lestrarfélags Patrekshrepps. Bréf 20. febr. 1937. (Db. 103).
4. Þórarinn Gr. Víkingur fer þess á leit við menntmn. Ed. f. h. alþingiskjósenda í Fáskrúðsfjarðarhreppi, að n. hlutist til um, að tekin verði upp í fjárlög rífleg fjárveiting til stofnunar og eflingar bókasafna og lestrarfélaga í sveitum. Bréf 27. febr. 1937. (Db. 177).
5. Bergur Jónsson alþm. sendir Alþingi erindi stjórnar bókasafns Bílddælinga, dags. 26. febr., þar sem hún fer fram á, að safninu verði veittur 500 kr. styrkur til bókakaupa. Bréf 5. marz 1937. (Db. 223).
6. Sigfús Jónsson alþm. fer þess á leit við fjvn., að n. taki upp í till. sínar 15000 kr. fjárveitingu til lestrarfélaga í sveitum og kauptúnum landsins. Bréf 10. marz 1937. (Db. 253).
7. Lestrarfélag Hofshrepps sækir um 500 kr. styrk árið 1938 og 200 kr. fastan árlegan styrk upp frá því. Bréf 23. febr. 1937. (Db. 266).
8. Sigurður Einarsson alþm. fer þess á leit f. h. stjórnenda Lestrarfélags

Breiðavíkursóknar, að Alþingi veiti félaginu 200 kr. styrk. Bréf 31. marz 1937. (Db. 363).
9. Almennur sveitarfundur, haldinn á Þingeyri 20. marz, skorar á Alþingi að setja skipulagslög um fjármál og starfrækslu allra bókasafna og lestrarfélaga í landinu, svo og að veita 200 kr. styrk til bókasafnsins á Þingeyri. Bréf 1. apríl 1937. (Db. 413).

Bókmenntafélagið, sjá Hið íslenzka.
Breiðafjörður, sjá: Dragnótaveiðar 2, Lóðaveiðar 1—2.
Breiðavíkurhreppur, hreppsnefnd, sjá Vegamál 8.
Breiðfirzkar konur, sjá Samband.
Brunabætur, sjá Sjúkrastyrkur og 4.
Brúargerðir.
1. Sigurður Einarsson alþm. fer þess á leit, að Alþingi veiti 7000 kr. til brúar á Hvestuvaðal og 4000 kr. til brúar á Dufansdalsá. Bréf 15. febr. 1937. (Db. 52).
2. Gísli Sveinsson alþm. fer þess á leit, að veitt verði fé í fjárlögum ársins 1938 til brúar á Geirlandsá á Síðu, á Eldvatn og Djúpá og til endurbyggingar Ásabrúar. Bréf 18. febr. 1937. (Db. 97).
3. 155 alþingiskjósendur í Geithellnahreppi skora á þing og stjórn að veita fé í fjárlögum ársins 1938 til þess að gera brýr á Geithellnaá og Hofsá. Bréf 5. febr. 1937. (Db. 123).
4. Bergur Jónsson alþm. gerir rökstuddar till. um fjárframlög til brúargerða í Barðastrandarsýslu. Bréf 25. febr. 1937. (Db. 157).
5. Verklýðsfélag Skeggjastaðahrepps fer þess á leit, að Alþingi veiti fé til að brúa Staðará og Bakkaá. Símskeyti 8. marz 1937. (Db. 232).
6. Thor Thors alþm. fer þess á leit f. h. hreppsnefndar Helgafellssveitar, að fjvn. taki upp í till. sínar nauðsynlega fjárveitingu til brúargerðar á Svelgsá í Helgafellssveit. Bréf 17. marz 1937. (Db. 276).

Bryggjufélagið á Stokkseyri, sjá Hafnir og 18.
Búðir í Fáskrúðsfirði, almennur stjórn- og héraðsmálafundur, sjá Atvinnumál 2.
Búfjársjúkdómar, sbr. Sauðfjársjúkdómar.
Búnaðarfélag Íslands. Bréf búnaðarmálastjóra, dags. 19. nóv. 1936, ásamt fjárhagsáætlun búnaðarfélagsins árið 1928. (Db. 69, XLVIII). — Sjá ennfr.: Áveitutilraunir, Bændaskólar 1, Ferðasjóðir íslenzkra, Fóðurtryggingar, Garðrækt 2, Hýsing sveitabæja, Kjarnfóðurverzlun, Mjólkur- og, Nýbýli og, Rannsóknarbú, Sandgræðsla 2, Stokkseyrartorfan, Verðlækkun.
Búnaðarfélag Vestmannaeyja, sjá Dýralækningar 2.
Búnaðarskólar, sbr. Bændaskólar.
Búnaðarþing, sbr. Búnaðarfélag Íslands.
Bússusund, sjá Hafnir og 2.
Bygging björgunarskips í Danmörku. 12 forráðamenn skipasmíðastöðva, skipasmíðameistarar og skipasmiðir í Reykjavík senda Alþingi samrit af bréfi til stj. slysavarnafélags Íslands, dags. 6. apríl, út af þeirri ráðstöfun hennar að láta byggja íslenzkt björgunarskip í Danmörku. Bréf 6. apríl 1937. (Db. 437).
Bæjanöfn. Atv.- og samgmrn. sendir allshn. Ed. frv. til l. um bæjanöfn, samið af örnefnanefnd, ásamt bréfi form. n., dags. 6. marz. Bréf 24. marz 1937. (Db. 355).
Bæjargjöld í Vestmannaeyjum. Bæjarstjórinn í Vestmannaeyjum sendir Alþingi ályktun bæjarstjórnarinnar þar, samþ. á fundi 11. marz 1937, um að skora á Alþingi að samþ. frv. til l. um framlengingu á gildi l. um bæjargjöld í Vestmannaeyjum. Bréf 12. marz 1937. (Db. 267).
Bændaskólar.
1. Stjórn Búnaðarfélags Íslands sendir landbn. Nd. brtt. þær, sem búnaðarþingið 1937 óskar eftir, að samþ. verði við frv. til l. um bændaskóla á þskj. 203. Bréf 23. marz 1937. (Db. 348).

2. Atv.- og samgmrn. sendir fjvn. skýrslu Björns Rögnvaldssonar trésmíðameistara um kostnað við aðgerð á skóla- og leikfimishúsinu á Hvanneyri. Bréf 5. apríl 1937. (Db. 398).

Daggjöld berklasjúklinga, sjá Berklakostnaður 2.
Dagheimili, sbr. Barnaheimili.
Dagsbrún, verkamannafélagið, sbr. Atvinnuleysisnefnd.
Dalasýsla, sbr. Þingmálafundargerðir.
Dalvík, sjá Hafnir og 3.
Davíð Stefánsson bóndi, sjá Eftirlaun og 4.
Deildartunguveikin, sjá Sauðfjársjúkdómar 2—3.
Dilkakjöt, sjá Verðhækkun.
Djúpavogur, sjá Héraðsskólar 2.
Djúpavogur—Álftafjörður, bílvegur, sjá Vegamál 32.
Djúpá, sjá Brúargerðir 2.
Dómkirkjan í Reykjavík, sóknarnefnd, sjá Kirkjumálefni 3.
Dragnótaveiðar.

1. 56 smábátaútvegsmenn í Stöðvarfirði og suðurbyggð Fáskrúðsfjarðar skora á Alþingi að hlutast til um, að grunnmiðin út af fjörðunum sunnan Fáskrúðsfjarðardjúps verði friðlýst fyrir dragnótaveiðum. Bréf 18. jan. 1937. (Db. 124).
2. Ásgeir Ásgeirsson alþm. tilkynnir sjútvn. Nd., að samþ. hafi verið till. á þing- og héraðsmálafundi Vestur-Ísafjarðarsýslu, sem haldinn var 7.—10. des. 1936, þess efnis að skora á Alþingi að veita Vestfirðingum sömu sérréttindi til dragnótaveiða á svæðinu frá Gilsfjarðarbotni austur að Hrútafjarðarbotni frá 15. júlí til 30. nóv. ár hvert eins og íbúar við Faxaflóa og Breiðafjörð njóta samkv. l. nr. 52 19. júní 1933, svo og að samþ. hafi verið að skora á Alþingi að nema úr gildi allar héraðssamþykktir. Bréf 4. marz 1937. (Db. 201).
3. 24 menn, er stunda útgerð við Bakkafjarðarflóa, skora á Alþingi og ríkisstjórn að ganga hart fram í því, að flóinn verði varinn fyrir dragnótabátum, svo og að breyta ekki í neinu lögum um dragnótaveiðar í landhelgi, er stefni í þá átt að skerða rétt einstakra héraða eða landshluta til að vernda landhelgina hjá sér fyrir veiði dragnótaskipa og báta. Bréf í marz 1937. (Db. 311).
4. Sýslufundur Norður-Ísafjarðarsýslu skorar á Alþingi að gera þær breytingar á l. um bann gegn dragnótaveiðum, að Vestfirðingum leyfist að stunda veiðarnar í landhelgi frá Látrabjargi að Vatnsnesi frá 15. maí til 10. des. ár hvert. Símsk. 8. apríl 1937. (Db. 429).
5. 16 menn í Auðkúluhreppi, útgerðarmenn og aðrir, skora á Alþingi að veita ekki leyfi til þess, að Arnarfjörður verði opnaður fyrir dragnótaveiði á yfirstandandi ári. Bréf ódags. (Db. 453).

Dráttarbátur. Gísli Sveinsson alþm. fer þess á leit, að fjvn. taki upp í tillögur sínar 2000 kr. styrkveitingu til þess að koma upp dragbát til upp- og útskipunar við brimströndina í Vík í Mýrdal, sem útgerðarstjórn v/b Skaftfellingur, Sláturfélag Suðurlands og verzlanir í Vík eru nú að undirbúa. 1 fskj. Bréf 20. marz 1937. (Db. 299).
Drykkjumannahæli.

1. Sameiginlegur fundur barnaverndarnefndar og áfengisvarnarnefndar á Ísafirði beinir þeirri áskorun til Alþingis, að það geri nú þegar ráðstafanir til þess, að byggt verði drykkjumannahæli. Bréf 25. febr. 1937. (Db. 204).
2. Umsögn landlæknis um frv. til l. um drykkjumannahæli. Bréf 4. marz 1937. (Db. 213).

Dufansdalsá, sjá Brúargerðir 1.

Dufansdalur—Bíldudalur, ný símalína, sjá Símamál 2.
Dufansdalur—Steinanes, ný símalína, sjá Símamál 1.
Dýpkun á innsiglingunni til Vestmannaeyja. Bæjarstjórinn í Vestmannaeyjum sendir Alþingi ályktun bæjarstjórnarinnar þar, samþ. á fundi 11. marz 1937, um að skora á Alþingi að veita ríflegan styrk til dýpkunar á innsiglingunni til eyjanna, ⅖ gegn ⅗ úr hafnarsjóði. Bréf 12. marz 1937. (Db. 267).
Dýrafjörður, sbr. Vegamál 23.
Dýralækningar.

1. Ásgeir Þ. Ólafsson, dýralæknir, sækir um 1500 kr. utanfararstyrk til þess að kynna sér nýjungar í dýralækningum. Bréf 24. febr. 1937. (Db. 141).
2. Páll Þorbjörnsson alþm. fer þess á leit, að Búnaðarfélagi Vestmannaeyja verði veittur 500 kr. styrkur til að standast kostnað af því að hafa í þjónustu sinni mann til að stunda dýralækningar. Bréf 19. febr. 1937. (Db. 93).
3. Sigurður Ein. Hlíðar dýralæknir sækir um 1200 kr. styrk til handa Guðbrandi syni sínum til dýralækninganáms erlendis. Bréf 1. marz 1937. (Db. 208).
4. Ásgeir Ó. Einarsson dýralæknir sækir um 1500 kr. styrk í tvö ár til sérnáms í rannsóknum húsdýrasjúkdóma. 1 fskj. Bréf 10. marz 1937. (Db. 300).

Sbr. einnig Sauðfjársjúkdómar.

Eftirlaun og styrktarfé.

1. Biskup Íslands tilkynnir fjvn. lát Hálfdáns Guðjónssonar vígslubiskups; jafnframt beinir biskup þeim tilmælum til n., að hún hlutist til um, að séra Ásmundi Gíslasyni að Hálsi í Fnjóskadal verði ætlaður 385 kr. styrkur til viðbótar lögmæltum eftirlaunum. Bréf 16. marz 1937. (Db. 295).
2. Bjarni Jónsson húsmaður við Berjadalsá sækir um 500 kr. árlegan styrk til framfærslu sér og konu sinni. Bréf 7. jan. 1937. (Db. 178).
3. Bjarni Þorkelsson skipasmiður fer þess á leit, að hann fái að halda áfram, eins þótt hann láti af skipaskoðunarstörfum, þeirri 1800 kr. persónulegu launauppbót, sem hann hefir notið úr ríkissjóði síðan árið 1928. Bréf 13. febr. 1937. (Db. 66).
4. Davíð Stefánsson, fyrrum bóndi í Fornahvammi, fer þess á leit, að Alþingi veiti honum 2000 kr. styrk í eitt skipti fyrir öll í viðurkenningarskyni fyrir það, að hann hélt uppi gististað í Fornahvammi um margra ára skeið. Bréf 20. jan. 1937. (Db. 18).
5. Póst- og símamálastjóri sendir fjvn. erindi Vigfúsar Einarssonar, dags. 25. febr., ásamt fskj., um ekkjulaun handa Elínborgu Vigfúsdóttur, ekkju Einars Runólfssonar póstafgreiðslumanns og símastjóra á Vopnafirði. Bréf 2. marz 1937. (Db. 192).
6. Þingmenn N.-M. fara þess á leit við fjvn., að hún hækki eftirlaun sömu konu upp í 500 kr. Bréf 10. marz 1937. (Db. 451).
7. Gísli Pétursson héraðslæknir sækir um 1600 kr. uppbót á eftirlaun sín. Bréf 18. marz 1937. (Db. 312).
8. Gústaf A. Jónasson fer þess á leit f. h. Guðmundar Björnssonar sýslumanns, að honum verði veittar 1000—1500 kr. í 18. gr. fjárlaga auk hinna lögboðnu eftirlauna. Bréf 13. apríl 1937. (Db. 456).
9. Guðmundur Á. Eiríksson, fyrrv. hreppstjóri, fer þess á leit, að sér verði veittur nokkur styrkur. 1 fskj. Bréf 4. nóv. 1936. (Db. 70, V).
10. Guðmundur Gissurarson fiskimatsmaður fer þess á leit, að fjvn. hlutist til um, að hann geti haldið áfram starfi sínu eftir sjötugsaldur, eða fái ella nokkur eftirlaun úr ríkissjóði. Bréf 13. febr. 1937. (Db. 64).
11. Rektor háskólans fer þess á leit við fjvn., að n. geri að till. sinni, að próf. Guðmundi Hannessyni verði greidd uppbót á eftirlaun sín sem því nemi,

er á vantar full prófessorslaun, í viðurkenningarskyni fyrir starf hans. Bréf 7. apríl 1937. (Db. 442).

12. Guðrún J. Norðfjörð, fyrrv. ljósmóðir, fer þess á leit, að Alþingi veiti henni 500 kr. í eftirlaun. Bréf 3. febr. 1937. (Db. 80).
13. Séra Halldór Bjarnarson frá Presthólum fer þess á leit, að Alþingi hækki eftirlaun hans. Bréf 24. marz 1937. (Db. 476).
14. Hinrik A. Hansen sækir um 1000 kr. styrk. Bréf 16. marz 1937. (Db. 292).
15. Ingvar Nikulásson, fyrrv. prestur, fer þess á leit, að eftirlaun sín verði hækkuð upp í 1000 kr. Bréf 29. nóv. 1936. (Db. 69, LXVI).
16. Bréf atv.- og samgmrn., dags. 17. ágúst 1936, um erindi Jóhannesar Þórðarsonar, fyrrv. pósts, dags. 4. s. m., þar sem hann fer fram á, að eftirlaun sín verði hækkuð upp í 500 kr., ásamt meðmælabréfi frá Vilmundi Jónssyni landlækni, dags. 13. s. m. (Db. 69, LXVII).
17. Vilmundur Jónsson landlæknir sendir fjvn. erindi Jóhannesar Þórðarsonar pósts, dags. 8. febr., þar sem hann fer fram á, að eftirlaun sín verði hækkuð upp í 500 kr. 1 fskj. Bréf 20. febr. 1937. (Db. 100).
18. Jón Indriðason sjómaður í Stykkishólmi sækir um nokkurn styrk í viðurkenningarskyni. Bréf 6. febr. 1937. (Db. 165).
19. Jón Jónsson fyrrv. héraðslæknir á Blönduósi fer þess á leit, að eftirlaun sín verði hækkuð upp í 3600 kr. Bréf ódags. (Db. 296).
20. Jón Jónsson bóndi á Munaðarhóli sækir um 1000 kr. árlegan styrk í viðurkenningarskyni. Bréf 22. febr. 1937. (Db. 164).
21. Jónas Þjóðbjörnsson fer þess á leit f. h. Kjartans Þorkelssonar, að hann fái að halda áfram þeim 300 kr. styrk, sem hann nýtur í fjárlögum ársins 1937. Bréf 11. febr. 1937. (Db. 88).
22. Magnús Einarsson fer þess á leit, að Alþingi veiti honum 150 kr. árlegan styrk, eða nokkra fjárhæð í eitt skipti fyrir öll. Bréf 16. marz 1937. (Db. 336).
23. Thor Thors alþm. fer þess á leit, að Alþingi veiti Magnúsi Magnússyni fyrrv. fiskimatsmanni 600 kr. styrk. 1 fskj. Bréf 1. marz 1937. (Db. 166).
24. Bréf landlæknis, dags. 13. okt. 1936, um erindi Margrétar Þórðardóttur læknisekkju, dags. 5. s. m., þar sem hún sækir um sérstök eftirlaun til viðbótar lífeyri sínum. (Db. 69, LXV).
25. Jörundur Brynjólfsson alþm. sækir um 400 kr. eftirlaun til handa Maríu Eiríksdóttur ljósmóður. 1 fskj. Bréf 20. marz 1937. (Db. 316).
26. Matthildur Grímsdóttir ljósmóðir sækir um 400 kr. eftirlaun. 7 fskj. Bréf 9. jan. 1937. (Db. 327).
27. Pétur Ottesen alþm. fer þess á leit f. h. Ólafs Finsens héraðslæknis á Akranesi, að hann fái að halda fullum launum eftir að hann lætur af embætti. 1 fskj. Bréf 30. marz 1937. (Db. 361).
28. Ólafur Jónsson og Runólfur Magnússon fiskimatsmenn sækja um nokkurn árlegan styrk eða eftirlaun úr ríkissjóði. Bréf 10. apríl 1937. (Db. 468).
29. Ólafur Ketilsson, fyrrum hreppstjóri, sækir um 600 kr. lífeyrisstyrk. Bréf 20. febr. 1937. (Db. 187).
30. Atv.- og samgmrn. tilkynnir fjvn., að Páll Halldórsson, skólastjóri stýrimannaskólans, hafi beðizt lausnar frá starfinu og fari fram á eftirlaun, er nemi ¾ hlutum af launum hans. Bréf 3. marz 1937. (Db. 218).
31. Pálína M. Sigurðardóttir ljósmóðir sækir um 500 kr. styrk. 1 fskj. Bréf ódags. (Db. 420).
32. Sigríður Sigurðardóttir ljósmóðir sækir um nokkurn árlegan styrk í viðurkenningarskyni. Bréf 6. marz 1937. (Db. 382).
33. Jónas Jónsson alþm. fer þess á leit, að Alþingi veiti kirkjustjórninni heimild til að greiða séra Sigtryggi Guðlaugssyni á Núpi full prestslaun, er hann lætur af embætti. Bréf 12. apríl 1937. (Db. 472).

34. Sigurður Jónsson fyrrv. fiskimatsmaður sækir um nokkurn árlegan styrk. Bréf 13. febr. 1937. (Db. 120).
35. Sigurveig Ólafsdóttir, fyrrv. ljósmóðir, fer þess á leit, að Alþingi veiti henni allt að 400 kr. eftirlaun. 2 fskj. Bréf 2. jan. 1937. (Db. 22).
36. Sigfús Jónsson alþm. sendir fjvn. erindi Gísla Magnússonar bónda í Eyhildarholti, dags. 15. marz 1937, þar sem hann sækir um styrk til handa Sveini Eiríkssyni, sem nú er áttræður að aldri og hefir haft á hendi barnakennslu um 40 ára skeið. Bréf 10. apríl 1937. (Db. 463).
37. Þórunn Hafstein, ekkja Marinós Hafsteins slm., fer þess á leit, að Alþingi veiti henni nokkra eftirlaunaviðbót. Bréf 3. marz 1937. (Db. 202).
38. Sjö fyrrv. fiskimatsmenn fara þess á leit, að Alþingi veiti þeim árlega nokkurn styrk eða eftirlaun. 1 fskj. Bréf 9. febr. 1937. (Db. 115).

Eggert Stefánsson, söngvari, sjá Sönglist 1.
Eiðið í Vestmannaeyjum, sjá Hafnir og 23—24.
Eide, Hans, sjá Ríkisborgararéttur 1.
Eimskipafélag Íslands. Atv.- og samgmrn. sendir fjvn. erindi Eimskipafélags Íslands, dags. 12. des. 1936, um útvegun á nýju skipi handa félaginu. 3 fskj. Bréf 6. marz 1937. (Db. 245). — Sjá ennfremur Skráning.
Einar M. Jónasson.
1. Einar M. Jónasson, fyrrv. sýslumaður, fer þess á leit við allshn. Ed., að n. aðstoði hann í því að fá ótvírætt álit fjvn. um það, hvort honum skuli greidd laun fyrir desembermánuð 1927 og janúarmánuð 1928. Bréf 22. febr. 1937. (Db. 113).
2. Sami maður skrifar forsetum Alþingis viðvíkjandi færslu landsreikningsins 1934. Bréf 17. febr. 1937. (Db. 83).
3. Sami maður skrifar forsetum Alþingis af nýju viðvíkjandi endurskoðun landsreikninganna. 1 fskj. Bréf 2. marz 1937. (Db. 186).

Einar Markan, söngvari, sjá Sönglist 2.
Einar Sturlaugsson, prestur, sjá Utanfararstyrkur 2, 5.
Eldvatn, sjá Brúargerðir 2.
Elías Kristjánsson, sjá Sjúkrastyrkur og 8.
Elínborg Lárusdóttir, sjá Ritstyrkur 2.
Elínborg Vigfúsdóttir, ekkja, sjá Eftirlaun og 5—6.
Elliheimili. Kvenfélagið Kvik sækir um 1000 kr. styrk til elliheimilisins Hafnar í Seyðisfjarðarkaupstað. Bréf 10. febr. 1937. (Db. 203).
Ellistyrktarsjóðir, sjá Tryggingarmál 3.
Engilberts, sjá Jón.
Enska. Bogi Ólafsson menntaskólakennari sækir um styrk vegna útgáfu kennslubókar í ensku. Bréf 5. marz 1937. (Db. 225).
Eskifjarðarhreppur, oddvitinn, sjá Ríkisábyrgðir 3.
Eskifjörður, fundur sjómanna og útgerðarmanna á, sjá Ísaður.
Eyjafjarðarsýsla, rafmagnsnefnd, sjá Rafveitur 3.
Eyjafjarðarsýsla, sbr. Þingmálafundargerðir.
Eyjólfur Jóhannsson, forstjóri, sjá Meðferð og sala 4—5.
Eykyndill, slysavarnardeildin, sjá Talstöðvar í 3.
Eyrarbakkahreppur, lendingarbótanefnd, sjá Hafnir og 2.
Eyrarbakkajarðeignir ríkissjóðs, sjá Afgjöld af 1.
Eyrarhreppur, hreppsnefnd, sjá Atvinnubótafé 3.
Eyrarsveit, hreppsnefnd, sjá Hafnir og 6.
Eysteinn Jónsson, fjmrh., sjá Héraðsskólar 2.

Farmanna- og fiskimannasamband Íslands, sjá Atvinna við 2.
Fasteignaveðslán.
1. Borgarstjórinn í Reykjavík tilkynnir Alþingi, að bæjarstjórnin hafi sam-

þykkt á fundi sínum 18. febr. að skora á ríkisstjórnina og Alþingi að gera ráðstafanir til þess, að næg fasteignalán fáist með viðunandi kjörum. Bréf 19. febr. 1937. (Db. 109).
2. Umsögn stjórnar Landsbanka Íslands um frv. til l. um skipting fasteignaveðslána. Bréf 13. apríl 1937. (Db. 462).

Faxaflói, sjá Dragnótaveiðar 2, Friðun.
Fáskrúðsfjarðardjúp, sjá Dragnótaveiðar 1.
Fáskrúðsfjarðarhreppur, alþingiskjósendur í, sjá Bókasöfn og 4.
Fáskrúðsfjörður, smábátaútvegsmenn í suðurbyggð, sjá Dragnótaveiðar 1.
Fávitastyrkur. Þuríður Jónsdóttir, ekkja, fer þess á leit, að Alþingi veiti henni allt að 500 kr. styrk til uppeldis fávita. 2 fskj. Bréf 2. jan. 1937 (Db. 23). Sbr. einnig Sólheimar.
Ferðafélag Íslands, sjá Sæluhús.
Ferðasjóðir íslenzkra bænda. Stjórn Búnaðarfélags Íslands sendir landbn. Nd. till. búnaðarþingsins 1937 um stofnun ferðasjóða fyrir íslenzka bændur. Bréf 23. marz 1937. (Db. 347).
Ferjur, sbr. Vegamál 23, 28, 33.
Félag starfsmanna Landsbanka Íslands, sjá Tryggingarmál 4.
Finnur Jónsson, alþm., sjá: Húsmæðrafræðsla 4—5, Utanfararstyrkur 4.
Finsen, sjá Ólafur.
Fiskifélag Íslands. Bréf forseta Fiskifélags Íslands, dags. 14. nóv. 1936, viðvíkjandi fjárveitingum til félagsins árið 1938. (Db. 69, LVIII).
Fiskimat.
1. Sveinn Árnason, fiskimatsstjóri, fer þess á leit við sjútvn. Nd., að n. gefi honum kost á að ræða við hana frv. til l. um afnám l. nr. 7 9. jan. 1935, um fiskimatsstjóra. Bréf 1. apríl 1937. (Db. 374).
2. Sami maður sendir sjútvn. Nd. aths. sínar út af grg. fyrir sama frv., svo og út af framsöguræðu flm. frv. 15 fskj. Bréf 17. apríl 1937. (Db. 482).

Fiskirækt.
1. Fiskiræktarfélagið Rangá sækir um nokkurn styrk til starfsemi sinnar. Bréf 25. nóv. 1936. (Db. 70, VI).
2. Sama félag sækir um allt að 500 kr. styrk. Bréf 23. febr. 1937. (Db. 251).

Fiskveiðasjóður Íslands. Umsögn hreppsn. Sauðaneshrepps um frv. til l. um breyt. á l. nr. 46 19. maí 1930, um fiskveiðasjóð Íslands. Bréf 14. júlí 1936. (Db. 1).
Fjallagrös. Chr. Fr. Nielsen sækir um 5000 kr. styrk til þess að vinna að því að gera íslenzk fjallagrös að útflutningsvöru. Bréf 2. marz 1937. (Db. 207).
Flatey, almennur fundur í, sjá Frystihús 1.
Flatey, sbr. Frystihús 1, Vegamál 13.
Flateyjarhreppur, 17 bændur og útvegsmenn í, sjá Frystihús 1.
Flateyjarhreppur, 8 bændur í, sjá Skaðabætur 3.
Flateyri, sjóvarnargarður, sjá Hafnir og 4.
Flóaáveitufélagið, sjá Áveitutilraunir.
Flóabátar, sjá Strandferðir.
Flugmálafélag Íslands.
1. Flugmálafélag Íslands sækir um 7500 kr. styrk. 1 fskj. Bréf 16. marz 1937. (Db. 290).
2. Sama félag fer þess á leit við fjvn., að fulltrúi úr stjórn félagsins fái tækifæri til að mæta á fundi n., þegar styrkbeiðni þess verður rædd. Bréf 20. marz 1937. (Db. 314).

Flygenring, sjá Sigurður.
Flæðihætta sauðfjár. 10 bændur í Skarðshreppi fara þess á leit, að Alþingi veiti þeim 4000 kr. styrk til samgirðingar til þess að fyrirbyggja flæðihættu sauðfjár. Bréf 18. febr. 1937. (Db. 254).
Fornleifafélagið, sjá Hið íslenzka.

Fossá, sjá Símamál 3.
Fóðurmjöl. Karel Hjörtþórsson, Theodór Jónsson og Sveinbjörn Jónsson senda iðnn. Nd. uppkast að frv. til l. um sérleyfi þeim til handa til framleiðslu og sölu á fóðurmjöli, svo og grg. fyrir frv. 4 fskj. Bréf ódags. (Db. 333).
Fóðurtryggingar. Stjórn Búnaðarfélags Íslands sendir Alþingi till. búnaðarþingsins 1937 um fóðurtryggingar. Bréf 23. marz 1937. (Db. 351).
Framsókn, stúkan, nr. 187, sjá: Áfengis- og 2, Sjómannaheimili 1.
Friðarverðlaun Nobels. Det Norske Stortings Nobelkomité sendir Alþingi umburðarbréf varðandi friðarverðlaun Nobels árið 1937. Bréf 22. des. 1936. (Db. 21).
Friðun Faxaflóa. Atv.- og samgöngumálaráðuneytið sendir sjútvn. Nd. ritgerð Árna Friðrikssonar, fiskifræðings, um friðun Faxaflóa. Bréf 25. febr. 1937. (Db. 137).
Frystihús.
1. Bergur Jónsson, alþm., sendir Alþingi áskorun frá 17 bændum og útvegsmönnum í Flateyjarhreppi um að veita 20 þús. kr. styrk til frystihúsbygginga í Flatey, til vara að veita ábyrgð ríkissjóðs á þeirri fjárhæð, svo og áskorun frá 3 bændum og útvegsmönnum í Hergilsey um sama efni og ályktun almenns fundar í Flatey 20. jan. 1937, ennfremur greinargerð framkvæmdarstjóra kaupfélags Flateyjar fyrir málinu. Bréf 27. febr. 1937. (Db. 172).
2. Sami þm. sendir Alþingi erindi frá 100 kjósendum í Patrekshreppi, dags. 17. febr., þar sem þeir skora á þm. að beita sér fyrir, að Alþingi veiti styrk til þess, að reist verði hraðfrystihús á Patreksfirði. Bréf 27. febr. 1937. (Db. 169).
3. Sami þm. sendir Alþingi áskorun sama efnis frá 15 kjósendum í Tálknafjarðarhreppi. Bréf 19. marz 1937. (Db. 307).

Fræðslumál.
1. Dóms- og kirkjumrn. sendir fjvn. till. Sambands ísl. barnakennara varðandi fjárveitingar til menntamála árið 1938. Bréf 21. des. 1936. (Db. 12).
2. Aðalsteinn Sigmundsson sækir um 1000 kr. styrk til að semja og búa undir útgáfu ýmiskonar verkefni fyrir íslenzka barnaskóla. 3 fskj. Bréf 30. marz 1937. (Db. 388).

Sjá ennfr. Ritstyrkur 10, 12.

Gamalmennahæli. Páll Þorbjörnsson, alþm., fer þess á leit, að á árinu 1938 verði veittar 5000 kr. til byggingar gamalmennahælis í Vestmannaeyjum, og sé þetta fyrsta greiðsla af fjórum. Bréf 18. febr. 1937. (Db. 90).
Garðahreppur, mjólkurframleiðendur í, sjá Meðferð og sala 2.
Garðaprestakall, sóknarprestur, sjá Kirkjumálefni 1.
Garðrækt.
1. Hið íslenzka garðyrkjufélag sækir um 7000 kr. styrk. 1 fskj. Bréf dags. 25. febr. 1937. (Db. 264).
2. Stjórn Búnaðarfélags Íslands sendir Alþingi meðmæli búnaðarþingsins 1937 með styrkbeiðni Hins íslenzka garðyrkjufélags. Bréf 23. marz 1937. (Db. 350).
3. Blóma- og trjáræktarfélag Ísfirðinga sækir um 1000 kr. styrk. Bréf 24. febr. 1937. (Db. 205).

Garðyrkjufélagið, sjá Hið íslenzka.
Gauti, sjá Jón.
Geiradalsvegur, sjá Vegamál 14.
Geirlandsá, sjá Brúargerðir 2.
Geithellnaá, sjá Brúargerðir 3.
Geithellnahreppur, íbúar í, sjá Héraðsskólar 2.

Geithellnahreppur, 155 alþingiskjósendur í, sjá: Brúargerðir 3, Vegamál 32.
Geysir—Gullfoss, ný símalína, sjá Símamál 6.
Geysir—Gullfoss, nýr vegur, sjá Vegamál 3.
Gilsfjarðarbotn—Hrútafjarðarbotn, svæðið á milli, sjá Dragnótaveiðar 2.
Gistingarstyrkur.
1. Jón Auðunn Jónsson, alþm., fer þess á leit, að Alþingi veiti búendunum á Hrafnsfjarðareyri og í Bakkaseli 200 kr. gistingarstyrk hvorum um sig. Bréf 13. marz 1937. (Db. 263).
2. Vegamálastjóri gerir till. til fjvn. um styrk til gistihúshalds á Grímsstöðum á Fjöllum. Bréf 8. apríl 1937. (Db. 427).
3. Gísli Guðmundsson, alþm., fer þess á leit við fjvn., að hún taki upp í till. sínar 3000 kr. byggingarstyrk til Sigurðar Kristjánssonar, bónda á Grímsstöðum, til að gera gistiskála, til vara að honum verði veittur árlega 500 kr. styrkur til móttöku ferðamanna. 2 fskj. Bréf 2. apríl 1937. (Db. 439).

Sjá ennfremur Eftirlaun og 4.
Gísli Guðmundsson, alþm., sjá: Gistingarstyrkur 3, Vegamál 30.
Gísli Jónsson, fyrrum fiskimatsmaður, sjá Eftirlaun og 38.
Gísli B. Kristjánsson, stud. agric., sjá Sjúkrastyrkur og 2.
Gísli Magnússon, bóndi, sjá: Eftirlaun og 36, Vegamál 28.
Gísli Pétursson, læknir, sjá Eftirlaun og 7.
Gísli Sveinsson, alþm., sjá: Brúargerðir 2, Dráttarbátur, Hótel Borg, Vegamál 34.
Gjöf Jóns Sigurðssonar. Dóms- og kirkjumálaráðuneytið sendir forseta Sþ. skýrslu um Gjöf Jóns Sigurðssonar frá 1. jan. 1935 til 31. des. 1936. Bréf 30. marz 1937. (Db. 364).
Gjögur í Örlygshöfn, sjá Hafnir og 5.
Gnúpverjahreppur, 26 bændur í, sjá Vegamál 4.
Grafarnes við Grundarfjörð, sjá Hafnir og 6.
Grenjaðarstaðarprestakall, sjá Kirkjumálefni 6.
Grímseyjarsaga, sbr. Ritstyrkur 6.
Grímsstaðir á Fjöllum, sbr. Gistingarstyrkur 2—3.
Grjótá. Guðjón Guðmundsson, Svarfhóli, sækir um 500 kr. styrk til að gera Grjótá, sem er laxveiðiá í landareign hans, laxgenga. Bréf 24. febr. 1937. (Db. 224).
Guðbrandur Ísberg, alþm., sjá: Skrifstofukostnaður 1—2, Útvegsmál.
Guðbrandur Jónsson, próf., sjá Ritstyrkur 3.
Guðbrandur Magnússon, kennari, sjá Skriftarkennsla.
Guðbrandur Sig. Hlíðar, sjá Dýralækningar 3.
Guðjón Guðmundsson, bóndi, sjá Grjótá.
Guðmundur Á. Eiríksson, fyrrum hreppstjóri, sjá Eftirlaun og 9.
Guðmundur Björnsson, sýslumaður, sjá Eftirlaun og 8.
Guðmundur Finnbogason, landsbókavörður, sjá Ritstyrkur 4.
Guðmundur Gissurarson, fiskimatsmaður, sjá Eftirlaun og 10.
Guðmundur Hannesson, prófessor, sjá Eftirlaun og 11.
Guðmundur Hávarðarson, sjá Skaðabætur 4.
Guðmundur Jónsson frá Narfeyri, sjá Strandferðir 3.
Guðmundur Kr. Guðmundsson, fyrrum fiskimatsmaður, sjá Eftirlaun og 38.
Guðmundur Matthíasson, sjá Tónlist 1.
Guðmundur R. Ólafsson, sjá Lífeyrissjóður barnakennara 2.
Guðrún J. Norðfjörð, sjá Eftirlaun og 12.
Gufudalshreppur, sjá Læknisvitjanastyrkur.
Gullfoss—Geysir, ný símalína, sjá Símamál 6.
Gullfoss—Geysir, nýr vegur, sjá Vegamál 3.
Gunnar Bjarnason, sjá Verkfræðingar, húsameistarar 2.
Gústaf A. Jónasson, skrifstofustjóri, sjá Eftirlaun og 8.

Haarde, T., sjá Ríkisborgararéttur 1.
Hafnarfjallsvegur, sjá Vegamál 5.
Hafnarfjörður, bæjarstjórn, sjá Tekjustofnar handa 2.
Hafnarstúdentar, sjá Námsstyrkur 3.

Hafnir og lendingarbætur.

1. Jón Auðunn Jónsson, alþm., mælist til þess við fjvn., að hún taki upp í till. sínar 14800 kr. fjárveitingu til öldubrjótsins í Bolungavík, svo og 23600 kr. framlag í fjáraukalögum ársins 1937. Bréf 7. apríl 1937. (Db. 433).
2. Lendingarbótanefnd Eyrarbakkahrepps fer þess á leit, að Alþingi veiti allt að 10 þús. kr., gegn jafnmiklu framlagi annarsstaðar að, til þess að eyða skeri á innsiglingarleiðinni um Bússusund. Bréf 2. marz 1937. (Db. 219).
3. Bernharð Stefánsson, alþm., sendir fjvn. áætlanir og teikningar um hafnargerð á Dalvík við Eyjafjörð. Bréf 22. marz 1937. (Db. 315).
4. Ásgeir Ásgeirsson, alþm., sendir Alþingi erindi hreppsnefndarinnar á Flateyri, dags. 23. febr. 1937, þar sem hún fer fram á, að Alþingi veiti 2500 kr. framhaldsstyrk til byggingar sjóvarnargarðs þar. Bréf 4. marz 1937. (Db. 200).
5. Bergur Jónsson, alþm., sendir Alþingi bréf frá stjórn sláturfélagsins Örlygs í Rauðasandshreppi, dags. 28. jan. 1937, þar sem farið er fram á, að veittar verði í fjárlögum 1938 allt að 2000 kr. til lendingarbóta á Gjögrum í Örlygshöfn. Bréf 27. febr. 1937. (Db. 171).
6. Thor Thors, alþm., fer þess á leit við fjvn. fyrir hönd hreppsnefndar Eyrarsveitar, að n. taki upp í till. sínar 4000 kr. framlag til lendingarbóta í Grafarnesi við Grundarfjörð. Bréf 24. marz 1937. (Db. 339).
7. Atv.- og samgmrn. sendir fjvn. erindi vitamálastjóra, dags. 9. marz 1937, um byggingu bátabryggjunnar á Hellissandi, ásamt uppdrætti. Bréf 24. marz 1937. (Db. 357).
8. Bergur Jónsson, alþm., sendir Alþingi erindi 11 útvegsbænda á Hvallátrum í Rauðasandshreppi, dags. 18. jan. 1937, þar sem þeir fara fram á 5000 kr. styrk til lendingarbóta á Hvallátrum. 1 fskj. Bréf 27. febr. 1937. (Db. 167).
9. Stjórn samvinnufélagsins Hafskipabryggju Keflavíkur sækir um 150 þús. kr. styrk til endurbóta á höfninni í Keflavík. 2 fskj. Bréf 12. apríl 1937. (Db. 461).
10. Oddviti Neshrepps utan Ennis fer þess á leit, að Alþingi veiti nægilegt fé til lúkningar bryggjugerðar í Krossavík. Bréf 5. marz 1937. (Db. 221).
11. Verklýðsfélagið Afturelding á Hellissandi skorar á Alþingi að veita fé til að fullgera bryggju í bátalægi Krossavíkur. Bréf 24. marz 1937. (Db. 362).
12. Hreppsnefnd Ólafsfjarðarhrepps sækir um 1500 kr. viðbótarstyrk til bryggjugerðar í Ólafsfirði, þannig að ríkissjóður greiði ⅓ áætlaðs kostnaðar við framlengingu bryggjunnar. Bréf 5. marz 1937. (Db. 279).
13. Thor Thors, alþm., fer þess á leit f. h. hreppsnefndar Ólafsvíkur, að fjvn. taki upp í till. sínar 12500 kr. fjárveitingu til hafnargerðar í Ólafsvík, enda komi tvöfalt framlag annarsstaðar frá. Bréf 17. marz 1937. (Db. 274).
14. Sigurður Einarsson, alþm., fer þess á leit, að Alþingi veiti allt að 5000 kr. til lendingarbóta í Selárdal. 1 fskj. Bréf 15. febr. 1937. (Db. 48).
15. Bergur Jónsson, alþm., sendir Alþingi erindi 13 útvegsbænda í Selárdal, dags. 18. jan., með beiðni um 5000 kr. framlag úr ríkissjóði til lendingarbóta þar. Mælir þm. eindregið með beiðninni og ber jafnframt fram þá ósk fyrir hönd íbúanna í Bakkadal, að veitt verði eigi minni fjárhæð til lendingarbóta á Bakka. Bréf 27. febr. 1937. (Db. 170).
16. Fjmrn. sendir fjvn. bréf vitamálastjóra, dags. 2. jan. 1937, ásamt bréfi

bæjarfógetans á Siglufirði, dags. 10. des. 1936, með 4 fskj., um fjárveiting til smíðis á öldubrjót á Siglufirði. Bréf 25. jan. 1937. (Db. 27).
17. Hafnarnefnd Skagastrandar fer þess á leit, að Alþingi veiti 10 þús. kr. til Skagastrandarhafnar vegna mistaka við byggingu staurabryggju, svo og 40 þús. kr. til byggingar steinbryggju framan Spákonufellseyjar. Bréf 17. marz 1937. (Db. 298).
18. Stjórn bryggjufélagsins á Stokkseyri sækir um 4500 kr. viðbótarstyrk. Bréf 15. marz 1937. (Db. 412).
19. Atv.- og samgmrn. sendir fjvn. erindi landssmiðjunnar, dags. 20. jan. 1937, ásamt umsagnarbréfi vitamálastjóra, dags. 30. jan. 1937, þar sem kvartað er undan því, að vitamálastjórnin hafi ekki ennþá greitt úttekt fyrir Stokkseyrarbryggju að fjárhæð kr. 3245.62. Bréf 6. febr. 1937. (Db. 37).
20. Thor Thors, alþm., fer þess á leit við fjvn. fyrir hönd hreppsnefndar Stykkishólmshrepps, að n. taki upp í till. sínar 5000 kr. styrk til byggingar bátabryggju í Stykkishólmi. Bréf 24. marz 1937. (Db. 338).
21. Almennur hreppsfundur á Suðureyri 31. marz 1937 skorar á Alþingi að veita ríflegan styrk til hafnarbóta á Súgandafirði. Bréf 1. apríl 1937. (Db. 454).
22. Jóhann Jósefsson alþm. sendir fjvn. 4 skjöl varðandi till. til þál. um viðbótarfjárveitingu til dýpkunar á Vestmannaeyjahöfn. Bréf 9. apríl 1937. (Db. 438).
23. Atv.- og samgmrn. sendir fjvn. afrit af bréfi vitamálastjóra, dags. 18. marz 1937, um rannsókn á skemmdum af sjávarágangi á Eiðinu í Vestmannaeyjum. Bréf 31. marz 1937. (Db. 390).
24. Umsögn vitamálastjóra um till. til þál. um varnir gegn sjávarágangi í Vestmannaeyjum. Bréf 18. marz 1937. (Db. 303).
25. Umsögn sama manns um frv. til l. um hafnargerð á Þórshöfn. 2 fskj. Bréf 20. marz 1937. (Db. 484).

Sjá ennfr. Vikurnám 3.

Hafskipabryggja Keflavíkur, samvinnufélag, sjá Hafnir og 9.

Hafstein, sjá Þórunn.

Halblaub, Ágúst, sjá Ríkisborgararéttur 1.

Halblaub, Ágúst, sjá Ríkisborgararéttur 1.

Halldór Bjarnarson, prestur, sjá Eftirlaun og 13.

Halldór Pálmason, sjá Verkfræðingar, húsameistarar 2.

Halldóra Bjarnadóttir, heimilisiðnaðarráðunautur, sjá Heimilisiðnaður.

Hallgrímur Valdimarsson, sjá Leiklist 4.

Hammarström, Karl Gustav, sjá Ríkisborgararéttur 1.

Hampiðjan, hlutafélagið, sjá Hampiðnaður.

Hampiðnaður. H/f Hampiðjan sækir um einkarétt til hampiðnaðar á Íslandi um 15 ára skeið. 1 fskj. Bréf 2. marz 1937. (Db. 197).

Hampur, sjá Tollamál 2.

Handritasöfn.
1. Dóms- og kirkjumálaráðuneytið sendir fjvn. bréf Háskóla Íslands, dags. 11. nóv. 1936, varðandi kaup á handritasafni Hannesar Þorsteinssonar. 1 fskj. Bréf 8. febr. 1937. (Db. 40).
2. Dóms- og kirkjumálaráðuneytið sendir fjvn. erindi landsbókavarðar og þjóðskjalavarðar, dags. 8. marz 1937, þar sem þeir fara þess á leit, að Þorsteini Konráðssyni bónda á Eyjólfsstöðum verði veittur 600 kr. árlegur styrkur til þess að vinna að handritasafni sínu, að því tilskildu, að það verði eign safnanna. Bréf 12. marz 1937. (Db. 259).

Hannes Þorsteinsson, sjá Handritasöfn 1.

Hansen, sjá Hinrik A.

Haukaberg, sbr. Vegamál 19.

Háamúli, sbr. Vegamál 1.
Háeyrarvegur, sjá Vegamál 2.
Hálsprestakall, sjá Kirkjumálefni 6.
Háskóli Íslands, háskólaráð, sjá: Eftirlaun og 11, Handritasöfn 1.
Hávarður Jónsson, Króki, sjá Sandgræðsla 3—4.
Heiðdal, sjá Sigurður.
Heilbrigðismál.
1. Helgi Guðmundsson, læknir, sækir um 3000 kr. árlegan styrk til þess að gegna læknisstörfum í Keflavíkurhéraði. Bréf 13. marz 1937. (Db. 371).
2. Landlæknir beinir þeim tilmælum til allshn. Ed., að bætt verði tilgreindum orðum aftan við grg. hans við frv. til l. um breyt. á l. nr. 44 23. júní 1932, um skipun læknishéraða, verksvið landlæknis og störf héraðslækna. Bréf 2. marz 1937. (Db. 190).
3. Stjórnir Læknafélags Íslands og Læknafélags Reykjavíkur senda allshn. Ed. eftirrit af bréfi til landlæknis viðvíkjandi frv. til l. um breyt. á l. um skipun læknishéraða, verksvið landlæknis og störf héraðslækna, með tilmælum um, að n. taki þær brtt. til greina, sem þar er stungið upp á. Bréf 19. marz 1937. (Db. 301).

Sbr. einnig Sóttvarnarhúsið í.
Heimaland, sjá Heimavistarbygging.
Heimavistarbygging. Ungmennafélagið Trausti undir Eyjafjöllum sækir um 1500 kr. styrk til að fullgera heimavistarbyggingu við funda- og íþróttahús sitt að Heimalandi. 2 fskj. Bréf ódags. (Db. 309).
Heimilisiðnaður. Halldóra Bjarnadóttir, heimilisiðnaðarráðunautur, sendir Alþingi skýrslu um starf sitt árin 1936—1937. Bréf 30. marz 1937. (Db. 399).
Heimsþing kennara og blaðamanna í París, sjá Samband íslenzkra.
Helga Thorlacius, matreiðslukennari, sjá Matreiðslunámskeið.
Helgafellssveit, hreppsnefnd, sjá: Brúargerðir 6, Vegamál 10—11.
Helgi Guðmundsson, læknir, sjá Heilbrigðismál 1.
Helgi Pétursson.
1. Dr. Helgi Pétursson ber sig upp við Alþingi út af ofsóknum í sinn garð. Bréf 2. apríl 1937. (Db. 379).
2. Þorbergur Þorleifsson, alþm., sendir Alþingi undirskriftaskjöl frá 15 ungmennafélögum í 9 sýslum landsins, þar sem skorað er á Alþingi að hækka styrkinn til dr. Helga Péturss. Bréf 16. apríl 1937. (Db. 469).

Hellissandur, sbr. Hafnir og 7, Vatnsveitur 4—5.
Hellissandur—Ólafsvík, nýr vegur, sjá Vegamál 6—7.
Hergilsey, 3 bændur og útvegsmenn í, sjá Frystihús 1.
Héraðsmálafundargerðir, sjá Þingmálafundargerðir.
Héraðsskólar.
1. Sigurður Einarsson, alþm., sendir Alþingi ályktun aðalfundar Ungmennasambands Norður-Breiðfirðinga 1. des. 1936, um að skora á þing og stjórn að beita sér fyrir því, að ríkið kaupi Reykhóla og starfræki þar héraðsskóla og fyrirmyndarbú. Bréf 15. febr. 1937. (Db. 55).
2. Alþm. Eysteinn Jónsson og Ingvar Pálmason senda menntmn. Nd. undirskriftaskjöl 249 íbúa í Berunes- og Geithellnahreppum, þar sem þeir skora á Alþingi að styrkja héraðsskóla á Djúpavogi skv. l. nr. 37 frá 14. júní 1929, um héraðsskóla. 1 fskj. Bréf 3. marz 1937. (Db. 195).
3. Formaður skólanefndar héraðsskólans á Reykjum fer þess á leit, að fjvn. taki upp í till. sínar 10931.35 kr. fjárveitingu til greiðslu á ógreiddum hluta af stofnfjárframlagi ríkissjóðs til skólans. Bréf 5. marz 1937. (Db. 235).
4. Sýslunefnd Norður-Ísafjarðarsýslu, ásamt fulltrúum frá bæjarstjórn Ísa-

fjarðar, skorar á Alþingi að flýta sem mest afgreiðslu frv. til l. um breyt. á l. um héraðsskóla. Símsk. 8. apríl 1937. (Db. 430).
Hið íslenzka bókmenntafélag, sjá Íslendingaævir.
Hið íslenzka fornleifafélag, sjá Örnefnasöfnun 2.
Hið íslenzka garðyrkjufélag, sjá Garðrækt 1—2.
Hinrik A. Hansen, sjá Eftirlaun og 14.
Hlíf, verkamannafélagið, sjá Vinnulöggjöf 1.
Hofsá, sjá Brúargerðir 3.
Holtskvísl, sjá Vegamál 28.
Hornafjörður, sbr. Vegamál 33.
Hólar í Hjaltadal. Fjármálaráðuneytið sendir fjvn. bréf skólastjórans á Hólum, dags. 2. jan. 1937, um 3000 kr. fjárveitingu til aðgerða á gömlu bæjarhúsunum á Hólum. 1 fskj. Bréf 20. jan. 1937. (Db. 24).
Hólmsá, sjá Stíflun.
Hótel Borg. Fjármálaráðuneytið sendir fjvn. erindi alþm. Jónasar Jónssonar og Gísla Sveinssonar, dags. 14. apríl 1937, um skuldaskipti Jóhannesar Jósefssonar og Áfengisverzlunar ríkisins. 2 fskj. Bréf 19. apríl 1937. (Db. 485).
Hraðfrystihús, sjá Frystihús.
Hrafnsfjarðareyri, búendur á, sjá Gistingarstyrkur 1.
Hrísey, sbr. Beinamjöls- og.
Hríseyjarhreppur, hreppsnefnd, sjá Beinamjöls- og 2.
Hrísnes, opinber fundur að, sjá Vegamál 16.
Hrútafjarðarbotn—Gilsfjarðarbotn, svæðið á milli, sjá Dragnótaveiðar 2.
Húfur, sbr. Tollamál 1.
Húnaós, sjá Útrýming.
Húsavíkursjúkrahús, sjá Sjúkrahús 1.
Húsameistarar, sjá Verkfræðingar.
Húsmæðrafræðsla.
1. Árný Filippusdóttir, húsmæðrakennari, fer þess á leit, að Alþingi veiti húsmæðraskóla hennar 7500 kr. styrk. 7 fskj. Bréf 15. febr. 1937. (Db. 106).
2. Kvenfélag Saurbæjarhrepps í Dalasýslu skorar á þing og stjórn að starfrækja húsmæðraskólann á Staðarfelli með sama fyrirkomulagi eins og að undanförnu. Bréf 7. marz 1937. (Db. 352).
3. Kvenfélagið Hvöt í Fellsstrandarhreppi skorar á Alþingi að gera allt sem hægt er til þess, að kvennaskólinn á Staðarfelli verði starfræktur framvegis. Bréf 4. marz 1937. (Db. 242).
4. Finnur Jónsson, alþm., sendir fjvn. erindi stjórnar húsmæðraskóla kvenfélagsins Óskar á Ísafirði, dags. 6. marz 1937, um aukinn styrk til skólans. 1 fskj. Bréf 7. apríl 1937. (Db. 426).
5. Sami maður sendir Alþingi erindi sömu stjórnar, dags. 8. marz 1937, um styrk til byggingar skólahúss. Bréf 7. apríl 1937. (Db. 435).
6. Atv.- og samgmrn. sendir fjvn. erindi sýslumannsins í Eyjafjarðarsýslu, dags. 6. marz, þar sem hann fer fram á, að Alþingi veiti 10 þús. kr. styrk til Laugalandsskólans til greiðslu byggingarkostnaðar og kaupa á áhöldum, svo og að heimild verði gefin í fjárlögum til þess að lána Eyjafjarðarsýslu í sama skyni 25 þús. kr. úr ríkissjóði til 10 ára, til vara að veita sýslunni ríkisábyrgð á þessari fjárhæð. Bréf 15. marz 1937. (Db. 271).

Sbr. ennfr. Kvennaskólinn í.
Hvalfjarðarstrandarhreppur, 20 bændur í, sjá Vegamál 5.
Hvallátur, 11 útvegsbændur á, sjá Hafnir og 8.
Hvanneyrarskóli, sjá Bændaskólar 2.
Hvestuvaðall, sjá Brúargerðir 1.
Hvöt, kvenfélagið, sjá Húsmæðrafræðsla 3.
Hýsing sveitabæja. Stjórn Búnaðarfélags Íslands sendir landbn. Nd. till. mþn.

búnaðarþingsins 1935, um hýsingu sveitabæja, ásamt breyt. og viðaukum búnaðarþingsins 1937. Bréf 23. marz 1937. (Db. 344).
Hænuvík—Tunga, ný símalína, sjá Símamál 2.
Höfn, elliheimilið, sjá Elliheimili.

Iðnaðarmannafélag Siglufjarðar, sjá Iðnfræðsla 1.
Iðnaðarmannafélagið á Akranesi, sjá Iðnfræðsla 2.
Iðnaðarmannafélagið á Ísafirði, sjá Skuldaskilasjóður 2.
Iðnaðarmannafélagið í Reykjavík, sjá Iðnfræðsla 3.
Iðnbréf og meistarabréf. Atv.- og samgmrn. leitar álits iðnn. Nd. um bréf landssambands iðnaðarmanna, dags. 13. febr. 1937, þar sem mælzt er til, að lagt verði fyrir sýslumenn og lögreglustjóra að láta þeim mönnum í kauptúnum og sveitum landsins í té iðnbréf og meistarabréf, sem árum saman hafa þar stundað sérstaka iðn, þótt þeir hafi aldrei verið samningsbundnir nemendur og aldrei tekið sveinspróf. Bréf 24. febr. 1937. (Db. 146).
Iðnfræðingar, sjá Verkfræðingar, húsameistarar.
Iðnfræðsla.
1. Iðnaðarmannafélag Siglufjarðar sækir um 1500 kr. styrk til iðnskólahalds. Bréf 29. jan. 1937. (Db. 154).
2. Stjórn iðnaðarmannafélagsins á Akranesi fer þess á leit, að Alþingi veiti 1000 kr. styrk til iðnskólans þar. Bréf 23. febr. 1937. (Db. 161).
3. Iðnaðarmannafélagið í Reykjavík fer þess á leit, að Alþingi hækki styrkinn til iðnskólans upp í 12000 kr. 1 fskj. Bréf 1. marz 1937. (Db. 228).

Ingibergur Jónsson, skósmiður, sjá Skósmíði.
Ingvar Nikulásson, prestur, sjá Eftirlaun og 15.
Ingvar Pálmason, alþm., sjá Héraðsskólar 2.
Isebarn, Júliana M., sjá Ríkisborgararéttur 1.
Ísaður fiskur. Nefnd, kosin á sameiginlegum fundi sjómanna og útgerðarmanna á Eskifirði 16. des. 1936, skorar á Alþingi að veita 15300 kr. styrk til greiðslu kostnaðar við tilraunir Eskfirðinga til þess að flytja út ísaðan fisk, til vara að heimila ríkisstjórninni að ábyrgjast lán sömu fjárhæðar. 3 fskj. Bréf 21. jan. 1937. (Db. 129).
Ísafjörður, sbr. Þingmálafundargerðir.
Ísafjörður, bæjarstjórn, sjá Héraðsskólar 4.
Ísafjörður—Bolungavík, þjóðvegurinn, sjá Vegamál 24.
Ísberg, sjá Guðbrandur.
Íslendingaævir. Hið íslenzka bókmenntafélag sækir um 4000 kr. styrk til útgáfu Íslendingaæva. Bréf 9. marz 1937. (Db. 252).
Ítalska. Þórhallur Þorgilsson, kennari, fer þess á leit, að sér verði veittur 1650 kr. styrkur til útgáfu kennslubókar í ítölsku. 2 fskj. Bréf 20. okt. 1936. (Db. 70, II).
Íþróttafélag Eyfellinga, sjá Sundlaugar og 3.
Íþróttasamband Íslands. Dóms- og kirkjumálaráðuneytið sendir fjvn. erindi Íþróttasambands Íslands, dags. 9. febr. 1937, þar sem farið er fram á, að ríkissjóðsstyrkur sambandsins verði hækkaður upp í 10 þús. kr. Bréf 9. marz 1937. (Db. 255). — Sjá ennfr. Sundlaugar 2—3.

Jakob Ó. Pétursson, sjá Lífeyrissjóður barnakennara.
Jakob S. Bjarnason, sjá Ritstyrkur 5.
Jochum M. Eggertsson, sjá Ritstyrkur 6.
Jóhann Gíslason, fyrrum fiskimatsmaður, sjá Eftirlaun og 38.
Jóhann Jósefsson, alþm., sjá: Hafnir og 22, Talstöðvar í 3, Vatnsveitur 3, Vátryggingarfélög fyrir 4.
Jóhannes Jósefsson, hóteleigandi, sjá Hótel Borg.
Jóhannes Kr. Jóhannesson, sjá Ritstyrkur 7.

Jóhannes Þórðarson, fyrrum póstur, sjá Eftirlaun og 16—17.
Jón Engilberts, málari, sjá Myndlist 2.
Jón Gauti, sjá Verkfræðingar, húsameistarar 2.
Jón Indriðason, sjómaður, sjá Eftirlaun og 18.
Jón Auðunn Jónsson, alþm., sjá: Gistingarstyrkur 1, Hafnir og 1, Líknarfélag, Læknisbústaðir, Strandferðir 5, Vegamál 24—25. — Sbr. einnig Atvinnubótafé 1—3.
Jón B. Jónsson, sjá Vegamál 12.
Jón Jónsson, bóndi, sjá Eftirlaun og 20.
Jón Jónsson, læknir, sjá Eftirlaun og 19.
Jón Loftsson, sjá Vikurnám 1—3.
Jón Magnússon, skáld, sjá Ritstyrkur 8.
Jón Magnússon, sjá Verkfræðingar, húsameistarar 3.
Jón Norðfjörð, sjá Leiklist 2.
Jón Ófeigsson, yfirkennari, sjá Sjúkrastyrkur og 3.
Jón Pálmason, alþm., sjá Kirkjumálefni 4.
Jón S. Pétursson, sjá Sjúkrastyrkur og 5.
Jón Sigurðsson forseti, sjá Gjöf Jóns.
Jón Sverrisson, yfirfiskimatsmaður, sjá Launamál 2.
Jón Þorvaldsson, prestur, sjá Utanfararstyrkur 3, 5.
Jónas Jóhannsson frá Öxney, sjá Lóðaveiðar 2.
Jónas Jónasson, sjá Ríkisborgararéttur 1—2.
Jónas Jónsson, alþm., sjá Eftirlaun og 33, Hótel Borg.
Jónas Þjóðbjörnsson, sjá Eftirlaun og 21.
Jósefsspítali, St., sjá Berklakostnaður 2.
Jörundur Brynjólfsson, alþm., sjá Eftirlaun og 25.
Jötunn, sjómannafélagið, sjá Sjómannaheimili 2.

Karel Hjörtþórsson, sjá Fóðurmjöl.
Karlakórar, sjá Samband íslenzkra.
Kassaefni, sbr. Tollamál 4.
Kassagerð Reykjavíkur, sjá Tollamál 4.
Katalónía, útbreiðslumálaráðun. í, sjá Spænska.
Kaup á rafurmagnstækjum. Borgarstjórinn í Reykjavík sendir Alþingi ályktun bæjarstjórnar Reykjavíkur á fundi 18. des. 1936, þar sem bæjarstjórnin felur bæjarráði að koma því til leiðar við stjórn og þing, að bæjarbúar eigi kost á að kaupa rafmagnstæki við verulega lækkuðu verði, er Sogsstöðin tekur til starfa. Bréf 13. jan. 1937. (Db. 19).
Kaupfélag Flateyjar, framkvæmdarstjóri, sjá Frystihús 1.
Keflavík, sjá: Hafnir og 9, Heilbrigðismál 1, Sjúkrastyrkur og 4.
Keflavíkurhreppur, hreppsnefnd, sjá Sjúkrastyrkur og 4.
Keflavíkurlæknishérað, sjá Heilbrigðismál 1.
Kennslubókarstyrkur, sjá: Enska, Ítalska.
Kerlingarfjöll, sbr. Sæluhús.
Kirkjumálefni.
1. Dóms- og kirkjumálaráðuneytið sendir fjvn. erindi sóknarprestsins í Garðaprestakalli, dags. 13. jan., um byggingu prestsseturshúss eða kaup á húsi, er orðið gæti framtíðarbústaður sóknarprests. Bréf 8. febr. 1937. (Db. 71).
2. Sóknarnefnd Tjarnarsóknar á Vatnsnesi sækir um 3000 kr. til að fullgera kirkjubygginguna á Tjörn. 2 fskj. Bréf 1. febr. 1937. (Db. 121).
3. Sóknarnefnd dómkirkjunnar í Reykjavík og undirbúningsnefnd kirkjumála í Laugarnesskólahverfi fara þess á leit við Alþingi, að skólahverfið verði gert að sérstakri kirkjusókn og prestum í Reykjavík fjölgað, svo að

þessi nýja sókn geti notið fullkominnar prestsþjónustu, svo og að veita 20 þús. kr. byggingarstyrk til að reisa nýja kirkju í hverfinu. Bréf 9. marz 1937. (Db. 260).
4. Jón Pálmason, alþm., fer þess á leit við fjvn., að n. taki upp í till. sínar 3000 kr. styrk til aðgerðar Þingeyrakirkju. 2 fskj. Bréf 18. marz 1937. (Db. 286).
5. Fjmrn. sendir fjvn. erindi þjóðminjavarðar, dags. 27. jan. 1937, um viðbótarfjárveitingu til kaupa og aðgerðar á torfkirkjunni á Víðimýri. Bréf 3. febr. 1937. (Db. 33).
6. Héraðsfundur Suður-Þingeyjarprófastsdæmis, haldinn að Hálsi í Fnjóskadal 5. sept. 1936, ítrekar mótmæli héraðsfundar 1935 gegn niðurlagningu Grenjaðarstaðar- og Hálsprestakalla. Bréf 20. nóv. 1936. (Db. 375).

Kirkjuvogur, sjá Afmæli.

Kjarnfóðurverzlun. Stjórn Búnaðarfélags Íslands sendir Alþingi ályktun búnaðarþingsins 1937 um kjarnfóðurverzlun. Bréf 23. marz 1937. (Db. 349).

Kjartan Eggertsson í Langey, sjá Strandferðir 4.

Kjartan Þorkelsson, sjá Eftirlaun og 21.

Kjötsala innanlands. Verzlunarmannafélag Seyðisfjarðar skorar á Alþingi að gera tilgreindar breytingar á kjötsölulögunum. Símskeyti 8. apríl 1937. (Db. 432).

Kleifaheiði, sbr. Vegamál 19.

Kommúnistaflokkur Íslands, sjá Tryggingarmál 1.

Kommúnistaflokkur Íslands, deild úr, sjá Vegamál 16.

Kratsch, Walter, sjá Ríkisborgararéttur 1.

Kreppulánasjóður. Atv.- og samgmrn. sendir allshn. Nd. skýrslu kreppulánasjóðsstjórnar um lánveitingar úr kreppulánasjóði til bæjar- og sveitarfélaga. 1 fskj. Bréf 24. febr. 1937. (Db. 130).

Kristmann Guðmundsson, rith., sjá Ritstyrkur 9.

Kristneshælið, sjúklingar á, sjá Bókasöfn og 1.

Krossavík, sjá Hafnir og 10—11.

Króksstaðir—Litlatunga, þjóðvegurinn, sjá Vegamál 26.

Kveldúlfur, h/f., sjá Skiptameðferð á 1—3.

Kvenfélag Saurbæjarhrepps, sjá Húsmæðrafræðsla 2.

Kvennaskólinn í Reykjavík. Forstöðunefnd kvennaskólans í Reykjavík fer þess á leit, að Alþingi veiti 5000 kr. styrk til bráðnauðsynlegra viðgerða og viðhalds á skólahúsinu. Bréf 23. marz 1937. (Db. 325).

Kvik, kvenfélagið, sjá Elliheimili.

Lakkrís, sbr. Tollamál 3.

Lakkrísgerðin, h/f., sjá Tollamál 3.

Landmælingar. Bréf vegamálastjóra, dags. 11. des. 1936, er í felast till. hans um fjárveitingar til landmælinga árið 1938. (Db. 69, LVII).

Landsbanki Íslands. Sigurður Einarsson, alþm., sendir Alþingi ályktanir verklýðs- og sjómannafélagsins á Patreksfirði, svo og verklýðsfélagsins Varnar á Bíldudal, þar sem félögin lýsa sig fylgjandi frv. á þskj. 96, um breyt. á l. um Landsbanka Íslands. Bréf 6. apríl 1937. (Db. 415). — Sbr. ennfr.: Fasteignaveðslán 2, Tryggingarmál 4.

Landsmálafundargerðir, sjá Þingmálafundargerðir.

Landsreikningur, endurskoðun og færsla, sjá Einar M. Jónasson 2—3.

Landssamband iðnaðarmanna, sjá: Iðnbréf og, Skuldaskilasjóður 2.

Landsspítalinn, sjá Sjúkrahús 1.

Landþurrkunarfélag Safamýrar fer þess á leit, að Alþingi veiti því 5000 kr. styrk. Bréf 7. febr. 1937. (Db. 67).

Langadalsvegur, sjá Vegamál 25.

Langeyjarnesbáturinn, flóabátur, sjá Strandferðir 4.

Laugalandsskólinn, sjá Húsmæðrafræðsla 6.
Laugarnesskólahverfi, undirbúningsnefnd kirkjumála í, sjá Kirkjumálefni 3.
Launamál.
1. Atv.- og samgmrn. sendir fjvn. erindi ullarmatsmanna í Reykjavík, dags. 27. júlí, þar sem þeir fara fram á, að laun sín verði bætt. 6 fskj. Bréf 17. des. 1936. (Db. 6).
2. Atv.- og samgmrn. sendir fjvn. erindi Jóns Sverrissonar, yfirfiskimatsmanns í Vestmannaeyjum, dags. 12. nóv. 1936, þar sem hann fer fram á launahækkun. 1 fskj. Bréf 23. des. 1936. (Db. 13).
3. Utanríkismálaskrifstofa ráðuneytisins fer þess á leit við fjvn., að hún hækki fjárveitingu til viðskiptafulltrúa Íslands við danska sendiráðið í Osló upp í 8000 kr. Bréf 28. jan. 1937. (Db. 29).
4. Fjmrn. óskar umsagnar fjvn. um erindi fræðslumálastjóra, dags. 23. nóv. 1936, svo og erindi sambands ísl. barnakennara, dags. 2. nóv. 1936, um misrétti í launakjörum kennara. 5 fskj. Bréf 3. apríl 1937. (Db. 387).
5. A. L. Petersen, starfsmaður á skattstofunni, ber sig upp við fjvn. út af sífelldum launalækkunum. Bréf 12. apríl 1937. (Db. 464).

Sbr. ennfr.: Eftirlaun og, Skrifstofukostnaður.
Laxá, Laxárfossar, sjá Rafveitur 1—4.
Laxveiði, sbr. Grjótá.
Lára Wathne, frú, sjá Lífeyrissjóður embættismanna 2.
Látrabjarg—Vatnsnes, svæðið á milli, sjá Dragnótaveiðar 4.
Leikfangagerð. Runólfur Ólafsson sækir um 1500 kr. styrk til að koma á fót leikfangagerð á Akranesi. 1 fskj. Bréf 11. marz 1937. (Db. 261).
Leikfélag Akureyrar, sjá Leiklist 3—4.
Leiklist.
1. Marta Indriðadóttir, leikkona, sækir um 2000 kr. ferðastyrk. Bréf ódags. (Db. 77).
2. Jón Norðfjörð, leikari, fer þess á leit, að Alþingi veiti honum 500—700 kr. styrk til leiklistarnáms. Fskj.: Meðmæli frá ýmsum mönnum. Bréf 8. febr. 1937. (Db. 107).
3. Leikfélag Akureyrar sækir um 1500 kr. styrk. Bréf 12. febr. 1937. (Db. 150).
4. Stjórn leikfélags Akureyrar fer þess á leit, að Alþingi veiti Hallgrími Valdimarssyni 500 kr. árlegan ríkisstyrk í viðurkenningarskyni fyrir starf hans í þágu leiklistarinnar á Akureyri. Bréf 19. febr. 1937. (Db. 152).
5. Soffía Guðlaugsdóttir, leikkona, sækir um 3000 kr. styrk til að stofnsetja og starfrækja leikskóla fyrir byrjendur. 1 fskj. Bréf 18. marz 1937. (Db. 304).

Sbr. ennfr. Þjóðleikhúsið.
Leikskóli, sjá Leiklist 5.
Lendingarbætur, sjá Hafnir og.
Lesstofa sjómanna, sjá Sjómannaheimili 2.
Lestrarfélag Breiðavíkursóknar, sjá Bókasöfn og 8.
Lestrarfélag Hofshrepps, sjá Bókasöfn og 7.
Lestrarfélag Patrekshrepps, sjá Bókasöfn og 2—3.
Lestrarfélög, sjá Bókasöfn og.
Listfræðsla. Árni Ólafsson, rithöfundur, sækir um 500 kr. styrk til listfræðslustarfsemi. Bréf 3. marz 1937. (Db. 188).
Listir, sjá: Leiklist, Myndlist, Sönglist, Tónlist. — Sbr. einnig Ritstyrkur.
Litlatunga—Króksstaðir, þjóðvegurinn, sjá Vegamál 26.
Lífeyrissjóður barnakennara.
1. Jakob Ó. Pétursson frá Hranastöðum fer þess á leit, að sér verði endurgreitt fé það, sem hann hefir greitt í lífeyrissjóð barnakennara. Bréf 7. marz 1937. (Db. 272).
2. Guðmundur R. Ólafsson úr Grindavík fer þess á leit, að sér verði endur-

greitt úr lífeyrissjóði barnakennara, svo og, ef fært þykir, úr styrktarsjóði barnakennara, fé það, sem hann hefir lagt í þessa sjóði. Bréf 6. marz 1937. (Db. 248).

3. Sigurður Heiðdal fer þess á leit, að sér verði endurgreidd úr lífeyrissjóði barnakennara fjárhæð sú, er hann hefir greitt í sjóðinn. Bréf 20. febr. 1937. (Db. 210).

Lífeyrissjóður embættismanna.

1. Frú Anna Guðmundsdóttir fer þess á leit, að sér verði endurgreitt úr lífeyrissjóði embættismanna fé það, án vaxta, er hún hefir lagt í sjóðinn. Bréf 19. febr. 1937. (Db. 99).
2. Atv.- og samgmrn. sendir fjvn. bréf póst- og símamálastjóra, dags. 20. febr., viðvíkjandi umsókn Láru Wathne í bréfi, dags. 11. s. m., um að henni verði endurgreitt fé það, sem hún hefir greitt í lífeyrissjóð embættismanna. Bréf 24. marz 1937. (Db. 354).

Lífeyrissjóður Íslands, sjá Tryggingarmál 4.

Líknarfélag Nauteyrarhrepps. Jón Auðunn Jónsson, alþm., fer þess á leit f. h. oddvita Nauteyrarhrepps, að Alþingi veiti 150 kr. styrk til Líknarfélags Nauteyrarhrepps. Bréf 31. marz 1937. (Db. 384).

Ljósmyndasýning. Ólafur Magnússon, kgl. hirðljósmyndari, sækir um 2000 kr. styrk til þess að undirbúa sýningu á ljósmyndum af íslenzkri náttúru í London og höfuðborgum Norðurlanda. Bréf 16. marz 1937. (Db. 278).

Loftferðir, sbr. Pan American.

Lóðaveiðar.

1. Sextíu og sex alþingiskjósendur skora á Alþingi að setja lög, er leggi bann við því, að skip yfir 6 smálestir að stærð stundi flyðruveiðar með lóðum á Breiðafirði. Bréf í des. 1936. (Db. 57).
2. Jónas Jóhannsson frá Öxney skorar á Alþingi fyrir hönd Breiðfirðinga að friða Breiðafjörð fyrir lúðuveiðum með lóð. Bréf 20. febr. 1937. (Db. 330).

Lækjarheiði, sbr. Vegamál 21.

Læknafélag Íslands, stjórn, sjá Heilbrigðismál 3.

Læknafélag Reykjavíkur, sjá Heilbrigðismál 3.

Læknisbústaðir. Jón Auðunn Jónsson, alþm., sendir fjvn. erindi oddvita Sléttuhrepps, dags. 17. marz 1937, þar sem hann fer þess á leit, að Alþingi veiti hreppnum 2000 kr. viðbótarframlag vegna kaupa á læknisbústað, svo og vaxtagreiðslustyrk. Bréf 30. marz 1937. (Db. 368).

Læknisvitjanastyrkur. Bergur Jónsson, alþm., fer þess á leit, að Alþingi veiti 250 kr. læknisvitjanastyrk til Gufudalshrepps í Reykhólalæknishéraði. Bréf 5. marz 1937. (Db. 222).

Magnús Andrésson, sjá Ytri-Hóll 7.

Magnús Einarsson, sjá Eftirlaun og 22.

Magnús Magnússon, fyrrum fiskimatsmaður, sjá Eftirlaun og 23.

Magnús Oddsson, sjá Vegamál 2.

Magnúskirkja Eyjajarls, sjá Afmæli.

Margeir Jónsson, kennari, sjá Örnefnasöfnun 2.

Margrét Þórðardóttir, læknisekkja, sjá Eftirlaun og 24.

María Eiríksdóttir, ljósmóðir, sjá Eftirlaun og 25.

María Victoria, príorinna, sjá Berklakostnaður 2.

Markan, sjá Einar.

Marta Indriðadóttir, leikkona, sjá Leiklist 1.

Matjessíld.

1. Utanríkismálaskrifstofa ráðuneytisins sendir sjútvn. Alþingis endurrit af bréfi frá utanríkismálaráðuneytinu danska, dags. 5. jan. 1937, varðandi

sölu Norðmanna á útvatnaðri saltsíld sem íslenzkri matjessíld. 5 fskj. Bréf 15. febr. 1937. (Db. 85).
2. Sama skrifstofa sendir sjútvn. endurrit af bréfi Vilh. Finsens viðskiptafulltrúa, dags. 27. marz, ásamt fskj., þar sem skýrt er frá, að viðskiptafulltrúinn hafi afhent norska utanríkismrn. erindi, samið af danska sendiráðinu í Osló, varðandi sölu Norðmanna á útvatnaðri saltsíld sem íslenzkri matjessíld. Bréf 20. apríl 1937. (Db. 481).

Matreiðslunámskeið. Helga Thorlacius sækir um 1200 kr. árlegan styrk til þess að standast kostnað við námskeið í matreiðslu íslenzkra jurta og grænmetis. Bréf 4. marz 1937. (Db. 214).

Matthildur Grímsdóttir, ljósmóðir, sjá Eftirlaun og 26.

Matthías Jónasson, dr., sjá Ritstyrkur 10.

Meðalland, sjá Sandgræðsla 2—4.

Meðallandsvegur, sjá Vegamál 34.

Meðferð og sala mjólkur og rjóma.
1. Mjólkursamlag Kjalarnesþings skorar á Alþingi að gera þá breytingu á mjólkurlögunum, að samlagið fái stjórn mjólkursamsölunnar í sínar hendur, svo og að fella bráðabirgðal. um leigunám mjólkurstöðvar samlagsins og bæta því þann skaða, sem það hefir beðið við þá ráðstöfun, sem og þá, að samlagið fékk ekki að reka mjólkursamsöluna. 1 fskj. Bréf 3. marz 1937. (Db. 194).
2. Mjólkurframleiðendur í Garða-, Bessastaða- og Seltjarnarneshreppi mótmæla frv. til l. um breyt. á l. nr. 1 7. jan. 1935, um meðferð og sölu mjólkur og rjóma o. fl. Bréf 5. apríl 1937. (Db. 409).
3. Mjólkursamlag Kjalarnesþings mótmælir frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til að taka mjólkurvinnslustöð á leigu. 2 fskj. Bréf 5. apríl 1937. (Db. 436).
4. Eyjólfur Jóhannsson, forstjóri, sendir efri deild skýrslu um samtal sitt við forsætisráðherra um mjólkurmálið 1936, út af ummælum ráðh. í þingræðu 9. apríl. 1 fskj. Bréf 10. apríl 1937. (Db. 440).
5. Sami maður sendir efri deild frekari skýringar varðandi mjólkurmálið. Bréf 12. apríl 1937. (Db. 446).

Melatangi, sbr. Vegamál 33.

Menntamál, tímaritið, sjá Samband íslenzkra.

Menntaskólinn á Akureyri. Kennarar menntaskólans á Akureyri fara þess á leit, að Alþingi veiti fé til að reisa hús yfir söfn skólans. Bréf 15. febr. 1937. (Db. 198).

Mjólkur- og rjómabú. Stjórn Búnaðarfélags Íslands sendir landbn. Nd. till. búnaðarþingsins 1937 um lögfestingu á styrk til mjólkur- og rjómabúa. Bréf 23. marz 1937. (Db. 346). — Sbr. einnig Meðferð og sala.

Mjólkursamlag Kjalarnesþings, sjá Meðferð og sala.

Mjólkursamsalan, sjá Meðferð og sala.

Mjólkurvinnslustöð, sjá Meðferð og sala.

Myndlist.
1. Bjarni Guðjónsson, myndskeri, sækir um 1500 kr. styrk til utanfarar til náms og fullkomnunar í myndlist. 10 fskj. Bréf 22. febr. 1937. (Db. 176).
2. Jón Engilberts, málari, fer þess á leit, að Alþingi veiti honum 2500 kr. ferða- og námsstyrk til Parísar og Ítalíu. 12 fskj. Bréf 30. jan. 1937. (Db. 138).
3. Ríkarður Jónsson, myndskeri, sækir um 3000 kr. listamannsstyrk. Bréf 10. apríl 1937. (Db. 457).
4. Sveinn Þórarinsson, málari, sækir um 2000 kr. utanfararstyrk. 5 fskj. Bréf 30. des. 1936. (Db. 38).

Mýrdalsvegur, sjá Vegamál 34.
Mæðrastyrksnefndin í Reykjavík, sjá Barnaheimili 3.

Nauteyrarhreppur, oddviti, sjá Líknarfélag.
Námsferðir kennara, sjá Samband íslenzkra.
Námskeið og vinna atvinnulausra unglinga. Fundur um atvinnuleysismálið og alþýðutryggingarnar, haldinn í Reykjavík 14. febr. 1937, skorar á Alþingi að hækka að verulegu leyti framlag til námskeiða og vinnu atvinnulausra æskumanna. Bréf 15. febr. 1937. (Db. 110).
Námsstyrkur.
1. Benedikt Bergmann sækir um styrk til að ljúka námi sem rafmagnskonstruktör við Aarhus Elektroteknikum. 3 fskj. Bréf 25. febr. 1937. (Db. 240).
2. Svavar Erlendsson sækir um 600 kr. árlegan styrk í 6 ár til náms við gervilimasmíði. Bréf 10. marz 1937. (Db. 247).
3. Hafnarstúdentar, 41 að tölu, fara þess á leit við Alþingi, að styrkur sá, sem veittur hefir verið á 14. gr. fjárlaga til náms erlendis, verði hækkaður um allt að 10 þús. kr. Bréf í marz 1937. (Db. 324).
4. Stúdentaráð háskóla Íslands sendir fjvn. skýrslur um styrkveitingar ríkisins til stúdenta frá því er háskólinn var stofnaður árið 1911. Bréf 16. marz 1937. (Db. 297).

Neshreppur utan Ennis, oddvitinn, sjá: Hafnir og 10, Vatnsveitur 4, Vegamál 6.
Neskaupstaður, almennur fundur útvarpsnotenda í, sjá Skiptameðferð á 1.
Nielsen, Chr. Fr., sjá Fjallagrös.
Nobel, sjá Friðarverðlaun.
Norðfjörð, sjá Jón.
Norðlenzkar konur, sjá Samband.
Norðmenn, sbr. Matjessíld.
Norðri, Breiðafjarðarbáturinn, h/f., sjá Strandferðir 2.
Norður-Ísafjarðarsýsla, sbr. Þingmálafundargerðir.
Norður-Ísafjarðarsýsla, sýslunefnd, sjá: Dragnótaveiðar 4, Héraðsskólar 4.
Norður-Þingeyjarsýsla, sbr. Þingmálafundargerðir.
Nýbýli og samvinnubyggðir.
1. Bréf búnaðarmálastjóra, dags. 28. nóv. 1936, þar sem hann gerir grein fyrir till. nýbýlastjórnar um fjárframlög til nýbýla og samvinnubyggða árið 1938. (Db. 69, XLIX).
2. Stjórn Búnaðarfélags Íslands sendir Alþingi till. búnaðarþingsins 1937 viðvíkjandi veðböndum á jarðahlutum, sem teknir eru til nýbýlastofnunar. Bréf 7. apríl 1937. (Db. 434).

Ofviðristjón, sjá Skaðabætur 1—3.
Okur og óeðlileg verðhækkun.
1. Fundur um atvinnuleysismálið og alþýðutryggingarnar, haldinn í Reykjavík 14. febr. 1937, skorar á Alþingi að setja lög, sem komi í veg fyrir okur og óeðlilega verðhækkun. Bréf 15. febr. 1937. (Db. 110).
2. Atvinnuleysisnefnd verkamannafélagsins Dagsbrúnar sendir Alþingi till., sem samþ. voru á fundi n. 10. febr. 1937, um að skora á Alþingi að setja lög gegn okri og óeðlilegri verðhækkun. Bréf 1. marz 1937. (Db. 181).

Ottesen, sjá Pétur.
Ólafsfjarðarhreppur, hreppsnefnd, sjá Hafnir og 12, Vegamál 29.
Ólafsfjörður, sjá Hafnir og 12, Vegamál 29.
Ólafsvík, sjá Hafnir og 13.
Ólafsvíkurhreppur, hreppsnefnd, sjá Hafnir og 13.
Ólafsvík—Hellissandur, nýr vegur, sjá Vegamál 6—7.
Ólafur Finsen, héraðslæknir, sjá Eftirlaun og 27.

Ólafur Jóelsson, fyrrum fiskimatsmaður, sjá Eftirlaun og 38.
Ólafur Jónsson, fiskimatsmaður, sjá Eftirlaun og 28.
Ólafur Jónsson frá Elliðaey, sjá Sjúkrastyrkur og 7.
Ólafur Jóh. Sigurðsson, rithöf., sjá Ritstyrkur 11.
Ólafur Ketilsson, fyrrum hreppstjóri, sjá Eftirlaun og 29.
Ólafur Magnússon, kgl. hirðljósmyndari, sjá Ljósmyndasýning.
Ólafur Thors, sjá Sjúkrastyrkur og 4.
Ólöf Jónsdóttir, sjá Sjúkrastyrkur og 5.
Ósk, kvenfélagið, sjá Húsmæðrafræðsla 4—5.
Óskar V. Daníelsson, sjá Vegamál 12.

Pan American Airways Company.
1. Atv.- og samgmrn. sendir samgmn. Ed. frv. til l. um heimild handa atvmrh. til að veita Pan American Airways Company leyfi til loftferða á Íslandi, með tilmælum um, að n. taki frv. til flutnings í d. 2 fskj. Bréf 11. marz 1937. (Db. 258).
2. Forstöðumaður veðurstofunnar skrifar samgmn. Ed. aths. sínar út af frv. til l. um að veita Pan American Airways Company leyfi til loftferða á Íslandi o. fl. Bréf 23. marz 1937. (Db. 334).

París, heimsþing kennara og blaðamanna í, sjá Samband íslenzkra.
Patreksfjörður, sbr. Frystihús 2—3.
Patreksfjörður—Barðaströnd, nýr vegur, sjá Vegamál 16—19.
Patreksfjörður—Bíldudalur, nýr vegur, sjá Vegamál 20.
Patrekshreppur, 100 kjósendur í , sjá Frystihús 2.
Pálína M. Sigurðardóttir, ljósmóðir, sjá Eftirlaun og 31.
Páll Halldórsson, skólastjóri, sjá Eftirlaun og 30.
Páll Hermannsson, alþm., sjá Eftirlaun og 6.
Páll Zóphóníasson, alþm., sjá Eftirlaun og 6.
Páll Þorbjörnsson, alþm., sjá: Barnaheimili 1, Dýralækningar 2, Gamalmennahæli, Sjómannaheimili 2, Sjúkrastyrkur 6, Vatnsveitur 2, Vegamál 35, Vitamál 1.
Petersen, A. L., sjá Launamál 5.
Pétur Á. Jónsson, óperusöngvari, sjá Sönglist 3.
Pétur Magnússon, alþm., sjá Ytri-Hóll.
Pétur Ottesen, alþm., sjá: Eftirlaun og 27, Samband breiðfirzkra, Sauðfjársjúkdómar 2, Vegamál 5.
Pétur Þ. Einarsson, sjá Alþjóðafundur.
Póstbáturinn, flóabátur, sjá Strandferðir 6.
Pressað silfur. Árni B. Björnsson, gullsmiður, fer þess á leit við iðnn. Nd., að hún beiti sér fyrir því, að tekin verði upp í l. ákvæði um, að pressað silfur komi í sama tollflokk og annað smíðasilfur. Bréf 20. marz 1937. (Db. 313).
Prestafélag Íslands, stjórn, sjá Utanfararstyrkur 5.

Raforkumálanefnd, sjá Rafveitur 5.
Raforkuvirki.
1. Atv.- og samgmrn. sendir allshn. Ed. frv. til l. um breyt. á l. nr. 83 23. júní 1932, um raforkuvirki, ásamt bréfi forstöðumanns rafmagnseftirlitsins, dags. 15. marz. Bréf 24. marz 1937. (Db. 356).
2. Umsögn rafmagnsstjórans í Reykjavík um ofannefnt frv. Bréf 1. apríl 1937. (Db. 373).

Rafstöðvar, sjá Viðgerðir á.
Rafurmagnstæki, sjá Kaup á.
Rafveitur.
1. Bæjarstjórn Akureyrar skorar á Alþingi að samþykkja l. um virkjun Lax-

ár í Laxárdal og heimila ríkisstj. að ábyrgjast 1½ millj. kr. lán í því skyni. Bréf 7. apríl 1937. (Db. 425).
2. Sýslumaðurinn í Suður-Þingeyjarsýslu fer þess á leit f. h. sýslunefndarinnar, að Alþingi heimili ríkisstjórninni að ábyrgjast allt að 1½ millj. kr. lán til virkjunar Laxárfossa á þessu sumri, vegna væntanlegrar rafveitu til Akureyrarbæjar, sem jafnframt komi að notum í Þingeyjar- og Eyjafjarðarsýslum. Bréf 9. apríl 1937. (Db. 441).
3. Rafurmagnsnefnd Eyjafjarðarsýslu skorar á Alþingi að veita stjórninni nú áður en þingi slítur heimild til þess að ganga í ábyrgð fyrir 1½ millj. kr. láni til virkjunar Laxárfossa. Símskeyti 12. apríl 1937. (Db. 449).
4. Bæjarstjórnin á Akureyri sendir Alþingi áskorun, samþ. á borgarafundi, þar sem mættir voru 400 kjósendur, um að veita stj. nú þegar áður en þingi slítur heimild til þess að ganga í ábyrgð fyrir 1½ millj. kr. láni til virkjunar Laxárfossa. Símskeyti 12. apríl 1937. (Db. 450).
5. Umsögn raforkumálan. um till. til þál. um undirbúning raforkuveitu fyrir Vestmannaeyjar. Bréf 5. apríl 1937. (Db. 401).

Rangá, fiskiræktarfélagið, sjá Fiskirækt 1—2.
Rangárvallasýsla, sýslunefnd, sjá Tryggingarmál 3.
Rannsóknarbú. Stjórn Búnaðarfélags Íslands sendir landbn. Nd. till. búnaðarþingsins 1937 um stofnun rannsóknarbús í þarfir rannsóknarstofu háskólans. Bréf 23. marz 1937. (Db. 345).
Rauðakross Íslands sækir um 2000 kr. styrk. 1 fskj. Bréf 27. febr. 1937. (Db. 163).
Rekstrarlán handa Vestmannaeyjakaupstað. Atv.- og samgmrn. sendir fjvn. bréf bæjarstjórans í Vestmannaeyjum, dags. 27. jan. 1937, viðvíkjandi áskorun bæjarstjórnarinnar þar, á fundi 6. jan 1937, til ríkisstjórnar og Alþingis, um að gera ráðstafanir til þess, að bæjarfélaginu verði séð fyrir allt að 100 þús. kr. rekstrarláni. 2 fskj. Bréf 3. febr. 1937. (Db. 32).
Reykhólar, sjá Héraðsskólar 1.
Reykhólasveit, sbr. Vegamál 14.
Reykjarfjarðarlaug, sjá Sundlaugar og 1.
Reykjaskóli, sjá Héraðsskólar 3.
Reykjavík, sbr. Barnaheimili 2, Bálstofa.
Reykjavík, bæjarstjórn, sjá: Fasteignaveðslán 1, Kaup á.
Reykjavík, fundur um atvinnuleysismálið og alþýðutryggingarnar, sjá: Atvinnuleysistryggingar, Atvinnumál 1, Námskeið og, Okur og, Viðgerðir íslenzkra 1.
Reykjavík, fundur um alþýðutryggingarnar, sjá Tryggingarmál 1.
Reykjavík, 12 forráðamenn skipasmíðastöðva, skipasmíðameistarar og skipasmiðir í, sjá Bygging.
Ritstyrkur.
1. Benjamín Sigvaldason, þjóðsagnaritari, sækir um 600 kr. ritlaun. Bréf 20. febr. 1937. (Db. 122).
2. Sr. Árni Sigurðsson, Ásmundur Guðmundsson próf. o. fl., alls 15 manns, karlar og konur, fara þess á leit, að Alþingi veiti frú Elínborgu Lárusdóttur 1000 kr. ritstyrk. Bréf í febr. 1937. ((Db. 175).
3. Dóms.- og kirkjumálaráðuneytið sendir fjvn. erindi 8 menntamanna, dags. 11. nóv., þar sem þeir fara þess á leit, að styrkur sá, sem Guðbrandur Jónsson próf. hefir nú í fjárlögum, verði hækkaður upp í 3600 kr. 1 fskj. Bréf 23. des. 1936. (Db. 14).
4. Dóms- og kirkjumálaráðuneytið sendir fjvn. bréf Guðmundar Finnbogasonar landsbókavarðar, dags. 5. nóv. 1936, þar sem hann fer fram á, að sér verði veittur 1500—2000 kr. ritstyrkur árið 1938. Bréf 21. des. 1936. (Db. 9).
5. Jakob B. Bjarnason sækir um 600 kr. styrk til söfnunar alþýðukveðskap. Bréf 13. marz 1937. (Db. 273).

6. Jochum M. Eggertsson sækir um 1800—2000 kr. styrk til að rita sögu Grímseyjar. Bréf 3. apríl 1937. (Db. 405).
7. Jóhannes Kr. Jóhannesson sækir um 5000 kr. styrk eða minna til skáldskapariðkana. 6 fskj. Bréf 23. marz 1937. (Db. 366).
8. Jón Magnússon, skáld, sækir um 1500 kr. skáldastyrk. 4 fskj. Bréf 9. marz 1937. (Db. 234).
9. Kristmann Guðmundsson, rithöfundur, sækir um árlegan ríkisstyrk að fjárhæð 4000 kr. Bréf 15. febr. 1937. (Db. 119).
10. Dr. Matthías Jónasson fer þess á leit, að Alþingi veiti honum 1500 kr. styrk til þess að rita hagnýta leiðbeiningabók handa foreldrum um uppeldi barna. Bréf 30. des. 1936. (Db. 35).
11. Ólafur Jóh. Sigurðsson, rithöfundur, sækir um allt að 2000 kr. styrk til ritstarfa og menntunar. Bréf í jan. 1937. (Db. 31).
12. Dr. Símon Ágústsson sækir um 2400 kr. styrk til að semja rit um sálarfræði barna og unglinga, svo og til að flytja fyrirlestra um það efni við háskólann. 3 fskj. Bréf 5. marz 1937. (Db. 419).
13. Þorsteinn Bjarnason frá Háholti fer þess á leit, að Alþingi veiti honum 300 kr. styrk til örnefnasöfnunar og annara ritstarfa. Bréf 18. febr. 1937. (Db. 86).

Sbr. einnig Örnefnasöfnun.

Ríkarður Jónsson, myndskeri, sjá Myndlist 3.

Ríkisábyrgðir.

1. Bæjarstjórinn á Akureyri sendir Alþingi ályktun fundar bæjarstjórnar 26. jan. 1937, um að skora á Alþingi að ábyrgjast nauðsynlegt lán til virkjunar nýrrar rafveitu fyrir Akureyri og nærliggjandi sveitir. Bréf 5. febr. 1937. (Db. 58).
2. Útgerðarsamvinnufélag Dalvíkur fer þess á leit, að Alþingi veiti því 60—70 þús. kr. ríkisábyrgð á láni til vélskipakaupa. 1 fskj. Bréf 11. febr. 1937. (Db. 76).
3. Oddviti Eskifjarðarhrepps fer þess á leit, að Alþingi heimili ríkisstjórninni að veita hlutafélagi eða samvinnufélagi á Eskifirði ábyrgð á allt að 300 þús. kr. láni til að reisa strigaverksmiðju. Bréf 16. febr. 1937. (Db. 82).
4. Sýslunefnd Suður-Múlasýslu skorar á Alþingi að veita ríkisstj. heimild til þess að ábyrgjast lán til að reisa strigaverksmiðju á Eskifirði. Bréf ódags. (Db. 404).
5. Verkalýðsfélagið Vörn á Bíldudal skorar á Alþingi að veita Suðurfjarðahreppi eða sjómönnum á Bíldudal ríkisábyrgð á láni til báta- og veiðarfærakaupa. Bréf 21. febr. 1937. (Db. 153).

Sjá ennfremur: Beinamjöls- og 1—4, Frystihús 1, Ísaður, Rafveitur 1—4, Rækjuniðursuðuverksmiðja 2, Strandferðir 5, Tunnuverksmiðja í, Vikurnám 3.

Ríkisborgararéttur.

1. Umsóknir um íslenzkan ríkisborgararétt frá Henry Aaberg (Db. 414), Hans Eide (Db. 3), T. Haarde (Db. 60), Karl Gustav Hammarström (Db. 2), Ágúst Halblaub (Db. 5), Solveigu Halblaub (Db. 5), Júlíönu M. Isebarn (Db. 428), Jónasi Jónassyni (Db. 397), Walter Kratsch (Db. 114), Wilhelm Henry Zebitz (Db. 4).
2. Dómsmrn. sendir allshn. Ed. bréflaust yfirlýsingu frá Jónasi Jónassyni, dags. 14. apríl 1937, um að hann afturkalli umsókn sína um íslenzkan ríkisborgararétt.

Ríkisframfærsla. Landlæknir skrifar allshn. Ed. álit sitt á frv. til l. um breyt. á l. nr. 78 23. júní 1936, um ríkisframfærslu sjúkra manna og örkumla. Bréf 3. marz 1937. (Db. 196).

Ríkisútvarpið. Stjórn ríkisútvarpsins sendir Alþingi samrit af erindi, sem hún

hefir sent alþm., varðandi orkuaukningu útvarpsstöðvarinnar. Bréf 30. marz 1937. (Db. 380).
Runólfur Magnússon, fiskimatsmaður, sjá Eftirlaun og 28.
Runólfur Ólafsson, sjá Leikfangagerð.
Runólfur E. Sverrisen, sjá Skaðabætur 5.
Rækjuniðursuðuverksmiðja.
1. Verkalýðsfélagið Vörn á Bíldudal skorar á Alþingi að veita Suðurfjarðahreppi fjárhagslegan stuðning til að byggja rækjuniðursuðuverksmiðju. Bréf 21. febr. 1937. (Db. 153).
2. Sigurður Einarsson, alþm., fer þess á leit, að Alþingi veiti Suðurfjarðahreppi 6000 kr. styrk til þess að koma upp rækjuniðursuðuverksmiðju á Bíldudal, eða félagi, sem stofnað yrði í því skyni, svo og að heimila ríkisstjórninni að ábyrgjast 10 þús. kr. lán í þessum tilgangi. Bréf 5. apríl 1937. (Db. 396).
Ræktunarvegir, sjá Vegamál 9, 13, 35.
Rögnvaldur Kr. Sigurjónsson, sjá Tónlist 2.

Safamýri, sjá Landþurrkunarfélag.
Samábyrgð Íslands á fiskiskipum, sjá Vátryggingar fyrir 1.
Samband bindindisfélaga í skólum fer þess á leit, að Alþingi hækki styrkinn til þess upp í 3000 kr. 4 fskj. Bréf 18. marz 1937. (Db. 378).
Samband borgfirzkra kvenna. Alþm. Bjarni Ásgeirsson og Pétur Ottesen fara þess á leit, að fjárveitingin til Sambands borgfirzkra kvenna verði hækkuð upp í 1500 kr. árið 1938. Bréf 25. febr. 1937. (Db. 160).
Samband breiðfirzkra kvenna sækir um 400 kr. styrk. Bréf 9. marz 1937 (Db. 241).
Samband íslenzkra barnakennara fer þess á leit, að veittur verði 2000 kr. styrkur tl tímaritsins Menntamála, 2000 kr. styrkur til námsferða kennara eða kennaranámskeiða, 3000 kr. styrkur til fulltrúa sambandsins á heimsþing kennara og blaðamanna í París 1937, 1000 kr. styrkur til skólaferða barna og 500 kr. styrkur til þess að standast kostnað við uppeldismálaþing í Rvík 1937. Bréf 19. nóv. 1936. (Db. 70, VII). — Sjá ennfr.: Fræðslumál 1, Launmál 4.
Samband íslenzkra karlakóra, sjá Sönglist 5.
Samband íslenzkra samvinnufélaga, sjá Tollamál 5.
Samband norðlenzkra kvenna sækir um styrk til starfsemi sinnar. Bréf 17. febr. 1937. (Db. 328).
Samvinnubyggðir, sjá Nýbýli og.
Sandgræðsla.
1. Bréf búnaðarmálastjóra, dags. 20. nóv. 1936, ásamt áætlun sandgræðslustjóra um fjárveitingar til sandgræðslu árið 1938. (Db. 69, L).
2. Fjmrn. sendir fjvn. erindi Búnaðarfélags Íslands, dags. 21. des. 1936, um greiðslu til að fullgera og endurbæta sandgræðsluáveituna á Steinsmýri í Meðallandi. 1 fskj. Bréf 5. jan. 1937. (Db. 16).
3. Atv.- og samgmrn. sendir fjvn. erindi Hávarðar Jónssonar, Króki, dags. 29. nóv., þar sem hann fer fram á f. h. ábúenda jarðanna í Meðallandi austan Eldvatns, að tekin verði upp í fjárlög fjárveiting til þess að endurbæta sandgræðsluáveituna þar. 2 fskj. Bréf 17. des. 1936. (Db. 7).
4. Atv.- og samgmrn. sendir fjvn. erindi Hávarðar Jónssonar, Króki, dags. 29. nóv. 1936, þar sem hann fer fram á, að veitt sé fé til að endurbæta framræsluskurði og gera stíflu í affærsluskurðinn í Meðallandi austan Eldvatns. 3 fskj. Bréf 24. febr. 1937. (Db. 156).
Sauðaneshreppur, hreppsnefnd, sjá: Fiskveiðasjóður, Útgerðarsamvinnufélög.
Sauðárkrókssjúkrahús, sjá Sjúkrahús 3.

Sauðfjársjúkdómar.
1. Ágúst B. Jónsson, Hofi í Vatnsdal, sækir um 400 kr. styrk til þess að gera athuganir á sjúkdómum í sauðfé. Bréf 8. marz 1937. (Db. 291).
2. Pétur Ottesen, alþm., sendir Alþingi fundargerðir 4 bændafunda, sem haldnir voru í Borgarfjarðarsýslu 10.—14. marz, til þess að ræða um varnir gegn Deildartunguveikinni. Bréf 20. marz 1937. (Db. 321).
3. Sýslunefnd Vestur-Húnavatnssýslu skorar á stjórn og þing að íþyngja ekki í neinu í sambandi við ráðstafanir gegn Deildartunguveikinni þeim héruðum, sem þegar hafa beðið stórkostlegt tjón af völdum veikinnar og virðast eiga það fyrir höndum að verða nær því eða alveg sauðlaus af hennar völdum. Símskeyti 17. apríl 1937. (Db. 474).

Sbr. einnig Dýralækningar.
Sálarfræði, sbr. Ritstyrkur 12.
Selárdalur, sjá Hafnir og 14—15.
Selárdalur, 13 útvegsbændur í, sjá Hafnir og 15.
Seljavallalaug, sjá Sundlaugar og 3.
Seltjarnarneshreppur, mjólkurframleiðendur í. sjá Meðferð og sala 2.
Sementsgerð. Atv.- og samgmrn. sendir iðnn. Nd. skýrslu frá firmanu F. L. Smidth & Co., A/S, Köbenhavn, um rannsóknir á möguleikum til sementsgerðar hér á landi. 10 fskj. Bréf 25. jan. 1937. (Db. 26).
Sesselja H. Sigmundsdóttir, sjá Sólheimar.
Sigfús Jónsson, alþm., sjá Bókasöfn og 6, Eftirlaun og 36, Vegamál 28.
Siglufjörður, sjá Hafnir og 16. — Sbr. einnig Áfengis- og 2.
Siglufjörður, bæjarfógetinn á, sjá Hafnir og 16.
Siglufjörður, bæjarstjórn, sjá Tekjustofnar handa 3.
Sigríður Sigurðardóttir, ljósmóðir, sjá Eftirlaun og 32.
Sigtryggur Guðlaugsson, prestur, sjá Eftirlaun og 33.
Sigurbjörn Maríusson, sjá Tunnuverksmiðja í.
Sigurður Einarsson, alþm., sjá: Bókasöfn og 3, 8, Brúargerðir 1, Hafnir og 14, Héraðsskólar 1, Rækjuniðursuðuverksmiðja 2, Símamál 4—5, Skaðabætur 2, Skiptameðferð á 3, Sundlaugar og 6, Vegamál 13—15, 17, 20, Vinnulöggjöf 2.
Sigurður Flygenring, sjá Verkfræðingar, húsameistarar 2.
Sigurður Ein. Hlíðar, dýralæknir, sjá Dýralækningar 3.
Sigurður Heiðdal, sjá Lífeyrissjóður barnakennara 3.
Sigurður Jónsson, fyrrum fiskimatsmaður, sjá Eftirlaun og 34.
Sigurður Kristjánsson, alþm., sjá Sönglist 4.
Sigurður Kristjánsson, bóndi, sjá Gistingarstyrkur 3.
Sigurður Kristjánsson, fyrrum kaupfélagsstjóri, sjá: Símamál 6, Vegamál 3.
Sigurður Sigurðsson, fyrrv. búnaðarmálastjóri, sjá Utanfararstyrkur 6.
Sigurður Skagfield, óperusöngvari, sjá Sönglist 4.
Sigurgeir Sigurðsson, prófastur, sjá Utanfararstyrkur 4—5.
Sigurveig Ólafsdóttir, fyrrum ljósmóðir, sjá Eftirlaun og 35.
Silfur, sjá Pressað.
Síðuvegur, sjá Vegamál 34.
Síldarverksmiðja, sjá Beinamjöls- og.
Símamál.
1. Bergur Jónsson, alþm., sendir Alþingi erindi 133 kjósenda úr Suðurfjarðahreppi, dags. 27. jan., um símalagningu frá væntanlegri símalínu úr Dufansdal kringum Suðurfirði að Steinanesi. Bréf 22. febr. 1937. (Db. 131).
2. Sami alþm. skrifar Alþingi og gerir grein fyrir því, að brýn nauðsyn sé á, að bætt verði við símakerfi Barðastrandarsýslu, svo fljótt sem verða má, símalínu frá Sveinseyri að Bakka í Tálknafirði, frá Sveinseyri til Stóra-Laugardals, frá Bíldudal til Dufansdals, frá Vattarnesi til Skálmarnes-

múla og frá Hænuvík til Tungu í Örlygshöfn, svo og að nauðsynlegt sé að tvöfalda langsímalínuna um sýsluna. Bréf 24. febr. 1937. (Db. 136).

3. Sami alþm. sendir Alþingi erindi 48 kjósenda í Barðastrandarhreppi, dags. í jan. 1937, þar sem þeir fara þess á leit, að símastöð sé bætt við í hreppnum. Jafnframt bendir þm. á, að nauðsynlegt sé að setja inn síma á annanhvorn eða báða bæina á Hjarðarnesi, Fossá og Auðshaug. Bréf 27. febr. 1937. (Db. 173).
4. Sigurður Einarsson, alþm., fer þess á leit, að Alþingi veiti 4000 kr. til lagningar nýrrar símalínu frá Sveinseyri að Bakka í Tálknafirði. Bréf 15. febr. 1937. (Db. 53).
5. Sami alþm. sendir Alþingi till. Barðstrendinga um breyt. á símamálum hreppsins, og eru till. undirritaðar af 48 alþingiskjósendum. Bréf 27. febr. 1937. (Db. 159).
6. Sigurður Kristjánsson, fyrrv. kaupfélagsstjóri, fer þess á leit, að Alþingi hlutist til um, að símalína verði lögð milli Geysis og Gullfoss. Bréf 26. febr. 1937. (Db. 174).
7. Almennur sveitarfundur, haldinn á Þingeyri 20. marz, skorar á Alþingi að afnema tillög hreppssjóða til starfrækslu landssímans. Bréf 1. apríl 1937. (Db. 413).

Sbr. einnig Sólheimar.

Símastauraflutningar, sbr. Skaðabætur 4.

Símon Ágústsson, dr., sjá Ritstyrkur 12.

Sjávarútvegsmál, sbr. Þorskveiðastyrkur.

Sjómannafélag Patreksfjarðar, sjá: Landsbanki, Skiptameðferð á 3, Vinnulöggjöf 2.

Sjómannafélag Reykjavíkur, sjá Atvinna við 1.

Sjómannafélag Súðavíkurhrepps, sjá Atvinnubótafé 1.

Sjómannaheimili.

1. Ráðunauturinn í áfengismálum sendir Alþingi erindi stúkunnar Framsóknar á Siglufirði, dags. 5. apríl 1937, þar sem hún fer þess á leit við Alþingi, að það láti gera kostnaðaráætlun að byggingu sjómannaheimilis þar og veiti fé að ⅘ hlutum til að koma upp slíkri byggingu, og starfræki síðan í samráði við stúkuna. Bréf 10. apríl 1937. (Db. 444).
2. Páll Þorbjörnsson, alþm., fer þess á leit, að sjómannafélaginu Jötni í Vestmannaeyjum verði veittur 2000 kr. styrkur til að starfrækja upplýsingar- og lesstofu fyrir sjómenn. Bréf 19. febr. 1937. (Db. 91).

Sjóveita, sjá Vatnsveitur 3.

Sjúkrahús.

1. Landlæknir sendir fjvn. bréf yfirlæknis röntgendeildar landsspítalans, dags. 25. nóv. 1936, um nýtt röntgenáhald, svonefndan tomograf, er hann telur nauðsyn á, að keypt verði. Bréf 13. febr. 1937. (Db. 63).
2. Stjórn sjúkrahússins í Húsavík fer þess á leit, að Alþingi veiti því 4000 kr. styrk til kaupa á tækjum til gegnlýsinga og ljóslækninga, eða þriðjung kostnaðarverðs. Bréf 1. febr. 1937. (Db. 180).
3. Landlæknir skrifar fjvn., að hann telji sjálfsagt, að ríkið styrki væntanlega sjúkrahúsbyggingu á Sauðárkróki með venjulegum hætti, þ. e. allt að ⅓ eðlilegs byggingarkostnaðar, og mælir með því, að fjárveiting í þessu skyni verði tekin upp í næstu fjárlög. 2 fskj. Bréf 9. apríl 1937. (Db. 443).
4. Stjórnarnefnd Akureyrarspítala fer þess á leit, að ríkissjóður greiði ⅓ stofnkostnaðar nýrrar spítalabyggingar, og verði ríkissjóðstillagið helzt greitt að fullu á árinu 1938. Bréf 31. marz 1937. (Db. 458).

Sbr. einnig Sóttvarnarhúsið í.

Sjúkrastyrkur og styrktarstarfsemi.

1. Árni Friðriksson sækir um styrk til að fá sér gervifót. 2 fskj. Bréf 22. marz 1937. (Db. 318).

2. Gísli B. Kristjánsson, stud. agric., sækir um 1500 kr. styrk til greiðslu á eftirstöðvum af skuldum vegna 4 ára sjúkrahúsvistar. 4 fskj. Bréf 15. marz 1937. (Db. 326).
3. Dóms- og kirkjumálaráðuneytið sendir fjvn. erindi Jóns Ófeigssonar, yfirkennara, dags. 5. apríl 1937, þar sem hann fer þess á leit, að sér verði veittur 3500 kr. styrkur til að leita sér lækningar erlendis. 2 fskj. Bréf 12. apríl 1937. (Db. 460).
4. Ólafur Thors, alþm., fer þess á leit f. h. hreppsnefndar Keflavíkurhrepps, að veittar verði 5000 kr. úr ríkissjóði upp í eftirstöðvar af legukostnaði þeirra, er hlutu brunasár, er samkomuhús í Keflavík brann í árslok 1935. Bréf 30. marz 1937. (Db. 418).
5. Jón S. Pétursson fer þess á leit, að Alþingi veiti dóttur hans, Ólöfu, sjúkrastyrk vegna lömunar, er hún fékk veturinn 1925, ekki lægri en 2000—2500 kr. Bréf 15. marz 1937. (Db. 322).
6. Páll Þorbjörnsson, alþm., fer þess á leit, að Alþingi veiti Stefáni Ingvarssyni í Vestmannaeyjum 1500 kr. til kaupa á vagni handa farlama syni hans. Bréf 19. febr. 1937. (Db. 104).
7. Ólafur Jónsson frá Elliðaey sækir um 3000 kr. veikindastyrk til handa konu sinni, Theodóru Daðadóttur. Bréf 23. febr. 1937. (Db. 151).
8. Elías Kristjánsson, símaeftirlitsmaður, fer þess á leit f. h. Vilhjálms Kristjánssonar, að Alþingi veiti honum 800 kr. styrk til að leita sér lækningar erlendis. Bréf 15. apríl 1937. (Db. 470).

Skaðabætur.

1. Atv.- og samgmrn. sendir fjvn. bréf sýslumannsins í Ísafjarðarsýslu, dags. 25. sept. 1936, ásamt erindi oddvita Sléttuhrepps, dags. 20. sept. 1936, varðandi bætur fyrir ofviðristjón, er ýmsir bændur þar í hreppi urðu fyrir 16. sept. Bréf 18. des. 1936. (Db. 8).
2. Sigurður Einarsson, alþm., sendir Alþingi matsgerð yfir tjón það, er varð í Suðurfjarðahreppi í Barðastrandarsýslu af völdum ofviðris 16. sept. 1936. 30 fskj. Bréf 16. apríl 1937. (Db. 471).
3. Átta bændur í Flateyjarhreppi fara þess á leit, að Alþingi veiti þeim nokkurn styrk vegna tjóns af ofviðri 19. nóv. 1936. 1 fskj. Bréf 12. des. 1936. (Db. 39).
4. Guðmundur Hávarðsson endurnýjar umsókn sína frá þinginu 1907, um að Alþingi veiti honum 2500 kr. bætur vegna taps á símastauraflutningum í Borgarfjarðarsýslu árið 1906. 2 fskj. Bréf 18. febr. 1937. (Db. 87).
5. Runólfur E. Sverrisen sækir um 10 þús. kr. skaðabætur. 4 fskj. Bréf 20. marz 1937. (Db. 323).

Skaftfellingur, v/b, sbr. Dráttarbátur.
Skagaströnd, sjá Hafnir og 17.
Skagaströnd, hafnarnefnd, sjá Hafnir og 17.
Skagfield, sjá Sigurður.
Skallagrímur, h/f., sjá Strandferðir 1.
Skálmarnesmúli—Vattarnes, ný símalína, sjá Símamál 2.
Skarðshreppur, 10 bændur í, sjá Flæðihætta.
Skarphéðinn, héraðssambandið, sjá: Skemmtanaskattur 2, Sundlaugar og 5.

Skemmtanaskattur.

1. Bæjarstjórinn í Vestmannaeyjum sendir Alþingi ályktun bæjarstjórnarinnar þar, samþ. á fundi 11. marz 1937, um að skora á Alþingi að hlutast til um, að allur skemmtanaskatturinn renni í bæjarsjóð. Bréf 12. marz 1937. (Db. 267).
2. Stjón héraðssambandsins Skarphéðins tilkynnir Alþingi, að héraðsþing sambandsins 1937 hafi samþykkt ályktun um að skora á Alþingi að breyta

lögum um skemmtanaskatt í það horf, að samkomur félaga innan U. M. F. Í. séu undanþegnar skattinum. Bréf 14. marz 1937. (Db. 402).

3. Hreppsnefnd Borgarhrepps skorar á Alþingi að breyta ekki núgildandi lögum um skemmtanaskatt. Bréf 2. apríl 1937. (Db. 393).

Skinn og skinnlíki, sbr. Tollamál 5.

Skip, sbr. Skipaeftirlit, Skráning skipa, Viðgerðir íslenzkra.

Skipaeftirlit. Umsögn skipaskoðunarstjóra um frv. til l. um breyt. á l. nr. 93 3. maí 1935, um eftirlit með skipum. Bréf 27. marz 1937. (Db. 358).

Skipaheiti, sjá Skráning skipa.

Skiptameðferð á búi h/f Kveldúlfs í Reykjavík.

1. Almennur fundur útvarpsnotenda í Neskaupstað skorar á forseta að hlutast til um, að umræður um skiptameðferð á búi Kveldúlfs hefjist kl. 1 miðdegis 24. marz, en ekki kl. 4 síðdegis. Símskeyti 23. marz 1937. (Db. 335).
2. 97 íbúar í Sléttuhreppi í Norður-Ísafjarðarsýslu mótmæla frv. til laga um skiptameðferð á búi h/f Kveldúlfs í Reykjavík. Bréf 22. marz 1937. (Db. 392).
3. Sigurður Einarsson, alþm., sendir Alþingi ályktanir verkalýðs- og sjómannafélagsins á Patreksfirði, svo og verkalýðsfélagsins Varnar á Bíldudal, þar sem félögin lýsa sig fylgjandi sama frv. Bréf 6. apríl 1937. (Db. 415).

Skógarstrandarvegur, sjá Vegamál 11.

Skógarströnd, sbr. Vegamál 12.

Skógrækt.

1. Bréf skógræktarstjóra, dags. 12. nóv. 1936, er í felst fjárhagsáætlun skógræktarinnar árið 1938. (Db. 69, LIII).
2. Skógræktarfélag Eyfirðinga fer þess á leit, að Alþingi veiti því 3000 kr. styrk. Bréf 6. febr. 1937. (Db. 61).

Skógræktarfélag Eyfirðinga, sjá Skógrækt 2.

Skólaferðir barna, sjá Samband íslenzkra.

Skólar, sjá: Bændaskólar, Fræðslumál, Héraðsskólar, Húsmæðrafræðsla, Kvennaskólinn í Reykjavík, Menntaskólinn á Akureyri.

Skósmíði. Ingibergur Jónsson, skósmiður, fer þess á leit, að Alþingi veiti honum 4000 kr. styrk til þess að smíða skó handa fólki, sem hefir bæklaða fætur. 1 fskj. Bréf 16. febr. 1937. (Db. 84).

Skráning skipa. Eimskipafélag Íslands fer þess á leit við sjútvn. Nd., að n. flytji frv. til l. um breyt. á l. nr. 37 19. maí 1930, um skráning skipa, er miði að því að tryggja skipaeigendum, að aðrir geti ekki tekið upp skipanöfn, sem þeir hafa áður helgað sér. Bréf 8. marz 1937. (Db. 243).

Skreiðarmat. Atv.- og samgmrn. fer þess á leit við fjvn., að hún taki upp í till. sínar fjárveitingu til launagreiðslu handa skreiðarmatsstjóra. 1 fskj. Bréf 28. jan. 1937. (Db. 28).

Skrifstofufé, sjá Skrifstofukostnaður.

Skrifstofukostnaður embættismanna.

1. Guðbrandur Ísberg, alþm., fer þess á leit, að Alþingi veiti Steingrími Jónssyni, fyrrv. bæjarfógeta, 10 þús. kr. uppbót á skrifstofufé það, sem honum var greitt, meðan hann var bæjarfógeti á Akureyri. 2 fskj. Bréf 10. marz 1937. (Db. 270).
2. Sami alþm. sendir fjvn. afrit af bréfi, dags. 14. marz 1937, er hann skrifaði dómsmálaráðuneytinu, varðandi úthlutun skrifstofufjár bæjarfógeta og sýslumanna. 1 fskj. Bréf 5. marz 1937. (Db. 391).
3. Dóms- og kirkjumálaráðuneytið sendir fjvn. skýrslu frá ríkisbókhaldinu um skrifstofukostnað greiddan bæjarfógetum og sýslumönnum landsins árið 1936. Bréf 22. marz 1937. (Db. 331).
4. Þórhallur Sæmundsson, lögreglustjóri á Akranesi, ítrekar beiðni sína til

síðasta þings, um að honum verði veitt hækkun á skrifstofukostnaði eða launum að verulegu leyti. 2 fskj. Bréf 18. marz 1937. (Db. 308).

Skriftarkennsla. Guðbrandur Magnússon, kennari, sækir um 1200 kr. styrk til þess að kynna sér skrift og skriftarkennslu erlendis. 1 fskj. Bréf 22. febr. 1937. (Db. 133).

Skuldaskilasjóður vélbátaeigenda.

1. Atv.- og samgmrn. beiðist þess, að sjútvn. Ed. geri ákveðna brtt. við frv. til l. um breyt. á l. nr. 99 3. maí 1935, um skuldaskilasjóð vélbátaeigenda. Bréf 19. febr. 1937. (Db. 145).
2. Landssamband iðnaðarmanna sendir iðnn. Nd. erindi iðnaðarmannafélagsins á Ísafirði, dags. 14. febr. 1937, viðvíkjandi misrétti því, sem iðnaðarmenn hafi orðið fyrir vegna skuldaskilasjóðs vélbátaeigenda. 1 fskj. Bréf 5. marz 1937. (Db. 237).

Skúli Guðmundsson frá Hvammstanga, sjá Vegamál 26.

Sláturfélag Suðurlands, sbr. Dráttarbátur.

Sléttuhreppur, 97 bændur í, sjá Skiptameðferð á 2.

Sléttuhreppur, oddviti, sjá: Læknisbústaðir, Skaðabætur 1.

Slysavarnafélag Íslands fer þess á leit, að styrkur félagsins verði hækkaður upp í 10 þús. kr. Bréf 5. apríl 1937. (Db. 400). — Sjá ennfremur Bygging björgunarskips.

Smith, F. L., & Co., A/S, Köbenhavn, sjá Sementsgerð.

Soffía Guðlaugsdóttir, sjá Leiklist 5.

Sólheimar. Sesselja H. Sigmundsdóttir sækir um 6000 kr. lokastyrk til byggingar fávitahælisins á Sólheimum í Grímsnesi, og fer þess ennfremur á leit, að Alþingi veiti fé til símalínu þangað. Bréf 19. marz 1937. (Db. 310).

Sóttvarnarhúsið í Reykjavík. Bréf stjórnarnefndar ríkisspítalanna, dags. 19. des. 1936, um erindi héraðslæknisins í Reykjavík, dags. 27. nóv. s. á., þar sem hann fer fram á 10 þús. kr. styrkveitingu til viðhalds og aðgerða sóttvarnarhússins. 2 fskj. (Db. 70, VIII).

Spákonufellsey, sjá Hafnir og 17.

Spítalar, sbr. Sjúkrahús.

Sporthúfugerðin, sjá Tollamál 1.

Spænska borgarastyrjöldin. Útbreiðslumálaráðun. í Katalóníu sendir forseta Sþ. myndir úr spænsku borgarastyrjöldinni. Bréf ódags. (Db. 227).

Staðará, sjá Brúargerðir 5.

Staðarfellsskóli, sjá Húsmæðrafræðsla 2.

Stefán Ingvarsson, sjá Sjúkrastyrkur og 6.

Steinanes—Dufansdalur, ný símalína, sjá Símamál 1.

Steinar Ólafsson, sjá Verkfræðingar, húsameistarar 2.

Steingrímsfjarðarheiðarvegur, sjá Vegamál 25.

Steingrímur Jónsson, fyrrum bæjarfógeti, sjá Skrifstofukostnaður 1.

Steinsmýri, sjá Sandgræðsla 2.

Stíflun Hólmsár. Þorbergur Þorleifsson, alþm., fer þess á leit, að Alþingi veiti nægilegt fé til að stífla Hólmsá í Mýrahreppi. 1 fskj. Bréf 6. marz 1937. (Db. 239).

Stokkseyrarbryggja, sjá Hafnir og 19.

Stokkseyrartorfan. Atv.- og samgmrn. tilkynnir fjvn., að Búnaðarfélag Íslands hafi með bréfi, dags. 1. apríl 1937, tjáð rn., að nauðsynlegt sé, að ríkið eignist allar jarðir Stokkseyrartorfunnar. Bréf 25. febr. 1937. (Db. 147). — Sjá ennfr. Afgjöld af 2.

Stóri-Laugardalur—Sveinseyri, ný símalína, sjá Símamál 2.

Stórhöfðaviti, sjá Vitamál 1.

Stórstúka Íslands sækir um 30 þús. kr. styrk. Bréf 31. des. 1936. 1 fskj. (Db. 70, VII).

Stórþingið norska, sjá Friðarverðlaun.
Strandferðir.
1. H/f Skallagrímur sækir um 20 þús. kr. styrk til að halda uppi samgöngum sjóleiðis milli Borgarness, Akraness og Reykjavíkur. Bréf 4. marz 1937. (Db. 231).
2. Bergur Jónsson, alþm., sendir Alþingi bréf framkvæmdarstjóra h/f Breiðafjarðarbátsins Norðra, dags. 20. jan. 1937, þar sem hann fer fram á, að ferðastyrkur félagsins 1938 verði eigi lægri en 8000 kr.; jafnframt ber þm. fram þá ósk, að vélakaupastyrkur félagsins 1938 verði 3000 kr. Bréf 27. febr. 1937. (Db. 168).
3. Guðmundur Jónsson frá Narfeyri fer þess á leit, að Alþingi veiti vélbátnum Baldri 4000 kr. styrk til flótabátsferða um Breiðafjörð. Bréf 15. febr. 1937. (Db. 191).
4. Þorsteinn Þorsteinsson, alþm., sendir Alþingi erindi frá Kjartani Eggertssyni í Langey, dags. 3. marz 1937, þar sem hann æskir, að sér verði veittur allt að 1000 kr. aukastyrkur upp í andvirði Langeyjarnesbátsins, er hann varð að kaupa á síðastliðnu ári. Bréf 18. marz 1937. (Db. 285).
5. Jón Auðunn Jónsson, alþm., fer þess á leit, að Alþingi veiti 15 þús. kr. til kaupa á nýjum bát til mann- og póstflutninga um Ísafjarðarsýslur, svo og 30 þús. kr. ríkisábyrgð vegna sömu kaupa. Bréf 10. marz 1937. (Db. 262).
6. Útgerðarfélag póstbátsins á Akureyri sækir um 20 þús. kr. styrk til þess að halda uppi flóabátsferðum við Norðurland árið 1938. 2 fskj. Bréf 13. marz 1937. (Db. 288).
7. Þórhallur Kristjánsson sækir um 4000 kr. styrk hvort árið 1937 og 1938 til að halda uppi vélbátaferðum um Eyjafjörð með viðkomu á öllum höfnum þar og til Siglufjarðar. Bréf 23. febr. 1937. (Db. 329).
8. Þórarinn Gr. Víkingur fer þess á leit, f. h. hlutaðeigandi Austfirðinga, að Alþingi veiti 3000 kr. til styrktar vikulegum bátaferðum milli Fáskrúðsfjarðar og Reyðarfjarðar. Bréf 22. febr. 1937. (Db. 127).

Sbr. einnig Vegamál 16.
Strigaverksmiðja, sjá Ríkisábyrgðir 3—4.
Stúdentaráðið, sjá Námsstyrkur 4.
Stúdentastyrkur, sjá Námsstyrkur 3—4.
Stykkishólmshreppur, hreppsnefnd, sjá: Hafnir og 20, Vegamál 9—10.
Stykkishólmsvegur, sjá Vegamál 10.
Stykkishólmur, sjá Hafnir og 20.
Styrktarsjóður barnakennara, sjá Lífeyrissjóður barnakennara 2.
Styrktarsjóður verklýðsfélagsins Víkings. Verklýðsfélagið Víkingur í Vík í Mýrdal fer þess á leit, að Alþingi veiti 300 kr. styrk til styrktarsjóðs félagsins. Bréf 1. apríl 1937. (Db. 455).
Stöðvarfjörður, smábátaútvegsmenn í, sjá Dragnótaveiðar 1.
Suðureyri, almennur hreppsfundur á, sjá Hafnir og 21.
Suðurfjarðahreppur, sbr. Ríkisábyrgðir 5, Rækjuniðursuðuverksmiðja 1—2, Skaðabætur 2, Vegamál 21.
Suðurfjarðahreppur, 133 kjósendur í, sjá Vegamál 21.
Suður-Múlasýsla, sýslunefnd, sjá Ríkisábyrgðir 4.
Suður-Þingeyjarprófastsdæmi, héraðsfundur, sjá Kirkjumálefni 6.
Suður-Þingeyjarsýsla, sjá Rafveitur 2.
Sumargjöf, barnavinafélagið, sjá Barnaheimili 2.
Sumarheimili, sbr. Barnaheimili.
Sundlaugar og sundskýli.
1. Bergur Jónsson, alþm., sendir Alþingi erindi sundlaugarnefndar ungmennafélagsins Arnar, dags. 22. jan. 1937, þar sem félagið óskar eftir 4000 kr. styrk úr ríkissjóði til fullkomnunar sundlaugarinnar í Reykjarfirði í

Suðurfjörðum. Jafnframt mælir þm. með því, að haldið verði áfram að styrkja sundskálann á Sveinseyri í Tálknafirði með fjárstyrk, er nemi minnst 1000 kr. Bréf 24. febr. 1937. (Db. 135).

2. Íþróttasamband Íslands sendir fjvn. erindi ungmennafélags Bolungavíkur, dags. 14. marz 1937, þar sem félagið fer fram á 2000 kr. styrk til sundlaugarbyggingar. Bréf 31. marz 1937. (Db. 408).
3. Íþróttasamband Íslands sækir um 1500 kr. styrk f. h. Íþróttafélags Eyfellinga til að endurbyggja sundlaug hjá Seljavöllum undir Eyjafjöllum. Bréf 31. marz 1937. (Db. 407).
4. Ungmennafélag Hrunamanna sækir um styrk til sundlaugargerðar, allt að helmingi kostnaðar. Bréf 30. marz 1937. (Db. 417).
5. Stjórn héraðssambandsins Skarphéðins tilkynnir Alþingi, að héraðsþing sambandsins 1937 hafi samþ. ályktun um að skora á Alþingi að miða ríkisstyrk til nýrra sundlaugabygginga við helming kostnaðar. Bréf 14. marz 1937. (Db. 403).
6. Sigurður Einarsson, alþm., fer þess á leit, að Alþingi veiti 1000 kr. rekstrarstyrk til sundskólans á Sveinseyri í Tálknafirði. Bréf 15. febr. 1937. (Db. 54).

Súðavíkurhreppur, hreppsnefnd, sjá Atvinnubótafé 1.
Súgandafjörður, sjá Hafnir og 21.
Svanur, smjörlíkisgerðin, h/f, sjá Tollamál 3.
Svavar Erlendsson, sjá Námsstyrkur 2.
Sveinafélag múrara í Reykjavík, sjá Tryggingarmál 2.
Sveinbjörn Jónsson, sjá: Fóðurmjöl, Vikurnám 1—3.
Sveinn Árnason,fiskimatsstjóri, sjá Fiskimat 1—2.
Sveinn Eiríksson, kennari, sjá Eftirlaun og 36.
Sveinn Þórarinsson, málari, sjá Myndlist 4.
Sveinseyrarlaug, sjá Sundlaugar og 1.
Sveinseyrarsundskóli, sjá Sundlaugar og 6.
Sveinseyri—Bakki, ný símalína, sjá Símamál 2, 4.
Sveinseyri—Stóri-Laugardalur, ný símalína, sjá Símamál 2.
Svelgsá, sjá Brúargerðir 6.

Sæluhús. Ferðafélag Íslands sækir um 1500 kr. styrk til þess að koma upp sæluhúsi í Kerlingarfjöllum. Bréf 4. marz 1937. (Db. 220).

Sönglist.

1. Eggert Stefánsson, söngvari, sækir um 3500 kr. styrk. Bréf 22. marz 1937. (Db. 359).
2. Einar Markan, söngvari, sækir um 3000 kr. utanfararstyrk til þess að kynna íslenzka tónlist. Bréf 17. febr. 1937. (Db. 89).
3. Pétur Á. Jónsson, óperusöngvari, fer þess á leit, að styrkur sá, sem hann hefir notið undanfarin ár, að fjárhæð 1200 kr., verði tekinn upp í 18. gr. fjárlaga, til vara, að hann megi standa næsta ár. Bréf 19. febr. 1937. (Db. 111).
4. Sigurður Kristjánsson, alþm., fer þess á leit, að Alþingi veiti Sigurði Skagfield óperusöngvara 2000 kr. styrk. Bréf 6. marz 1937. (Db. 229).
5. Samband íslenzkra karlakóra fer þess á leit, að styrkur þess verði hækkaður upp í 8000 kr. Bréf 1. marz 1937. (Db. 189).

Talmyndatæki, sjá Bókasöfn og 1.

Talstöðvar í íslenzkum skipum.

1. Útvarpsstjóri gerir þá tillögu til sjútvn. Nd., að felld verði niður 5. gr. frv. til l. um talstöðvar í íslenzkum skipum. Bréf 23. febr. 1937. (Db. 112).
2. Póst- og símamálastjóri skrifar sjútvn. Nd. aths. sínar út af frv. til l. um

talstöðvar í íslenzkum skipum og sendir n. jafnframt uppkast að heimildarlögum þessa efnis. Bréf 26. febr. 1937. (Db. 158).
3. Jóhann Þ. Jósefsson, alþm., sendir Alþingi ályktun slysavarnardeildarinnar Eykyndils í Vestmannaeyjum, samþ. á fundi 29. jan. 1937, þar sem skorað er á þing og stjórn að styrkja vélbátaeigendur í Vestmannaeyjum til þess að kaupa talstöðvar í báta sína. Bréf 20. marz 1937. (Db. 320).

Tálknafjarðarhreppur, 15 kjósendur í, sjá Frystihús 3.

Tekjustofnar handa sveitar- og bæjarfélögum.
1. Bæjarstjórn Akureyrar skorar á Alþingi að setja l., er veiti bæjarfélögum verulega tekjuauka þegar á þessu ári. Símsk. 7. apríl 1937. (Db. 424).
2. Bæjarstjórinn í Hafnarfirði tilkynnir Alþingi, að bæjarstjórnin þar hafi samþ. á fundi 3. apríl 1937 að skora á Alþingi að setja nú þegar lög um tekjuauka fyrir kaupstaðina. Bréf 5. apríl 1937. (Db. 411).
3. Bernharð Stefánsson, alþm., sendir Alþingi símskeyti frá bæjarstjórn Siglufjarðar, dags. 2. apríl 1937, þar sem bæjarstjórnin skorar á Alþingi að setja lög um nýja tekjustofna handa bæjar- og sveitarfélögum. Bréf 2. apríl 1937. (Db. 381).
4. Bæjarstjórn Vestmannaeyja skorar á Alþingi að setja löggjöf um tryggar tekjur fyrir bæjarfélögin og láta þeim eftir nokkra tekjustofna, sem nú renna í ríkissjóð. Bréf 3. apríl 1937. (Db. 386).

Theodór Jónsson, sjá Fóðurmjöl.

Theodóra Daðadóttir, sjá Sjúkrastyrkur og 7.

Thor Thors, alþm., sjá: Brúargerðir 6, Eftirlaun og 23, Hafnir og 6, 13, 20, Vegamál 8—11.

Thorlacius, sjá Helga.

Thors, sjá: Ólafur, Thor.

Tillögur um fjárveitingar í 3., 9.—17. og 20. gr. fjárlaga til ríkisfyrirtækja, ríkisstofnana, dómgæzlu, lögreglustjórnar, heilbrigðismála, samgöngumála, kirkju- og kennslumála, opinberra safna o. fl. frá forstöðumönnum þeirra (Db. 69—70).

Tjarnarsókn, sóknarnefnd, sjá Kirkjumálefni 2.

Togaraútgerð, sjá Útgerð ríkis og.

Tollamál.
1. Áslaug Gunnarsdóttir fer þess á leit fyrir hönd sporthúfugerðarinnar, að iðnn. Nd. hlutist til um, að henni verði veitt endurgreiðsla á tolli af efnivörum til húfugerðar. Bréf 22. marz 1937. (Db. 332).
2. Veiðarfæragerð Íslands fer þess á leit við iðnn. Nd., að n. hlutist til um, að l. um tollundanþágu fyrir tunnuefni og hamp verði framlengd um óákveðinn tíma. Bréf 6. apríl 1937. (Db. 410).
3. H/f Lakkrísgerðin og h/f Svanur fara þess á leit við iðnn. Nd., að nefndin hlutist til um, að ákvæði frv. til l. um breyt. á l. nr. 50 frá 1927 og l. nr. 70 frá 1934, um gjald af innlendum tollvörutegundum, þar sem fyrir er mælt um toll af lakkrís og lakkrísvörum, verði fellt niður. Bréf ódags. (Db. 421).
4. Kassagerð Reykjavíkur fer þess á leit við iðnn. Nd., að n. hlutist til um, að lagður verði 15% verðtollur á unna og hálfunna kassa og efni, sem unnið er í erlendum verksmiðjum til notkunar í kassa hér. Bréf 5. marz 1937. (Db. 217).
5. Fjmrn. sendir iðnn. Nd. bréf sambands ísl. samvinnufélaga, dags. 25. jan. 1937, viðvíkjandi verðtolli af ullarvarningi, sútuðum skinnum, leðri og skinnlíki. Bréf 27. febr. 1937. (Db. 155).

Tomograf, sjá Sjúkrahús 1.

Tónlist.
1. Guðmundur Matthíasson frá Grímsey sækir um 2000 kr. styrk til að ljúka háskólaprófi í tónvísindum erlendis. Bréf 5. marz 1937. (Db. 268).

2. Rögnvaldur Kr. Sigurjónsson sækir um 2000 kr. styrk til framhaldsnáms í pianóleik. 4 fskj. Bréf 19. marz 1937. (Db. 305).

Trausti, ungmennafélagið, sjá Heimavistarbygging.
Trostansfjarðarskarð, sbr. Vegamál 21.
Tryggingarmál.

1. Nefnd kosin á opinberum fundi í Reykjavík, sem haldinn var að tilhlutun Kommúnistaflokks Íslands 6. des. 1936, til þess að ræða um alþýðutryggingarnar, sendir Alþingi áskoranir um breyt. á þessari löggjöf, undirritaðar af 5221 bæjarbúa. Bréf 16. marz 1937. (Db. 281).
2. Sveinafélag múrara í Reykjavík sendir Alþingi brtt. við l. um alþýðutryggingar og skorar á Alþingi að taka lögin til rækilegrar endurskoðunar. Bréf 23. marz 1937. (Db. 377).
3. Sýslunefnd Rangárvallasýslu skorar á Alþingi að láta sveitarfélögin fá árlega útborgaða fulla vexti af ellistyrktarsjóðum sínum. Símsk. 8. apríl 1937. (Db. 431).
4. Félag starfsmanna Landsbanka Íslands fer þess á leit við allshn. Nd., að n. hlutist til um, að gerðar verði þær breytingar á l. um alþýðutryggingar, að starfsmenn Landsbankans verði undanþegnir iðgjaldagreiðslu til lífeyrissjóðs Íslands. 1 fskj. Bréf 12. apríl 1937. (Db. 466).

Sbr. einnig Atvinnuleysistryggingar.
Tunga—Hænuvík, ný símalína, sjá Símamál 2.
Tunnuefni, sbr. Tollamál 2.
Tunnuverksmiðja í Reykjavík. Sigurbjörn Maríusson fer þess á leit, að Alþingi veiti honum ríkisábyrgð á 55000 kr. til rekstrar væntanlegri tunnuverksmiðju, er hann hyggst að koma upp hér í Reykjavík, til vara 6000 kr. óafturkræfan styrk. 3 fskj. Bréf 21. febr. 1937. (Db. 125).

Ullarmatsmenn í Reykjavík, sjá Launamál 1.
Ullarvarningur, sbr. Tollamál 5.
Umdæmisstúkan nr. 5, sjá Áfengis- og 2.
Ungmennafélag Bolungavíkur, sjá Sundlaugar og 2.
Ungmennafélag Hrunamanna, sjá Sundlaugar og 4.
Ungmennafélag Íslands sækir um 2000 kr. styrk til þess að launa æskulýðsráðunaut, er fari um og leiðbeini um framkvæmdir í ræktun og búnaði. Bréf 1. marz 1937. (Db. 212).
Ungmennasamband Norður-Breiðfirðinga, sjá Héraðsskólar 1.
Uppeldisfræði, sbr. Ritstyrkur 10.
Uppeldisheimili, sbr. Barnaheimili.
Uppeldismálaþing í Reykjavík, sjá Samband íslenzkra.
Utanfararstyrkur.

1. Bjarni Jósefsson, efnafræðingur, sækir um 3000 kr. utanfararstyrk til þess að afla sér frekari þekkingar í fræðigrein sinni. Bréf 11. marz 1937. (Db. 250).
2. Sr. Einar Sturlaugsson sækir um 2000 kr. utanfararstyrk til þess að kynna sér prestleg og kirkjuleg störf, einkum allt það, er lýtur að sálgæzlu og sálarfræði barna. Bréf 1. marz 1937. (Db. 206).
3. Sr. Jón Þorvaldsson sækir um 1200 kr. utanfararstyrk. 1 fskj. Bréf 18. febr. 1937. (Db. 149).
4. Finnur Jónsson, alþm., sendir fjvn. erindi séra Sigurgeirs Sigurðssonar prófasts á Ísafirði, dags. 10. febr., þar sem hann sækir um 2000 kr. utanfararstyrk til þess að kynna sér kirkjulega starfsemi í Englandi og Norðurlöndum. Bréf 31. marz 1937. (Db. 365).
5. Stjórn Prestafélags Íslands mælir með því, að prestunum Sigurgeiri Sig-

urðssyni, Einari Sturlaugssyni og Jóni Þorvaldssyni verði veittur utanfararstyrkur. Bréf 6. apríl 1937. (Db. 422).

6. Sigurður Sigurðsson, fyrrv. búnaðarmálastjóri, sækir um 2500 kr. styrk til þess að fara til Rússlands og kynna sér þar starfsemi samvinnubúa, árangur af rekstri þeirra o. fl., er að búnaði lýtur. Bréf 17. marz 1937. (Db. 289).

Sjá ennfr. Dýralækningar 1, 3—4. Myndlist 1—2, 4, Sönglist 2.

Útgerð ríkis og bæja. Atvinnuleysisnefnd verkamannafélagsins Dagsbrúnar sendir Alþingi till., sem samþ. voru á fundi n. 10. febr., um að skora á Alþingi að setja lög um togaraútgerð ríkis og bæja. Bréf 1. marz 1937. (Db. 181).

Útgerðarmannafélag Hríseyjar, sjá Beinamjöls- og 4.

Útgerðarsamvinnufélag Dalvíkur, sjá Ríkisábyrgðir 2.

Útgerðarsamvinnufélög. Umsögn hreppsn. Sauðaneshrepps um frv. til l. um útgerðarsamvinnufélög. Bréf 14. júlí 1936. (Db. 1).

Útnesvegur, sjá Vegamál 8.

Útrýming sels. Veiðifélag Vatnsdalsár sækir um 500 kr. styrk til að vinna að útrýmingu sels úr Húnaósi. 1 fskj. Bréf 3. marz 1937. (Db. 238).

Útvarp, sbr. Ríkisútvarpið.

Útvegsmál. Guðbrandur Ísberg, alþm., sendir Alþingi ályktun fulltrúafundar útvegsmanna á Norðurlandi, er haldinn var á Akureyri 26.—28. febr. Bréf 19. marz 1937. (Db. 306).

Vatnsnes—Látrabjarg, svæðið á milli, sjá Dragnótaveiðar 4.

Vatnafélag Rangæinga, sjá Vegamál 1.

Vatnsveitur.

1. Atv.- og samgmrn. sendir fjvn. erindi bæjarstjórans í Vestmannaeyjum, dags. 20. febr. 1937, þar sem farið er fram á 6000 kr. styrk, gegn þriðjungstillagi úr bæjarsjóði, til nýrra rannsókna til undirbúnings vatnsveitu í Vestmannaeyjum. Bréf 27. febr. 1937. (Db. 182).
2. Páll Þorbjörnsson, alþm., fer þess á leit, að Alþingi veiti 6000 kr., gegn helmings framlagi frá bæjarsjóði, til þess að greiða kostnað við tilraunir til öflunar drykkjarvatns í Vestmannaeyjum. Bréf ódags. (Db. 95).
3. Jóhann Þ. Jósefsson, alþm., fer þess á leit við fjvn., að n. taki upp í till. sínar 6000 kr. fjárveitingu til þess að gera tilraun til öflunar neyzluvatns í Vestmannaeyjum og til greiðslu kostnaðar við að gera uppdrætti og kostnaðaráætlun fyrir sjóveitu í kaupstaðnum, gegn þriðjungs tillagi úr bæjarsjóði. 2 fskj. Bréf 26. febr. 1937. (Db. 140).
4. Oddviti Neshrepps utan Ennis fer þess á leit, að Alþingi veiti 15000 kr. til vatnsveitu á Hellissandi. Bréf 5. marz 1937. (Db. 221).
5. Verkalýðsfélagið Afturelding á Hellissandi skorar á Alþingi að veita 15 þús. kr. til vatnsveitu þar. Bréf 24. marz 1937. (Db. 362).

Vattarnes—Skálmarnesmúli, ný símalína, sjá Símamál 2.

Vátryggingarfélög fyrir vélbáta.

1. Atv.- og samgmrn. sendir sjútvn. Nd. bréf stjórnar Samábyrgðar Íslands á fiskiskipum, dags. 18. febr., viðvíkjandi frv. til l. um vátryggingarfélög fyrir vélbáta. Bréf 20. febr. 1937. (Db. 108).
2. Póst- og símamálastjóri skrifar sjútvn. Nd. aths. sínar og till. viðvíkjandi sama frv. 1 fskj. Bréf 2. marz 1937. (Db. 185).
3. Umsögn stjórnar vélbátaábyrgðarfélags Ísfirðinga um sama frv. 1 fskj. Bréf 15. marz 1937. (Db. 293).
4. Jóhann Þ. Jósefsson, alþm., sendir Alþingi mótmæli 116 eigenda 79 vélbáta, tryggðra í bátaábyrgðarfélagi Vestmannaeyja, gegn því, að væntanleg l. um vátryggingarfélög fyrir vélbáta verði látin ná til Vestmannaeyja. Mótmælin eru samþykkt á almennum fundi í bátaábyrgðarfélagi Vestmannaeyja. 2 fskj. Bréf 20. marz 1937. (Db. 319).

Vegamál.

1. Atv.- og samgmrn. sendir fjvn. erindi stjórnar Vatnafélags Rangæinga, dags. 27. jan. 1937, þar sem farið er fram á, að lokið verði við að gera fyrirhleðslu fyrir Álana ofan við Stóra-Dímon og að veittar verði 3000 kr. til vegargerðar yfir Háamúla. Bréf 9. marz 1937. (Db. 256).
2. Bréf vegamálastjóra, dags. 18. sept. 1936, um erindi Magnúsar Oddssonar, dags. 20. júní s. á., þar sem hann fer fram á, að veitt verði fé úr ríkissjóði til framhalds endurlagningu svonefnds Háeyrarvegar. (Db. 70, I).
3. Sigurður Kristjánsson, fyrrv. kaupfélagsstjóri, fer þess á leit, að Alþingi veiti 10—20 þús. kr. til vegar frá Geysi til Gullfoss. Bréf 26. febr. 1937. (Db. 174).
4. Áskorun 26 bænda í Gnúpverjahreppi um að hraða lagningu vegar um hreppinn og að hann verði lagður inn sem næst miðri sveitinni að Ásólfsstöðum. Bréf 6. febr. 1937. (Db. 473).
5. Pétur Ottesen, alþm., sendir Alþingi erindi 20 bænda í Hvalfjarðarstrandarhreppi, dags. 3. marz, þar sem þeir fara þess á leit, að Alþingi veiti 20 þús. til nýbyggingar á þjóðveginum fyrir Hvalfjörð, svonefndum Hafnarfjallsvegi. Bréf 18. marz 1937. (Db. 302).
6. Oddviti Neshrepps utan Ennis fer þess á leit, að Alþingi veiti nægilegt fé til vegarlagningar milli Ólafsvíkur og Hellissands. Bréf 5. marz 1937. (Db. 221).
7. Verklýðsfélagið Afturelding á Hellissandi skorar á Alþingi að veita 10 þús. kr. til vegarins milli Hellissands og Ólafsvíkur. Bréf 24. marz 1937. (Db. 362).
8. Thor Thors, alþm., fer þess á leit f. h. hreppsnefndar Breiðavíkurhrepps, að fjvn. taki upp í till. sínar 20 þús. kr. fjárveitingu til Útnesvegar. Bréf 17. marz 1937. (Db. 275).
9. Sami þm. fer þess á leit f. h. hreppsnefndar Stykkishólmshrepps, að fjvn. taki upp í till. sínar 5000 kr. styrk til ræktunarvegar þar. Bréf 24. marz 1937. (Db. 338).
10. Sami þm. fer þess á leit við fjvn. fyrir hönd hreppsnefndar Helgafellssveitar og Stykkishólmshrepps, að n. taki upp í till. sínar hækkun á framlagi til Stykkishólmsvegar upp í 20 þús. kr. Bréf 24. marz 1937. (Db. 337).
11. Sami þm. fer þess á leit f. h. hreppsnefndar Helgafellssveitar, að fjvn. taki upp í till. sínar a. m. k. 5000 kr. fjárveitingu til lagningar Skógarstrandarvegar. Bréf 17. marz 1937. (Db. 276).
12. Óskar V. Danielsson, Vilhjálmur Ögmundsson og Jón B. Jónsson fara þess á leit fyrir hönd hreppsbúa í Skógarstrandarhreppi, að Alþingi veiti fé til áframhaldandi framkvæmda við vegalagningu umhverfis Álftafjörð og inn Skógarströnd. Bréf 1. marz 1937. (Db. 341).
13. Sigurður Einarsson, alþm., fer þess á leit, að Alþingi veiti 1000 kr. til ræktunarvegar í Flatey á Breiðafirði. 1 fskj. Bréf 15. febr. 1937. (Db. 56).
14. Sami þm. fer þess á leit, að Alþingi veiti 12000 kr. til lagningar vegarins af Geiradalsvegi um Reykhólasveit. Bréf 15. febr. 1937. (Db. 49).
15. Sami þm. sendir Alþingi till. Barðstrendinga um breyt. á vegamálum hreppsins, og eru till. undirritaðar af 48 alþingiskjósendum. Bréf 27. febr. 1937. (Db. 159).
16. Atv.- og samgmrn. sendir fjvn. áskorun til ríkisstjórnarinnar, samþykkta á opinberum fundi að Hrísnesi 10. jan. 1937, sem haldinn var að tilhlutun deildar úr Kommúnistaflokki Íslands, viðvíkjandi því, að veitt verði á næsta þingi nægileg fjárhæð til byrjunar bílvegarlagningar frá Patreksfirði inn á Barðaströnd, og að ráðstafanir verði gerðar til þess, að strandferðaskip ríkisins hafi viðkomu á Barðaströnd á hentugum tíma. Bréf 5. febr. 1937. (Db. 36).

17. Sigurður Einarsson, alþm., fer þess á leit, að Alþingi veiti ekki minna en 12000 kr. til lagningar þjóðvegarins af Barðaströnd í Patreksfjörð. Bréf 15. febr. 1937. (Db. 50).
18. Bergur Jónsson, alþm., sendir Alþingi erindi 105 kjósenda í Barðastrandarhreppi, um að skora á Alþingi að veita 15000 kr. til þjóðvegarins frá Patreksfirði til Barðastrandar. Bréf 9. marz 1937. (Db. 249).
19. Sami þm. sendir Alþingi erindi 48 kjósenda í Barðastrandarhreppi, dags. í jan. 1937, þar sem þeir fara þess á leit, að þjóðvegurinn frá Patreksfirði til Barðastrandar verði látinn liggja inn með firðinum og yfir Kleifaheiði að Haukabergi. Bréf 27. febr. 1937. (Db. 173).
20. Sigurður Einarsson, alþm., fer þess á leit, að Alþingi veiti ekki minna en 12000 kr. til lagningar vegarins milli Patreksfjarðar og Bíldudals. Bréf 15. febr. 1937. (Db. 51).
21. Bergur Jónsson, alþm., sendir Alþingi erindi 133 kjósenda úr Suðurfjarðahreppi, dags. 27. jan. 1937, um framlag af fjallvegafé til endurbóta á veginum um Trostansfjarðarskarð að Lækjarheiði. Bréf 22. febr. 1937. (Db. 131).
22. Sami þm. gerir rökstuddar tillögur um fjárframlög til vegamála í Barðastrandarsýslu. Bréf 25. febr. 1937. (Db. 157).
23. Ásgeir Ásgeirsson, alþm., sendir Alþingi erindi ferjufélagsins á Þingeyri, dags. 27. febr. 1937, þar sem það fer fram á 1000 kr. styrk til byggingar stórgripa- og bílferju yfir Dýrafjörð. Bréf 4. marz 1937. (Db. 199).
24. Jón Auðunn Jónsson, alþm., fer þess á leit, að Alþingi veiti 6000 kr. til þjóðvegarins frá Bolungavík að Ísafirði. Bréf 10. marz 1937. (Db. 262).
25. Sami þm. fer þess á leit við fjvn., að n. taki upp í till. sínar 30 þús. kr. fjárveitingu til Langadals- og Steingrímsfjarðarheiðarvegar, til vara 20 þús. kr. Bréf 30. marz 1937. (Db. 367).
26. Skúli Guðmundsson frá Hvammstanga fer þess á leit, að Alþingi veiti 4000 kr. til þjóðvegarins frá Króksstöðum að Litlatungu í Miðfirði og 3000 kr. til Vesturhópsvegar. Bréf 5. marz 1937. (Db. 236).
27. 17 bændur í Akrahreppi fara þess á leit, að Alþingi veiti 10000 kr. til vegalagningar í úthluta hreppsins. Bréf í jan. 1937. (Db. 98).
28. Sigfús Jónsson, alþm., sendir fjvn. erindi Gísla Magnússonar, bónda í Eyhildarholti, dags. 15. marz 1937, þar sem hann sækir um 500 kr. styrk til að gera nýja dragferju á Holtskvísl og 200 kr. árlegan styrk til ferjuhaldsins. Bréf 10. apríl 1937. (Db. 463).
29. Hreppsnefnd Ólafsfjarðarhrepps sækir um 5000 kr. styrk til þjóðvegarins í Ólafsfirði. Bréf 8. marz 1937. (Db. 280).
30. Gísli Guðmundsson, alþm., fer þess á leit við fjvn., að hún taki upp í tillögur sínar 15000 kr. fjárveitingu til þess að ryðja akfæran sumarveg yfir Öxnarfjarðarheiði, fyrri greiðsla af tveimur. Bréf 25. febr. 1937. (Db. 132).
31. Verkalýðsfélag Skeggjastaðahrepps fer þess á leit, að Alþingi veiti 10 þús. kr. til Bakkafjarðarvegar. Símskeyti 8. marz 1937. (Db. 232).
32. 155 alþingiskjósendur í Geithellnahreppi skora á þing og stjórn að veita fé í fjárlögum ársins 1938 til þess að gera bílveg af Djúpavogi til Álftafjarðar. Bréf 5. febr. 1937. (Db. 123).
33. Atv.- og samgmrn. sendir fjvn. bréf sýslumannsins í Skaftafellssýslu, dags. 20. des. 1936, ásamt umsagnarbréfi vegamálastjóra, dags. 25. jan. 1937, viðvíkjandi bílferju á Hornafirði milli Hafnarkauptúns og Melatanga. Bréf 4. febr. 1937. (Db. 34).
34. Gísli Sveinsson, alþm., fer þess á leit, að veittar verði í fjárlögum fyrir 1938 6000 kr. til Síðuvegar, 10000 kr. til Mýrdalsvegar og 3000 kr. til Meðallandsvegar. Bréf 18. febr. 1937. (Db. 97).

35. Páll Þorbjörnsson, alþm., fer þess á leit, að Alþingi veiti 12000 kr. til ræktunarvegar í Vestmannaeyjum. Bréf 19. febr. 1937. (Db. 92).
Vegavinna, sbr. Atvinnumál 5.
Veiðarfæragerð Íslands, sjá Tollamál 2.
Veiðifélag Vatnsdalsár, sjá Útrýming.
Verðhækkun dilkakjöts. Stjórn Búnaðarfélags Íslands sendir Alþingi till., samþ. á búnaðarþingi 1937, um hækkun verðs á dilkakjöti með hliðsjón af framleiðsluverði þess. Bréf 10. apríl 1937. (Db. 447).
Verðtollur, sbr. Tollamál.
Verkfræðingar, húsameistarar eða iðnfræðingar.
1. Arkitektafélag Íslands skrifar iðnn. Nd. aths. sínar og till. viðvíkjandi frv. til l. um rétt manna til að kalla sig verkfræðinga, húsameistara eða iðnfræðinga. Bréf 6. marz 1937. (Db. 230).
2. Sex verkfræðingar skrifa iðnn. Nd. álit sitt og till. út af sama frv. Bréf 8. marz 1937. (Db. 244).
3. Atv.- og samgmrn. sendir iðnn. Ed. erindi Axels Kristjánssonar og Jóns Magnússonar, dags. 31. marz 1937, þar sem þeir óska, að n. kynni sér ástæður fyrir því, að háskólalærðum verkfræðingum og húsameisturum er ekki veittur réttur til að kalla sig svo í Danmörku og Þýzkalandi. 1 fskj. Bréf 10. marz 1937. (Db. 452).
Verkakvennafélag Siglufjarðar, sjá Áfengis- og 2.
Verklegar framkvæmdir, sbr. Atvinnumál.
Verklýðsfélag Hríseyjar, sjá Beinamjöls- og 3.
Verkalýðsfélag Patreksfjarðar, sjá: Landsbanki, Skiptameðferð á 3, Vinnulöggjöf 2.
Verkalýðsfélag Skeggjastaðahrepps, sjá: Brúargerðir 5, Vegamál 31.
Verksmiðjufélag Hríseyjar, sjá Beinamjöls- og.
Verzlunarmannafélag Seyðisfjarðar, sjá Kjötsala.
Vestmannaeyjahöfn, sjá Hafnir og 22—24.
Vestmannaeyjar, sbr. Barnaheimili 1, Gamalmennahæli, Rafveitur 5, Rekstrarlán handa, Vatnsveitur 1—3, Vegamál 35, Vitamál 1.
Vestmannaeyjar, bæjarstjórn, sjá: Áfengistekjur, Berklakostnaður 1, Bæjargjöld í, Dýpkun á, Skemmtanaskattur 1, Tekjustofnar handa 4, Vatnsveitur 1.
Vesturhópsvegur, sjá Vegamál 26.
Vestur-Húnavatnssýsla, sbr. Þingmálafundargerðir.
Vestur-Húnavatnssýsla, sýslunefnd, sjá Sauðfjársjúkdómar 3.
Vestur-Ísafjarðarsýsla, sbr. Þingmálafundargerðir.
Vestur-Skaftafellssýsla, sbr. Þingmálafundargerðir.
Vélbátaábyrgðarfélag Ísfirðinga, sjá Vátryggingarfélög fyrir 3.
Vélskipakaup, sbr. Ríkisábyrgðir 2.
Viðgerðir íslenzkra skipa.
1. Fundur um atvinnuleysismálið og alþýðutryggingarnar, haldinn í Reykjavík 14. febr. 1937, skorar á Alþingi að samþ. frv. það, er lá fyrir þinginu 1936, um að tryggja að viðgerðir á íslenzkum skipum fari fram í landinu sjálfu. Bréf 15. febr. 1937. (Db. 110).
2. Atvinnuleysisnefnd verkamannafélagsins Dagsbrúnar sendir Alþingi till., sem samþ. voru á fundi n. 10. febr. 1937, um að skora á Alþingi að setja lög um, að viðgerðir á íslenzkum skipum fari fram í landinu sjálfu. Bréf 1. marz 1937. (Db. 181).
Viðgerðir á rafstöðvum bænda.
1. Atv.- og samgmrn. sendir fjvn. erindi forstöðumanns rafmagnseftirlits ríkisins, dags. 29. jan., þar sem hann fer fram á fjárframlag til ferða til viðgerða á rafstöðvum bænda. 3 fskj. Bréf 10. febr. 1937. (Db. 42).
2. Bréf eftirlitsmanns rafmagns, dags. 1. nóv. 1936, um fjárveitingu til eftirlitsferða og viðgerða á rafstöðvum bænda. (Db. 70, IV).

Vigfús Einarsson, skrifstofustjóri, sjá Eftirlaun og 5.
Vikurnám.
1. Jón Loftsson og Sveinbjörn Jónsson fara þess á leit, að Alþingi veiti þeim fjárhagslegan stuðning til þess að koma að fullu í framkvæmd fyrirætlunum um að gera vikurinn í námum þeirra við Snæfellsjökul að verzlunarvöru. 2 fskj. Bréf 1. marz 1937. (Db. 211).
2. Sömu menn fara þess á leit við iðnn. Nd., að hún mæli með fjárhagslegum stuðningi ríkissjóðs þeim til handa í ofangreindu augnamiði. 1 fskj. Bréf 13. marz 1937. (Db. 265).
3. Sömu menn fara þess á leit við iðnn. Nd., að n. flytji till. til þál. um að heimila ríkisstj. að ábyrgjast 30 þús. kr. lán þeim til handa til að starfrækja ofangreindar vikurnámur, svo og að veita þeim 20 þús. kr. styrk úr ríkissjóði til mannvirkja við Arnarstapahöfn. Bréf 2. apríl 1937. (Db. 385).
Vilmundur Jónsson, landlæknir, sjá Eftirlaun og 16—17.
Vilhjálmur Kristjánsson, sjá Sjúkrastyrkur og 8.
Vilhjálmur Ögmundsson, sjá Vegamál 12.
Vinnulöggjöf.
1. Fundur í verkamannafélaginu Hlíf í Hafnarfirði 4. marz mótmælir frv. til l. um vinnulöggjöf, svo og öllum tilraunum til að skerða með lögum réttindi verkalýðsins. Bréf í marz 1937. (Db. 342).
2. Sigurður Einarsson, alþm., sendir Alþingi ályktanir verkalýðs- og sjómannafélagsins á Patreksfirði, svo og verklýðsfélagsins Varnar á Bíldudal, þar sem félögin mótmæla frv. um félagsdóm, um vinnudóm og sáttasemjara í vinnudeilum og öðrum frv., er þau telja skerðingu á réttindum verkalýðsfélaganna. Bréf 6. apríl 1937. (Db. 415).
Vitamál.
1. Páll Þorbjörnsson, alþm., fer þess á leit, að Alþingi ætli fé í fjárlögum ársins 1938 til endurbóta á Stórhöfðavitanum í Vestmannaeyjum. Bréf ódags. (Db. 96).
2. Fjmrn. leitar álits fjhn. Nd. á því, hvort veita eigi undanþágu frá greiðslu vitagjalds skipum, sem koma hingað í vísindalegum tilgangi, en eru í eign einstakra manna eða stofnana og kostuð af þeim. Bréf 25. febr. 1937. (Db. 144).
Víðimýrarkirkja, sjá Kirkjumálefni 5.
Vísindaleiðangrar, sbr. Vitamál 2.
Vík í Mýrdal, sbr. Dráttarbátur.
Víkingur, verkalýðsfélagið, sjá Styrktarsjóður.
Víkingur, sjá Þórarinn Gr.
Von, kvenfélagið, sjá Áfengis- og 2.
Vörn, verklýðsfélagið, sjá: Bíldudalur 1, Landsbanki, Ríkisábyrgðir 5, Rækjuniðursuðuverksmiðja, Skiptameðferð á 3, Vinnulöggjöf 2.
Wathne, sjá Lára.

Ytri-Hóll í Vestur-Landeyjum. Pétur Magnússon, alþm., sendir fjvn. erindi Magnúsar Andréssonar, þar sem hann sækir um styrk úr ríkissjóði til þess að flytja bæ sinn Ytra-Hól í Vestur-Landeyjum, sem er í hættu af ágangi Hólsár. Bréf 15. apríl 1937. (Db. 467).

Zebitz, Wilhelm Henry, sjá Ríkisborgararéttur 1.

Þingeyrakirkja, sjá Kirkjumálefni 4.
Þingeyri, almennur sveitarfundur á, sjá: Bókasöfn og 9, Símamál 7.
Þingmálafundargerðir. Úr Dalasýslu, fimm, 28., 30. og 31. jan., 1. og 6. febr. 1937. (Db. 59). Úr Vestur-Ísafjarðarsýslu, ein (fundargerð 38. þing- og héraðsmála-

fundar V.-Ísf.), 7.—10. des. 1936. (Db. 17). Frá Ísafirði, ein, 8. febr. 1937. (Db. 142). Úr Norður-Ísafjarðarsýslu, ein (fundargerð 10. þing- og héraðsmálafundar N.-Ísf.), 23.—25. jan. 1937. (Db. 81). Úr Vestur-Húnavatnssýslu, ein, 27. jan. 1937. (Db. 143). Úr Austur-Húnavatnssýslu, þrjár, 17. des. 1936 og 19. og 29. jan. 1937. (Db. 105). Úr Eyjafjarðarsýslu, ein, 27. jan. 1937. (Db. 79). Úr Norður-Þingeyjarsýslu, sex, 6., 8., 10., 13. og 16. sept. 1936 og 24. jan. 1937. (Db. 216). Úr Vestur-Skaftafellssýslu, ein (fundargerð lands- og héraðsmálafundar V.-Sk.), 1. nóv. 1936. (Db. 65).

Þjóðleikhúsið. Fjmrn. sendir fjvn. erindi stjórnar þjóðleikhússjóðsins, dags. 14. des. 1936, um fjárframlög til þjóðleikhússins. Bréf 29. des. 1936. (Db. 15).

Þjóðsögur, sbr. Ritstyrkur 1.

Þorbergur Þorleifsson, alþm., sjá: Helgi Péturss 2, Stíflun.

Þorleifur Þorleifsson, fyrrum fiskimatsmaður, sjá Eftirlaun og 38.

Þorskveiðastyrkur. Utanríkismálaskrifstofa rn. sendir sjávarútvegsnefndum endurrit af bréfi Vilh. Finsens viðskiptafulltrúa, dags. 1. apríl 1937, ásamt fskj., varðandi norskt stjórnarfrv. um styrk til þorskveiða. Bréf 2. apríl 1937. (Db. 423).

Þorsteinn Bjarnason frá Háholti, sjá Ritstyrkur 13.

Þorsteinn Konráðsson, bóndi, sjá Handritasöfn 2.

Þorsteinn Þorsteinsson, alþm., sjá Strandferðir 4.

Þórarinn Gr. Víkingur, sjá: Bókasöfn og 4, Strandferðir 8.

Þórður Runólfsson, sjá Verkfræðingar, húsameistarar 2.

Þórhallur Kristjánsson, sjá Strandferðir 7.

Þórhallur Sæmundsson, lögreglustjóri, sjá Skrifstofukostnaður 4.

Þórhallur Þorgilsson, kennari, sjá Ítalska.

Þórshöfn, sjá Hafnir og 25.

Þórunn Hafstein, ekkja, sjá Eftirlaun og 37.

Þróttur, verkamannafélagið, sjá Áfengis- og 2.

Þuríður Jónsdóttir, sjá Fávitastyrkur.

Æskulýðsráðunautur, sjá Ungmennafélag Íslands.

Örlygur, sláturfélagið, sjá Hafnir og 5.

Örnefnanefnd, sjá Bæjanöfn.

Örnefnasöfnun.

1. Bergsteinn Kristjánsson fer þess á leit, að Alþingi veiti honum 300 kr. styrk til örnefnasöfnunar í Rangárvallasýslu. Bréf 24. febr. 1937. (Db. 148).
2. Ásgeir Ásgeirsson, alþm., sendir fjvn. styrkumsókn stjórnar Hins íslenzka fornleifafélags vegna Margeirs Jónssonar kennara, til örnefnasöfnunar. Bréf 20. marz 1937. (Db. 340).

Sjá einnig Ritstyrkur 13.

Örn, ungmennafélagið, sjá Sundlaugar og 1.

Öxarfjarðarheiði, sbr. Vegamál 30.

Sþ.

426. Þingmannaskrá með bústöðum o. fl.

Skammstafanir: a. = allsherjarnefnd, fjh. = fjárhagsnefnd, fjv. = fjárveitinganefnd, i. = iðnaðarnefnd, k. = kjörbréfanefnd, l. = landbúnaðarnefnd, m. = menntamálanefnd, sa. = samgöngumálanefnd, sj. = sjávarútvegsnefnd, u. = utanríkismálanefnd. A. Alþýðuflokkur, B. = Bændaflokkur, F. = Framsóknarflokkur, S. = Sjálfstæðisflokkur, U. = utanflokka

Tala	Nöfn þingmanna og staða	Kjördæmi	Fæðingardagur og ár	Heimili	Dvalarstaður um þingtímann og sími	Í hverjum fastanefndum	Tala áður setinna þinga	Þingflokkur	Þingdeild	Tala
1	Ásgeir Ásgeirsson, fræðslumálastjóri	Vestur-Ísafjarðarsýsla	13/5 '94	Reykjavík	Hávallagata 32, 4300	fjh.; m.	15	U	Nd.	1
2	Bergur Jónsson, sýslumaður	Barðastrandarsýsla	24/9 '98	Hafnarfjarðarkaupstaður	Hafnarfj.kaupst. 9234	a.; sj.; k.	7	F	Nd.	2
3	Bernharð Stefánsson, útibússtjóri	Eyjafjarðarsýsla, 1. þm.	8/1 '89	Akureyri	Ásvallagata 64, 3924	fjh.; fjv.	15	F	Ed.	3
4	Bjarni Ásgeirsson, bóndi, 1. varaforseti Sþ.	Mýrasýsla	1/8 '91	Reykir í Mosfellssveit	Vesturgata 27, 3723	u.; l.; i.	11	F	Nd.	4
5	Bjarni Bjarnason, skólastjóri, skrifari í Sþ.	Árnessýsla, 2. þm.	23/10 '89	Laugarvatn	Kirkjutorg 1, 3016	fjv.; m.	3	F	Nd.	5
6	Einar Árnason, bóndi, forseti efri deildar	Eyjafjarðarsýsla, 2. þm.	27/11 '75	Eyrarland	Bergstaðastræti 9 A, 3955	k.	24	F	Ed.	6
7	Emil Jónsson, bæjarstjóri, 2. varaforseti Sþ.	Hafnarfjarðarkaupstaður	27/10 '02	Hafnarfjarðarkaupstaður	Hafnarfj.kaupst. 9181 9113	l.; i.	3	A	Nd.	7
8	Eysteinn Jónsson, fjármálaráðherra	Suður-Múlasýsla, 1. þm.	13/11 '06	Reykjavík	*Ásvallagata 67, 3277 1147*		4	F	Nd.	8
9	Finnur Jónsson, forstjóri	Ísafjarðarkaupstaður	28/9 '94	Ísafjörður	Skólavörðustígur 38, 1749	sa.; sj.	4	A	Nd.	9
10	Garðar Þorsteinsson, hæstaréttarmálaflutningsmaður	8. landskjörinn þm.	29/10 '98	Reykjavík	Vesturgata 19, 3442 4400	a.	3	S	Nd.	10
11	Gísli Guðmundsson, ritstjóri	Norður-Þingeyjarsýsla	2/12 '03	Reykjavík	Seljavegur 5, 4245	sa.	3	F	Nd.	11
12	*Gísli Sveinsson, sýslumaður*	*Vestur-Skaftafellssýsla*	7/12 '80	Vík í Mýrdal	Hótel Borg	sa.; m.; k.	11	S	Nd.	12
13	Guðbrandur Ísberg, sýslumaður	Akureyri	28/5 '93	Blönduós	Suðurgata 5, 3688	i.	7	S	Nd.	13
14	Guðrún Lárusdóttir, frú	5. landskjörinn þm.	8/1 '80	Reykjavík	Sólvallagata 23, 3236	i.; m.	8	S	Ed.	14
15	Gunnar Thoroddsen, lögfræðingur, skrifari í Nd.	11. landskjörinn þm.	29/12 '10	Reykjavík	Fríkirkjuvegur 3, 2822	fjh.	2	S	Nd.	15
16	*Hannes Jónsson, bóndi*	Vestur-Húnavatnssýsla	17/11 '93	Kirkjuhvammur	Bókhlöðustígur 2, 2566		11	B	Nd.	16
17	Haraldur Guðmundsson, atvinnumálaráðherra	Seyðisfjarðarkaupstaður	26/7 '92	Reykjavík	Marargata 6, 4521		11	A	Ed.	17
18	Hermann Jónasson, forsætisráðherra	Strandasýsla	25/12 '96	Reykjavík	Tjarnargata 32, 2291		3	F	Ed.	18
19	Héðinn Valdimarsson, forstjóri	Reykjavík, 2. þm.	26/5 '92	Reykjavík	Sjafnargata 14, 3682 1690	u.; a.	12	A	Nd.	19
20	Ingvar Pálmason, bóndi, 2. varaforseti Ed.	Suður-Múlasýsla, 2. þm.	20/7 '73	Neskaupstaður	Laufásvegur 19, 2828	sj.; i.; a.	15	F	Ed.	20
21	Jakob Möller	Reykjavík, 3. þm.	12/7 '80	Reykjavík	Hólatorg 2, 3117	fjv.	15	S	Nd.	21
22	Jóhann Þ. Jósefsson, kaupmaður, útgerðarmaður	Vestmannaeyjar.	17/6 '86	Vestmannaeyjar	Bergstaðastræti 86, 4884	sj.	15	S	Nd.	22
23	Jón Auðunn Jónsson, forstjóri, skrifari í Sþ. og Ed.	Norður-Ísafjarðarsýsla	17/7 '78	Ísafjörður	Garðastræti 39, 3100	sa.; sj.	17	S	Ed.	23
24	Jón Baldvinsson, bankastjóri, forseti sameinaðs þings	4. landskjörinn þm.	20/12 '82	Reykjavík	Miðstræti 10, 3989	fjh.; l.	18	A	Ed.	24
25	Jón Ólafsson, bankastjóri	Rangárvallasýsla, 1. þm.	16/10 '69	Reykjavík	Laufásvegur 55, 3415 3495	sa.	12	S	Nd.	25
26	Jón Pálmason, bóndi	Austur-Húnavatnssýsla	28/11 '88	Akur í Torfalækjarhreppi	Bergstaðastræti 9, 3955	l.	4	S	Nd.	26
27	Jón Sigurðsson, bóndi	7. landskjörinn þm.	13/1 '88	Reynistaður í Skagafirði	Stýrimannastígur 9, 3033	fjv.	16	S	Nd.	27
28	Jónas Guðmundsson, forstjóri, skrifari í Nd.	6. landskjörinn þm.	11/6 '98	Neskaupstaður	Leifsgata 3, 1196	fjv.	3	A	Nd.	28
29	Jónas Jónsson, skólastjóri	Suður-Þingeyjarsýsla	1/5 '85	Reykjavík	Sambandshúsið, 3603	sa.; i.; m.; u.	16	F	Ed.	29
30	Jörundur Brynjólfsson, bóndi, forseti Nd.	Árnessýsla, 1. þm.	21/2 '84	Skálholt í Biskupstungum	Fjólugata 25, 4854		20	F	Nd.	30
31	Magnús Guðmundsson, hæstaréttarmálaflutningsmaður	Skagafjarðarsýsla, 1. þm.	6/2 '79	Reykjavík	Staðastaður 3034	a.	24	S	Ed.	31
32	Magnús Jónsson, guðfræðiprófessor	Reykjavík, 1. þm.	26/11 '87	Reykjavík	Laufásvegur 63, 3877	u.; fjh.	18	S	Ed.	32
33	Magnús Torfason, fyrrv. sýslumaður	2. landskjörinn þm.	12/5 '68	*Eyrarbakki*	*Laugavegur 40, 1897*		19	U	Nd.	33
34	Ólafur Thors, forstjóri	Gullbringu-ogKjósarsýsla	19/1 '92	Reykjavík	Garðastræti 41, 3551	u.; fjh.	13	S	Nd.	34
35	Páll Hermannsson, bóndi, skrifari í Ed.	Norður-Múlasýsla, 1. þm.	28/1 '80	Eiðar í Eiðaþinghá	Sóleyjargata 7, 3546	l.; m.	11	F	Ed.	35
36	Páll Zóphóníasson, ráðunautur, 2. varaforseti Nd.	Norður-Múlasýsla, 2. þm.	18/11 '86	Reykjavík	Rán. 6 A, 2278 1957 4767	l.; i.	3	F	Nd.	36
37	*Páll Þorbjörnsson, kaupfélagsstjóri*	3. landskjörinn þm.	7/10 '06	Vestmannaeyjar	Hótel Borg	sj.	3	A	Nd.	37
38	Pétur Halldórsson, borgarstjóri	Reykjavík, 5. þm.	20/4 '87	Reykjavík	Túngata 38, 3135 3733	m.	5	S	Nd.	38
39	Pétur Magnússon, hæstaréttarmálaflutningsmaður	Rangárvallasýsla, 2. þm.	10/1 '88	Reykjavík	Suðurg. 20, 4811 3602 3533	u.; l.; k.	8	S	Ed.	39
40	Pétur Ottesen, bóndi	Borgarfjarðarsýsla	2/8 '88	Vtrihólmur á Akranesi	Stýrimannastígur 9, 3033	fjv.; l.	24	S	Nd.	40
41	*Sigfús Jónsson, kaupfélagsstjóri*	Skagafjarðarsýsla, 2. þm.	24/8 '66	Sauðárkrókur	Hótel Skjaldbreið 3549	fjh.	3	F	Nd.	41
42	Sigurður Einarsson, kennari	9. landskjörinn þm.	29/10 '98	Reykjavík	Lækjargata 6 A, 2766	fjv.; m.	3	A	Nd.	42
43	Sigurður Kristjánsson	Reykjavík, 6. þm.	14/4 '85	Reykjavík	Öldugata 59, 4020 3315	sj;. i.	3	S	Nd.	43
44	Sigurjón Á. Ólafsson, afgreiðslumaður, 1. varaforseti Ed.	Reykjavík, 4. þm.	29/10 '84	Reykjavík	Hverfisgata 44, 1735	sa.; sj.; a.	7	A	Ed.	44
45	Stefán Jóh. Stefánsson, hæstaréttarmflm, 1. varaforseti Nd.	1. landskjörinn þm.	20/7 '94	Reykjavík	Ásvallagata 54, 2077 4277	u.; fjh.; a.; k.	3	A	Nd.	45
46	Thor Thors, lögfræðingur	Snæfellsnessýsla	26/11 '03	Reykjavík	Hringbraut 118, 3511 1486	a.	4	S	Nd.	46
47	Þorbergur Þorleifsson, bóndi	Austur-Skaftafellssýsla	18/6 '90	Hólar í Hornafirði	Hótel Borg 1440	fjv.; sa.	3	F	Nd.	47
48	Þorsteinn Briem, prófastur	10. landskjörinn þm.	3/7 '85	Akranes	Sóleyjargata 19, 1411		3	B	Ed.	48
49	Þorsteinn Þorsteinsson, sýslumaður	Dalasýsla	23/12 '84	Búðardalur	Hótel Borg 1440	fjv.	4	S	Ed.	49